

GREINASAFN

FYRRA BINDI

ÁGÚST EINARSSON

GREINASAFN

FYRRA BINDI

VIÐSKIPTA- OG HAGFRÆÐIDEILD
HÁSKÓLA ÍSLANDS
2007

GREINASAFN

FYRRA BINDI

Úrval greina og erinda
um stjórnámál, menningu og menntun

STJÓRN MÁL

Almennt

Samfylkingin, aðdragandi og stofnun

Á leið í Evrópusambandið

Leiðarar í Alþýðublaðinu

Þingmál

MENNING OG MENNTUN

GREINASAFN
FYRRA BINDI
© Ágúst Einarsson 2007

ÚTGEFANDI:
Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands

HÖNNUN, PRENTUN OG BÓKBAND:
Prentsmiðjan Oddi ehf.

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan hátt, að hluta til eða í heild, án skriflegs leyfis höfundar og útgefanda.

PRINTED IN ICELAND

ISBN 978-9979-9743-2-1

FORMÁLI

Greinasafn þetta er úrval greina og erinda eftir mig sem hafa birst á liðnum árum. Í þessu fyrri bindi er umfjöllun um tvo meginflokka, stjórnsmál annars vegar og menningu og menntun hins vegar. Í síðara bindi sem kemur út á næsta ári verður fjallað um efnahagsmál og sjávarútvegsmál.

Elsta umfjöllunin er frá árinu 1978 og sú nýjasta frá árinu 2006 en flest er skrifað eða flutt eftir 1991. Þar sem hér er um úrval að ræða er einungis lítill hluti af birtum greinum og erindum tekinn með. Reynt er að velja greinarnar og erindin þannig að þær gefi heildstæða mynd af sköpunum mínum og þeim álitafnum sem voru uppi á hverjum tíma. Jafnframt eru birt nokkur ítarleg viðtöl við mig en þau gefa góða mynd af stöðu mála á sínum tíma.

Í fyrri hluta þessarar bókar er fjallað um stjórnsmál í fimm undirköflum sem bera heitin Almennt, Samfylkingin, aðdragandi og stofnun, Á leið í Evrópusambandið, Leiðarar í Alþýðublaðinu og Þingmál. Samtals eru í þessum hluta bókarinnar rúmlega 130 lengri og styttri greinar, erindi og viðtöl.

Ég sat á Alþingi 1978 til 1979 og aftur frá 1995 til 1999 og hef síðustu þrjú áratugin tekið virkan þátt í stjórnsmálum, fyrst með ungliðahreyfingu þýska jafnaðarmannaflokksins á námsárum mínum erlendis, síðan innan Alþýðuflokksins, en ég var gjaldkeri þess flokks og sat í framkvæmdastjórn hans, auk setu á Alþingi. Þegar umbrotin urðu í Alþýðuflokknum árið 1982 sem leiddu til stofnunar Bandalags jafnaðarmanna starfaði ég ötullega við hlið Vilmundar Gylfasonar á þeirri vegferð. Eftir að Bandalag jafnaðarmanna hvarf sem formlegur vettvangur, þótt flest málefni þess lifi og mörg þeirra hafi komist í framkvæmd, var minna um pólitískt starf hjá mér en áður, en þegar Jóhanna Sigurðardóttir hratt Þjóðvaka úr vör árið 1994 gekk ég til liðs við þá hreyfingu og var kosinn á þing árið 1995.

Þessi störf mín á pólitíska sviðinu miðuðu alltaf að því að hér yrði til öflugur flokkur jafnaðarmanna eins og er algengast í öðrum löndum Evrópu. Það gerðist með sameiningu þingflokka. Þingflokkur Þjóðvaka og þingflokkur Alþýðuflokksins sameinuðust árið 1996 í þingflokk jafnaðarmanna, sem sameinaðist þingflokkum Alþýðubandalagsins og Samtaka um kvennalista í þingflokk Samfylkingarinnar árið 1999. Síðan var Samfylkingin stofnuð

sem stjórnmalaflokkur árið 2000 og þá rættist langþráður draumur. Ég varð fyrsti formaður framkvæmdastjórnar Samfylkingarinnar.

Ég er mikill talsmaður þess að Ísland gangi í Evrópusambandið og einn undirkafla umfjöllunarinnar um stjórnmal fjallar um rök og álitaefni í því máli. Vorið 1997 bað þáverandi ritstjóri Alþýðublaðsins, Össur Skarphéðinsson, mig að skrifa leiðara í Alþýðublaðið einu sinni í viku og eru þeir hér birtir. Leiðaraskrif eru meitlað form skoðana, oftast rituð nafnlaust, eins og var í þessu tilviki, og eiga sér langa hefð á Íslandi. Í síðasta undirkaflanum um stjórnmal eru birt þau þingmal sem ég flutti á Alþingi sem fyrsti flutningsmaður. Þar kennir margra grasa. Mörg málin komust þá eða síðar í framkvæmd, sem er reyndar ekki algengt um þingmal stjórnarandstæðinga.

Frá árinu 1998 til 2002 hélt ég úti heimasíðu www.agust.is þar sem ég fjallaði um margvísleg málefni og fróðleik um stjórnmal og fleira. Sumt af því, en þó hið fæsta, er tekið upp í þessu greinarsafni. Ég hætti öllum afskiptum af stjórnmalum árið 2002. Stjórnmal voru mér ástríða og áhugamál og um tíma starfaði ég sem kjörinn fulltrúi almennings á þeim vettvangi. Þessi hluti greinasafnsins á að gefa lýsingu á skoðunum mínum og annarra og er heimild um mjög áhugavert tímabil í stjórnmalasögu þjóðarinnar.

Síðari hluti bókarinnar fjallar um menningu og menntun en þau mal eru mér mjög hugleikin. Í þeim hluta eru liðlega 30 greinar, erindi og viðtöl. Ég hef verið prófessor í Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands frá árinu 1990 og hin síðari ár hef ég lagt sífellt meiri áherslu á menningarhagfræði sem er áhugavert sérsvið hagfræðinnar.

Ég er þeirrar skoðunar að nú sé að verða atvinnuháttabylting í líkingu við þá sem varð upp úr miðri átjándu öld með hagnýtingu gufuaflsins í iðnaðarframleiðslu. Þá varð önnur orka en vöðvaorka í fyrsta skipti einn meginþáttur í mannlegu samfélagi. Sú þróun leiddi til þess að iðnaðarframleiðsla tók við af frumframleiðslu, einkum landbúnaði, og á 20. öldinni varð þjónustuframleiðsla megin hluti hagkerfisins í hinum þróuðu löndum. Atvinnuháttabyltingin nú einkennist af nýjum verkfærum, tölvunni og Netinu. Skapandi hugsun og þekking skipta mestu máli í atvinnuvegum nútímans. Þetta fléttast inn í menningarhagfræði og skapandi atvinnugreinar og það er gaman að tengja þetta allt starfi mínu sem háskólakennari.

Ég tók einnig virkan þátt í stjórn innan Háskóla Íslands sem skorarformaður og einnig var ég tvívegis deildarforseti og er nú rektor Háskólans á Bifröst. Ég hef skrifað nokkrar bækur, einkum um rekstrarhagfræði og menningarmál, en ekki er tekið efni úr þeim í þessa bók.

Tímabilið, þegar þessar greinar eða erindi voru samin, spannar einungis hluta af starfsævi minni en ég var lengi framkvæmdastjóri fyrirtækja í útgerð og fiskvinnslu og tók virkan þátt í margvíslegum störfum samtaka í sjávarútvegi svo sem Samtaka fiskvinnslustöðva, Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsa og Vinnuveitendasambandsins. Einnig var ég einn af forvígismönnum fiskmarkaða hérlendis. Auk þess hef ég gegnt ýmsum opinberum störfum og var m.a. formaður bankaráðs Seðlabanka Íslands og formaður Samninga- nefndar ríkisins. Nokkuð er fjallað um þann tíma í síðara bindinu.

Í bókinni koma fram persónuleg viðhorf mín til málefna og einstaklinga. Ég hef aldrei hvikað frá hugsjónum mínum, hvort sem það eru lífsviðhorf kristins manns, draumurinn um stóra jafnaðarmannaflokkinn eða mikilvægi menntunar og menningar. Það er von mín að þessi bók bregði ljósi á tímabil í sögu okkar og það hefur verið mér ánægja að velja efnið í bókina og rifja við það upp liðna tíma. Mjög margt af því sem fjallað er um í þessu greinasafni á jafn vel við núna og þegar það var skrifað.

Eiginkona mín, Kolbrún S. Ingólfssdóttir, hefur stutt mig með ráðum og dáð og lesið allt efnið margsinis yfir, núna og áður, og ráðlagt mér hið besta. Ágúst Ólafur, sonur okkur, lagði jafnframt vel til verksins. Kolbrún Bergþórsdóttir blaðamaður las handritið yfir og kom með margar góðar tillögur um efnið og kann ég henni mikið þakklæti fyrir. Áshildi Bragadóttur, Friðriki Má Baldurssyni og Kristínu Klöru Einarsdóttur hjá Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, Árna Péturssyni, Erni Valssyni, Halldóri Þorsteinssyni og Magnúsi Guðfinnssyni hjá Prentsmiðjunni Odda og Áslaugu Marinósóttur hjá Málvísindastofnun Háskóla Íslands eru færðar þakkir fyrir vel unnin störf í tengslum við útgáfu þessarar bókar.

Hvað sem er missagt er á mína ábyrgð og það gildir líka um þau sjónarmið sem hér eru reifuð. Víst er að ekki líta allir eins á málefnið og þann tíma sem fjallað er um í þessari bók en ólíkar skoðanir hafa alltaf verið uppspretta framfara.

Seltjarnarnesi, 11. janúar 2007

Ágúst Einarsson

E F N I S Y F I R L I T

<i>Formáli</i>	5
STJÓRNMÁL	15
<i>Almennt</i>	17
19 · Virðingarleysi í stjórnskipun	
22 · Ný þjóðarsátt?	
26 · Um veiðileyfagjald og afnám tekjuskatts	
30 · Skiptir atkvæðisréttur máli?	
32 · Hagsmuna hverra gætir Sjálfstæðisflokkurinn?	
35 · Sjálfstæðisflokkurinn byggir ekki á djúpri hugmyndafræði	
38 · Sjálfstæðisflokkurinn er höfuðandstæðingur jafnaðarmanna	
41 · Breytt heimsm mynd – Fátækt, markaðshyggja og mannréttindi	
45 · Breytt heimsm mynd – Umhverfi, menntun og tækniþróun	
49 · Verkalýðshreyfing á krossgötum	
52 · Mikill munur á tekjum og eignum aldraðra	
54 · Uppblástur landsins og Kýótó	
56 · Slök menntastefna og sjálfseignarstofnanir	
58 · Framboð Hjörleifs og Steingríms hefur sáralítið með vinstri stefnu að gera	
59 · Gagnagrunsmálið	
61 · Allt frjálshyggjuliðið er ríkisstarfsmenn	
63 · Mikilvæg réttarhöld yfir Pinochet	
64 · Byggðamál í nýju samhengi	
66 · Átökin um umhverfismál	
68 · Stjórnsmál og kristin lífsskoðun	
70 · Jafnaðarhugsjónin aldrei mikilvægari en nú	
72 · Uppgjafarstjórnsmálsmenn á launum hjá almenningi	
73 · 40% aukning á atvinnuleyfum til útlendinga	
74 · Sátt um veiðileyfagjald?	
76 · Nýjar hugmyndir í skattamálum	
78 · Framsókn í vanda	
80 · Berum virðingu fyrir réttindum Kúrda	
81 · Fámennisvald í íslenskum fyrirtækjum	
82 · Forystumenn í stjórnsmálum. Quo vadis?	
84 · Stríðið í Júgóslavíu	

- 85 · Snúumst gegn tíðaranda sem ógnar fámennri þjóð
- 86 · Spilltir valdhafar
- 88 · Stjórnsmál snúast um hugmyndir og fólk sem getur fylgt þeim eftir
- 89 · Markaðshyggja og tæknivæðing þarf á sterkari siðferðisgrundvelli að halda
- 90 · Snyrting ráðherra kostaði fimmfalt meira en framlag ríkisstjórnarinnar til hjálparstarfs í Mósambík
- 92 · Matarverð er hátt vegna þess að íslenskir ráðamenn vilja hafa það hátt
- 93 · Dreifum valdi í fyrirtækjum og flokkum
- 94 · Öryggismál í samgöngum í ólestri
- 95 · Lakasta leiðin valin í byggðamálum
- 96 · Stefnuleysi og hrakningar einkenna störf ráðherra
- 98 · Sigur fyrir málflutning jafnaðarmanna
- 100 · Skynsamlegt að breyta skattakerfinu
- 101 · Stjórnvöld tveimur árum á eftir í viðbrögðum við ofbeldishneigðinni
- 102 · Uppskrift að góðum áratug
- 103 · Varðhundsviðhorf í stað markaðslausna
- 105 · Lausatök í efnahagsmálum og breytingar í Sedlabankanum
- 106 · Ríkisstjórnin kom á kerfi spillingar og ófrelsis en kjósendur tryggja ekki eftir á
- 107 · Palestínudeilan
- 108 · Mikilvægt að auka hagvöxt með skynsamlegum skattabreytingum
- 109 · Framtíðarsýn íslenskra stjórnsmálaflokka er óskýr
- 111 · Ekki nægilegt aðhald gegn spillingu á Íslandi
- 113 · Óháð og fagleg umfjöllun um efnahagsmál er nauðsyn
- 115 · Íslendingar dugi betur í aðstoð við bágstaddir þjóðir
- 116 · Umburðarlyndi, æðruleysi og samvinna gegn ógnunum hryðjuverka og öfga
- 118 · Nú væri skynsamlegt að undirbúa tekjuskattslækkun til einstaklinga
- 120 · 700 milljónir í óþarft sendiráð í Japan
- 122 · Hin góðu öfl verða að byggjast á sterkri siðferðiskennd um réttlæti og ranglæti
- 124 · Tilvistarvandi Framsóknar og vitleysan í landbúnaði
- 126 · Merkilegt samkomulag um efnahagsmál
- 127 · Fagleg og lýðræðisleg niðurstaða við Kárahnjúka
- 129 · Lýðræði, tjáningarfrelsi og mannréttindi aldrei mikilvægari en nú
- 131 · Nýtt í samfélagi okkar að fólk nái ekki endum saman fyrir fulla vinnu
- 133 · Bregðumst við öfgahyggjunni
- 135 · Jafnaðarmenn sáu ekki sigurinn í málflutningi sínum
- 137 · Ákvarðanir verði færðar beint til fólksins

Samfylkingin, aðdragandi og stofnun 139

- 141 · Ég vil byltingu og blóð
- 151 · Fluttu Ingibjörg Sólrún og Jón Baldvin góðar ræður?
- 153 · Í leit að stóra jafnaðarmannaflokknum
- 160 · Sigur jafnaðarmanna í Evrópu
- 162 · Málefnaþing Samfylkingarinnar
- 164 · Almannahagsmunir og sérhagsmunir
- 166 · ASÍ fagnar sameiningu þingflokka
- 167 · Samfylkingin leggur af stað
- 171 · Menntastefna Samfylkingarinnar
- 172 · Nýr flokkur – ný tækifæri
- 176 · Framtíð Samfylkingarinnar er ekki einkamál forystu og þingflokks
- 178 · Samfylkingin verður að vita hvað hún vill
- 179 · Skýr pólitísk stefna og hugmyndaumræða einkenndu stofnfund Samfylkingarinnar sem flokks
- 180 · Nýjar lausnir fyrir nýja tíma
- 186 · Pólitik og innihald
- 191 · Menn þurfa að kunna að hætta

Á leið í Evrópusambandið 195

- 197 · Fiskverndun og Evrópubandalagið
- 199 · Ísland í Evrópu
- 201 · Afstöðuleysi í Evrópumálum er dragbítur á samfélagsþróun héraðs
- 202 · Lítil umræða um utanríkismál
- 204 · Sjávarútvegsstefna ESB er Íslandi hagkvæm!
- 207 · Sýnum framsýni og vinnum heimavinnuna
- 210 · Sjávarútvegsstefna Evrópusambandsins er Íslendingum ekki hættuleg
- 212 · Aðeins tveir kostir í Evrópumálum
- 218 · Einurð í Evrópumálum, festa í stefnu og skipulagi og sterk staða forystu
- 219 · Ísland og stækkun Evrópusambandsins
- 224 · Evrópumál

Leiðarar í Alþýðublaðinu 229

- 231 · Veidileyfagjald og verðtrygging
- 233 · Kjarasamningar
- 235 · Helmingaskiptastjórnin
- 237 · Erfiðleikar verkálýðshreyfingarinnar
- 239 · Morgunblaðið og lífeyrissjóðirnir
- 241 · Sameiginlegt framboð jafnaðarmanna

- 243 · Hagtölur, siðferði og réttlæti
- 245 · Kjördæmamálið
- 247 · Tíu veikleikar í Þjóðfélaginu
- 249 · Uppreisn eldri borgara
- 251 · Iðnvæðing og umhverfismál
- 253 · Glæpur og refsing
- 255 · Veidileyfagjald
- 257 · Jafnaðarmenn gegn ríkisstjórninni

Þingmál 259

- 261 · Þingsályktun um að auka gæði fiskafla
- 263 · Þingsályktun um að takmarka loðnuveiðar vegna öryggissjónarmiða
- 264 · Frumvarp um að fresta því að taka tvö núll aftan af krónunni
- 267 · Frumvarp um að fella niður söluskatt af vogum og rafeindatækjum í fiskiðnaði
- 270 · Þingsályktun um ívilnanir til loðnusjómanna vegna friðunaraðgerða
- 273 · Frumvarp um að heimila erlendum aðilum að eiga takmarkaðan hlut í sjávarútvegsfyrirtækjum
- 277 · Beiðni um skýrslu um kennslu, nám og rannsóknir á háskólastigi
- 281 · Frumvarp um að takmarka kvótaleigu
- 283 · Frumvarp um að koma í veg fyrir brottkast undirmálsfisks
- 289 · Þingsályktun um að halda háskólaþing, árlegan fund um málefni háskóla
- 292 · Þingsályktun um úttekt á áhrifum Efnahags- og myntbandalags Evrópu á íslenskt efnahagslíf
- 298 · Þingsályktun um afnám verðbólguþrekingsskila
- 302 · Þingsályktun um stefnumótun í menntunarmálum í landbúnaði
- 310 · Þingsályktun um að taka upp veidileyfagjald
- 318 · Frumvarp um að miða greiðslur almannatrygginga við launavísitölu
- 321 · Beiðni um skýrslu um stöðu eldri borgara hérlandis og erlendis
- 324 · Frumvarp um stofnun menningarmálaráðuneytis
- 328 · Frumvarp um að aðeins einn bankastjóri verði við ríkisviðskipta-bankana, Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands
- 329 · Þingsályktun um að Ísland undirriti Kýótó-bókunina
- 331 · Frumvarp um að fulltrúar Slysavarnafélags Íslands, Rauða krossins og Landsbjargar sitji í almannavarnaráði
- 335 · Frumvarp um að þvingja refsingar við alvarlegum fíkniefnabrotum
- 337 · Þingsályktun um að efla samkeppnishæfa menntun og um nýja stefnu í kjaramálum kennara
- 348 · Frumvarp um atvinnulýðræði, þ.e. aðild starfsmanna að stjórnun fyrirtækja
- 357 · Frumvarp um að framlög til menningar- og vísindamála njóti skattaívilnana

- 360 · Frumvarp um að fulltrúar Landssambands eldri borgara og Öryrkjabandalagsins sitji í tryggingaráði
 363 · Frumvarp um að setja á stofn alþjóðlega kauphöll með hlutabréf innlendra og erlendra sjávarútvegsfyrirtækja

MENNING OG MENNTUN 365

- 367 · Tungumál í breyttum heimi
 371 · Allur heimurinn eitt markaðstorg
 378 · Háskóli Íslands, til hvers?
 382 · Sjálfseignarstofnanir og Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands
 388 · Eflum menningu
 392 · Menntun og sjávarútvegur
 395 · Kvikmyndaiðnaður gæti átt góð tækifæri á Íslandi
 396 · Menntamál í landbúnaði
 400 · Viðerni á Íslandi eru náttúruauðlind
 401 · Reikistjarnan Plútó er komin á sinn stað
 402 · Hugleiðingar í dymbilviklu
 404 · Kári Stefánsson fær Nóbelsverðlaun í læknávisindum í fyllingu tímans
 405 · Byggðaumræða á villigötum
 406 · Kirkjan er í kreppu en leitar þó réttra leiða
 407 · Brú milli menningar og viðskiptalífs
 408 · Úr kvæði Jóns Helgasonar „Á sjúkrahúsinu“ frá árinu 1941
 410 · Þjóðaráttak í menntamálum
 412 · Mótmæli gegn alþjóðavæðingu sýna skyldur okkar gagnvart fátækum þjóðum
 414 · Við megum ekki vera áratugum á eftir öðrum þjóðum í hugsun
 416 · Björk er á við mikilvæga atvinnugrein
 418 · Umfang menningar í íslensku hagkerfi
 422 · Deildin virkur þátttakandi í samfélagsumræðunni
 427 · Háskólar keppa ekki á jafnréttisgrundvelli
 429 · Sem rannsóknasetur er Íslensk erfðagreining svipuð að burðum og allur Háskóli Íslands
 431 · Menntun skilur milli framfara og stöðunar
 433 · Um skólagjöld í meistaranámi
 439 · Menning og tónlist í hagkerfinu
 445 · Stytting náms til stúdentsprófs
 450 · Hugvekja á aðventunni
 454 · Stefna í málefnum háskóla
 457 · Tryggjum starfsemi tónlistarskóla

Nafnaskrá 459

Atriðisorðaskrá 463

STJÓRNMÁL

Almennt

Virðingarleysi í stjórnskipun¹

Samskipti kjörinna fulltrúa við umbjóðendur sína eru oft erfið. Íslendingar eru engin undantekning frá þessu. Það sem hins vegar skilur okkur frá öðrum er skortur á virðingu sem borin er fyrir störfum hinna kosnu fulltrúa. Auðvitað eru hatramar deilur erlendis milli stjórn málaflokka og óvæginn gagnrýni almennings á þingmenn eða aðra fulltrúa sína. Það er eðli lýðræðisins og einmitt þessi hvössu skoðanaskipti eru lífsandi þess. Þessi ferill tryggir sífellda endurnýjun í störfum og þróun í hugsun og stefnu. Svo virðist að þar séu málefni oftast í fyrirrúmi, einstaklingar séu virtir og mikilvægi stofnana þeirra viðurkennt.

Kröfur erlendis

Á Vesturlöndum eru gerðar miklar kröfur til stjórn málamanna um að þeir sýni siðferðilegan styrk í starfi. Erlen dis eru stjórn málamenn látnir bera ábyrgð á störfum sínum og gjalda fyrir með stöðumissi verði þeim á alvarleg mistök eða grunur leiki á að þeir misnoti aðstöðu sína sér eða tengdum aðilum til framdráttar. Þetta fyrirkomulag þykir flestum sjálfsagt í vestrænum lýðræðisríkum og er samofið lífsskoðun þegnanna. Þar þykir líka eðlilegt að laun þingmanna séu þannig að þeir geti vel sinnt skyldum sínum.

Lítisvirtir þingmenn

Þessu er ólíkt farið hérlendis. Deilur eru vissulega harðar, bæði milli flokka og einstaklinga, en stjórn málamenn eru ekki virtir. En virðingarleysi og jafnvel fyrirlitning á stjórn málamönnum er ekki mál þeirra sjálfra nema að hluta. Fyrir þetta líða stofnanir lýðræðisins þar með talið Alþingi. Það er alvarlegt þegar borgarar hafa lítið álit á meginstöð stjórnskipunar.

Afleiðingar þessa eru augljósar. Almenn ingur hefur lítinn áhuga á þátttöku í stjórn málaumræðu og starfi stjórn málaflokka hnignar. Þetta leiðir m.a. til sífellt nýrra hreyfinga um mjög afmörkuð mál.

Tvennt getur valdið því að ekki er meiri reisn yfir störfum Alþingis en raun ber vitni. Annars vegar getur verið að þeir einstaklingar sem þar sitja

¹ Morgunblaðið 18. apríl 1991.

séu einfaldlega óhæfir til að hefja umræðuna á hærra stig og afla þannig sjálfum sér og starfi sínu virðingar. Hins vegar getur verið að einhverju sé ábótavant í stjórnskipun okkar sem leiðir óhjákvæmilega til þessarar dapurlegu niðurstöðu.

Höfundur telur þingmenn hvorki betur eða verr af Guði gerða en aðra landsmenn þótt vissulega séu þar ýmsir sem í litlum mæli mæta þeim almennu kröfum sem gera verður til kjörinna fulltrúa.

Yfir störfum Alþingis hefur oft verið mikil deyrð en sjaldan eins og nú í þinglok þegar mál voru ekki leidd til lykta í umræðum og atkvæðagreiðslu, heldur með skrípaleik í þingsstörfum, lítt sæmilegum samningum sem m.a. juku erlendar skuldir. Virðing fyrir Alþingi og þingmönnum óx ekki þessa síðustu daga þingsins.

Vilja ekki setja lög

Ríkisstjórn fer með mikinn hluta framkvæmdavalds og styðst við meirihluta löggjafarþingsins. Þetta er nefnt þingræði og er nokkuð almennt fyrirkomulag þótt ekki sé það algilt. Í Frakklandi og Bandaríkjunum er stjórnskipan til að mynda með öðrum hætti, þ.e. framkvæmdavald er kosið í beinni kosningu.

Hlutverk Alþingis er fyrst og fremst að setja lög, marka leikreglur þjóðfélagsins, veita ríkisstjórn aðhald og fara með fjárveitingavald. Flestir þingmenn virðast hugsa lítið um lagagerð og leikreglur heldur telja hlutverk sitt til framkvæmdavaldsins. Það gerist þannig að reynt er að hafa áhrif á ráðherra í ríkisstjórn, í ráðuneytum og í öðrum stofnunum ríkisvaldsins auk afskipta í gegnum opinbera banka og sjóði.

Löggjafarstörf verða aukaatriði, enda eru flest frumvörp á Alþingi samin í ráðuneytum, lögð fram af ráðherrum og taka oft litlum breytingum í þinginu sjálfu. Frumkvæði innan þings í lagasetningu er lítið enda beinist athyglin meira að öðrum málum. Vakni fersk hugsun í þingsölum er hún klædd í form þingsályktunar eða fyrirspurnar en sjaldnast er lögð vinna í að fella hana í ramma löggjafar.

Margir kjósendur virðast vilja hafa þetta á þennan hátt, Þingmenn þeirra eiga framar öllu að hafa áhrif á aðgerðir framkvæmdavaldsins og helst ná tilteknum málum fram fyrir sitt byggðalag, hvort sem um er að ræða veg eða höfn. Ranglát kjördæmaskipan á eflaust þátt í þessu.

Skil milli valdpátta

Auðvitað eru stjórnámamenn hluti framkvæmdavalds en betur væri að

þeir legðu meiri áherslu á lagasetningu og minnkuðu bein afskipti af öðrum handhöfum framkvæmdavaldsins.

Helsti gallinn í stjórnskipulagi okkar er sá að mjög margir, þar á meðal flestir þingmenn, virðast líta á Alþingi nær eingöngu sem virkan aðila að framkvæmdavaldinu. Skipulag lýðveldis okkar er hins vegar ekki með þeim hætti.

Þess vegna er umræða á Alþingi um grundvallarreglur þjóðfélagsins máttvæna og breytingar litlar. Þetta er ein ástæðan fyrir virðingarleysi almennings fyrir þingi og þingmönnum. Stjórnarskrá okkar er ekki virt í reynd. Umræða verður að vakna um fyrirkomulag framkvæmda- og löggjafarvalds. Síðustu misserin hefur ekki örlað á skoðanaskiptum um þessi grundvallarmál. Þetta er ekki hvað síst mikilvægt fyrir fámenna þjóð sem verður að hafa sem best skipulag á öllum vígstöðvum.

Þegar allt kemur til alls er lýðræðið, virk störf stofnana þess og gagnkvæm virðing þegnanna og fulltrúa þeirra það sem skiptir mestu máli.

Ný þjóðarsátt? ¹

Núna eru alvarlegar blíkur á lofti í íslensku þjóðlífi. Merkilegasta efnahagsstefna frá endurreisn viðreisnarstjórnarinnar um 1960 riðar til falls. Þessi efnahagsstefna er kennd við þjóðarsáttarsamningana árið 1990.

Forsaga þjóðarsáttarsamninga

Aðilar vinnumarkaðarins tóku höndum saman árið 1990, örþreyttir og vonlitlir eftir holskeflu verðbólguáranna, og mótuðu stefnu stöðugleika og börðust fyrir hugsjón um betri lífskjör.

Þessi hugmyndafræði var ekki borin fram af stjórnámálamönnum eða -flokkum, heldur af örfáum einstaklingum úr forystusveit aðila vinnumarkaðarins og ber þar hæst þá Einar Odd Kristjánsson og Guðmund J. Guðmundsson. Síðar tóku stjórnámálaflokkar og ríkisstjórnir þessa stefnu að sér og greiddu henni braut.

Stefnan byggðist á nokkrum einföldum meginþáttum, þ.e. að kostnaðarhækkunum í sjávarútvegi yrði ekki mætt með gengislækkun, gerðir yrðu kjarasamningar um sáralitlar kauphækkanir og ríkisvaldið legði verulegt fjármagn til við samningsgerðina. Markmiðið var að stöðva verðbólguna sem dró allt frumkvæði niður, kom í veg fyrir hagvöxt og stuðlaði að offjárfestingu. Stefnan náði fram að ganga og verðbólgan hvarf nær algerlega og íslenskt atvinnulíf rétti smátt og smátt úr kútnum eftir villur verðbólgu tímans.

Launþegar fengu nokkra kjarabót og kynntust umhverfi stöðugleikans sem gerbreytti allri áætlanagerð, bæði einstaklinga og fyrirtækja. Skattar voru lækkaðir á fyrirtæki og hækkaðir á einstaklingum til að styrkja atvinnulífið enn frekar.

Þessi stefna fól þó í sér ýmsa veikleika, aðallega á sviði launamála. Staða kjaramála, eins og hún var árið 1990, var meira og minna fryst með margvíslegu óréttlæti sem samningsaðilar höfðu ekki náð að vinna úr. Ekki stóðu allir launþegar að þessari samningsgerð þótt flestir hafi síðar komið að henni, en margir nauðbeygðir.

Þjóðarsáttarstefnan var lífsnauðsynleg Íslendingum vegna þess að annars

¹ Vísbending 46. tbl. 13. árg. 1995.

hefði óðaverðbólga, erlend skuldasöfnun og veik staða þjóðarbús og fyrirtækja kippt grundvellingum undan efnahagslegu sjálfstæði Íslendinga.

Þjóðarsáttin var barn síns tíma og nú þarf nýja umgjörð um stjórn efnahagsmála sem viðtæk sátt verður að nást um. Aðilar vinnumarkaðarins og ríkisvaldið verða að standa saman að þessari sátt sem verður að njóta velvilja almennings eins og 1990. Samstaða er nauðsynleg, ekki til að fletja út erfið mál í gagnslitlum málamíðlunum, heldur vegna þess að spennan er það mikil í þjóðlífi okkar að við þolum ekki hörð átök.

Lítill framleiðni hérlendis

Stöðugleikinn undanfarin ár hefur leitt í ljós að framleiðni íslenskra fyrirtækja er með því minnsta í Evrópu. Framleiðni er hlutfall aðfanga og afurða og lýsir hversu vel einstakir framleiðsluþættir, eins og vinnuafli og fjármagn, eru nýttir í atvinnulífnum. Þar erum við einna aftastir á merinni sé miðað við verðmætasköpun á klukkustund. Fyrirtæki eða lönd sem eru með litla framleiðni í samanburði við samkeppnisaðila dragast smátt og smátt aftur úr.

Ef íslenskt atvinnulíf bætir ekki framleiðni sína þá haldast laun á Íslandi lág og lífskjör verða slök. Þetta er einmitt að gerast. Þjóðarframleiðsla á hverja unna klukkustund er einna minnst á Íslandi af Evrópulöndum. Ísland er þar í 15. sæti af 18 Evrópulöndum. Aðeins Grikkland, Portúgal og Tyrkland eru fyrir neðan okkur. Hér eru taxtalaun mun lægri en annars staðar. Við bætum okkur þau að nokkru leyti upp með því að vinna langan vinnudag.

Þótt samanburður á vinnutíma milli landa sé ef til vill ekki einhlítur benda fleiri atriði á veika stöðu okkar. Vöxtur landsframleiðslu á mann frá 1980 til 1995 var einungis 1% á ári. Þetta er minnsti vöxtur innan OECD fyrir utan Nýja-Sjáland sem breytti hagstjórn sinni algerlega árið 1984. Þetta er því alvarleg staða í alþjóðlegum samanburði.

Ástæður fyrir lítilli framleiðni eru ýmsar, m.a. smæð þjóðfélagsins, lítill fyrirtæki, slök stjórnun og lítill sjálfvirkni. Litlu er varið til rannsókn- og þróunarstarfsemi hér á landi, of lítill áhersla er lögð á markaðsmál, menntamál eru í ólestri, skipulag á vinnumarkaði er slæmt og skattastefna stjórnvalda er óhagkvæm, svo að fátt eitt sé nefnt. Ræturnar liggja djúpt hérlendis, m.a. vegna þess að hér var óstjórn á efnahagsmálum og óðaverðbólga um áratugaskeið.

Átta atriði nýrrar Þjóðarsáttar

Ný þjóðarsátt verður að tryggja stöðugleika á vinnumarkaði og bæta lífskjör. Hún gæti falist í nokkrum atriðum.

- Í fyrsta lagi verður að halda áfram á braut fastgengisstefnu og lítillar verðbólgu og jafnframt verður að bæta framleiðni íslenskra fyrirtækja.
- Í öðru lagi verður að lækka matarverð, m.a. með því að nýta kosti GATT-samningsins¹ betur en gert var í vor. Það gæti verið lykilatriði í að skapa ró á vinnumarkaði núna ef nokkru er bætt við í launum lág- og millitekjufólks, skerðing bóta úr almannatryggingakerfinu minnkun og matarverð lækkað. Þetta gæti tryggt vinnufrið út næsta ár og létt á þeirri spennu sem nú ríkir.
- Í þriðja lagi verða kjarasamningar með skipulögðum hætti að færast meira á starfsgreinar og á einstaka vinnustaði, bæði á almennum og opinberum markaði. Það verður að afnema muninn á almennum og opinberum vinnumarkaði og vinna gegn núverandi miðstýringu kjarasamningsgerðar sem er gengin sér til húðar, bæði hjá vinnuveitendum, ríki og verkalýðsfélögum.
- Í fjórða lagi verður að auka fjárfestingar lífeyrissjóða í fyrirtækjum innanlands sem utan. Íslenskir lífeyrissjóðir eru að vakna til lífsins en það vantar mikið á beina þátttöku þeirra í atvinnurekstri í samræmi við starfsemi slíkra sjóða erlendis. Þetta verkefni geta aðilar vinnumarkaðarins unnið hraðar en nú er gert samhliða uppstokkun hins opinbera lífeyrissjóðskerfis. Ef afnema á muninn á almennum og opinberum vinnumarkaði þá þarf hvort sem er að leysa vandamál hins opinbera lífeyrissjóðskerfis.
- Í fimmta lagi verða kerfisbreytingar að eiga sér stað í landbúnaði. Landbúnaðarmálin eru risavaxið verkefni þar sem óhagkvæmnin veldur alltof háu matarverði, lélegri afkomu bænda, lágri framleiðni í vinnslugreinum og miklum opinberum framlögum sem eru borin upp af skattborgurum. Nýgerður búvörusamningur er þar skref aftur á bak.
- Í sjötta lagi verður að stokka upp skattakerfið þannig að tekjur millitekjufólks lækki. Skattar fyrirtækja geta hækkað nokkuð með batnandi hag en jafnframt ætti að auka skattaávilnanir við fjárfestingar.

¹ GATT er skammstöfun á General Agreement on Tariffs and Trade og lýsir samningum og viðurðum milli landa um afnám tolla. Fyrsta samkomulagið var gert árið 1942. Síðar leysti Alþjóðaviðskiptastofnunin (World Trade Organisation, WTO) GATT-viðurðurnar af hólmi.

Fjármagnstekjuskattur er nauðsynlegur hérlandis eins og í öðrum löndum. Það þarf að vinna gegn skattsvikum m.a. með því að bæta eftirlits- og dómskerfi. Það þarf að auka fjárframlög í þennan málaflökk og meðal einfaldra endurbóta er að fela skattrannsóknarstjóra ákærvald við meint efnahagsbrot.

- Í sjöunda lagi þarf að stokka upp viðskiptabankakerfið, m.a. með hlutfélagavæðingu, en bankakerfið er óhagkvæmt með lítilli samkeppni og of miklum áhrifum stjórnmalamanna. Íslenska viðskiptabanka er reyndar að daga uppi, sem sést best á auknum lántökum á markaði fyrir milligöngu verðbréfasjóða og auknum viðskiptum við erlendar bankastofnanir. Staðarvernd í fjármálaheiminum verður engin eftir nokkur ár með vaxandi upplýsingamiðlun og tölvutækni.
- Í áttunda lagi verður að auka opinber framlög til menntamála, m.a. til háskólamenntunar og verknáms. Veita þarf fyrirtækjum skattaívilnanir við rannsóknir og þróun. Þarna höfum við dregist aftur úr en menntun markar lífskjör framtíðarinnar. Við verðum að laga okkar vinnutíma að Evrópu, stytta hann og hækka taxtalaun, m.a. með því að gera launakerfið gegnsætt og fella sporslur og fleira þess háttar inn í samninga. Við þolum ekki landflóttá sem kemur fyrst fram í brottflutningi iðnaðarmanna og síðan menntamanna. Þá eru okkur allar bjargir bannaðar.

Lokaorð

Það er hægt er að telja til fleiri atriði sem stuðla að bættri efnahagsstjórn og gætu orðið hluti nýrrar þjóðarsáttar, s.s. að sameina atvinnuvegaráðuneyti, sameina og einkavæða fjárfestingarlánasjóði, auka erlendar fjárfestingar hérlandis, efla atvinnulýðræði og draga úr fjárhagslegri þátttöku ríkisins í almennum kjarasamningum. Þessir þættir vega þó minna en atriðin átta.

Það er með ráðum gert að telja lækkun ríkisútgjalda og veiðileyfagjald ekki til atriðanna átta. Ástæðan er sú að það eru svið sem verulegur pólitískur ágreiningur ríkir um. Atriðin átta eru hins vegar langflest einföld skynsemdarstefnumál í efnahagsstjórn og samstaða gæti náðst um þau.

Íslenskt efnahagslíf er í reynd mun veikbyggðara en menn halda. Það er gömul regla að sjúklingur sem hefur verið haldinn erfiðum sjúkdómi á ekki að fara of snemma á fætur. Honum gæti slegið niður. Við stöndum einmitt núna í sporum slíks sjúklings.

Um veiðileyfagjald og afnám tekjuskatts¹

Steingrímur J. Sigfússon allpm. skrifar í Mbl. 4. október sl. og skilur ekki þær háu tölur um fiskveiðiarð sem hafa verið nefndar í umræðu um veiðileyfagjald, m.a. af undirrituðum. Þingflokkur jafnaðarmanna lagði fram sem sitt fyrsta þingmál tillögu um að taka upp veiðileyfagjald í sjávarútvegi. Tillagan er rökstudd ítarlega og lykillhugtak í þessari umræðu er orðið fiskveiðiarður. Hvað er það?

Fiskveiðiarður

Fiskveiðiarður er tekjur umfram kostnað við skilvirkt fiskveiðistjórnunarkerfi. Ef veiðarnar eru stundaðar á óhagkvæman hátt, t.d. á miklu fleiri skipum en nauðsynlegt er, þá duga tekjur fyrir afurðirnar rétt til að greiða heildarkostnaðinn. Þá myndast enginn fiskveiðiarður og ekkert er aukalega til skiptanna. Markmið fiskveiðistjórnunar er hins vegar að hámarka afraksturinn af auðlindinni til lengri tíma.

Fiskveiðiarður er umtalsverður í núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi eins og sést m.a. á því að veiðiheimildir ganga kaupum og solum á tiltölulega háu verði. Það sýnir að innan sjávarútvegs er til fé til að greiða fyrir aflaheimildir. Þessi viðskipti eiga sér hins vegar stað án þess að almenningur fái nokkuð í sinn hlut þar sem veiðiheimildum er úthlutað án endurgjalds.

Hafa ber í huga að nýir aðilar í útgerð greiða nú þegar fyrir veiðiheimildir. Þeir greiða hins vegar ekkert til almennings heldur til annarra útgerðarmanna sem fá þessum veiðiheimildum úthlutað ókeypis á hverju ári.

15-30 milljarðar

Í fyrrgreindri þingsályktun segir m.a.: „Ýmsir hagfræðingar telja að fiskveiðiarðurinn muni nema 15–30 milljörðum kr. árlega þegar fyllstu hagkvæmni er náð. Núverandi fiskveiðiarður er mun minni, líklega innan við 5 milljarðar kr., en er þó nokkrir milljarðar, eins og sést m.a. vel á umfangi kvótaviðskipta“.

Meðal þeirra hagfræðinga sem hér er vísað til varðandi 15–30 milljarðana er dr. Ragnar Árnason, prófessor í fiskihagfræði við Háskóla Íslands. Til að

¹ Morgunblaðið 9. október 1996.

Þetta gerist þá þarf hvort tveggja að vera uppfyllt, þ.e. að fiskistofnar hafi náð hagkvæmstu stærð og að aflinn sé veiddur á hagkvæmasta hátt.

Um þessar rannsóknir er m.a. fjallað í grein Ragnars um fiskveiðiarðinn og skiptingu hans, en hún birtist í riti Sjávarútvegstofnunar Háskóla Íslands 1992. Þar koma skýrt fram þeir fyrirvarar að bæði fiskistofnar og fiskveiðistjórnunarkerfi verða að vera eins og best verður á kosið og enn er langt í það. Hins vegar eru íslenskir fiskistofnar fyllilega sambærilegir við náttúruauðlindir í öðrum löndum. Þar er ekki óalgengt að vel innan við helmingur af verðmæti náttúruauðlinda sé hreinn hagnaður. Tekjur norska ríkisins af olúframleiðslu eru t.d. nálægt 600 milljörðum kr. á ári, sem er tæpur helmingur árlegs framleiðsluverðmætis.

Aflaverðmæti á Íslandsmiðum upp úr sjó er tæpir 60 milljarðar kr. og útflutningsverðmæti tæpir 90 milljarðar kr. á ári. Það vantar hins vegar mikið á að fiskistofnar okkar séu í kjörstöðu og er þorskurinn skýrasta dæmið um það.

Það eru til fleiri rannsóknir sem renna stöðum undir þessar háu fjárhæðir. Dr. Ásgeir Daníelsson, hagfræðingur á Þjóðhagsstofnun, sérfróður um sjávarútveg, birti árið 1994 grein um framleiðni í sjávarútvegi sem heitir „Productivity Growth in the Icelandic Fisheries and the Natural Resource“. Sú rannsókn benti til þess að hægt væri að auka hagnað eingöngu við þorskveiðar um 10 milljarða kr. á ári ef það tækist að byggja þorskstofninn betur upp. Þorskveiðar eru einungis hluti sjávarútvegs þannig að svigrúm er víða ef vel er að staðið. Vitanlega þarf að efla fiskistofnana og hagræða enn meira í sókninni.

Steingrímur J. og aðrir verða að átta sig á því að hagkvæmstu fiskistofnar og hagkvæmasta sókn leiðir til þess að tekjur aukast og kostnaður lækkar. Þær tölur sem hafa verið nefndar um 15–30 milljarða kr. fiskveiðiarð eru þannig síður en svo út í hött.

Þetta er eitt af vandamálunum við umræðuna um veiðileyfagjald. Fólk virðist ekki gera sér grein fyrir hvílíkt óhemjuverðmæti er fólgið í fiskistofnunum við landið. Sumir virðast alltaf reikna með að það sé náttúrulögmál að sjávarútvegur sé rekinn með tapi. Það er ekki svo og nú eru allar helstu greinar útgerðar reknar með hagnaði, svo og margar vinnslugreinar, þótt vissulega sé nú tap á botnfiskvinnslu.

Tekjuskattur og réttlæti

Það er ekki gott að segja til um hvenær fiskveiðiarðurinn verður kominn upp í 20 milljarða kr. en það er m.a. háð fiskveiðistjórnkerfinu og

efnahagsstefnu stjórnvalda. Þótt veiðileyfagjald verði strax lagt á skilar það litlu fyrst um sinn en eykst við aukinn fiskveiðiarð eftir því sem fiskistofnar eflast og meiri hagkvæmni verður gætt við veiðar. Það er hins vegar raunhæfur möguleiki að veiðileyfagjald komi að mestu í stað tekjuskatts einstaklinga á nokkrum árum. Tekjuskattur einstaklinga er nú um 17 milljarðar kr.

Jafnaðarmenn hafa lagt til að veiðileyfagjald verði fyrst notað til að greiða kostnað hins opinbera við sjávarútveg en sá kostnaður er nú um 3 milljarðar kr. á ári. Það væri þá hægt að lækka aðra skatta strax á móti, t.d. tekjuskatt.

Það eru mikil efnahagsleg sóknarfæri fólgin í veiðileyfagjaldi. Veiðileyfagjald er ekki íþyngjandi aðgerð fyrir sjávarútveginn vegna þess að skynsamlegt er að haga gengisstefnunni þannig að annar útflutningsiðnaður styrkist við hlið sjávarútvegs.

Réttlætisrökin fyrir veiðileyfagjaldi ættu að vera augljós. Fiskistofnarnir eru eign allrar þjóðarinnar og það er óeðlilegt að arður af þeim renni eingöngu til fámenns hóps útgerðarmanna sem fær tímabundinn afnotarétt til að draga fisk úr sjó. Það er óásættanlegt að ríkið skammti mönnum rétt til að selja eða leigja veiðiheimildir sem ekkert hafi greitt fyrir þær, hvorki við úthlutun í upphafi né árlegt veiðigjald.

Afstaða Alþýðubandalags og Sjálfstæðisflokks

Það er miður að flokkur Steingríms J., Alþýðubandalagið, skuli ekki átta sig á réttlæti málsins og hinum efnahagslegu rökum. Í umræðu um veiðileyfagjald á síðasta þingi fundu þingmenn Alþýðubandalagsins, með Steingrím J. í broddi fylkingar, þessu flest til foráttu. Það er grunnt á framsóknarhyggiunni hjá mörgum þingmönnum Alþýðubandalagsins.

Þá var hins vegar einn þingmaður Alþýðubandalagsins sem tók annan pól í umræðunni. Sá þingmaður sagði: „Það er grundvallarafstaða mín að fá íkveðnir rekstraradilar, og aðeins íkveðnir rekstraradilar, afnotarétt af sameiginlegri auðlind, þá eigi þeir að greiða fyrir það gjald. Það á ekki að vera ókeypis aðgangur afmarkaðra og takmarkaðra aðila að sameiginlegri auðlind“. Þessi þingmaður var fyrrverandi formaður Alþýðubandalagsins og núverandi forseti lýðveldisins, Ólafur Ragnar Grímsson.

Síðasti miðstjórnarfundur Alþýðubandalagsins skilaði í reynd auðu í þessu máli en ætlar þó að ræða það áfram. Jafnaðarmenn, Kvinnalisti og hluti sjálfstæðismanna styðja þessar hugmyndir, svo og ýmsir innan Alþýðubandalagsins.

Afstaða Sjálfstæðisflokksins kemur meira á óvart. Það eru mjög margir innan þess flokks sem vilja veiðileyfagjald, bæði af réttlætisástæðum og

efnahagslegum. Hræðsla þess flokks að ræða málið af hreinskilni á landsfundi vegna andstöðu núverandi og fyrrverandi formanna flokksins, þeirra Davíðs og Þorsteins, er með ólíkindum. Þetta mál og afstöðuleysi lýsir Sjálfstæðisflokknum betur en margt annað. Ef til vill stjórnar Kristján Ragnarson Sjálfstæðisflokknum í reynd.

Veidileyfagjald er mikilvægasta pólitíska mál þessa kjörtímabils. Það getur enginn stjórn mála flokkur skorast undan afstöðu í þessu efni. Umræðan mun eiga sér stað innan flokka og utan en þá er brýnt að fólk geri sér fulla grein fyrir því hve mikil efnahagsleg verðmæti eru hér í húfi.

Skiptir atkvæðisréttur máli?¹

Fólk verður stundum þreytt á stjórnámálamönnum sínum og finnst þeir allir vera eins og breyta litlu. Það er ekki rétt. Stjórnámál ráða flestu í umhverfi nútímamanna, oftast án þess að þeir geri sér grein fyrir því.

Það eru stjórnámálamenn sem skipuleggja menntakerfi og velferð, búa atvinnurekstri umgjörð, innheimta þriðju hverja krónu af allri verðmætisköpun og deila út aftur, setja refsiramma, marka samskipti við aðrar þjóðir, ákveða vegaframkvæmdir, sinna umhverfismálum og gera margt, margt fleira.

Hvaðan kemur valdið?

Stjórnámálamenn gera þetta ekki allt einir heldur hafa þeir hóp embættismanna við hlið sér en valdið er stjórnámálmannanna. Þetta vald sækja þeir til fólksins og engra annarra. Lýðræðið er dásamleg uppfinning sem kemur á stjórn hæfu skipulagi en dregur menn til ábyrgðar ekki sjaldnar en á fjögurra ára fresti. Vitaskuld misferst ýmislegt hjá stjórnámálamönnum og það skiptir máli hver fer með stjórn hverju sinni.

Stjórnarandstaðan er jafn nauðsynleg lýðræðinu og stjórnin sjálf. Það þekkjast nær engin dæmi þess í lýðræðisríki að sömu aðilar fari með stjórn áratugum saman. Menn skiptast á, allt eftir vilja fólksins hverju sinni.

Hvers eiga Hafnirðingar og Kópavogsbúar að gjalda?

Úr því að allt vald kemur frá fólkinu skyldi maður ætla að allir hefðu sama rétt. Því fer víðs fjarri. Einn dýrmætasti rétturinn í lýðræðisríkjum er atkvæðisrétturinn. Honum er hróplega misskipt héraendis og sú misskipting er undirrót margra meina og mistaka á liðnum áratugum.

Í Reykjavík og í Reykjaneskjördæmi búa 66% þjóðarinnar en þessi kjördæmi hafa rétt innan við helming þingmanna. Það eru rúmlega 4.000 atkvæði á bak við hvern þingmann í R-kjördæmunum en um 1.300 til 1.400 á Vestfjörðum og á Norðurlandi vestra.

Auðvitað geta menn sagt að fjöldi þingmanna skipti ekki máli heldur gæði þeirra! Þetta er ekki rétt nema að hluta. Vitaskuld skiptir fjöldinn máli enda

¹ Fjarðarpósturinn 8. janúar 1988 og Kópavogspósturinn 29. janúar 1998.

ræður meirihlutinn. Er það líðandi fyrir íbúa í Hafnarfirði og Kópavogi að vera með einn þriðja af atkvæðisrétti annarra landsmanna? Ég tel að svo sé ekki. Þetta er óréttlátt kerfi en það hefur verið varið af Sjálfstæðis- og Framsóknarflokki um áratugaskeið.

Besta lausnin er að landið yrði eitt kjördæmi. Þá væri fullkominn jöfnuður milli fólks og flokka, áhrif kvenna myndu aukast og minna yrði um vafasamar kjördæmareddingar af hálfu stjórnámálanna. Alþingi yrði virkara í eftirliti gagnvart ríkisstjórn. Stjórn málin yrðu skemmtilegri og áhugaverðari en nú.

Það er brýnt að þessu kjörtímabili ljúki ekki án breytinga á atkvæðavæginu. Það þarf að breyta stjórnarskránni og slíkt verður að samþykkja á tveimur þingum með kosningum á milli. Ef ekki eru samþykktar breytingar á þessu kjörtímabili dragast þessar sjálfsögðu umbætur mörg ár í viðbót.

Hagsmuna hverra gætir Sjálfstæðisflokkurinn?¹

Mestan hluta þessarar aldar hafa Sjálfstæðis- og Framsóknarflokkur ráðið nær öllu í stjórnámálum landsins, m.a. í skjóli ranglátrar kjördæmaskipunar. Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið langstærsti flokkurinn um áratugaskeið. Hann er sérkennileg blanda af hagsmunagæslu og einföldum hugmyndum og er í reynd laustengt hagsmunabandalag.

Utanríkismál, vinnuveitendur og einstaklingsframtak

Það eru einkum þrír þættir sem hafa markað sérstöðu Sjálfstæðisflokksins. Það er í fyrsta lagi afdráttarlaus afstaða í utanríkismálum, þ.e. aðildin að NATO og samstaðan með Bandaríkjunum. Þetta skipti verulegu máli á árum áður.

Í öðru lagi er sérstaða Sjálfstæðisflokksins fólgin í því að ráða yfir fyrirtækjum og atvinnutækjum. Hér á landi hafa farið saman stjórnámálaskoðanir forsvarsmanna atvinnulífsins, m.a. í sveitarstjórnnum, og kjörfylgi á einstökum stöðum. Þetta er áberandi hjá Sjálfstæðisflokknum en einnig hjá öðrum flokkum. Hálftrar aldrar forystu Alþýðubandalagsins í Neskaupstað má rekja beint til yfirráða alþýðubandalagsmanna á Síldarvinnslunni. Kaupfélögin og Sambandið mynduðu valdamíðju Framsóknar um áratugaskeið.

Í þriðja lagi hefur Sjálfstæðisflokkurinn gert hugmyndafræði um virkjun einstaklingsframtaksins að einni meginstöð flokksins. Þetta er mikilvægt vegna þess að Íslendingar, sem fámenn þjóð í stóru landi, hafa allt frá söguöld þurft að leita skjóls í stærri heildum. Í upphafi var það ættin, síðan stéttir og ýmis félagasamtök. Menn hafa á þessari öld ekki hvað síst leitað skjóls og styrks í stjórnámálaflokkum. Einstaklingsframtak sem vilji Íslendingansins að standa á eigin fótum kom fram í stuðningi við Sjálfstæðisflokkinn. Efnahagsleg velmegun fjölmargra einstaklinga byggðist nær alla þessa öld að verulegu leyti á tengslum þeirra við stjórnámálaflokka. Þetta ástand, sem hefur verið kallað helmingaskiptafyrirkomulagið, byggði á mjög sterkri valdastöðu Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks.

¹ Fyrsta grein af þremur sem birtust í Morgunblaðinu þrjá daga í röð. Þessi grein birtist 10. febrúar 1998.

Breytt umhverfi utanríkismála

Þessi þrjú atriði, afstaðan í utanríkismálum, yfirráðin yfir fyrirtækjum og einstaklingsframtakið mörkuðu sérstöðu Sjálfstæðisflokksins og hafa verið undirstaða fjöldafulgis hans sem nær langt út fyrir hefðbundið hægra fylgi í vestrænum stjórnmálum. Sjálfstæðisflokkurinn hefur hins vegar breyst á síðustu árum. Þessar breytingar hófust í formannstíð Þorsteins Pálssonar og hafa haldið áfram í formannstíð Davíðs Oddssonar.

Ytri aðstæður hafa þrengt að Sjálfstæðisflokknum hvað varðar utanríkismálin en eftir fall kommúnismans og fyrirhugaða stækkun Atlantshafsbandalagsins til austurs skiptir hin gamla spurning um hvort menn séu í NATO, styðji herinn eða taki afstöðu með Bandaríkjamönnum ekki eins miklu máli í hugum Íslendinga og áður.

Þvert á móti er utanríkisumræðan að þróast í aðrar áttir, þ.e. með eða á móti aðild að Evrópusambandinu. Þar hefur núverandi forysta Sjálfstæðisflokksins markað flokknum sérstöðu, þ.e. eindregna andstöðu gegn aðild. Sú skoðun nýtur ekki mikils fylgi hjá landsmönnum og á alls ekki þær rætur sem afstaðan gagnvart NATO og Bandaríkjunum átti á árum áður.

Gengið erinda stóratvinnurekenda

Sjálfstæðisflokkurinn undir forystu Þorsteins og Davíðs hefur hin síðari ár fyrst og fremst hallað sér að annarri stoð Sjálfstæðisflokksins, þ.e. vinnuveitendum. Langflestir forystumenn fyrirtækja hérlendis eru flokksbundnir sjálfstæðismenn og meðal þeirra eru einnig margir framsóknarmenn. Hér á landi eru fáir vinstri menn áberandi í forystusveit fyrirtækjareksturs, einkum í stærri fyrirtækjum.

Stefna Sjálfstæðisflokksins hefur nú um nokkurt skeið aðallega tekið mið af hagsmunum þeirra vinnuveitenda sem stjórna Vinnuveitendasambandi Íslands (VSÍ)¹ en það eru forsvarsmenn stærstu fyrirtækja landsins. Mörg þessara fyrirtækja eru sprottin úr helmingaskiptaumhverfinu frá fyrri tíð en Þorsteinn Pálsson var framkvæmdastjóri VSÍ um hríð.

Hagsmunagæsla ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar fyrir vinnuveitendur hefur m.a. komið fram í breytingum á vinnulöggjöfinni á almennum og opinberum markaði. Þær lagabreytingar voru knúnar í gegn af hörku af stjórnarflokkunum með öflugum stuðningi vinnuveitenda í andstöðu við verkalyðshreyfinguna og stjórnarandstöðuna.

¹ Nafni Vinnuveitendasambands Íslands (VSÍ) var breytt í Samtök atvinnulífsins (SA) árið 1999.

Efnahagsstefna ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar hefur fyrst og fremst tekið mið af vinnuveitendum og þeim sem best mega sín í íslensku þjóðlífi. Þannig voru afgreidd lög um fjármagnstekjuskatt þar sem skattgreiðslur á arð voru lækkaðar úr rúmum 40% niður í 10% sem einkum kom fjármagnseigendum til góða. Þarna kom skýrt fram hverra hagsmuna Sjálfstæðisflokkurinn gætir.

Gegn hagsmunum launþega

Ljóst er að forstjórar stórfyrirtækjanna hafa ekki einungis tryggt sér mjög vinveitta ríkisstjórn við lagasetningu og uppstokkun á ríkisfyrirtækjum heldur hafa þeir einnig náð mjög sterkri stöðu í lífeyrissjóðsumhverfinu í samvinnu við verkalýðshreyfinguna.

Lífeyrissjóðirnir eru uppspretta hluta sparnaðar landsmanna en greiðslur í lífeyrissjóði eru vitaskuld eign launþega. Það hefur orðið samkomulag milli fulltrúa launþega og vinnuveitenda að fara sameiginlega með stjórn þessara digru sjóða en stjórnin á í raun og veru að vera öll hjá launþegunum sem eiga lífeyrissjóðina eða fulltrúum þeirra. Hér er hins vegar enn og aftur örfáum einstaklingum meðal vinnuveitenda falið geysilega mikið efnahagslegt vald. Það eru sömu aðilarnir sem stýra stórfyrirtækjunum og sitja í stjórnnum lífeyrissjóða. Þetta efnahagslega vald vinnuveitenda takmarkast við um 50 manna hóp sem er harðasti kjarni í stuðningsliði Davíðs Oddssonar.

Sjálfstæðisflokkurinn er orðinn flokkur stórfyrirtækja og sérhagsmuna þeirra. Þetta hefur ekki enn leitt til þess að hann hafi misst fjölda fylgi sitt en að því getur komið, sérstaklega ef kjósendur eiga kost á sameiginlegu framboði jafnaðarmanna sem setja velferðar-, mennta- og heilbrigðismál á oddinn. Sundrung vinstri manna hefur verið lífíbrauð Sjálfstæðisflokksins.

Sjálfstæðisflokkurinn byggir ekki á djúpri hugmyndafræði¹

Sjálfstæðisflokkurinn varð til við samruna Íhaldsflokksins og Frjálslynda flokksins árið 1929. Stefna Sjálfstæðisflokksins hefur ávallt verið blanda af frjálslyndi og íhaldssemi en flokkurinn byggir stefnu sína ekki á djúpri hugmyndafræði heldur er fyrst og fremst félagsform til að gæta sérhagsmuna, ná völdum og halda þeim.

Einkavinaæðing og skipting herfangs

Einkavæðing Sjálfstæðisflokks Þorsteins Pálssonar og Davíðs Oddssonar hefur lítið með það að gera að koma ríkisfyrirtækjum yfir í annað rekstrarumhverfi. Markmið einkavæðingarinnar er fyrst og fremst að tryggja fyrirtækjum vinveittum Sjálfstæðisflokknum betri samkeppnisstöðu og yfirráð yfir mikilvægum atvinnufyrirtækjum. Við framkvæmd einkavæðingar er ekki sama hver kaupir. Við einkavæðingu Síldarverksmiðja ríkisins (SR) var þeim aðila sem átti hæsta tilboðið ekki gefinn kostur á að standa við það því að aðrir tilboðsaðilar hugnuðust Sjálfstæðisflokknum betur. Gengið var til samninga við þá. Þegar Áburðarverksmiðjan var boðin út og tilboð kom sem ekki hentaði hagsmunum Framsóknarflokksins var einfaldlega hætt við sölu.

Löngu tímabær endurskipulagning á þátttöku ríkisins í atvinnurekstri er nýtt blygðunarlaust til að færa fé og ítök úr almannaeygu til aðila nátengdum þessum stjórnmálaflokkum. Þegar Búnaðarbanka og Landsbanka var breytt í hlutafélög og við sameiningu Fiskveiðasjóðs, Iðnlánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs þar sem sú fráleita leið var farin að búa til nýjan banka, Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, sátu flokkshagsmunir í fyrirrúmi. Það var einnig gert í svokölluðum Nýsköpunarsjóði. Hér er fjármálakerfið stokkað upp þvert á þá aðferðafræði sem er algengust í Vestur-Evrópu, þ.e. að einkavæða ríkisbanka, tryggja dreifða eignaraðild og láta markaðinn um að laða fram samkeppni til að ná fram hagkvæmum rekstri.

Margt bendir til þess að við einkavæðingu Pósts og síma verði það enn og

¹ Önnur grein af þremur sem birtust í Morgunblaðinu þrjá daga í röð. Þessi grein birtist 11. febrúar 1998.

aftur stóru fyrirtækin úr VSÍ-umhverfinu sem fá yferráð yfir þessum eignum almennings. Ríkisstjórnin er svo ósvífin að hún skipar framkvæmdastjóra VSÍ, Þórarin Viðar Þórarinsson, sem stjórnarformann Landssímans, en hann er vitaskuld virkur áhrifamaður í Sjálfstæðisflokknum. Landssíminn er eitt stærsta fyrirtækið innan VSÍ, hagsmunaárekstrarnir ótvíræðir og fyrirtækið allt í ríkiseigu. Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar skipar þó framkvæmdastjóra VSÍ sem fulltrúa ríkisins og þjóðarinnar. Sjálfstæðisflokkurinn gætir þess vel að hagsmunir stórvinnuveitenda verði ekki fyrir borð bornir og allt er þetta á kostnað almennings.

Sjálfstæðisflokkurinn hunsar smærri atvinnurekendur

Hin skýra afstaða Sjálfstæðisflokksins að vinna með öllum ráðum að því að efla stóratvinnurekendur eins og rakið var í fyrri grein gengur ekki einungis þvert á hagsmuni launþega heldur einnig á hagsmuni smærri atvinnurekenda. Það er ein stærsta blekkingin í stjórnmalasögu hérlendis síðustu árin að smærri atvinnurekendur eigi sér eitthvert skjól í Sjálfstæðisflokknum. Því fer víðs fjarri. Það eru einungis hagsmunir stórfyrirtækjanna sem ráða stefnu Sjálfstæðisflokksins, t.d. við mótun skipulags á vinnumarkaði, endurskoðun á skattalöggjöf, uppstokkun ríkisfyrirtækja, einkavæðingu og aðgang að lánsfé. Ekkert tillit er tekið til sjónarmiða smærri atvinnurekenda í Sjálfstæðisflokknum. Í þeim hópi eru m.a. sjálfstæðir iðnaðarmenn, kaupmenn, smærri iðnfyrirtæki, atvinnubílstjórar, bændur, þjónustufyrirtæki, smábátamenn, veitinga- og ferðaþjónusta, afþreyingarstarfsemi og margt fleira.

Verndun einkaframtaksins er þannig ekki lengur við lýði. Smærri atvinnurekendur eiga ekki mikið skjól. Framsóknarflokkurinn hefur síðustu misseri, í formannstíð Halldórs Ásgrímssonar, reynt að breyta ásýnd sinni en þegar á reynir eru það vitaskuld gömlu Sambandstengslin og framsóknarþræðirnir sem ráða hjá kaupfélögunum og mörgum af stórfyrirtækjum Framsóknar eins og Vátryggingafélagi Íslands (VÍS), Íslenskum sjávarafurðum (ÍS), Olúfélaginu (Esso) og Samskipum.

Sjálfstæðisflokkurinn ver fákeppnina

Jafnaðarmenn hafa á undanförunum árum orðið öflugir talsmenn launþega, smærri fyrirtækja og frjálsrar samkeppni, auk sem þeir hafa aldrei misst sjónar af baráttu fyrir velferðarkerfinu, sem er hornsteinn jafnaðarstefnunnar. Það eru jafnaðarmenn sem hafa talað mest fyrir frjálsri samkeppni í atvinnulífinu undanfarin misseri en hvorki sjálfstæðismenn né framsóknarmenn, sem vilja halda í hina gömlu miðstýringu og fara með þá úreltu

stefnu inn í 21. öldina. Frjáls samkeppni er undirstaða heilbrigðs markaðskerfis en einkenni stórfyrirtækja Sjálfstæðis- og Framsóknarflokksins er verndað umhverfi fákeppninnar. Smæð heimamarkaðarins er nýtt út í ystu æsar til að hleypa ekki öðrum aðilum að.

Allir muna þegar erlent olíufélag, Irving Oil, ætlaði að hasla sér hér völl. Þá var allt í einu hægt að lækka verð á olíu og sýna Íslendingum þjónustulund. Það breyttist um leið og hið erlenda félag hætti við að fjárfesta hér. Sama hefur gerst í tryggingamálum. Um leið og erlend félög (Scandia og FÍB-trygging) komu hér inn á markaðinn var allt í einu hægt að lækka iðgjöld og taka tillit til óska viðskiptavinarins. Það var ekki hægt áður. Sama gerist í flutningum og fjölmiðlum. Slík stórfyrirtæki við fákeppnisaðstæður eru ein versta mynd nútímamarkaðshagkerfis og er ekki einungis vandamál hér á landi heldur víða erlendis. Sérstaðan hérlendis er hins vegar hin nánú tengsl við Sjálfstæðis- og Framsóknarflokk.

Sjálfstæðisflokkurinn nýtur þess að enn eru fjölmargir launþegar og smærri atvinnurekendur sem hafa ekki áttað sig á því hverra hagsmuna þessi flokkur er nú farinn að gæta. Eðlilegt kjörfylgi Sjálfstæðisflokksins miðað við þá stefnu sem hann hefur er um 25%. Verkefni sameinaðra jafnaðarmanna er að draga þetta nógu skýrt upp fyrir íslenska kjósendur.

Sjálfstæðisflokkurinn er höfuðandstæðingur jafnaðarmanna¹

Sjálfstæðisflokkurinn sækir styrkleika sinn blygðunarlaust til þeirra sem best mega sín í íslensku þjóðlífi og þá fyrst og fremst til framkvæmdastjóra stórfyrirtækja sem starfa í vernduðu umhverfi fákeppni. Þar er verið að skipta herfangi og verður það gert á næstu árum þegar ríkisfyrirtæki, eigur almennings, verða hægt og rólega færð til þessara aðila. Allir þekkja hatrama vörn Sjálfstæðisflokksins fyrir hagsmunum útgerðarmanna gegn veiðileyfagjaldi. Þar birtist Sjálfstæðisflokkurinn með Davíð Oddsson og Þorstein Pálsson í broddi fylkingar sem hörðustu talsmenn gjafakvótakerfisins. Þar sitja ekki allir við sama borð.

Tengslin og spillingin

Fyrirkomulag helmingaskipta og náin tengsl stjórnmalalegs og efnahagslegs valds í fákeppnisumhverfi er spillt umgjörð. Víða er óeðlilega að verki staðið. Á síðasta ári keypti stærsti banki landsins helming í stærsta tryggingafélaginu. Svo háttar til að framkvæmdastjóri stærsta flokksins, Kjartan Gunnarsson, er stjórnarformaður þessa stærsta tryggingafélags (VÍS), varaformaður stjórnar stærsta bankans (Landsbankans) og er jafnframt í aðalstarfi sem framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins. Hvergi á byggðu bóli myndu slík tengsl þekkjust nema í döprustu bananalýðveldum þriðja heimsins. Slíkt fyrirkomulag væri alls staðar talið algjörlega óeðlilegt og óviðeigandi, alveg burtséð frá því að hér er ekki verið að gagnrýna persónulega þann einstakling sem hlut á að máli.

Sú stefna Sjálfstæðisflokksins að þjappa saman pólitísku og efnahagslegu valdi í hendur örfárra getur haft skelfilegar afleiðingar fyrir efnahagslegt umhverfi okkar. Þótt uppsveifla sé núna í efnahagsmálum, sem markast meðal annars af löngum vinnutíma launafólks, getur fyrirvaralítið hallað undan fæti.

Benda má á að skuldir íslenskra heimila og erlendar skuldir þjóðarinnar hafa aldrei verið hærri en í tíð núverandi ríkisstjórnar. Það hefur sýnt sig

¹ Þriðja grein af þremur sem birtust í Morgunblaðinu þrjá daga í röð. Þessi grein birtist 12. febrúar 1998.

að núverandi forsætisráðherra lætur vel að stjórna í góðæri og eyða um efni fram. Það sýndi ferill hans þegar hann var borgarstjóri í Reykjavíkurborg. Hann skildi fjárhag Reykjavíkurborgar eftir í rúst en minnismerki um alla borg sem kostuðu milljarða. Það hefur síðan verið verkefni vinstri manna að hreinsa upp eftir fjárhagsóreiðu Davíðs Oddssonar í Reykjavík.

Gegn öldruðum, velferð, menntun og konum

Á sama tíma og þetta gerist er sótt að velferðar- og heilbrigðiskerfinu með markvissum niðurskurði sem gerir það að verkum að biðlistar eru hér lengri en annars staðar og óöryggi og slæm afkoma sjúklinga og þeirra sem minna mega sín er mikið.

Afstaða ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar til eldri borgara er öllum kunn. Afnumin var viðmiðun bóta þeirra við launaþróun og það var ekki fyrr en eftir tveggja ára samstillta baráttu stjórnarandstöðu og eldri borgara að það tókst að brjóta þá stefnu á bak aftur. Eldri borgarar hafa ekkert skjól af Sjálfstæðisflokknum eins og þeir höfðu hér á árum áður. Stofnun sérstakra samtaka eldri borgara í flokknum er aumkunarverð tilraun flokksforystunnar til að slá ryki í augu eldra fólks.

Menntamenn eru annað dæmi um hóp sem Sjálfstæðisflokkurinn er fjandsamlegur. Sjálfstæðisflokkurinn hefur lagt menntakerfið nærfellt í rúst en það átti að vera lykkill okkar inn í 21. öldina. Flokkurinn hefur farið með menntamálin í 12 af síðustu 14 árum og niðurlæging íslenskra menntamála er alkunn í alþjóðlegum samanburði. Nú er reynt að koma á skólajöldum og helst skal „einkavæða“ sem mest í skólakerfinu.

Steininn tók úr í nýjstu háskólalöggjöf ríkisstjórnarinnar þar sem pólitískir varðhundur úr forstjóraumhverfinu verða settir inn í háskólann og rektor skal sitja undir húsbóndavaldi menntamálaráðherra. Þetta er fráleit og hættuleg stefna fyrir sjálfstæði skólans og gengur þvert á hagsmuni ungs fólks og þjóðarinnar í heild.

Sjálfstæðisflokkurinn er kvenfjandsamlegastur allra stjórnmálaflokka. Af 25 þingmönnum hans eru aðeins fjórar konur. Í 70 ára sögu flokksins hafa einungis tvær konur haft einhver raunveruleg áhrif, Auður Auðuns og Ragnhildur Helgadóttir. Það er langt síðan.

Lokaorð

Viðræður vinstri flokkanna við að undirbúa sameiginlegt framboð fyrir næstu Alþingiskosningar gera það nauðsynlegt að endurmeta þarf stjórn málin. Það verður að skýra betur hvað skilur milli flokka, hvaða hagsmuna

einstakir flokkar eru að gæta og fyrir hvað og hverja þeir standa. Íslendingar hafa alltof lengi verið værukærir gagnvart stjórnmalaflokkum sínum og látið reka sig viljuga á básana á fjögurra ára fresti án mikilla athugasemda. Þetta hefur hingað til bjargað Sjálfstæðisflokknum.

Kjósendur Sjálfstæðisflokksins hafa ekki enn þá áttað sig á því hvers konar stefnubreyting hefur átt sér stað í þeim flokki undanfarin misseri. Það er hlutverk jafnaðarmanna að draga fram þessi skörpu skil, draga víglínuna í íslenskum stjórnmalum. Hún liggur á milli Sjálfstæðisflokksins og jafnaðarmanna.

Baráttan er milli sérhagsmuna og almannahagsmuna. Forysta Sjálfstæðisflokksins hefur sjálf áttað sig á því að þar er víglínan. Hún hefur skilgreint jafnaðarmenn sem höfuðandstæðinga sína. Þar er ég sammála sjálfstæðisflokksforystunni. Höfuðandstæðingur jafnaðarmanna í íslenskri pólitík er Sjálfstæðisflokkurinn.

Breytt heimsmynd – Fátækt, markaðshyggja og mannréttindi¹

Samfélög íbúa jarðarinnar eru mjög fjölbreytt en allir búa við skilyrði náttúrunnar og eiga rétt á sambærilegum mannréttindum. Samt sem áður er misskiptingin slík að óhugnanlegt er. Tugir milljóna manna lifa í vellystingum, hundruð milljóna svelta og tugir milljóna deyja úr hungri árlega.

Hundruð milljóna manna hafa enga von um mannsæmandi líf og möguleika á sjálfsvirðingu. Staða þeirra er engu betri en dýra. Sú spurning hlýtur að vakna hvort skipulag okkar geti ekki gert betur við samborgara okkar, þótt í öðrum löndum séu. Það er verkefni allra að tryggja virðingu fyrir manneskjunni.

Fátækt

Stundum er rætt um að fátækt sé á Íslandi. Þá þarf að taka fram í hvaða skilningi, því að vitaskuld er engin fátækt hér miðað við þróunarlönd. Meðaltekjur hér á íbúa eru margfaldar á við ríki fátækustu íbúa heims. Það sveltur enginn til bana á Íslandi en það gerist mjög víða um heim.

Hér getur hins vegar verið fátækt í samanburði við lífskjör annarra þegna samfélagsins og samanburður er alltaf gerður við þá sem standa næst. Allar stærðir, þar á meðal fátækt, verður að setja í samhengi með samanburði við aðrar þekktar stærðir.

Við höfum enga ástæðu til að setta okkur við þann skilning að þótt fólk deyi ekki úr hungri á Íslandi sé um viðunandi ástand að ræða. Því fer víðs fjarri. Margir íbúar Íslands búa við mjög erfiðar aðstæður, sumir hafa ekki vinnu, aðrir fá ekki bót á slæmri heilsu sinni, aðrir hafa það lágar tekjur að endar ná ekki saman og margir einstaklingar lifa ekki ánægjulegu eða hamingjusömu lífi vegna ytri aðstæðna. Sé það markmið með samfélagi að einstaklingar öðlist lífsánægju er þarna verk að vinna.

Markaðshyggja

Það er áhugavert að velta fyrir sér í kjölfar hinna miklu breytinga í Austur-Evrópu þegar kerfi kommúnismans hrundi hvaða áhrif það getur haft á þróun

¹ Fyrri grein af tveimur sem birtust í Degi tvo daga í röð. Þessi grein birtist 18. febrúar 1998.

markaðsbúskaparins. Þessi tvö hagkerfi höfðu tekist á í tæpa öld, annars vegar miðstýrt fyrirkomulag kommúnismans og hins vegar markaðsbúskapurinn, byggður á markaðshagfræðinni, og þá helst sem velferðarbundinn markaðsbúskapur á Vesturlöndum. Þessi átök leiddu til hruns fyrrnefnda kerfisins. Þar með má segja að hið síðara hafi sannað yfirburði sína en lífskjör voru mun betri á Vesturlöndum en í austantjaldsríkjunum.

Nú eru nokkur ár liðin frá þessum miklu umskiptum og spurningin sem vaknar er hvort markaðshagfræðin hafi tapað um leið og hún vann. Við sjáum í sífellt meira mæli að mælikvarði hagvaxtar er lagður á flestar efnahagslegar ákvarðanir stjórnvalda, einstaklinga og fyrirtækja.

Þótt lífskjör hafi batnað á undanförunum árum hafa ýmis félagsleg vanda-mál aukist og orðið illlesanlegri en áður. Þar ber atvinnuleysi vitaskuld hæst en benda má á að í vestrænum heimi erum við einmitt núna að upplifa tímabil hagvaxtar án þess að til nýrra starfa komi.

Eftir fall kommúnismans í Austur-Evrópu fíkrúðu ríkin sig mishratt inn í markaðsbúskapinn með því að einkavæða fyrirtæki, leyfa frjálsa verðmyndun og taka upp nýja framleiðsluhætti. Þetta hefur gengið mjög misjafnlega. Sum ríki hafa náð árangri en önnur ekki. Ýmis þeirra hafa verið studd af Vesturlöndum. Sums staðar hefur þessu miðað mjög hægt.

Sjá má hina erfiðu stöðu í Rússlandi þar sem glæpamenn og spilltir stjórn-málamenn velta sér í geysilegum fjármunum sem þeir hafa náð út úr kerfinu á meðan almenningur á ekki til hnífs og skeiðar. Þetta er niðurlægjandi og felur í sér sprengihættu, ekki einungis fyrir þetta svæði heldur víða annars staðar.

Samkeppni sem er grundvallaratriði í markaðsbúskapnum er gott tæki. Þar þarf þó að gæta þess að hún færir ekki um of yfir á samskipti einstaklinga í formi tillitsleysis og lítilsvirðingar. Er gott að innleiða í skólakerfið þá hugsun að annaðhvort vinni menn þá baráttu sem þar er háð eða troðist undir? Á ekki hver og einn að finna sér leið eftir sinni getu og óskum? Hér er ekki verið að tala um að allir eigi að vera jafnir heldur er einungis sett fram hið gamla kjörorð jafnaðarstefnunnar að allir eigi að hafa jöfn tækifæri til að ná árangri.

Mannréttindi

Við Íslendingar þekkjum ekki hin risavöxnu vandamál atvinnuleysis eins og nágrannabjórdirnar en við ættum samt að skoða hugmyndafræðilega uppbyggingu kerfis okkar. Markaðshagfræðin hefur reynst sú umgjörð um það efnahagskerfi sem skilar þegnumum almennt bestu lífskjörum. Þetta hefur

verið mest áberandi á Vesturlöndum, sem höfðu margra alda forskot á þróunarríkin.

Vitaskuld eru til aðrir mælikvarðar en efnahagslegir af þeirri einföldu ástæðu að markmið mannsins sem einstaklings er í flestum tilfellum ekki að hámarka efnahagslegan auð sinn heldur að fá sem mesta ánægju út úr lífinu. Inn í það koma líka þættir eins og að hafa ánægju af vinnu sinni. Benda má á fjölmargar atvinnugreinar þar sem einmitt slíkt viðhorf bætir mönnum upp lágar tekjur, t.d. í landbúnaði, í kennslu og við listsköpun. Við getum beitt sömu hugsun í umræðu um byggðamál á Íslandi. Það eru fjölmargir sem vilja búa í fámennum byggðalögum, líður vel þar og eru hamingjusamir þótt fólki fækki.

Í þessu sambandi er hollt að velta fyrir sér hvað telst til mannréttinda, þ.e. þeirra réttinda sem skulu varin með öllum tiltækum ráðum og þjóðfélagið allt og skipulag þess tekur mið af. Mannréttindi eru víðast hvar tryggð í stjórnarskrá, réttindi sem í felast t.d. virðing fyrir manningum, trúfrelsi, tjáningarfrelsi, funda- og félagafrelsi, bann við pyntingum og friðhelgi einkalífs, svo að nokkuð sé nefnt. Þessi mannréttindi, sem eru að hluta til varin í stjórnarskrám einstakra ríkja og að hluta til varin með áratuga hefð, eru vitaskuld algild.

Þótt menn stefni að því að bæta stöðuna í einstökum greinum, til dæmis í atvinnu-, heilbrigðis- og menntamálum, hefur slíkt hingað til ekki verið skilgreint sem mannréttindi.

Í ljósi þessa er athyglisverð sú skoðun að kvenfrelsi sé mannréttindi og líta eigi á jafnréttisbaráttuna út frá þeim mælikvarða. Að mínu mati er þetta sjálfsagt viðmið. Er hægt að hugsa sér fleiri þætti sem ættu að fá slíka þyngd í pólitískri umræðu og skipulagi að þeir teljist til mannréttinda? Þannig vaknar spurningin hvort það séu mannréttindi að eiga rétt til vinnu eftir færni og getu. Þjóðfélög heimsins hafa ekki skapað réttinum til vinnu þann sess. Fjölmargir fá ekki vinnu þótt þeir vilji og hafi hæfileika.

Einnig má spyrja hvort það séu mannréttindi að eiga alltaf kost á heilsugæslu, hjúkrun og aðhlyningu eins og best verður á kosið, án tillits til efnahags viðkomandi. Þessu hafa vestrænar þjóðir ekki heldur svarað jáandi. Í Vestur-Evrópu hefur að vísu verið byggt upp, mest fyrir forgöngu jafnaðarmanna, umfangsmikið net félagslegrar þjónustu og velferðar, meðal annars á sviði heilbrigðismála, en þar er réttur til hjúkrunar og aðhlyningar ekki settur jafn réttinum til að tjá sig í ræðu og riti.

Lokaorð

Tækniþróun hefur ekki einungis verið einstaklega ör síðustu áratugi heldur höfum við sífellt gengið nær möguleikum náttúrunnar. Þá vaknar sú spurningin hvort við leysum þessi gífurlegu vandamál með því einu að setja efnahagslega mælikvarða á öll okkar stefnumið. Réttur og virðing mannsins er að lifa ánægjulegu lífi og það er ekki líðandi að búa við skipulag þar sem fólk deyr úr hungri.

Efnahagslegur ávinningur getur vitaskuld verið forsenda fyrir aðstoð og samhjálp en ef samhjálpin eykst ekki með hinum efnahagslega ávinningi heldur einungis tillitsleysið erum við á villigötum. „Hvað stoðar það manninn að eignast allan heiminn og fyrirgjöra sálu sinni?“¹

Við sjáum að heimurinn sem slíkur er að verða æ smærri. Fjármagn flæðir hindrunarlaust milli allra landa. Alþjóðavæðing fyrirtækja hefur stóraukist. Staðarval fyrir fyrirtækjarekstur verður sífellt alþjóðlegra. Tæknivæðingin er þó mjög mismunandi og lífskjörin og lífsvonirnar í einstökum ríkjum eru ólíkar.

Ekki hefur dregið saman með þróunarríkjunum og iðnríkjunum á síðustu árum og í mörgum tilfellum hafa hinar ríkari þjóðir orðið enn ríkari og hinar fátækari enn fátækari. Þar sem hér er um að ræða samskipti manna við aðra menn og grundvallarmannréttindi, sem við þurfum alls staðar að hafa í heiðri, skiptir það okkur máli hvernig öðrum gengur. Það skilur manninn frá dýrum að hann gerir greinarmun á góðu og illu og réttlæti og ranglæti.

¹ Tilvísunin er í Nýja testamentið þar sem Jesús ræðir um freistingar.

Breytt heimsmynd – Umhverfi, menntun og tækniþróun¹

Jörðin er um 4,5 milljarða ára gömul. Maðurinn kom fyrst fram fyrir um 500 þúsund árum. Það var þó ekki fyrir nema 10 þúsund árum sem maðurinn fór að lifa í skipulögðum samfélögum þegar hin svokallaða landbúnaðar- eða akuryrkjubylting varð.

Á dögum Krists voru íbúar heimsins 130 milljónir. Um aldamótin 1900, tæpum tvö þúsund árum seinna, voru íbúar heimsins einn og hálfur milljarður. Núna, tæpum hundrað árum síðar, eru íbúar heimsins sex milljarðar og þeir eru taldir verða um átta milljarðar eftir um 30 ár. Þessi gífurlega fólksfölgun á einungis hundrað árum hefur sett allt samfélag á jörðinni úr skorðum.

Umhverfi

Næstu áratugir munu markast af því að mjög mismikil fjölgun mun verða í þróunarríkjunum og í iðnríkjunum. Íbúum mun fækka verulega í iðnríkjunum en fjölga í þróunarríkjunum. Talið er að Ítalir, sem nú eru 60 milljónir talsins, verði innan við 40 milljónir eftir 50 ár og einungis 20 milljónir eftir 100 ár. Japanir, sem eru nú 125 milljónir, verða væntanlega aðeins 55 milljónir í lok næstu aldar. Þetta mun þýða allt öðru vísi alþjóðlegt samfélag en það sem við höfum nú. Aldurssamsetning í iðnríkjunum er að breytast verulega. Nú eru 19% Evrópubúa yfir sextugt en innan 30 ára verða 30% íbúa Evrópu yfir sextugt.

Það alvarlegasta við þróun síðustu áratuga er mannfjöldasprengringin í þróunarlöndunum. Við hljótum að spyrja okkur að því hvernig takist til við þessar nýju aðstæður. Það blasa við ný vandamál sem við þekktum ekki fyrir nokkrum áratugum. Umhverfismál ber þar hæst og það þarf m.a. að aðlaga tæki markaðshagfræðinnar til lausnar á þeim vandamálum.

Við þurfum að leita að nýjum spurningum og algjörlega nýjum svörum. Þessi umræða er ekki áberandi héraendis í stjórnmálunum. Það verður allt annað samfélag sem við búum við á næsta áratug en við gerum núna. Stórborgirnar eru að stækka og sumar þeirra eru með tugi milljóna íbúa. Það

¹ Síðari grein af tveimur sem birtust í Degi tvo daga í röð. Þessi grein birtist 19. febrúar 1998.

þrengir sífellt að heppilegum byggingarsvæðum og það vantar vatn víða í heiminum.

Við kunnum ekki svör við því hvernig brugðist verður við fólksfölgun. Flest ríki heimsins reyna þó að taka á umhverfismálum af ábyrgð með því að tala um þau og setja þeim ákveðna ramma eins og gert var á ráðstefnunum í Ríó og Kýótó.

Menntun

Oft er talað um að menntakerfið skipti öllu máli í framtíðinni. Menntun sé lykillinn að lífskjörum framtíðarinnar. Af hverju er menntun talin svona mikilvæg? Jú, vissulega má búast við því að tæknin verði sífellt flóknari og samskipti milli einstaklinga, fyrirtækja, ríkja og ríkjasambanda óvægari, sem gerir það að verkum að sá sem kann betur til verka lifir frekar af en hinn sem síður kann skil á því sem er að gerast. Slíkt forskot hefur ætíð fylgt menntun.

Menntakerfið skiptir m.a. máli vegna þess að það skapar samkeppnisforskot á aðra, ekki hvað síst hjá einstökum fyrirtækjum gagnvart öðrum fyrirtækjum í viðskiptum. Það mun smátt og smátt leggjast af að líta á landamæri einstakra ríkja sem viðmið. Þessi þróun er þegar í fullum gangi í Evrópu og landamúrar munu halda áfram að falla og í stað þeirra koma samningar um samskipti og starfsemi fyrirtækja í mörgum löndum.

Þekking og sérhæft starfsfólk sker úr um framtíð þróunarlandanna í viðskiptum. Forskot iðnríkjanna er þar gífurlegt. Háskólanemar í Kína eru þrjár milljónir talsins. Í Bandaríkjunum eru þeir tæpar 13 milljónir en íbúaföldi Bandaríkjanna er einungis einn fimmti af íbúafjölda Kína. Þannig hafa iðnríkin bæði forskot hvað varðar magn og gæði þegar kemur að þekkingu og menntun. Hlutverk hins alþjóðlega samfélags verður því að efla þekkingu og menntun í fátækari löndum.

Leit mannsins að svörum við spurningum framtíðarinnar hefur orðið æ ágengari hin síðari ár á Vesturlöndum. Við höfum víða séð uppgang trúaröfgahópa. Alls kyns hindurvitni hafa aukist og maðurinn er í mikilli leit að svörum utan hefðbundinna forma fortíðarinnar.

Við vitum ekki enn þá hvort lög og reglur samfélagsins munu standa. Mjög víða borga glæpir sig. Hjá mörgum sem minnst mega sín í þróunarríkjunum og iðnríkjunum er ekkert annað hægt að gera til að draga fram lífið en að fara út fyrir lög og reglur. Getum við í framtíðinni búið við samfélag sem byggist á réttarkerfi? Ekki er víst að svo sé. Við höfum verið upptekin undanfarna áratugi við það að glíma við afleiðingar vandamála. Við höfum

ekki upprætt orsakir vandamállanna, sem eru fyrst og fremst fólgin í fólksfölguninni og hinni miklu misskiptingu gæða.

Tæknibróun

Hin öra tæknibróun síðustu 200 ára, og ekki hvað síst síðustu 50 ár, hefur á engan hátt farið saman við möguleika náttúrunnar til að bregðast við hinni nýju tækni eða hinni miklu fólksfölgun í heiminum. Tæknin hefur ekki einungis leitt af sér betri verkfæri og betri nýtingu framleiðsluþátta við framleiðslu á vöru og þjónustu, heldur einnig opnað óhugnanlegar leiðir til sjálfstortímingar.

Nú er svo komið að tæknilega er ekki mjög erfitt að smíða kjarnorkusprengr, sams konar eða stærra en þær sem lögðu Hírósíma og Nagasaki í rúst fyrir rúmum 50 árum. Hvernig á að koma í veg fyrir að öfgahópar og/eða geðveikir einstaklingar smíði kjarnorkusprengr og sprengi þess vegna London, New York eða Reykjavík í loft upp eða eitri fyrir milljónum manna? Við höfum séð geðveika menn sem eru til alls líklegir og fjölmargir stjórnmálamenn hafa látið lífið eftir árás slíkra einstaklinga.

Hvernig á að koma í veg fyrir þetta úr því að tæknin er til staðar og hægt er að nálgast þau efni sem þarf til að smíða gjöreyðingarvélar? Ég kann ekki svör við því en ein leiðin er að loka þekkinguna inni þannig að almenningur komist ekki að henni. Þetta er mjög erfitt í framkvæmd og í mótsögn við það markmið að efla þekkingu og menntun í heiminum. Í reynd þýðir þessi hugsun að til að lifa með tækninni verði að uppræta frjálsa hugsun og taka upp algjört einræði um allan heim til að beisla tæknina og koma í veg fyrir ógnanir af hennar völdum. Hvort framtíðin verður í þessum dúr eftir 100 til 150 ár er ekki gott að segja til um. „Það er til fleira á himni og jörðu, Hóras, en heimspekina þína dreymir um“.¹

Ljóst er að meiri tækniframfarir hafa orðið á síðustu 100 árunum en urðu öll hin 499.900 árin í sögu mannsins. Við notum alltof oft svör gærdagsins við spurningum morgundagsins. Það gengur ekki lengur. Breytingarnar hafa verið svo stórkostlegar á síðustu áratugum. Spurningar gærdagsins duga ekki lengur sem spurningar morgundagsins. Það sem maðurinn taldi vera skynsamlegar forsendur á 18. og 19. öld og jafnvel langt fram á 20. öld er fráleit aðferðafræði gagnvart vandámalum 21. aldarinnar.

¹ Tilvitnunin er í leikrit Williams Shakespeares, Hamlet, og þar fjallar Hamlet um hið óvænta.

Lokaorð

Við þurfum að velta fyrir okkur mismunun sem viðgengst í samfélaginu. Það er ekki einungis mikill mismunur milli hinna 200 ríkja heims heldur er gífurlegur mismunur við lýði innan einstakra ríkja. Í nær öllum ríkjum er fólk sem er sárafátækt. Á Íslandi er langt í frá að allir hafi jöfn tækifæri. Hér er vaxandi tillitsleysi sem mun grafa undan samhjálp og sjálfsvirðingu. Þarf þróunaraðstoð í bókstaflegri merkingu innan iðnvæddu ríkjanna? Það má vel vera. Ein af leiðunum til að ná tókum á vandamálum mengunar, misskiptingar, fólksfjölgunar og þeirra örsnaudu er að auka starfsemi á sviði samhjálpar og velferðarmála. Ekki er fráleitt að einn af lyklunum að framtíðinni liggi í öflugum menntakerfi og skýrari leikreglum fyrir fyrirtæki en nú tíðkast.

Það hefur ekki verið og er ekki markmið mannsins að hámarka efnahagslega stöðu sína heldur að hafa sem mesta ánægju af lífi sínu hér á jörðinni. Slíkri ánægju getur hann ekki náð nema með því að hafa vandaða félagslega umgjörð, fjölskyldu, vini og vinnu þannig að hann uppfylli þarfir sínar og óski börnum sínum svipaðs lífs og lífsmöguleika og hann á sjálfur.

Verkalýðshreyfing á krossgötum¹

Það er áhyggjuefni verkalýðshreyfingarinnar hversu sterka stöðu vinnuveitendur hafa í þjóðfélaginu og hjá vinveittri ríkisstjórn. Vinnuveitendur hafa átt auðvelt með að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í fjölmiðlum. Vinnuveitendasambandið, Félag íslenskra iðnrekanda og Verslunarráðið vinna afar markvisst áróðursstarf en samtök launþega eru þar mun veikari.

Áróður vinnuveitenda

Linnulausar árásir á umsvif ríkisvaldsins einkenna áróður vinnuveitenda. Þeir vilja að ríkisvaldinu séu settar sífellt þrengri skorður. Þetta á ekki einungis við aðild ríkisvaldsins að fyrirtækjarekstri heldur einnig þátttöku þess í velferðar-, heilbrigðis- og menntakerfinu. Vinnuveitendur vilja einkavæða þar sem mest, þ.e. færa þessa starfsemi til sín. Þannig ákveði þeir umfang, verð og gæði velferðarkerfisins. Opinber umsvif og skattlagning eru þó hér minni en að meðaltali innan OECD og langt um minni en annars staðar á Norðurlöndunum.

Vinnuveitendum hefur tekist að beina umræðunni frá göllum í sínu ranni. Meðal þeirra er mjög mikil miðstýring og framleiðni í íslenskum fyrirtækjum er einstaklega lítil, ein sú minnsta í Evrópu. Lífskjör hérlendis eru mun verri en þau þyrftu að vera, m.a. vegna lélegrar stjórnunar.

Íslenskur launamaður nær sæmilegum lífskjörum með því að vinna um 30% lengri vinnudag en tíðkast að meðaltali í Evrópu. Sérhver launamaður hér þarf að vinna um tvo daga aukalega í hverri viku til að hafa sambærileg lífskjör og starfsbróðir hans í Vestur-Evrópu. Á þessu bera vinnuveitendur ábyrgð.

„Kommar“ og „kratar“ í verkalýðshreyfingu

Pólitískt vald verkalýðshreyfingarinnar hérlendis er lítið. Tengslin milli jafnaðarmannaflokka og verkalýðshreyfingar eru allt að því algjör um alla Vestur-Evrópu nema hér. Sérstaðan er að Sjálfstæðisflokkurinn hefur mjög sterka stöðu innan verkalýðshreyfingarinnar.

Það er með ólíkindum að flokkur sem ætíð berst fyrir hagsmunum

¹ Dagur 27. febrúar 1998.

vinnuveitenda, einkum stórfyrirtækja, skuli hafa svo mikið fylgi meðal launþega. Sjálfstæðismenn hafa oft ráðið ferðinni með því að semja sitt á hvað við „komma“ og „krata“. Það á ekki að vera neitt til lengur sem kallast „kommi“ eða „krati“ í verkalýðshreyfingunni. Nú eru breyttar aðstæður. „Kommar“ og „kratar“ væru langflestir í sama stjórnmalaflokki ef þeir byggju í nágrannalöndunum.

Verkalýðshreyfingin verður að endurmeta stöðu sína. Núverandi ríkisstjórn mun halda áfram að skerða starfsemi hennar. Þetta er í samræmi við stefnu íhaldsmanna annars staðar, m.a. í Bretlandi, Nýja-Sjálandi, Ameríku og í Asíu.

Samstaðan á vinnustöðum

Það hefur lengi viðgengist hér að kjarasamningar væru lágmarkssamningar og síðan kæmu einstaklingsbundnar yfirborganir í hverju fyrirtæki. Þeir sem njóta slíkra yfirborgana eru þó fyrst og fremst þeir sem betur eru launaðir. Með minnkandi atvinnu, harðari samkeppni og sterkari stöðu vinnuveitenda kemur sífellt betur í ljós að með kerfi yfirborgana fram hjá verkalýðshreyfingu er öryggi launafólks mjög lítið.

Það þarf að finna nýtt form á verkalýðsbaráttunni og auka þátttöku félagsmanna, m.a. þarf að færa kjarasamninga með markvissu skipulagi meira yfir á vinnustaðina.

Ef verkalýðshreyfingin ætlar að standast áhlaup vinnuveitenda og flokka þeirra verður hún að vinna pólitískt. Annars verður þjóðfélagið þannig að velferðin birtist í örlæti hinna efnaðri. Eigum við að láta velferðina vera það sem hrekkur af borðum þeirra sem meira mega sín? Verkalýðshreyfingin og stjórnmalastefna hennar varð til í uppreisn gegn slíku kerfi forréttinda og sérhagsmuna og gegn geðþóttaákvörðunum valdastéttarinnar.

Verkalýðshreyfingin byggist á einu grundvallaratriði: samstöðu. Launafólk hefur aldrei náð neinu fram vegna þess að kröfurnar hafi þótt sanngjarnar. Nei, það hefur þurft að berjast fyrir öllum sigrum og eina vopnið hefur verið samstaðan. Ef hún verður brotin niður með einstaklingsbundnum, óskipulögðum samningum á einstökum vinnustöðum verður ekki tekið tillit til sjónarmiða launafólks við mótun atvinnu-, mennta-, heilbrigðis- og velferðarstefnu.

Samfylking vinnuveitenda og ríkisstjórnar

Þetta er barátta milli vinnu og fjármagns. Launafólk á Vesturlöndum er í allt annarri stöðu nú en fyrir 20 árum m.a. vegna þess að nú ræður

alþjóðahyggjan förinni. Launamenn á Íslandi eru í samkeppni við launamenn í þróunarlöndunum og þeim er miskunnarlaust att gegn þeim af fjármagnseigendum. Tækniþróunin og alþjóðavæðingin hafa breytt miklu og m.a. bætt mjög stöðu fjármagnseigenda í heiminum. Launafólk getur aðeins haldið hlut sínum með samstöðu og bættri menntun.

Verkalýðshreyfing er pólitísk

Launafólk þarf að ná fram hærri launum, tryggari vinnu, meiri frítíma og arðbærari fyrirtækjum en nú tíðkast, sem og góðu velferðar-, heilbrigðis- og menntakerfi. Þetta gerist ekki nema með samstilltri baráttu verkalýðshreyfingar, jafnaðarmanna og félagshyggjufólks eins og hefur tekist annars staðar á Norðurlöndunum.

Hagsmunagæsla er pólitísk. Þeir sem vilja veikja mátt gagnadila segja að hagsmunagæsla sé á svokölluðum faglegum nótum og ekki eigi að blanda pólitík inn í umræðuna. Þetta er grundvallarmisskilningur. Pólitík snýst um að safna saman fólki með svipaðar skoðanir og fá umboð annarra til að hrinda þeim í framkvæmd. Launabarátta er óaðskiljanlegur hluti af efnahagslegri umgjörð og lögum sem eru ákveðin af löggjafar- og framkvæmdavaldi, þ.e. af pólitískum flokkum.

Aðskilnaður verkalýðsbaráttu og stjórn mála er ekkert annað en leið fjármagnseigenda, þ.e. vinnuveitenda, til að veikja mátt launþega. Þeim hefur tekist það býsna vel hérlendis. Á sama tíma er stefna núverandi ríkisstjórnar og vinnuveitenda ein og hin sama.

Lokaorð

Nú er tækifærið fyrir verkalýðshreyfinguna að einbeita sér að umræðu um breytt og bætt skipulag og ná betur til almennra félagsmanna og skýra nauðsyn samstöðu á hinu pólitíska sviði. Tengsl foringja og fólks eru ekki næg og það veikir stöðuna þegar tekist er á við samþjappað vald vinnuveitenda og ríkisstjórnar. Óvægni og tillitsleysi í lífsbaráttunni er að aukast og alþjóðavæðing skiptir miklu máli. Verkalýðshreyfingin getur einungis haft áhrif ef hún á pólitíska málsvara og bandamenn.

Frelsi, jafnrétti og bræðralag eru róttækar hugmyndir og óaðskiljanlegar frá launabaráttu og hagsmunum launafólks. Nýja öldin felur ekki aðeins í sér óvissu heldur einnig tækifæri.

Mikill munur á tekjum og eignum aldraðra¹

Þegar talað er um mál eldri borgara er orðum oftast hagað þannig að ætla mátti að þeir sem þessum þjóðfélagshóp tilheyrja búi við svipuð kjör. Í skýrslu um aðstæður aldraðra á Íslandi kemur hins vegar í ljós að geysimikill munur er á tekjum hjá eldri borgurum og tekjudreifing er ójafnari í hópi lífeyrisþega en hjá þeim sem yngri eru.

Þetta eru staðreyndir sem að mestu hefur verið horft fram hjá í íslenskri stjórn málaumræðu en hljóta að setja enn meira mark sitt á málflutning jafnaðarmanna á næstunni en verið hefur. Jafnaðarstefnan á jafnt erindi við aldraða og við þá sem yngri eru.

Lakari staða á mörgum sviðum

Skömmu fyrir þinglok var dreift á Alþingi skýrslu forsætisráðherra um stöðu eldri borgara og eru aðstæður þeirra bornar saman við hag aldraðra í 22 öðrum löndum innan Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD), þar á meðal í öllum grannlöndum okkar. Skýrslan, sem er víðamesta úttekt af þessu tagi sem hefur verið gerð hér á landi, var tekin saman að tilhlutan þingflokks jafnaðarmanna og var greinarhöfundur fyrsti flutningsmaður tillögunnar.

Í skýrslunni kemur fram að gífurlegur munur er á tekjum eldri borgara hérlendis. Þannig er munurinn fjórfaldur á milli tekjuhæsta hóps eldri borgara og hins tekjulægsta. Hluti aldraðra hefur mjög háar atvinnutekjur, háar fjármagnstekjur og á miklar eignir. Það gildir hins vegar einungis um lítinn hluta þeirra. Enda þótt mönnum hafi ekki orðið tíðrætt um þennan mun þarf það að sjálfu sér ekki að koma á óvart að afkomumöguleikar aldraðra skuli vera ærið misjafnir.

Skýrt kemur fram í skýrslunni að staða aldraðra á Íslandi er lakari á mörgum sviðum en annars staðar. Staða fullorðinna kvenna er mikið áhyggjuefni. Þær vinna miklu meira og lengur hér en í nágrennalöndum okkar og víst er að þær bera fæstar mikið úr bótum á íslenskum vinnumarkaði. Þessu verður að breyta.

¹ Morgunblaðið 23. júní 1998.

Stjórnvöld hafa brugðist

Ef skoðuð er atvinnuþátttaka hjá fólki eldra en 65 ára vinna 44% karla á þessum aldri hérlendis en vegið meðaltal 22 annarra landa er 14%. Munurinn er enn meiri hjá konum 65 ára og eldri. Hér vinna 30% þeirra úti en í 22 samanburðarlöndum er hlutfallið 6%. Þannig er augljóst að eldra fólk vinnur hér mun meira og lengur en í grannríkjunum.

Skattbyrði og skuldir ellilífeyrisþega hafa aukist síðustu fimm árin. Hér þarf að skoða betur á hverjum þessi þróun bitnar helst og hvort brögð séu að því að verið sé að gera tekjulágt en sjálfbjarga fólk að bónbjargarfólki í miklum mæli.

Það vekur sérstaka athygli í skýrslunni hve biðlistar eftir stofnanavist eru langir. Tæplega 700 manns bíða nú eftir plássi og þar af eru 400 manns í brýnni þörf. Það er augljóst að hér hafa stjórnvöld brugðist.

Frumkvæði jafnaðarmanna

Undanfarin misseri hefur umræða um stöðu aldraðra langoftast verið að frumkvæði jafnaðarmanna, t.d. með gerð umræddrar skýrslu, tillögum í skattamálum aldraðra, tillögumflutningi um úrbætur í heilbrigðismálum þeirra og um beina aðild aldraðra að stjórn Tryggingastofnunar ríkisins.

Það er skylda stjórnvalda að búa öldruðum þann sess í samfélaginu að þeir haldi fullri sjálfsvirðingu og þurfi ekki að hafa afkomuáhyggjur. Stefna ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar hefur verið óhagstæð öldruðu fólki og þeim sem eru að komast á eftirlaunaaldur.

Við skulum huga vel að því að elli- og örorkulífeyrir sem hlutfall af landsframleiðslu er lægri hérlendis en í flestum löndum OECD. Opinber útgjöld til elli- og örorkulífeyrisþega eru miklu lægri hér á landi en annars staðar á Norðurlöndum.

Eldri borgarar á Íslandi eru engar afætur á þjóðfélaginu og hafa skilað drjúgu æviverki sem við öll búum að. Engu að síður ber að varast í stjórnmálaumræðu að tala um eldri borgara sem einn samstæðan hóp. Staða þeirra er mjög misjöfn. Sumir eldri borgarar hafa það mjög gott efnalega en stór hluti þeirra dregur fram lífið á lægri tekjum og nýtur lakari velferðarþjónustu en jafnaldrar þeirra í öðrum löndum.

Hægt er að meta þjóðfélag eftir því hvernig það býr að öldruðum. Mælt á þann mælikvarða er mörgu ábótavant í okkar samfélagi. Samanburðurinn við 22 aðrar þjóðir sýnir að hér er verk að vinna í anda jafnaðarstefnunnar.

Uppblástur landsins og Kýmótó¹

Umhverfismál verða aðalefni stjórnmála næstu áratugi. Það verður ekki hægt að lifa á jörðinni innan nokkurra áratuga ef ekki verður tekið á umhverfismálum af alvöru. Nú eru jarðarbúar tæpir sex milljarðar en verða rúmlega átta milljarðar eftir 20 ár. Slíkur mannföldi getur ekki lifað á jörðinni nema ítrustu varkárni sé gætt gagnvart náttúrunni. Við munum glíma við vatnsvandamál, erfiðleika við að finna byggileg svæði, eyðingu regnskóga og ósonlags og risastór fátækrahverfi í nágrenni stórborga. Þessi málefni hafa ekki haldið vöku fyrir okkur Íslendingum. Við búum í stóru, strjálbýlu og fámennu landi. Þrennt hefur þó valdið því að fjölmargir eru vel meðvitaðir um alvöru málsins.

Í fyrsta lagi er uppblástur landsins. Þar er ástandið skelfilegt. Við höfum nær eyðilagt landið á kerfisbundinn hátt. Ingví Þorsteinsson náttúrufræðingur segir með réttu að Ísland sé stærsta eyðimörk Evrópu. Við verðum að auka landgræðslu og skógrækt og minnka beit á ofnýttum landsvæðum. Mörg svæði eru í lagi en önnur mjög illa farin. Hrossabeit er alvarlegri en sauðfjárbeit. Það eru um 80.000 hross í landinu, flest í eigu bænda. Margir bændur skynja breytta tíma og taka þátt í landgræðslu en aðrir virða ekki hlutverk sitt sem gæslumenn landsins.

Í öðru lagi opnaði Kýmótó-ráðstefnan augu margra. Í Kýmótó var mörkuð sú stefna að þjóðir heims skuldbindi sig til að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftið. Um 160 ríki tóku þátt í samningsgerðinni og Ísland fékk rýmstar heimildir allra þjóða. Samt sem áður höfum við ekki skrifað undir Kýmótó-samkomulagið. Ég lagði fram tillögu á síðasta þingi ásamt þremur öðrum þingmönnum úr þingflokki jafnaðarmanna um að Íslendingar skrifi undir Kýmótó-samkomulagið og fylgi þar fordæmi nágrannaþjóðanna. Það er dapurleg stefna íslensku ríkisstjórnarinnar að vilja ekki axla ábyrgð sína í samfélagi þjóðanna. Við getum dregið úr útblæstri fiskiskipa og samgöngutækja með markvissum aðgerðum og minnkað áhrif mengunar með aukinni gróðurækt og skógrækt. Skógrækt er hægt að auka verulega og hún bætir landið og eykur atvinnu.

Í þriðja lagi hafa stjórnarandstæðingar, sem vilja sameiginlegt framboð

¹ Vefsíður Ágústar www.agust.is 30. ágúst 1998.

jafnaðarmanna til Alþingis, endurmetið afstöðu sína. Þeir vilja herða skilyrði gagnvart umhverfinu og móta heildarstefnu við nýtingu orkuauðlinda. Þetta eru endurnýjanlegar auðlindir sem á að skipuleggja til langs tíma og taka gjald fyrir nýtingu. Við eigum ekki að hlaupa til í hvert skipti sem erlendum stórfyrirtækjum dettur í hug að reisa hér verksmiðjur. Það er ekkert lögmál að halda áfram á þeirri braut að sífellt meira af vatnsorkunni fari í einhæfa iðnaðarframleiðslu sem krefst tiltölulega fárra starfa. Er afrakstri auðlindanna ekki betur varið í tæknivæddum iðnaði, eflingu menntunar og styrkingu ferðaþjónustu? Við verðum að gæta að náttúruþerlum í umhverfi okkar og það er algerlega óásættanlegt að til að mynda stór hluti Eyjabakka og Þjórsárvera fari undir vatn um aldur og ævi.

Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar ber umhverfismál ekki fyrir brjósti. Umhverfisráðuneytið er aukastarf hjá landbúnaðarráðherra Framsóknar. Engri annarri þjóð dytti í hug að láta sama mann fara með umhverfis- og landbúnaðarmál. Hagsmunir þessara ráðuneyta skarast alltof mikið til þess. Við eigum að svara kalli tímans og stuðla að umhverfisvernd með öðrum þjóðum. Það mun bæta lífskjör framtíðarinnar.

Slök menntastefna og sjálfseignarstofnanir¹

Flestir vilja að menntun sé gert hátt undir höfði þar sem hún mótar líf skjör í framtíðinni. Við erum langt frá þessu. Menntakerfið hér er slakt í alþjóðlegum samanburði og við verjum miklu minna fé til þess en aðrar þjóðir. Þótt aukið fjármagn leysi ekki öll vandamál er það forsenda fyrir sókn.

Björn Bjarnason og sjálfstæðismenn hafa haldið því fram að peninga hafi ekki skort heldur stefnu. Þetta er rangt. Sjálfstæðisflokkurinn ber reyndar ábyrgð á slakri menntastefnu vegna þess að hann hefur farið með menntamálin í nær samfelld 15 ár. Aðallega hefur þó vantað fjármagn. Ef við verðum jafnmiklu fé til menntamála og aðrar sambærilegar þjóðir ættum við að verja 10 milljörðum meira í þennan málaflokk en nú er gert. Það væri um 40% aukning.

Slakt menntakerfi lýsir sér í vonleysi. Óánægja er með laun, námsgagnagerð í molum, tæknivæðing slök, námsframboð ófullnægjandi, kennarar með ónóga menntun, tiltölulega fáir hérlendis eru með háskólapróf og dýrt nám, eins og iðn- og sérnám, er vanrækt. Nýir möguleikar, eins og meiri menntun, lenging skólaárs, fjarnám, styttri námsbrautir, hagnýting upplýsingasamfélagsins og aukin endurmenntun, verða ekki til af sjálfu sér. Metnaðarleysi hefur einkennt menntamál á Íslandi í tæpa tvo áratugi.

Markmið menntastefnu er að vera jafngóðir og þeir bestu og verja fé til þess eins og aðrir. Með þessu tvennu er markaður rammur sem auðvelt er að fylla út í. Það er ánægjulegt að Gróska, ungt fólk á vinstri væng, hefur svipaðar áherslur og hér er lýst. Við verðum að sjá til þess að menntun tryggji jafnræði. Skólagjöld tryggja forgang hinna ríku að góðri kennslu en aðrir sitja eftir. Það má aldrei gerast. Menntun á að vera samfélagslegt verkefni opinberra aðila með jöfnum skilyrðum fyrir alla. Það er hins vegar ekki lífskoðun hægri manna. Þeir vilja nýta markaðinn í menntakerfinu og fjárhagslega yfirburði sem tæki til að velja og hafna menntun barna okkar enda eflast einkaskólar um þessar mundir. Hugtakið einkaskóli er þó rangnefni. Nær allt skólakerfið á Íslandi er rekið af opinberri hálfu sem greiðir langflestum kennurum og öðrum skólastarfsmönnum laun. Nokkrir skólar innheimta þó skólagjöld og sumir mjög há.

¹ Vefsíður Ágústar www.agust.is 13. september 1998.

Form sjálfseignarstofnunar getur verið heppilegt í skólum og víða er hægt að gera þjónustusamninga um tiltekna þætti. Það ætti að vera hægt að reka deildir Háskóla Íslands sem sjálfseignarstofnanir undir regnhlíf Háskólans með sjálfstjórn í t.d. starfsmanna-, launa-, rekstrar- og bókhaldsmálum.

Ég hef verið skorarformaður og deildarforseti í Háskólanum og út frá þeirri reynslu hef ég lagt til að Viðskipta- og hagfræðideild og Félagsvísindadeild stofni Félagsvísindaskóla sem leigi Odda af Háskólanum. Skólinn yrði sjálfseignarstofnun og hluti af Háskóla Íslands en með samning við mennta- og fjármálaráðuneyti og rekinn án skólagjalda. Í þessum skóla yrði um þriðjungur af nemendum Háskólans. Undirtektir voru góðar en ekkert gerðist. Miðstýringin í Háskóla Íslands drepur allt frumkvæði og breytingar gerast með hraða snigilsins. Hin nýja háskólalöggjöf ríkisstjórnarinnar rýrði meira að segja hlut skólans til að fara með eigin mál og menntamálaráðherra fékk húsbóndavald yfir rektor. Niðurlægingin var alger. Ef til vill breytist háskólasamfélagið með eflingu fleiri háskóla hérlandis og tiltölulega nýrri forystu innan Háskóla Íslands. Tíminn leiðir það í ljós.

Framboð Hjørleifs og Steingríms hefur sáralítið með vinstri stefnu að gera¹

Stofnun hins nýja þingflokks Steingríms og félaga kemur ekki á óvart. Steingrímur, Hjørleifur og Ögmundur hafa verið andsnúnir sameiginlegu framboði fólks á vinstri væng stjórn mála. Meginmálið er þó að Alþýðuflokkur, Alþýðubandalag og Kvinnalístinn hafa ákveðið að stefna að slíku framboði og vinna að því. Það er merkasta tilraun til uppstökkunar flokkakerfisins í meira en mannsaldur.

Í sumar unnu yfir 40 forystumenn í flokkunum þremur að gerð málefna-grunns og náðu samstöðu. Einungis tveir af þessum 40 einstaklingum skiludu séráliti, þ.e. Steingrímur og Hjørleifur. Það er þeirra réttur að fara fyrir almenning með áherslur sínar og óska eftir stuðningi. Hins vegar hefur þetta sáralítið með vinstri stefnu að gera.

Steingrímur hefur aldrei verið þekktur fyrir sérstaka vinstri hyggju heldur frekar fyrir framsóknarsjónarmið í mörgum málum. Ögmundur hefur einkum vakið athygli fyrir tregðu til breytinga, sama hvers eðlis þær eru, og það er langt síðan Hjørleifur einskorðaði stjórn málabaráttu sína við einn málaflokk, þ.e. umhverfismál. Hvort hið nýja afl verður afturhaldssöm framsóknarhyggja með umhverfisívaði mun koma í ljós. Almennungur mun hins vegar kveða upp úr um trúverðugleika þessa framboðs í kosningum.

¹ Vefsíður Ágústur www.agust.is 15. september 1998.

Gagnagrunnsmálið¹

Gagnagrunnsmálið er án efa eitt merkasta mál opinberrar umræðu hérlendis í langan tíma. Ýmsir taka það eins og fótboltaleik og eru með eða á móti Kára. Aðrir taka faglega á því og skoðanir eru skiptar. Meginhugmynd Kára með miðlægum gagnagrunni, þ.e. söfnun heilsufarsupplýsinga á einum stað, er að hægt sé að átta sig betur á áhrifum erfða og lyfja á sjúkdóma. Þetta geti nýst til forvarna í framtíðinni og leitt til sparnaðar í heilbrigðisþjónustu. Jafnframt séu margvísleg rannsóknartækifæri fólgin í slíkum gagnagrunni. Andstæðingar ræða m.a. um siðferði þess að flokka mjög persónulegar upplýsingar og hafa áhyggjur af misnotkun ef þær komast í rangar hendur. Einnig er deilt um fyrirhugað sérleyfi.

Gagnagrunnar á heilbrigðissviði eru fjölmargir hérlendis og alls ekki allir vel varðir, flestar upplýsingar eru skráðar á nafn eða kennitölu. Aldrei hefur þó ríkt vantraust í garð gagnagrunna Hjartaverndar eða Krabbameinsfélagsins. Það sýnir að sátt þarf að ríkja um málið, annars er það ónýtt. Kári hefur stofnað hér stórt hátækniyrirtæki og veitir mörgum vísindamönnum vinnu sem annars væru starfandi erlendis. Ekki má gleyma því að Kári Stefánsson er hámenntaður læknir. Meginstarf Íslenskrar erfðagreiningar nú er að leita að meingenum, sem er tímabundið verkefni. Hugmyndafræðin um miðlæg-gan gagnagrunn er hins vegar langtímasýn og er rétt að mínu mati, þ.e. að forvarnir og kostnaður skipta höfuðmáli í heilbrigðisþjónustu framtíðarinnar.

Endurbætt útgáfa frumvarpsins er til mikilla bóta. Það þarf þó að skilgreina markmið og leiðir nákvæmar, skýra betur hvaða upplýsingar fara í gagnagrunninn, leggja siðferðilegt mat á rannsóknáætlanir og tryggja aðkomu annarra vísindamanna en sérleyfishafans að grunninum. Samþykki sjúklings og eftirlit verður að vera ótvírætt. Sérleyfishafinn má ekki hafa möguleika að hindra aðrar vísindarannsóknir eða starfsemi annarra fyrirtækja. Greiðsla fyrir sérleyfið á að hækka þegar fram líða stundir. Þetta eru mikil verðmæti sem þjóðin á öll. Þess þarf að gæta betur en gert er í frumvarpinu að það brjóti ekki í bága við íslensk lög, alþjóðlega samninga eða alþjóðalög. Einnig þarf að skýra miklu betur hvað verður selt í framtíðinni

¹ Vefsíður Ágústar www.agust.is 11. október 1998.

til erlendra aðila í tengslum við gagnagrunninn. Ef til vill ættum við að fara okkur hægar og setja löggjöf um samnýtingu og eflingu staðbundinna gagnagrunna með dulkóðun á meðan menn eru að fóta sig á nýju sviði og ná samstöðu í samfélaginu um þetta. Málið snýst m.a. um að hugmyndin fái vinnufrið meðal almennings og sérfræðinga.

Það var bráðræði af ríkisstjórninni að ætla að lögfesta frumvarpið með hraði í vor. Nú er frumvarpið betra en áður og meiri sátt um það en ýmsum spurningum er enn ósvarað. Við eigum að taka mark á ýmsum mótþárum, t.d. siðfræðinga, tölvumanna og lækna, en við verðum líka að hafa hugrekki til að feta nýjar slóðir. Það er ólíkt meira gaman fyrir mig sem stjórnálmann að ræða atvinnustefnu framtíðarinnar út frá nýjum hátæknimöguleikum vísindamanna okkar en hvort byggja eigi eitt álver í viðbót. Ef til vill er þetta kjarni málsins. Erum við reiðubúin að ganga í gegnum mjög erfiða umræðu og leita fordómalaust lausnar á vandamálum framtíðarinnar sem maðurinn hefur í reynd ekki enn staðið frammi fyrir eða ýta þeim óþægindum frá okkur? Þó við veljum hina erfiðu umræðu er hins vegar ekki víst að við finnum svarið við þessum nýju vandamálum í þessari lotu. Eitt af því sem vísindin og vísindaleg vinnubrögð kenna okkur er að aldrei er öllu fullsvarað.

Allt frjálshyggjuliðið er ríkisstarfsmenn¹

Það hafa orðið breytingar í frjálsræðisátt í viðskiptalífinu á undanförunum árum. Af hverju? Er það vegna frumkvæðis Sjálfstæðisflokksins sem segist berjast fyrir einkaframtaki? Nei, aldeilis ekki. Breytingarnar undanfarin ár eru fyrst og fremst vegna EES-samningsins sem þýddi að við tókum upp viðskiptalöggjöf Evrópusambandsins. Á grundvelli hans var m.a. opnað fyrir ýmsa starfsemi á fjármálamörkuðum, s.s. verðbréfavíðskipti. Alþýðuflokkurinn einn flokka barðist alla tíð fyrir EES-samningnum. Sjálfstæðismenn voru á móti þegar þeir voru í stjórnarandstöðu en sneru við blaðinu og studdu EES þegar þeir fóru í ríkisstjórn.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur hin síðustu ár ekki gert neitt annað í viðskiptalífinu en að vernda hagsmuni hinna fáu. Þeir verja gjafakvótakerfið og hindra aðkomu almennings að nýtingu miðhálandisins. Þeir stofnuðu Fjárfestingarbankann og Nýsköpunarsjóðinn, sem hvort tveggja eru ríkisstofnanir undir þeirra stjórn.

Það er athyglisvert að skoða hvar þeir menn starfa sem hæst hafa talað um einkareksturinn innan Sjálfstæðisflokksins á liðnum árum. Hannes Hólmsteinn Gissurarson er opinber starfsmaður uppi í Háskóla og hefur verið þar lengi. Hann hefur ekki einu sinni lagt til neinar breytingar á því umhverfi svo að munað sé. Friðrik Friðriksson, sem var skrautfjöður flokksins á árum áður, er opinber starfsmaður Landssímans sem umsjónarmaður breiðbandsins. Páll Kr. Pálsson, sem oft prísaði einstaklingsframtakið á vettvangi Sjálfstæðisflokksins, er opinber starfsmaður og yfirmaður í Nýsköpunarsjóði. Steingrímur Ari Arason, dyggur aðstoðarmaður Friðriks Sophussonar, fær stöðu sem opinber starfsmaður og verður framkvæmdastjóri Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Markús Örn Antonsson, fyrrverandi borgarfulltrúi, fékk aftur starfið sem opinber starfsmaður og yfirmaður í Útvarpinu þegar pólitískri Bjarmalandsför hans lauk. Þar gætir hann að hagsmunir flokksins séu ekki fyrir borð bornir. Friðrik Sophusson, sem var lengi fjarvistarsönnun flokksins gagnvart atvinnulífinu, fór ekki í einkareksturinn heldur verður ríkisforstjóri í Landsvirkjun. Það er vitaskuld gott að vera opinber starfsmaður en þessir og aðrir forystumenn Sjálfstæðisflokksins hafa fallið vel inn í hið ríkisrekna valdakerfi flokksins sem hann stjórnar í skjóli pólitíssks valds.

¹ Vefsíður Ágústar www.agust.is 18. október 1998.

Ríkiskapítalismi Sjálfstæðisflokksins er mjög mikill og einyrkjarnir hafa enga vernd af þessum flokki lengur. Miðstýring hinna fáu heldur áfram innan VSÍ og þar eiga hinir litlu ekkert skjól. Aðrir eru hræddir eða vonast til að teljast til valdahópsins en svo er ekki. Valdaklíkan sem stjórnar Sjálfstæðisflokknum og landinu er fámenn og það stendur ekki til að fjölga í henni. Valddreifing er það síðasta sem Davíð Oddssyni og mönnum umhverfis hann dettur í hug.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur aðeins einn styrkleika núna, en það er forsætisráðherrann. Hann fellur vel að þeirri foringjaímynd sem Íslendingar vilja nú um stundir. Fleiri og fleiri eru þó að átta sig á því að stefna Sjálfstæðisflokksins er einungis að gæta sérhagsmuna og að misskiptingin er að aukast. Almennigur vill ekki slíkt. Það er óhugnanlegt að fátækt fólk á Íslandi verður að leita á náðir hjálparstofnana til að hafa í sig og á. Sjálfstæðisflokknum og þeim sem sitja við kjötkatlana í skjóli hans er hins vegar alveg sama.

Mikilvæg réttarhöld yfir Pinochet¹

Fréttin um handtöku Pinochets, fyrrverandi einræðisherra í Chile, er fagnaðarefni. Loksins virðist vera komið að skuldadögum hjá þessum blóði drífna harðstjóra. Þegar hann og herinn steypu hinni lögmætu stjórn Salvadors Allendes og myrtu Allende í forsetahöllinni hinn 11. september 1973 fór skelfing um heimsbyggðina. Baráttan gegn herforingjastjórninni í Chile varð verkefni allra vinstri manna. Við námsmenn í Evrópu gengum margar göngurnar á þessum árum til að mótmæla valdaráninu.

Ég hef komið nokkrum sinnum til Chile og mér fannst fólk ekki mjög fúst að ræða þennan tíma. Til skamms tíma mátti enn sjá skemmdir á forsetahöllinni í Santiago eftir byssukúlur hermanna í valdaráninu. Hús Pinochets í Santiago var víggirt og menn óttuðust hann löngu eftir að hann lét af völdum. Ítök hans í hernum eru enn mjög mikil. Spánverjar eiga heiður skilið fyrir að ætla að rétta yfir honum. Nýleg stofnun alþjóðlegs stríðsglæpadómstóls er í anda þeirrar stefnu að sleppa ekki þessum morðingjum við makleg málagjöld. Þeir eru margir harðstjórnir sem ganga enn lausir. Vonandi verður þessi atburður til að hraða því að stjórnmalaleiðtogar sem bera ábyrgð á voðaverkum verði dregnir fyrir dómstóla.

¹ Vefsíður Ágústar www.agust.is 19. október 1998.

Byggðamál í nýju samhengi¹

Byggðamál hafa verið mikið til umræðu undanfarið og kveður nokkuð við annan tón en áður. Byggðastefna Íslendinga hefur fyrst og fremst falist í því að telja að með því að bæta við sig vinnu og störfum hætti flóttinn af landsbyggðinni. Þetta hafa reynst vera falsrök. Einnig hafa menn rætt um að kaupid sé of lágt á landsbyggðinni og þess vegna flytjist fólk þaðan. Þetta er einnig rangt. Meðalkaup á landinu er hæst á Vestfjörðum en þaðan er mesti fólksflóttinn. Atvinnuleysi er sáralítið á landsbyggðinni. Fólk flyst frá sumum stöðum vegna þess að það vill ekki vinna myrkranna á milli eins og það verður að gera víða.

Orsaka fólksflutninga er að leita dýpra. Skýrsla Stefáns Ólafssonar prófessors setur þessi mál í nýtt ljós. Hann telur m.a. að hin félagslega umgjörð og menntun sé mjög ráðandi fyrir brotthvarf af landsbyggðinni. Þetta er rétt. Oft hefur fólk flutt á eftir börnum sínum til mennta. Einnig þekktist að oft er erfitt að fá fólk til að flytja til landsbyggðarinnar vegna þess að ekki eru til heppileg og hentug störf fyrir bæði hjónin. Menntun með fjarkennslu getur bætt málið en vitaskuld er mjög umhugsunarvert að það fækkar á stórum stöðum eins og Vestmannaeyjum og Siglufirði.

Fólk vill flytja suður vegna þess að það vill eiga kost á bíói, leikhúsum, krám, listviðburðum og ýmsu fleira, jafnvel þótt það sæki ekki þessa hluti. Það vill hins vegar eiga kost á þeim. Börn og unglingar hlusta á Reykjavík-urúttvarpsstöðvarnar allan liðlangan daginn og spennan, lífið og atburðirnir eru að gerast á höfðuborgarsvæðinu og þau vilja sækja þangað. Störf eru oft einhæfari á landsbyggðinni en í þéttbýli og færri tækifæri fyrir menntað fólk. Það er mikið áhyggjuefni hve mikill munur er að verða á menntun fólks sem býr í dreifbýli og þess sem búsett er í þéttbýli.

Byggðamynstur hérlendis er einsdæmi. Við lifum í dreifbýlasta landi Evrópu eða með aðeins 2,6 íbúa á hvern ferkílómetra. Á höfðuborgarsvæðinu býr hins vegar yfir 60% landsmanna. Hvergi í Evrópu býr jafn stór hluti landsmanna á nær sama stað og hérlendis. Þetta markar mikla sérstöðu. Það er jafnvel talið að innan nokkurra ára verði um þrír fjórðu hlutar þjóðarinnar búsettir á suðvesturhorninu.

¹ Vefsíður Ágústar www.agust.is 8. nóvember 1998.

Ef til vill vantar hvatningu mest í byggðaumræðuna til að fólkið sem vill flytja úr þéttbýlinu geti lifað góðu og öruggu lífi á landsbyggðinni. Það eru margir sem lífa hamingjusömu lífi á landsbyggðinni á einstökum stöðum þótt fólki fækki þar.

Átökin um umhverfismál¹

Á laugardaginn var haldinn geysifjölmennur baráttufundur í Háskólabíói til verndar hálendinu gegn náttúruspjöllum. Þegar 1.100 manns koma saman til að leggja áherslu á skoðanir sínar þá er rétt af stjórnvöldum að staldra við. Almennungur er orðinn miklu meðvitaðri en áður um náttúruna og vill að tekið verði tillit til annarra viðhorfa en sjónarmiða Landsvirkjunar og álframleiðenda. Fólk er ekki að segja að það eigi að hætta að virkja. Það á hins vegar að meta umhverfisþætti og taka tillit til fleiri sjónarmiða en hinna gömlu stóriðjudrauma. Útivist og þekking á landinu hefur aukist verulega á síðustu árum. Ósnortin náttúra er verðmæti í sjálfu sér og æ fleirum er ljóst að við höfum skyldum að gegna gagnvart komandi kynslóðum.

Þessi barátta snýr einnig að gróðrinum í landinu. Þar vinna þúsundir manna að því að snúa vörn í sókn og reyna að heimta eitthvað til baka af landinu sem er að fjúka út á sjó. Væntumþykja gagnvart náttúrunni er öflug líffsýn fólks í lok þessarar aldrar. Þessi viðhorf hafa fundið hljómgrunn í stjórnámálum. Þekktast þessara stjórn málaafra eru græningjar í Þýskalandi, sem nú eru í ríkisstjórn í fyrsta sinn. Umhverfisjónarmið eru góð og réttlát sjónarmið vegna þess að þau snúast um þær hættur sem geta útrýmt öllu lífi á jörðinni. Þetta eru ekki eigingjörn sjónarmið og þau eru altæk vegna þess að alls staðar blasa umhverfisvandamál við.

Hluti af þessari umræðu er Kýótó-bókunin. Þar er tekist á við sömu stefnu og ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur og sem gengur á Þjórsárver og Eyjabakka. Ríkisstjórnin, ein ríkisstjórna OECD-ríkja, neitar að undirrita Kýótó-bókunina um takmörkun á losun gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftið. Ég hef flutt tillögu um undirritun á Alþingi en ríkisstjórnin þverskallast enn. Þetta eru ótrúlega skammsýn sjónarmið. Vitaskuld er hægt að endurmeta atvinnustefnu, orkuframkvæmdir og stóriðjuáform. Það blasa við fjölmörg ný tækifæri í upphafi nýrrar aldar á sviði upplýsinga- og þekkingarsamfélagsins. Það þýðir ekki að menn útiloki virkjanir og orkufrekan iðnað. Það yrði hins vegar farið hægar og umfangið verður minna en nú er gert. Forvígismenn sveitarfélaga á Austurlandi eiga ekki að líta á umhverfisinnástand sem fjanmenn sína. Austfirðingar verða eins og aðrir að laga

¹ Vefsíður Ágústar www.agust.is 29. nóvember 1998.

sig að nýjum viðhorfum almennings. Virkjanir og álver eru ekki lausn byggðavandamála.

Vitaskuld verðum við að tryggja góð líf skjör í framtíðinni og það er hægt að gera samhliða því að virða náttúruna. Grænir mælikvarðar, m.a. á hagvöxt, eru sífellt að verða nákvæmari og þróaðri. Fyrir stuttu var athyglisverð grein í Morgunblaðinu eftir Tryggva Felixson um slík mat. Það er nefnilega ekki allt sem sýnist þegar Landsvirkjun reiknar ábatann af virkjunaráformum sínum. Landsvirkjun sem er í eigu fólksins er í stríði við fólkið. Þetta snýst um nýja atvinnustefnu.

Það er samræmi í málflutningi ríkisstjórnarinnar. Hún er á móti lögformlegu umhverfismati á Fljótsdalsvirkjun, hún er á móti undirritun K ýótóbókunarinnar, hún afhenti örfáum sveitarfélögum yfirråd á miðhálandinu og hún ver gjafakvótakerfið í sjávarútvegi fram í rauðan dauðann. Það er samhengi í þessu. Ríkisstjórnin og flokkar hennar verja sérhagsmuni og taka þá fram yfir almannahagsmuni. Allt þetta snýst um pólitík, líka umhverfismál. Þeir sem eru óánægðir með núverandi stefnu eiga aðeins það tækifæri að kjósa ekki Sjálfstæðis- og Framsóknarflokkinn næsta vor. Þá renna tvær grímur á ýmsa. Það er þó sannleikur málsins. Vilji menn breyta þá verður að breyta pólitískum áherslum. Samfylkingin hefur þegar markað afdráttarlausu stefnu í umhverfismálum. Það verður kosið um umhverfismál í vor.

Stjórnmal og kristin lífsskoðun¹

Síðasta vikan fyrir jól hefur alltaf sérstöðu í mínum huga. Það er sá tími þegar flestir fara í jólaskap. Jólin er oft notuð sem tilefni til uppskrúfaðra ræðuhalda um að allir eigi að vera góðir hver við annan. Það veitir ekki af að minna okkur á náungakærleika. Umburðarlyndi og náungakærleikur Jesú er lífsskoðun sem á meira erindi við okkur en áður. Harkan í mannlegum samskiptum fer vaxandi. Misfellar eru sýnilegri en áður og við eigum erfðara með að stinga höfðinu í sandinn, en það er upphaldsiðja okkar þegar eitthvað óþægilegt er í umhverfi okkar. Maðurinn er eigingjörn skepna og ef til vill þess vegna tókst honum að brjóta jörðina undir sig. Það eru til dæmi um ótrúleg mannvonskuverk sem hafa verið framin í krafti græðgi og trúar.

Ég hef oft hugsað um þá atburði sem gerðust í Rómönsku Ameríku í byrjun 16. aldar þegar landnám Spánverja hófst í Ameríku. Við tölum um að Kólabus hafi fundið Ameríku. Hvílik fjarstæða. Í Rómönsku Ameríku lifðu þá 53 milljónir manna, þar af 21 milljón í Mexíkó. Í Evrópu bjuggu á sama tíma 69 milljónir manna, eða litlu fleiri. Íbúum Rómönsku Ameríku var bókstaflega útrýmt. Eftir aðeins 100 ár voru 90–95% af frumbyggjunum, indjúnunum, dánir. Þeir voru myrtir og féllu í sjúkdómum hvíttra manna og voru hnepttir í þrældóm. Þetta eru vafalítið mestu fjöldamorð sögunnar en fáir gefa þessu gaum. Af hverju að rifja þetta upp á jólaföstunni? Mér finnst þetta segja okkur eitthvað um skyldur gagnvart öðrum. Slíkur tími má aldrei koma aftur, en hann er samt því miður kominn aftur. Tugir milljónir deyja úr hungri árlega. Víða eru stríð og börn selja sig á götum nær alls staðar í heiminum.

Höfum við gengið til góðs? Já, ég held það, en mikið vantar enn á að boðskapur Krists hafi náð til breytni okkar. Kristnin hefur oft verið verkfæri í valdastríði eigingjarnrar hástéttar. Það hlutverk hefur kirkjan að mestu aflagt á þessari öld og snúið sér að manninum sjálfum í félagslegu starfi innan einstakra samfélaga. Víða erlendis er kirkjan ráðandi í baráttu gegn harðstjórnum og kúgun, sér um félagsmál og er öryggisnet almúgafólks. Þjóðkirkjan hér rekur ekki barnaheimili, spítala eða velferðarstofnanir nema í

¹ Vefsíður Ágústar www.agust.is 13. desember 1998.

litlum mæli. Þó er aukinn vilji innan þjóðkirkjunnar að axla meiri ábyrgð og skyldur í samfélaginu. Kirkjan þarf að mæta vaxandi trú á hindurvítni og gervivísindi. Það reynir á andlega forystu á þessum umbrotatímum.

Kristur ræddi um að í boðskap hans væru engin landamæri. Hvað gerum við til að uppfylla óskir hans? Sáralítið. Við lifum í vellystingum en heimurinn sveltur og þjáist. Framlög okkar til þróunarmála eru skammarleg, eða um tíundi hluti þess sem Sameinuðu þjóðirnar telja að sé sanngjarn hlutur hinna ríku. Hvar er umhverfisvitund okkar gagnvart lífshættulegum ógnunum? Hún er hvergi en eigingirni okkar er á sínum stað í auknum útblæstri og virðingarleysi gagnvart náttúru og umhverfi. Íslendingar vilja alltaf fá sína sérstöðu viðurkennda. Fyrst við og síðan aðrir – kannski. Í mörgum dæmisögum Krists er einmitt fjallað um að það kosti fórnir að taka á móti boðskap og breytni kristindómsins.

Stjórnámálamenn gera lítið af því að tjá sig um þessi mál. Þar ráða efnahagslegu lausnirnar, tæknihyggjan og skammtímaviðhorfin. Sú þjóð sem byggir ekki á sterkum siðferðilegum grunni mun tapa sérkennum sínum og sjálfsvirðingu. Kristin breytni felst m.a. í fyrirgefningu sem byrjar í samskiptum við sína nánustu, en hún er samt miklu dýpri stefna, stjórnámála-stefna, ef menn vilja. Hugtök okkar jafnaðarmanna um jöfnuð og bræðralag eru rótföst í kristinni trú.

Jafnaðarhugsjónin aldrei mikilvægari en nú¹

Stundum er sagt að stjórnámamenn hugsi aðeins fjögur ár fram í tímann og varla það. Þeir þurfi að sæta endurkjöri á fjögurra ára fresti og því falli langtímahugsun ekki að pólitískum markmiðum þeirra því að þeir hljóti eðli málsins samkvæmt að hugsa fyrst og fremst til næstu fjögurra ár til að ná endurkjöri. Ef þeir ná ekki endurkjöri geti þeir hvort sem er ekki barist fyrir framtíðarhugmyndum.

Þessi kenning hefur oft verið notuð af embættismönnum til að rökstyðja aukin völd þeirra. Embættismenn geti samkvæmt þessu leyft sér að hugsa til lengri tíma vegna atvinnuöryggis og séu því oft betur til þess fallnir að leggja á ráð sem eiga að duga lengi. Þetta er villukenning.

Miklar breytingar fram undan

Almenningur, sem afsalar sér valdi með því að kjósa sér fulltrúa, hugsar til langs tíma. Hegðun mannsins er langtímahugsun. Hann velur sér lífsförunaut til langs tíma, stofnar fjölskyldu sem er hans allt lífið, fjárfestir í menntun til langs tíma og vinnur oft áratugum saman hjá sama vinnuveitenda. Vitaskuld hugsar kjósandinn til langs tíma. Það eru stjórnámamennirnir sem efast stundum um hæfileika kjósandans til langtímahugsunar.

Brú yfir í næstu öld

Brúin yfir í næstu öld verður byggð úr hugtökunum um frelsi, jafnrétti og bræðralag. Í þeim er fólgin lífsvon okkar. Vitaskuld beitum við markaðslögmálum og samkeppni til að tryggja hagkvæma nýtingu takmarkaðra framleiðsluþátta en í mannlegum samskiptum verðum við að beygja markaðslögmálin undir strangan siðferðilegan mælikvarða samhjálp og náunga-kærleika.

Réttlæti mun skipta miklu máli á næstu áratugum. Við viljum réttlátt þjóðfélag en það er margþætt markmið. Það er óréttlátt ef kerfið leiðir til mismununar og þrengingar fyrir suma en vellystingar og forréttinda fyrir aðra. Þetta verður aldrei liðið ekki frekar en kúgun konunga og aðalsmanna var liðin fyrir 200 árum. Það eru ekki nema rúm 200 ár frá byltingunum

¹ Dagur í janúar 1999.

í Bandaríkjunum 1776 og í Frakklandi 1789, byltinga sem gerbreyttu samfélaginu m.a. í átt til aukins frelsis einstaklinga.

Valdreifing er lykilatriði

Eitt af lykilhugtökum næstu ára verður valldreifing. Vald liggur víða en það er að safnast á of fáar hendur. Við þurfum eftirlit með valdi og á þessari öld hefur stjórnarandstaða á hverjum tíma og fjölmiðlar verið þetta eftirlit. Ef fjölmiðlar verða hins vegar hluti af efnahagslegu valdi stórfyrirtækja sem keppa á fákeppnismarkaði er voðinn vís. Þessi hætta er enn meiri í litlu samfélagi eins og okkar en víða annars staðar.

Algert vald í höndum hinna fáu höfðingja innanlands sem máttu sín þó einskis gagnvart útlendu valdi leiddi til falls þjóðveldisins fyrir 700 árum. Þótt sjálfstæði og fullveldi séu hugtök sem hafa allt aðra merkingu nú en fyrir 100 eða 700 árum þá þarf lítil þjóð sem býr að séreinkennum sem hafa gert hana að sjálfstæða að gæta að ýmsu um leið og hún einangar sig ekki. Það er öllum sama um okkur nema okkur sjálfum. Það er margt að gæta og veldur sá er á heldur.

Uppgjafarstjórnámálamenn á launum hjá almenningi¹

Stöðuveitingar stjórnámálamanna eru til umræðu, m.a. í DV í gær, og ekki að ástæðulausu. Friðrik Sophusson verður Landvirkjunarforstjóri, Guðmundur Bjarnason íbúðarlánastjóri og Þorsteinn Pálsson sendiherra. Þrír ráðherrar fá stöður á vegum hins opinbera. Ekki þekkir Þorsteinn til starfa innan ut-anríkisþjónustunnar. Það hefði verið nær að hann hefði ráðið sig til LÍÚ. Hvað kann Guðmundur á nútímabankarekstur? Ekkert.

Þetta eru dæmi um hvernig spillt stjórnómálegi vald hyglir gæðingum sínum. Þessu tímabili átti að vera lokið en svo er ekki. Frægasta dæmið síðustu árin var ráðning Steingríms Hermannssonar í Seðlabankann. Þá sagði ég af mér formennsku í bankaráði Seðlabankans vegna hinnar spilltu, ófaglegu, pólitísku ráðningar. Nú kemur í ljós að þessi ráðning var svo mikill óþarfi að ekki er einu sinni haft fyrir því að ráða mann í staðinn fyrir Steingrím, sem hætti í fyrra.

Af hverju fara þessir menn ekki í einkareksturinn? Af því að enginn vill þá. Ólafur G. Einarsson er nú orðinn eftirmaður minn sem formaður bankaráðs Seðlabankans. Ég man ekki eftir því að Ólafur hafi nokkurn tímann tjáð sig um bankamál, peningastefnu eða hagstjórn. Af hverju mótmælir fólk þessu ekki? Það eru skattborgarar og almenningur sem borgar laun stjórnómálamanna sem vilja hverfa í þægilegar stöður.

¹ Vefsíður Ágústur www.agust.is 5. janúar 1999.

40% aukning á atvinnuleyfum til útlendinga¹

Fyrir 30–40 árum vantaði iðnríkin í Vestur-Evrópu vinnuafli. Þá fluttist mjög margt fólk frá Suður-Evrópu til landanna í norðri, m.a. til Þýskalands og Frakklands. Milljónir Tyrkja, Júgóslava, Grikkja, Portúgala, Spánverja og Ítala fluttust norður og unnu almenna verkamannavinnu. Þótt slík vinna væri tiltölulega lágt launuð skapaði hún betri lífskilyrði fyrir þetta fólk en heima fyrir.

Af hverju að rífa upp þessa búferlaflutninga nú? Það er margt svipað að gerast hjá okkur núna. Í fyrra voru gefin út yfir 2.000 atvinnuleyfi fyrir útlendinga, sem er meira en 40% aukning frá fyrra ári. Útlendingar vinna aðallega í fiskvinnslu úti á landi. Fólk kemur erlendis frá í störf sem heimamenn fást ekki lengur í eða þegar þeir eru fluttir brott. Fiskvinnsla legðist af á Vestfjörðum ef ekki væri fyrir útlent vinnuafli.

Vitaskuld eru útlendingar velkomnir hingað en það er umhugsunarefni fyrir okkur að útlendingar sem koma hingað eru að vinna ófaglærð erfiðisstörf en ekki hálaunuð sérfræðistörf. Hefði ekki komið til starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar væri sáralítið um að menntaðir útlendingar settust hér að. Það er mörgu ábótavant í atvinnuuppbyggingu okkar eins og þessi dæmi sýna.

¹ Vefsíður Ágústar www.agust.is 20. janúar 1999.

Sátt um veiðileyfagjald?¹

Sjávarútvegsmálin verða í brennipunkti í kosningunum í vor. Víglínan hefur verið milli stjórnarflokkanna og jafnaðarmanna um veiðileyfagjald. Veiðileyfagjald þýðir að þeir sem fá afnot af sameiginlegum auðlindum, fiskimiðunum, greiða sanngjarnt gjald fyrir nýtingu þeirra. Fyrir því eru sterk réttlætisrök og auk þess veigamikil hagræn rök sem tengjast stöðu annarra atvinnugreina eins og iðnaðar. Réttlætisrökin vega mjög þungt enda styður meirihluti landsmanna veiðileyfagjald. Þorsteinn Gylfason fjallar um fiskveiðimál í nýrri ritgerð um réttlæti og ranglæti. Þar eru sett fram mjög sterk rök fyrir því að núverandi gjafakvótakerfi sé óréttlátt og því beri að hafna því.

Margir hafa sagt að nægjanlegt sé að sjávarútvegurinn greiði gjald sem svarar til þess kostnaðar sem ríkisvaldið reiðir af hendi í tengslum við sjávarútveg. Þessi kostnaður er m.a. fölginn í hafrannsóknnum, eftirliti í landi og á sjó, sjómannaafslætti, hafnaraðstöðu og menntun. Þessi kostnaður landsmanna nemur nú um 4 til 5 milljörðum króna. Nú greiðir sjávarútvegurinn vel innan við einn milljarð króna vegna þessa. Þótt sjávarútvegurinn greiddi allan þennan kostnað þá er það ekki hugmyndafræðin á bak við veiðileyfagjald. Hún felst í því að sjávarútvegurinn greiði hluta af fiskveiðiarðinum, þ.e. þeim hagnaði sem felst í nýtingu fiskimiðanna, sem gjald fyrir afnot af miðunum. Þessi fjárhæð færi hækkandi eftir því sem arðsemi eykst og fiskistofnar eflast.

Ég hef verið sá meðal jafnaðarmanna sem hef hvað mest barist fyrir veiðileyfagjaldi. Þannig var ég fyrsti flutningsmaður að tillögu jafnaðarmanna um veiðileyfagjald í mörg ár. Kvinnalistinn og fjölmargir innan Alþýðubandalagsins styðja tillöguna. Í stefnumálum Samfylkingarinnar er kveðið á um að taka sanngjarnt gjald fyrir nýtingu sameignar þjóðarinnar og tryggja þannig réttláta skiptingu af arði sameiginlegra auðlinda. Þannig talar Samfylkingin skýrt fyrir auðlindagjaldi en veiðileyfagjald er vitaskuld hluti þess.

Veiðileyfagjald er óháð fiskveiðistjórnunarkerfinu. Það er hægt að leggja á veiðileyfagjald í núverandi aflamarkskerfi eða í sóknarkerfi. Fjölmargir

¹ Vefsíður Ágústas www.agust.is 24. janúar 1999.

landsmenn telja að með álagningu veiðileyfagjalds sé réttlætinu fullnægt og hægt væri að búa við núverandi stjórnkerfi í meginatriðum. Ýmsir telja þó að ekki sé nóg að leggja á stighækkandi veiðileyfagjald heldur verði einnig að breyta stjórnkerfinu. Það þjóni ekki nægjanlega fiskvernd og virði ekki ný viðhorf í umhverfismálum. Margir vilja einnig takmarka framsal innan fiskveiðiársins meira en nú er gert, þ.e. svokölluð leiguvíðskipti.

Það verður að ná sátt um kerfið, þjóðarsátt, og það gerist ekki nema lagt sé upp með hugmyndir sem njóti stuðnings sjómanna, landverkafólks, almennings og útgerðarmanna. Það hillir ekki undir slíka lausn og ríkisstjórnarflokkarnir hafa tekið afdráttarlausa afstöðu gegn þessum hugmyndum jafnaðarmanna. Vitaskuld verður hið nýja stjórnkerfi að tryggja hagkvæmni. Ríkisstjórnin hleypur undan vandamálunum og neitar m.a. að endurskoða kvótaúthlutunarkerfið þótt Hæstiréttur hafi í reynd dæmt það ólöglegt.

Það verður því kosið um sjávarútvegsmál í vor. Það verður hlutverk Samfylkingarinnar að leiða þessi mál til lykta. Það er mikill misskilningur að svokölluð auðlindanefnd leggi til lausnir í þessum efnum. Þetta snýst um pólitískan grundvallarágreiðing og sá ágreiningur verður ekki leystur í nefnd heldur í kosningum. Það er eðlileg niðurstaða lýðræðisins.

Nýjar hugmyndir í skattamálum¹

Einkenni skattakerfis okkar er m.a. að tekjuskattur einstaklinga sem hlutfall af skatttekjum er hár, tekjuskattur fyrirtækja lágur, trygginga- og launaskattar lágir og virðisaukaskattur hár. Ég hef undanfarið kynnt opinberlega hugmyndir að róttækum breytingum í skattamálum, þ.e. stórfellda lækkun tekjuskatts einstaklinga og tekjuskatts minni fyrirtækja. Ég tel eitt brýnasta hagsmunamál almennings að lækka tekjuskatt einstaklinga og minni fyrirtækja og örva frumkvæði og stuðla þannig að betri lífskjörum og hagvexti. Með þessum tillögum er lagt til að færa um 8% af tekjum ríkisins úr tekjuskatti í auðlinda-, umhverfis- og tryggingagjöld og nálgast þannig skattakerfi nágrannalandanna.

Samkvæmt tillögum mínum verður staðgreiðslan hjá einstaklingum lækkuð úr tæpum 40% í 25%. Skattfrelismörk verða óbreytt þannig að þeir sem nú greiða ekki tekjuskatt greiða ekki neinn tekjuskatt eftir breytinguna. Einstaklingur með 100 þús. kr. tekjur á mánuði mun greiða 65 þús. kr. minni tekjuskatt á ári en nú. Einstaklingur með 150 þús. kr. tekjur á mánuði mun greiða 145 þús. kr. minni tekjuskatt á ári en nú. Einstaklingur með 200 þús. kr. tekjur á mánuði mun greiða 225 þús. kr. minni tekjuskatt á ári en nú. Tekjuskattur einstaklinga sem hlutfall af skatttekjum hefur hækkað undanfarna áratugi. Fyrir 20 árum vorum við undir meðaltali OECD sem nemur 18 milljörðum króna á ári en árið 1996 erum við yfir OECD-meðaltali sem nemur 10 milljörðum króna. Með tillögum mínum munu ráðstöf-unartekjur hækka um 6% og kaupmáttur aukast um 3%.

Tekjuskattur fyrirtækja er aðeins 7 milljarðar á ári. Tekjuskattur félaga er nú 30% og ég legg til að lækka hann niður í 20% fyrir fyrirtæki þar sem tveir til tíu starfsmenn vinna. Það eru rúm 5.000 fyrirtæki í landinu sem falla í þennan hóp. Tekjuskattslækkun á minni fyrirtæki mun efla stórlega starfsemi smærri og meðalstórra fyrirtækja sem eru vaxtarbroddur atvinnulífsins. Fyrirtæki með fleiri en 10 starfsmenn eru um 1.400 talsins.

Ríkisvaldið verður af umtalsverðum tekjum vegna þessara tillagna. Á móti koma þrír þættir sem skila ríkinu hærri tekjum en nú, þ.e. minni skattsvik, neytendur verja hluta aukinna tekna í neyslu sem skilar auknum

¹ Vefsíður Ágústar www.agust.is 30. janúar 1999.

neyslusköttum og umsvif aukast í hagkerfinu. Til að mæta tekjutapi ríkissjóðs legg ég til að tekin verði upp auðlinda- og umhverfisgjöld, auk hækkunar tryggingagjalds. Auðlindagjald í sjávarútvegi er löngu tímabært og við eigum fleiri sameiginlegar auðlindir eins og vatnsaflíð. Veltan í sjávarútvegi er um 100 milljarðar króna á ári og veltan í raforkugeiranum er rúmlega 20 milljarðar og í hitaveitum um 6 til 7 milljarðar.

Aðrar þjóðir nota í vaxandi mæli umhverfis- og mengunargjöld sem skattstofn og stýritæki í umhverfismálum. Gjöld þessi eru t.d. framseljanleg leyfi, gjaldtaka og endurgreiðanleg tryggingagjöld. Einnig nota fjölmörg lönd ýmiss konar hagræn tæki til stjórnunar á náttúruauðlindum, hvort sem er í vatnabúskap, fiskveiðum eða landbúnaði. Við gerum ekkert af þessu. Þótt umhverfisskattar séu enn vanþróaðir hérlendis þá erum við með slíka skatta, aðallega bensínskatta. Danir afla 7% skatttekna sinna með umhverfisskottum. Það hlutfall skatttekna okkar, 7%, eru 13 milljarðar króna.

Launa- og tryggingagjöld atvinnurekenda eru miklu lægri hérlendis sem hlutfall af skatttekjum en að meðaltali í OECD-ríkjunum, þ.e. 7,7% á móti 20,3%, en 12% af skatttekjum ríkisins eru 21 milljarður króna! Tekjuskattur fyrirtækja sem hlutfall af landsframleiðslu er einungis þriðjungur af því sem er að meðaltali hjá OECD. Sem hlutfall af ríkistekjum er tekjuskattur fyrirtækja einungis þriðjungur af því sem gengur og gerist í OECD-ríkjum. Ef tillögurnar ganga eftir lækka jaðarskattar verulega og það leiðir til minni skattsvika en nú viðgangast. Með þeim hækka ráðstöfunartekjur og kaupmáttur eykst. Þessar tillögur eru mesta bylting í skattamálum í mörg ár.

Framsókn í vanda¹

Framsóknarflokkurinn hefur fengið að sigla nokkuð lygnan sjó í þessu stjórnarsamstarfi. Hann hefur fyrst og fremst verið gagnrýndur vegna slakra ráðherra. Minna hefur borið á gagnrýni á þær grundvallarbreytingar sem eru að verða á Framsóknarflokki. Flokkurinn hefur alltaf sett sig á miðjuna í íslenskum stjórnmálum og fært sig til hægri eða vinstri eftir því sem vindar blása. Framsókn hefur aldrei verið talin stefnuföst en ólík sjónarmið hafa rúmast innan flokksins. Fyrir á öldinni markaðist stjórnmálabaráttan af helmingaskiptum í atvinnulífi milli Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks. Kaupfélögin og Sambandið mynduðu valdamíðju Framsóknar og stjórnmálastefna flokksins tók fyrst og fremst mið að hagsmunum Sambandsins. Þessi tími er liðinn og Sambandið er gufað upp en enn standa eftir sterk kaupfélög og fornar stoðir Sambandsveldisins, eins og Olúfélagið, Vátryggingafélagið og Samskip, sem eru sterk í íslensku athafnalífi. Þótt tengslin séu önnur en áður eru Framsóknarþræðirnir allir til staðar ennþá.

Í formannstíð Halldórs Ásgrímssonar hefur Framsóknarflokkurinn færst enn frekar inn á miðjuna. Það er auðséð að fyrirmynd Halldórs eru frjálsir demókratar í Þýskalandi, lítill frjálslyndur miðjuflokkur, sem var í stjórn í áratugi, allt þar til Schröder myndaði stjórn jafnaðarmanna og græningja. Halldór vill vera í ríkisstjórn og margir framsóknarmenn eru honum sam-mála og láta hugsjónir og hugmyndir ekki þvælast fyrir sér. Eitt sinn var sagt að Framsókn væri opin í báða enda og það á vel við núna. Framsókn átti hins vegar alltaf vinstri arm í flokki en sú fylking er nær horfin. Upphaflega var Framsóknarflokkurinn stofnaður sem róttækur flokkur sem sótti fylgi sitt til sveita. Honum tókst ekki að ná fylgi í þéttbýli fyrir en á allra síðustu árum og enn er það tiltölulega lítið á höfuðborgarsvæðinu.

Það hefur alltaf verið samgangur milli kjósenda Framsóknar og Alþýðubandalags. Vinstra framboð Steingríms getur reynst Framsókn hættulegt í vor en fjölmargir innan þessa nýja flokks eru ekkert annað en gamaldags framsóknarmenn. Framsókn er fyrir löngu búin að gleyma gamla kjör-orðinu um að allt sé betra en íhaldið. Þeir hafa tekið upp stóriðjustefnu Alþýðuflokksins, sem hefur horfið frá henni innan Samfylkingarinnar,

¹ Vefsíður Ágústar www.agust.is 14. febrúar 1999.

og fjandskapast út í nútímalega umhverfisstefnu. Framsókn er að glata hugmyndafræðilegum uppruna sínum, sem var róttækni í atvinnumálum og skjól fyrir bændur og landsbyggð. Nú eru bændur fátækastir allra landsmanna og það þrengir að landsbyggðinni. Framsóknarmenn hafa ekki forystu um nýja byggðaumræðu. Þeir bera ábyrgð á velferðarkerfinu með félags- og heilbrigðisráðuneyti en þar eru allir þreyttir á þeim enda engar hugmyndir sýnilegar.

Framsókn límir sig núna upp að Sjálfstæðisflokknum og dæmir sig þannig úr leik fyrir framfarasinnaða kjósendur. Þeir eru hluti af kerfi valdahópanna sem berjast fyrir sérhagsmunum. Ef til vill kunna framsóknarmenn best við sig í slíkri hagsmunagæslu. Saga þeirra sýnir að sú staða er þeim mjög kunnugleg. Framsókn er í tilvistarkreppu. Þessi flokkur er orðinn tímaskekkja og á ekkert erindi inn í nýja öld. Það segir allt sem segja þarf að Framsóknarflokkurinn minnkar eftir því sem kjördæmaskiptingin verður réttlátari. Framsókn er 20. aldar fyrirbæri og starf hennar á síðustu árum hefur einkennst af afturhaldi, tækifærismennsku og fyrirgreiðslu. Framsóknarflokkurinn hefur lokið hlutverki sínu sem forystuflokkur í íslenskum stjórnmálum. Það var reyndar kominn tími til.

Berum virðingu fyrir réttindum Kúrda¹

Handtaka Abdullah Öcalans, leiðtoga Kúrda, hefur beint athygli heimsins að Kúrdum og vandamálum þeirra. Þeir sem telja Öcalan og Verkamannaflokk hans hryðjuverkamenn vita lítið um sögu Kúrda. Kúrdar eru þjóð án lands. Þeir eru taldir vera um 20 milljónir og eiga merka sögu og menningu. Kúrdar lifa aðallega þar sem er nú hluti Írans, Íraks, Tyrklands og Sírlands.

Eftir fyrri heimsstyrjöld og fall Ottoman-veldisins átti Kúrdistan að fá sjálfstæði en sá samningur sem bandamenn áttu aðild að var aldrei staðfestur vegna valdatöku Kemals Atatürks í Tyrklandi. Synjun á sjálfstæði var staðfest í Ankara-samningnum 1925 sem Bretar áttu aðild að. Síðan þá hafa Kúrdar verið ofsóttir af Tyrkjum, Írökum og Írönum. Í Flóabardaga hétu Bandaríkjamenn Kúrdum stuðningi gegn andstöðu við Saddam Hussein en það var svikið eins og fleira gagnvart Kúrdum.

Kúrdar hafa ekki eigið ríkisfang og þeir geta ekki ferðast nema sem flóttamenn. Það réttlætir ekki hryðjuverk en það þarf að ríkja þekking á stöðu þeirra. Öcalan var framseldur af Evrópuríkjum vegna hræðslu við Tyrki sem hafa ekki fagra sögu í lýðræði og dómskerfi. Kúrdar eru þjóð eins og við með eigið tungumál en ekki land til að lifa í. Krafan er að Öcalan fái réttláta meðferð og virða á réttindi Kúrda.

¹ Vefsíður Ágústur www.agust.is 18. febrúar 1999.

Fámennisvald í íslenskum fyrirtækjum¹

Merkileg grein birtist í Vísbendingu, vikuriti um viðskipti og efnahagsmál nýlega. Þar var fjallað um hina örfáu stóru hluthafa sem ráða flestu í fyrirtækjum hérlendis. Hlutfélög birta yfirleitt lista yfir 10 stærstu hluthafa í þeim og Vísbending vann skrá yfir stærstu hluthafa í 66 fyrirtækjum en meðal þeirra voru öll fyrirtækin á Verðbréfaþingi. Þetta eru því stærstu fyrirtæki landsins.

Í 70% þessara fyrirtækja eiga 10 stærstu hluthafar yfir 60% alls hlutfjár. Í 35 af 66 fyrirtækjum eiga 10 eða færri hluthafar meira en 67% hlut. Örfáir hluthafar stjórna því stóru fyrirtækjunum. Athyglisverðast er að það eru yfirleitt sömu aðilarnir sem eru meðal 10 stærstu hluthafa í þessum fyrirtækjum. Þannig tróna Sjóvá og VÍS á toppnum í 17 fyrirtækjum hvort félag. Þetta eru útverðir Kolkrabbans og Smokkfisksins. Á hæla þeirra koma Burðarás, þ.e. Eimskip, og Olíufélagið, þekkt fyrirtæki úr Smökkakrabbanum. Lífeyrissjóðirnir eru mjög oft meðal stærstu hluthafa og þar er Krossfiskurinn lífandi kominn.

Tölurnar staðfesta fámenningu íslensku fyrirtækja, nokkuð sem ég hef lengi haldið fram. Það eru örfáir einstaklingar meðal vinnuveitenda sem ráða nær öllu í íslensku atvinnulífi. Þessir valdamenn eru áhrifamenn í Sjálfstæðis- eða Framsóknarflokki. Goðsögnin um dreifða eignaraðild er einfaldlega ósönn. Ég sá þó ekki að fréttamenn hefðu tekið eftir þessari athyglisverðu úttekt Vísbendingar.

¹ Vefsíður Ágústar www.agust.is 4. mars 1999.

Forystumenn í stjórnámum. Quo vadis?¹

Það er stundum gaman að velta fyrir sér forystumálum í stjórnámálaflokkum. Það hafa orðið breytingar innan allra stjórnámálaflokkanna á síðustu misserum. Jón Baldvin hætti í Alþýðuflokknum og arfleiddi Sighvat að formannsstöðunni. Svavar Gestsson er hættur, svo og Friðrik Sophusson. Kosið var um varaformannsstöðuna í Framsókn og Sjálfstæðisflokki. Kosningar í stjórnámálaflokkum eru þeim yfirleitt til góðs. Fólk hefur áhuga á þeim, eftirmál eru nú minni en oft áður og þetta þykir eðlilegur ferill innan flokka nú orðið.

Framsóknarflokkurinn á undir högg að sækja samkvæmt skoðanakönnunum og það er athyglisvert að skoða formannsmálin í því ljósi. Ég tel að það hafi verið mistök hjá Halldóri þegar hann varð flokksformaður að hann skyldi ekki flytja sig milli kjördæma og bjóða sig fram í Reykjavík. Staða Framsóknar væri allt önnur ef hann hefði gert það. Þá hefði Framsókn náð að festa betur rætur í þéttbýlinu en nú er hún einmitt að missa þessar rætur aftur. Fyrirverandi formenn Framsóknarflokksins skildu mikilvægi þessa. Ólafur Jóhannesson fór úr Norðurlandi vestra og bauð sig fram í Reykjavík og Steingrímur Hermannsson hvarf af Vestfjörðum og var eftir það í framboði á Reykjanesi. Halldór þrjóskaðist við og nú er alltof seint að gera nokkuð í þessu.

Formannsmálin í Sjálfstæðisflokknum hafa alltaf verið mjög athyglisverð. Formennirnir hafa nær alltaf komið úr Reykjavík. Ég tel að Þorsteinn Pálsson væri enn formaður Sjálfstæðisflokksins ef hann hefði á sínum tíma ákveðið að fara fram í Reykjavík en ekki á Suðurlandi. Þróunin hefði orðið allt öðru vísi í Sjálfstæðisflokknum ef hann hefði orðið þingmaður Reykvíkinga. Hann hefði vafalítið náð forystunni í Reykjavík af Alberti Guðmundssyni og hann hefði haldið henni býsna lengi þótt þáverandi borgarstjóra Davíð Oddsson hefði langað að komast til valda. Þetta varð ekki og eftirleikur Davíðs varð tiltölulega auðveldur þegar hann hafði tryggt sér forystuhlutverkið í Reykjavík.

Sjálfstæðismenn geta þó lært af reynslunni og þannig neitaði Geir Haarde að fara fram á Suðurlandi í vor þegar hann var grátbeðinn um að leiða

¹ Vefsíður Ágústar www.agust.is 14. mars 1999.

listann þar þegar Þorsteinn hætti. Það var rétt mat hjá Geir að halda sig við Reykjavík upp á framtíðina. Eftir varaformannskjörið er Geir ókrýndur krónprins en það þýðir ekki endilega að hann verði formaður. Davíð er einungis nokkrum árum eldri en Geir og Davíð verður eins lengi formaður og hann kýs sjálfur. Björn Bjarnason er dottinn út úr kapphlaupinu um formanninn nema eitthvað óvænt komi upp á. Sjálfstæðismenn eru þó ekki mikið að velta sér upp úr formannsstöðu í flokknum sínum. Þeir eru mjög sáttir við núverandi ástand.

Flokksforingjar hafa síðustu árin nær alltaf komið úr R-kjördæmunum og þeir hafa oft flutt sig. Benedikt Gröndal, formaður Alþýðuflokksins, fór til að mynda af Vesturlandi til Reykjavíkur árið 1978. Í Alþýðubandalaginu hefur formennskan verið með öðrum hætti en annars staðar enda hefur þingflokkur Alþýðubandalagsins alltaf gegnt lykilhlutverki í valdaráráðum Alþýðubandalagsins. Um Samfylkinguna gegnir öðru máli enda varð hún til úr þremur flokkum og fólki sem er starfandi utan hefðbundins flokkakerfis. Þar hafa menn í þessari kosningaráttu sæst á þriggja foringja kerfi með einum talsmanni. Samfylkingin getur ekki gert neitt annað en að hafa samvirka forystu í þessum kosningum, hvað sem seinna verður.

Stríðið í Júgóslavíu¹

Stríðið í Júgóslavíu er fyrsta stríðsaðgerð Nato frá stofnun þess sem beinist gegn Evrópuríki. Líklega er ekkert svæði í heiminum þar sem eins oft og lengi hefur verið barist eins og á Balkanskaga. Þegar fyrrverandi Júgóslavía var búin til eftir seinni heimsstyrjöld mátti búast við að upp úr syði þótt Tító gæti haldið þessu saman. Síðan hafa þar verið stöðug átök og skemmst er að minnast Bosníúátakanna.

Sú þjóðernislega andúð sem fram kemur í þessum deilum er óhugnanleg. Þetta eru síðlausar athafnir en jarðvegurinn fyrir þessi viðhorf hlýtur að vera mjög frjór því að annars hefðu stríðsæsingamennirnir ekki svona mikil áhrif. Það að hundruð þúsunda eða jafnvel milljónir manna séu gerðar að flóttamönnum í miðri Evrópu við aldamótin sýnir okkur að við erum komin stutt á veg að tryggja frið í næsta nágrenni okkar.

Það var ekkert annað fyrir NATO að gera en að reyna að þvinga Milosevic til samninga og veikja stöðu hans en þessu er fráleitt lokið. Það er þó fátækt almúgafólk sem á um sárt að binda við slík átök. Það er ömurlegt að hugsa til þess að þetta stríð milli þjóða í Evrópu, fyrsta raunverulega stríðið í 60 ár, skuli bera upp á dánardægur þess manns sem lagði mest allra upp úr friði og nágrennakærleika.

¹ Vefsíður Ágústar www.agust.is 29. mars 1999.

Snúumst gegn tíðaranda sem ógnar fámennri þjóð¹

Örar breytingar í umhverfi okkar hafa einkennt síðustu ár. Gildismat hefur breyst og það er meira los og tillitsleysi í samfélaginu en var fyrir nokkrum árum. Fólk leitar í sívaxandi mæli að lausnum í gervivísindum og þröngsýnum trúarhreyfingum. Vaxandi lausung kemur fram í ofbeldi, aukningu rána, fíkniefnaneyslu og stórauðnu klámi. Rótleysi endurspeglast m.a. í því að hömlur minnka. Þegar Stöð 2 hóf rekstur fyrir 13 árum voru forsvarsmenn hennar dæmdir fyrir dómstólum fyrir að sýna ljósbláar myndir. Núna amast enginn við þessu.

Forvitni um náungann hefur lengi einkennt okkar litla samfélag. Núna eru mörg tímarit gefin út til að fullnægja þessari þörf en slíkar ómerkilegar persónufréttir þekktust varla í fjölmiðlum fyrir 10 árum. Í óvönduðum blöðum erlendis eru auglýsingar um símaklám og símavæandi algengar. Þetta er allt komið hingað, meira að segja í meira umfangi en víða annars staðar. Viljum við efla önnur gildi eins og nágrannakærleika og hverfa frá þessu fáfengilega? Það eru ekki margar raddir í þá átt. Biskupinn hefur þó skorð upp herör og það er vel, en ég hef ekki orðið var við að aðrir hafi fylgt í kjölfar hans.

Stjórn málaflokkar tjá sig ekki um lausung. Þótt ýmsum stjórn málamönnum verði tíðrætt um fjölskyldumál er eins og sumt sé meira feimnismál en annað. Það þykir hættulegt að gagnrýna tíðarandann. Mörgum finnst betra að vera skoðanalaus en að hætta á andstöðu. Ómenning er ógnun við fámenna þjóð og aukning glæpa, vændis og vímuefna er ekki einkamál þeirra sem lenda í því.

Þetta er verkefni allra kynslóða. Eldri borgarar og öflug samtök þeirra ættu ásamt öðrum að vinna að hugarfarsbreytingu í þessum efnum. Sérhver ungur fíkniefnaneytandi á afa og ömmur og þau þekkja mörg þeirra gilda sem vert er að hafa í huga. Í grunnskólum er núna rætt um að efla réttindi og ábyrgð. Það er rétt leið. Agi í formi boða og banna er gagnslaus. Þetta snýst um breytt hugarfar.

¹ Vefsíður Ágústars www.agust.is 1. nóvember 1999.

Spilltir valdhafar¹

Ráðning Finns Ingólfssonar í stöðu seðlabankastjóra er skýrt dæmi um spillta ráðningu. Það voru að minnsta kosti fjórir aðrir umsækjendur sem voru hæfari í stöðuna út frá menntun og starfsreynslu en allt kom fyrir ekki. Það stóð aldrei til að ráða á faglegum forsendum enda er hér um pólitískan bitling að ræða.

Vill almenningur svona kerfi?

Það þarf engan í þessa stöðu sem sést best á því að enginn hefur gegnt henni í eitt og hálf ár. Hvergi í fyrirtækjum myndi það þekkjast að beðið væri að ráða í stöðu í eitt og hálf ár.

Vill almenningur að hálaunuðum stöðum sé úthlutað á pólitískum forsendum? Þetta var almenn regla á árum áður. Margir héldu að ráðning Steingríms Hermannssonar í Seðlabankann yrði sú síðasta. Sú ráðning var vitaskuld ófagleg og pólitískt spillt og leiddi þá til afsagnar minnar sem formanns bankaráðs Seðlabankans.

Ég hef ekkert á móti því að stjórnámamenn fari í stöður á vegum hins opinbera eða annarra. Þeir verða þó að lúta faglegu mati eins og allir aðrir í þessu samfélagi. Það má ekki viðgangast að flokksskírteini veiti mönnum forgang til vinnu, ekki hvað síst ef um er að ræða vinnu sem er greidd af skattpeningum almennings. Stjórnámalflokkarnir vilja viðhalda slíku kerfi. Davíð Oddsson lætur engan bilbug á sér finna þó að skipað sé í slíka stöðu á grundvelli pólitískra hrossakaupa.

Flokkarnir hafa verið samdauna í þessu. Það má ekki gleyma því að það var Sighvatur Björgvinsson, núverandi formaður Alþýðuflokksins og þáverandi viðskiptaráðherra, sem skipaði Steingrím Hermannsson sem seðlabankastjóra og tók þannig fullan þátt í þessum hrossakaupum.

Sömu reglur fyrir alla

Það eru til dæmi um stjórnámamenn sem hafa horfið til annarra starfa og litlar sem engar efasemdir hafa verið um hæfi þeirra í samanburði við aðra. Friðrik Sophusson er forstjóri Landsvirkjunar, Þorsteinn Pálsson sendiherra

¹ DV 3. janúar 2000.

í London og Albert Guðmundsson var sendiherra í Frakklandi. Þótt ég sé pólitískt á öndverðum meiði við þá tel ég að þessir menn gegni eða hafi gegnt sínum störfum með ágætum og sé ekkert athugavert við ráðningu þeirra.

Það er meira að segja til slíkt dæmi úr Seðlabankanum. Jón Sigurðsson hvarf úr pólitík í bankann. Þótt ýmsir hafa verið andstæðingar hans í pólitík hefur enginn haldið því fram að hann hafi ekki verið hæfastur þeirra manna sem þá sóttu um, hvað varðar menntun og starfsferil, enda varð hann síðar aðalbankastjóri Norræna fjárfestingarbankans, sem er stærri banki en nær allt íslenska bankakerfið samanlagt.

Farsinn í kringum ráðningu Finns er misbeiting á pólitísku valdi og er vitaskuld lítillvirðing við aðra umsækjendur. Sjálfsagt segja þeir hæfu einstaklingar innan bankans sem sóttu um starfið ekki mikið en þeir verða nú undirmenn Finns Framsóknarbankastjóra.

Spillt kerfi er hættulegt

Það hefði verið skynsamlegra að hefja bankann til vegs og virðingar að nýju með því að setja honum ný lög, gera hann sjálfstæðan á sviði peningamála með faglegri stjórn og einum bankastjóra. Það er sú leið sem nær allar nágrannaþjóðirnar hafa farið með seðlabanka sína.

Stjórnmálaflokkarnir halda dauðahaldi í hið gamla, spillta kerfi og nota bankastjórastóla til að leysa pólitísk innanhússvandamál og útvega mönnum ríflegan lífeyri í stöðum sem óþarfi er að skipa í.

Kerfi pólitískra hrossakaupa þar sem flokksskírteinið er ofar öllu er hættulegt samfélagi okkar. Það grefur undan tiltrú á stjórnmálum og stjórnmálamönnum og það er ekki einkamál hinna spilltu valdhafa hverju sinni.

Stjórnsmál snúast um hugmyndir og fólk sem getur fylgt þeim eftir¹

Það tekur oft langan tíma þar til róttækar og framsýnar hugmyndir verða að veruleika. Einna markverðast í kjarasamningunum núna eru markaðslaun og vinnustaðasamningar fyrir félagsmenn VR. Vinnustaðasamningar eru ekki algengir hérlendis en fyrir rúmum 15 árum setti baráttan fyrir þeim sterkan svip á íslensk stjórnsmál.

Bandalag jafnaðarmanna sem laut forystu Vilmundar Gylfasonar talaði þá fyrir vinnustaðasamningum og vinnustaðafélögum sem öflugtu tæki í kjarabaráttu launþega. Þessi hugmyndafræði er smátt og smátt að verða að veruleika. Annað baráttumál Bandalags jafnaðarmanna var frjálst fiskverð, þ.e. að leggja niður hið miðstýrða fiskverðskerfi sem þá ríkti. Þessi hugmynd var harðlega gagnrýnd en hún var framkvæmd nokkrum árum seinna með fiskmörkuðum og frjálsum samningum um fiskverð og nú dettur engum í hug að hverfa til fyrra skipulags.

Þeim fækkar í stjórnsmálum nútímans sem störfuðu með eldhuganum Vilmundi. Ég tók fullan þátt í starfi Bandalags jafnaðarmanna og það var fyrir mig eins og fleiri að aldrei hefur verið jafngaman í stjórnsmálum og þá. Fáir njóta eldanna sem fyrstir kveikja þá. Enn þann dag í dag eiga margar hugmyndir Bandalags jafnaðarmanna erindi við okkur.

Eitt af stefnumálum Bandalags jafnaðarmanna var að kjósa framkvæmda-valdið í beinni kosningu eins og er í Bandaríkjunum og að hluta í Frakklandi, Finnlandi og Ísrael. Þá yrði forsætisráðherra kosinn beinni kosningu og hann veldi síðan ráðherra í ríkisstjórn. Alþingi yrði kjörið með sama hætti og nú er en hefði mun öflugra eftirlitshlutverk gagnvart ríkisstjórninni. Með þessu yrðu miklu skýrari skil milli löggjafar- og framkvæmdavalds og ég tel að slíkt kerfi eigi mjög vel við aðstæður hérlendis.

Það er áhyggjuefni hversu lítil umræða er um nýjar hugmyndir, þvert á það sem er erlendis. Hin nýja stefna jafnaðarmanna, Blairs, Schröders og Jospins, festir ekki enn rætur hérlendis enda er umræðan sáralítill. Margir telja, sérstaklega innan stjórnsmálaflokkanna, að stjórnsmál snúist fyrst og fremst um foringja. Í mínum huga byggjast stjórnsmál fyrst og fremst á skýrum hugmyndum og síðan á því fólkum sem er fært um að fylgja þeim eftir.

¹ Vefsíður Ágústars www.agust.is 7. febrúar 2000.

Markaðshyggja og tæknivæðing þarf á sterkari siðferðisgrundvelli að halda¹

Það höfðu þegar tveir gengið fram hjá særða manningnum áður en sá þriðji nam staðar og hjálpaði honum, kom honum í gistihús og gaf gestgjafanum eftirfarandi fyrirmæli: „Lát þér annþ um hann og það sem þú kostar meiru til, skal ég borga þér, þegar ég kem aftur.“ Þessi orð miskunnssama Samverjans eiga erindi við nútímann vegna þess að munur örsnaðra og þeirra sem eitthvað hafa sér til lífsviðurværis, þeirra sem eiga lífsvon og þeirra sem óhjákvæmilega deyja, er alltaf að aukst. Ætlum við t.d. að horfa upp á það að heil kynslóð deyi úr alnæmi í Afríku eins og nú stefnir í?

Markaðshagkerfið er besta leiðin til þess að bæta lífskjör og mæta vanda-
málum fólksfölgunar en það skiptir ekki gæðunum jafnt. Ef samhjálp er ekki
fölgin í efnahagskerfinu verður hún að koma annars staðar frá. Í velmeguninni
á Íslandi og annars staðar á Vesturlöndum ber okkur skylda til þess að gæta að
hag þeirra sem minnst mega sín hvort, sem þeir eru héraendis eða erlendis.

Það mun reyna mjög á siðferðilegan styrkleika okkar á næstu árum þegar
tækninni fleygir fram og menntunin sem ekki allir fá tækifæri til að njóta
mun ráða lífskjörum. Þjóðir þriðja heimsins munu eiga sífellt erfiðara upp-
dráttar. Stuðningur við markaðshyggju og tæknivæðingu er þó skynsamleg-
ur en sterkur siðferðilegur grundvöllur fyrir mannlegum samskiptum er for-
senda framtíðarinnar. Samhjálp er mannréttindi sem eru vitaskuld algild.

Áframhald á rúmlega 200 ára heimsforystu Vesturlanda á engan rétt á
sér ef við veitum ekki öllum sömu tækifæri. Rómaveldi hrundi vegna þess
að það hafði ekki lengur neinn siðferðilegan mælikvarða í athöfnum sínum.
Þjódmálaumræðan verður að takast á við þessar nýju, siðferðilegu áskoranir
gagnvart meðborgurinum. Engin merki eru þó enn um að svo sé gert héra-
lendis innan stjórnmálaflokkanna en málið er skylt fleiri samtökum, eins og
kirkjunni, verkalyðshreyfingunni og skólunum.

Við horfum upp á vaxandi ójöfnuð í okkar litla samfélagi og framlög
Íslendinga til þróunarmála eru skammarlega lág í samanburði við nágranna-
þjóðirnar. Boðskapur miskunnssama Samverjans nær vissulega til hugar okk-
ar en hann hefur enn ekki leitt til eftirbreytni. Á slíkt afskiptaleysi að vera
stefna Íslendinga inn í 21. öldina?

¹ Vefsíður Ágústars www.agust.is 6. mars 2000.

Snyrting ráðherra kostaði fimmfalt meira en framlag ríkisstjórnarinnar til hjálparstarfs í Mósambík¹

Nokkrir unglingar voru nýlega spurðir um páskana í fjölmiðlum og svörin sýndu ótrúlega vanþekkingu á því hvað gerðist á skírdag, föstudaginn langa og páskadag. Samt voru öll börnin fermd en áhuginn á þessu efni er sáralítill. Ýmsum blöskrar slík vanþekking en flestum er sama. Það er þó full ástæða að hugsa um gildi trúarbragða þegar heimurinn er að breytast.

Þekkingarsamfélagið tengist breyttum atvinnuháttum. Fyrir um 12 þúsund árum fórum við úr hirðingjasamfélagi í landbúnaðarsamfélag. Iðnaðarsamfélagið hófst fyrir alvöru um miðja 18. öld með iðnvæðingunni og þá tók borgarastéttin öll völd af kóngum og aðalsmönnum. Þeirri atvinnuvegabyltingu sem hófst um 1750 er að ljúka um þessara mundir.

Yfir helmingur af þeim verðmætum sem eru framleidd í heiminum núna er í atvinnugreinum sem byggjast á upplýsingum. Þetta er ný atvinnuvegabylting og nú ræður menntun lífskjörum fólks. Landsframleiðsla á mann er mikil hérlandis og við erum í 16. sæti af um 200 ríkjum jarðarinnar. Við erum með um átta sinnum meiri verðmætasköpun á hvern íbúa en lönd eins og Eistland, Líbanon, Botswana og Tyrkland. Við erum vön velmegun en skeytingarlaus um aðra.

Ríkisstjórn Íslands lét af almannafé eina milljón til hjálparstarfs í Mósambík þegar flóðin urðu þar nýlega, eða tæpar 4 krónur á hvern Íslending. Svíar létu til þessa fjörutíu sinnum meira á hvern sænskan ríkisborgara. Framlög okkar til þróunarmála eru skammarlega lítil en flestum er sama. Hin nýja snyrting Sólveigar Pétursdóttur dómsmálaráðherra kostaði fimmfalda þá fjárhæð sem við létum til hrjáðra íbúa Mósambíks. Það er eitthvað að hjá okkur. Gildismat ráðamanna er brennlað.

Sameiginlegt grunnatriði í flestum trúarbrögðum er samhjálp gagnvart fólki sem minna má sín. Í mörgum ríkjum Afríku er barnadaði meira en tuttugu sinnum algengari en er hérlandis. Okkur kemur þetta við og við eigum að hugsa meira um aðra. Í heimi vaxandi ójöfnuðar á að verða vakning meðal fólks um traustan siðferðilegan grunn í hinu nýja samfélagi. Hvort sá grunnur er byggður á trúarbrögðum eða stendur sem sjálfstæð vitund

¹ Vefsíður Ágústur www.agust.is 25. apríl 2000.

fólks skiptir ekki máli. „Elska náungann og sjáðu inni í sjálfum þér hvers vegna,“ sagði Ágústínus kirkjufaðir fyrir 1.600 árum. Okkur má ekki vera sama um aðra.

Matarverð er hátt vegna þess að íslenskir ráðamenn vilja hafa það hátt¹

Verðkönnun Neytendasamtakanna sem sýnir að matarverð hér er miklu hærri en erlendis hefur vakið mikla athygli. Það hefur þó lengi legið fyrir að matvæli eru miklu dýrari hér en í nágrannalöndunum enda hafa slíkar kannanir margoft verið gerðar áður. Ráðamenn segja í enn eitt skiptið að þennan verðmun verði að rannsaka.

Það er gott að vera stjórnmalamaður á Íslandi. Skammtímaminni kjósenda ræður ríkjum og fjölmiðlar láta sér nægja að fá sömu svörin aftur og aftur. Afleiðingin er sú að ekkert breytist. Meginástæðan fyrir því að matvæli eru mun dýrari á Íslandi en annars staðar er að pólitískir valdhafar vilja hafa það þannig.

Þegar GATT-samningurinn var lögfestur fyrir nokkrum árum útfærði ríkisstjórnin tollverndina þannig að innflutningur á ódýrum og góðum matvælum varð óframkvæmanlegur. Íslendingar styrkja landbúnað sinn tvöfalt meira en ESB styrkir sinn landbúnað. Matvæli eru hér meira en 30% dýrari en í flestum löndum Evrópu en bændur eru þó fátækasta stétt Íslands. Íslenska landbúnaðarkerfið er úr sér gengið fyrir löngu og í raun handónýtt. Framsóknarflokkarnir tveir í núverandi ríkisstjórn halda því gangandi og almenningur greiðir reikninginn.

Hvenær fær fólk nóg? Því er núna gefið utan undir með stórfelldri hækkun á bílatryggingum, verðbólgu sem étur upp kjarabætur síðustu kjarasamninga, vöxtum sem sliga fjármál heimilanna og háu matarverði. Svör ráðherra eru frá því að þetta sé allt í besta lagi til að hitt og þetta verði skoðað. Hvað halda menn að sé að marka yfirlýsingar Guðna landbúnaðarráðherra nú um að fella niður matarskattinn? Hann hefur í þessu stjórnarsamstarfi í 6 ár aldrei sýnt neitt frumkvæði í þá átt. Ef tillaga kæmi um það á Alþingi í haust myndi Guðni greiða atkvæði gegn henni eða vera fjarverandi. Hann treystir því eins og aðrir ráðherrar að fólk gleymi ummælum þeirra.

¹ Vefsíður Ágústar www.agust.is 10. júlí 2000.

Dreifum valdi í fyrirtækjum og flokkum¹

Eru alþingismenn jafnvaldalitlir og haldið er fram? Já og nei. Vald einstaklinga í tilteknu kerfi fer eftir einstaklingunum sjálfum en auk þess er sérhvert kerfi, þ.m.t. Alþingi, með völd sem er hluti af öðru valdakerfi. Skil milli framkvæmda- og löggjafarvalds hafa alltaf verið fljóttandi hérlendis.

Meirihluti alþingismanna, fyrr og nú, telur það meginhlutverk sitt að gæta kjördæmissjónarmiða. Fámennið og ranglát kjördæmaskipan hefur stuðlað að þessari sérstöðu íslenska þingsins. Misvægi atkvæða er hér miklu meira en viðgengst í nokkru öðru vestrænu lýðræðisríki en almenningur kippir sér ekki upp við það, hvað þá stjórnámamenn. Flokksvald er sterkt hérlendis og blandast oft embættismannakerfinu. Það var mjög áberandi hversu sterk ítök virkir flokksmenn í Sjálfstæðisflokknum höfðu í embættismannakerfi borgarinnar á 50 ára meirihlutaferli flokksins í borgarstjórn Reykjavíkur.

Ein mesta dreifing valds síðustu áratugi í nágrannalöndunum er atvinnulýðræði, þ.e. formleg ítök launamanna í stjórnnum fyrirtækja. Það er algerlega óþekkt hér og verkalýðshreyfingin hefur, svo skrítið sem það er, aldrei hreyft því að neinu marki. Ef til vill verður atvinnulýðræði meira í pólitískri umræðu næstu misserin en lagafrumvarp um atvinnulýðræði var fyrsta þingmál Samfylkingarinnar þegar hún sameinaðist í einn þingflokk á síðasta kjör- tímabili.

Það er ekki nægjanlegt eftirlit af hálfu þingsins gagnvart ráðherrum og stofnunum framkvæmdavaldsins. Baráttumál frá tíma Bandalags jafnaðarmanna og Vilmundar Gylfasonar frá því fyrir tæpum 20 árum er bein kosning framkvæmdavaldsins eins og er í Bandaríkjunum og Frakklandi. Slíkt kerfi hentar mjög vel hérlendis og ef til vill verður meiri umræða um þá hugmynd á næstunni.

Netið býður upp á miklu meiri möguleika á dreifingu valds en áður. Þekking almennings er miklu meiri nú en áður þannig að hægt er að taka mörg mál úr höndum kjörinna fulltrúa. Vald liggur hins vegar víðar en hjá stjórnámamönnum. Mesta valdið er á frjálsum mörkuðum í hagkerfum nútímans. Frelsi einstaklingsins er besta vörnin gegn valdi, einkum geðþóttavaldi. „Valdið til fólksins“ er gamalt og gott slagorð og það hefur öðlast nýja vídd og möguleika í upphafi upplýsingaaldarinnar.

¹ Vefsíður Ágústar www.agust.is 31. júlí 2000.

Öryggismál í samgöngum í ólestri¹

Umferðarmál hafa lengi verið í ólestri hérlendis. Þeim sem hafa keyrt lengi erlendis ber saman um að það sé einstaklega erfitt að keyra hér, einkum vegna þess að Íslendingar keyra almennt ekki vel. Það ríkir mikið tillitsleysi í umferðinni og skilningsleysi á því að þátttaka í umferð er hópvinna. Ég er einn af þeim sem var beinlínis hræddur í umferðinni fyrstu árin eftir að ég kom heim frá námi. Ég hef keyrt víða um heim og fæ alltaf ónotatilfinningu þegar ég byrja að aka aftur á Íslandi.

Það er nærtækt að álíta að eitthvað sé að ökukennslu fyrst ekki gengur betur að ala fólk upp í að sýna tillitssemi við keyrslu. Áróður Umferðarráðs fyrir bættri umferðarmenningu er steingeldur en sömu frasararnir hafa heyrst þaðan áratugum saman. Það er sárasjaldan talað um vegi á Íslandi út frá sjónarmiðum um umferðaröryggi heldur sem tæki í byggðastefnu. Við verjum miklu fé í vegi, eða 8–10 milljörðum króna á hverju ári, og samgöngur hafa gerbreyst á síðustu 30 árum.

Vegarsamband er gott við nær alla staði á landinu. Úrbóta er fyrst og fremst þörf í þéttbýli þar sem flest fólkið býr. Ein af helstu ástæðum hárra tryggingariðgjalda á bílum er sú að ekki eru gerð ný gatnamót í Reykjavík og nágrenni. Götur í þéttbýli þola ekki svona marga bíla. Miðað við hvað margir hafa dáið á Reykjanesbrautinni og Vesturlandsvegi upp í Mosfellsbæ er skammarlegt að þeir vegir hefi ekki verið tvöfaldaðir fyrir löngu.

Það hefur verið vitað lengi að slyshætta er mikil af flugvellinum í Vatnsmýrinni. Þeir sem vilja huga að öðrum kostum í innanlandsfluginu eru sakadír um fjandskap gagnvart landsbyggðinni. Þetta er fjarstæða. Það er skynsamlegt að flytja a.m.k. allt kennslu- og æfingaflug frá Reykjavíkurflugvelli. Megintilgangur samgöngumannvirkja er að greiða för fólks og vera örugg. Þetta sjónarmið ræður ekki ríkjum heldur hitt að samgöngur séu tæki til að jafna aðstöðu í landinu. Það verður að setta þessi sjónarmið.

¹ Vefsíður Ágústar www.agust.is 14. ágúst 2000.

Lakasta leiðin valin í byggðamálum¹

Það verður að stækka sveitarfélögin til að gera þau eftirsóknarverð og mæta breyttum atvinnuháttum. Árið 1970 var 12% af vinnuafli landsmanna í landbúnaði. Núna 30 árum síðar vinna einungis 4% landsmanna í landbúnaði. Árið 1970 störfuðu tæplega 7% landsmanna við fiskveiðar en núna eru það tæplega 5%, eða 30% færri en þá. Sömu sögu er að segja af þeim sem starfa í fiskvinnslu. Fyrir 30 árum voru það 8% en eru nú 6% af vinnuafninu, eða fjórðungi færri en þá.

Hlutdeild gömlu atvinnuveganna í verðmætasköpuninni hefur einnig dregist saman. Landbúnaður skilar nú einungis 2% af landsframleiðslunni. Fiskveiðar skila 8% og hafa lækkað úr 10% á 8 árum. Fiskvinnslan er með 4% af landsframleiðslunni en það hlutfall var fyrir 8 árum 5%. Sjávarútvegur er núna einungis með 12% hlutdeild í landsframleiðslunni.

Þessar staðreyndir sýna að byggðaröskunin er m.a. vegna breyttra atvinnuhátta. Fólk vill einnig hafa um sig öfluga félagslega umgjörð, m.a. á sviði tómsunda. Gott menntakerfi er forsenda fyrir búsetu en mikið vantar á að slíkt geti þrífist í litlum sveitarfélögum. Það má ekki gleyma því að 2/3 hluti þjóðarinnar býr á Suðvesturlandi vegna þess að fólk vill búa þar en ekki annars staðar. Það býr enginn nauðugur í þéttbýlinu. Það er oft mikill tvískinnungur í byggðaumræðu af hálfu þingmanna.

Stækkun sveitarfélaga, jöfnun atkvæðisréttar, aukinn hluti af tekjuskatti til sveitarfélaga, aukið fé í skólakerfið og jafnóðýr aðgangur allra að hinum nýju atvinnugreinum þekkingarsamfélagsins eru bestu leiðirnar til að skapa landsbyggðinni lífvænleg skilyrði. Gamaldags millifærslukerfi frá þéttbýli til dreifbýlis undir forsjá stjórnámálanna er lakasta leiðin af öllum.

¹ Vefsíður Ágústar www.agust.is 18. september 2000.

Stefnuleysi og hrakningar einkenna störf ráðherra¹

Ráðherrar munu standa í sviðsljósi pólitískra átaka enn einn veturinn. Sólveig Pétursdóttir dómsmálaráðherra hefur ekki vakið athygli fyrir neitt á ferli sínum annað en hið rándýra salerni sem hún lét innrétta á skrifstofu sinni og sviðsetta blaðamannafundi þar sem borðalagðir lögreglumenn standa heiðursvörð. Þegar fé er þrotið til varna gegn fíkniefnum eru engin svör og hún lætur fréttamenn ekki ná í sig.

Ingibjörg Pálmadóttir hefur lengi farið með heilbrigðismál en enginn hrósar henni fyrir störfin öll þessi ár. Nýjast í þeim efnum er að sjúkrahúsin hafa enn eitt skiptið farið fram úr fjárlögum og nú á að loka deildum, lengja biðlista og þrengja að veikum börnum. Niðurlægning ráðherrans er alger en það er ekki í fyrsta skipti.

Í hvert skipti sem Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra birtist opinberlega fer fólk að brosa. Hann hugleiðir enn hvort leyfa eigi innflutning á norskum fósturvísimum og hann segir þá ákvörðun þá mikilvægustu í 1.000 ár. Það er engin furða þótt fólk brosi að svona ráðamanni. Litlu betri er staða Geirs Haarde sem býr við mesta viðskiptahalla Íslandssögunnar og vaxandi verðbólgu en hann kýs að eyða öllum sínum tíma í heilagt stríð gegn Reykjavíkurlistanum.

Valgerður Sverrisdóttir viðskiptaráðherra er, eins og fleiri ráðherrar, ófær um að taka ákvörðun sem veldur ágreiningi. Það er auðvelt að hrekjast undan vindi en sjaldnast skilar það fólki á áfangastað. Nýjast er hvernig hún leyfir flokksbróður sínum, Kristni H. Gunnarssyni, að taka þá siðlausu ákvörðun að hygla Sparisjóði Bolungarvíkur með innheimtu fyrir Byggðastofnun.

Það er mikill kostur í nútímaþjóðfélagi að sífellt meira af ákvörðunum eru hjá fólkinu sjálfu en ekki stjórnmalamönnum. Markaðshagkerfið tryggir betri niðurstöðu en ákvarðanir ráðherra. Landsmenn geta verið þakklátir fyrir að óhæfir ráðherrar valda ekki eins miklu tjóni og áður. Stefnuleysið er þó alvarlegt í opinberum verkefnum eins og í velferðar-, heilbrigðis- og menntamálum.

Heilbrigðismálin einkennast af biðlistum, velferðarmálin af tillitsleysi

¹ Vefsíður Ágústar www.agust.is 25. september 2000.

gagnvart eldri borgunum og þeim sem minnst mega sín og í menntamálum höfum við dregist mikið aftur úr öðrum þjóðum. Það skiptir því máli hvaða ríkisstjórn situr og hvernig ráðherrarnir eru. Hitt er svo jafnrétt að sérhver þjóð fær þá ráðherra sem hún á skilið. Margir eru þó komnir á þá skoðun að Íslendingar eigi betra skilið.

Sigur fyrir málflutning jafnaðarmanna¹

Niðurstaða auðlindanefndar eru merkustu tíðindi í íslenskum stjórnámálum um margra ára skeið. Þar náðist pólitísk samstaða um tvö grundvallaratriði, þ.e. í fyrra lagi að sameiginlegar auðlindir skulu vera í þjóðareign og það skuli bundið í stjórnarskrá og í síðara lagi að þeir sem nýta slíkar auðlindir, m.a. í sjávarútvegi, skuli greiða gjald fyrir þá nýtingu. Fyrir báðum þessum málum hafa jafnaðarmenn barist einarðlega á undanförunum árum.

Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur hafa kúvent í afstöðu sinni. LÍÚ, sem hefur barist harkalega gegn gjaldtöku, sneri einnig við blaðinu um leið og pólitískur stuðningur Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks við fyrri afstöðu hvarf. Þetta eru stórtíðindi en það ber að taka undir orð þeirra sem hafa skipt um skoðun að nú sé tími sátta. Skynsemin varð ofan á og þjóðin er ánægð, enda styður meginhluti landsmanna þessi tvö meginatriði. Þótt ágreiningur ríki enn um hvernig gjaldtakan verði útfærð þá skiptir það ekki öllu máli heldur hitt að meginafstaðan liggur fyrir.

Það er ánægjulegt að dr. Jóhannes Nordal, fyrrverandi seðlabankastjóri, skuli kóróna sinn glæsilega feril með því að leiða starf nefndarinnar til svo farsællar niðurstöðu. Í skýrslunni er fjallað ítarlega um aðrar auðlindir og þar er sama meginniðurstaðan um þjóðareign og gjald fyrir nýtingu. Það er mikið réttlætismál að þessi niðurstaða hefur fengist og ríkisstjórnin mun nú hafa forgöngu um að leggja fram nauðsynleg lagafrumvörp. Líklegt er að stjórnarskrárbreytingin verði ekki gerð fyrr en í lok kjörtímabilsins en aðrar breytingar hins vegar á næstu mánuðum.

Í sjávarútvegi verður veiðileyfagjaldið hærra en sem nemur opinberum kostnaði og í skýrslunni er bent á að hægt sé að nýta gjaldið til að lækka aðra skatta. Eins og gildir um aðra gjaldtöku ræðst upphæð veiðileyfagjaldsins af vilja hins pólitíska meirihluta hverju sinni. Skynsamlegast er að lækka tekjuskatt einstaklinga samhliða auknu veiðileyfagjaldi. Þá fengi almenn-ingur á áþreifanlegan hátt hluta af afrakstri sameiginlegra auðlinda í sjónum. Í skýrslunni er einnig skýrt dregin fram hagkvæmni ýmiss konar umhverfisgjalda, eins og mengunarskatta, í stað annarra skatta og því þarf einnig að fylgja eftir og fara þar að fordæmi annarra þjóða.

¹ Vefsíður Ágústar www.agust.is 2. október 2000.

Það er stundum sagt að skynsemin hafi sitt fram að lokum; það taki einungis oft nokkuð langan tíma. Deilan um veiðileyfagjald hefur staðið linnulaust í mörg ár. Þótt vissulega megi túlka niðurstöðuna sem sigur fyrir málflutning jafnaðarmanna og annarra sem hafa barist gegn núverandi kerfi sérhagsmuna á feginleiki yfir því að sátt sé náð í erfiðu deilumáli að vera efst í hugum almennings og stjórnámálanna á þessari stundu.

Skynsamlegt að breyta skattakerfinu¹

Ýmsar endurbætur eru nauðsynlegar á skattakerfinu. Á síðustu árum hafa fjölmörg verkefni verið færð frá ríki til sveitarfélaga og ber þar grunnskólana hæst. Sveitarfélögin fengu auknar tekjur við þá breytingu en þau hafa tekið við fleiri verkefnum og því er sanngjarnt að þau fái enn fleiri tekjustofna.

Í stað þess að auka skattheimtu ætti ríkisvaldið að láta stærrí hlut af tekjuskatti renna til sveitarfélaga. Slíka tilfærslu ætti að framkvæma þannig að sveitarfélög fái til sín enn stærrí hlut af tekjuskattinum sameinist þau og stækki. Það er nauðsynlegt að smærri sveitarfélög sameinist enn frekar og það er skynsamlegt að tengja það fjárhagslegum ávinningi.

Eignarskattar eru háir héraendis miðað við önnur lönd, m.a. vegna þess að vaxtatekjur voru skattfrjálsar á árum áður. Eftir að fjármagnstekjuskattur var tekinn upp kemur fyllilega til greina að lækka eignarskatt. Best er að lækka fyrst eignarskatt á eldri borgurum, t.d. með því að tvöfalda frítekjumarkið fyrir ellilífeyrisþega. Tekjuskatt einstaklinga á að lækka með auðlindagjaldi og með umhverfis- og mengunargjöldum.

Hagkvæmir skattar eiga að koma í stað hinna óhagkvæmari. Olúgjald ætti að koma í stað þungaskatts. Skattkerfið á að nýta til að örva tiltekna starfsemi, t.d. með því að heimila fyrirtækjum sérstakan frádrátt vegna framлага til menningar og vísinda. Einnig er tillaga Samfylkingarinnar skynsamleg að fyrirtæki sem hefja starfsemi í upplýsingaiðnaði á landsbyggðinni njóti tímabundinna skattaávilnana. Þótt opinber umsvif séu tiltölulega lítil héraendis miðað við nágrannalöndin á ekki að tala almennt fyrir skattahækkunum. Við verðum þó að auka framlög til menntamála og ýmissa sviða velferðarmála.

Við skattlagningu þarf að hafa skýrt í huga að ekki er alltaf sami aðilinn sem greiðir skatt og sem ber hann þegar upp er staðið. Þannig lendir margs konar skattheimta á launþegum þótt það hafi ekki verið ætlunin. Meginstefna okkar í skattamálum á að vera að fylgjast vel með því sem nágrannalöndin gera og laga okkur að því. Það sem við höfum tekið upp frá nágrannaþjóðunum í tæknilegum atriðum hefur yfirleitt reynst okkur mjög vel. Það er óþarfi að finna sífellt upp hjólið og fámenn þjóð á ekki að eyða orku sinni í slíkt.

¹ Vefsíður Ágústur www.agust.is 9. október 2000.

Stjórnvöld tveimur árum á eftir í viðbrögðum við ofbeldishneigðinni¹

Sífelld fleiri fréttir berast af alvarlegum glæpum: morðum, misþyrmingum og þjófnuðum. Samfélag okkar er að verða ofbeldishneigðara en áður, rótleysi meira og tillitsleysi í mannlegum samskiptum fer vaxandi. Einna verst er staðan gagnvart fíkniefnum. Neyslan hefur aukist, m.a. á e-töflum og kókaíni, og ofbeldisglæpum tengdum eiturflyfjum fer hratt fjölgandi.

Nú hefur dómismálaráðherra lagt til að auka refsirammann fyrir alvarleg fíkniefnabrot úr 10 ára fangelsi í 12 ár. Þetta hefur fengið góðar undirtektir. Nákvæmlega sama tillaga var lögð fram á Alþingi fyrir tveimur árum af hálfu tveggja þingmanna Samfylkingarinnar, minni og Gísla S. Einarssonar, en hún var þá svæfð af hálfu stjórnarflokkanna og dómismálaráðherra hafði engan áhuga á málinu. Það hefði verið nær ef tillaga þingmanna Samfylkingarinnar hefði verið samþykkt fyrir tveimur árum. Þetta sýnir vel hvað ríkisstjórnin er gersamlega vanhæf að fylgjast með og grípa tímanlega inn í.

Baráttan gegn fíkniefnum líður fyrir fjárskort, níu af hverjum tíu innbrotum eru vegna fíkniefnaneyslu og hvert manndrápið rekur annað þar sem fíkniefni eru í aðalhlutverkinu. Stjórnvöldum hefur ekki tekist, í okkar litla samfélagi, að brjóta á bak aftur skipulagða glæpastarfsemi með fíkniefni sem veltir um tveimur milljörðum króna á ári.

Önnur afbrot, eins og nauðganir og misþyrmingar, hafa einnig aukist verulega og þar eru skammarlega vægir dómár allsráðandi. Umferðarmál eru líka í miklum ólestri. Þar er ekki er unnið eftir neinni samræmdri framkvæmda- og fjárhagsáætlun eins og er algengast í öðrum löndum en banaslys í umferðinni hafa hér þrefaldast frá árinu 1996.

Svar ríkisstjórnarinnar er yfirvinnubann fíkniefnalögreglu, pappalöggur um borg og bý og blaðamannfundir með borðalagða lögreglumenn um lítil málefni. Á sama tíma fer ómenntuðum lögreglumönnum fjölgandi, fólk hrökklast frá löggæslustörfum vegna lágra launa og óöryggi borgaranna eykst.

Almenningur á rétt á góðri og virkri löggæslu og víða hafa þessi mál orðið forgangsverkefni í stjórn málum en ekki enn þá hérlendis. Á sviði löggæslu, m.a. í baráttu gegn afbrotum, hafa stjórnvöld brugðist.

¹ Vefsíður Ágústars www.agust.is 27. nóvember 2000.

Uppskrift að góðum áratug¹

Síðustu 10 ár hefur verið uppgangstími á Íslandi. Þrír þættir valda því. Náttúruleg skilyrði hafa verið hagstæð, þjóðarsáttin árið 1990 sneri við blaðinu í efnahagsmálum og EES-samningurinn frá 1994 tryggði sambærilega umgjörð atvinnulífsins og er í nágrannalöndunum.

Þessari uppsveiflu hérlendis og erlendis hafa fylgt ýmis félagsleg vandamál. Fátækt hefur aukist og meiri misskipting er milli þegnanna en áður. Atvinnuháttabylting er í gangi og lykillinn að góðum lífskjörum í framtíðinni er þekking. Efling menntakerfisins er forgangsverkefni en þar er staða okkar slök. Færri ljúka hér framhaldsskólaprófi en í öðrum löndum, háskólanám dregst aftur úr og menntamál hafa verið hornreka á Íslandi um áratugaskeið. Þessu verður að snúa við.

Flest nágrannalandanna hafa verið undir stjórn jafnaðarmanna síðustu ár og leiðarljós þeirra er ekki að allt verði jafnt heldur að allir fái jöfn tækifæri og að barist sé gegn fátækt. Stjórnámálamenn hérlendis ættu að hætta að skipta sér af ýmsum málefnum en á tveimur sviðum, í mennta- og heilbrigðismálum, á hið opinbera að efla starfsemi sína.

Hér ættu að gilda sömu lög og reglur og eru í nágrannalöndunum á sviði umhverfismála, réttar- og dómskerfis, viðskipta, hagstjórnar og félagsmála. EES-samningurinn tryggir þetta víða en það ætti að ganga lengra. Séríslenskar reglur ættu að vera undantekning. Atvinnulífið ætti að ganga sjálfala með lögmál markaðshagkerfisins sem hina einu viðmiðun. Einu afskipti opinberra aðila af viðskiptum ættu að vera öflug samkeppnisstofnun og góð samkeppnislöggjöf. Þótt markaðshagkerfi sé besta fyrirkomulagið í efnahagsmálum þá er markaðssamfélag meingallað. Í samfélagi manna ættu meginmarkmiðin að vera að jafna tækifæri, hindra fátækt og gera fólk hamingjusamt.

Stjórnámálastefna jafnaðarmanna er að auka hamingju almennings. Hamingja er einstaklingsbundin og felst í að láta sér og sínum líða vel. Fólki líður ekki vel ef öðrum líður illa og þar koma samhjálp, bræðralag og siðferðileg viðmið til sögunnar. Það er stutt milli kærleiks í kristinni trú og mannúðlegra stjórnámálaskoðana.

¹ Vefsíður Ágústar www.agust.is 2. janúar 2001.

Varðhundsviðhorf í stað markaðslausna¹

Ákvörðun samgönguráðherra um að úthluta þriðju kynslóð farsíma með samanburðarútbóði er röng. Hann hefði átt að fara uppboðsleiðina eins og gert hefur verið í fjölda landa með góðum árangri. Uppboð er hlutlaus markaðsaðferð sem gerir öllum jafnt undir höfði.

Sjálfstæðisflokkurinn vill ekki beita lögmálum markaðarins við nýtingu sameiginlegra auðlinda heldur slær hann skjaldborg um fyrirtæki með harðsvíraðri sérhagsmunagæslu gegn almannahagsmunum. Sjálfstæðisflokkurinn berst hatramlega gegn því að þeir sem nýta sameiginlegar auðlindir til sjávar greiði fyrir það sanngjarnt gjald. Á þessi skjaldborg sjálfstæðismanna að halda að eilífu?

Þótt Sjálfstæðisflokkurinn setji einkaframtakið framarlega í stefnu sína í orði gerir hann það ekki á borði. Flokkurinn ver fíakeppni gegn samkeppni ef í hlut eiga stórfyrirtækin. Þessi risaæðlusjónarmið koma í veg fyrir að aðrir skattar lækki. Auðlindagjöld á fiskinn í sjónum, farsímarásir, gen eða á náttúru eiga að koma í staðinn fyrir aðra skatta. Auðlinda- og umhverfisgjöld auk neysluskatta gætu orðið uppistaðan í gjaldheimtu hins opinbera. Þannig væri hægt að lækka tekjuskatta einstaklinga umtalsvert. Norðmenn notuðu til dæmis auðlindagjöld í olíuvinnslu til að greiða allar erlendar skuldir sínar.

Varðstaða Sjálfstæðisflokksins fyrir sérhagsmunum vinnur gegn frumkvöðlum í smærri fyrirtækjum. Eini stjórnmálaflokkurinn sem berst fyrir samkeppni í viðskiptum, eflingu smærri fyrirtækja og að greitt skuli fyrir afnot sameiginlegra auðlinda er Samfylkingin. Ákvörðunin sýnir afturhalds-sama stefnu Sjálfstæðisflokksins þótt einstaka þingmenn, eins og Þorgerður Gunnarsdóttir, skilji breytta tíma. Afstaða Þorgerðar fær að heyrast en er ekki framkvæmd vegna þess að leið samgönguráðherra er í samræmi við vilja nokkurra stórfyrirtækja.

Ákvörðun ráðherra var fagnað af talsmanni VG og þarf ekki frekar vitnanna við. Markaðshyggjusjónarmið Sjálfstæðisflokksins og Vinstri-grænna eru svipuð í þessu máli. Margir hafa metið framtíðina rangt. Árið 1943 taldi stjórnarformaður IBM að markaður yrði fyrir fimm tölur í heiminum og

¹ Vefsíður Ágústar www.agust.is 5. febrúar 2001.

forstjóri Digital sagði árið 1977 að hann sæi enga ástæðu fyrir fólk að hafa tölvu á heimili sínu. Markaðshagkerfið sýndi aðra þróun og vonandi fær það að ráða hvernig eignir almennings í farsímarásum og öðrum auðlindum verða nýttar en ekki varðhundaviðhorf ráðherra Sjálfstæðisflokksins.

Lausatök í efnahagsmálum og breytingar í Seðlabankanum¹

Í skýrslu Þjóðhagsstofnunar er efnahagsstefna stjórnvalda gagnrýnd, miklum áhyggjum lýst vegna viðskiptahallans og erlendra skulda, efast er um núverandi fastgengisstefnu og rætt er um að taka upp verðból gumarkmið.

Svokallaðri fastgengisstefnu hefur verið fylgt frá Þjóðarsáttinni árið 1990 til að halda verðbólgunni niðri og hefur hún reynst mjög vel þótt gengið hafi ekki verið fast allan tímann. Stefnan dugar ekki eins vel og áður vegna slakrar stjórnunar ríkisfjármála eftir 1998 og að Seðlabankinn greip of seint inn í gegn þenslunni. Stjórn ríkisfjármála hefur hrakað eftir að Friðrik Sophusson lét af embætti fjármálaráðherra. Það er mjög áberandi hvað forsætisráðherra þolir orðið illa gagnrýni. Hann réðst á Hæstarétt og biskupinn þegar þeir lýstu öðrum viðhorfum en hans eigin og nú skammar hann Þjóðhagsstofnun fyrir ummæli um stöðu efnahagsmála. Sjálfsblekking stjórnámálanna er hættuleg.

Það er barnaskapur að tala um verðból gumarkmið nema algjörlega sé ljóst hvernig menn ætli að ná þeim. Sjálfstæði Seðlabankans er þar lykilatriði. Skipulagið sem er hér á starfsemi seðlabanka þekkist hvergi í nágrennalöndunum. Þetta er ekki ný umræða. Fyrir um 10 árum samdi nefnd allra flokka sem ég veitti forstöðu lagafrumvarp um sjálfstæðan Seðlabanka. Frumvarpið var lagt fram á Alþingi sem stjórnarfrumvarp af hálfu ríkisstjórnar Sjálfstæðis- og Alþýðuflokks en náði ekki fram að ganga vegna andstöðu Davíðs Oddssonar.

Sjálfstæði bankans verður að vera í alvöru en ekki þannig að ríkisstjórn geti gripið inn í þegar menn kveinka sér undan stjórnþækjum bankans í vaxta- og gengismálum. Seðlabankinn hefur lengi verið notaður sem geymslustaður fyrir afdankaða stjórnámálamenn. Er Sjálfstæðisflokkurinn að undirbúa brotthvarf valdamanns úr stjórnámálum í bankann úr því að auka á sjálfstæði hans, þvert á fyrri ummæli forsætisráðherra? Forsætisráðherra er ekki vanur að breyta um skoðun.

¹ Vefsíður Ágústar www.agust.is 26. mars 2001.

Ríkisstjórnin kom á kerfi spillingar og ófrelsis en kjósendur tryggja ekki eftir á¹

Markaðshagkerfið hefur yfirburði yfir annað skipulag í efnahagsmálum. Það er mikilvægt að hvergi sé hvikað frá frelsi í viðskiptum og frjálsum framtaki einstaklinga. Öfugmæli þeirrar stefnu kemur vel í ljós í grænmetismálinu en þegar GATT-samningurinn var útfærður börðust jafnaðarmenn með Jón Baldvin Hannibalsson í broddi fylkingar fyrir markaðsfrelsinu og hag neytenda en urðu að lúta í lægra haldi.

Það þýðir ekkert fyrir sjálfstæðis- og framsóknarmenn að þykjast núna vakna upp við vandan draum og tala um að breyta kerfinu. Þeir komu á þessu kerfi ófrelsis og þeir vissu nákvæmlega hvað þeir voru að gera, þ.e. að vernda þrönga sérhagsmuni. Íslensk stjórnsmál snúast alltof oft um að sigla á öldufaldi hneykslunar almennings, vitandi að þær báru hníga.

Kostir markaðshagkerfisins sjást vel í nýjum atvinnugreinum sem hafa þróast án afskipta stjórnsmálamanna. Við tölvuvæðinguna starfa nú þúsundir manna og ferðaþjónustan verður með tæpra 9% framlag til landsframleiðslunnar eftir rúma tvo áratugi og er þá orðin nær jafnoki sjávarútvegsins. Hjá Íslenskri erfðagreiningu vinna 450 manns og þar eru rannsóknir í mannárum álíka og allar rannsóknir sem eru stundaðar innan Háskóla Íslands. Þetta er ótrúlegt en lýsir vel þeim kraftaverkum sem frelsi í hugsun og athöfnum hefur í för með sér. En frelsi eins má aldrei þýða ófrelsi annars og allir eiga að fá jöfn tækifæri.

Ríkisstjórnin heldur sig við forsjarhyggjuna og bannar erlendu fyrirtæki, Norðuráli, að vaxa þótt við myndum hagnast á raforkusölu til þess. Skammsýnin er alger enda er framsóknarhyggjan ljóslifandi meðal okkar en hún á einnig djúpar rætur innan Sjálfstæðisflokks og VG. Ríkisstjórnarflokkarnir sem hafa stjórnað landinu í marga áratugi, saman eða með öðrum, bera alla ábyrgð á því að við innleiddum markaðsfrelsið áratugum á eftir öðrum þjóðum. Þeir hafa með réttu treyst á gleysku kjósenda.

¹ Vefsíður Ágústar www.agust.is 9. apríl 2001.

Palestínudeilan¹

Deilurnar fyrir botni Miðjarðarhafsins vekja sífelld meiri óhug. Hið kerfisbundna ofbeldi Ísraelsmanna miðar að því að brjóta niður samfélag Palestínnumanna og það er enginn munur á því og viðhorfum þeirra sem stóðu fyrir þjóðernishreinsununum í fyrirverandi Júgóslavíu sem enduðu í stríði og fjöldamorðum. Sjálfsmorðsárásir eru jafn óréttlætanager og þjóðernishreinsanir. Bandaríkin hafa brugðist sem framvörður lýðræðis og mannréttinda. Íslendingar verða að leggja lóð sitt á vogarskálarnar með öflugum stuðningi við málstað Palestínu.

¹ Vefsíður Ágústars www.agust.is í apríl 2001.

Mikilvægt að auka hagvöxt með skynsamlegum skattabreytingum¹

Samfylkingin hélt flokksstjórnarfund um síðustu helgi. Þar fjallaði Össur Skarphéðinsson m.a. um skattamál og benti á mikilvægi þess að lækka skatta á lítil og meðalstór fyrirtæki, einkum í þekkingariðnaði. Hann ræddi einnig um nauðsyn þess að lækka tekjuskatt einstaklinga og að lífeyrisgreiðslur, sem væru fjármagnstekjur, yrðu skattlagðar í 10% skattþrepi en ekki tæplega 40% þrepi. Þetta eru mikilvægar yfirlýsingar formanns Samfylkingarinnar.

Brýnt er að lækka skatta á einstaklinga og fyrirtæki næstu ár. Hins vegar er skattbyrði héraendis lítil miðað við önnur lönd. Hún er hér 36% af vergri landsframleiðslu en meðaltalið í OECD er 37% og innan ESB er hlutfallið 40%. Skattbyrði annars staðar á Norðurlöndum er í Danmörku 50% af landsframleiðslu, Svíþjóð 52%, Finnlandi 46% og í Noregi 42%. Það er því fjarstæða að Ísland sé land skattheimtu.

Lítill og meðalstór fyrirtæki eru afvélín í hinu nýja hagkerfi. Þau eru mjög mörg. Af 6.600 fyrirtækjum héraendis sem hafa fleiri en tvo starfsmenn (ársverk) eru 5.200 þeirra, eða 78%, með tvo til tíu starfsmenn. Skattalækkanir örva atvinnulífið, skila hærri launum en ella og auka tekjur ríkisins.

Ef hagvöxtur eykst um 1% vegna sérstakra ívilnana í garð lítilla og meðalstórra fyrirtækja aukast skatttekjur ríkisins um tvo milljarða króna. Ef borið er saman við það að útgjöld ríkisins vegna allra framhaldsskóla eru tæpir 8 milljarðar króna sést hvað mikið er í húfi að auka hagvöxt með skynsamlegum tillögum.

Ísland er skattaparadís fyrir fyrirtæki en skattar á fyrirtæki eru aðeins 1,3% af landsframleiðslu, sem er lægst á byggðu bóli, en meðtalt í OECD er 3,3% og innan ESB 3,6%. Íslensk fyrirtæki skila þannig einungis um 1/3 af því sem fyrirtæki í nágrannalöndunum skila til sameiginlegra útgjalda. Það er þó brýnt að skattaumhverfi gagnvart fyrirtækjum sé jákvætt, svo og að tekjuskattur einstaklinga og álögur á eldri borgara séu lækkuð.

Nú hefur OECD tekið undir málflutning Samfylkingarinnar um að auðlindagjöld séu skynsamleg og geti leyst aðra skatta af hólmi. Samfylkingin hefur á flokksstjórnarfundum sínum greinilega tekið forystu í efnahags-umræðunni með markvissum tillögum um skattamál.

¹ Vefsíður Ágústar www.agust.is 30. apríl, 2001

Framtíðarsýn íslenskra stjórnmálaflokka er óskýr¹

Æ minni þátttaka í kosningum á Vesturlöndum veldur áhyggjum. Hluti skýringarinnar er að vald stjórnmálamanna hefur minnkað á síðustu áratugum. Fyrir á tíð urðu menn að þekkja stjórnmálamenn til að fá lán eða góða vinnu en það er til allrar hamingju liðin tíð.

Fyrir nokkrum áratugum urðu athyglisverð skoðanaskipti milli tveggja stjórnmálaforingja, Bjarna Benediktssonar og Eysteins Jónssonar, um að hve miklu leyti stjórnmálamenn ættu að vera atvinnumenn. Lýðræðið hefur breyst síðan þá. Ein helstu rök fyrir fulltrúalýðræði er sérþekking atvinnumannanna. Aukin menntun og upplýsingaflæði hafa leitt til þess að mjög margir kjósendur eru mun betur að sér um þau mál sem stjórnmálamennirnir taka ákvörðun um. Það á því að hefja beint lýðræði aftur til vegs og virðingar, t.d. á vinnustöðum með atvinnulýðræði og með því að fjölga þjóðaratkvæðagreiðslum.

Áhugi fólks hefur líka breyst. Fólk fylkir sér ekki um flokka heldur finnur sér vettvang í „eins máls hreyfingum“. Margar umhverfishreyfingar njóta fjöldafylgis sem einskorðast við afmarkaðar framkvæmdir. Stjórnmálaflokkarnir hafa ekki náð að virkja þennan áhuga.

Fólk gerir þá kröfu til flokka að þeir hafi skýra framtíðarsýn. Sú stjórnmáláhreyfing sem nýtur nú mest fylgis í heiminum, hin nýja jafnaðarstefna, hefur skýrar hugsjónir. Hún vill tryggja hamingju fólks, vernda það gegn fátækt og að allir fái jöfn tækifæri. Hún vill nota markaðshagkerfið sem eitt helsta tækið til að ná þessum markmiðum án þess að samfélagið breytist í markaðssamfélag. Hún vill ábyrg ríkisfjármál og öfluga opinbera þjónustu, einkum á sviði menntunar og heilsugæslu. Þetta eru einföld og skýr skilaboð og þessi fáu orð eru grundvöllur sóknar jafnaðarmanna, hvort sem er í Bretlandi eða í öðrum löndum. Skilaboð hægri manna á árum áður með Thatcher og Reagan í broddi fylkingar um brotthvarf sem víðast frá ríkisrekstri voru líka einföld og skýr.

Hérlendis vantar skýra framtíðarsýn stjórnmálaflokka. Fólk er miklu betur að sér og skynsamara en stjórnmálamenn vilja oft vera láta. Ungt fólk haslar sér völl í heimi fjármála, menningar, fjölmiðla og vísinda en ekki í

¹ Vefsíður Ágústar www.agust.is 18. júní 2001.

stjórnmálum. Framtíðarsýnin þar er óskýr. Stjórn málaforingjar hér verða því að draga upp miklu skýrari mynd af markmiðum sínum og leiðum. Annars koðna stjórn málin niður í leiðinlegt þras um ómerkileg málefni eins og alltof oft einkennir stjórn málaumræðuna hérlandis.

Ekki nægilegt aðhald gegn spillingu á Íslandi¹

Spilling valdhafa er eitt meginstef umræðunnar í nágrannalöndunum. Hérlandis er ekki rík hefð fyrir slíku. Vilmundur Gylfason gerði þessi mál marktæk í íslenskum stjórn málum fyrir um aldarfjórðungi með hvasstri gagnrýni á margs kyns spillingu í samfélaginu en spilling er m.a. misbeiting valds. Mörg dæmi eru í nágrannalöndunum um spillta stjórn málamenn sem undantekningarlaust hafa þurft að axla ábyrgð og látið af pólitískum störfum.

Þótt dæmi séu um það hérlendis að opinberir valdamenn hafi misnotað aðstöðu sína til að auðgast persónulega, en annað orð yfir það er þjófnaður, hafa þeir ekki sætt ábyrgð. Þegar slíkt gerist í einkafyrirtækjum eru menn nær undantekningarlaust reknir samstundis en í hinu opinbera lífi gilda oft önnur lög. Eftirlit með opinberum aðilum er ekki mikið. Helst eru það Ríkisendurskoðun, umboðsmaður Alþingis og fjölmiðlar sem veita slíkt aðhald en það er athyglisvert að mjög fáir alþingismenn eru virkir í baráttu gegn spillingu.

Spilling fyrri tíma með úthlutun niðurgreiddra lána og klíkuskap við útvegum vinnu hefur nær horfið með auknum markaðsbúskap. Spilltar, pólitískar ráðningar þekkjast þó vel hérlendis, t.d. bankastjórastöður, og það er oft áberandi hvað fjölmiðlar fara enn mjúkum höndum um ráðamenn. Netið hefur opnað farveg fyrir eftirlit almennings en það hefur ekki beinst neitt sérstaklega að spilltum stjórnarháttum.

Það er brýnt að spilling sé ekki liðin en til að svo sé verða sömu reglur að gilda gagnvart öllum í samfélagi okkar. Það er til dæmis til vansa að ekki hafa verið settar reglur um fjárreiður stjórn málaflokka en hætta á spilltum ákvörðunum er oft í tengslum við stjórn má. Hið litla kunningjasamfélag okkar hefur leitt til þess að valdamenn eru hér síður látnir sæta ábyrgð en í fjölmennari löndum. Vafalítið má þó halda því fram að ekki sé mikið um spillta einstaklinga í ráðandi stöðum hérlendis en það er engin ástæða að ætla að þeir séu hlutfallslega færri en í nágrannalöndunum.

Lýðræðið fær ekki staðist ef valdhafar eru spilltir. Þess vegna verður almenningur alltaf að halda vöku sinni og láta valdamenn aldrei komast upp með neitt misjafnt. Um leið og fólk er látið bera ábyrgð á misferli og

¹ Vefsíður Ágústar www.agust.is 16. júlí 2001.

mistöfum sínum undantekningarlaust breyttist samfélagið til batnaðar. Engin ástæða er að hefja nornaveiðar en meginmálið er að hið sama gildi fyrir Jón og séra Jón.

Óháð og fagleg umfjöllun um efnahagsmál er nauðsyn¹

Samkvæmt nýjum lögum um Seðlabankann eykst sjálfstæði bankans og það hvernig hann beitir því til að vinna gegn verðbólgu. Það hefur leitt til ágreinings við ríkisstjórnina en slíkt er algengt í nágrannalöndunum. Staðfesta Seðlabankans nú markast einnig af því að bankinn mat efnahagslífið algerlega rangt síðustu misseri. Veikleikarnir í hagstjórn voru miklu meiri en Seðlabankinn og ríkisstjórnin vildu trúa. Það sama á við fjármálamarkaðinn en hrun á verði hlutabréfa kom sérfræðingum í opna skjöldu. Þetta sýnir að efnahagsmál eru ekki einföld fræði.

Það er enginn vandi að vera vitur eftir á en þó skal því haldið til haga að ég hef í þessum pistlum um langt skeið varað við tilteknum þáttum í stjórn efnahagsmála, s.s. lausatökum í ríkisfjármálum, of lítilli áherslu á menntamál, djúpstæðum kerfisvanda í landbúnaði og sjávarútvegi og vanmati á áhrifum viðskiptahalla, launaskriðs og þenslu. Ekki var mikið gert með slík varnarorð, frekar en með spádóma Kassöndru² forðum.

Nú ríður á mestu að ná verðbólgunni niður og þá styrkist efnahagslífið. Það reynir á ríkisfjármálin í haust en fyrstu tölur um áætlaðan afgang af fjárlögum næsta árs eru alltof lágar. Það þarf mjög myndarlegan afgang á fjárlögum og sveitarfélög mega ekki láta sitt eftir liggja. Það er nær ekkert rúm fyrir kjarabætur á næstunni nema með aukinni framleiðni en þar er feitan gölt að flá í mörgum atvinnugreinum.

Félagsleg vandamál í kjölfar uppsveiflunnar kalla á úrræði stjórnvalda, m.a. í húsnæðismálum. Miklar skuldir eru orðnar myllusteinn um háls margra fjölskyldna, einkum þeirra sem búa við lakari menntun en aðrir. Ungar, einstæðar mæður með litla menntun eru olnbogabörn í samfélagi okkar, félagslega og fjárhagslega. Það er hins vegar óhugnanleg staðreynd að flestum er sama.

Það ætti að búa til óháðan hóp hagfræðinga sem myndu meta efnahagslífið með reglubundnum hætti og gera opinberlega grein fyrir því. Þetta er víða gert í nágrannalöndunum og er mikið aðhald gagnvart stjórnvöldum og

¹ Vefsíður Ágústar www.agust.is 3. september 2001.

² Cassandra, dóttir Prímúsar konungs í Tróju, er þekkt úr goðafræði Grikkja og var þeim eiginleikum gædd að spá ávallt rétt fyrir óorðnum válegum atburðum en á hana var lagt að enginn myndi trúá spádómum hennar.

hagsmunasamtökum. Flestir sem fjalla um efnahagsmál hérlendis eru þræl-
bundnir tilteknum hagsmunum. Eina hlutlausa stofnunin á þessu sviði er
Hagfræðistofnun Háskólans. Stofnun sérstaks hóps hagfræðinga í tengslum
við hana, þar sem einnig ættu sæti erlendir sérfræðingar, myndi stuðla að
aukinni faglegri umfjöllun um efnahagsmál hérlendis.

Íslendingar dugi betur í aðstoð við bágstaddar þjóðir¹

Útanríkismál hafa oft skipt miklu máli í Íslandssögunni. Á Þjóðveldisöld var ekki litið á Norðmenn sem útlendinga hér. Sturlungatíminn, sem leiddi til trúnaðareíða við Noregskonunga, var því ekki sjálfstæðisafsal eins og við skiljum slíkt nú. Hin frjálsa verslun kafnaði þó smátt og smátt og var ekki endurreist fyrr en 600 árum seinna. Utanríkispólitík fólst lengi í hagsmunagæslu í utanríkisverslun og er svo að mörgu leyti enn þá.

Frumkvæði okkar í utanríkismálum síðustu áratugina fólst í hreinum eiginhagsmunum, þ.e. útfærslu landhelginnar. Aðstoð okkar í sjálfstæðisbaráttu Eystrasaltsþjóðanna ber þó fagurt vitni um sjálfstæða stefnu sem byggði á baráttu fyrir réttlæti. Þá sýndu Íslendingar drengskap og kjark.

Líklega mun aðeins einn ráðherra tuttugustu aldarinnar geymast í Evrópu-sögunni en það er Jón Baldvin Hannibalsson vegna framgöngu sinnar í mál-efnum Eystrasaltsríkjanna. Jafn líklegt er hins vegar þar sem svo stutt er frá þessum atburðum að menn munu ekki viðurkenna strax sess hans í þessum efnum. Það er ekkert nýtt í sögunni að fyrst þurfi menn að safnast til fedra sinna áður en samtíminn viðurkennir þá.

Við hefðum getað sýnt alþjóðlegt frumkvæði í mannúðar- og utanríkis-málum með því að þjóðast til að taka við flóttamönnunum af skipinu Tampa eins og ungir jafnaðarmenn lögðu til. Við erum eftirbátar annarra þjóða í móttöku flóttamanna og gerum slíkt aðallega til að sporna við fólksflótta af landsbyggðinni.

Við verjum miklu minni fjármunum til þróunaraðstoðar á hvern íbúa en önnur ríki þótt við séum ein ríkasta þjóð í heimi. Náungakærleikurinn ristir ekki djúpt innanlands og nær ekki út fyrir landsteinana í neinum mæli. Þó ber að hrósa frumkvæði utanríkisráðherra í að auka þátttöku Íslendinga í friðargæslu á vegum SP þótt það frumkvæði sé litið miðað við aðrar þjóðir.

Við getum ekki skotið okkur á bak við fámennið þegar kemur að aðstoð við bágstaddar þjóðir. Aðstoð okkar er einfaldlega skammarlega lítil og hefur oft valdið hneykslan á erlendum vettvangi en fæstir Íslendingar eru meðvit- aðir um þá umræðu. Frumkvæði kirkjunnar í þessum efnum hefur aukist en engin vakning hefur þó orðið í samfélaginu gagnvart okkar minnstu bræðrum og systurum, hvort sem þau er að finna hérlendis eða erlendis.

¹ Vefsíður Ágústars www.agust.is 10. september 2001.

Umburðarlyndi, æðruleysi og samvinna gegn ógnunum hryðjuverka og öfga¹

Efnahagsleg áhrif hryðjuverkanna í Bandaríkjunum verða nokkur til skamms tíma. Einhver frestun verður á þeirri uppsveiflu í hagkerfum heimsins sem vonast var eftir. Áhrifin verða varanlegust hjá flugfélögum og í ferðaþjónustu.

Alvarlegasta áhyggjuefni okkar Íslendinga eru Flugleiðir sem hafa átt í miklum rekstrarerfiðleikum. Þó er hugsanlegt að samdrátturinn verði fyrst og fremst hjá stóru flugfélögum og þá ætti að gefast tækifæri fyrir lítil flugfélög eins og Flugleiðir til að ná í stærri sneið af minnkandi koku.

Bandaríkin ætla að axla ábyrgð sem heimsveldi að berjast gegn hinni nýju ógn. Það leysir þó engin vandamál til frambúðar þótt Osama bin Laden verði handtekinn eða drepinn. Það kemur maður í manns stað og tækni í hryðjuverkum verður sífellt fullkomnari. Eiturgas hefur þegar verið notað til hryðjuverka og sýklar og kjarnorkusprengrar í höndum geðsjúklunga eru handan við hornið. Það er ekki til nein auðveld leið að berjast slíku.

Alþjóðleg hryðjuverk eru einungis ein af mörgum hættum sem blasa við mannkyninu. Árásin í Bandaríkjunum sýnir að einungis alþjóðleg samstaða getur unnið bug á þeim hættum sem geta gert lífið á jörðinni óbærilegt. Það er því brýnt að hin mikla alþjóðlega samstaða sem hefur myndast í kjölfar þessa grimmdarverks verði líka notuð til að berjast gegn hungri og umhverfisvanda.

Trúarofstæki eins og hryðjuverkahópur bin Ladens er sprottinn úr ein hættulegasta ógn nútímans. Í íslam er mikil barátta milli ofstækisfullra bókstafstrúarmanna og upplýsts nútímafólks. Önnur trúarbrögð hafa gengið í gegnum slíkt hið sama, t.d. ofsatrúarmenn í Ísrael nútímans og kristnin á dögum rannsóknarréttarins.

Við verðum samt að lifa við nýja ógn, alveg eins og þegar kjarnorkusprengrin var sprengd í Hírósíma 6. ágúst árið 1945. Þá fórust yfir 200.000 manns á einni mínútu og heimurinn varð ekki samur eftir. Heimurinn verður heldur ekki hinn sami eftir 11. september 2001 en eins og þá verða menn að lifa með ógninni. Kjarnorkusprengrin var aldrei beitt gegn fólki

¹ Vefsíður Ágústar www.agust.is 18. september 2001.

eftir 1945. Sambærileg árás og var gerð núna í Bandaríkjunum verður þó örugglega endurtekin á næstu árum og áratugum. Því er mikilvægast að íbúar jarðar vinni saman gegn utanaðkomandi ógnunum. Umburðarlyndi gagnvart öðrum þjóðum og kynþáttum og æðruleysi er hinn rauði þráður í flestum trúarbrögðum. Það er eina leiðin út úr þessum mikla vanda.

Nú væri skynsamlegt að undirbúa tekjuskattslækkun til einstaklinga¹

Skattahugmyndir ríkisstjórnarinnar eru mjög merkilegar. Þótt búist væri við tillögum um lækkun skatta fyrirtækja urðu þær mun róttækari en ætla mátti. Lækkun tekjuskatts fyrirtækja niður í 18% er djörf leið til sóknar. Þessar hugmyndir hafa heyrst áður en ég hef oft talað fyrir svipuðum hugmyndum og ríkisstjórnin leggur nú fram.

Það er mikil lækkun að fara með tekjuskattshlutfallið úr um 30% niður í 18%. Hér er m.a. byggt á reynslu Íra sem lækkuðu skatta með góðum árangri á síðasta áratug. Írska hagkerfið var með hæstan árlegan vöxt landsframleiðslu innan OECD á árunum 1990 til 2000 eða 7,1% á sama tíma og meðaltal OECD var 2,6%. Árlegur hagvöxtur hérlendis á þessum 10 árum var einungis 2,5%.

Með tillögum ríkisstjórnarinnar er skattkerfið fært nær því sem er algengast erlendis og það er skynsamleg stefna. Eignarskattur er miklu meiri hér en í nálægum löndum en hann verður núna lækkaður um helming. Hækkun tryggingagjalds til að veða upp á móti tekjutapi ríkissjóðs er einnig aðlögun að skattkerfi nágrannalandanna. Skattar á launagreiðslur fyrirtækja eru miklu lægri hér en í nágrannalöndunum og verða það áfram þótt þessi breyting verði. Afnám verðbólguþrengingsskila er einnig skynsamleg ákvörðun þótt hana hefði mátt taka fyrir þegar verðbólgan var mun minni en hún er nú. Þó er engin ástæða að fresta því.

Skattatillögur ríkisstjórnarinnar ganga þó ekki upp nema það takist að ná niður verðbólgunni. Enn er mikil undirliggjandi þensla þótt dregið hafi úr henni. Það þarf því mikinn tekjuafgang af rekstri ríkisins á næsta ári, auk aðhalds af hálfu sveitarfélaga og Seðlabankans. Skattalækkanir ríkisstjórnarinnar eru núna tímabærar þar sem þær hafa áhrif á löngum tíma en þær setja enn meiri þrýsting á baráttuna gegn verðbólgunni. Ýmis ljón eru þó enn á veginum, t.d. mikill þrýstingur á krónuna.

Einstaklingar hefðu átt að fá viljrði um skattalækkanir, t.d. ætti að lækka tekjuskatt einstaklinga myndarlega. Nú væri skynsamlegt að undirbúa tekjuskattslækkun til einstaklinga, sérstaklega millitekjufólks, og tengja

¹ Vefsíður Ágústar www.agust.is 8. október 2001.

Það endurskoðun kjarasamninga á næsta ári. Ef það er gert samhliða því að draga úr verðbólgunni eru komnar raunhæfar forsendur fyrir aukinni bjartsýni og meiri styrkleika í hagkerfinu.

700 milljónir í óþarft sendiráð í Japan¹

Það gleymist oft að stjórnsmál snúast um forgangsöröðun. Það er auðvelt að lofa því að vera góður við þá sem þurfa á því að halda en erfiðara að standa við það þegar menn komast í aðstöðu til þess. Þess vegna á stjórnarandstaða oft erfitt uppdráttar þegar henni er mætt með spurningum um hvernig hún ætli að fjármagna þau góðu verk sem hún hefur í huga. Þá verður oft fátt um svör.

List ríkisstjórnar við að halda stjórnarandstöðu niðri er að láta umræðuna snúast um sín verk en fara ekki út í rökræður um breytt samfélag. Núverandi ríkisstjórn hefur tekist bærillega að tala um góðærið enda hefur verið mikil uppsveifla í langan tíma. Nú er það skeið að renna á enda en það er áhyggjuefni í vaxandi skuldasöfnun heimila og fyrirtækja og mikilli verðbólgu að ríkisstjórnin hefur ekki búið vel í haginn fyrir erfiða tíma.

Það er eðli stjórnsmála að stjórnarandstaða taki við ríkisstjórnarforystu einn góðan veðurdag þegar fólk hefur fengið nóg af forgangsöröðun núverandi valdhafa. Það er erfitt að verja þá skrýtnu forgangsöröðun að eyða yfir 700 milljónum í sendiráð í Japan á sama tíma og lokað er á tæknifríðvönganir og þrengt að geðfötluðum. Það hefur enginn beðið um þetta sendiráð. Fisk-söluvyrirtækin hafa selt í áratugi til Japans með góðum árangri án þess að utanríkisþjónustan hafi komið þar nálægt.

Þótt sendiherrar séu yfirleitt ágætustu menn skiptir starf þeirra ekki miklu máli í nútímaviðskiptum. Það er fráleitt að eyða þessu mikla fé í langdýrgustu borg í heimi án mikillar þarfar. Ef menn vilja stofna sendiráð væri nær að gera það í löndunum við Miðjarðarhaf eins og á Spáni en við eigum ekkert sendiráð í Suður-Evrópu eða í Suður-Ameríku. Þótt sendiráðsmálið sé lítið dæmi er það stórt vegna þess að það snýst um skattpeninga og forgangsöröðun.

Það er alveg jafn einkennilegt að tónlistarskólakennarar þurfi að berjast hatramri baráttu til að bæta kjör sín en allir vita að tónlistarskólakennarar eru láglounastétt. Þetta er þeim mun gremjulegra vegna þess að tónlistin skilar miklu til landsframleiðslunnar og hefur mikil forvarnaráhrif gegn vímuefnaneyslu, auk þess sem hún auðgar og fegrar daglegt líf allra. Það eru

¹ Vefsíður Ágústar www.agust.is 29. október 2001.

oft litlu málin sem eru stóru málin. Í stjórnmálum er auðvelt að hrífa fólk með sér en það er líka fljótt að snúast við. Það góða við lýðræðið er að fólk fær að ráða sjálf sinni forgangs röðun þegar kemur að kosningum.

Hin góðu öfl verða að byggjast á sterkri siðferðiskennum réttlæti og ranglæti¹

Heimsfréttastöðvarnar CNN og SKY flytja nú styrjöld í beinni útsendingu allan sólarhringinn. Persaflóastríðið braut blað í þeim efnum en stríð er ódýrt sjónvarpsefni. Samfélag iðnríkjanna hefur breyst ótrúlega hratt á örfáum árum. Viðmið iðnríkjanna hurfu 9. nóvember 1989 þegar múrinn féll. Baráttunni við kommúnistaríkin lauk svo skyndilega að tómarúm myndaðist sem hefur ekki verið fyllt í.

Förysta Bandaríkjanna alla 20. öldina fyrir frelsi gegn einræði og kúguni í tveimur heimstyrjöldum og í kalda stríðinu var ómetanleg en Bandaríkin standa nú á tímamótum. Andstæðingar á 20. öldinni voru alltaf skýrir, fasistastjórnir öxulveldanna og kommúnískt einræði Sovétríkjanna. Nú eru engir slíkir óvinir sjáanlegir nema alþjóðlegir hryðjuverkamenn en þeir hafa sést áður. Rauðu herdeildirnar í Þýskalandi og á Ítalíu á 8. og 9. áratugnum voru t.d. mjög hættulegar borgaralegu samfélagi Vesturlanda.

Hætta nútímans stafar af einföldun sem brýst fram í ofstæki sem oft byggist á ranghugmyndum um trúarbrögð. Það hafa verið framin mikil grimmdarverk í nafni trúar, einkum kristninnar. Hryðjuverkin nú nærast á hatri á Bandaríkjamönnum vegna skilyrðislausu stuðnings þeirra við stjórnina í Ísrael nútímans. Sá stuðningur hefur ekkert með baráttu fyrir frelsi að gera heldur byggist á eignarhaldi örfárra gyðinga í Bandaríkjunum á fjölmiðlum og hinni sterku stöðu þeirra þar innan stjórnmála.

Það eru ekki einungis Arabar og aðrar þjóðir íslams sem sjá óréttlætið í þessari stefnu Bandaríkjanna heldur er æ fleirum að verða ljóst að hún verður uppspretta mikilla átaka næstu áratugi. Ef Bandaríkjamenn breyta ekki um stefnu gagnvart Ísrael og knýja fram réttlátan frið þar sem sjónarmið Palestínumanna verða einnig virt koma fram á sjónarsviðið sífellt nýir hryðjuverkamenn með æ betri tækni. Það breytist ekkert þótt bin Laden verði handtekinn eða drepinn.

Hryðjuverk Rauðu herdeildanna voru meiningarlaus vegna þess að þær fengu engan stuðning meðal almennings. Þess vegna þurrkuðust þær út og höfðu engin áhrif til langframa. Heimsveldi fyrri tíma runnu ætíð skeið

¹ Vefsíður Ágústar www.agust.is 13. nóvember 2001.

sín á enda, hvort sem þau voru ill eða góð. Tækniþróunin gerir þó það að verkum að hin góðu öfl geta tryggt frið miklu lengur en áður en þá verða þau að byggja grundvöll sinn á sterkri siðferðiskennd um réttlæti og ranglæti.

Tilvistarvandi Framsóknar og vitleysan í landbúnaði¹

Framsókn er í tilvistarvanda. Það kemur skýrt fram í viðtali við Guðna Ágústsson í Morgunblaðinu. Það er til fyrirmyndar að forystumenn fari með gagnrýnum hætti yfir störf síns flokks eins og Guðni gerir.

Ummæli Guðna um landbúnaðarmál eru þó furðuleg. Hann segir ljóst „að við erum með dýrari landbúnaðarafurðir en mörg önnur lönd en það er líka hluti af okkar öryggi og lúxus“. Það er fráleit fullyrðing að það sé lúxus að greiða hærra verð en aðrir. Þarna talar maður sem gætir ekki hagsmuna neytenda heldur kolrangs kerfis. Það er heldur ekkert öryggi fólgið í landbúnaðarstefnu stjórnvalda, aðeins kostnaður.

Íslendingar styrkja landbúnað sinn nær mest allra þjóða og meira en er gert innan ESB. Hér eru matvæli tugum prósentu dýrari en í nágrannalöndunum. Bændur er sárafátækir svo að stefna ríkisstjórnarinnar skilar þeim engu en sauðfjárbændur eru fátækasta stétt landsins. Þar er enginn lúxus. Milliliðir landbúnaðarkerfisins hafa það þó gott og Bændasamtökin lifa góðu lífi á kostnað skattbogaranna.

Guðni telur „að neytandinn stæði verr að vígi ef farið yrði út í glórulausa samkeppni“. Þetta er algerlega rangt. Neytendur standa alltaf betur eftir því sem samkeppnin er meiri. Samkeppni er aldrei glórulaus enda gilda samkeppnislög í landinu. Sjálfstæðismenn standa einnig dyggilega vörð um þetta spillta, gagnslaus og dýra kerfi enda fundu þeir það upp að hluta. Eina skynsamlega lausnin í landbúnaði er að efla samkeppni og láta sömu lögmál gilda þar og eru í öðrum viðskiptum en það mega sjálfstæðismenn ekki heyrna nefnt.

Guðni leggst gegn nýrri Evrópustefnu Halldórs. Flokkurinn mun því þurfa að greiða úr því máli fyrir kosningar en það á við fleiri flokka, t.d. Samfylkinguna. Athyglisverð eru ummæli Guðna um uppstokkun í ríkisstjórninni en Framsókn hefur ekki gengið of vel að manna sín ráðuneyti.

Guðni talar beint frá hjartanu og það er dýrmætt að slíkir ærlegir menn komist til mikilla metorða í stjórnámum. Guðni hefur rétt fyrir sér um að Framsókn þurfi að skýra stefnu sína. Stjórnámamenn verða að hafa skýrar

¹ Vefsíður Ágústar www.agust.is 10. desember 2001.

hugmyndir. Dæmið um árangur Vinstri-grænna sýnir að hópurinn þarf í upphafi ekki að vera stór til að festa sig rækilega í sessi. Það er hins vegar ekki líklegt að Framsókn takist að snúa vörn í sókn en umræðan er þó til alls fyrst.

Merkilegt samkomulag um efnahagsmál¹

Samkomulag aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar er mjög merki-legt. Þótt grípa hefði átt fyrr í taumana er ánægjulegt að þessi hugmynd hefur nú orðið ofan á enda er hún eina ráðið nú um stundir í efnahagsmálum.

Slíkt samráð um skammtímaaðgerðir á þó að heyra til algerra undantekninga. Það er ekki aðila vinnumarkaðarins að stýra stefnunni í skattamálum eða fíkta í fjárlögum ríkisstjórnar. Þar gilda almennar lýðræðislegar leikreglur og aðilar vinnumarkaðarins eru ekki hluti af löggjafar- og framkvæmdavaldi. Þetta var hins vegar nauðsynlegt núna til að blása mönnum kjark í brjóst.

Þetta er fyrst og fremst sálræn aðgerð til að efla mönnum trú á styrkleika efnahagslífsins. Það er ekki hægt að beita neinum töfraráðum til að draga úr verðbólgu og alls ekki til langs tíma. Þótt það hafi gefist Münchhausen barón vel að draga sig upp á hárinu er sú aðgerð ekki vænleg til lengri tíma í efnahagsmálum. Barátta gegn verðbólgu er langtímaverkefni. Það hefði þurft að reka ríkissjóð með meiri afgangi en nú er raunin, ekki slaka á stefnunni í peningamálum, stuðla að aukinni framleiðni með skattalækkunum, auka framlög til menntamála, efla sparnað og leyfa markaðsöflunum að leika um landbúnað. Sumt af þessu hefur ríkisstjórnin gert, annað ekki. Það þýðir þó ekki að gráta hið liðna heldur fylkja sér í samstöðu gegn verðbólgunni. Það er miklu meira í húfi en fólk gerir sér grein fyrir.

Tvöföldun erlendra skulda sem hlutfall af landsframléiðslu síðustu 5 ár er mikill vandi og vaxtabyrðin verður þung. Þessar lántökur eru mikið til vegna aukinnar neyslu. Ég hef oft lýst áhyggjum vegna erlendra skulda Íslendinga en það vill loða við okkur að vilja ekki taka mark á varnaðarorðum í efnahagsmálum ef það passar fólki ekki pólitískt.

Í pólitískri efnahagsmálaræðu er staðan oft máluð alltof sterkum litum, því annaðhvort haldið fram að allt sé í himna lagi eða að allt sé að fara fjandans til. Yfirleitt liggur sannleikurinn þar á milli. Almennitur fær þó aðeins hina svarthvítu mynd sem oft tekur á sig mynd þrefs og órókstuddra fullyrðinga. Vönduð og slagorðalaus efnahagsmálaræða er lífsnauðsynleg við þessar aðstæður. Nýgert samkomulag ríkisstjórnar og aðila vinnumarkaðarins gefur gott tilefni til að tala af hógværð um efnahagsmál.

¹ Vefsíður Ágústar www.agust.is 17. desember 2001.

Fagleg og lýðræðisleg niðurstaða við Kárahnjúka¹

Nokkur hápólítísk mál voru leidd til lykta í desembermánuði. Þar ber hæst afgreiðslu umhverfissráðherra á Kárahnjúkavirkjun. Leyfið er veitt með skilyrðum og ekki verður annað séð en að fagmannlega hafi verið að verki staðið. Þeir sem hafa haft áhyggjur af virkjuninni vegna þess að hún spillir um of náttúrunni munu flestir fallast á þessa niðurstöðu. Öðru máli gegnir um þá sem vilja alls ekki virkjun á þessu svæði, sama í hvaða formi hún er. Það viðhorf á vitaskuld rétt á sér eins og önnur viðhorf en það er ekki til framfara að útiloka nýtingu auðlinda ef gætt er sjónarmiðanna um sjálfbæra þróun.

Sjálfbær þróun felur í sér þá skuldbindingu að við megum ekki ganga á auðlindir með því að rýra möguleika komandi kynslóða á að nýta sömu auðlindir. Virkjun á Austurlandi í þessu formi er vissulega á mörkunum hvað það varðar en hægt er að lifa við þessa útfærslu út frá umhverfissjónarmiðum. Enn er óvíst hvort Norsk Hydro muni fjárfesta í álverinu þegar á reynir en samningurinn um orkuverð sýnir þó að ljónin fram undan eru mun færri en áður. Virkjunin og álverið skapa þó ekki mikil verðmæti til lengri tíma miðað við aukna fjárfestingu í menntun en þetta virðist þó sæmilega arðbært enda hafa lífeyrissjóðirnir enga heimild til fjárfestinga nema um tryggja og góða arðsemi sé að ræða.

Pungu fargi ætti nú að létta af Austfirðingum. Stjórn mála flokkarnir verða líka að gera upp hug sig endanlega. Stjórnarflokkarnir vilja knýja málið hratt áfram. VG er alfarið á móti og Samfylkingin mun væntanlega styðja málið eftir þennan úrskurð þótt hópur innan hennar vilji alls enga virkjun fyrir austan. Það er þó ekki hægt að gagnrýna málsmeðferðina lengur þótt lögin um umhverfismat séu gölluð. Landsvirkjun hefur unnið faglega og kynnt málavöxtu með miklum ágætum. Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar, getur litid ánægður yfir farinn veg. Þetta mál hefur ekki verið auðvelt en það er þó heldur ekki enn í höfn.

Það er brýnt að faglegar niðurstöður séu viðurkenndar þótt menn hafi verið efins áður. Kárahnjúkavirkjun er dæmi um hvernig vönduð rökræða getur leitt til niðurstöðu sem er ásættanleg. Lýðræðisleg umræða leiðir alltaf

¹ Vefsíður Ágústar www.agust.is 24. desember 2001.

til meirihluta og minnihluta, m.a. á Alþingi. Í þessu máli munu flestir í minnihlutanum setta sig við og virða niðurstöðuna. Meirihlutinn á líka að læra á þessu að óbilgirni og einsýni eru lélegir ráðgjafar í deilumálum.

Lýðræði, tjáningarfrelsi og mannréttindi aldrei mikilvægari en nú¹

Áramót eru tilefni til að líta til baka þótt oft virðist lítið hafa gerst. Eini atburður ársins 2001 sem geymist í sögunni hérlendis og erlendis er árásin 11. september en áður hafa atburðir átt sér stað sem talið var þá að hefðu enn meiri afleiðingar í för með sér en árásin 11. september. Dagsetningarnar 22. nóvember og 9. nóvember voru einu sinni á allra vörum. Flestir hafa gleymt 6. ágúst en þá var kjarnorkusprengrunni varpað á Hírósíma árið 1945.

Hinn 22. nóvember 1963 fellur engum úr minni sem nú er kominn yfir miðjan aldur en þá var John F. Kennedy myrtur í Dallas. Margir töldu að sá atburður hefði mikil áhrif á þróun heims mála en þá var Kúbudeilunni nýlökð, illvígasta ágreiningi kalda stríðsins. Ekkert slíkt gerðist og heimurinn jafnaði sig ótrúlega fljótt.

Hinn 9. nóvember 1989 féll Berlínarmúrinn. Þá hrundi hið kommúníska kerfi eins og spilaborg, kerfi sem hafði haldið mörgum kynslóðum í tugum landa í heljargreipum kúgunar og fátæktar. Heimurinn jafnaði sig þó fljótt og Austur-Evrópa er orðin fullgildur þátttakandi í evrópskum stjórnmálum og líkur á friði í okkar heimshluta hafa sjaldan verið betri.

Margt bendir til þess að heimurinn lagi sig fljótt að breytingunum í kjölfar 11. september. Barátta gegn hryðjuverkum heldur áfram og Osama bin Laden og al-Qaeda verður örugglega útrýmt. Þetta stríð vinnst þó aldrei endanlega enda væri illa komið fyrir heiminum ef fullkomið öryggi væri gegn voðaverkum ofstækismanna. Endanleg lausn slíks öryggisvanda er lög-regluríki og uppræting frjálsar hugsunar og þá braut viljum við ekki ganga.

Morðið á Kennedy, stjórnmálakerfi Berlínarmúrsins og glæpaverk ofsatrúarmanna ógnuðu ekki tilveru heimsins en tækni hryðjuverkamanna getur þó orðið svo fullkomin að þeir búi til gereyðingarvopn með kjarnorkusprengrum og sýklum. Vísindabekkingin verður þó alltaf að vera almenningsseign þannig að einstigið milli upplýsts samfélags og öryggis hinna mörgu er örmjótt.

Eina raunverulega ógnunin við tilvist mannsins á jörðinni eru tækniframfarir hans sjálfs. Frelsi einstaklingsins er hornsteinn framfara og velferðar og

¹ Vefsíður Ágústar www.agust.is 2. janúar 2002.

takmörkun þess í nafni öryggis má aldrei verða leiðarljós okkar. Þess vegna þarf að berjast af enn meiri krafti fyrir lýðræði, frjálsum skoðanaskiptum og mannréttindum og leysa úr fjötrum hina kúguðu, fátæku og hungruðu um allan heim. Aðeins þannig mætum við vandamálum fólksfölgunar, mengunar og ofstækis sem ógna öllu lífi á jörðinni.

Nýtt í samfélagi okkar að fólk nái ekki endum saman fyrir fulla vinnu¹

Bilið milli fátækra og ríkra eykst í heiminum en einnig innan einstakra ríkja. Á Íslandi ríkir meiri jöfnuður en hjá flestum þjóðum. Þó hefur fátækt alltaf verið fylgifiskur íslensks samfélags þótt síðustu áratuginir séu hátíð miðað við fyrri tíma. Fátækt er feimnisorð hérlendis en faglegrí umfjöllun hefur þó fleygt mikið fram.

Verst settu einstaklingar hérlendis á vinnumarkaðinum eru ungar, lítt menntaðar, einstæðar mæður. Þær eru á lægstu laununum og eiga fárra kosta vöð. Hér eins og á fleiri sviðum er menntunin lykilatriði fyrir bættari stöðu. Sú staðreynd að Íslendingar verja mun minna fé til velferðarmála en aðrar Norðurlandþjóðir skýrir þrönga stöðu öryrkja. Öryrkjum hefur fjölgað mikið og þar hefur enn eitt feimnisorðið komið fram, sem er félagsleg örorka, en með því er átt við erfiðleika sem eiga ekki rætur sínar að rekja til heilbrigðisvanda heldur til persónulegra aðstæðna og eiginleika.

Það er nýtt í samfélagi okkar að fólk í fullri vinnu nái ekki endum saman. Skattakerfið hefur búið til fátæktargildru með skattleysismörkum sem virka sem hemill á hækkun lægstu launa. Gamla krafan um hækkun skattleysismarka er í reynd röng og tekjutenging hefur í mörgum tilvikum læst fólk inni með lág laun. Það er umhugsunarvert að stjórnmalaflokkarnir hafa ekki mætt þessum nýju aðstæðum með nýrri stefnu. Það að fólk skilji til að drýgja tekjur sínar er vitanlega algerlega óviðunandi en ekki heyrir mikið um þetta málefni frá prestum.

Í opinberri umræðu er málstaðurinn oft eyðilagður með alhæfingum. Flestir eldri borgarar búa við góða stöðu og margir öryrkjar hafa ekki efnahagslegar áhyggjur en oft er talað eins og allir eldri borgarar og öryrkjar leppi dauðann úr skel. Það sama gerist í kjaraviðræðum þegar fullyrt er að þorri launafólks sé við hungurmörk. Slík gengisfelling í orðræðu eyðileggur oft fyrir raunverulegum umbótum.

Við Íslendingar höfum útrýmt mörgum vágestinum úr okkar samfélagi á síðustu 100 árum. Við útrýmum ekki fátækt en hún á að verða jafn sjaldgæf og berklar. Það gæta fáir hagsmuna lágalaunafólks sem býr við fátækt. Það

¹ Vefsíður Ágústar www.agust.is 8. apríl 2002.

er lágmarkskrafa að fólk í fullri vinnu með börn lifi ekki í fátækt. Eitt sinn talaði frelsarinn um skyldur gagnvart okkar minnstu bræðrum og systurum. Það er því siðferðileg áskorun til samfélagsins að rétta hlut þessa fólks.

Bregðumst við öfgahyggjuni¹

Skarpari skil eru að verða milli lífsskoðana, trúarbragða og þjóða. Það kemur fram í hvers kyns öfgahyggju en skýrt dæmi um hana eru hin óvæntu úrslit í forsetakosningunum í Frakklandi þar sem hægri öfgamaðurinn Le Pen lenti í öðru sæti. Chirac mun þó vinna með áður óþekktum yfirburðum því að Frökkum er brugðið eins og öðrum.

Þegar hægri öfgamaðurinn Haider vann kosningarnar í Austurríki sýndu vandræðaleg viðbrögð ESB að menn voru ekki í stakk búnir til að takast á við þessa nýju hættu. Lýðræðið felur það í sér að menn verða að berjast við stefnu annarra með rökum en ekki boðum og bönnum. Gróðrarstía öfgamanna í Evrópu undanfarin ár er innflytjendaandúð og útlendingahatur. Mikill fjöldi fólks frá löndum íslams hefur sest að í Vestur-Evrópu. Til dæmis er þriðja stærsta tyrkneska borgin í heiminum Berlín, á eftir Ístanbúl og Ankara.

Umræðan sem blossaði upp í Svíþjóð í kjölfar morðsins á stúlkunni Fatímu sýndi að meira að segja þjóð sem hefur alltaf stutt við erlend þjóðarbrot í landi sínu var felmtri slegin þegar kom í ljós að viðhorf miðaldasamfélags lifa góðu lífi í velferðarríkinu Svíþjóð.

Öfgar fengu byr undir báða vængi eftir hryðjuverkin 11. september. Þetta stefnir í átök milli tveggja menningarheima, hins kristna og íslams. Það er ekkert nýtt í sögunni. Krossferðir miðalda snerust um slík átök. Þótt trúarbrögð móti ekki lengur afstöðu hins kristna heims er því þveröfugt farið hjá þjóðum íslams. Áhersla á trúna skiptir þar vaxandi máli.

Skynsamlegur rammi fyrir framtíð heimsins er að sjá fyrir sér þríhyrning með menntun, menningu og alþjóðavæðingu í hornunum og þessi þríhyrningur væri þá umleikinn lýðræði. Í réttu samhengi fela þessi fjögur hugtök í sér lykilinn að góðri sambúð ólíkra kynþátta.

Íslendingar verða einnig að vara sig. Það er stutt í útlendingahatur hér og öfgahyggja má ekki festa hér rætur. Allir eru útlendingar nær alls staðar í heiminum. Það eru til 200 lönd og við Íslendingar erum útlendingar í 199 þeirra. Umburðarlyndi, víðsýni og þekking á öðrum menningarheimum er forsenda fyrir friði í heiminum. Aðeins þannig tekst okkur að vinna gegn

¹ Vefsíður Ágústars www.agust.is 22. apríl 2002.

ógnum öfgahyggjunnar. Það má aldrei gleymast að öfgahyggja í aðra áttina steypiti heiminum í stórstyrjöld á síðustu öld sem lauk 1945 og öfgahyggja í hina áttina kúgaði hundruð milljóna manna og henni linnti ekki fyrr en 1989. Sagan er til að læra af.

Jafnaðarmenn sáu ekki sigurinn í málflutningi sínum¹

Áhugi á stjórn málum hefur minnkað verulega. Við munum sjá það í lítilli þátttöku í sveitarstjórnarkosningunum. Þetta er ekki séríslensk þróun heldur sést hún víða á Vesturlöndum enda eru sífellt fleiri ákvarðanir teknar utan valdasviðs stjórn málamanna. Í nútímamarkaðshagkerfi er frelsi einstaklingsins leiðarljós og hann tekur ákvörðun með eftirspurn sinni um flestallt. Fyrirtæki og opinberir aðilar laga sig að slíkum væntingum með framboði sínu.

Í flestum löndum ráða stórir flokkar sem sækja fylgi inn á miðjuna, annaðhvort frá hægri eða vinstri. Þetta er þó þannig ekki hérlendis. Sjálfstæðisflokkurinn fellur þó vel inn í þessa mynd, hann sækir inn á miðjuna frá hægri nema hvað hann er stærri en sambærilegir flokkar í nágrannalöndunum. Stóri flokkurinn sem sækir inn á miðjuna frá vinstri hefur aldrei orðið til hér. Samfylkingin átti að verða þessi flokkur en enn er langt í land með það. Fjórflökkakerfið hefur reynst lífseigara en margir bjuggust við.

Eín ástæðan er að menn kunna ekki að innsigla sigra sína. Lengi hafa jafnaðarmenn barist fyrir upptöku veiðileyfagjalds og nú loksins þegar það er orðið að veruleika er því fundið allt til foráttu vegna þess að ekki var í leiðinni gert út um ágreining um stjórn fiskveiða en þeir sem vilja vita þekkja að spurningin um veiðileyfagjald hefur ekkert með stjórn fiskveiða að gera.

Nú hefur sú meginákvörðun verið tekin að þeir sem nýta sameiginlegar auðlindir greiða fyrir þau afnot. Það mun síðan fara eftir pólitískum meirihluta á þingi hverju sinni hversu hátt þetta gjald verður en grundvallaratriðið er í höfn. Íslendingar munu deila um stjórn fiskveiða alla tíð en það er með ólíkindum að jafnaðarmenn hafi ekki séð sigurinn í málflutningi sínum. Síðan er næsta orrusta að breyta fyrirkomulagi veiðanna, ef menn vilja, og haga m.a. úthlutun veiðiheimilda með öðrum hætti en nú er gert, en það er allt önnur Ella.

Ríkisstjórninni tókst ætlunarverk sitt, að aftengja málið pólitískt og halda því áfram í þrasi um stjórnkerfi og tryggja að jafnaðarmenn fengju engan pólitískan ávinning þegar þetta gamla baráttumál þeirra var loks í höfn.

¹ Vefsíður Ágústar www.agust.is 6. maí 2002.

Löggjöfin um veiðileyfagjaldið verður innan áratugar talin ein merkustu lög sem Alþingi hefur sett. Eini aðilinn sem kann að fagna sigri sínum er Morgunblaðið og er skilningur þess á þessu máli ólíkt skýrari en stjórná-
mannanna.

Ákvarðanir verði færðar beint til fólksins¹

Maðurinn hefur ekki fundið betra stjórnkerfi en að ákvarðanir um sam-
eiginleg mál styðjist við vilja meiri hlutans eða fulltrúa hans. Ein af ástæð-
um fulltrúalýðræðis var að beint lýðræði væri of þungt í vöfum og stjórn-
málamenn hefðu sérþekkingu sem almenningur hefði ekki. Þetta hefur
gerbreyst.

Almenningur er mjög vel upplýstur um flest mál sem stjórnámálemenn
geriða atkvæði um. Menntun íslenskra stjórnámálanna er líka oft slök
miðað við aðrar stéttir sem bera mikla ábyrgð. Það á því að skjóta miklu
fleiri ákvörðunum til borgaranna í atkvæðagreiðslu og rafræn útfærsla þess
er mjög einföld.

Við höfum nær enga reynslu af almennum atkvæðagreiðslum. Stjórn-
málamenn vilja líka ráða sem flestu eftir að þeir eru kosnir og eru ófúsir að
rýra völd sín. Þess vegna hefur framkvæmdavaldið svo sterka stöðu gagnvart
Alþingi. Það vill enginn flokkur breyta þessu vegna þess að þeir vonast allir
eftir að komast í ríkisstjórn og geta farið með allt vald án mikilla afskipta
Alþingis. Þetta er ekki gott því að eftirlit löggjafarvalds með framkvæmda-
valdi er nauðsynlegt. Nú treystum við á eftirlit Ríkisendurskoðunar, fjöl-
miðla og hins frjálsa markaðar.

Misnotkun valds kjörinna fulltrúa er grafalvarlegt mál en héraendis hafa
menn komist upp með ýmislegt sem alls staðar í nágrannalöndunum hefði
leitt til afsagnar. Þetta er vegna þess að Íslendingar taka stjórn mál ekkert
sérstaklega alvarlega. Þeir líta svo á að þau séu skemmtiefni, að vísu ekkert
sérstaklega áhugaverð en að hægt sé að búa við þau og ræða um þau eins og
rysjóttu veðráttu. Þetta viðhorf er ekki gott vegna þess að margt ákvarðast
á sviði stjórn mála, þar á meðal efnahagsástand, refsiramma, menntun, heil-
brigðisþjónusta og velferð.

Þótt stjórnámálemenn reyni að gera sitt besta og stefna þeirra sé lík í mörg-
um atriðum er þó meginmunur á, til dæmis að hve miklu leyti opinberir
aðilar eigi að sjá um þjónustu á sviði mennta og heilbrigðis. Pólitískur ágrein-
ingur verður því alltaf fyrir hendi og í slíkum ágreiningi þrífst lýðræðið og
áhugi fólks. Ef raunverulegum deiluefnum fækkar minnkar áhuginn, sem

¹ Vefsíður Ágústar www.agust.is 20. maí 2002.

endurspeglast í lítilli kosningabátttöku og auknu valdi stjórnámálanna. Almennigur á því að hefja baráttu fyrir því, innan og utan flokkakerfisins, að ákvarðanir verði í miklu meira mæli færðar beint til fólksins en þær eru nú. Nýjar bæjar- og sveitarstjórnir gætu vel unnið að þessu verkefni.

*Samfylkingin,
aðdragandi og stofnun*

Viðtal Karls Th. Birgissonar ritstjóra við Ágúst Einarsson
sem birtist í Helgarpóstinum 2. nóvember 1995

Ég vil byltingu og blóð

Eru ekki öll merki uppi um það að Þjóðvaki sé að fara sömu leið og t.d. Bandalag jafnaðarmanna, Borgaraflokkurinn og önnur sprengiframboð? Er spilið ekki búið?

„Nei. Ég held að aðstæðurnar séu töluvert öðru vísi núna. Klofningsframboð undanfarna áratugi hafa flest verið á vinstri hlið stjórnmalanna, í umhverfi jafnaðarstefnunnar. Sjálfstæðisflokkurinn hefur aldrei klofnað alvarlega fyrir utan Borgaraflokkinn, sem stóð stutt við og hafði engin áhrif inn í Sjálfstæðisflokkinn. Framsóknarflokkurinn hefur ekki klofnað síðan á fyrri helmingi aldarinnar.

Það sem er eftirtektarvert við klofning á vinstri væng er að jafnvel þótt flokkar hafi horfið þá hafa áhrif þeirra verið mjög mikil. Dæmi um það eru Samtök frjálslyndra og vinstri manna; þar voru sterkir einstaklingar sem gengu svo til liðs við aðra flokka og ný hugsun þeirra hafði mikil áhrif bæði innan Alþýðubandalags og Alþýðuflokks.

Það sama gerðist með Bandalag jafnaðarmanna. Hugmyndafræði þess, sem tengist pólitískt frjórri hugsun Vilmundar Gylfasonar, hefur haft geysilega mikil áhrif tíu og fimmtán árum seinna. Mál sem þar voru rædd ítarlega á sínum tíma, til dæmis frjálst fiskverð, þykja nú sjálfsagður hlutur. Það þótti mjög byltingarkennt þegar Vilmundur talaði fyrir því. Nú er uppstökkun á vinnumarkaði, vinnustaðasamningar og annað sem var áberandi í málflutningi hans aftur alvarlega til umræðu. Það er hægt að telja fleira. Enn skilgreina menn sig í Alþýðuflokki sem Bandalagsmenn þótt tíu ár séu síðan það leið undir lok.

Staðan í skoðanakönnunum er þess vegna mjög slæmur mælikvarði á líftíma stjórnmalaflokka. Spurningin er miklu fremur: á Þjóðvaki og hugmyndafræði hans eitthvert erindi? Er hægt að berjast fyrir stefnumálunum með þessum fjögurra manna þingflokki og ná þau fótfestu innan annarra flokka? Það markar miklu fremur líftíma hreyfingarinnar.

Þjóðvaki er fyrst og fremst stofnaður til að brjóta upp flokkakerfið. Fólki var búið að fá nóg af því sem var að gerast innan Alþýðuflokks og Alþýðubandalags. Fólki kom líka frá Framsóknarflokki og jafnvel Sjálfstæðisflokki. Það var búið að fá nóg af núverandi flokkakerfi. Það

vildi gera atlögu að því með þessum hætti og mér finnst að tilraunin hafa heppnast.

Niðurstaða kosninganna er besta ríkisstjórn sem hreyfing jafnaðarmanna gat fengið. Ef Þjóðvaki hefði ekki komið til þá hefði setið hér ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks með annaðhvort Alþýðuflokki eða Alþýðubandalagi. Það hefði ekki skilað neinu í þeirri stóru draumsýn sem er breiður flokkur jafnaðarmanna á Íslandi. Það er markmiðið. Að því leyti er þetta draumaríkisstjórnin.“

Þjóðvaki var þó ekki stofnaður til þess að núverandi ríkisstjórn yrði til.

„Nei, það er rétt en án stofnunar Þjóðvaka hefði hún ekki orðið til. Markmiðið með Þjóðvaka er að búa til sams konar hreyfingu jafnaðarmanna og er í nágrannalöndunum, 30–40 prósentu jafnaðarmannaflokk. Með því að þessi ríkisstjórn var mynduð fór Framsóknarflokkurinn, þvert á það sem hann hefur oft sagt, alveg upp að hliðinni á Sjálfstæðisflokknum. Framsóknarflokkurinn vann góðan kosningasigur og hefði getað látið það endurspeglast betur í stefnu stjórnarinnar en hann gerði það ekki. Núverandi ríkisstjórn er alger andstæðingur sjónarmiða félagshyggju- og jafnaðarmanna eins og þau eru skilgreind í evrópsku samhengi.

Þessi staða er alveg ný. Allir flokkarnir fjórir sem eiga sér þennan draum eru í stjórnarandstöðu. Alþýðubandalag og Alþýðuflokkurinn hafa lengi talað um hann, Þjóðvaki var beinlínis stofnaður til að vinna að honum og Kvinnalistinn, þótt hans sjónarhorn sé annað, á vitanlega heima í þessu umhverfi stjórnmalanna. Þetta er árangurinn sem Þjóðvaki náði. Ef þetta hefði ekki gerst sæti hér hefðbundin ríkisstjórn og staða Sjálfstæðisflokksins væri áfram gulltryggð.

Við sem viljum þennan stóra flokk þurfum að sannfæra lág- og millitekjufólk sem kys Sjálfstæðisflokkinn um að hagsmunum þess sé betur borgið með því að styðja hreyfingu jafnaðar- og félagshyggju. Það má ekki gleyma því að samkvæmt kosningatölum er Sjálfstæðisflokkurinn einn stærsti verkalyðsflokkur á Íslandi. Hið mikla fylgi Sjálfstæðisflokksins er hin stóra mót-sögn í íslenskum stjórnmalum. Honum hefur tekist að feta bil beggja sem breiður miðjuflokkur, haft rótgróna afstöðu í utanríkismálum – sem hefur verið ákveðin kjölfesta í stefnu hans – en fyrst og fremst verið pragmatískur flokkur, flokkur fjöldans og valdsins. Þetta hefur honum tekist alveg snilldarlega og fengið til liðs við sig kjósendur úr öllum stéttum þjóðfélagsins.

Ef hins vegar er skoðað hvernig Sjálfstæðisflokkurinn hefur beitt þessu valdi sínu sést að hann tekur aldrei afstöðu gegn fjármagnseigendum, gegn

fyrirækjum og þeim sem betur mega sín. Í framkvæmd á stefnu sinni er hann hefðbundinn íhaldsflokkur – hann er fyrst og fremst að gæta ákveðinna hagsmuna. Hins vegar er kjörfylgi hans miklu meira en svarar til þessara hagsmuna. Þessa mótsögn erum við að reyna að draga fram og ef það tekst höfum við von til þess að þessi breiðfylking sem talað er um skili einhverjum árangri.

Ef tekst að koma saman breiðfylkingu þessara fjögurra flokka yrði kjörfylgi slíkrar hreyfingar að vera meira en kjörfylgi þeirra samanlagt. Þetta er lögmálið um að tveir plús tveir séu fimm. Hvaðan fáum við þetta fylgi? Frá mörgu fólki sem hefur kosið til dæmis Framsóknarflokkinn, sem hefur söguleg tengsl við slíka hreyfingu. Framsóknarflokkurinn hefur núna fyrst og fremst skapað sér stöðu sem miðjuflokkur og haldið henni. Honum hefur gengið það alveg prýðilega, enda búinn að vera meira og minna við völd í aldarfjórðung.

Hins vegar, ef okkur tekst að yfirbuga glundroðakenningu Sjálfstæðisflokksins, sem hefur nýst honum vel, þá er ég sannfærður um að við getum fengið mikið af fylgi hans.

Þannig sé ég þessa breiðu fylkingu fyrir mér; evrópskt munstur, þar sem er stór jafnaðarmannaflokkur, lítill flokkur vinstra megin við hann, sem einnig gæti gerst hér, einhvers konar miðflokkur og loks frjálshyggjuflokkur sem hefði ekki nándar nærri þá sterku stöðu sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur nú.“

Þetta tókst '68 og '94

Aftur að lífslíkum Þjóðvaka og áhrifum stefnumála. Ef fólk væri spurt úti á götu um helstu stefnumál flokksins, um hvað aðskilur hann frá öðrum, er hætt við að lítið yrði um svör. Þú ert í raun að segja, ef ég skil þig rétt, að stærsta stefnumál Þjóðvaka sé að sameina jafnaðarmenn?

„Já, það er aðalmarkmiðið. Að búa til stærri hreyfingu á þessum væng stjórnmálanna. Okkar markmið er að leiða þennan hóp að sama borði. Ef það tekst ekki einhverra hluta vegna gerum við ráð fyrir að halda okkar striki og bjóða fram aftur.“

Á hvaða forsendum, ef sameiningin misheppnast?

„Til að sækja endurnýjað umboð fyrir stefnu okkar, sem er ólík stefnu Alþýðuflokks og Alþýðubandalags að sumu leyti en að sumu leyti ekki. Þessir flokkar eru greinar af sama meidi. Ef við færðum alla þessa einstaklinga út til Evrópu, þingmennina og baklandið í flokkunum, hvaða flokk myndu þeir

kjósa þar? Þeir myndu meira og minna tilheyra sama flokknum, jafnaðarmannaflokkki. Að vísu yrðu skiptar skoðanir innan flokksins, en þannig er það líka í þessum stóru flokkum í Evrópu. Það er mikil breidd í stóru jafnaðarmannaflokkunum alls staðar í Evrópu.

Einstökum flokkum hefur mistekist að mynda þessa breiðfylkingu. Bæði Alþýðuflokkur og Alþýðubandalag hafa reynt það en einhver hindrun er í veginum sem menn komast ekki yfir. Lengst var komist 1978, þá reyndar í tvennu lagi þegar báðar hreyfingarnar fengu yfir tuttugu prósent atkvæða, en þær báru ekki gæfu til að geta unnið saman.

Eina leiðin til að gera þetta er í einhvers konar samstarfi eða sameiningu. Sú hugsun gekk upp í Reykjavíkurlistanum þar sem menn neyddust til samstarfs ef þeir vildu ekki láta Sjálfstæðisflokkinn vinna borgina eina ferðina enn. Við höfum þess vegna séð að þegar kjósendum býðst þessi kostur, þegar eru tveir pólar, þá höfum við meirihluta. Það sýndi sig með R-listanum. Það sýndi sig líka í forsetakosningunum 1968, þar sem þessir sömu pólar mynduðust.

Þessi skýru skil hafa bara orðið svo sárasjaldan.“

A-flokkarnir komast ekki lengra

En þú, hægri kratinn, frjálsslyndi jafnaðarmaðurinn eða hvað það er kallað, hvaða erindi átt þú í flokki með Hjörleifi Guttormssyni?

„Ég tel mig vera jafnaðarmann í evrópskum skilningi. Ég er frjálsslyndur sem er ekkert skammarorð um jafnaðarmenn. Nútímajafnaðarmaður hugsar sem markaðsbúskaparmaður, þ.e. að markaðslögmálin séu líklegust til að ná mestum árangri í að nýta framleiðsluþætti þjóðfélagsins. Það er langt síðan jafnaðarmenn urðu sammála um þetta þótt við séum svolítið eftir á hérna á Íslandi og það eimir svolítið eftir af forsjarhyggju í efnahagslífi.

Það breytir ekki því að jafnaðarmenn hafa sérstakar áherslur í velferðarmálum, í eftirliti með fyrirtækjum og atvinnulífi, stuðningi við verkalýðshreyfinguna, kvenfrelsi og mörgu fleira. En markaðsbúskapur er notaður sem skipulagstæki í efnahagslífi. Það skilur ekki á milli þess hvort menn eru góðir eða vondir jafnaðarmenn. Það er kjánaleg umræða og ökonómískt líka vitlaust.“

Ég spurði ekki um góða og vonda jafnaðarmenn, heldur lýsti þeim raunveruleika sem blasir við hérna. Þótt menn kalli sig hér jafnaðarmenn, þá eimir mjög sterkt eftir af gömlum sjónarmiðum í efnahagsmálum. Þannig

huga sterk öfl bæði í Alþýðubandalagi og Kvennalista. Þess vegna er spurt: hvaða erindi attu í flokk með því fólki og langar þig í flokk með því?

„Í svona hreyfingu verður breidd í skoðunum mikil. Það eru til afturhaldssamir menn beggja vegna og þannig mun verða áfram. Ég held hins vegar að ef einhver gamaldags forsjarhyggja verður ofan á í svona flokki þá sé hann dauðadæmdur og þá verð ég ekki þátttakandi í því. Ég verð ekki sá eini sem neitar að taka þátt í því af því að það er ónýtt hugmynd.“

En það verður að skilgreina jafnaðarstefnuna frá fleiri sjónarmiðum en efnahagslegum. Það voru ein mistökinn sem Alþýðuflokkurinn gerði. Ástæðurnar fyrir því að Jóni Baldvini mistókst að gera Alþýðuflokkinn að stóra jafnaðarmannaflokki eru margar: sterk staða Alþýðubandalagsins, til dæmis innan verkalýðshreyfingarinnar, persónuleg togstreita einstaklinga, en líka ofuráhersla Alþýðuflokksins á efnahagsmál. Alþýðuflokkurinn undir forystu Jóns Baldvins hefur skilgreint jafnaðarstefnuna fyrst og fremst sem spurningu um efnahagsmál.“

Er það ekki einmitt að hluta hugsað til þess að aðgreina sig frá „gömlu“ jafnaðarstefnunni með áherslu á markaðslausnir, að skilja eftir gömlu hugsunina? Án þess væri tilraunin ónýtt, eins og þú sagðir?

„Það er allt í lagi af draga fram markaðslausnirnar sem nútímatæki í hagstjórn en það eitt dugar ekki. Hvernig á að endurskipuleggja valdið í þessu landi, hvað með völd forstjóra stórfyrirtækja, verkalýðsleiðtogana, lífeyrissjóðina, fjölmiðlana? Hvernig á að taka á því pólitískt? Hvernig á að endurskipuleggja menntakerfið, heilbrigðisþjónustuna, velferðarkerfið og fleira slíkt? Hvaða framtíðarsýn er þar? Hvaða utanríkisþólitík hefurðu aðra en efnahagslega? Þarna hafa ekki komið nein svör. Alþýðuflokkurinn hefur í raun aðeins haft einn merkimiða uppi, hinn efnahagslega, en jafnaðarstefnan er miklu fleira.“

Þetta er svo sem stefna sem hentar mér ágætlega því að ég er efnahagslega þenkjandi en ég sé jafnaðarstefnuna sem miklu, miklu fjölpættari en kemur fram í þessu.

Alþýðubandalaginu hefur hins vegar tekist á síðustu árum að brjóta út úr fortíð sinni, sem er náttúrulega ein forsenda þess að hægt sé að ræða samvinnu. Það eru allt önnur stjórnmál sem blasa við eftir hrun Berlínarmúrsins 1989, allt annað og nýtt tímatal. Alþýðubandalagsmenn eru að reyna að lifa í þessu nýja tímatali og kjör Margrétar Frímansdóttur sem formanns sýnir að þar eru miklar breytingar að verða.

Það er ekkert í hinu pólitíska umhverfi sem á að koma í veg fyrir sameininguna. Hér situr ríkisstjórn sem er andvíg öllum okkar sjónarmiðum. Það mun ekkert breytast og að óbreyttu gæti stjórnin setið áfram eftir fjögur ár og aftur eftir átta ár. Það er óbærileg tilhugsun og margt á sig leggjandi til að koma í veg fyrir það. Öll skynsemi mælir með að gera þetta. A-flokkarnir komast ekkert lengra en þeir hafa nú komist um áratugaskeið. Kvinnalístin þarf að finna sér nýjan pall til að standa á. Ef þetta tekst ekki verður þar aðeins um að kenna persónulegum ágreiningi einstakra forystumanna. Ég held samt að þeir skilji að svo má ekki verða. Í grasrótinni, hjá yngra fólki, er mikill áhugi fyrir þessu og svo kynni að fara að það tæki völdin í þessu máli. Það væri þá gott.

Ef sameiningu tekst ekki sitjum við langt fram á næstu öld með vonlausu pólitík. Ísland stendur að mörgu leyti á krossgötum. Ný efnahagsstefna felst í því að ganga á hólmi við kerfi fortíðarinnar. Það þarf að ganga á hólmi við kerfi sem verndar hagsmuni í landbúnaði, í sjávarútvegi, á vinnumarkaði og í bankakerfinu þar sem menn skipta á milli sín stólunum. Slíkri róttækni verður að koma á ef á að takast að bæta hér lífskjör í framtíðinni. Við verðum að færa stjórnarhætti til nútímahorfs. Það gerum við ekki með þessu gamla spillta valdakerfi sem hefur ráðið hér í fimmtíu ár. En að þessu þarf að koma nýtt fólk. Ég hef verið að vonast eftir að róttækt, ungt fólk sem sópi þessu til hliðar komi fram en þar hef ég orðið fyrir vonbrigðum.“

*Hvað heldurðu að þetta hafi verið sagt oft um nýja unga fólkið sem breytir?
Hangirðu enn í þeirri von?*

„Já, ég geri það. Það kannski einhver nostalgía frá '68-kynslóðinni að það hljóti að vera til róttæk hugsun í ungu fólki. En maður spyr hvar það endar ef fólk á fimmtugsaldri, sem hefur lent í öllum pyttunum, á að vera í fararbroddi um þessi mál. Það eru mikil vonbrigði að í stjórnmalaflokkunum er ekki að finna ungt, ferskt fólk í neinum mæli. Ungt fólk kys ekki að hasla sér völl innan stjórnmalanna. Hæfileikaríkt fólk fer inn í fjölmiðla-, fjármála- og listaheiminn þar sem það nær árangri eins og klárt fólk gerir yfirleitt. Það setur mark sitt á þjóðfélagið á þessum vettvangi en hefur ekki áhuga á að starfa í stjórnmalum. Þetta er mjög slæmt.“

Er ekki gott að fólk hefur áhrif með þessum hætti? Þýðir það ekki að stjórnmalaflokkarnir og völd þeirra skipta minna máli en áður og áhrif færast á aðrar vígstöðvar?

„Jú, en um leið og það gerist færast vald frá lýðræðislega kjörnum fulltrúum

til þeirra sem hafa ekkert lýðræðislegt aðhald. Það er ekkert aðhald með valdinu í peningastofnunum, á vinnumarkaði eða í fjölmiðlum og það er alvarlegt mál. Stjórn málin lúta þó lýðræðislegum lögmálum. Þess vegna er slæmt ef ekki sækja til áhrifa í stjórn málum sterkir einstaklingar sem hafa gaman af þessu því að það er alltaf nauðsynlegt að fá einstaklinga sem kunna að fara með valdið og framkvæma sína pólitík. Við höfum ekki góða pólitíkusa á Íslandi. Því miður. Og sérstaklega á þetta við um unga fólkið. Þar klífa flestir upp hefðbundinn stiga og setjast í fyllingu tímans við einhverja kjótkatla sem eru ekki merkilegir af því að valdið liggur annars staðar.“

Eftirlitslaust vald er hættulegt

Þú talaðir áðan um nauðsyn þess að brjóta niður valdakerfi á ýmsum vígstöðvum. Grunnþóinninn í því er siðvæðing. Snýst hún ekki að stærstum hluta um að koma stjórn málamönnum frá því sem þeir eiga ekki að vera að gera? Eða er þetta stærra mál?

„Miklu stærra mál. Hluti er að koma stjórn málamönnum úr hlutum sem þeir eiga ekki að vera í og eru ekki kosnir til. Vandamál okkar er að Alþingi er ekki löggjafarþing. Það eru sárafáir sem eru þangað komnir til að setja lög og leikreglur eins og stjórnarskráin gerir ráð fyrir. Þeir eru nær allir þangað komnir til að vera með puttana í framkvæmdavaldinu. Þetta er einn stærsti gallinn á stjórnkerfinu að við höfum ekkert alvörulöggjafarþing, ekkert alvörueftirlit með framkvæmdavaldinu. Þess vegna reyna stjórn málamenn mjög að hafa áhrif í stjórnnum og ráðum, þótt það hafi minnkað nokkuð á síðustu árum. Tengsl þingmanna eru hins vegar mjög sterk við hið opinbera kerfi.

Þarna eiga að vera skýr skil en siðspilling snýst um fleira, um misnotkun á stöðu manna í þjóðfélaginu. Menn misbeita fjárhagslegu valdi sínu gagnvart öðrum eða til að hygla sjálfum sér. Eina leiðin til að koma í veg fyrir þetta er eftirlit af hálfu löggjafans, fjölmiðla og með siðferðisvitund alls almennings. Það verður að gegnumlýsa opinberar stofnanir og fyrirtækjaumhverfið allt.“

Hvað áttu við með fyrirtækjemarkaði og öðru því sem snýr ekki beint að stjórn málamönnum? Eru að tala um Kollkrabbann?

„Kollkrabbinn getur verið hluti af því. Það má færa að því rök að þar hafi mikið efnahagslegt vald safnast á hendur fárra. En er því valdi misbeitt? Það held ég að sé mun meira vafamál.

Það hefur líka mikið vald – vald framtíðarinnar – safnast til lífeyrissjóðanna

af því að þar liggur mest fjármagnið. Forsvarsmenn þeirra eru verkalýðs- og vinnuveitendaforingjar og fæstir kosnir í nokkurri raunverulegri lýðræðislegri kosningu. Þetta eru valdamenn framtíðarinnar. Hvernig er eftirliti háttað á þessum vettvangi? Það er sáralítið.

Eftirlitslaust vald er hættulegast en eftirlit má tryggja með ýmsum hætti. Ein leiðin er til dæmis þar sem við köllum atvinnulýðræði. Ég sé fyrir mér að starfsfólk í stórfyrirtækjum, t.d. þeim sem eru skráð á Verðbréfabingi, eigi fulltrúa í stjórn þeirra. Þetta þekkist víða erlendis og er þáttur í valddreifingu og eðlilegu eftirliti.“

Eiga ekki eigendur fyrirtækja að stjórna þeim?

„Grundvallarreglan er að eigendur stilla upp stjórn í félögum sínum en til viðbótar því ættu að koma fulltrúar starfsfólks í stjórn fyrirtækisins. Þetta er eitt af framtíðarverkefnum nútímajafnaðarstefnu og þetta mun gerast þótt ég viti að vinir mínir í atvinnulífinu séu ekki allir hrifnir af þessu.

Þetta er ein leiðin til að dreifa valdi. Sumt má gera með lagasetningu en það er líka mikilvægt, eins og þekkist víðast á Vesturlöndum, að hafa góða fjölmiðla. Smæðin í íslenskum fjölmiðlaheimi gerir það að verkum að virkilegt aðhald er sárasjaldgæft, einfaldlega vegna þess að í stóru málunum, þar sem menn eru að verja mikla hagsmuni, þarf svo mikla orku og fyrirhöfn til að fara ofan í þau að íslenskir fjölmiðlar hafa ekki bolmagn til þess. Þeir krafsa mest á yfirborðinu en gera það raunar ágætlega og miklu betur en gert var fyrir nokkrum árum.

Markmiðið er að koma í veg fyrir samþjöppun valds. Við erum ekki að finna upp hjólið. Vald þarf alltaf að vera gegnsætt og sæta eftirliti – og má ekki safnast of mikið saman. Þetta er grunnhugsunin. Það á við um stjórn-málaflokka, stjórnkerfi, fyrirtæki, fjölmiðla og marga fleiri.

Valddreifing er miklu meira en hugtak; það er ákveðið lífsform. Án valddreifingar er fólk svipt öllum tækifærum til að hafa áhrif á umhverfi sitt. Þeir sem hafa valdið reyna alltaf að slá skjaldborg í kringum það. Ef þeir fá tækifæri til þess, þá kemst þú aldrei inn fyrir þessa skjaldborg. Þér líður vel ef þú ert fyrir innan en fyrir utan ertu í æ vonlausari stöðu, eftir því sem tækni og sérhæfingu fleygir fram.“

Krossfarinn

Í kosningabaráttunni í vor var þér nuddað svolítið upp úr persónulegri stöðu þinni, varst kallaður sægrefinn og annað í þeim dúr. Hvernig stendur

á því að maður með þennan bakgrunn, útgerðarmaður og stóreignamaður, efnahagslega þenkjandi og hæfilega jarðbundinn ert ekki íhaldsmaður. Af hverju ertu ekki í Sjálfstæðisflokknum?

„Stefna Sjálfstæðisflokksins hefur aldrei höfðað til mín og ég hef litið á stjórn mála sem baráttu fyrir ákveðnum hugsjónum, fyrir öðru vísi þjóðfélagi, fyrir breytingum. Sjálfstæðisflokkurinn hefur engar pólitískar hugsjónir. Hann er í sjálfu sér ekki stjórn málahreyfing. Hann er valdaapparat, hagsmunabandalag fjölmarga valdahópa í þjóðfélaginu. Það er ýmislegt sem tengir þá saman en flokkurinn hefur enga pólitíska sýn fram á næstu öld eða langtímastefnumörkun. Það fer geysilega lítið fyrir slíku í Sjálfstæðisflokknum.“

En hvaðan kemur þetta félagshyggju- og jafnaðarmannatal í þér? Staða þín og efnahagslegur bakgrunnur, svo að talað sé marxískt, bendir ekki í þá átt?

„Líklega á það rætur í námsárum mínum í Þýskalandi í kringum 1970, í miklu pólitísku umróti. Þá mótuðust skoðanir mínar í stjórn málum. Ég fann þar samleið með jafnaðarmönnum innan háskólans og hef búið að því síðan. Seinna gekk ég til liðs við Alþýðuflokkinn og fann sama hljómgrunn í stefnumálum hans. Ég hef aldrei verið í vandræðum með sjálfan mig sem jafnaðarmann. Hins vegar hafa aðrir haft áhyggjur af því vegna míns bakgrunns, vegna þess að ég hef starfað í viðskiptum og vegnað ágætlega, er ættaður úr sjávarútvegsumhverfi og það að ég vil „common sense“ í rekstri fyrirtækja. Það fer ágætlega saman við hjartað í mér.“

Svo er líka í þér einhver uppveisnartillmeiging. Þú ferð tvisvar úr Alþýðuflokknum, fyrst með Vilmundi og seinna með Jóhönnu. Í millitíðinni lendirðu upp á kant við forystuna vegna ráðningar Steingríms Hermannssonar í Seðlabankann. Af hverju léturðu svona? Eftir hverju ertu að sækjast?

„Ég reyni að vera samkvæmur sjálfur mér. Ég tek allt alvarlega sem ég geri og meina það sem ég segi. Þegar ég taldi að aðrar leiðir væru vænlegri í pólitík til að slást fyrir þessari draumsýn minni um stóra jafnaðarmannahreyfingu, þá fór ég. Ég hef tvisvar farið úr Alþýðuflokknum og í bæði skiptin hafði ég góða stöðu innan flokksins áður en ég fór. Í Seðlabankamálinu var á ferðinni pólitísk spilling sem allir flokkarnir stóðu að og ég undi ekki við það.“

Ég er kannski svolítill uppveisnarmaður í mér. Ég vil sjá byltingu og blóð og tel mig hafa sýnt að ég meina það sem ég segi um uppstokkun á mörgum

sviðum. Það þarf oft að brjóta í mál áður en nýtt er búið til en það kostar átök. Menn snúast til varnar fyrir hagsmunum sínum. Það er eðlilegt. Ég er mjög harður þegar ég hef tekið afstöðu, keyri hart áfram og hugsá ekki um persónulega hagsmuni í því. Ég hef átt því láni að fagna að enginn hefur haft yfir mér að segja. Ég er ekki háður neinum, sem er geysilega mikilvægt í pólitík.“

En það er svolítill krossfarablær yfir þessu öllu.

„Já, ég er svona krossfaratýpa. Ég hefði örugglega marsérað til Jerúsalem og fallið þar við að frelsa gróf Kristis einhvern tímann á tólfstu öld. Það hefði ekki komið mér á óvart.“

En hvaða máli skiptir þetta? Af hverju er þetta svona mikils virði? Geturðu ekki haft skoðanir og hugmyndir, verið sannfærður um að þær séu réttar en látið þar við sitja?

„Hafi ég tækifæri til að berjast fyrir hugmyndum mínum þá vil ég gera það. Ég hef gaman af því og væri náttúrulega ekki að þessu ef svo væri ekki. Ég er ekki svo vitlaus að segja að allt sem ég er að gera geri ég bara fyrir aðra. Ég nýt þess að berjast fyrir hugmyndum sem ég trúi á og er þannig að fullnægja eigin þörfum og vonandi þar með annarra. Ég er ekki píslarvottur í pólitík eða neinu öðru. Ég hef gaman af þessu og vil láta breytingar af mér leiða. Ég er til dæmis ánægður með að eigin þátt í breytingum sem leiddu til stofnunar fiskmarkaða. Ég lít á það sem hlutverk hvers og eins að lifa í sátt við sjálfan sig og sína nánustu og stuðla að jákvæðum breytingum á umhverfi sínu. Ég gæti í sjálfu sér lagst upp í sófa og lifað efnahagslega ágætislífi þar til ég dræpist. Ég myndi ekki svelta. En ég hefði bara ekkert gaman af því.“

Fluttu Ingibjörg Sólrún og Jón Baldvin góðar ræður?¹

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Jón Baldvin Hannibalsson fluttu ræður í tilefni af 80 ára afmæli Alþýðuflokksins. Þar blésu ferskir vindar og fram komu ýmis ný viðhorf.

Þessir forystumenn sýndu vel nauðsyn þess að jafnaðarmenn nái miklu betur saman en þeir gera nú í baráttunni fyrir hugsjónum sínum. Það yrði best gert þannig að myndaður yrði vettvangur fólks sem hefði svipaða lífssýn en starfar nú í mörgum flokkum eða utan flokka.

Nú er tækifærið

Það er mjög margt í umhverfinu sem gerir það að verkum að nú eru betri skilyrði en oft áður fyrir því að þessi draumur íslenskra jafnaðarmanna rætist. Í stefnu núverandi ríkisstjórnar íhalds og sérhyggju koma fram harkalegar árásir á velferðarkerfið.

Hér eru svipuð átök í uppsiglingu og eru nú milli hægri og vinstri flokka í Evrópu. Þetta gerir kröfur til jafnaðarmanna, m.a. um að endurmeta velferðarkerfið eins og bræðraflokkarnir erlendis eru að gera.

Jafnaðarmenn hafa fyrir löngu viðurkennt markaðskerfið sem heppilegt tæki á samkeppnismarkaði og þeir styðja það. Samkeppnisöfl markaðskerfisins eiga hins vegar ekkert erindi inn í velferðarþjónustu hins opinbera, s.s. í heilbrigðismálum, og í menntamálum. Á þessum sviðum mega aldrei skapast forréttindi hinna efnaðri.

Þessi sameiginlega sýn jafnaðarmanna stendur andspænis frjálshyggju og hagsmunagæslu valdakerfis Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Skilin eru nú skarpari en oft áður. Vitaskuld mun stór jafnaðarmannaflokkur framtíðarinnar á Íslandi rúma margar skoðanir og áherslur, alveg eins og er erlendis.

2 + 2 = 5

Við verðum að líta fram á við en ekki aftur á bak. Persónulegir hagsmunir forystumanna skipta hér engu. Þetta er miklu stærra mál en það. Þetta er vitaskuld ekki tæknileg sameiningarumræða heldur barátta fyrir lífssýn og hugsjónum.

¹ Alþýðublaðið 21. mars 1996.

Markmiðið er ljóst. Þeir sem nú eru dreifðir í mörgum flokkum, sem og fólk utan flokka, verða að sameinast í eitt framboð við næstu Alþingiskosningar. Við verðum að skilja að sá tími er liðinn að A-flokkarnir bíði með öndina í hálsinum eftir að komast í stjórn með Sjálfstæðisflokknum.

Við verðum aldrei stór nema við komum með trúverðuga stefnu sem höfðar ekki aðeins til kjósenda Alþýðuflokks, Alþýðubandalags, Þjóðvaka og hluta kjósenda Kvinnalista heldur einnig til hinna fjölmörgu kjósenda Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks sem eru sósíaldemókratar í evrópskum skilningi.

Við verðum að ná til þessara hópa og það gerist ekki nema með sameiginlegu framboði. Hér gildir jafnan 2 plús 2 eru 5.

Það er til fleira en efnahagsmál

Jafnaðarstefnan er róttæk og við þurfum að átta okkur á því að nútíma-jafnaðarstefna fjallar um miklu fleira en efnahagsmál. Við þurfum að leggja miklu meiri áherslu á t.d. menntamál, umhverfismál, valddreifingu, upplýsingatækni, stefnu í málefnum barna og unglinga, kvennápolítík, menningarmál og þróunaraðstoð.

Það er svo margt sem sameinar okkur og við þurfum að blása eld að þeim glóðum sem nú loga til myndunar sameiginlegs vettvangs á landsvísi. Ef okkur tekst það ekki þá situr þessi ríkisstjórn ekki aðeins í 4 ár heldur í 8 ár og jafnvel í 12 ár. Það er skylda okkar að koma í veg fyrir þá framtíðarsýn.

Ræður Ingibjargar Sólrúnar og Jóns Baldvins í afmælisvikunni voru mjög góðar og hugur fylgdi máli. Næsta verkefni snýst um að finna farveg fyrir umræðu og skapa vettvang fyrir sameiginlegt framboð til Alþingis.

Viðtal Kolbrúnar Bergþórsdóttur blaðamanns við Ágúst Einarsson sem birtist í Degi 22. nóvember 1997

Í leit að stóra jafnaðarmannaflokknum

Ágúst Einarsson var ungur námsmaður í Þýskalandi þegar Willy Brandt gerði hann að jafnaðarmanni. Ágúst hefur verið sannfærður jafnaðarmaður alla tíð síðan og í viðtali við Kolbrúnu Bergþórsdóttur ræðir hann um líf sitt og störf og gamla drauminn um stóra jafnaðarmannaflokkinn.

Þú ert forrikur jafnaðarmaður, er það ekki snúin staða fyrir stjórnmálamann sem vill láta taka sig alvarlega?

„Mér finnst þetta ekki óþægileg staða en ég geri mér fulla grein fyrir því að margir sem þekkja mig ekki hafa vantrú á mér vegna þessa. Ég hef einlæga trú á málstað jafnaðarstefnunnar og væri ekki að eyða tíma í pólitík nema vegna þess að ég hef hugsjónir sem ég trúi á. Í málflutningi geng ég stundum harkalega gegn persónulegum hagsmunum og það er líklega mest áberandi þegar ég tala fyrir veiðileyfagjaldi.“

*Faðir þinn var Einar Sigurðsson útgerðarmaður í Vestmannaeyjum, kall-
aður Einar ríki. Varstu snemma var við ríkidæmið?*

„Þetta var eins og hvert annað heimili. Reksturinn hjá pabba gekk upp og niður og stundum kom hann heim og fékk lánað af mjólkurpeningum móður minnar til að geta borgað starfsmönnum laun. Við systkinin vorum ellefu og tíu komust upp. Það er mikil álag á eina konu að eignast ellefu börn á 16 árum. Ég á átta systur og það var gaman að alast upp í svo stórum systkinahópi. Við höfðum félagsskap hvert af öðru. Við bjuggum ekki við dekur og þurftum sjálf að vinna fyrir vasapeningunum okkar. Við systkinin erum öll dugleg og vinnusöm. Sjálfum hundleiðist mér að hanga og ég get verið ópolinmóður gagnvart umhverfinu ef mér finnst það vera að eyða tímanum.“

Reglufesta og nákvæmni eru eiginleikar sem eru taldir þrjúða þýsku þjóðina og þú lærðir hagfræði í Þýskalandi. Efldust þessir eiginleikar við dvölinna þar eða eru þeir þér eðlislægir?

„Ég hef alltaf verið mjög skipulagður í störfum mínum og Þýskalandsdvölin eflaði enn hjá mér vinnusemi. En upplag mitt og uppeldi gerðu að verkum að ég lærði snemma að menn verða að leggja hart að sér ef þeir ætla sér að ná árangri. Þeir sem halda annað lifa í misskilningi.“

Ég vann vel við námið og stundaði ýmis störf á námsárunum erlendis, eins og að keyra út bjór í krárnar í skemmtihverfinu St. Pauli í Hamborg og selja austurlensk teppi.“

Nú er elsti sonur þinn afburðanámsmaður, var frammistaða þín í líkingu við frammistöðu hans?

„Nei, alls ekki, en námið gekk ágætlega. Ég las 5. bekk í Menntaskólanum í Reykjavík um sumarið utanskóla og lauk stúdentsprófi utanskóla 18 ára og fór strax í háskólanám í Þýskalandi. Háskólanámið gekk hratt og vel og ég lauk doktorsnámi. Einhver námsmet setti ég úti í Hamborg og síðast þegar ég vissi stóðu enn einhver þeirra.“

Brandt gerði mig að jafnaðarmanni

Hvenær mótuðust stjórnmálaskoðanir þínar?

„Ég hefði engan sérstakan áhuga á stjórnmálum áður en ég fór til náms í Þýskalandi. Willy Brandt gerði mig að sannfærðum jafnaðarmanni. Ég hreifst af honum og skoðunum hans og þeim mikla krafti sem einkenndi þýska jafnaðarmenn á þeim tíma. Seinna, eftir að ég gekk í Alþýðuflokkinn, var ég einstaka sinnum gestur á flokksþingi þýsku kratanna. Mér er sérlega minnisstæð kvöldstund þar sem ég sat með Willy Brandt og þingmanni frá Bremen og við spjölluðum saman um Ísland meðan við drukkum bjór. Það er mér ógleymanlegt að hafa átt slíka stund með Brandt sem var þjóðsagna-persóna en einkar elskulegur maður.“

Hann er sagður hafa haft mikla persónutöfra og konur áttu að hafa fallið unnvörpum fyrir honum?

„Það féllu allar konur fyrir honum enda var hann einstaklega mikill persónuleiki, yfirvegaður og snjall ræðumaður og góður hugsuður.“

Starfaðir þú með þýsku krötunum?

„Já, ég starfaði með ungliðahreyfingu þýsku kratanna og fyrsti pólitíski fundurinn sem ég talaði á var fyrir 4.000 áheyrendur í Suður-Þýskalandi. Það var mikil stund fyrir ungan mann.“

Þú varðst sannfærður jafnaðarmaður, starfaðir mikið með Vilmundi Gylfasyni og fylgdir honum í Bandalag jafnaðarmanna. Hvernig tími var þetta?

„Þetta er einn skemmtilegasti tími í pólitík sem ég hef lifað. Bandalag jafnaðarmanna er ein merkasta pólitíska hreyfing sem stofnuð hefur verið hér á landi. Stofnun þess var atлага að flokkakerfinu. Ég fyrirlít flokkakerfið og hef sífellt lagt til atlögu við það. Bandalagi jafnaðarmanna tókst að vísu ekki að brjóta það upp. Tilraunin rann út í sandinn en hugmyndirnar og minningarnar lifa.“

Það var góður vinskapur milli ykkar Vilmundar, var það ekki?

„Við Vilmundur vorum nánir samstarfsmenn og vinir. Hann var einstakur maður, sérlega frjór í hugsun og skemmtilegur. Það var ógleymanlegt að vera með honum í pólitískri baráttu og ég er þakklátur fyrir kynni okkar. Hið sama má segja um Valgerði Bjarnadóttur, sem er mikill vinur minn og sú kona sem ég hef einna mest dálæti á.“

Afhverju gekkstú til liðs við Þjóðvaka?

„Mér fannst flokkakerfið vera orðið ónýtt eina ferðina enn og skynjaði möguleika til breytinga þegar uppstokkun varð í Alþýðuflokknum. Ég hef alltaf verið í leit að stóra jafnaðarmannaflokknum og sá að Alþýðuflokknum ætlaði ekki að takast að verða sá flokkur.“

Krafturinn, hugsunin og róttæknin hefur alltaf verið mest í Alþýðuflokknum og allar uppreisnir gegn íslensku flokkakerfi hafa byrjað þar. Ég skal fyrstur manna viðurkenna að uppreisnirnar skiluðu ekki því sem menn ætluðust til. En nú er komið að endapunkti í uppreisn innan flokkanna. Nú höfum við jafnaðarmenn tækifæri aldarinnar til að skapa stóra jafnaðarmannaflokkinn.“

Ég hef aldrei alveg farið frá Alþýðuflokknum

Hvenær ætlar þú að ganga í Alþýðuflokkinn aftur?

„Þótt hugmyndafræði mín hafi verið róttæk og ég hafi stundum látið sverfa til stáls gagnvart flokksböndum þá er Alþýðuflokkurinn minn gamli flokkur og ég hef aldrei farið alveg frá honum og hann ekki frá mér. Ég á mér þann draum í pólitíkinni að hér verði til stór jafnaðarmannaflokkur. Ég vinn með þeim sem vilja vinna að því markmiði. Ef ég kemst að þeirri niðurstöðu að ég geri það best með því að ganga í Alþýðuflokkinn þá mun ég gera það.“

Sérðu fram á sameiginlegt framboð A-flokkanna í næstu þingkosningum?

„Hlutverk jafnaðarmanna er að berjast við afdalamennsku og sérhagsmuni í íslenskri pólitík. Jafnaðarmenn munu hins vegar ekki ná árangri nema A-flokkarnir ásamt Kvinnalistanum og öðrum bjóði fram saman. Samstarfs- eða kosningayfirlýsingar þessara flokka nægja ekki. Ef ekki verður af sameiginlegu framboði hefur uppstokkunin á flokkakerfinu mistekist. Það væri hörmulegt því að jafnaðarmenn hafa aldrei verið eins nálægt því og nú að brjóta á bak aftur áratugaveldi Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks.

Ég hitti ágætan krata um daginn sem sagði Hjörleif Guttormsson, Svavar Gestsson og Steingrím J. Sigfússon ekki vera jafnaðarmenn. Eru þeir jafnaðarmenn að þínu mati?

„Það er þeirra að skilgreina sig. Ég treysti mér vel til að eiga samstarf við þá í stórum jafnaðarmannaflokki, einfaldlega vegna þess að í stórum flokki er ljóst að skiptar skoðanir verða um einstök málefni.

Ég mæti engum manni með fyrirframgefnum fordómum. Mér líkar yfirleitt vel við fólk. Það þýðir ekkert að vera í pólitík ef menn geta ekki látið sér semja við fólk. Lykilatriðið er að bera virðingu fyrir skoðunum annarra.“

Sumir segja að Framsóknarflokkurinn muni styrkja stöðu sína verði af sameiginlegu framboði A-flokkanna.

„Það væri Framsóknarflokknum líklega ekkert á móti skapi að sameiginlegt framboð félagshyggjuaflla yrði að raunveruleika. Þá gæti flokkurinn valið á milli þess með hvorri blokkinni hann starfaði í ríkisstjórn. Markmið þessa nýja afls er hins vegar ekki að leiða Framsóknarflokkinn til valda og alls ekki höfuðandstæðinginn, Sjálfstæðisflokkinn.“

Þú segir Sjálfstæðisflokkinn vera höfuðandstæðinginn, af hverju er hann það?

„Sjálfstæðisflokkurinn, þetta laustengda hagsmunabandalag, er í reynd einungis að gæta hagsmuna hinna fáu. Það eru forstjórar stórfyrirtækjanna og hagsmunasamtaka sem ráða nú orðið öllu í Sjálfstæðisflokknum. Þangað sækir Davíð Oddsson vald sitt.

Stefna Sjálfstæðisflokksins felst í framsóknarhyggju, afturhaldssemi og hugsjónalausri valdagæslu sérhagsmuna. Það er nokkuð langt síðan Sjálfstæðisflokkurinn hefur gætt hagsmuna launafólks og smærri atvinnurekenda. Þetta mun smátt og smátt renna upp fyrir folki á næstu árum.“

Vill ekki Halldór sem forsætisráðherra

Finnst þér líklegra að jafnaðarmenn fari með Framsóknarflokki fremur en Sjálfstæðisflokki í ríkisstjórn?

„Ef sameiginlegt framboð nær góðum árangri í næstu þingkosningum er lykilatriði að jafnaðarmenn leiði ríkisstjórnina og fái forsætisráðherrann. Ég hef frekar trú á því að samstarf muni takast með Framsóknarflokki en Sjálfstæðisflokki en það myndi að sjálfsgöðu ráðast af úrslitum kosninganna.“

En það kemur ekki til greina að Halldór Ásgrímsson verði forsætisráðherra?

„Ekki í mínum huga.“

En hver verður leiðtogi jafnaðarmanna og forsætisráðherraefni?

„Það veit enginn.“

Er það Ingibjörg Sólrún?

„Við verðum að fara yfir brýrnar í rétttri röð. Það er ekki tímabært að ákveða hver á að leiða hópinn.“

Nú er einn aðalflugmyndafræðingur jafnaðarmanna að hverfa af landi brott til annarra starfa. Ég á að sjálfsgöðu við Jón Baldvin, er ekki vont að missa hann á þessum tíma?

„Ég er ekki sáttur við að hann fari núna. Ég hefði kosið að hafa hann lengur með okkur í því mikilvæga ferli sem nú er.“

Hvað með Jóhönnu Sigurðardóttur, framtíð hennar virðist ekki sérlega glæsileg?

„Það á ekki að vanmeta Jóhönnu. Hún hefur sannað pólitíska hæfileika sína og mun áfram njóta stuðnings.“

Langar þig til að verða ráðherra?

„Það væri lélegur stjórnámálamaður sem ekki vildi verða ráðherra. Ég geri ekkert sérstaklega ráð fyrir því að ná því marki en ég er sannfærður um að ég yrði ágætur ráðherra.“

Hvert yrði þitt fyrsta verk sem ráðherra?

„Ég myndi gera 100 daga áætlun um það sem ég ætlaði að framkvæma og leitast við að koma þorra þeirra verka í framkvæmd á þeim tíma.“

Vernd æðri forsjónar

Þú hefur gert ýmislegt annað en að vera í pólitík.

„Já, ég starfaði í tæp 15 ár við útgerð og fiskvinnslu og tók mikinn þátt í starfi atvinnulífsins. Ég fór svo í Háskólann sem prófessor í rekstrarhagfræði og hef skrifað nokkrar kennslubækur. Ég hef mjög gaman af að kenna. Það er mesta viðurkenning sem ég fæ ef nemendur eru ánægðir.“

Vikjum aðeins að einkalífnu. Starfi stjórnmalamannsins fylgir stöðugt álag og mikil fjarvera. Reynir það ekki mikið á fjölskylduna?

Ég hef ekki hitt neinn sem kemst þokkalega áleiðis og er raunverulega hamingjusamur nema að eiga góðan lífsförunaut. Maður verður að eiga einhvern að, eiga einhvern sem maður getur rætt við og átt skjól hjá. Konan mín er besti félagi minn og vinur.“

Ertu vinamargur maður?

„Ég á ekki og ætla mér ekki að eignast marga vini en ég á marga kunningja. Ég held ég geti þó hrósað mér af því að standa með því fólki sem mér þykir vænt um.“

Ertu einrænn að eðlisfari?

„Ég er ekki frá því. Ég hef ekki sérlega mikla þörf fyrir samskipti þótt ég hafi gaman af að tala við fólk.“

Elsti sonur þinn, Einar, lenti í hremmingum í frumskógum Suður-Ameríku og það var mesta mildi að hann komst lífs af. Hvernig tilfinning er að eiga jafnvel von á því að fá tilkynningu um að barnið manns sé dáðið?

„Það er ólýsanleg tilfinning. Þetta er tími sem ég vildi aldrei nokkurn tímann þurfa að lifa aftur. Ég held að það geti jafnvel verið betra að fá slæmar fréttir snögglega heldur en að þurfa að bíða milli vonar og ótta.“

Trúðirðu því að æðri forsjón hafi vakað yfir syni þínum?

„Já, ég er viss um það. Sjálfur sæki ég styrk annað en í næsta umhverfi. Ég held að okkur sé gott að horfast í augu við að það er meira í kringum okkur en einungis hin efnislega veröld. Mér finnst ósköp notalegt að hugsa til þess að fylgst sé með manni og maður njóti verndar æðri forsjónar.“

Mig langar til að vita hvað þú gerir í frístundum.

„Ég hef gaman af að ferðast. Svo hef ég áhuga á sögu og heimsæki oftast fornminjasöfn í ferðum mínum erlendis. Svo les ég nokkuð mikið, meðal annars ljóð og á mínar upphaldspersónur.“

Eins og?

„Upphaldspersóna mín í Íslendingasögunum er Hallgerður Höskuldadóttir. Hún var mikil kona og sterkur persónuleiki.“

En hún var flagð, hún drap Gunnar?

„Nei, nei. Hans tími var liðinn. Hallgerður er miklu skemmtilegri og magnaðri persóna en Gunnar. Taktu svo Guðrúnu Ósvífursdóttur, það er heldur betur alvörukona. Þetta eru konur sem setja svip á umhverfi sitt og láta til sín taka.“

En þær hefðu aldrei rekist í stjórn mála flokki?

„Þær hefðu verið eins og ég, gengið í og úr flokknum.“

Sérðu eftir að hafa gengið úr Alþýðuflokknum?

„Nei, ég fylgdi ætíð sannfæringu minni. Mér fannst ég alltaf vera að gera rétt. Ég hef aldrei verið annað en jafnaðarmaður og verð aldrei annað. Ég hef í rauninni aldrei slitið persónuleg tengsl við gamla flokkinn minn eða fólknið sem þar er. Ég bíð eftir að sjá gamla drauminn minn um stóra jafnaðarmannaflokkinn rætast. Þá get ég rólegur hætt afskiptum af pólitíkinni því að þá er tilganginum náð.“

Sigur jafnaðarmanna í Evrópu¹

Mikil tíðindi gerðust um helgina þegar ríkisstjórn Kohls kanslara féll í Þýskalandi. Jafnaðarmenn unnu stórsigur undir forystu Gerhards Schröders, foringja þeirra. Sextán ára valdatíma Kohls er lokið. Þetta er sambærilegt við það þegar Tony Blair felldi ríkisstjórn íhaldsmanna í Bretlandi. Mikil umskipti hafa orðið í álfunni. Hægri menn eru alls staðar á undanhaldi og jafnaðarmenn eru nú í forystu í nær öllum Evrópulöndum. Foringjar hægri manna í heiminum, Reagan, Thatcher og Kohl, sem mótuðu stjórnarmál á Vesturlöndum í meira en áratug, hafa öll látið af störfum og jafnaðarmenn tekið við.

Jafnaðarmannaflokkarnir hafa einnig breyst. Nýir foringjar vinstri manna hafa komið fram, Blair, Clinton og Schröder, svo að fáir séu nefndir. Vinstri stefnan hefur einnig breyst, m.a. í ljósi falls Berlínarmúrsins og uppstokkunarinnar í Austur-Evrópu. Félagsleg málefni skipta meira máli en áður. Baráttuna gegn atvinnuleysi þarf að herða og auka samkennd með samborgurum þótt í öðrum löndum séu. Umhverfis- og menntamál setja miklu meiri svip á viðhorf fólks en áður. Þessum nýju viðhorfum hafa jafnaðarmenn mætt. Þeir nýta kosti markaðskerfisins í atvinnulífnum til að tryggja hagkvæma nýtingu framleiðsluþátta en berjast gegn fákeppni, viðhalda samábyrgð í félagslega kerfinu og blása til stórsóknar í mennta- og menningarmálum. Þessi stefna hefur verið skýrust í Bretlandi enda horfa jafnaðarmenn mikið til Blairs og stjórnarhátt hans. Sigur vinstri manna í Frakklandi undir forystu Jospins staðfestir enn frekar þessa þróun. Misrétti í þjóðfélögum Vesturlanda er alvarlegt vandamál og almenningur treystir jafnaðarmönnum betur en hægri mönnum til að takast á við þau.

Íslendingar geta vitaskuld lært af þessum úrslitum í Evrópu, nú síðast í Þýskalandi um helgina. Þau sýna að við erum á réttri leið með hinu sameiginlega framboði Alþýðuflokks, Alþýðubandalags og Kvinnalista. Áherslur eru svipaðar og hjá jafnaðarmönnum í Evrópu en lagaðar að aðstæðum hérlendis. Ef vel er haldið á spilum er hægt að vinna mikinn kosningasigur í næstu Alþingiskosningum og breyta íslensku samfélagi þannig að almenningur fái réttlátan arð af auðlindum sínum, að menntun og menningu verði

¹ Vefsíður Ágústar www.agust.is 27. september 1998.

loksins gert hátt undir höfði, að umhverfismál fái þá athygli sem þau eiga skilið og hagsmunamál kvenna hafi forgang við stjórnarstefnuna. Á þessum fjórum sviðum hafa fylkingarnar þrjár þegar komist að samkomulagi og þetta er í samhljómi við það sem gerist í Evrópu.

Hérlendis hefur hægri hyggjan fest sig mjög vel í sessi með miklum áhrifum Sjálfstæðisflokksins. Sjálfstæðisflokkurinn hefur færst mjög mikið í átt að framsóknarhyggjunni enda sést vörn þeirra fyrir sérhagsmunum glögglega. Góðar ytri aðstæður í hagkerfinu létta vitaskuld róðurinn fyrir ríkisstjórn Davíðs Oddssonar. Þessi ytri skilyrði eru ekki ríkisstjórninni að þakka. Vinnudagur almennings er enn mjög langur og misskipting á góðærinu er mikil, sumir fá lítið en aðrir maka krókinn. Biðlistar eftir aðgerðum á spítölum eru langir, tillitsleysi ríkir gagnvart umhverfinu, spillning viðgengst í samfélaginu, réttur kvenna er bágborinn og sífellt meiri auður safnast á hendur hinna fáu. Það er gegn þessu sem hið sameiginlega framboð sker upp herör. Það er hægt að leika leikinn eftir félögum okkar í Evrópu og hægri mönnum úr valdastöðunum. Okkar tækifæri er í maí á næsta ári í Alþingiskosningum.

Málefna Stefna Samfylkingarinnar¹

Málefna grunnur hins nýja framboðs hefur vakið mikla athygli og það er vel. Aðstandendur framboðsins verða vitaskuld að svara þeirri gagnrýni sem fram hefur komið. Málefna skráin lýsir framtíðarsýn og nýjum áherslum í nokkrum málaflokkum. Það eru einkum fjögur atriði sem eru nýmæli í skránni.

- Í fyrsta lagi er afdráttarlaust sagt að leggja skuli á gjald á auðlindir í sameign þjóðarinnar til lands og sjávar og stuðla að réttlátri skiptingu á afrakstri auðlinda. Þarna er tekin skýr afstaða í harðasta deilumáli undanfarinna ára, veiðileyfagjaldsmálinu.
- Í öðru lagi er blásið til sóknar í menntamálum. Sambærilegu fjármagni verður varið í þennan málaflokk og í nágrennalöndunum. Þetta þýðir um tveggja milljarða króna meiri útgjöld til menntamála á ári en nú, sem er verulegt fé og stórbætir menntakerfið.
- Í þriðja lagi er mörkuð skýr stefna í umhverfismálum, m.a. að umhverfisvernd hafi forgang við virkjanir. Við munum staðfesta Kýótóbókunina strax. Við tökum þarna afdráttarlausu afstöðu með sambærilegum stjórn mála flokkum í nágrennalöndunum.
- Í fjórða lagi skal tryggja jafnrétti og kvenfrelsi á öllum sviðum þjóðlífsins. Jafnréttismál fá sérstaka stöðu innan stjórnkerfisins, auk áherslu á mál fjölskyldunnar.

Við ætlum að breyta og bæta samfélagið og færa til fé. Aukin útgjöld vegna menntamála verða um tveir milljarðar króna á ári og um einn og hálfur milljarður króna í heilbrigðismálum. Fullyrðingar Davíðs Oddssonar um marga tugi milljarða eru út í hött. Opinber gagnrýni Kristins H. Gunnarssonar sýnir það eitt að hann ætlar ekki með okkur í þessa vegferð og það er hans réttur.

Undirritaður hefur ásamt öðrum unnið allt þetta kjörtímabil að sameiginlegu framboði A-flokkanna. Það er eina leiðin til að breyta flokkakerfinu og brjóta á bak aftur áratugavöld Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks. Nú

¹ Vefsíður Ágústar www.agust.is 20. september 1998.

er Framsóknarflokkurinn orðinn smáflokkur, þriðja stærsta stjórnmálaaflið. Það eru stórtíðindi í stjórnmálasögunni að Framsókn sem oft hefur ráðið mestu á undanförunum áratugum muni leika aukahlutverk í stjórnmálum á næstu árum. Baráttan verður milli hins nýja framboðs og Sjálfstæðisflokksins um hvort aflið verði í forystu á nýrri öld.

Almannahagsmunir og sérhagsmunir¹

Síðasta vika ársins er að hefjast. Þá leggja menn mat á liðið ár, rifja upp lofordin, spá í það af hverju þau voru ekki uppfyllt og því er heitið að gera betur á næsta ári. Jólin eru að baki með fjölskylduböðum, gjöfum og góðum mat. Það voru friðsæl jól hérlendis og slysalítill. Það var gott árferði til sjávar og sveita á árinu sem er að líða og því ber að fagna. Það er fallett þar sem vel veiðist. Við gleymum þó oft að allt sveiflast upp og niður og áhyggjuefni núna er hin aukna misskipting í samfélaginu.

Það er mjög óskemmtileg tilhugsun að okkar minnstu bræður og systur hafi það erfitt. Öryrkjar án vinnu eða með litla vinnu eiga mjög erfitt með að ná endum saman. Skuldugt, ungt fólk og einstæðar mæður, einkum þær sem hafa litla menntun, hafa það ömurlegt. Þótt þorri landsmanna hafa betri stöðu um þessi áramót en þau á undan þá megum við ekki láta aðra dragast eins aftur úr og raun ber vitni. Bilið meðal eldri borgara hefur einnig aukist. Mótmæli öryrkja og eldri borgara hafa orðið markvissari síðustu misseri en áður og er það vel. Þessir hópar hafa séð að árangursríkast er að bindast samtökum um sín eigin hagsmunamál. Það verður verkefni næstu ríkisstjórnar að setja velferðarkerfið í öndvegi þannig að fólk verði ekki út undan eins og hefur gerst hjá ríkisstjórn Davíðs Oddssonar.

Stjórnsmál liðins árs hafa fyrst og fremst einkennst af mótun Samfylkingarinnar. Ef tekst að ljúka framboðsmálunum fljótlega á viðunandi og trúverðugan hátt eru margvísleg sóknarfæri í næstu kosningum. Ég hef marg oft haldið því fram að kosningarnar muni snúast um almannahagsmuni gegn sérhagsmunum. Verjendur sérhagsmuna eru Sjálfstæðis- og Framsóknarflokkur sem ætla aftur að mynda stjórn saman. Þeir verja sérhagsmuni með gjafakvótakerfinu, með því að afhenda hinum fáu miðhálendið, með því að eyðileggja náttúruperlur fyrir útlenda stóriðjuframleiðslu, með því að neita að axla alþjóðlega ábyrgð í umhverfismálum með undirritun Kýótóbókunarinnar, með því að tryggja sérleyfi á rannsóknum og vísindum eins og í gagnagrunnsmálinu og virða þar að vettugi aðvaranir vísindasamfélagsins. Allt ber þetta að sama brunni. Flokkarnir tveir verja sérhagsmuni og fólkíð styður þá ekki í einstökum málum en ætlar samt að kjósa þá samkvæmt skoðanakönnunum!

¹ Vefsíður Ágústar www.agust.is 27. desember 1998.

Hvers vegna ætlar almenningur að kjósa Sjálfstæðis- og Framsóknarflokk úr því að hann styður ekki sérhagsmunamál þessa flokka? Meirihluti þjóðarinnar vill veiðileyfagjald, vill að hálandið sé fyrir alla, vill ekki umhverfisfjandsamlegar virkjanir, vill skrifa undir Kýótó-bókunina og er á móti sérleyfi í vísindum. Fólkið styður málin okkar en ekki okkur. Það kys Sjálfstæðis- og Framsóknarflokk samkvæmt skoðanakönnunum. Það eru tvær ástæður fyrir þessu. Sú fyrri er að mjög margir hafa það efnahagslega betra nú en áður og vilja ekki breyta um stjórn vegna þessa. Engu skiptir þótt það séu ytri skilyrði sem ráða mestu um uppsveifluna. Seinni ástæðan er að ekki hefur enn verið mótaður trúverðugur kostur gegn sérhagsmunaflokkunum. Samfylkingin getur orðið þessi kostur. Áramótaheit okkar í stjórnarandstöðunni á því aðeins að vera eitt. Reynum að búa til þennan trúverðuga kost og höldum af reisu til kosninga. Málefnið eru í lagi.

ASÍ fagnar sameiningu þingflokka¹

Stofnun þingflokks Samfylkingarinnar í gær markar tímamót í íslenskum stjórnmálum. Aldrei áður hafa þingmenn Alþýðuflokks og Alþýðubandalags verið saman í þingflokki. Endalok núverandi flokkakerfis urðu í gær. Það kerfi fólst í Sjálfstæðisflokki með sérhagsmuni til hægri, afturhaldssömum Framsóknarflokki og tveimur vinstri flokkum sem yfirleitt sóttu á sömu mið en deildu innbyrðis.

Nú hafa vinstri flokkarnir sameinast. Hinn íhaldssami hópur sem hefur klofið sig frá Alþýðubandalagi markar engin tímamót. Samfylking Alþýðubandalags og Alþýðuflokks með sterkum kvennapólitískum áherslum, sem sést best á því að Samtök um kvennalista eru fullgildir aðilar, eru fyrir mig ánægjulegustu tíðindin í íslenskum stjórnmálum í 25 ár.

Draumurinn um einn flokk jafnaðarmanna er í auglýsni. Að loknum kosningum munu flokkarnir renna fljótt saman í einn flokk eins og hinn nýi þingflokkur. Hamingjuóskir ASÍ á tímamótunum eru táknræn. Árið 1916, fyrir 83 árum, hófst stjórnmálabarátta vinstri manna hérlendis. Þá var verkalyðshreyfing og pólitískur armur eitt og hið sama. Nú er pólitíski armurinn sameinaður eftir 60 ára aðskilnað.

¹ Vefsíður Ágústur www.agust.is 19. febrúar 1999.

Samfylkingin leggur af stað¹

Það færast sífellt meiri alvörusvipur yfir Samfylkinguna. Sameiginlegt framboð þriggja flokka, Alþýðubandalags, Alþýðuflokks og Samtaka um kvemnalista, er hugmynd sem lítið var nefnd í kosningunum fyrir fjórum árum. Vitaskuld var rætt um nauðsyn þess að vinstri menn sameinuðust en slíkt hefur oft áður verið sett fram.

Loksins brotnaði flokkakerfið

Núverandi flokkakerfi hefur reynst ótrúlega fast í sessi. Sjálfstæðisflokkurinn hefur haft yfirburðastöðu í íslenskum stjórnmálum um 40 ára skeið en 40 árin þar á undan réð Framsóknarflokkurinn mestu, oft í skjóli ranglátrar kjördæmaskipunar. Áhrif Alþýðuflokks og Alþýðubandalags hafa verið minnst áberandi meðal fjórflokkanna í áratugi.

Tilraunir til að brjóta upp fjórflokkana tókust ekki en höfðu þó veruleg áhrif innan flokkanna. Þjóðvarnarmenn voru áhrifamiklir innan Alþýðubandalagsins og fólk úr Samtökum frjálslyndra og vinstri manna setti svip sinn á vinstri pólitík um langa hríð. Hugmyndir Bandalags jafnaðarmanna eru enn notaðar í hugmyndafræði vinstri manna og síðustu 15 árin hefur Kvemnalistinn varpað nýju ljósi á jafnréttismál.

Framsókn hefur ekki átt við klofning að etja síðustu áratugina og stofnun Borgaraflokksins og ríkisstjórnarmyndun Gunnars Thoroddsens olli engum varanlegum skaða innan Sjálfstæðisflokksins. Þannig hefur flokkakerfið verið býsna ónæmt fyrir utanaðkomandi tilraunum til breytinga.

Þótt sameining vinstri manna væri mjög áberandi í málflutningi Samtaka frjálslyndra og vinstri manna, Bandalags jafnaðarmanna og Þjóðvaka þá lifðu þessir flokkar ekki lengi.

Reykjavík var lykillinn

Reykjavík hefur alltaf skipt höfuðmáli í íslenskum stjórnmálum. Þar hafa sjálfstæðismenn ráðið ríkjum í áratugi fyrir utan eitt kjörtímabil frá 1978 til 1982. Stofnun Reykjavíkurlistans 1992 og það að vinna borgina voru tíma-mót og þessir atburðir mörkuðu þróunina á því kjörtímabili. Sameiginleg

¹ Dagur 24. febrúar 1999.

framboð urðu nær alls staðar í sveitarstjórnarkosningunum í fyrra og Reykjavíkurlistanum tókst glæsilega að halda borginni.

Nú verður Sjálfstæðisflokkurinn utan stjórnar í Reykjavík í a.m.k. 8 ár samfellt. Þetta hefðu sjálfstæðismenn talið óhugsandi fyrir nokkrum árum. Það vegur mjög að valdakerfi þeirra en Sjálfstæðisflokkurinn hefur byggt tilveru sína á því að vera laustengt hagsmunabandalag fyrir sérhagsmuni en jafnframt verið mjög praktískur í störfum.

Tími Framsóknar er liðinn

Framsóknarflokkurinn hefur fært sig til hægri eða vinstri eftir því sem vindar blása. Framsókn hefur aldrei verið stefnuföst en í formannstíð Halldórs Ásgrímssonar hefur Framsóknarflokkurinn færst enn frekar inn á miðjuna. Framsókn átti alltaf vinstri arm í flokknunum en sú fylking er nær horfin og fylgi hans er tiltölulega lítið á höfuðborgarsvæðinu.

Flokkur Steingríms J. með framsóknarmenn og íhaldsstefnu

Það hefur alltaf verið samgangur milli kjósenda Framsóknar og Alþýðubandalags. Vinstra framboð Steingríms getur reynst Framsókn hættulegt í vor en fjölmargir innan þess nýja flokks eru ekkert annað en gamaldags íhaldsamir framsóknarmenn sem er illa við breytingar.

Framsókn er fyrir löngu búin að gleyma gamla kjörorðinu um að allt sé betra en íhaldið og er að glata hugmyndafræðilegum uppruna sínum, sem var róttækni í atvinnumálum og skjól fyrir bændur og landsbyggð. Nú eru bændur fátækasta stétt allra landsmanna og það þrengir að landsbyggðinni. Framsóknarmenn hafa ekki einu sinni forystu um nýja byggðaumræðu.

Framsókn límir sig upp að Sjálfstæðisflokknum og ver sérhagsmuni. Framsóknarmenn kunna vel við sig í slíkri hagsmunagæslu, eins og saga þeirra sýnir. Þessi flokkur er tímaskekkja og á ekkert erindi inn í nýja öld. Starf Framsóknar á síðustu árum hefur einkennst af afturhaldi, tækifærismennsku og fyrirgreiðslu. Framsóknarflokkurinn hefur lokið hlutverki sínu sem forystuflokkur í íslenskum stjórnámálum.

Gerum verkalyðshreyfinguna pólitíska

Megintilgangurinn með Samfylkingunni er að sameina hugmyndir sem eru nátengdar. Skörp skil í gömlum deilumálum eins og í utanríkismálum hafa horfið, markaðshagfræðin hefur orðið óumdeilanlega helsta tækið í efnahagsmálum, einnig hjá vinstri mönnum, og ný viðhorf í umhverfis-, mennta-, jafnréttis- og velferðarmálum sameina vinstri menn enn frekar en áður. Þetta er sama þróunin og í nágrannalöndunum.

Eini munurinn hér og erlendis eru hin miklu áhrif vinstri manna í verkalyðshreyfingunni erlendis. Hér er verk óunnið, þ.e. að gera verkalyðshreyfinguna aftur pólitíska enda er það háðung að helsti flokkur vinnuveitenda, Sjálfstæðisflokkurinn, skuli vera einn helsti áhrifaáðilinn innan verkalyðshreyfingarinnar.

Ríkisstjórnin ætlaði alltaf að auka misréttið

Markmið Samfylkingarinnar er að vera forystuflokkur. Helsti andstæðingurinn er vitaskuld stærsti flokkurinn, Sjálfstæðisflokkurinn. Alls staðar í Evrópu hafa jafnaðarmenn rutt hægri mönnum frá með nýrri hugmyndafræði um samhjálp og bræðralag og endurskilgreiningu á hagstjórn, velferð og umhverfi. Þetta verður einnig hérlandis.

Við viljum ekki innleiða peningahyggju markaðslögmálanna í mennta-, heilbrigðis- og velferðarkerfi, þótt við teljum að samkeppni og frjálsræði séu hagkvæmasta skipulagið í hefðbundnum atvinnurekstri. Við viljum frjálst framtak og við viljum auka hlut smærri fyrirtækja í hagkerfinu en sjálfstæðis- og framsóknarmenn verja hagsmuni stórfyrirtækja á fákeppnismarkaði. Þeir vilja forgang hinna efnaðri enda hefur mismunurinn í samfélaginu aukist.

Það hafa ekki allir áttáð sig á því að það er beinlínis markmið núverandi ríkisstjórnar að auka muninn í samfélaginu. Það er engin tilviljun að góðærið hefur farið fram hjá mörgum. Stjórnarstefnan miðar að því að þeir sem höfðu það gott áður hafi það áfram enn betra og þeir sem lakar stóðu dragist enn frekar aftur úr. Þessi staðreynd er í fullu samræmi við stjórnarstefnuna.

Stjórnmál snúast um hugmyndir, ekki fólk

Stjórnmál snúast um hugmyndir en ekki fólk. Fólk á að meta í stjórnmálum eftir því hversu fært það er að berjast fyrir hugmyndum. Samfylkingin er ekki samansafn af fólki til að komast í ráðherrastóla heldur hópur fólks með málefnalega skírskotun til hagsmuna almennings til að breyta samfélaginu. Það er ekki markmið að komast í stjórn heldur að breyta samfélaginu og koma á réttlátari skiptingu kökunnar.

Vitaskuld verða menn að komast til valda en hversu oft hafa ekki hugmyndir og hugsjónir verið sviknar á altari persónulegra valda. Þrátt fyrir erfiðleika við að koma framboðinu saman studdi almenningur alltaf hugmyndina um sameiginlegt framboð. Mikil þátttaka í prófkjörunum sýnir að fólkið vill hafa skýran kost í vor.

Yngsti þingflokkurinn og með flestar konur

Stofnun þingflokks Samfylkingarinnar er rökrétt framhald af fyrri vinnu. Nú er til 17 manna þingflokkur sem er stærri en þingflokkur framsóknarmanna. Þetta eru mikil tímamót. Í þingflokknum eru konur 47% sem er einsdæmi héraendis í blönduðum þingflokki og er sambærilegt og á öðrum Norðurlöndum.

Jafnframt er þingflokkur Samfylkingarinnar yngsti þingflokkurinn, þ.e. meðalaldur er þar lægstur. Þingflokkur Sjálfstæðisflokks er elstur, meðalaldurinn er 52 ár, og þar eru konur einungis 20% þingmanna. Sjálfstæðisflokkurinn er valdastofnun miðaldra karla sem hugsar um það eitt að halda völdum og sérhagsmunum sínum.

Að trú á sjálfan sig og aðra

Samfylkingin er nú loksins föst í sessi. Stofnun þingflokks Samfylkingarinnar innsiglar samstarf flokkanna þriggja og þeirra sem standa utan flokkakerfisins og hafa beðið lengi eftir þessu. Almennungur tekur þessu vel. Nú er mikilvægast að draga stefnumálin vel fram, hafa sjálfstraust, setja skýrt fram kröfuna um forystuhlutverkið, verjast andstæðingum í stjórnarflokkum og annars staðar og ekki hvað síst verða að einni liðsheid.

Í knattspyrnu er ekki nóg að stilla upp 11 manns. Það þarf að leika eftir áætlun og samhæfingun er mikilvægast þátturinn. Þetta er eins í stjórnárum.

Menntastefna Samfylkingarinnar¹

Samfylkingin, ein meðal stjórnmálaafllanna hérlendis, hefur sett menntamálin í 1. sæti. Samfylkingin hefur tekið þar forystuna og áttað sig á því að tvennt þarf til að ná árangri í menntamálum, ný stefna og meiri peningar. Aðrir stjórnmálaflokkar hafa fæstir nýjar hugmyndir og enginn þeirra er reiðubúinn að setja meira fé til þessara mála. Enginn nema Samfylkingin, sem hefur ákveðið að bæta við tæpum 10 milljörðum króna í menntamál á næsta kjörtímabili. Þetta er verulegt fé. Til að mynda ver ríkisvaldið um 14 milljörðum króna árlega til framhaldsskóla og háskóla.

Byggðaumræðan hérlendis snýst alltaf um búferlaflutninga frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins. Þetta er röng nálgun. Á næstu árum munu útlönd saga til sín ungt fólk ef við gætum ekki að okkur. Ég hef í mörg ár spurt lokaársmendur mína í Háskólanum hvort þeir geti hugsað sér að setjast að erlendis. Í hvert skipti réttir hver einasti nemandi upp hönd. Þessu var þveröfugt farið fyrir 30 árum. Við sem lærðum erlendis vorum alltaf á leiðinni heim. Okkur þótti það fráleit hugsun að setjast að erlendis þótt örfáir gerðu það reyndar. Núna er samkeppnin um búsetuna við útlönd. Alþjóðlegur samanburður sýnir að við höfum dregist aftur úr öðrum þjóðum enda höfum við varið mun minna fé til menntamála en þær.

Það eru vinstri menn sem skilja að menntun og forgangsroðun hennar er samfélagslegt verkefni á sviði opinbers valds. Það er ríkisvaldið og sveitarfélög í samvinnu við aðra sem verður að hafa forystu um nýja menntastefnu og meira fé. Rannsóknir og þróunarvinna þar sem við höfum dregist mjög aftur úr verða ekki endurreist nema með meira fé. Ungt fólk fær ekki hærri laun í framtíðinni nema hugur fylgi máli í menntamálum hjá stjórnmálaöflum framtíðarinnar. Það er engin vandi að tala hlýlega um menntamál en það er annað að þora að setja þau í forgang og setja meira fé til þessara mála. Samfylkingin þorir að líta til framtíðar inn í nýja öld í menntamálum.

Þegar fornfrægt lið fellur í aðra deild í knattspyrnu verður að skipta um framkvæmdastjóra, kaupa nýja leikmenn og leggja fé í liðið. Þá fyrst er von til þess að hægt sé að vinna sig upp aftur. Samfylkingin ætlar að koma Íslandi upp í 1. deild í menntamálum en þá þarf að reka Sjálfstæðisflokkinn út úr menntamálaráðuneytinu þar sem hann hefur verið dragbítur síðustu 15 ár.

¹ Vefsíður Ágústar www.agust.is 11. apríl 1999.

Viðtal Kolbrúnar Bergþórsdóttur blaðamanns við Ágúst Einarsson
sem birtist í Degi 29. maí 1999

Nýr flokkur – ný tækifæri

Ertu hættur að skipta þér af pólitík?

„Ég er í allt annarri stöðu en áður eftir að ég er kominn á hliðarlínuna. En ég verð áfram áhugamaður um pólitík og mun eftir megni beita mér fyrir því að það takist sem lagt var upp með; að stofna stóran, öflugan jafnaðarmannaflokk. Nú er mikilvægast að Samfylkingin myndi sér framtíðarsýn, ákveði hvert hún ætlar að stefna og hvernig hún vilji vinna. Um leið skiptir miklu að stofnaður sé flokkur um Samfylkinguna og ég tel brýnt að það gerist sem fyrst. Tími kosningabandalagsins er liðinn.“

Við erum að hefja seinni hálfleik og þurfum að vanda okkur enn frekar en jafnframt stíga skrefin hratt því að við verðum að hefja umræðu um mál sem eru skiptar skoðanir um, eins og aðild að Evrópusambandinu, byggðamál og hagsmuni þéttbýlis. Því fyrr sem umræðan á sér stað því betra. Hreyfing án hugmynda er ekki mikils virði og ef umræðan verður ekki innan flokkslegrar umgerðar þá er hún bara út í loftið.“

Hvern sérðu sem framtíðarleiðtoga nýs jafnaðarmannaflokks?

„Ég held að sérhver hreyfing finni sinn foringja. Þegar flokkurinn verður formlega stofnaður er eðlilegt að valin verði ný forysta. Það á enginn neitt í stjórnmálum og til forystu verður að veljast fólk sem hefur burði til að líta fram á veginn.“

Sérðu fram á að Ingibjörg Sólrún muni taka að sér að leiða hinn stóra flokk?

„Hún hefur náð miklum árangri í stjórnmálum. Hvort hún leiðir stóra jafnaðarmannaflokkinn í framtíðinni mun koma í ljós. Mikilvægast er að stofna flokkinn og hefja málefnalega umræðu. Í litrófi stjórnmála er munurinn á Sjálfstæðisflokki og Framsóknarflokki að verða sáralítill.“

Í sameiningarferlinu klofnaði Alþýðubandalagið og þar eru eftir afturhaldssöm öfl í Vinstri grænum. Samfylkingin þarf að sækja til hinnar hefðbundnu millistéttar og auk þess að eiga gott samstarf við launafólk og verkalyðshreyfinguna. Samfylkingin verður að einbeita sér að öðru en að rífast um hvaða þingflokksherbergi koma í hlut manna.“

Finnst þér að Samfylkingin og Vinstri grænir eigi að sameinast?

„Ég sé ekki fram á samruna þessara fylkinga, til þess eru Vinstri grænir alltof fastir í fortíðinni. Þeir náðu umtalsverðum árangri í kosningunum en ég hef hins vegar ekki trú á því að þeir eigi eftir að eflast nema Samfylkingin standi sig þeim mun verr. Ég hef alltaf séð Samfylkinguna fyrir mér sem það afl sem leiddi ríkisstjórn og ég held að það sé raunhæfur möguleiki að svo geti orðið eftir kosningarnar 2003.“

Verðum að byggja upp trúverðugleika*Hvernig heldurðu að núverandi stjórn muni farnast?*

„Ég held að í byrjun muni hún njóta nokkurrar vinsælda vegna uppstokkunar í ráðherralíði en þegar grannt er skoðað verða ekki miklar breytingar í samfélaginu í kjölfar þessarar stjórnar. Við sjáum landbúnaðarmálin í höndum Guðna Ágústssonar og það þýðir óbreytt ástand í landbúnaðarmálum, hátt matarverð og lágur tekjur bænda.“

Ég sé enga róttækni í einstökum ráðuneytum til framfara og ég held að ytri aðstæður verði stjórninni fljótlega erfiðar. Almennitur verður fyrr þreyttur á þessari ríkisstjórn. Þess vegna er svo mikilvægt fyrir Samfylkinguna að verða trúverðugur kostur. En það er ljóst að stjórnarmálmennt fá ekki stuðning kjósenda nema þeir skapi sér tiltrú og hafi hugmyndir og hugrekki. Ef þetta er ekki til staðar hjá Samfylkingunni þá mun hún ekki ná árangri.“

Af hverju mistókst Samfylkingunni að öðlast trúnað kjósenda fyrir kosningarnar? Var það vegna þess að hana skorti hugmyndir?

„Í sjálfu sér hefði mátt halda betur á ýmsum málum í kosningabaráttunni. Hins vegar lít ég svo á að það þýði ekkert að horfa til baka í þeim efnum. Núna er aðalmálið að líta fram á við og stofna flokk. Það er það sem stuðningsmenn Samfylkingarinnar vilja.“

Það er auðvelt að stofna flokkinn þannig að einstaklingar og félög gerist aðilar að Samfylkingunni og starfað sé á landsvísu og í kjördæmum þannig að sérhver félagamaður hafi setu- og atkvæðisrétt á landsfundi. Með þessu eru ekki kosnir fulltrúar á landsfund heldur eiga allir félagsmenn jafnan rétt. Þessi útfærsla einfaldar málið mjög gagnvart gömlu flokkunum og er lýðræðisleg í framkvæmd.“

Hvernig finnst þér að Samfylkingin eigi að haga stjórnarandstöðunni?

„Hún þarf að vera skörp, stórhuga og verður að gæta sín á því að festast ekki í dægurþrasi. Við erum að tala um nýjan flokk og ný tækifæri og erum fyrst og fremst að reyna að höfða til fólksins þegar kemur að kosningunum 2003. Í stjórnarandstöðu munu langtímaáherslur gefast okkur miklu betur en dægurþras. Við verðum að byggja upp trúverðugleika með því að ræða um þjóðfélagsmynd sem við viljum sjá hér þegar við náum völdum.“

Enginn munur á B og D

Áttu von á því að þessi ríkisstjórn sitji út kjörtímabilið?

„Ég held það. Hún hefur sterkan meirihluta. Það er enginn málefnaágreiningur milli flokkanna og ein helsta niðurstaða úr kosningum og ríkisstjórnarmyndun er að Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn eru að verða ein heild. Ef fólk hugsar um það þá sást enginn munur á Framsóknarflokki og Sjálfstæðisflokki í kosningabaráttunni. Þetta eru hagsmunagæsluflokkar sem reka samfélagið frá degi til dags og hafa fengið umboð til að halda því áfram.

En ég held að það hversu svipaðir þessir ríkisstjórnarflokkar eru veiti Samfylkingunni mörg tækifæri sem þarf að nýta á réttan hátt. Sjálfstæðisflokkurinn hefur alltaf verið stærsti Framsóknarflokkurinn.“

Heldurðu að Davíð Oddsson verði í pólitík næstu fjögur árin?

„Ég sér ekkert sem bendir þess að Davíð Oddsson ætli að hætta sem forsætisráðherra meðan hann hefur til þess styrkleika. Ég held að hann muni leiða þessa ríkisstjórn til loka og fara í kosningabaráttuna 2003. Þá er okkar tækifæri að fella hann úr forystuhlutverkinu.“

En hvernig finnst þér líklegt að landslagið verði í pólitíkinni eftir kosningar 2003?

„Þá er þessi ríkisstjórn búin að sitja í átta ár og komin þreyta í hana. Um leið gefst okkur færi á að taka að okkur forystustarf í ríkisstjórn en þá verða menn einnig að hafa metnað fyrir hönd hreyfingarinnar og trú á sjálfum sér. Sumum kann að þykja ferlið hjá Samfylkingunni of hægt. Síðustu þrjú árin fóru í að skapa hreyfingu og næstu fjögur ár munu fara í að stofna og efla nýjan flokk. Ég sá aldrei fyrir mér að þetta myndi gerast hraðar þannig í mínum huga er allt eftir áætlun nema hvað ég vonaðist eftir betri niðurstöðu í kosningum.“

Framsóknarflokkur í tilvistarkreppu

Er ekki hætta á því að Framsóknarflokkurinn bíði afhroð í kosningunum 2003 eftir átta ára stjórnarsamstarf með Sjálfstæðisflokki?

„Það er þringt sífellt meira að Framsóknarflokknum. Hann hefur staðsett sig á miðjunni án nokkurrar hugmyndafræði. Þess vegna kom hann illa út úr kosningunum. Framsóknarflokkurinn er í tilvistarkreppu. Sú uppstokkun sem mun eiga sér stað innan Samfylkingarinnar og byggist á hugmyndafræði þriðju leiðarinnar, samanber málflutning Giddens, hugmyndafræðings Tonys Blairs, mun þringja enn frekar að Framsóknarflokknum og reyndar líka að Sjálfstæðisflokknum.

Sóknarfærin hjá okkur eru að huga að millistéttinni og tala skýrar til venjulegs launafólks en vinstri menn hafa gert síðustu árin. Í mínum huga á Samfylkingin að verða jafnaðarmannaflokkur í evrópskum skilningi með áherslu á bræðralag og trú á getu frjáls markaðskerfis.“

En áttu von á að verða í framboði eftir fjögur ár?

„Hugur minn stendur ekkert sérlega til þess. Alþingi er ekki miðja alheimsins þótt margir sem þar sitja haldi það. Ég hef haft gaman af þessum fjórum árum á þingi og hef átt minn þátt í að Samfylkingin varð að veruleika. En ég er að undirbúa kennslu mína í Háskólanum og af henni hef ég mikið yndi. Verkefni eru því næg. Ég mun áfram hafa gaman af pólitík og leggja til einhver ráð. Svo verður bara að koma í ljós hvort menn fara eftir þeim.“

Framtíð Samfylkingarinnar er ekki einkamál forystu og þingflokks¹

Ný skoðanakönnun um fylgi stjórn mála flokkanna þar sem Samfylkingin mældist með 17% fylgi er verulegt áhyggjuefni fyrir stuðningsmenn hennar. Það hefur allt gengið Samfylkingunni í óhag frá kosningum. Það er eitthvað að hjá stjórn mála afli sem var með 37% fylgi fyrir ári, fékk 27% í kosningum og mælist nú með 17%. Ég tel að fram að upphafi kosningabaráttunnar hafi ekki verið hægt að halda öðru vísi á málum en í kosningabaráttunni voru gerð ýmis mistök en alvarlegast er að ekki var unnið rétt úr stöðunni eftir kosningar.

Ég lagði þá til að sem fyrst yrðu stofnuð félög og flokkur, hafin umræða um stefnumál og farið sem allra fyrst út úr farvegi kosningabandalagsins. Forysta Samfylkingarinnar ákvað að fara þveröfuga leið. Haldið var fast í flokkafarveginn, unnið var seint og illa og enginn vettvangur skapaður fyrir umræðu. Það er engin stórflokkahugsun sýnileg hjá Samfylkingunni.

Vitaskuld snýst þetta ekki aðeins um forystu heldur ekki síður um hugmyndir. Samfylkingin átti í mínum huga að verða nútímalegur jafnaðarmannaflokkur með sterka skírskotun til frjáls markaðskerfis með velferð, menntun og umhverfi sem meginstöðir og styðja aðild að ESB. Þetta er evrópsk jafnaðarstefna. Ekkert af þessu hefur gerst, engin umræða hefur farið fram og stjórnarandstaða af hálfu þingmanna Samfylkingarinnar er ekki einu sinni virk þótt ríkisstjórnin hafi margoft gefið á sér höggstað í sumar.

Samfylkingin er ekki einkamál forystu og þingflokks. Það eru þúsundir manna sem bíða eftir árangri og vilja ekki fara aftur í smáflokkaumhverfið. Stumrað er yfir eignum og fjármálum en umsvif flokka Samfylkingarinnar eru álíka og meðalstórs íþróttafélags. Ef Samfylkingin væri íþróttafélag væri búíð að láta þessa þjálfara fara en þar sem Samfylkingin er ekki til er það ekki hægt. Bæði Alþýðuflokkur og Alþýðubandalag voru lögð undir í þessari vegferð en staðan nú er lakari en var áður hjá hvorum flokki fyrir sig. Vita-skuld er engin leið til baka en þetta þurfti ekki að verða svona.

Þegar Samfylkingin verður loksins stofnuð, nýtt fólk kallað til forystu og

¹ Vefsíður Ágústar www.agust.is 20. september 1999.

skapaður verður vettvangur fyrir málefnalega umræðu er hugsanlegt að það megi snúa þessari þróun við. Almenn Samfylkingarfólk verður sjálft að taka forystuna með fundum og félögum. Það tekur hins vegar langan tíma að ná trúverðuleika hjá almenningi aftur.

Samfylkingin verður að vita hvað hún vill¹

Í aðdraganda síðustu kosninga benti margt til þess að nýtt flokkakerfi væri í uppsiglingu. Samfylkingin átti að verða alvöru mótvægi við Sjálfstæðisflokkinn. Það blés byrlega í fyrstu. Samfylkingin var með um 40% fylgi í könnunum fyrir um ári síðan, fékk 27% í kosningum en nú 7 mánuðum seinna er fylgið komið niður í 14%. Hvað gerðist?

Það er „afrek“ að tapa helmingi fylgisins á aðeins 7 mánuðum en það þurfti ekki að gerast. Vinstri-grænir stofnuðu strax flokk, voru hvassir í málflutningi og þeir festu sig rækilega í sessi. Þrátt fyrir ráðleggingar um að hraða flokksstofnun Samfylkingarinnar og ræða málefni framtíðarinnar var það ekki gert. Í sumar var sagt að allt myndi breytast þegar Alþingi kæmi saman og menn fengju vettvang en tapið hefur aðeins orðið enn meira enda málflutningurinn ekki sannfærandi, tvísaga í umhverfismálum og yfirborðskennður í efnahagsmálum.

Sagnfræðingar framtíðarinnar munu velta fyrir sér af hverju þetta fór svo illa. Ég tel að vinnubrögð forystunnar hafi eyðilagt þá möguleika sem voru í stöðunni. Samfylkingin réð ekki við að missa bæði Ólaf Ragnar og Jón Baldvin úr forystusveit flokkanna. Þeir kunnu þó að vinna á skipulagðan hátt. Nú hefur Ingibjörg Sólrún skýrt frá því að hún muni ekki gefa kost á sér til forystu fyrir Samfylkinguna þegar hún verður stofnuð á næstu mánuðum en ég hef talið best að Ingibjörg taki forystuhlutverkið. Það er miður fyrir Samfylkinguna að hún hafi tekið þessa ákvörðun.

Stjórnmal snúast ekki aðeins um forystu heldur málefni og nú er gullið tækifæri að fylgja alþjóðlegum straumi jafnaðarmanna sem hafa með nýjum hugmyndum náð forystu nær alls staðar í Evrópu og víðar. Jafnaðarmenn verða að líta fram á við og bjarga því sem bjarga verður. Það þarf að ákveða strax stofndag Samfylkingarinnar og setja á blað hinar nútímalegu hugmyndir jafnaðarstefnunnar, byggðar á þriðju leiðinni, sem er stefna jafnaðarmannaflokka í nágrannalöndunum. Síðan á að kynna stefnu, flokk, stuðningsaðila og andstæðinga með fundum og skrifum, halda glæsilegan stofnfund með þekktum erlendum gestum, vera með markvissan málflutning á Alþingi, verða það afl sem leiðir andstöðu gegn ríkisstjórninni og varða veg til framtíðar. Stjórnmalahreyfing verður að vita hvað hún vill. Það skiptir engu máli í hvaða átt sá fer sem ekki veit hvert hann ætlar.

¹ Vefsíður Ágústar www.agust.is 27. desember 1999.

Skýr pólitísk stefna og hugmyndaumræða einkenndu stofnfund Samfylkingarinnar sem flokks¹

Þeir sem tóku þátt í stofnfundi Samfylkingarinnar eru sammála um að þeir upplifðu þar sögulegan atburð. Á fundinum sameinuðust flokkar sem höfðu að hluta starfað í tugi ára, allt frá árinu 1916, eða í yfir 80 ár. Nýjar hugmyndir einkenna nýja flokkinn og strax á stofnfundinum var dregin upp skýr pólitísk stefna sem sker sig frá öðrum flokkum.

Samfylkingin markaði afdráttarlausu afstöðu til jafnréttis og félagslegs réttlætis með aukinni menntun og tók skýra afstöðu með frjálsri samkeppni og einkaframtaki í atvinnulífinu en jafnframt er því hafnað að einkavæða grunnþætti í mennta- og heilbrigðiskerfinu. Samfylkingin tekur pólitíska forystu í að skilgreina samningsmarkmið og leita samstöðu um þau í hugsanlegum ESB-aðildarviðræðum.

Samfylkingin vill að engin réttindi séu án ábyrgðar, að valdi sé dreift í samfélaginu og landið verði eitt kjördæmi. Engan má skilja út undan og einangrun fámennra hópa í fátækt og vanlíðan verður ekki liðin en það er eitt birtingarforma hins nýja samfélags hérlendis og erlendis. Samfylkingin er einn flokka með skýra stefnu í auðlindamálum þar sem þeir sem nýta auðlindir til lands eða sjávar skulu greiða fyrir það sanngjarnt gjald.

Samfylkingin höfðar með stefnu sinni til stórs hóps landsmanna, m.a. til hinnar fjölmennu millistéttar. Mikil þátttaka forystumanna í launþega-hreyfingum á stofnfundinum markar upphaf að mjög mikilvægri þróun í íslenskum stjórnmálum. Verkalýðshreyfingin er að byrja að endurmeta stöðu sína við breyttar aðstæður og Samfylkingin gefur slíku starfi sterka pólitíska umgjörð.

Formaður flokksins, Össur Skarphéðinsson, var kjörinn með 3.500 atkvæðum í almennri atkvæðagreiðslu og slíkur fjöldi hefur aldrei kosið neinn formann í stjórnmálaflokki hérlendis. Ungt fólk sýnir Samfylkingunni mikinn áhuga. Í fyrstu líta menn nokkuð til tengsla við gömlu flokkana en það mun hverfa smátt og smátt. Samstaða var einkenni stofnfundarins. Það er þó mikil vinna eftir við að finna góðan farveg í starfi og samskiptum við almenning en byrjunin lofar góðu fyrir framtíð Samfylkingarinnar.

¹ Vefsíður Ágústar www.agust.is 8. maí 2000.

Viðtal Kolbrúnar Bergþórsdóttur blaðamanns við Ágúst Einarsson sem birtist í Degi 29. júlí 2000

Nýjar lausnir fyrir nýja tíma

Ágúst Einarsson er formaður framkvæmdastjórnar Samfylkingarinnar. Í viðtali ræðir hann um efnahagsvandann og mögulegar ríkisstjórnir, störf ríkisstjórnarinnar, hlutverk jafnaðarmanna, mótun Evrópustefnu og fleira.

Nú ræðir stjórnarandstaðan mikið erfiðleika í efnahagsmálum en ríkisstjórnin segir að þetta sé svartsýnistal og verið sé að mála skrattann á vegginn. Er raunveruleg ástæða til að hafa áhyggjur?

„Við Íslendingar búum við það í fyrsta skipti í mörg ár að verðbólga er hærrí hér en í nágrannalöndunum. Það rýrir samkeppnisstöðu okkar og getur auðveldlega sett kjarasamninga í uppnám. Þess vegna setti Samfylkingin fram hugmynd um þjóðarsamstöðu gegn verðbólgu. Aðrir stjórnarandstæðingar og verkalyðshreyfingin tóku mjög vel undir hugmyndina en forsætisráðherra og fjármálaráðherra svöruðu með dæmigerðum hroka og yfirlæti.

Almenningur er kvíðinn. Hann gerir sér grein fyrir því að góðærið er búið og margir fengu aldrei sinn skammt af því. Kaupmáttur hefur rýrnað síðustu tólf mánuði og vextir eru orðnir svo háir að það er orðið erfitt fyrir fólk að standa í skilum. Skoðanakannanir staðfesta að sterkasta bakland ríkisstjórnarinnar, fyrirtækjaumhverfið, er orðið ósátt við efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. Ég spái því að þessi síðustu ár kjörtímabilsins verði ríkisstjórninni mjög erfið.“

Nú er óneitanlega auðveldara að benda á vandann en koma með lausnir. Hvað hefur Samfylkingin fram að færa?

„Við þurfum þá leið samstöðu sem var farin árið 1990 þegar þjóðarsáttin var gerð. Samstaða þarf að nást milli stjórnmalaflokka, verkalyðshreyfingar, atvinnurekenda og sveitarfélaga um skammtímaaðgerðir. Við búum við himinháa vexti, stórfelldan viðskiptahalla, eitt hæsta matarverð í Evrópu, gífurlega há tryggingariðgjöld og sívaxandi skuldir heimilanna, olíuverð er hærrí hér en í nágrannalöndunum og okrað er á landsmönnum í flugfaragjöldum. Ástæða þessa er fákeppni og vald fákeppnisfyrirtækja sem ríkisstjórnarflokkarnir hafa varið með oddi og egg. Við verðum að brjóta upp þetta kerfi sérhagsmuna.

Stjórnmalauræðan hér á landi byggir um of á gömlum hugmyndum og

gömlum lausnum og tekst ekki á við nýja aðstæður. Það viljum við í Samfylkingunni hins vegar gera og þess vegna erum við alþjóðleg í hugsun og leitum nýrra lausna fyrir nýja tíma.“

Hvaða nýjar lausnir eruð þið með?

„Ef Samfylkingin hefði ekkert annað en gömlu íhaldsúrræðin ætti hún svo sem ekki skilið að komast í ríkisstjórn. En hún hefur aðrar hugmyndir. Við Íslendingar stöndum á krossgötum. Nýtt hagkerfi er að taka við í heiminum og við erum að lifa atvinnuvega- og upplýsingabyltingu í líkingu við þá sem varð fyrir 250 árum þegar menn beisluðu gufuaflíð í iðnaðarframleiðslu. Um helmingur af verðmætasköpun í heiminum kemur nú þegar úr þessari nýju uppsprettu.

Hér á landi erum við að sjá gífurlegar breytingar í atvinnuháttum. Tökum sem dæmi Íslenska erfðagreiningu en hún er meira virði en öll stærstu sjávarútvegsfyrirtæki Íslendinga samanlagt. Menn spyrja sig hvort eitthvert vit sé í þessu. Það er vit í þessu. Þetta er dæmi um fyrirtæki í hinu nýja hagkerfi sem á eftir að skila arðsemi á næstu árum og áratugum.

Íslendingar verða að fylgjast með þessari þróun, læra af henni og taka þátt í henni. Stjórnvöld verða að hafa hugrekki til uppstokkunar. Það er heimskulegt að grípa til lausna sem dugðu fyrir tíu árum því að þær duga ekki lengur. Atvinnuháttabreytingin krefst nýrra pólitískra svara og jafnaðarmenn eiga að veita þessi svör.“

Menntun er aðgangsmiði

Hvað með hefðbundna jafnaðarstefnu í þessu umhverfi?

„Í þessu nýja umhverfi öðlast grunnhugtök jafnaðarmanna um frelsi, jafnrétti og bræðralag nýja merkingu. Frelsið, sem áður fól í sér að brjótast undan oki og þrældómi aðalsmanna, byggist nú á því að dreifa valdi og lýðræðisvæða þjóðfélagið þannig að valdið fari frá fyrirtækjum og hagsmunahópum til almennings. Hægt er að tryggja jafnrétti kvenna og karla betur en áður því að hið nýja samfélag krefst ekki líkamlegra burða eins og áður var. Samfylkingin hefur einnig mætt fjölgun eldri borgara með enn meiri áherslu á þann málaflokk.

Besta tækið til að tryggja jafnrétti kynjanna og þegnanna er menntakerfið. Það er hið nýja almannatryggingakerfi okkar jafnaðarmanna. Bætt menntun er eina leið þróunarríkjanna úr örbirgð. Sá hópur sem á einna erfiðast uppdráttar í okkar samfélagi eru ungar, lítið menntaðar, einstæðar mæður.

Þær eru á lægstu laununum og besta leiðin til að bæta kjör þeirra og stöðu er að bæta menntun þeirra. Sjálfstæðisflokkurinn ber ábyrgð á slakri stöðu menntamála hérlendis og það verður honum legið hvað mest á hálsi fyrir þegar fram líða stundir.

Menntunin er nú verkfæri tækifæranna, aðgangsmiðinn í nýtt samfélag. Sá sem ekki fær þar tækifæri verður út undan. Eitt mikilvægasta hlutverk jafnaðarmanna er að sjá til þess að allir fái jöfn tækifæri og að enginn verði skilinn út undan. Hægri menn vilja að menn fái tækifæri en þeir hafa engan sérstakan áhuga á að veita mönnum jöfn tækifæri og láta sér standa á sama þótt einhverjir hópar verði út undan. Samfylkingin vill ekki forgang fjármagnsins í mennta- og heilbrigðiskerfinu. Við jafnaðarmenn viljum markaðshagkerfi en ekki markaðssamfélag.“

Í viðtölum sem ég hef tekið síðustu vikur og mánuði lýsa menn miklum áhyggjum af því að bilið sé að breikka milli hinna ríku og þeirra fátæku.

„Á síðustu árum hafa opnast nýir viðskiptamöguleikar og þar hafa þúsundir manna á Íslandi grætt óhemju peninga. Þetta er í sjálfu sér ekkert slæmt. Þetta er eitt birtingarforma breytinganna en það eru miklu fleiri sem fengu aldrei tækifæri til að taka þátt í þeim dansi. Skilin í samfélaginu eru að skerpast og það er að verða æ meiri munur á milli fátækra og ríkra. Sá munur mun kalla á átök milli hópa.“

Hið nýja samfélag eykur hættu á því að hópar einangrist, bæði efst og neðst í þjóðfélagsstiganum. Slík þróun er mjög slæm fyrir þjóðfélagið í heild.“

Er leiðrétting á kvótakerfinu enn jafn brýn og áður?

„Já, baráttan um breytingar á kvótakerfinu er fyrst og fremst átök milli Samfylkingarinnar og ríkisstjórnarflokkanna. Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur gæta hagsmuna útgerðarmanna og stórfyrirtækja. Það er ekki mikill munur á aðalfundi Vinnuveitendasambandsins og landsfundi Sjálfstæðisflokksins eða aðalfundi Bændasamtakanna og flokksþingi Framsóknarflokksins. Þar mæta sömu mennirnir.“

Í deilum um kvótakerfið er ekki einungis verið að takast á um skipulag veiða heldur hagsmuni og völd og gífurlega peninga. Það er réttlætismál að leiðrétta það kerfi. Auðlinda- og mengunargjöld eru miklu hagkvæmari skattstofnar en aðrir og með stefnubreytingu væri hægt að lækka tekjuskatt einstaklinga og smærri fyrirtækja. Ríkisstjórnarflokkarnir munu hins vegar

aldrei breyta þessu kerfi því að þeir eru kosnir til að gæta þess að ekki verði hróflað við því. Sjálfstæðisflokkurinn er kosinn til þess breyta kerfinu alls ekki og fær til þess mikinn stuðning frá sterkum aðilum í þessu samfélagi.

Á sama hátt mun Framsóknarflokkurinn aldrei hafa forgöngu um að breyta landbúnaðarkerfinu. Sögulega getur hann það ekki og hann vill það ekki heldur.“

Hornkerlingar í Evrópu

Vikjum aðeins ítarlegar að landbúnaðarkerfinu. Mér heyrir á þér að það sé meingallað?

„Landbúnaðarstefna Evrópusambandsins er alltaf tekin sem dæmi um ógöngur og vitleysu og er réttilega talin eitt mesta vandamál Evrópusambandsins. Fáir hafa áttað sig á því að styrkjakerfið í íslenskum landbúnaði er mun dýrara fyrir skattgreiðendur en styrkjakerfi landbúnaðarins innan Evrópusambandsins. Í landbúnaðarmálum er ríkisstjórnin samkvæm sjálfri sér í aðgerðaleyzi. Hún ætlar sér ekki að breyta landbúnaðarstefnunni. Ríkisstjórnin ætlar landsmönnum áfram að búa við kerfi í landbúnaði sem skilar landsmönnum einu hæsta matvælavæði í Evrópu.

Þrátt fyrir hátt matarverð eru bændur fátækasta stétt á Íslandi og það segir okkur að þetta kerfi er meingallað, óréttlátt og óhagkvæmt. Einu aðilarnir sem hagnast á því eru milliliðirnir, samvinnufyrirtækin, sem stjórnarflokkarnir verja og voru hryggjarstykkið í Framsóknarflokki um áratuga skeið.“

Evrópuumræðan skýtur öðru hvoru upp kollinum hér á landi. Verður Samfylkingin ekki að taka afgerandi afstöðu í því máli?

„Afstaða sjálfstæðismanna og Vinstri grænna er að neita að skoða málið. Með því eru þessir flokkar að snúast gegn þróuninni. Forsætisráðherra segir: „Þið getið rætt þetta mál eins og þið viljið en mín afstaða er klár, ég vil ekki aðild.“ Sama segja Vinstri grænir. Einangrunar- og afturhaldshyggjan er ríkjandi hjá þessum tveim flokkum. Einn maður innan Framsóknarflokksins, utanríkisráðherra, hefur áttað sig á því að þær breytingar sem eru að gerast innan Evrópusambandsins koma okkur heldur betur við.

Við erum að verða æ meiri hornkerlingar í Evrópu, meira að segja með okkar góða EES-samning. Við vitum að innan nokkurra ára verða nær öll ríki Evrópu orðin aðilar að ESB. Eigum við að verða eitt af örfáum ríkjum Evrópu sem eru ekki í Evrópusambandinu?

Samfylkingin er að setja í gang vinnu sem felst í því að skoða samningsmarkmið okkar Íslendinga ef af aðildarviðræðum verður. Sérfræðingar munu svara tilteknum spurningum varðandi Evrópusambandið og undirbúa umræðu innan Samfylkingarinnar sem síðan mun enda í stefnumótun. Við ætlum að halda ráðstefnu um Evrópumál næsta vetur. Mér kæmi ekki á óvart þótt niðurstaða úr þessari umræðu verði mótun stefnu sem verði eitt helsta kosningamálið árið 2003.“

Samfylking til forystu

Sérðu fram á einhverjar breytingar á flokkakerfinu næstu árin?

„Flokkakerfið er að breytast. Sjálfstæðisflokkur er orðinn að risaðlu og í vaxandi mæli eru aðrir ráðherrar Sjálfstæðisflokksins að tileinka sér hrokafullan og yfirlætisfullan stjórnunarstíl Davíðs Oddssonar. Jafnvel Geir Haarde sem var hæglátur stjórnámalaumaður er farinn að tala niður til fólks og Björn Bjarnason hefur löngum tíðkað að sýna þessa ásýnd. Þetta segir ýmislegt um Sjálfstæðisflokkinn og viðhorf hans gagnvart fólki og á eftir að koma honum í koll. Sjálfstæðisflokkurinn er ekki lengur einkaframtaksflokkur heldur hagsmunaflokkur stórfyrirtækja.

Lítill og meðalstór fyrirtæki með einum til fimmtán starfsmönnum eiga engan pólitískan málsvara og ég vil að Samfylkingin verðir málsvari þessa hóps. Ég vil líka að Samfylkingin verði brautryðjandi fyrir hagsmunum menningarmála hérlendis.

Vinstri grænir eru í grundvallaratriðum íhaldsflokkur og ég hef ekki nokkra trú á samruna þeirra og Samfylkingarinnar þótt það geti orðið ágætissamstarf því að í ýmsum efnum eiga þeir málefnalega samstöðu með Samfylkingunni. Ég verð þó að segja eins og er að mér finnst Vinstri grænir ekki framfarasinnaður flokkur. Mér finnst málfutningur þeirra einkennast af því að vera á móti breytingum, sama hvers eðlis breytingarnar eru. Ég held ekki að slík viðhorf muni safna um sig fjöldahreyfingu.

En sá flokkur sem er í mestum vandræðum er Framsóknarflokkurinn. Tilvistarkreppa Framsóknarflokksins er slík að það er ekkert víst að hann komist upp úr henni. Það er einungis einn maður í Framsóknarflokknum sem hefur einhverja pólitíska burði og það er formaður flokksins. Aðrir ná sér einfaldlega ekki á strik. Þetta er allt saman ágætisfólk en það hefur hvorki hugmyndir né kraft. Ég efast um að Halldóri Ásgrímssyni takist að bjarga flokknum fyrir horn í næstu kosningum eins og hann hefur gert á liðnum árum. Ég held að Framsóknarflokkurinn sé kominn í svo alvarlega kreppu,

bæði hugmyndafræðilega og hvað mannaval varðar, að hann muni eiga afar erfitt uppdráttar í næstu kosningum.“

Hvað verður eftir næstu kosningar?

„Ég tel að styrkur Samfylkingarinnar liggi í frjórri og framsækinni hugmyndafræði, hæfri forystu og raunhæfri framtíðarsýn fyrir 21. öldina. Ég held að við eigum mesta möguleika núverandi flokka til að ná árangri árið 2003. Gömlu flokkarnir sem enn hjakka í sama farinu munu ekki skila okkur betri lífskjörum. Samfylkingin vill sem forystuafli breyta samfélaginu með almannahagsmuni að leiðarljósi. Hún á að vera í forystu í næstu ríkisstjórn með Össur Skarphéðinsson sem forsætisráðherra. Jafnaðarmaður hefur aldrei verið í forsæti ríkisstjórnar á Íslandi í heilt kjörtímabil. Ég tel raunhæft að það verði eftir kosningar árið 2003.“

Viðtal Kolbrúnar Bergþórsdóttur blaðamanns við Ágúst Einarsson sem birtist í Degi 17. mars 2001

Pólitík og innihald

Í viðtali ræðir Ágúst Einarsson, formaður framkvæmdastjórnar Samfylkingar, meðal annars um stöðu íslenskra stjórnmálaflokka, skort á innihaldsríkri pólitískri umræðu, borgarmál og framtíð Samfylkingarinnar.

Samkvæmt skoðanakönnunum er staða Samfylkingarinnar ekki nægjanlega góð, hver er skýringin?

„Þetta snýst um tvennt, traust og trúverðugleika sem okkur hefur ekki enn tekist nægjanlega vel að skapa okkur, en ég er sannfærður um að það stendur til bóta. Í skoðanakönnunum hefur fylgið yfirleitt verið 20–25 prósent, sem er vitanlega ekki nægjanlegt en ég trúi því að það aukist þegar líður á haustið. Aðalatriðið er að fá góða kosningu 2003. Mér finnst formaður Samfylkingarinnar vera vaxandi í störfum sínum og þá má bera hann saman við Davíð Oddsson. Það tók Davíð nokkuð langan tíma að ná fótfestu, fyrst innan borgarstjórnar og síðan í landsmálunum. Hjá Össuri og Samfylkingunni mun það líka taka einhvern tíma en allt stefnir í rétta átt, enda eru stefnumálin skynsamleg. Kjörtímabilið er ekki hálfnað.“

Hvað með aðra flokka?

„Staða annarra flokka er mjög sérkennileg. Ég hef þá kenningu að Framsóknarflokkurinn og Vinstri grænir séu að skipta á milli sín 30–35 prósent fylgi og nú eru Vinstri grænir með góðan hluta af því. Mér kæmi ekki á óvart þótt Framsókn næði einhverju af því aftur áður en kemur að kosningum og þetta verða kannski tveir 15 prósent flokkar.“

Vinstri grænum hefur gengið mjög vel og þar er ekki síst því að þakka að framganga Steingríms og Ögmundar hefur verið með ágætum. Þótt ég sé ekki sammála skoðunum þeirra þá finnst mér þeir hafa talað skýrt, verið afdráttarlausir í sinni afstöðu og að hluta til náð að skapa flokki sínum trúverðugleika. Stefna þeirra er þó aðeins ein, það er að vera á móti. VG er einfaldlega afturhaldssamur Framsóknarflokkur.

Það er opin gátt á milli Vinstri grænna og Framsóknarflokksins og það getur vel verið að Vinstri grænir verði hinn nýi Framsóknarflokkur og Framsóknarflokkurinn lendi undir í þessari uppstokkun. Það er mjög margt sem bendir til að svo verði því að Framsóknarflokkurinn er orðinn mjög

lasburða og ég sé ekki hvernig hann á að ná sér aftur á flot. Hann er lítill valdaflokkur, hugmyndalaus og fylgislaus. Þessa dagana er aðalumræðan í sambandi við Framsóknarflokkinn kosningar í forystu hans en þær kosningar skipta engu máli, enda snúast þær ekki um málefni og enginn veit utan Framsóknarflokksins hverjir gegndu þessum embættum. Þessar kosningar eru álíka merkilegar og kosningar í húsfélagi.“

Pólitísk umræða innihaldslítill

Er pólitísk umræða á Íslandi ekki of úþýnnt? Manni finnst alltof oft að stjórnmalamenn séu bara að blaðra.

„Pólitísk umræða er orðin skelfilega innihaldslítill. Hún er oft skemmtiefni og persónuþvaður í fjölmiðlum sbr. „Séð og heyrt menninguna“. Mér finnst þetta óskemmtilegt. Það er áhyggjuefni að stjórnálaumræðan er orðin tal um sjálfsgæða hluti og þar vantar allar hugmyndir. Hugmyndir eru uppsprettan. Í kjölfar hugmynda skapast umræða, eftir umræðu mótast stefna og stefna stuðlar að breytingum á núverandi kerfi. Þetta er atburðarásin. Allt annað er orðagjálfur. Ef menn fara ekki þessa leið í stjórnmalum þá viðhalda menn núverandi ástandi. Varðhundur núverandi kerfis, eins og Sjálfstæðisflokkurinn, vilja halda í hugmyndalaust mynstur. Það hentar þeim vel.

Stjórnmal eiga að snúast um hugmyndir og það á að vera ágreiningur um hugmyndir. Ég fyrirlít stjórnmal sem snúast aðeins um vinsældamat þeirra einstaklinga sem í þeim starfa. Ég held að markaðskerfið hafi rænt stjórnmalamenn stórum hluta af völdum þeirra og ég sé ekkert athugavert við það.

Eitt það alskemmtilegasta sem er að gerast í stjórnmalum hér á landi er atkvæðagreiðslan um flugvöllinn þar sem fólkíð sjálft tekur ákvörðun en er ekki eins og í gamla daga einungis að greiða atkvæði um hundinn, prestinn og brennivínið. Við eigum að færa vald og ákvarðanir frá kjörnum fulltrúum til fólksins.“

Hvaða möguleika á einstaklingurinn í valdakerfi landsins?

„Það var óhugnanlegt að vera vitni að viðbrögðum forsætisráðherra við dómi Hæstaréttar, ekki vegna þess að hann hefði skoðun á dómnum, heldur hvernig framkvæmdavaldið ræðst á eina valdastoð kerfisins. Aðskilnaður valdabáttanna á að vera vörn borgaranna en ekki tæki valdastéttarinnar. Það er ógeðfellt tilhugsun að geta ekki treyst íslensku lýðræðiskerfi vegna hættu á valdbeitingu. Hinn langi valdatími Sjálfstæðisflokksins hefur leitt

til þess að valdamönnum innan flokksins finnst að þeir og valdið séu eitt. Ég held að Sjálfstæðisflokkurinn eigi eftir að fara illa út úr næstu kosningum vegna þess að almenningur muni átta sig á því að foringjar flokksins setja samasemmerki milli sín og valdsins.

Ég er mikill Evrópusinni og nú eru komin viðbótarrök, sem eru að réttarkerfi Evrópusambandsins er orðið vörn gegn túlkun forystumanna ríkisstjórnarinnar á íslensku réttarkerfi. Reyndar tel ég að víglínan í stjórnmálum næstu ára liggi einkum í afstöðunni til ESB.“

Hvað um pólitíska framtíð Davíðs Oddssonar?

„Ég veit ekki hvort hann fer í kosningarnar 2003 en ef hann gerir það held ég að hann tapi þeim. Ég held að hann stefni mjög ákveðið að komast á Bessastaði þegar Ólafur Ragnar hættir, hvenær sem það nú verður. Þar held ég að hann vilji ljúka ferli sínum, en í pólitíkinni er hann að nálgast endaskeiðið.“

Menntakerfið er jöfnunartæki

Hver eiga að vera helstu stefnumál Samfylkingarinnar?

„Nútímajafnaðarmennska snýst um tvennt; að gera fólk hamingjusamt og koma í veg fyrir fátækt. Við stöndum frammi fyrir alveg nýjum aðstæðum í þeim efnum. Misskiptingin um allan heim er að aukast, þeir ríkari eru að verða ríkari og þeir fátækari eru að vera fátækari.

Milljarðar manna líða skort og milljónir manna deyja úr hungri. Við höfum skuldbindingar gagnvart umhverfinu og eigum að sýna umburðarlyndi og tillitssemi sem á rætur í kristinni trú og öðrum trúarbrögðum. Hugmyndafræði manngæsku og velvilja gagnvart náunga okkar er lífsnauðsyn því að ef við náum ekki tökum á misskiptingu gæðanna, gífurlegri fjölgun og erfiðum umhverfisvandamálum þá er mjög líklegt að óbyggilegt verði hér á jörðinni eftir 200 til 300 ár.

Það er fráleitt að eftirláta markaðshagkerfinu að leysa öll þessi vandamál eins og hægri menn vilja. Það þarf sterkt ríkisvald til að tryggja sterka innviði eins og réttlátt dómkerfi, góðar samgöngur, öflugt menntakerfi og jöfn tækifæri. Ég vil markaðshagkerfi en ekki markaðssamfélag. Það á að berjast gegn græðgi.

Það er enginn vandi að yfirfæra þessa alþjóðlegu hugsun jafnaðarmanna á íslenskt samfélag þar sem margt fólk á erfitt uppdráttar. Hið nýja jöfnunartæki er menntakerfið vegna þess að sá sem verður ómenntaður eftir

fimm eða tíu ár mun verða í láglaunastörfum. Það er ljóst að Íslendingar búa við mun lakara velferðar- og menntakerfi en aðrar Norðurlandþjóðir. Lífskjör hér eru sögð góð að meðaltali, en af hverju er það? Það er vegna þess að við vinnum 30 prósent meira en aðrar þjóðir. Þetta er ekki sú framtíð sem ég vil börnunum mínum.“

Af hverju hefur þetta ekki tekist?

„Sósíaldemókratískar hugmyndir hafa aldrei fengið að vera í forystu hér á landi og það er þess vegna sem við búum ekki við sömu velferð og aðrar Norðurlandþjóðir. Þessu breytum við ekki nema Samfylkingunni takist það ætlunarverk sitt að verða 35 prósent flokkur og leiða ríkisstjórn. Þess vegna er ég í pólitík. Það er til að Samfylkingin verði stór jafnaðarmannaflokkur og forystuflokkur en ekki einhver hækja fyrir valdastóla sérhagsmuna.“

Útilokar Samfylkingin ríkisstjórnarsamstarf við Sjálfstæðisflokkinn?

„Við útilokum ekkert í því sambandi. Slíkt væri ólýðræðislegt en líkurnar á því eru hins vegar nær engar. Þessir tveir flokkar eiga að vera andstæður. Markmiðið er að brjóta upp fjórflokkakerfið og gera Samfylkinguna að öflugum flokki sem leiðir ríkisstjórn. Annað verður bara framlenging á núverandi ástandi; steingeldu og hugmyndasnaudu valdakerfi sjálfstæðis- og framsóknarmanna, sem hafa stýrt landinu í mjög langan tíma. Það er þetta kerfi sem ég skora á hólmi.“

Árangursríkt R-listasamstarf

Vikjum aðeins að borgarmálum og þessari hugmynd um að Björn Bjarnason leiði borgarstjórnarflokk Sjálfstæðisflokksins.

„Mér finnst framganga Björns í þessu máli vera hnífstunga í bak Ingu Jónu. Ef Björn fer fram, sem ég held reyndar að hann muni ekki gera, þá tel ég að hann tapi illilega fyrir Ingibjörgu Sólrúnu og verr en Inga Jóna myndi gera. Annars er Björn í mínum huga ekkert annað en framlenging á þeirri hugmyndafræði valdbeitingar sem hefur einkennt tímabil Davíðs Oddssonar.“

Af hverju heldurðu að Björn muni tapa illilega fyrir Ingibjörgu Sólrúnu?

„Björn er vissulega flinkur bardagamaður en hann á ekki gott með að fá fólk til liðs við sig. Svo hefur Ingibjörg Sólrún staðið sig afburðavel og er

óumdeildur foringi í borgarmálum í Reykjavík og það mun ekkert breytast. Menn spyrja hvort Ingibjörg Sólrún sé á leið í landsmálin. Ég er ekkert viss um það því að ég held að henni þyki, eins og Davíð Oddssyni á sínum tíma, mjög gaman að vera borgarstjóri. Hann sagði það hafa verið erfiða ákvörðun að yfirgefa borgarmálin. Þeir sem þekkja til sveitarstjórnarmála vita að þau eru mjög skemmtileg í samanburði við landsmálapólitíkina.

Við höfum dæmi um marga bæjarstjóra sem hafa beinlínis ákveðið að fara ekki í landsmálin þótt þeir hefðu auðveldlega getað komist inn á þing, menn eins og Sigurgeir Sigurðsson bæjarstjóra á Seltjarnarnesi og Ellert Eiríksson bæjarstjóra í Reykjanesbæ. Sveitarstjórnarforingjar sjá sér meiri akk í því að vera höfðingjar í héraði en að fara inn á svið landsmála þar sem áhrif stjórnmálamanna fara minnkandi. En það er líka áhyggjuefni að fá ekki inn í landsmálin röggsama foringja úr sveitarstjórnunum.“

Finnst þér ólíklegt að R-listinn klofni og einstakir flokkar fari í sérframboð?

„Ég sé engin teikn um að R-listinn klofni. Stuðningsmenn Samfylkingarinnar, Framsóknar og Vinstri grænna vilja að Ingibjörg Sólrún leiði listann áfram. Ef einhverjir flokksgreifar sem eingöngu hugsa um eigin hag færu í sérframboð með sinn flokk þá efast ég um að þeir myndu ná inn einum einasta manni. Það má ekki gleyma því að fólkið í Reykjavíkurlistanum hefur starfað árangursríkt saman í sjö ár. Ég tel engar líkur á því að samkomulag náist ekki um uppstillingu. Það fer einhver smápóker í gang á næstu mánuðum en niðurstaðan verður sú að Samfylkingin, Framsóknarflokkur og Vinstri grænir bjóða fram undir merkjum Reykjavíkurlistans.“

Nú ert þú mikill eldhugi í pólitík, langar þig ekki aftur á þing?

„Nei. Það er út af fyrir sig skemmtilegt að vera á þingi en í mínum huga er það ekki draumastarf. Mig langar hreinlega ekki að gera þingmennsku að lífsstarfi og hingað til hef ég alltaf gert það sem mig langar til, það á við pólitík eins og annað.“

Viðtal Kolbrúnar Bergþórsdóttur við Ágúst Einarsson
sem birtist í DV 17. nóvember 2001

Menn þurfa að kunna að hætta

Ágúst Einarsson prófessor gefur ekki kost á sér til endurkjörs sem formaður framkvæmdastjórnar Samfylkingarinnar. Í viðtali við Kolbrúnu Bergþórsdóttur ræðir hann um stöðu Samfylkingarinnar og þau mál sem hann telur eiga að vera helstu áherslumál hennar.

Er staða Samfylkingarinnar svo slæm að þú sért búinn að gefast upp á opinberri þátttöku í stjórn málum?

„Nei, það er ekki ástæðan. Ég kenni fulla kennslu í Háskóla Íslands og er orðinn þar deildarforseti. Mér finnst ekki fara saman að vera forystumaður í einni stærstu deild Háskólans og vera jafnframt í forystusveit stjórn mála-flokks.“

Þótt staða Samfylkingarinnar sé núna döpur í skoðanakönnunum er það tímabundið. Aðalatriðið er að Samfylkingin hafi þær hugmyndir sem duga til fjöldafylgis – og ég tel að í meginatriðum hafi hún þær. Henni ber að fylgja þeirri aðferðafræði sem jafnaðarmannaflokkar í nágrannalöndunum hafa gert með góðum árangri. Sýnin á þriðju leiðina er að skerpast og um leið held ég að Samfylkingin muni uppskera í næstu kosningum, þannig að ég er bjartsýnn fyrir hönd Samfylkingarinnar.“

Segðu mér í þá í stuttu máli hverjar þér finnst eiga að vera áherslurnar.

„Hornsteinninn í okkar málflutningi eru menntamál, efnahagsmál og velferðarmál. Þetta er hinn gullni þríhyrningur sem myndar umgjörðina um öll stefnumál. Ef menn tala nógu skýrt út frá þessari einföldu heimssýn mun fylgið koma, ef talsmennirnir eru trúverðugir.“

Menntamálin eru lykillinn að lífskjörum fólksins í landinu og því að halda byggð í landinu. Það er vitlaus umræða að tala um dreifbýli og þéttbýli. Þetta snýst um það hvort ungt fólk muni búa hér á landi eða ekki. Lykillinn að því er menntunin. Það er ekki sjálfgefið að 300.000 manna þjóð, langt úr alfaraleið, takist að halda uppi öflugum samfélagi. Það verður erfitt verkefni. Þetta er hin nýja sjálfstæðisbarátta.“

Engin foringjakreppa

Nú er talað um foringjakreppu í Samfylkingunni, ertu sammála því?

„Þetta er hefðbundið umræðuefni þegar fylgið fer niður í skoðanakönnunum. Foringjanum er kennt um. Það er alltof mikil einföldun. Össur er búinn að standa sig vel og hann verður endurkosinn á þessum landsfundi og fær stuðning við sína stefnu. Foringjakrepputalið er áróður andstæðinga Samfylkingarinnar, en þó áróður sem bitur býsna vel. Það verður að viðurkennast.“

Voru ekki mistök að lýsa því yfir í upphafi að Sjálfstæðisflokkurinn væri höfuðóvinur Samfylkingarinnar? Samfylkingin verður varla stór nema hún taki fylgi frá Sjálfstæðisflokknum?

„Þetta voru ekki mistök. Samfylkingin ætlar sér að standa jafnfætis Sjálfstæðisflokknum í fylgi og verða 30 til 40 prósent flokkur. Við ætlum að sækja kjósendur meðal annars til Sjálfstæðisflokksins. Hann er með mikið af okkar kjósendum í láni og hefur haft þá mjög lengi.

Jafnaðarmönnum hér á landi hefur ekki tekist að verða breiður miðflokkur jafnaðar og framtaks eins og gerst hefur í nágrennalöndunum. Þetta er verkefni og eini tilgangur Samfylkingarinnar. Ef Samfylkingin hverfur frá þessari hugmyndafræði er hún búin að glata tilgangi sínum og á enga framtíð fyrir sér sem sjálfstæður stjórnmálaflokkur.“

Ef Samfylkingin er jafnaðarmannaflokkur af hverju getur hún þá ekki bara viðurkennt það og tekið nafnið Jafnaðarmannaflokks?

„Hún mun væntanlega gera það á þessum landsfundi. Ég tel rétt að kenna flokkinn við jafnaðarmannahreyfingu. Flokkurinn er aðili að Alþjóðasambandi jafnaðarmanna og öðrum alþjóðasamtökum jafnaðarmanna og á því að hafa íslenskt nafn sem lýsir honum þannig.“

Reiðikast Halldórs

Finnst þér að Samfylkingin hafi gert þau mistök að vera of hrædd við Vinstri græna og hugsanlega elt þá í einhverjum stefnumálum í von um fylgi?

„Nei. Ég held hins vegar að upphafleg mistök Samfylkingarinnar hafi verið að bíða of lengi með að stofna flokk. Ef flokkurinn hefði verið stofnaður strax eftir kosningar hefðu Vinstri grænir ekki haft svigrúm til að koma

sér vel fyrir í stjórn máluðum. Þeir sköpuðu mikið rými með góðri forystu Steingríms og Ögmundar og það rýrði mjög möguleika Samfylkingarinnar. En það þýðir ekkert að horfa til baka. Það verður að horfa fram á við og ég er bjartsýnn fyrir hönd flokksins.“

Vikjum að öðru, hvað viltu gera í brottkasts málinu?

„Ég vil banna leiguviðskipti með kvóta. Þótt sveigjanleiki muni eitthvað minnka verða menn að lifa við það. Þetta er róttæk tillaga en hún leysir mörg vandamál.“

Eftir að þú gagnrýndir kostnað við sendiráðið í Japan sagði Halldór Ásgrímsson eitthvað á þá leið að þú ættir að halda þig við þína deild. Hverju svararðu þessu?

„Ég tek þetta sem hvert annað reiðikast sem er óvanalegt af Halldóri. Auðvitað hef ég rétt til að hafa skoðanir og ég mun segja þær sem einstaklingur, sama hvort ég kenni uppi í Háskóla eða geri eitthvað annað. Það er ekki flokkspólitísk afstaða að gagnrýna þetta rándýra sendiráð í Japan sem kostar þjóðina yfir 700 milljónir. Margir hafa gagnrýnt þetta og viðbrögð Halldórs voru mjög yfirdrifin. Hann á að þola svona gagnrýni.“

Þótt þú sért að hætta í starfi sem formaður framkvæmdastjórnar Samfylkingarinnar þá muntu væntanlega ekki hætta að skrifa heimasíðu þína?

„Nei, ég ætla að halda heimasíðu minni áfram úti. Hún verður ekki á sömu flokkspólitísku nótum og oft áður heldur mun fjalla um lífið, tilveruna og þjóðfélagsmál. Mér finnst það líka skylda háskólamanns að vera virkur í umræðu um þjóðfélagsmál. Ég er búinn að vera nokkuð lengi í stjórn máluðum og í mínum huga snúast þau fyrst og fremst um hugmyndir. Menn verða að hafa hugmyndir og tala fyrir þeim.“

Ég hef séð margar af hugmyndum mínum ná fram að ganga. Ég talaði fyrir veidileyfagjaldi á sínum tíma og nú er það að komast í höfn. Skattahugmyndir mínar eru flestar orðnar hluti af skattastefnu Samfylkingarinnar. Ég er stoltur af því að hafa unnið með Einari Oddi Kristjánssyni í aðdraganda að þjóðarsáttinni fyrir meira en áratug. Ég er mikil Evrópusinni og er bjartsýnn á að við verðum með alvöruumræðu um aðild að Evrópusambandinu á næstu misserum og verðum orðnir aðilar innan örfárra ára. Það skiptir máli að berjast fyrir hugmyndum. Til þess hef ég verið í íslenskrí pólitík og hef haft gaman af því.“

Ertu hættur stjórn málaafskiptum?

„Þótt ég hætti í starfi mínu hjá Samfylkingunni hef ég ekki afsalað mér lýðræðislegum réttinum. Ég horfi glaður til baka og fram á við og er sáttur við að hætta en ég held að fólk eigi að þekkja sinn vitjunartíma.

Menn þurfa að kunna að hætta.“

Á leið í Evrópusambandið

Fiskverndun og Evrópubandalagið¹

Þegar borinn er saman sjávarútvegur héraendis og í nálægum löndum kemur margt forvitnilegt í ljós. Slíkur samanburður er erfiður vegna þess að sjávarútvegur héraendis skipar svo stóran sess í efnahagslífinu umfram það sem gerist hjá öðrum þjóðum. Þannig koma 16% landsframleiðslu Íslendinga frá sjávarútvegi en innan EB skilar sjávarútvegur ekki nema 0,14% landsframleiðslu að meðaltali.

Fiskur og þjóðarsál

Þannig eru þetta tveir ólíkir heimar og umræða sem markast af mikilvægi tekur mið af þessu. Fiskur, fiskfang og fiskvinnsla eru gróin í sál sérhvers Íslending og setur mark sitt á menningu og hugsun. Þetta er þróun margra alda og við erum ekki einu sinni meðvituð um þetta.

Á meginlandi Evrópu eru aðrar áherslur og önnur atvinnusaga hefur mótað þjóðlíf þar. Sjávarútvegur innan EB er rekinn á jaðarsvæðum, oftast fátækum, sem njóta stórfelldra styrkja og skipta sáralitlu máli í efnahagskerfi þessara þjóða.

Þetta er m.a. ein ástæðan fyrir því að okkur hefur ekki gengið of vel að skýra sjónarmið okkar gagnvart ráðamönnum innan EB. Við gleymum stundum að þessir menn vita lítið um fisk og hafa alls ekki þá fiskihugsun sem einkennir okkur.

Okkur hefur ekki tekist sem skyldi að útskýra af hverju við getum aldrei fallist á veiðar erlendra skipa í okkar lögsögu en það er eitt af lykilatriðum í sjávarútvegsstefnu bandalagsins.

Við höfum oftsinnis háð harða baráttu fyrir fiskimiðunum, í upphafi einfaldlega til að ná til okkar hluta af þessari auðlind til að geta lifað. Síðustu árin hefur annað sjónarmið ráðið okkar fiskveiðistjórnun en það er friðunar-sjónarmið.

Áfallið sem við urðum fyrir 1983 þegar stefndi í 200 þús. tonna þorskafli í stað 300 þúsund tonna þorskafli sem var áður leiddi til þess að við tókum upp kvótakerfið sem hefur tryggt betur en áður að ofveiði eigi sér ekki stað og hefur einnig leitt til hagkvæmni innan sjávarútvegsins.

¹ Fiskifrættir 11. janúar 1991.

Við höfum ekki lagt noga áherslu á að útskýra þessa verndun fiskistofnanna. Okkar þorskstofn, þótt veikur sé, er sá brattasti í Norður-Atlantshafi sé litið yfir mörg ár. Þorskstofninn í Barentshafi, sem er stærstur þorskstofna í Norður-Atlantshafi, hrundi og langan tíma tekur að byggja hann upp aftur. Sama máli gegnir um þorskstofnana í Norðursjó.

Ofveiði innan EB

Í nálægum löndum, m.a. innan EB, hefur fiskistofnum hreinlega verið útrýmt vegna ofveiði eða þeir eru í stórhættu. Þessar þjóðir hafa ekki í sér meðfædda virðingu okkar fyrir sjávarfangi. Þær ofveiða og „leysa“ síðan byggðavandamálin sem af ofveiðinni hljótast með byggðastyrkjum.

Við höfum ein fárra þjóða í Evrópu haldið þokkalega utan um fiskistofnana okkar í áraraðir og er það að þakka samkennd okkar allra um mikilvægi fiskimiðanna. Við erum almennt ekki meiri verndunarmenn en aðrir, en okkur er í blóð borinn skilningur á nauðsyn þess að stunda ekki rányrkju á fiskistofnunum.

Innan EB er ástandið slíkt að vísindamenn hafa neitað að ákveða hámarksaflla vegna þess að lítið er farið að tillögum þeirra, veitt er fram yfir kvóta og svindlað er á löndunarskýrslum. Þess vegna getum við aldrei hleypt inn í landhelgi okkar erlendum flota sem stundar slík vinnubrögð og finnst þau vera eðlileg. Það er alltof mikið í húfi fyrir Íslendinga til að hægt sé að ljá máls á slíkum kröfum. Hér er um fiskverndunarsjónarmið að ræða. Umgengni okkar við náttúruna er ef til vill ekki alltaf upp á hið besta en gagnvart fiskimiðunum berum við af flestum öðrum þjóðum.

Fiskveiðistjórnun og náttúruvernd

Okkur ber skylda til að nýta þessa auðlind af gætni og virðingu og skila góðum skerfi til matvælaframleiðslu heimsins. Langmestur hluti afla okkar fer til neyslu, frosinn, saltaður eða ferskur, í Evrópubandalagslöndunum.

Við verðum að leggja ríka áherslu á þennan fiskverndunarþátt í umræðu hérlendis um EB og gagnvart ráðamönnum bandalagsins. Það er ekki vegna þráhyggju og eiginhagsmunasemi sjávarútvegsmanna að sjávarútvegsstefnu EB er hafnað, heldur vegna þess að hætta er á að fjöregg þjóðarinnar, sem er vel veiðanlegir fiskistofnar, glatist.

Stefna okkar á liðnum árum á miklu meira skylt við hina alþjóðlegu umræðu um umhverfismál og náttúruvernd en margur hefur gert sér grein fyrir. Við eigum að leggja meiri áherslu á þessar staðreyndir í viðræðum og samningum við EB næstu mánuði og misseri heldur en gert hefur verið fram til þessa.

Ísland í Evrópu¹

Tímamót urðu hjá Evrópusambandinu um áramótin þegar ellefu af fimmtán ríkjum þess tóku upp evruna sem gjaldmiðil. Evrópa heldur áfram á þeirri braut að búa til efnahagslega og pólitíska heild úr þjóðríkjum Evrópu.

Við þurfum að endurmeta tengsl okkar við Evrópu á næstu árum. Aðild að Evrópusambandinu hefur því miður ekki enn orðið sú brennandi pólitíska spurning að kosið sé um hana. Það verður líklega ekki fyrr en árið 2003.

Litlar breytingar í sjávarútvegi

Íslendingar setja fyrir sig sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins en flestir hafa ekki hugmynd í hverju hún er fólgin. Ýmsir halda að hér komi floti evrópskra fiskiskipa ef við göngum í ESB en það er rangt. Kvótum til einstakra landa er m.a. úthlutað eftir sögulegri reynslu og miðað er við það tímabil þegar við veiddum allan fisk á Íslandsmiðum. Þannig breyttist lítið í sjávarútvegi á Íslandi þótt við gengjum í ESB.

Ákvörðun um heildarafla er hins vegar tekin af framkvæmdastjórninni í Brussel. Ef hún myndi byggjast algerlega á vísindalegum forsendum væri hún byggð á sama grundvelli og hjá sjávarútvegsráðherra okkar. Því miður er ekki alltaf farið að ráðleggingum vísindamanna, hvorki í Brussel né í Reykjavík.

Mikilvæg breyting tengist fjárfestingum en samkvæmt reglum ESB er óheimilt að takmarka fjárfestingar í einstökum atvinnugreinum. Það þýddi að útlendingum yrði heimilt að fjárfesta í íslenskum sjávarútvegi en það höfum við ekki viljað. Reyndar eru margir því fylgjandi að útlendingar fjárfesti í fiskvinnslu en telja jafnframt að öðru máli gegni um útgerðina.

Aðlögun og undantekningar eru regla innan ESB, ekki síst gagnvart nýjum aðildarríkjum, en á slíkt reynir ekki fyrr en í aðildarviðræðum.

Höfum áhrif í Evrópu

Við höfum nær allan þann efnahagslega ávinning af EES-samningnum sem full aðild að ESB myndi veita. Ef við viljum aðild að ESB þá er það vegna pólitískra sjónarmiða, þ.e. að geta haft áhrif innan Evrópu eins og aðrar þjóðir og fylgja þeim í þessari vegferð.

¹ Fjarðarpósturinn 15. janúar 1999.

ESB er að breytast úr stórríkjasambandi í samband smærri og meðalstórra ríkja. Flest ríki Evrópu, m.a. í Austur-Evrópu, verða orðnir aðilar innan örfárra ára og samstarfið í Evrópu mun snúast um þennan vettvang.

Tækifæri unga fólksins

Búseta skiptir ungt fólk með góða menntun engu máli. Ungu fólkið vill alveg eins setjast að í Kaupmannahöfn, London eða Róm og í Kópavogi eða á Akureyri. Hið nýja skipulag í Evrópu er Evrópa æskunnar. Við eigum ekki að útiloka æsku þessa lands frá framtíðarsamfélagi jafnaldra þeirra í Evrópu.

Aðild að Evrópusambandinu krefst sjálfstrausts almennings og stjórn-málamanna. Skoðanakannanir sýna að sjálfstraust almennings er í góðu lagi enda styður meirihluti landsmanna aðild. Sjálfstraust sumra stjórn-málamanna, eins og þeirra í Sjálfstæðis- og Framsóknarflokki, er hins vegar lítið. Heimskt er heimaalið barn og það skildu forfeður okkar vel.

Afstöðuleysi í Evrópumálum er dragbítur á samfélagsþróun héraðs¹

Ákvörðun ríkisstjórnarinnar að selja hlut í ríkisbönkunum er skynsamleg. Það er engin ástæða fyrir ríkisvald að eiga viðskiptabanka í nútímasamfélagi enda hafa flestar ríkisstjórnir í nágrannalöndunum einkavætt fjármálastofnanir. Ríkisstjórnin hefur hins vegar enga stefnu um framhaldið og er ekki reiðubúin að tryggja samkeppni og dreifða eignaraðild. Það er ekkert gagn í einkavæðingu ef ekki ríkir samkeppni. Almennigur er engu bætari með það að allt efnahagslegt vald sé í höndum örfárra stórfyrirtækja Sjálfstæðisflokksins.

Samkeppnisvæðing og valddreifing eru lykilhugtök. Hér er víða fákeppni. Það er ekkert skrítið að 275.000 manna samfélag sem er óravegu frá öðrum löndum búi við skert samkeppnisskilyrði. Hin nýja jafnaðarstefna vill markaðshyggju í viðskiptum. Jafnaðarmaðurinn Lionel Jospin, forsætisráðherra Frakka, hefur einkavætt fleiri ríkisfyrirtæki á 29 mánaða valdaferli sínum en þrjár íhaldsstjórnir Frakklands á undan honum gerðu samanlagt. Samhliða samkeppnisvæðingu í viðskiptum vilja nútímajafnaðarmenn að velferð og jafnrétti sé óaðskiljanlegur hluti samfélagsins. Það er aldrei ásætlanlegt að meðaltalið sé viðunandi.

Góð leið til valddreifingar er atvinnulýðræði. Það felst m.a. í því að starfsmenn kjósi fulltrúa í stjórn stærri fyrirtækja. Þetta hefur verið við lýði erlendis í áratugi. Ég lagði fram frumvarp um þetta á Alþingi, sniðið eftir dönskum lögum, en áhugi á málinu var enginn. Verkalýðshreyfingin hér er algerlega dauð í þessu efni og við verðum líklega að bíða þess að EES-samningurinn skuldbindi okkur til að taka þetta upp.

Raunverulegar breytingar koma að utan en ekki vegna frumkvæðis innanlands. Mestu breytingarnar í efnahagsmálum hafa komið með EFTA- og EES-samningunum. Við eigum enn langt í land með að laga samfélag okkar að því sem er algengast erlendis, m.a. á sviði félagsmála, löggjafar og jafnréttis. Næsta stóra tækifærið til breytinga og öryggis er að mínu mati að fylgja þróuninni í Evrópu og ákveða að við viljum aðild að ESB. Það á nú þegar að hefja umræðu um samningsmarkmið okkar. Næst á eftir því að tryggja stöðugleikann er mikilvægasta pólitíska verkefni næstu missera að ákveða hvaða afstöðu við tökum gagnvart hinni öru þróun í Evrópu.

¹ Vefsíður Ágústur www.agust.is 12. desember 1999.

Lítill umræða um utanríkismál¹

Við Íslendingar þurfum að sækja hugmyndir að lausnum í Evrópuþróunina og alþjóðavæðinguna.

Breytingar á alþjóðavettvangi skipta okkur miklu máli. Þannig er greinilegt að ESB-ríkin setja samstarf sín á milli í forgrunn og staða ríkja sem standa utan við Evrópuþróunina verður sífellt erfiðari. Þetta mun m.a. hafa áhrif á samstarfið innan NATO og milli Norðurlanda. Alþjóðavæðingin minnkar svigrúm einstakra ríkja en misskipting eykst hérlendis og annars staðar. Hlutdeild 20% mannkyns, þeirra fátækustu, í heildartekjum minnkadi á síðustu tíu árum úr 2,3% í 1,4%. Að mínu mati verður að bregðast við þessu með pólitískri stefnu sem byggist á samhjálpi, valddreifingu og alþjóðahyggi.

Utanríkisumræða er lítill hérlendis og fáir stjórnámálamenn hafa sýnt henni áhuga. Nú eru aðeins Björn Bjarnason og Halldór Ásgrímsson virkir í slíkri umræðu en áður voru Jón Baldvin, Ólafur Ragnar og Svavar Gestsson það einnig. Vonandi verður hér á næstu misserum öflug umræða um það hvenær Ísland sækir um aðild að ESB en slík umræða kallar á endurmat á flestu í þjóðfélagi okkar.

Upplýsingaflæðið er ein mikilvægasta stoð nútímalýðræðis. Það felur í sér nauðsynlegt eftirlit með valdhöfum og gerir almenningi mun betur kleift að taka afstöðu en áður. Í mörgum málum eru kjörnir stjórnámálamenn ekki lengur hæfari til að taka ákvarðanir en umbjóðendur þeirra, almenningur. Þjóðaratkvæðagreiðslur eru því mikilvæg viðbót við nútímalýðræði, ekki aðeins sem tæki til að dreifa valdi heldur vegna þess að upplýsingar og þekking um margvísleg mál eru meiri almenningseign en áður. Það á að vinna að lýðræðisvæðingu í breyttu samfélagi.

Við sækjum stundum ýmislegt í erlenda strauma. Hugmyndir VR um markaðslaun og vinnustaðasamninga eru mikilvægt innlegg í kjarabaráttu en þar er gengið í smíðju stéttarféлага erlendis þótt ekki sé hægt að yfirfæra þessar hugmyndir á alla kjarasamninga. Langur vinnutími og einstaklingsbundnar yfirborganir án atbeina stéttarféлага til hinna herra launuðu hafa alltof lengi verið lenska hér. Vandamálin hérlendis eru öll til erlendis og

¹ Vefsíður Ágústar www.agust.is 17. janúar 2000.

mörg þeirra hafa verið leyst þar betur en við gerum. Þekking á umræðunni í nágrannalöndunum er því ekki aðeins skynsamleg heldur beinlínis lífsnauðsynleg fyrir fámenna þjóð í heimi sem tekur sífellt meira mið af aukinni alþjóðavæðingu.

Sjávarútvegsstefna ESB er Íslandi hagkvæm!¹

Nýleg skýrsla utanríkisráðherra um Evrópusambandið hefur vakið mikla umræðu. Fólk og samtök í sjávarútvegi verða að taka öflugan þátt í henni, ekki síst vegna þess að sjávarútvegsmál skipta þar miklu máli.

Við fáum allar veiðiheimildir við Ísland

Það hefur ríkt mikil vanþekking á sjávarútvegsstefnu ESB hérlendis. Margir halda að gengjum við í Evrópusambandið kæmu hingað erlend skip og byrjuðu að veiða. Það er ekki svo. Reyndar myndi lítið breytast í sjávarútvegi við inngöngu. Það er bundið í reglum ESB að kvótum er úthlutað til þeirra landa sem hafa veiðireynslu tiltekin ár en Íslendingar hafa setið einir að veiðum úr staðbundnum stofnum við Ísland um langa hríð.

Önnur forsenda ESB er að taka tillit til hversu háð viðkomandi lönd eru sjávarútvegi og það á betur við okkur en nokkurt annað ríki innan og utan ESB. Þetta þýðir að við munum fá allar veiðiheimildir á staðbundnum stofnum við Ísland eins og við höfum núna. Engin erlend skip munu veiða í okkar lögsögu.

Um stofna sem við nýtum með öðrum þjóðum, eins og loðnu-, síldar- og úthafskarfastofninn, þarf að semja sérstaklega og tryggja að veiðiheimildir okkar rýrni ekki frá því sem nú er og ekkert bendir til annars en að það tækist.

Hver ákveður heildarafla á Íslandsmiðum?

Ákvörðunin um heildarafla á einstökum hafsvæðum er tekin af ráðherra-ráðinu, þ.e. sjávarútvegsráðherrum ESB, að fengnum tillögum fiskifræðinga. Hérlendis er ákvörðunin um heildarafla tekin af sjávarútvegsráðherra að fengnum tillögum fiskifræðinga.

Við myndum vilja binda í samningi við ESB að skilyrðislaust verði farið að ráðleggingum íslenskra fiskifræðinga við ákvörðun heildarafla við Ísland. Í ráðherraráðinu sæti einnig íslenski sjávarútvegsráðherrann. Það yrði mjög erfitt að standa á móti kröfu okkar um að skilyrðislaust væri tekið tillit til fiskifræðinga okkar. Með þessu tryggðum við hagsmunum okkar við veiðar algerlega.

¹ Fiskifréttir 19. maí 2000.

Við fengjum einn af framkvæmdastjórum ESB sem er ígildi ráðherra og við myndum óska eftir að sá færi með sjávarútvegsfélum. Það starf var á sínum tíma frátekið fyrir Norðmenn en þeir felldu samninginn í þjóðaratkvæðagreiðslu. Innan ESB ríkir áhugaleysi á sjávarútvegsfélum og því er auðvelt að verða ráðandi á því sviði.

Samkvæmt núverandi stefnu ESB skipuleggja einstök ríki sínar veiðar. Við gætum haft núverandi kerfi okkar við úthlutun kvóta ef við vildum svo. Hollendingar eru t.d. með svipað kerfi og við. Svokölluð nálægðarregla EES, en hún kveður á um að öll mál séu leyst á lægsta mögulega stjórnstigi, er mikilvæg vegna eftirlits sem yrði í okkar höndum.

Það sést vel á þessari lýsingu að breytingarnar yrðu sáralitlar. Kostir aðildar fyrir sjávarútveginn eru að öðru leyti að tollar féllu algerlega niður og auðveldara yrði en nú að vinna úr hráefni frá þriðja ríki fyrir ESB-markaðinn, sem er sá stærsti í heiminum. Við fengjum aðild að 27 milliríkjasamningum ESB um veiðar við lönd utan ESB. Aðild að evrunni myndi styrkja íslenskt efnahagslíf til lengri tíma. Aðild þýddi einnig aukna möguleika á nýsköpun og samstarfi við erlend sjávarútvegsfyrirtæki

Annars staðar á Norðurlöndum knúðu vinnuveitendur og verkalýðshreyfingin mest á um aðild. Fyrirtæki hafa flutt starfsemi sína héðan til að geta starfað innan ESB og er Bakkavör þekktasta dæmið um það.

Fjárfestingar útlendinga í sjávarútvegi

Mesta breytingin sem aðild að ESB leiddi af sér varðandi sjávarútveg er frjálst flæði fjármagns en það er ekki bundið í sjávarútvegsstefnunni. Það þýðir að aðilum innan ESB er heimilt að fjárfesta hjá öðrum þjóðum og þar með í íslenskum sjávarútvegi. Það eru þó til varanlegar undantekningar frá þessu, t.d. er öðrum en Dönüm óheimilt að kaupa sumarhús í Danmörku, og sérstakar takmarkanir eru í svokölluðum heimskautilandbúnaði Svía og Finna.

Umræðan um hvort útlendingar megi fjárfesta í íslenskum sjávarútvegi er gömul. Sumir vilja engar takmarkanir og segja að það sé betra að fá erlent hlutafé en erlent lánsfé. Aðrir vilja heimila fjárfestingar í vinnslu en ekki í veiðum.

Menn hafa oft verið hræddir við útlendinga. Þegar Íslandsbanki var stofnaður var lögbundið að útlendingar mættu ekki eiga meira en 25% í bankanum. Þá óttuðust menn að útlendingar vildu kaupa bankann en það var enginn áhugi á því og þetta ákvæði var seinna felld niður. Allur er varinn góður í þessu og sjálfsagt er fyrir okkur að hafa langan aðdraganda að

fjárfestingum í sjávarútvegi og slíkir aðlögunarsamningar til langs tíma eru auðsóttir. Reyndar er í nútíðinni lögmæt fyrir útlendinga að eignast meirihluta í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum með stuttri keðju eignarhaldsfyrirtækja.

Sumir hafa áhyggjur af kvótahoppi sem byggist á fjárfestingum útlendinga í veiðum og í beinum löndunum erlendis. Þetta er ekki lengur hægt þar sem útvegsmenn verða að hafa raunveruleg tengsl við viðkomandi land. Niðurstaða í þessu fékkst þó ekki fyrir en eftir langvinn málaferli innan ESB. Ef við viljum getum við skilgreint flestar byggðir á Íslandi sem jaðarsvæði og fengið verulega byggðastyrki úr sameiginlegum sjóðum. Fáum Íslendingum hugnast slík viðhorf.

Ætlum við að verða ein eftir?

Það er skoðun undirritaðs að innan örfárra ára verði nær öll ríki í Evrópu aðilar að ESB. Nú eru þátttökuþjóðirnar 15 og 13 bíða aðildar. Við eigum heima í þessum hópi og sjávarútvegurinn á að hafa forystu í umræðunni, skilgreina hver samningsmarkmiðin eru og láta viðræður við ESB mótast af hagsmunum sjávarútvegsins. Vitaskuld snertir þetta aðra þætti þjóðlífsins en í þessum efnum verður hver að gæta sinna eigin hagsmuna.

Þvergirðingsleg neitun á umræðu og fyrir fram mótuð afstaða þýðir einfaldlega að hagsmunir viðkomandi atvinnugreinar verða fyrir borð bornir í þeirri umræðu sem óhjákvæmilega verður hér næstu misserin.

Sýnum framsýni og vinnum heimavinnuna¹

Framsýni í sjávarútvegi hefur alltaf verið mikil hérlendis. Tæknivæðingin, sérstaklega í veiðum, hefur verið með því besta sem gerist í heiminum og staða Íslendinga á dýrustu mörkuðum í heimi er mjög sterk. Þetta hefur ekki gerst í einu veffangi heldur liggur þarna að baki margra áratuga vinna.

Vandaður málflutningur við EES-samninginn

Þegar ný staða hefur komið upp í umhverfinu hafa forystumenn í sjávarútvegi nær ávallt rutt brautina og er framganga sjávarútvegsins í sambandi við EES-samninginn athyglisverð. Þegar viðræður hófust milli EFTA og ESB um EES-samninginn stofnuðu atvinnurekendur í sjávarútvegi samstarfsnefnd sem vann feikilega mikla undirbúningvinnu og var stjórnvöldum til ráðuneytis við samningagerðina. Mennt sáu strax að samningurinn var mjög mikilvægur fyrir sjávarútveginn, m.a. vegna tollalækkana, og forystumenn í sjávarútvegi börðust við hlið þáverandi stjórnvalda að ná góðum samningi og hafa forystu í umræðunni innanlands.

Það var mikill pólitískur ágreiningur um EES-samninginn og oft sló í harðar brýnur. Málið endaði með því að samningurinn var gerður og nú eru allir sammála um að EES-samningurinn er eitt mesta gæfuspor sem Íslendingar hafa stigið í erlendum samskiptum. Andstæðingar samningsins vilja nú fæstir kannast við fyrri skoðanir sínar enda er öllum leyfilegt að skipta um skoðun. Þessi saga sýnir að góður undirbúningur og upplýst umræða er lykillinn að skynsamlegri niðurstöðu. Alltof oft látum við Íslendingar afstöðu okkar ráðast af fyrir fram mótuðum skoðunum og höfum ekki fyrir því að kynna okkur málin.

Kemur ESB okkur við?

Nú er í uppsiglingu annað mál sem sjávarútvegurinn verður að kynna sér og taka vandaða afstöðu til en það er sjávarútvegsstefna Evrópusambandsins. Það er ekkert víst að við þurfum eða eigum að gerast aðilar að ESB en við eigum og verðum að kynna okkur málið.

¹ Fiskifréttir 20. mars 2001.

Hérlendis ríkir ótrúleg vanþekking á sjávarútvegsstefnu ESB en staðreyndin er sú að lítið breyttist þótt yrði af aðild en það þarf að gæta að ýmsu. Samkvæmt reglum ESB fengi engin þjóð veiðirétt við Ísland þannig að við sætum einir að öllum okkar fiskimiðum. Þetta er vegna þess að byggt er á veiðireynslu og við einir höfum hana. Við gætum einnig haft það stjórnkerfi sem við vildum og eftirlitið væri í okkar höndum. Við þyrftum ekki að taka upp veiðistjórnun ESB þvert á það sem margir halda. Við þyrftum heldur ekki að breyta neinu í skipulagi markaðsmála.

Íslenski ríkisstyrkurinn í sjávarútvegi!

Við aðild myndu opnast leiðir fyrir ýmiss konar byggðastyrki ef við kysum. Þess má geta að ríkisstyrkir til sjómanna innan ESB, en slíkt er yfirleitt reiknað á hvern sjómann, eru lægri en sem nemur íslenska ríkisstyrknum á hvern sjómann. Nú spyrja menn: Hvaða íslenska ríkisstyrk er maðurinn að tala um?

Samkvæmt alþjóðlegum skilgreiningum er sjómannaafslátturinn styrkur ríkisins til útgerða til að greiða niður launakostnað starfsmanna. Nú geta menn sagt: „Hvaða vitleysa! Þetta er ívilnun til sjómanna sem eru langdvölum fjarri heimili sínu og stunda erfiða og mikilvæga atvinnu.“ Það er allt rétt en þetta er samt styrkur til launagreiðanda.

Hér er alls ekki verið að leggja til að fella sjómannaafsláttinn niður heldur er einungis verið að koma með dæmi um mjög tilfinningahlaðið fyrirkomulag í íslenskum sjávarútvegi sem menn eru ekki tilbúnir til að setja í alþjóðlegt samhengi og láta lúta almennum skilgreiningum.

Hver ættu samningsmarkmiðin að vera?

Mikilvægast gagnvart ESB væri að við tryggðum með samningi að ávallt yrði farið að ráðleggingum íslenskra fiskifræðinga þegar heildarkvóti við Ísland væri ákveðinn. Við höfum ekki treyst okkur að binda þetta í lög hérlendis en hér tekur sjávarútvegsráðherra ákvörðun að fengnum tillögum fiskifræðinga en hann þarf ekki að fara eftir þeim. Ef af aðild yrði væri ákvörðunin tekin á fundi allra ráðherra sem fara með sjávarútvegsmál í sambandinu og þess vegna væri skynsamlegt að binda hendur þeirra á þennan hátt.

Við fengjum framkvæmdastjóra í sjávarútvegsmálum, sem er ráðherra þess málaflokks innan ESB. Við yrðum að tryggja stöðu okkur í samningum um flökku- og deilistofna en þar hefur okkur tekist vel til utan ESB.

Við verðum að taka afstöðu til þess hvernig við viljum heimila fjárfestingar útlendinga í sjávarútvegi. Það er búið að koma í veg fyrir kvótahopp innan

ESB en kvótahopp er fjárfesting útlendinga við veiðar í einu landi og flutningur á aflanum til vinnslu í öðru landi. Fæstir héraendis vita að kvótahoppið er nær úr sögunni en það var eitt erfiðasta vandamál ESB.

Ekki gefa okkur niðurstöðu fyrir fram

Sú endurskoðun sem nú á sér stað á fiskveiðistefnu ESB mun ekki breyta neinu fyrir Íslendinga og frekar styrkja stöðu okkar en veikja. Aðild að fjölmörgum fiskveiðisamningum ESB við aðrar þjóðir, sem fengist með aðild að sambandinu, myndi efla sjávarútveg héraendis. Það er ekkert sjálfgefið hvaða afstöðu menn eiga að hafa gagnvart ESB en grunnforsendan er að menn kalli eftir upplýsingum og móti afstöðu út frá þekkingu en láti ekki stjórnast af einföldum upphrópunum.

Þetta er flókið mál sem varðar stöðu lands og þjóðar um langa tíð og það er ekki tilviljun að nær allar þjóðir í Evrópu eru annaðhvort þegar innan ESB eða hafa sótt um aðild. Engin þjóða Evrópu lítur á þetta sem einfalt mál og við getum ekki leyft okkur það heldur.

Sjávarútvegsstefna Evrópusambandsins er Íslendingum ekki hættuleg¹

Evrópumálin hafa tekið mest rúm í stjórn málaumræðu grannþjóðanna síðustu 20 árin. Við höfum þar haldið okkur til hlés. Það á sér eðlilegar skýringar. Ísland er fjarri öðrum Evrópuþjóðum. Fámennið, nýfengið sjálfstæði og það að við höfum staðið nær algerlega utan við hernaðaráttök í margar aldir valda því að friðarhugsjónin sem er grundvöllur Evrópusambandsins er okkur framandi. Saga hinnar stríðshrjáðu Evrópu er ekki okkar saga.

Yfirráð okkar yfir auðlindunum hefur verið grunnatriði í stefnu allra stjórnmalahreyfinga frá byrjun 20. aldarinnar og bera landhelgisstríðin því vitni. Það er því eðlilegt að sjávarútvegsmálin skipti mestu máli í afstöðunni til ESB. Viðtal Morgunblaðsins við Franz Fischler, yfirmann sjávarútvegs mála ESB, varpar skýru ljósi á okkar stöðu.

Fischler segir að fiskveiðiréttindi byggist á fortíðinni og engir erlendir togarar komi hingað verði af aðild. Við getum haft það stjórnkerfi sem við viljum. Þetta byggist m.a. á grunnreglu ESB um hlutfallslegan stöðugleika. Orð Fischlers staðfesta það sem margoft hefur verið bent á í umræðunni um ESB hérlendis.

Sjávarútvegsstefna ESB er okkur ekki hættuleg. Fischler bendir á að ESB ákveði heildarkvótann en aðildarríkin sjái um stjórnun á sínu svæði og Íslendingar fái allan kvótann við Íslandsstrendur. Auðvelt er að binda aðild Íslands að ESB því að heildarkvótinn við Ísland sé ákvarðaður eftir tillögum íslensku hafrannsóknarstofnunarinnar. Þetta væri það kerfi sem við gætum algerlega sætt okkur við. Það er því grundvallarmisskilningur að Íslendingar þurfi undanþágur frá sjávarútvegsstefnu ESB. Því hefur verið haldið fram sem rök gegn ESB að við myndum ekki fá slíkar undanþágur en slík ummæli sýna einmitt þá vanþekkingu og rangtúlkun sem hefur oft ríkt í umræðunni.

Það er alls ekki sjálfgefið að Ísland eigi að sækja um aðild að ESB en nær öll lönd í Evrópu telja hag sínum best borgið með aðild. EES-samningurinn hefur reynst okkur afburðavel en með honum erum við skuldbundin að taka upp nær alla löggjöf ESB án þess að hafa neitt um hana að segja og það

¹ Vefsíður Ágústar www.agust.is 14. maí 2001.

er í raun og veru fullveldisafsal. Fischler, sem er Austurríkismaður, sagði í fyrrgreindu viðtali um ákvörðun Austurríkis: „Við gerðumst aðilar vegna áhrifaleyfisins sem fólst í því að vera utan sambandsins.“ Þessi orð eiga að vera okkur til umhugsunar.

Aðeins tveir kostir í Evrópumálum¹

Dugar EES-samningurinn?

Til að svara spurningunni um hversu lengi EES-samningurinn dugi okkur þarf að meta þær breytingar sem hafa orðið frá gildistöku hans hér frá árinu 1994. Gagnsemi EES-samningsins er ótvíræð hérlandis og hefur margoft verið tíunduð. Það eru engin áform hjá neinum um að segja samningnum upp.

Kostir EES-samningsins hafa reynst miklu fleiri en andstæðingar hans bjuggust við. Samningurinn var mikið pólitískt deilumál á sínum tíma. Samningurinn, sem snýr einkum að viðskiptasviðinu og auknu frelsi í samskiptum, hefur rutt brautina fyrir nútímalegri hugsun í íslensku þjóðlífi. Hann hefur skilað okkur lengra fram á við en við hefðum sjálf gert. Hann er meginorsök framfara og frelsis í hagkerfi okkar síðasta áratug. Nánast allar breytingar á viðskipta-, samkeppnis-, fjarskipta-, persónuverndar-, atvinnu- mála-, fjármagns- og umhverfislöggjöf eru til komnar vegna EES-samningsins. Nú vilja allir þessa Lilju kveðið hafa.

Breytingarnar frá upphaflegri hugmynd Jacques Delors um EES sem samning milli ESB og EFTA eru miklar. Hugmyndin kom fram í ársbyrjun 1989 og samningurinn var gerður 1992. Berlínarmúrinn féll haustið 1989 og frá gildistöku samningsins hafa EFTA-þjóðirnar Austurríki, Svíþjóð og Finnland gerst aðilar að ESB. EFTA var í upphafi samningsgerðarinnar bandalag 30 milljóna manna en nú standa einungis Noregur, Ísland og Lichtenstein eftir af EFTA-þjóðum með aðild að EES með um 5 milljónir íbúa. Breytingarnar innan ESB eru enn meiri. Þar eru nú 15 aðildarríki en 14 ríki bíða þess að umsóknir þeirra verði afgreiddar.

EES-samningurinn er merkilegur að því leyti að hann er síbreytilegur, dýnamískur, en þó er margt utan hans sem þarf sérstakra samninga við og má nefna Schengen-samkomulagið í því sambandi. Samruninn innan ESB hefur haldið áfram í efnahagsmálum með evrunni, sem og samruni á sviði utanríkismála. Stofnanir ESB hafa breyst mikið undanfarin ár en við gerð EES-samningsins var slíkt ekki séð fyrir.

¹ Íslenska leiðin, Tímarit stjórnmálafræðinema, 1. tbl. 1. árg. 2001.

EES-samningurinn breytist án þess að við höfum áhrif á það. Breytingarnar felast ekki aðeins í því að við erum skuldbundin að taka upp réttarreglur ESB heldur einnig í því að þær þjóðir sem gerast aðilar að ESB verða jafnframt aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu og lúta reglum EES-samningsins án þess að við komum nokkuð að samningum við þessi ríki. Það er talið að 12 af þeim 14 ríkjum sem bíða aðildar verði komin inn í ESB á þessum áratug. Þar með fengu 100 milljónir manna aðild að EES án þess að við hefðum nokkuð með það að gera. Hægt er að spyrja hvað öll þessi ríki sjá við aðild að ESB sem við sjáum ekki.

Möguleikar okkar í Evrópumálum

Evrópuspurningin snýr að okkur, að mínu mati, sem val milli tveggja kosta. Annaðhvort höldum við okkur við EES-samninginn eða við hefjum undirbúning að aðildarviðræðum við ESB. Það er engin leið þarna á milli í samskiptum við Evrópuþjóðirnar við núverandi aðstæður. Aðild að NAFTA, sérstakur samningur við ESB eða það að standa utan alþjóðlegra samninga eru ekki raunhæfir kostir. Tvíhliða samningur við Evrópusambandið til viðbótar við EES-samninginn er óraunhæfur, m.a. vegna áhugaleysis ESB.

Getur EES-samningurinn enst meira og minna endalaust, alveg eins og við teljum enga ástæðu til að endurskoða þátttöku okkar í Sameinuðu þjóðunum eða að Atlantshafsbandalaginu? Við Íslendingar erum nær allir sáttir við þá aðild og hyggjum ekki á breytingar. Við viljum vera aðilar að Sameinuðu þjóðunum þótt við séum ekki í Öryggisráðinu. Fyrsta mögulega svarið er því það að við séum með góðan samning við mikilvæg samstarfs- og viðskiptalönd okkar; hann fullnægi þörfum okkar og engin ástæða sé til að gera á því breytingar.

Þetta viðhorf er ófullnægjandi að mínu mati vegna breyttra aðstæðna. Við höfum mjög takmörkuð áhrif á reglur ESB og sérstakar breytingar í þágu hagsmuna okkar þurfa samþykki allra ríkjanna, sem er í reynd nær óframkvæmanlegt. Þetta hefur þó ekki enn valdið vandkvæðum hérlandis.

Spurning vaknar um hvort óbreytt staða leiði til verri efnahagslegrar og pólitískrar stöðu en gæti orðið með aðild að ESB. Fyrst er til að svara að efnahagslegt og pólitískt mat þarf ekki að fara saman. Það er ekkert lögmál að almenningur setji efnahagslega stöðu ávallt í öndvegi. Við búum við góð lífskjör sé litið til hinna 200 ríkja heims. Þótt landsframleiðsla á hvern íbúa lækkaði um 10% færdumst við einungis örlítið neðar á lista yfir best stöddu þjóðir í heiminum en værum enn meðal þeirra 20 efstu. Hinn mikli

efnahagslegi ávinningur EES-samningsins er ef til vill nægjanlegur fyrir Íslendinga sem hafa ávallt verið tortryggir á alþjóðlegt samstarf.

Við skiljum illa meginhugsun og jarðveg ESB, sem er hugsjónin um frið, sprottinn upp úr látlausum styrjöldum öldum saman á evrópsku landi. Utanríkismál hafa verið deilumál héraendis meira en annars staðar. NATO-aðildin var eitt helsta ágreiningsmál í stjórnámum héraendis í áratugi í miklu meira mæli en þekktist í nágrannalöndunum.

Styrkleiki EES-samningsins núna

Styrkleiki EES-samningsins felst m.a. í því að hann er skýr, hentar okkur vel og hefur reynst samningsaðilum innan ESB og EFTA prýðilega. Almennungur gerir sér almennt ekki grein fyrir því að margvíslegan bata í efnahagslífinu og í samfélaginu almennt má rekja til samningsins.

Þótt við séum ekki fjölmenn er hægt að nefna Lúxemborg sem dæmi um álíka fjölmenna þjóð sem hefur farnast mjög vel í alþjóðlegu samstarfi. Smáþjóðir hafa komið vel út úr samstarfi innan ESB. Þær hafa einbeitt sér að tilteknum málaflokkum og náð þar verulegum árangri en látið annað eiga sig.

Það er athyglisvert að þrátt fyrir að EES-samningnum væri tekið fagnandi af ríkjum ESB og EFTA á sínum tíma eru ekki uppi neinar hugmyndir hjá þeim ríkjum sem nú vilja aðild að ESB að fara þá leið. Öll þau ríki vilja fulla aðild að ESB en vilja ekki fara í þessa „biðstofu“ sem EES-samningurinn var fyrir flest ríki EFTA. Öll EFTA-ríkin tóku upp viðræður um ESB-aðild nema Ísland. Noregur felldi aðildina í þjóðaratkvæðagreiðslu en umsókn Sviss í Evrópusambandið hefur aldrei verið dregin til baka.

Veikleikar EES-samningsins núna

Veikleiki EES-samningsins fyrir okkur er fyrst og fremst fólgin í því að við þurfum að taka upp í löggjöf okkar um 90% af löggjöf Evrópusambandsins og við höfum ekkert með útfærslu þessara laga og reglugerða að gera. Áhrif okkar eru nær engin miðað við þjóðir Evrópusambandsins og við höfum í reynd ekki möguleika á því að neita að taka upp lög og reglugerðir tengd EES-samningnum.

Samkvæmt EES-samningnum getum við beitt neitunarvaldi en það hefur í för með sér frestun á öllum nýjum ákvæðum í viðkomandi reglum gagnvart öllum ríkjunum. Engin þjóð hefur enn beitt neitunarvaldi enda er það ekki í neinu samræmi við aðalmarkmið EES-samningsins um einsleitni og sameiginlegar reglur. Eftir eina eða tvær neitanir myndi ESB

líklega setja spurningarmerki við samninginn í heild sinni. Áhrif Evrópudómstólsins á íslenskan rétt eru mjög mikil en þar eigum við vitaskuld engan dómara.

Annar veikleiki EES-samningsins felst í hugsanlegri inngöngu þeirra þjóða sem eftir eru í EFTA í ESB. Hér skiptir Noregur mestu máli. Ef Noregur gengur inn í ESB verður mjög erfitt fyrir okkur að halda uppi stofnunum EES, sem eru Eftirlitsstofnun ESA, EFTA-dómstóllinn og EFTA-skrifstofan, en Norðmenn greiða nú mesta hluta kostnaðarins og Sviss greiðir einnig mikið af rekstri skrifstofunnar. Vitaskuld gætum við leyst það en stofnanabátturinn myndi veikjast og yrði dýrari en nú. Flest EFTA-ríkin eru þegar aðilar að ESB og sambandsins bíður risavaxið verkefni við að ganga frá inngöngu ríkjanna í Mið- og Austur-Evrópu í ESB. Okkar mál yrðu þannig ekki forgangsverkefni á næstu árum.

Áhrif frekari aðildar Norðurlanda að ESB á Norðurlandasamstarfið yrðu alvarleg. Noregur og Ísland hafa nokkuð einangrast vegna þess að Danmörk, Svíþjóð og Finnland verja miklu af orku sinni í utanríkismálum í vinnu innan ESB. Minna má á hina gömlu hugmynd Uffe Ellemanns-Jensens að skynsamlegast væri að öll Norðurlöndin gengju í ESB og störfuðu þar saman á sama hátt og þau hafa gert innan Norðurlandaráðs.

Við metum sjávarútvegsmálin mikils en þau eru ekki mikilvæg innan ESB. Ef Norðmenn gerðust aðilar að sambandinu réðu þeir mestu um stefnu þess í sjávarútvegsmálum en slíkt gæti reynst okkur skeinuhætt ef við stæðum fyrir utan. Það má ekki gleyma því að Norðmaður hefði orðið framkvæmdastjóri sjávarútvegsmála innan ESB ef Norðmenn hefðu samþykkt aðild á sínum tíma.

Mörg fyrirtæki hérlendis telja að EES-samningurinn dugi ekki til framtíðar. Þetta eru svipuð viðhorf og voru sterk í Svíþjóð og Finnlandi þegar vinnuveitendur og verkálýðshreyfingin knúðu mjög á um aðild vegna þess að EES-samningurinn veitti ekki nægilega sterka samkeppnisstöðu. Þetta viðhorf kemur æ sterkar fram hérlendis og fyrirtæki hafa flutt til útlanda eingöngu til að vera innan ESB-svæðisins.

Góð samkeppnisstaða fyrirtækja stendur undir lífskjörum okkar og okkur ber skylda til þess að rýra hvergi möguleika íslensks atvinnulífs í heimi vaxandi samkeppni. Við búum núna við mun hærri vexti en í nágrannalöndunum. Aðild að evrunni getur verið hagsmunamál okkar til lengri tíma og brýnt er að laða hingað erlenda fjárfesta sem hika, m.a. vegna þess að við erum ekki innan ESB.

Það er fullkomlega rökrétt þegar sagt er að sjálfstæði okkar sé betur borgið

innan ESB en utan vegna þess að innan þess erum við aðilar að ákvörðunum en utan þess erum við áhrifalaus og einungis þiggjendur þess sem aðrir hafa samið um.

Næstu skref

Ég tel að EES-samningurinn geti dugað okkur áfram en því fylgi lakari lífskjör til lengri tíma lítið og minna sjálfstæði en værum við innan ESB. Ég er ekki reiðubúinn að mæla með slíkri stefnu.

Ég tel að pólitískt sé það hættulegt fyrir Íslendinga að halda sig einungis við EES-samninginn. Það dregur smátt og smátt úr sjálfsákvörðunarrétti okkar þar sem við verðum að taka sífellt meira af löggjöf annarra í okkar lög og umgjörð lífs okkar verður ákveðin af öðrum.

Ef EES-samningurinn verður einungis samningur sem við verðum nær einir aðilar að og hinum megin er tæplega hálfur milljarður manna í nær öllum ríkjum Evrópu er hér um „einstreymisloka“ að ræða sem kaffærir alla sjálfstæða stefnu í okkar litla landi. Þá væri betra að reyna að fá samningnum breytt þannig að það sem við höfum núna myndi gilda áfram en fleira verði ekki tekið upp í íslenskan rétt. Þetta þýddi að við hættum með hið tímatengda eða breytilega eðli samningsins og einsleitnin myndi hverfa. Óvíst er að ESB vilji slíka breytingu og þetta kemur líklega ekki upp sem möguleiki fyrr en Noregur væri genginn í ESB. Áhrifin yrðu hins vegar mjög slæm fyrir atvinnulífið. Þessi hugsun er hins vegar í anda okkar, þ.e. að verja meint sjálfstæði með hugarfari Bjarts í Sumarhúsum, eins og það er nú árangursríkt – eða hitt þó heldur.

Í mínum huga dugar EES-samningurinn okkur lengi ef við viljum kosta til þess lakari lífskjörum, verri stöðu fyrirtækja og minni sjálfsákvörðunarrétti sem sjálfstæð þjóð en ef við værum í ESB. Ég tel því miklu skynsamlegra að leita samstöðu meðal þjóðarinnar um þau atriði sem við viljum setja á oddinn í viðræðum við ESB og ná samstöðu um þau samningsmarkmið. Þegar þeirri umræðu er lokið og þegar – og ef – mikill meirihluti hefur myndast meðal landsmanna um að fara þá leið eigum við að sækja um aðild að Evrópusambandinu og bera aðildarsamninginn undir þjóðaratkvæði. Með þessu værum við að gera það sama og nær allar þjóðir í Evrópu.

Stefna Evrópusambandsins hentar okkur vel að mínu mati og það verður auðvelt að tryggja hagsmuni okkar þar. Það er misskilningur þegar sagt er að sjávarútvegstefna ESB sé okkur hættuleg og ræður hér mestu regla ESB um veiðireynslu við úthlutun kvóta. Ekki má heldur gleyma því að við getum

sagt EES-samningnum upp og við getum gengið úr ESB ef okkur líkar þar ekki.

Spurningin um stefnuna í Evrópumálum og hvaða kosti við höfum er stærsta pólitíska spurning þessa áratugar. Mitt svar er að kostirnir séu aðeins tveir, þ.e. EES-samningurinn eða aðild að ESB. Mitt mat er að EES-samningurinn fullnægi ekki þörfum og hagsmunum Íslendinga í framtíðinni. Þess vegna eigi að hefja undirbúning að aðildarviðræðum með skilgreiningu samningsmarkmiða sem víðtæk samstaða verður að nást um.

Ég tel að upplýst og skipulögð umræða um efnið sé nauðsynleg og ég held að almenningur verði búinn að gera upp hug sinn á svipaðan hátt og ég hef hér lýst löngu áður en stjórnámálaflokkarnir hérlendis verða komnir að niðurstöðu.

Einurð í Evrópumálum, festa í stefnu og skipulagi og sterk staða forystu¹

Það eru alltaf tíðindi þegar flokkur heldur sinn fyrsta landsfund en oft virðist sem fólk hafi á tilfinningunni að Samfylkingin sé margra ára eða jafnvel áratuga gömul. Það er ekki rétt. Þótt hún hafi verið mynduð úr kosningabandalagi þriggja flokka varð að reisa skipulagslega nýjan flokk frá grunni. Það er greinilegt á þessum landsfundi að það hefur tekist vel.

Þótt skipulagsleg staða Samfylkingarinnar sé sterk hefur hún stundum fengið slaka útkomu í skoðanakönnunum frá kosningum og sjaldnast náð kjörfylgi sínu. Meginástæðan hefur oft verið talin óskýr málflutningur en nú hafa menn unnið bug á þeim vanda að miklu leyti. Stefnumálin eru skýrari en áður og römmuð inn í hinn gullna þríhyrning, þ.e. mennta-, efnahags- og velferðarmál. Samfylkingin tók á fundinum forystu í Evrópuumræðunni. Málflutningur Ungra jafnaðarmanna um að hefja eigi aðildarviðræður við ESB á grunni skýrt skilgreindra samningsmarkmiða hlaut góðar undirtektir, þar á meðal flokksforystunnar. Sú aðferð að halda póstkosningu á næsta ári um þessa spurningu sýnir að full alvara er að baki þessu máli.

Nafngiftarmál Samfylkingarinnar er flokknum ekki til framdráttar og betra hefði verið að kjósa um málið og klára það í stað þess að setja það í nefnd enn einu sinni. Allir vita þó að Samfylkingin er jafnaðarmannaflokkur og sem slíkur á hún aðild að Alþjóðasambandi jafnaðarmanna og fleiri alþjóðasamtökum hefðbundinna jafnaðarmannaflokka.

Góður undirbúningur fundarins, skýr málefnastaða og samstaða flokksmanna á að vera flokknum gott veginesti fyrir næsta ár. Forysta flokksins hefur fengið mjög traust umboð að halda áfram að skerpa málstað þriðju leiðarinnar og taka forystu í alþjóðamálum í anda evrópskrar og alþjóðlegrar jafnaðarstefnu.

Eftir þetta fyrsta starfsár Samfylkingarinnar kom í ljós á landsfundinum að flokkurinn er heilsteypur með gott skipulag og viljuga liðsmenn á mörgum vígstöðvum. Andstæðingum flokksins kom þetta líka á óvart og það segir mikið um að Samfylkingin getur mjög vel við unað.

¹ Vefsíður Ágústur www.agust.is 19. nóvember 2001.

Ísland og stækkun Evrópusambandsins¹

Umræðan um tengsl Íslands við Evrópusambandið hefur lengi verið mikil og oft hörð. Þróun ESB frá lokum seinni heimsstyrjaldarinnar fram á 21. öldina hefur einkennst af sífellt fleiri þátttökulöndum. Í upphafi voru löndin sex, Belgía, Frakkland, Holland, Ítalía, Lúxemborg og Vestur-Þýskaland. Núna hafa níu ríki bæst við í nokkrum áföngum, Austurríki, Bretland, Danmörk, Finnland, Grikkland, Írland, Portúgal, Spánn og Svíþjóð. Auk þess hefur Austur-Þýskaland sameinast Vestur-Þýskalandi. Á árinu 2002 var samþykkt að hefja aðildarviðræður við tíu ríki til viðbótar.

Skipulag ESB og nýju þjóðirnar

Þróun ESB hefur verið mun örari en talið var í upphafi. Samstarfið í viðskiptum og utanríkismálum hefur sífellt orðið nánara og jafnframt hefur skipulag sambandsins breyst. Enn er haldið við upphaflega formið, að koma saman í borgum innan sambandsins og samþykkja sáttmála sem hafa lagagildi fyrir þjóðirnar. Rómarsáttmálinn, sem oft hefur verið kallaður stjórnarskrá ESB, var gerður árið 1957. Ein mikilvægasta breytingin var gerð árið 1987 þegar innri markaður sambandsins var settur á laggirnar með fjórfrelsinu svokallaða, þ.e. frjálsu flæði á vörum, þjónustu, fjármagni og frjálsum atvinnu- og búseturétti.

Ákvarðanataka innan sambandsins er með ýmsum hætti. Leiðtogaráðið, sem í eiga sæti leiðtogar landanna fimmtán, er æðst og þar er stefna mörkuð þótt þetta ráð sé ekki með formlegt vald. Vægi þess í utanríkismálum hefur þó vaxið verulega. Næst kemur ráðherraráðið sem er handhafi löggjafarvaldsins ásamt Evrópuþinginu. Í ráðherraráðinu sitja fagráðherrar þess málaflokks sem verið er að fjalla um hverju sinni. Forystu í ráðherraráðinu er skipt milli landanna á sex mánaða fresti. Framkvæmdastjórnin er svo nokkurs konar ríkisstjórn sambandsins og í henni eiga öll ríkin fulltrúa og nokkur ríki tvo fulltrúa. Á Evrópuþinginu, sem er kosið beint, þ.e. af almenningi í aðildarlöndunum, sitja rúmlega sex hundruð þingmenn (626) og það fer með löggjafarvaldið ásamt ráðherraráðinu. Vægi þingsins er að aukast og margir telja að þróunin í Evrópu verði í átt að nokkurs konar bandaríkjum Evrópu þótt margir séu á móti slíkri þróun. Atkvæðavægi í ráðherraráðinu

¹ Hagmál 42. árg. 2003.

og fjöldi þingmanna á Evrópuþinginu tekur mið af fólksfjölda en þó er vægi smáþjóða tiltölulega mikið. Evrópudómstóllinn kveður upp úr um deiluefni milli landanna. Það sést vel á þessari stuttu lýsingu að skipulag ESB minnr mjög á hefðbundið skipulag í lýðræðisríkjum Evrópu.

Stækkun ESB um tíu ríki kallar á margvíslegar breytingar í starfi sambandsins. Nýju ríkin, Eistland, Kýpur, Lettland, Litháen, Malta, Pólland, Slóvakía, Slóvenía, Tékkland og Ungverjaland, eru efnahagslega veikari en ríkin sem eru þar fyrir. Gert er ráð fyrir að þessi lönd verði orðin aðilar árið 2004 en enn á eftir að ganga frá mörgum lausum endum og mun ýmislegt í skipulagi ESB breytast við stækkunina. Búlgaría og Rúmenía fá ekki aðild í þessari umferð en gert er ráð fyrir að af því verði árið 2007.


Aðild síðasta umsækjandans, Tyrklands, hefur enn ekki verið samþykkt og margir hafa talað harkalega gegn aðild Tyrkja, m.a. vegna þess að þeir séu ekki Evrópuþjóð og hafi sögulega og menningarlega lítið með Evrópu að gera. Þó er sú staðreynd athyglisverð að sú borg þar sem flestir Tyrkir búa, á eftir Istanbúl og Ankara, er Berlín. Gömlu vinirnir, Helmut Schmidt, fyrrverandi kanslari Þýskalands, og Valéry Giscard d'Estaing, fyrrverandi forseti Frakklands, hafa mótmælt hugsanlegri aðild Tyrklands að ESB. Giscard er forseti ráðstefnunnar um framtíð Evrópusambandsins og er enn mjög áhrifamikill og það sama á við Schmidt, sem er útgefandi Die Zeit, eins áhrifamesta vikublaðs Evrópu. Ef stækkunin um ríkin tíu tekst vel má búast við að ríki sem áður tilheyrðu Sovétríkjunum berji á dyr. Stundum hefur verið nefnt að Rússland muni enda í ESB og þá er kominn fram draumur de Gaulles, sem ræddi um sameinaða Evrópu frá Atlantshafi til Úralfjalla.

EES-samningurinn og Ísland

EES-samningurinn milli ESB og EFTA var gerður árið 1994 og með honum var m.a. fjórfrelsið lögleitt hérlendis. EES-samningurinn breytist stöðugt en þó er margt sem þarf sérstaka samninga um, eins og Schengen-samkomulagið. Við höfum ekki áhrif á breytingar á EES-samningnum því að við erum skuldbundin til að taka upp réttarreglur ESB. Þær þjóðir sem gerast nú aðilar að ESB verða jafnframt aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu og lúta reglum EES-samningsins án þess að við komum að samningum við þau ríki.

Ísland og nýju ríkin í ESB

Athyglisvert er að bera saman Ísland, núverandi Evrópusamband með 15 þjóðlöndum og hin tíu nýju aðildarríki. Á mynd 1 má sjá landsframleiðslu á íbúa í bandarískum dollurum á jafnvirðismælikvarða.



Mynd 1: Landsframleiðsla á íbúa í US \$ á jafnvirðismælikvarða (PPP) árið 2000.

Á mynd 1 sést að landsframleiðsla á mann er mjög mikil hérlandis, eða 27.500 dollarar á hvern íbúa á viðmiðunarárinu. Landsframleiðsla er að meðaltali um 15% minni á hvern íbúa í núverandi Evrópusambandi með 15 þjóðlöndum en á Íslandi en nýju ríkin eru þar langt fyrir neðan. Landsframleiðsla á mann á jafnvirðismælikvarða er oft talin lýsa lífskjörum í ólíkum löndum á sambærilegan hátt. Lettland hefur lakasta stöðu hinna nýju ríkja og þar býr fólk við fjórðung af þeim lífskjörum sem fólk býr við á Íslandi. Landsframleiðsla er mest á Kýpur og í Slóveníu af nýju löndunum en samt þó nokkuð minni en í ESB að meðaltali og langt um minni en á Íslandi. Það er því ljóst að sambandsins bíður mikið verkefni við að tryggja sambærileg lífskjör alls staðar í aðildarríkjunum.

Í töflu 1 má sjá margvíslegan samanburð milli ESB, Íslands og nýju ríkjanna.

	15-ESB	Ísland	Eistland	Kýpur	Lettland	Litháen	Malta	Pólland	Slóvakía	Slóvenía	Tjkkland	Ungverjaland
Íbúar í millj. (2000)	376	0,28	1,44	0,76	2,42	3,7	0,38	38,7	5,4	1,99	10,3	10,0
Íbúar á km ²	118	3	32	82	38	57	1203	124	110	98	130	108
Barnadauði (2000)	4,9	3,0	8,4	5,6	10,4	8,5	6,1	8,1	8,6	4,9	4,1	9,2
Lífslíkur (2000)	78,1	79,5	70,8	77,8	70,5	72,8	77,2	73,9	73,2	75,5	74,9	71,4
Verðbólga (2001)	2,3	8,6	5,9	2,0	2,5	1,3	2,9	5,5	7,3	7,0	4,7	9,2
Atvinnuleysi (2002)	7,8	2,2	7,4	4,3	12,5	12,1	6,7	19,9	19	6,3	5,1	6,5
Útblástur, CO ₂ (1999)	8,2	7,7	10,2	7,8	2,8	3,5	6,6	8,0	7,3	7,6	10,8	5,8

Tafla 1: Samanburður á ríkjum ESB, Íslandi og nýjum aðildarríkjum ESB

Þótt Ísland sé fámennrt ríki eru bæði Malta og Kýpur með íbúafjölda undir einni milljón. Pólland er langfölmennasta landið af nýju aðildarríkjunum. Ísland hefur algera sérstöðu hvað varðar fáa íbúa á hvern ferkílómetra. Hérlandis eru einungis um 3 íbúar búsettir á hverjum ferkílómetra en meðaltal innan ESB er 118 og Malta er meira að segja með yfir 1.200 íbúa á hvern ferkílómetra. Flest nýju ríkin eru þó með frá 30 til 100 íbúa á hvern ferkílómetra og eru þannig nokkuð dreifbýlli en ríkin sem fyrir eru þótt ekki muni mjög miklu.

Barnadauði sem fjöldi látinna barna á hverjar 1.000 fæðingar er langfátíðastur hérlandis. Það er talið lýsa góðu heilbrigðiskerfi. Í Lettlandi er barnadauði t.d. meira en þrisvar sinnum algengari en hérlandis. Barnadauði í langflestum hinna nýju ríkja í ESB er algengari en í ríkjunum sem fyrir eru. Lífslíkur í árum er meðaltal af lífaldri karla og kvenna og ekki munar miklu á lífslíkum íbúa álfunnar. Á Íslandi eru lífslíkur mestar en ESB er þar skammt undan. Nýju ríkin er ekki langt þar frá og ljóst er að lífslíkur hafa jafnast mikið í Evrópu.

Verðbólga sem hlutfallsleg breyting á neysluvöruverði milli ára er mikil hérlandis miðað við viðmiðunarlöndin en árið 2001 einkenndist af verðbólgu skoti hérlandis sem gekk til baka á árinu 2002. Verðbólga er nokkuð svipuð í löndunum tíu og er Ungverjaland með mestu verðbólgunu þótt þar sé að mörgu leyti sterk efnahagsleg uppbygging.

Atvinnuleysi sem hlutfall af vinnuafli er minnst hérlandis og þar kemur glöggst fram að mesta vandamál ESB og væntanlegra aðildarríkja er atvinnuleysið. Í Póllandi er um 20% atvinnuleysi. Meðaltal ESB er 7,8%. Vitaskuld má ekki gleyma í þessum samanburði að staðan er ólík meðal hinna 15 ríkja ESB þótt hér sé sýnt meðaltal þeirra vegna þess að megináherslan er að draga fram stöðu nýju ríkjanna. Lúxemborg er t.d. með einungis um 2% atvinnuleysi en Belgía með yfir 10%.

Algengur mælikvarði á mengun er útblástur, magn koltvísýrings á hvern íbúa, og er Ísland um miðjan hóp í þessum samanburði, sem gefur til kynna að þetta svið sé alls ekki án vandamála hérlandis þótt margir telji að svo sé.

Þessum samanburði er ætlað að veita nokkra yfirsýn yfir stöðu nýju ríkjanna og sést vel að staða þeirra er að mörgu leyti lakari í efnahagslegu tilliti en ESB-ríkjanna sem fyrir eru. Fyrir Íslendinga er athyglisvert að sjá hvar þeir standa þessum þjóðum frammar og hvar ekki. Slíkur alþjóðlegur samanburður auðveldar umræðu í einstökum löndum. Það er t.d. ekki að ástæðulausu að Rúmenía og Búlgaría fá ekki aðild með þjóðunum tíu. Verðbólgan í Rúmeníu er 35% og í Búlgaríu 10%. Atvinnuleysi er mikið í

Þessum löndum og ríkissjóðshalli er vandamál. Ríkin tvö þurfa því taka til í sínu ranni áður en af aðild getur orðið.

Einbeittur vilji þjóðanna í Mið-Evrópu til að gerast aðilar að ESB og NATO er ótvíræður. Pólland, Tékkland og Ungverjaland gerðust aðilar að NATO árið 1999. Sjö ríki til viðbótar, Búlgaría, Eistland, Lettland, Litháen, Rúmenía, Slóvakía og Slóvenía, urðu aðilar að NATO haustið 2002. Kýpur, Malta og Tyrkland voru þegar aðilar að NATO. Þannig eru öll umsóknarríkin að ESB þegar orðin aðilar að NATO. Breytingarnar í stjórn málum Evrópu á síðustu árum eru gífurlegar.

Íslendingar hafa mest viðskiptatengsl við Pólland af nýju ESB-ríkjunum og ættu að opna sendiráð þar sem fyrst, sendiráð sem myndi einnig gæta hagsmuna okkar í Eystrasaltsríkjunum þremur. Þar njótum við Íslendingar sérstaks velvilja eftir stuðning okkar í sjálfstæðisbaráttu þeirra. Mjög margir Pólverjar eru einnig búsettir hérlandis. Mikilvægt er fyrir okkur að hafa sem best tengsl við vinveittar þjóðir innan ESB hvernig sem samskiptum okkar við sambandið verður hagað í framtíðinni.

Lokaorð

Meginmarkmið ESB var og er að tryggja frið í Evrópu. Hugmyndafræðin eftir seinni heimstyrjöldina var að hefja efnahagslega samvinnu á ríkjagrundi sem síðar myndi leiða til samstarfs á vettvangi stjórnmála, vettvangi sem tryggði frið í stríðshrjádri álfu. Hugmyndasmiðirnir Robert Schuman og Jean Monnet áttu sér draum sem rættist. Tíminn frá lokum seinni heimstyrjaldarinnar, árið 1945, til borgarastríðsins í fyrrverandi Júgóslavíu árið 1991 er lengsti friðartími í Evrópu í 2.000 ár.

Íslendingar hafa lítið kynnst styrjöldum þeim sem geisðu í Evrópu öldum saman og eiga því oft erfitt með að skynja þörfina fyrir frið, einkum hjá þjóðunum í Mið-Evrópu. Við verðum að fara aftur til Sturlungaaldar, eða tæp 800 ár aftur til að finna verulega bardaga á íslensku landi. ESB er sprottið úr jarðvegi evrópskrar sögu sem við erum hluti af en fjarlægð okkar frá öðrum löndum og fámenni stuðlaði að einangrun okkar um aldir sem skildi okkur að hluta til frá þeirri þróun sem mótaði þjóðfélögin annars staðar í Evrópu.

Með hvaða hætti við högum samskiptum okkar í framtíðinni við þetta mikla samband er enn óljóst en samanburður á stöðu okkar og þeirra sem nú bíða inntöku skiptir máli í þeirri umræðu sem nú fer fram hérlandis.

Evrópumál¹

Það hefur oft verið bjarmi yfir smærri einingum. Innan hagfræðinnar er þó talað um hagkvæmni stærðarinnar, sem þýðir að við stækkun fyrirtækja skapast möguleikar á hagræðingu sem leiðir til lægri kostnaðar á hverja framleidda einingu. Stórar rekstrareiningar eiga því auðveldara uppdráttar en minni fyrirtæki. Þó gildir þessi hagkvæmni ekki í hið óendanlega vegna þess að þá myndu fyrirtækin sífellt stækka. Það gerist ekki, enda snýst þróunin við eftir að tiltekinni stærð er náð. Þá eru boðleiðir orðnar langar og skipulag flókið og það hefur kostnað í för með sér, sem þýðir að meðalkostnaður framleiðslunnar eykst. Það er því eitthvað til sem telst vera hagkvæmasta stærð fyrirtækis en ekki er auðvelt að finna hana.

Sagan er full af dæmum þar sem fyrrgreind lýsing á vel við. Fyrirtæki hafa reynst ágætlega hagkvæm þegar þau hafa ekki verið orðin of stór. Þau hafa síðan stækkað, t.d. með sameiningu við önnur fyrirtæki, en þá lent í vandræðum og jafnvel lagt upp laupana. Slíkar sögur eru ekki óalgengar en reyndar eru til alls konar sögur um þróun viðskipta í lífsreynslubók viðskiptafræðinnar.

Ef eitthvað er alveg öruggt í því sem vísindin kenna okkur þá er það að fjölbreytninni eru engin takmörk sett. Náttúran sýndi mannum fram á þetta fyrir margt löngu. Fjölbreytni tryggir einfaldlega þróun. Það er því ekkert til sem er algild hagkvæmasta stærð á fyrirtæki, hagkerfi eða ríkjum. Smærri ríki eru að ýmsu leyti öðru vísi en stærri ríki en að öðru leyti svipuð þeim.

Hnattvæðingin

Hnattvæðingin breytir mörgu fyrir ríki heims, ekki hvað síst fyrir smærri ríki. Hnattvæðingin felur ekki aðeins í sér meiri verslun milli landa en áður heldur hefur hún í för með sér aukna menningarstrauma. Helstu verkfæri hnattvæðingarinnar, tölvan og Netið, hafa þegar haft gífurleg áhrif í viðskiptum og samskiptum fólks, einkum í hinum þróuðu löndum þar sem tölvuútbreiðsla er mest. Kostir hnattvæðingarinnar eru m.a. stærri

¹ Inngangur í *Small States and European Economic Integration – Comparative Studies*. Háskólaútgáfan, Reykjavík, 2004.

markaðssvæði en áður, lægri viðskiptakostnaður og meiri og hraðari dreifing á þekkingu. Margir hafa hins vegar áhyggjur af því að hnattvæðingin feli fyrst og fremst í sér frjálst flæði fjármagns þar sem ekki er tekið nægjanlegt tillit til umhverfisins og líf skjara í fátækum löndum.

Fólksfjölgunin skapar mjög mikil vandamál varðandi fæðuöflun, vatn og lífvænleg svæði til að búa á, auk hinna margvíslegu félagslegu erfiðleika sem slík fólksfjölgun hefur í för með sér. Tækniframfarir í vísindum, eins og í lífvísindum, munu hjálpa til við fæðuöflunina og erfðabreytt matvæli verða óaðskiljanlegur þáttur í matarræði mannsins eftir nokkur ár. Þessi þróun býr til frjósaman jarðveg fyrir stórauðnar vísindarannsóknir.

Þrátt fyrir framfarir í vísindum verður vandinn samt mikill, ekki hvað síst þegar litið er til þeirrar misskiptingar í heiminum sem er nú þegar við lýði. Ef landsframleiðsla á mann á jafnvirðismælikvarða er skoðuð kemur í ljós að munur milli hinna ríku þjóða innan OECD, sem við Íslendingar tilheyrum, og hinna fátæku þjóða, sem eru tæpur helmingur jarðarbúa, er fimmtánfaldur og fer síst minnkandi.

Nú eru um 200 ríki í heiminum og um 100 þeirra teljast til þróunarlandanna. Í um 30 ríkjum af þessum 100 ríkjum varð samdráttur í landsframleiðslu á mann á árunum 1965 til 2000 þannig að verkefnið sem er fram undan við að jafna líf skjör í heiminum og búa öllum lífvænleg skilyrði er risavaxið. Fyrir fámenna þjóð eins og Íslendinga er sú spurning réttmæt hvað við getum gert til að bæta þessa stöðu. Ekki getum við stært okkur á þessu sviði. Framlag okkar til þróunarmála er lægst af öllum ríkjum OECD og er ekki í neinu samræmi við ríkidæmi landsins en Íslendingar hafa lengi verið meðal þeirra 10 þjóða heims sem búa við best líf skjör.

Alþjóðlegir menningarstraumar

Hnattvæðingin snýr sérstaklega að smærri ríkjum í sambandi við menningarstrauma. Menning hefur alltaf flust milli landa en það er nýtt á okkar dögum að straumarnir koma alls staðar að og þeir eru miklu stríðari en áður. Vegna hnattvæðingarinnar standa smærri ríki nú frammi fyrir sérstöku vandamáli hvað varðar menningu. Menningarleg fjölbreytni er aðalmerki samfélags mannsins og hún hefur oft varðveist vegna einangrunar og vegna þess að einstök menningarsamfélög hafa fengið langan tíma til að laga sig að erlendum áhrifum. Það á ekki við lengur. Nú berast ýmiss konar menningaráhrif miklu hraðar milli landa en áður, m.a. vegna Netsins og aukinnar fjölmiðlunar.

Það er hægt að líta á menningu sem alþjóðleg almannagæði þar sem þrjú

tiltekin skilyrði verða að vera fyrir hendi. Þessi skilyrði eru í fyrsta lagi að menningarlegir viðburðir verða að vera aðgengilegir sem flestum þjóðum og í öðru lagi að menningarlegir viðburðir verða að vera aðgengilegir sem flestum einstaklingum innan einstakra landa. Annars verða menningarlegir atburðir einungis fyrir forréttindastéttir. Í þriðja lagi verður menningarleg fjölbreytni að vera aðgengileg komandi kynslóðum en með því er hugtakið um sjálfbærni nýtt til að tryggja menningu sess í samskiptum kynslóða.

Lítill menningarsamfélög geta verið í hættu vegna hnattvæðingarinnar, ekki vegna þess að þau séu frekar viðtakendur en veitendur í þessum alþjóðlegu straumum heldur vegna þess að þau eru smá. Þau eiga einfaldlega erfitt með að gera sig gildandi á erlendum vettvangi vegna smæðar og fjáskorts og þau standast illa erlend áhrif heima fyrir. Okkur ber samkvæmt fyrrgreindu skilyrði um sjálfbærni að varðveita menningarlega fjölbreytni fyrir komandi kynslóðir. Hér er því verk að vinna.

Það er athyglisvert í þessu samhengi að smærri ríki verja hærra hlutfalli af opinberum útgjöldum til menningarmála en hin stærrí. Opinber útgjöld marka stjórn mála áherslu valdhafa á hverjum tíma og því er þetta hlutfall góð vísending um forgangsroðun. Fámennari ríki veita menningarmálum forgang fremur en hin fjölmennari ríki. Þetta er skiljanlegt þar sem hin smærri ríki eru mjög meðvitund um að vernda sín litlu menningarsamfélög sem marka tilvist viðkomandi ríkja meira en flest annað. Stærríki hafa ekki svo miklar áhyggjur af þessu þar sem stærð þeirra tryggir fjölbreytni og sóknarfæri, bæði heima fyrir og erlendis.

Fjöldi ríkja í Bandaríkjunum og í Evrópu

Smærri ríki eru víða í stórum samtökum. Evrópusambandið breyttist mikið eftir að 10 ríki bættust þar við en þau eru nú 25 talsins. Það er athyglisvert að bera saman íbúafjölda ríkja Evrópusambandsins og fylkja Bandaríkja Norður-Ameríku en þau eru tvöfalt fleiri en ríki ESB, eða 50 talsins.

Í um 13% af ríkjum ESB og fylkjum Bandaríkjanna er íbúaföldi minni en ein milljón. Í þriðjungi fylkja Bandaríkjanna er íbúaföldi hins vegar frá einni upp í fjórar milljónir en sambærilegt hlutfall fyrir ESB er 20%. Í um 40% fylkja Bandaríkjanna og ríkja ESB er íbúaföldi milli 4 og 15 milljónir. Hlutfall stórra fylkja og ríkja þar sem íbúar eru milli 15 og 50 milljónir er líka svipað, eða um 10%. Ekkert fylki Bandaríkjanna hefur íbúafjölda yfir 50 milljónir en 4 ríki ESB eru með fleiri íbúa en 50 milljónir (Þýskaland, Bretland, Frakkland og Ítalía). Það er því ótrúlega mikið samræmi milli þessara tveggja risaeininga.

Ýmsir hafa haldið því fram að ESB muni þróast líkt og Bandaríki Norður-Ameríku gerðu, þ.e. verða eitt sambandsríki með mörgum tiltölulega sjálfstæðum fylkjum eða ríkjum. Munurinn liggur þó fyrst og fremst í því að ESB hefur innan sinna vébanda risaríki á vestrænanan mælikvarða en ekkert fylki Bandaríkjanna hefur slíka stöðu. Það er áberandi innan ESB að stærstu ríkin ráða mestu, hvað sem verður í framtíðinni, en fylkin í Bandaríkjunum hafa mun jafnari stöðu innbyrðis.

Í Bandaríkjunum hefur aldrei þróast mjög sterkt vald einstakra fylkja, a.m.k. ekki á síðustu áratugum. Kalifornía er fjölmennasta fylki Bandaríkjanna með tæplega 40 milljónir íbúa og er jafnframt 5. stærsta efnahagskerfi heimsins en áhrif þess á landsstjórnina í Bandaríkjunum eru ekki í neinu samræmi við það. Það er því áleitin spurning hvort ekki einmitt sú staðreynd að ekki voru til risafylki innan Bandaríkjanna hafi gert það mögulegt að þróa svo einstaklega hagkvæma og öfluga liðsheild sem Bandaríki Norður-Ameríku eru.

Dæmi um sérstaklega árangursríkt samstarf þjóða um áratugaskeið er samvinna Norðurlanda allt frá stríðslokum. Þótt Ísland sé langminnst ríkjanna hefur það aldrei háð því í samstarfinu enda eru hin löndin álíka stór þótt Svíþjóð sé sýnu stærst. Það hefur einnig gengið mjög vel að fella Grænland, Færeyjar og Álandseyjar inn í samstarf Norðurlanda, landsvæði þar sem íbúar eru mun færri en á Íslandi. Líklega er samstarf ríkja árangursríkara ef þau eru smá og álíka stór að íbúatölu til en ef um er að ræða ríki með mjög mismunandi íbúafjölda.

Sambærilegar breytingar nú og fyrir 200 árum

Fyrir smærri ríki er athyglisvert að skoða þá þróun sem varð á einungis 40 ára tímabili fyrir rúmum 200 árum. Tímabilið frá 1775 til 1815 er líklega stærsta breytingarskeið í sögu Vesturlanda. Þá urðu stóru byltingarnar, sú bandaríska árið 1776 og hin franska árið 1789. Atvinnuháttabylting með hagnýtingu gufuaflsins var þá á fullri ferð, kóngar og aðalsmenn misstu völdin, borgir stækkuðu, verslun jókst og borgarastéttin eflidist og tók völdin sem hún hefur haldið síðan.

Á þessum 40 árum var einnig valdatími Napóleons sem breytti landamærum í Evrópu og hafði í för með sér varanlegar breytingar á mörgum sviðum. Þessi 40 ár eru samt ekki nema tæplega einn mannsaldur. Á þessum tíma efdust smærri ríki og þjóðernishygga magnaðist enda átti þróunin næstu 200 árin sér einkum stað á grunni einstakra þjóðríkja sem héldu sterkt fram sérhagsmunum sínum, m.a. með sókn í nýlendur. Afleiðing þessa varð

sjálfstæðisbarátta mjög margra þjóða á 19. og 20. öld sem mótaði flest af þeim 200 ríkjum sem nú eru í heiminum.

Það er vert að spyrja sig hvort tímabilið frá 1985 til 2025, sem eru líka 40 ár, feli í sér álíka breytingar í sögu mannsins. Árið 1989 féll múrinn og sá atburður innsiglaði ósigur kommúnismans. Öll Austur-Evrópa gerbreyttist á örfáum árum. Ný atvinnuháttabylting er í fullum gangi með tölvunni, Netinu, upplýsingatækni og þekkingariðnaði. Ný ógn hefur séð dagsins ljós með alþjóðlegum hermdarverkum. Framfarir í lífvísindum og erfðafræði hafa aldrei verið meiri en á síðustu árum og vísindamenn standa frammi fyrir nýjum siðferðilegum vandamálum sem áður voru aðeins til í vísindaskáldsögum. Sífellt fleiri lifa í vellystingum á sama tíma og aldrei fleiri deyja úr hungri. Enn eru 20 ár eftir af þessu 40 ára tímabili en miðað við fyrri hluta þess er ekki ólíklegt að breytingarnar séu sambærilegar þeim og urðu á fyrrgreindu 40 ára tímabili um aldamótin 1800.

Hér eru því tækifæri fyrir smærri ríki. Þau geta lagt margt fram til jákvæðra breytinga vegna þess að stjórnvöld þeirra eru oft meðvitaðri um þarfir þegnanna en í hinum stærri ríkjum. Sveigjanleiki er lausnarorð í aukinni hagkvæmni sem er nauðsynleg í viðskiptum og mannlegum samskiptum.

Smærri ríki eru líklegri en önnur til að vinna að sveigjanleika og byggja upp sterka siðferðilega hugmyndafræði til að stuðla að aukinni samvinnu þjóða heims. Enn vantar slíkan siðferðilegan grunn. Áður fyrr var samvinna þjóða æskileg og hagkvæm. Nú er samvinna þjóða hins vegar lífsnauðsyn ef mannkyninu á að takast að ráða við vandamál næstu áratuga. Hér geta smærri ríki heims tekið forystuna.

Leiðarar í Alþýðublaðinu

Veiðileyfagjald og verðtrygging¹

Verðtrygging var tekin upp hérlandis 1978 en áður höfðu lán almennt verið óverðtryggð. Á þeim árum átti sér stað stórkostleg millifærsla á fjármunum samhlíða hinni miklu verðbólgu. Þeir sem skulduðu græddu en sparifjáreigendur, ekki síst gamla fólkið, sat eftir með sárt ennið.

Það er athyglisvert að bera saman baráttuna fyrir verðtryggðum kjörum þá og fyrir veiðileyfagjaldi núna. Baráttan fyrir verðtryggingu var rekin með réttlætisrökum vegna þess að með óverðtryggðum lánnum var skuldurum hyglað. Þeir sem höfðu aðstöðu til að fá lán í bönkum á tíma skömmunar högnuðust umfram aðra. Hagkvæmnisrökin vógu einnig þungt en með óverðtryggðum lánnum var offjárfest, aðallega í steinsteypu.

Þá lögðust forsvarsmenn sjávarútvegs og atvinnuveganna gegn þessu. Verðtrygging átti að setja atvinnulífið á hausinn. Vilmundur Gylfason, einn helsti forystumaður Alþýðuflokksins á þessum árum, barðist ötullega fyrir verðtryggingunni sem var mikil réttarbót í okkar hagkerfi. Verðtrygging var nauðsyn vegna verðbólgunnar þótt nú sé skynsamlegt að draga úr henni vegna langvarandi stöðugleika.

Það sama er upp á teningnum nú. Nú berst Alþýðuflokkurinn og aðrir jafnaðarmenn fyrir veiðileyfagjaldi sem er réttlætis- og hagkvæmismál. Enn eru sömu andstæðingarnir, þ.e. þeir sem nota sér ranglæti eldra kerfis til að auðga sjálfan sig.

Veidileyfagjald er nauðsynlegt vegna þess að ekki er hægt að horfa upp á fjölmarga aðila í þjóðlífinu hagnast stórlega á verslun með veiðiheimildir sem er úthlutað ókeypis af ríkisvaldinu úr sameiginlegri auðlind þjóðarinnar. Þessi hagnaður rennur í vasa hinna fáu á kostnað hinna mörgu. Það verður aldrei sæst á slíkt kerfi.

Auk þess er veiðileyfagjald nauðsynlegt til að skapa svigrúm fyrir aðra atvinnuvegi, tryggja stöðugleika og koma í veg fyrir verðbólgu og gengisfellingar í framtíðinni. Þannig liggja bæði réttlætis- og hagkvæmnisrök til grundvallar veiðileyfagjaldi.

Fyrir rúmum 20 árum var sagt að verðtrygging myndi leggja landsbyggðina í rúst. Nú er aftur gripið til þessa óþverráðs. Handhafar kvótans, sem

¹ Leiðari í *Alþýðublaðinu* 5. mars 1997.

hafa nóg fé fyrir leigupenna sína, vita að tilfinningar geta orðið sterkar ef tekst að reka fleyg milli þéttbýlis og dreifbýlis.

Það að halda því fram að veiðileyfagjald sé skattur á landsbyggðina er fráleitt því að landsbyggðin fær engum kvóta úthlutað. Það er nokkrir einstaklingar í hverju þorpi eða bæjarfélagi sem fá kvótann og þeir geta gert við hann það sem þeim sýnist, selt hann, leigt hann eða veitt hann. Fólkið í þorpunum hefur engin áhrif á það. Veiðileyfagjald mun þvert á móti styrkja landsbyggðina þar sem annar atvinnuvegur tengdur sjávarútvegi byggist þar upp.

Úthlutun veiðiheimilda án veiðileyfagjalds er forréttindakerfi sem er varið af forréttindastéttinni með kjafti og klóm. Fólkið í landinu hefur séð í gegnum þennan málflutning fyrir eiginhagsmunum eins og skoðanakannanir sýna. Þrír fjórðu hlutar þjóðarinnar styðja veiðileyfagjald. Fólkið skilur þessa aðferðafræði en vinsælt er af andstæðingum veiðileyfagjalds að segja að almenningur skilji þetta ekki. Til viðbótar við ófyrirleitnina kemur hrokinn.

Fólkið veit vel að þarna er harðsvíraður hópur að verja sína eigin peningalegu hagsmuni og vill fá veiðiheimildir áfram ókeypis. Nú er næsta skref að brjóta hina pólitísku brjóstvörn andstæðinganna á bak aftur. Það gerist ekki nema kjósendur Sjálfstæðisflokksins snúi við honum baki vegna þessa máls. Sá sem ver útgerðarmennina pólitískt er Sjálfstæðisflokkurinn með Davíð Oddsson og Þorstein Pálsson í fararbroddi.

Það væri löngu komið á veiðileyfagjald ef ekki væri fyrir andstöðu Sjálfstæðisflokksins og reyndar Framsóknarflokksins líka. Jafnaðarmenn eru eina stjórn málaaflið sem berst einróma fyrir veiðileyfagjaldi.

Alveg eins og baráttan fyrir réttlæti á fjármagnsmarkaði vannst fyrir rúmum tuttugu árum mun þessi barátta vinnast fyrir tilstuðlan jafnaðarmanna.

Kjarasamningar¹

Ýmislegt bendir til þess að kjarasamningar séu nú á lokastigi. Ferli þeirra hefur verið svipað og oft áður, viðræður í langan tíma þar sem ekki eru rædd nein meginmál, síðan næturfundir og allt smellur saman eða í sundur eftir tveggja sólarhringa vöku. Þetta er kunnuglegt þrátt fyrir ný lög frá því í fyrra sem áttu m.a. að breyta vinnubrögðum við kjarasamninga.

Frá því að þjóðarsáttarsamningarnir voru gerðir árið 1990 sem samstarfs-kerkferni verkalýðsfélaga og vinnuveitenda hefur ekki örlað á ferskri hugsun hjá aðilum vinnuarkaðarins hvað varða ný vinnubrögð og raunhæfar áætlanir til styttingar vinnutíma og bættrar framleiðni.

Á tímabili var mikið rætt um vinnustaðasamninga en VSÍ virðist hafa eyðilagð raunhæfa aðkomu að því máli með því að vilja viðhalda eins mikilli miðstýringu af hendi vinnuveitenda og frekast er unnt. Það er athyglisvert að fylgjast með óánægju VSÍ í fjölmiðlum þegar stærsta verkalýðsfélag landsins, VR, hefur náð hverjum samningi á fætur öðrum við fyrirtæki sem standa utan Vinnuveitendasambandsins.

Þetta eru eðlilegir samningar enda samningsréttur ótvírætt hjá verkalýðsfélögum og ætti vitaskuld að vera með skýrari hætti en nú er hjá einstökum fyrirtækjum þannig að launþegar fengju betur notið góðrar afkomu margra fyrirtækja. Enn þá riður miðstýringardraugurinn húsum hjá aðilum vinnuarkaðarins, ekki hvað síst hjá vinnuveitendum.

Kröfugerð launþega hefur verið sanngjörn að mati Alþýðublaðsins, hækkun lágmarkslauna sett á oddinn og hóflegar kauphækkanir til annarra. Það er engin hætta á að þjóðfélagið fari á hvolf við slíka kröfugerð þótt vinnuveitendur þreytist seint á að hrópa „úlfur, úlfur“.

Það kom einnig í ljós að verkafólk fylgir foringjum sínum dyggilega ef kemur til frekari aðgerða. Vinnuveitendur gerðu sér miklar vonir um að fólk myndi einfaldlega fella verkfallsboðanir. Annað hefur komið í ljós.

Almenningur er búinn að fá nóg af skrípaleik vinnuveitenda í þessari deilu og ósvífinni framkomu þeirra þegar hækkun lægstu launa er til umræðu. Forstjóragengið hjá VSÍ er nær milljóninni á mánuði en hundrað þúsund krónunum sem láglaunafólkið er á.

¹ Leiðari í *Alþýðublaðinu* 7. mars 1997.

Í alþjóðlegum samanburði er talið að einn veikasti þáttur í hagkerfi okkar sé stjórnun fyrirtækja. Því hefur alltof lítill gaumur verið gefinn hversu slappir íslenskir forstjórar eru í fyrirtækjarekstri. Við erum að uppskera það í bágunum kjörum launþega.

Stjórnvöld hafa haldið að sér höndum í þessari deilu en bíða eins og jólasveinn í strompi með skattapakka til að „höggva á hnútinn“. Það eru forkastanleg vinnubrögð að ríkisstjórnin ætli enn eina ferðina að greiða launahækkun fyrir vinnuveitendur með skattalækkun á launafólk.

Það er launafólk sem greiðir fyrir þá skattalækkun með minni opinberri þjónustu í velferðar-, heilbrigðis- og menntamálum. Ríkisstjórnin hefur ekki skirrt við að skera niður í þeim málaflokkum og nú mun hún halda því áfram vegna þessara skattalækkana fyrir vinnuveitendur.

Stefna stjórnvalda er enn hrottalegri vegna þess að ríkisstjórnin ákvað í haust að halda barnabótum, vaxtabótum og skattleysismörkum óbreyttum þrátt fyrir verðbólgu og frysti þannig fé fyrir launþegum sem hún lætur þá hafa aftur með skattalækkun nú í lok samningsgerðar. Launþegar greiða þannig tvöfalt fyrir þessar „gjafir Davíðs“.

Alþýðublaðið og jafnaðarmenn hafa lagt til að skattkerfið verði stokkað upp, ekki hvað síst gagnvart millitekjufólki. Skattar fyrirtækja hafa lækkað stórlega í tíð ríkisstjórnarinnar en það svigrúm er ekki nýtt til að auka kaupmátt verkafólks eða hagræða til frekari sóknar.

Helmingaskiptastjórnin¹

Það er alkunna að íslenskt atvinnulíf hefur löngum miðast við helmingaskipti milli framsóknar- og sjálfstæðismanna. Ríkisviðskiptabankakerfið hefur miðast við þessa reglu og bankastjórástöður ráðast af pólitísku litrófi hvers tíma.

Um áratugaskeið kom einn bankastjóri Landsbankans beint frá Sambandi íslenskra samvinnufélaga sem var langstærsta fyrirtækjamsteypa landsins. Hrun Sambandsins var örlagaríkt fyrir framsóknarmenn en þeir hafa náð góðri stöðu aftur, m.a. með öflugri stjórnun á VÍS og Olúfélaginu (Esso).

Á hinum vængnum eru Eimskip og Sjóvá-Almennar í forystu. Þessi fyrirtæki eru öflug en þau starfa öll á fákeppnismarkaði. Fákeppni er eitt alvarlegasta mein í íslensku atvinnulífi og sífellt færri meira fjárhagslegt vald á æ færri hendur.

Jafnaðarmenn hafa lagt mikla áherslu á það í umræðu um einkavæðingu eða ríkisrekstur að tryggja samkeppni. Helmingaskiptastjórn Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks gengur þvert á þessi sjónarmið. Allir muna hvernig þessir flokkar skiptu á milli sín verktakastarfseminni á Keflavíkurflugvelli og tryggðu þar einokun og nokkrum fjölskyldum úr flokkunum ómældan auð.

Þessar tvær höfuðfylkingar í íslenskum stjórnmálum á þessari öld hafa oft tekist harkalega á þrátt fyrir samvinnu á öðrum sviðum. Margir muna áreksturinn þegar ríkið ætlaði að selja Útvegsbankann, en þá mættu báðar fylkingarnar gráar fyrir járnum, önnur leidd af SÍS-aðilum og hinni stjórnað af Kristjáni Ragnarssyni, formanni LÍÚ.

Nú gerast aftur tíðindi. Landsbankinn, stærsti banki þjóðarinnar, kaupir 50% í stærsta tryggingafélagi landsins. Þótt vitaskuld sé gott að íslenskir bankar fylgi eftir þeirri þróun erlendis að taka vaxandi þátt í tryggingastarfsemi er hér ekki allt sem sýnist. Samkeppni mun minnka á innlendum markaði.

Hlutur ríkisins á fjármagnsmarkaði stóreykst við þessi kaup Landsbankans. Landsbankinn og Búnaðarbankinn munu áfram verða að 2/3 hlutum í

¹ Leiðari í Alþýðublaðinu 21. mars 1997.

eigu ríkisins a.m.k. næstu fjögur ár. Hér hefur ríkisstjórnin breytt algerlega um stefnu og kom hún mörgum stuðningsmönnum sínum í opna skjöldu.

Furðu hefur vakið sá ágreiningur sem hefur birst um hvernig eiginfjárlutfall Landsbankans er reiknað út að loknum þessum kaupum. Alþýðublaðið tekur undir þá kröfu sem kom fram á Alþingi að Ríkisendurskoðun kanni sérstaklega þennan þátt. Það er a.m.k. óvanalegt að bankastjórar ríkisviðskiptabankanna væni hver annan um lögbrot.

Tengsl stjórnarflokkanna við þennan gjörning eru augljós. Ráðherrar fylgdust með sölunni og henni var stýrt af formanni bankaráðs Landsbankans, sem jafnframt er framkvæmdstjóri Sjálfstæðisflokksins. Ýmsir telja að þetta skref styrki framsóknarmenn í valdatafli stórviðskiptanna og þegar hafa fréttir borist af samræðum annarra fyrirtækja. Ef þetta leiðir til enn meiri fákeppni á veikburða fjármagnsmarkaði þá er illt í efni fyrir neytendur.

Þegar Sjálfstæðis- og Framsóknarflokkur hafa myndað ríkisstjórn verða alltaf einhver stórviðskipti þar sem flokkslegir hagsmunir sitja í fyrirrúmi. Í einu af þeim frumvörpum ríkisstjórnarinnar sem liggur fyrir Alþingi er gert ráð fyrir að nýr ríkisbanki verði stofnaður á grunni fjárfestingarsjóða atvinnuveganna. Þar er bankastjórastöðum skilmerkilega skipt niður og völd hagsmunasamtaka og stjórnarflokka eru mjög vel tryggð.

Þegar á reynir hefur Sjálfstæðisflokkurinn ætíð verið drýgstur allra flokka að blanda saman hagsmunum fyrirtækja sinna og ríkisins og ekki skirrst við ríkisrekstri þegar honum hentar.

Sjálfstæðisflokkurinn hugsar fyrst og fremst um völd og áhrif fárra einstaklinga í okkar litla þjóðfélagi en minna um hagkvæmni eða hagsmuni almennings.

Erfiðleikar verkalýðshreyfingarinnar¹

Síðustu kjarasamningar hafa leitt margt í ljós og þeir eru verkalýðshreyfingunni tilefni til að endurmeta stöðu sína. Lögín frá því í vor breyttu engu um vinnubrögð. Það var þæft í marga mánuði og síðan byrjuðu vökunætur sólarhringum saman. Þetta vinnulag er vitaskuld aftan úr forneskju en svona vilja menn hafa þetta og virðist ekki skipta máli hvernig lögum er breytt til að koma í veg fyrir það.

Miðstýringarvaldið í VSÍ er geysisterkt og hefur eflst mikið á síðustu tíu árum. VSÍ hefur tekist vel í þeim áróðri að vekja þá trú að vinnuveitendur séu dreifðstýrðir en verkalýðshreyfingin miðstýrð. Þessu er í reynd þveröfugt farið.

Launþegahreyfingin er svo veik að hún lætur meira að segja bjóða sér ár eftir ár yfirlætisfulla og hrokafulla framkomu af hálfu talsmanna vinnuveitenda sem tala niður til launþega.

Verkalýðshreyfingunni tókst aðeins að hluta að knýja almennt fram vinnustaðasamninga, sem er eina raunhæfa leiðin til kjarabóta og eðlilegt framhald af þjóðarsáttarsamningunum. Engin róttæk uppstokkun hefur átt sér stað frá 1990. Þessi hugmyndaskortur er alvarlegur. Framleiðni fyrir-tækja, sem stendur undir bættum kjörum launafólks, er enn með því lægsta sem þekktist innan OECD-ríkja.

Krafa verkalýðshreyfingarinnar um kjarabætur í skattamálum gagnvart stjórnvöldum er gamaldags og röng stefna. Þannig losna vinnuveitendur undan því að hækka launin. Skattalækkunum er mætt af þessari ríkisstjórn með því að skera niður í mennta-, velferðar- og heilbrigðismálum. Þannig greiða launþegar í reynd sjálfir fyrir þessar „kjarabætur“.

Það er athyglisvert í sambandi við tekjuskatt einstaklinga og bætur að einungis 70.000 af 200.000 framteljendum greiða tekjuskatt. Byrðin á þessum einstaklingum er þung en þetta er aðallega millitekjufólkið. Frá ríkinu fá 40.000 manns endurgreitt, þ.e. þeir sem eru á lágum launum og búa við langan vinnudag. Um 90.000 framteljendur eru tekjuskattslausir, aðallega námsmenn og ellilífeyrisþegar.

Við höldum uppi lífskjörum okkar með því að vinna um þriðjungi lengur

¹ Leiðari í Alþýðublaðinu 9. apríl 1997.

en gert er í nágrennalöndunum. Hvenær ætlum við að hætta að vinna 15 tíma aukalega í hverri viku eingöngu vegna rangs kerfis?

Launþegahreyfingin er í kreppu og þessi samningslota mótast ekki af hugmyndum verkalýðshreyfingarinnar. Samspil ríkisstjórnar og vinnuveitenda gekk algerlega upp og það samstarf mun halda áfram.

Varla er launþegahreyfingin búin að gleyma því hversu auðveldlega breytingar á vinnulöggjöfinni voru knúnar í gegn af ríkisstjórninni fyrir ári síðan, þrátt fyrir andstöðu launafólks og stjórnarandstöðu. Þar gengu ríkisstjórnin og flokkar hennar, Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur, hönd í hönd með vinnuveitendum og höfðu fullan sigur.

Verkalýðshreyfingin verður að hugsa málin út frá pólitískum forsendum og breyttum aðstæðum í þjóðlífinu í meira mæli en áður. Sá sem reynir lausnir gærdagsins við vandamál dagsins í dag mun ekki ná árangri á morgun.

Morgunblaðið og lífeyrissjóðirnir¹

Skipulag lífeyrismála er mikið rætt þessa dagana. Lífeyrisherfi okkar byggist á þremur meginþáttum, þ.e. skylduaðild, sjóðsöfnun og samtryggingu. Skylduaðild felur í sér að allir greiði í lífeyrissjóð. Skylduaðild hefur hingað til þýtt að menn greiði í lífeyrissjóð starfsgreinar sinnar en samkvæmt frumvarpi ríkisstjórnarinnar verður það háð niðurstöðu kjarasamninga hvert greitt er.

Sjóðsöfnun þýðir að myndaður er sjóður, lífeyrissjóður, sem er ávaxtaður eftir bestu getu. Hann stendur undir greiðslu lífeyris og öðrum greiðslum. Ef sjóðurinn reynist ekki nógu sterkur skerðast réttindi sjóðsfélaga. Þangað til fyrir nokkrum árum voru fjölmargir lífeyrissjóðir fjárhagslega mjög veikir. Þetta hefur gerbreyst. Nú geta allir lífeyrissjóðir á almenna markaðinum, svonefndir SAL-sjóðir, staðið við fjárhagslegar skuldbindingar sínar.

Samtrygging þýðir að allir sem greiða í lífeyrissjóð fá sömu réttindi, þ.e. lífeyri til æviloka þótt fólk lifi misjafnlega lengi. Í almenna lífeyrissjóðakerfinu er greiðsla einstakra launþega ekki séreign þeirra, heldur fá allir sambærileg réttindi eftir því hve lengi þeir hafa greitt til sjóðsins.

Réttindi geta hins vegar verið misjöfn milli sjóða. Sumir sjóðir eru sterkari en aðrir og betur reknir og þá kemur það fram í betri réttindum. Íslenska kerfið þykir gott á alþjóðlegan mælikvarða og vandamál hérlendis í lífeyrismálum eru hégómi einn miðað við þann fjárhagsvanda sem er erlendis.

Einstaklingar geta greitt í séreignarsjóði og þá er greiðslan eign þeirra og þeir fá aldrei meira út en þeir greiddu sjálfir inn. Ef fólk verður gamalt þá dugir greiðsla í séreignarsjóðum ekki til að veita lífeyri til æviloka eins og er í samtryggingarsjóðunum.

Meginatriði frumvarps ríkisstjórnarinnar, sem aðilar vinnumarkaðarins styðja í meginatriðum, er að allir greiði a.m.k. 10% í samtryggingarsjóð sem er samið um í kjarasamningum. Síðan ræður launþeginn hvert hann greiðir viðbótarlífeyrissparnað. Þetta hljómar allt skynsamlega en í hverju felst þá deilan?

Ýmsir stjórnarliðar og Morgunblaðið vilja að launþegi geti valið um lífeyrissjóði, þ.e. að ekki sé bundið í kjarasamningum hvert hann greiðir skylduframlag sitt. Þetta hljómar vel en er ekki svona einfalt.

¹ Leiðari í *Alþýðublaðinu* 22. apríl 1997.

Ef allir geta valið sjóði þá koma sjóðirnir líka til með að velja féлага. Þeir vilja síður fólk sem verður mjög gamalt eða má sín minna og verður dýrt í tryggingu, t.d. vegna lasleika. Þetta fólk mun eiga erfitt með að komast í sjóði. Þeir sem betur mega sín, eru heilsuhraustir og þéna vel safnast saman í sterka sjóði sem veita góðan lífeyri.

Þarna verða skil milli þeirra sem standa vel og hinna. Konur eru slakur kostur fyrir sjóðina í þessu kerfi frjálshyggjunnar vegna þess að þær lifa lengur en karlmenn og það þarf því að greiða þeim lengur lífeyri.

Alþýðublaðið hefur hafnað algerlega þessari leið frjálshyggjumannanna sem nú koma út úr skúmaskotum sínum. Hér skilur milli jafnaðarhugsjóna og hægri hyggjunnar. Jafnaðarmenn vilja að allir taki þátt í samtryggingunni en vitaskuld eiga menn að ráða hvar viðbótarsparnaður þeirra er ávaxtaður.

Ástæðan fyrir hörku Morgunblaðsins og frjálshyggjumannana í Sjálfstæðis- og Framsóknarflokki er að lífeyrissparnaður er nú 300 milljarðar króna og fer vaxandi. Þeir vilja komast í þetta fé með nýju fjármálafyrirtækin sín og verðbrefasjóðina sína. Málið snýst um peninga og völd og er rekið á kostnað réttinda og öryggis launafólks í ellinni.

Morgunblaðið sagði í Reykjavíkurbréfi á sunnudaginn: „Þá spyrja menn hvað gera eigi við þá, sem enginn lífeyrissjóður vill taka við og svarið er, að þeir verða ekki svo margir að erfitt verði að finna lausn á því“.

Menn ættu að hugsa vandlega um þessa skoðun Morgunblaðsins gagnvart þeim sem minna mega sín. Nú sækja sérhyggjumenn hægri flokkanna grímulaust fram og Alþýðublaðið hvetur jafnaðarmenn til að taka harkalega á móti.

Sameiginlegt framboð jafnaðarmanna¹

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands birti fyrir helgi könnun á fylgi stjórnmálaflokka. Ein af niðurstöðunum var sú að væru þrír listar í kjöri, Sjálfstæðisflokkur, Framsóknarflokkur og jafnaðarmenn þá fengu jafnaðarmenn 46% fylgi, sjálfstæðismenn 36% og framsóknarmenn 18%. Þetta staðfestir þá gerjun í Þjóðfélaginu að kjósendur vilja sjá sameiginlegt framboð jafnaðarmanna og félagshyggjufólks í næstu Alþingiskosningum.

Alþýðuflokkurinn tók afdráttarlaust afstöðu með samvinnu jafnaðarmanna á flokksþingi sínu síðastliðið haust. Þjóðvaki hefur unnið að þessu og sameining þingflokka Alþýðuflokks og Þjóðvaka í þingflokk jafnaðarmanna var eðlilegt skref í þessum ferli.

Kvennalistakonur ræða mikið sín á milli hver verði framtíð þeirra og margt bendir til þess að þær muni standa að þessu eins og aðrir flokkar. Alþýðubandalagið hefur verið varkært í yfirlýsingum sínum.

Tveir af forystumönnum vinstri manna fluttu athyglisverðar ræður fyrir skömmu um sameiginlegt framboð. Svavar Gestsson talaði um útlínur slíkrar samvinnu 1. maí og Sighvatur Björgvinsson flutti merka ræðu á Akureyri þar sem markmiðinu um sameiginlegt framboð var lýst. Hann kynnti tíu áhersluatriði sem gætu myndað ramma að stefnuskrá. Svavar bætti um betur í eldhúsdagsræðu í þinglok þar sem hann dró enn skýrar fram málefni slíkrar samvinnu. Þetta liggur því í loftinu og Alþýðublaðið fagnar þessari þróun.

Eitt málið sem hefði getað orðið erfitt í samstarfinu er afstaðan gagnvart veiðileyfagjaldi en undirtektir við það á nýlegum miðstjórnarfundum Alþýðubandalagsins sýna að þar er samstarfsflötur í viðkvæmu máli.

Ef ekki tekst að bjóða fram sameiginlega þá verða 4–5 framboð í næstu kosningum. Alþýðuflokkur og Alþýðubandalag verða í 3. og 4. sæti eins og oftast áður og Davíð Oddsson og Halldór Ásgrímsson endurnýja ríkisstjórnina á örfáum dögum. Vinstri menn munu því ekki hafa nein áhrif og völd ef þeir fara fram í tveimur eða þremur fylkingum í næstu Alþingiskosningum. Unga fólkíð hefur skilið þetta eins og sést vel á stofnun og starfi Grósku. Röskva í Háskólanum er einnig skýrt dæmi um árangur af samstarfi.

Þessi hugsun, þ.e. það hversu nauðsynlegt er að bjóða fram saman,

¹ Leiðari í *Alþýðublaðinu* 4. júní 1997.

kemur einnig fram í ýmiss konar samstarfi fyrir sveitarstjórnarkosningarnar. Þannig eru viðræður í Borgarbyggð, Reykjanesbæ, Akureyri, Kópavogi, Hafnarfirði og víðar í gangi milli Alþýðuflokks og Alþýðubandalags um sameiginlega lista í sveitarstjórnarkosningunum.

Sameiginlegt framboð til Alþingis gæti leitt til stærsta þingflokks landsins og það væri þá í fyrsta sinn á öldinni sem jafnaðarmenn og félagshyggjufólk réðu hvers konar ríkisstjórn yrði mynduð eftir kosningar. Alltof lengi hafa vinstri menn látið sér nægja að tína upp molana sem hafa fallið af borði Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks.

Það kom glöggt fram í könnuninni að margir kjósendur Framsóknar munu kjósa hinn nýja lista jafnaðarmanna. Sjálfstæðisflokkurinn er að breytast í harðsvíraða verndara fyrir þá sem völdin hafa í þjóðlífinu. Sjálfstæðisflokkurinn berst fyrir Vinnuveitendasambandið, stóru fákeppnisfyrirtækin í viðskiptalífinu og sægreifa Kristjáns Ragnarssonar. Alls staðar ver Sjálfstæðisforystan sérhagsmuni fárra á kostnað almannahagsmuna. Um þetta munu næstu kosningar snúast og þess vegna er nauðsynlegt að sameiginlegt framboð jafnaðarmanna verði að veruleika.

Stjórnsmálaflokkar verða að ná völdum til að geta hrint stefnumálum sínum í framkvæmd. Það að vera 3. eða 4. stærsti flokkurinn hefur ekki skilað miklu. Sameiginlegt framboð er þannig besta leiðin fyrir jafnaðarmenn til að jafnaðarstefnan setji skýrar mark sitt á þjóðfélagið. Skoðanakönnunin sýnir að fólkið bíður eftir þessu. Það hvílir mikil ábyrgð á forystumönnum vinstri flokkanna með að bregðast ekki þessum væntingum fólksins.

Hagtölur, siðferði og réttlæti¹

Það er algengt í stjórnmálum hérlendis að rætt sé um hagtölur. Það er til að mynda athyglisvert að þrátt fyrir tal ríkisstjórnarinnar um sterka stöðu þjóðarvísisins þá stefnir á þessu ári í mesta halla á viðskiptum við útlönd sem um getur, eða 26 milljarða króna halla. Viðskiptahallinn í fyrra var 9 milljarðar en þrjú ár þar á undan var viðskiptajöfnuður jákvæður.

Viðskiptajöfnuður sýnir mun á útflutningi og innflutningi á vörum og þjónustu að teknu tilliti til vaxtagreiðslna til útlanda. Viðskiptahalli kemur fram í auknum erlendum skuldum þjóðarinnar. Ríkisstjórnin hefur því í reynd ekki af miklu að státa.

Það er hins vegar umhugsunarvert hvort áhersla á efnahagsumræðu sé ekki orðin of mikil. Jón Ormur Halldórsson dósent átti á sunnudaginn athyglisvert viðtal í útvarpinu við Pál Skúlason prófessor, verðandi rektor Háskóla Íslands. Þar ræddi Páll m.a. um að fólk legði í vaxandi mæli siðferðilegt mat á stjórnmál og skoði álitamál út frá réttlætissjónarmiðum.

Alþýðublaðið bendir á að helsta pólitíska deilumál undanfarin misseri, veiðileyfagjaldið, sé fyrst og fremst réttlætismál. Fólk vill ekki að ríkisvaldið úthluti útgerðarmönnum milljarða króna verðmæti af almannaeign í formi veiðileyfa sem þeir geti síðan selt eða leigt og hagnast stórlega á án þess að greiða nokkuð til eigandans, almennings í landinu. Þetta er siðferðileg spurning og vörn andstæðinganna í Sjálfstæðis- og Framsóknarflokki verður sífellt veikari.

Nýafstaðið verkfall á Vestfjörðum sýnir að þar er fólki nóg boðið. Það horfir á ságreifana fara með miklar fjárhæðir úr bæjunum. Hlutabréfin hækka sífellt í verði vegna heimilda sem hefur verið úthlutað ókeypis og ganga nú í arf til næstu kynslóðar. Þetta mál er brýnasta réttlætismál samtímans.

Annað sem fólk sættir sig ekki við af siðferðilegum ástæðum er staðan í heilbrigðiskerfinu og framkoman gagnvart eldri borgunum. Biðlistar þar sem fólk þjáist árum saman eru siðferðilega óverjandi og það er óréttlátt að berja á eldra fólk eins og ríkisstjórnin gerir. Þessi ríkisstjórn hefur einungis einn mælikvarða og hann er krónur og aurar.

¹ Leiðari í *Alþýðublaðinu* 13. júní 1997.

Ungt fólk sættir sig ekki lengur við menntakerfi sem hrakar sífellt. Það óréttlæti er ekki líðandi að veita ungu fólki ekki sömu möguleika og hjá nágrannabjóðunum. Skýrsla menntamálaráðherra, sem þingmenn jafnaðarmanna fengu um háskólastigið, sýnir að háskólar hafa drabbast niður á valdatíma Sjálfstæðisflokksins. Þeir hafa stjórnað menntamálaráðuneytinu í tólf ár af síðustu fjórtán árum!

Fólk samþykkir ekki lengur það siðferði í þjóðlífinu sem kemur fram í vanmætti gagnvart glæpum. Stórglæpamönnum er strax sleppt hvað eftir annað og afplánun hefst seint og um síðir. Oft eru þessir glæpamenn með tugi dóma á bakinu og eru ógnun við venjulegt fólk. Skipulögð og ofbeldisfull glæpastarfsemi er hér eins og annars staðar og það verður að taka á henni af festu.

Þetta eru nokkur dæmi um annað mat á pólitískum álitamálum en var fyrir nokkrum árum. Fólk sættir sig ekki lengur við óréttlæti og virðingarleysi gagnvart eldra fólki, vanmáttugum, ungu fólki og venjulegum fjölskyldum.

Við erum að sökkva á kaf í heim peningahyggjunnar, en til allrar hamingju eru viðhorf fólks að breytast. Nútímaleg jafnaðarstefna setur mannleg viðhorf, siðferðilegt mat og réttlæti í forgrunn. Einmitt þessar áherslur hafa leitt til hinna stórkostlegu sigra jafnaðarmanna um alla Evrópu.

Þessi nýju viðhorf setja mark sitt á starf jafnaðarmanna hér næstu misseri. Almennigur skynjar að breytingar verða til batnaðar í samfélaginu ef réttlæti og mannleg virðing ná fram að ganga.

Kjördæmamálið¹

Öðru hvoru blossa upp umræður um kjördæmamálið og vægi atkvæða. Oft er það svo seint að ekki næst samstaða um nauðsynlegar breytingar fyrir kosningar. Alþýðublaðið telur brýnt að umræða hefjist í þjóðfélaginu um þetta mikla réttlætismál.

Reykjavík er núna með nítján þingmenn, Reykjanes tólf, Suðurland og Norðurland eystra sex. Vesturland, Vestfirðir, Norðurland vestra og Austurland eru með fimm þingmenn hvert. Atkvæðum er mjög misskipt og kerfið hefur verið stagbætt undanfarna áratugi. Tveir þriðju hlutar þjóðarinnar í R-kjördæmunum eru með rétt innan við helming þingmanna.

Í síðustu Alþingiskosningum voru um 3.500 atkvæði á bak við hvern þingmann í Reykjavík og á Reykjanesi en aðeins 1.100 á Vestfjörðum, 1.300 á Norðurlandi vestra, 1.600 á Austurlandi og 1.800 á Vesturlandi. Suðurland er með 2.200 atkvæði á bak við hvern þingmann og Norðurland eystra með 2.800.

Atkvæði vegur þannig um þrefalt meira á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra en í þéttbýlinu sunnanlands. Slík misskipting atkvæðisréttar gengur ekki og þekkist varla á byggðu bóli.

Nokkrar hugmyndir eru ræddar til að leiðrétta þetta. Meinloka flokkanna sem ráða mestu, þ.e. Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks, er að telja mikilvægast að jafnvægi ríki milli flokka en ekki milli einstaklinga.

Stundum er sagt að þéttbýlið hafi mikið af stjórnsýslunni og það sé sanngjarn að misvægi sé fámennustu kjördæmunum í vil vegna þess að þar sé erfitt með aðdrætti og lífskjör. Þetta er fjarstæða vegna þess að atkvæðisréttur er ekki skiptimynt í byggðastefnu heldur grundvallarréttur, alveg eins og tjáningar- og trúfrelsi.

Nú er að störfum nefnd stjórnmalaflokka sem á að gera tillögur í þessu máli en ekki hefur frést að hún vinni mikið. Rætt hefur verið m.a. um að fækka um einn þingmann í fjórum fámennustu kjördæmunum og fjölga um tvo í hvoru R-kjördæmanna. Þessi lausn lagfærir atkvæðavægið nokkuð en þó yrði enn meira en tvöfaldur munur á atkvæðavægi eftir kjördæmum.

Með því að fækka úr fimm þingmönnum í þrjá á Vestfjörðum og

¹ Leiðari í Alþýðublaðinu 19. júní 1997.

Norðurlandi vestra og í fjóra á Vesturlandi og Austurlandi en halda sex þingmönnum á Suðurlandi og á Norðurlandi eystra og fjölga um sex í Reykjavík og á Reykjanesi, þrjá í hvoru kjördæmi, má ná nokkuð góðu jafnvægi milli kjördæma en ekki er víst að sátt yrði um þetta.

Önnur hugmynd sem er rædd er að skipta höfðuborgarsvæðinu í mörg einmenningskjördæmi og fækka þingmönnum í dreifbýli. Mjög erfitt er að ræða stækkun kjördæma. Stjórnámálamennirnir sitja býsna fastir í núverandi kjördæmaskipan.

Kosningakerfið er flókið og fæstir skilja það. Það getur jafnvel virkað þannig að frambjóðandi sem nær þingsæti í sínu kjördæmi gæti misst það ef hann bætti við sig atkvæðum! Það þingsæti færi þá til samflokksmanns í öðru kjördæmi. Það er til skammar að við höfum kerfi sem getur haft slíkar afleiðingar.

Skynsamlegasta leiðin í þessum efnum er það sem Alþýðuflokkurinn og aðrir jafnaðarmenn hafa barist fyrir lengi, að landið verði eitt kjördæmi. Þá ríkir jafnvægi bæði milli einstaklinga og flokka.

Ef síðan yrði valið á framboðslista í opnu prófkjöri er ekki að efa að lýðræðisleg niðurstaða fengist um framboð einstakra flokka. Einnig myndi konum fjölga mikið á Alþingi vegna þess að flokkarnir myndu leitast við að jafna hlutföll kynjanna mun betur en nú er. Sumir flokkar, eins og Alþýðuflokkurinn, hafa þegar kynjakvóta í trúnaðarstöðum.

Að mati Alþýðublaðsins er brýnt að stjórnálaflokkarnir tjái sig um þetta mál og leggi fram tillögur á þessu kjörtímabili. Fólkið í landinu sættir sig ekki við að þetta mikla misrétti haldist.

Tíu veikleikar í þjóðfélaginu¹

Hagvöxtur var til skamms tíma mun minni héraendis en annars staðar. Það er ástæða til að hafa áhyggjur af hagkerfi okkar vegna ýmissa veikleika í þjóðfélaginu.

- Í fyrsta lagi er skipulag sjávarútvegs dragbítur á eflingu atvinnulífs. Það er brýnt að taka upp veiðileyfagjald til að mæta réttmætum kröfum almennings til þátttöku í afrakstri sameiginlegrar auðlindar. Einnig er veiðileyfagjald nauðsynlegt til að efla annan útflutning við hlið sjávarútvegs.
- Í öðru lagi er landbúnaður þannig skipulagður að matvæli eru 30% dýrari héraendis en að meðaltali í ESB-löndunum. Héraendis er eitt umfangmesta styrkjakerfi landbúnaðar í heimi en íslenskir bændur eru þó einna fátækastir. Kerfi ríkisstjórnarflokkanna er fjandsamlegt, bæði neytendum og bændum.
- Í þriðja lagi einkennist fjármálakerfið af fákeppni og spilltum áhrifum stjórnmalaflokka í ríkisbanka- og sjóðakerfinu. Vextir eru mun hærri hér en í nágrannalöndunum, bankastjórar eru með eina milljón í laun á mánuði og allt er þetta í skjóli stjórnmalalegs valds.
- Í fjórða lagi er menntakerfið að drabbast niður. Við höfum dregist verulega aftur úr, eins og alþjóðlegur samanburður sýnir. Sjálfstæðismenn hafa stjórnað menntamálum í 12 af síðustu 14 árum með hörmulegum afleiðingum. Brýnasta verkefni menntamála er að koma Sjálfstæðisflokknum út úr menntamálaráðuneytinu.
- Í fimmta lagi er framleiðni fyrirtækja einna lægst héraendis allra landa innan OECD. Fyrirtækjum hér er illa stjórnað. Þau greiða lág laun þrátt fyrir einna lægstu skatta fyrirtækja í Evrópu. Enda er samkeppnisstaða Íslands mjög slök í alþjóðlegum samanburði.
- Í sjötta lagi er útflutningsverslun alltof lítil. Hlutdeild útflutnings í verðmætasköpuninni hefur staðið í stað héraendis í 30 ár. Annars staðar hefur hlutdeild útflutnings tvöfaldast. Aukin utanríkisverslun er alls staðar aflvél framfara og hagvaxtar nema hér á landi.

¹ Leiðari í Alþýðublaðinu 26. júní 1997.

- Í sjöunda lagi er á Íslandi lengstur vinnudagur í Evrópu. Venjulegur launþegi vinnur 30% lengri vinnuviku en í nágrannalöndunum. Aðeins með þessum langa vinnudegi tekst fólki að ná sambærilegum lífskjörum og erlendis. Fólk er víða búið að fá nóg af því að búa í eins konar þrælkunarbúðum.
- Í áttunda lagi er skipulag á vinnumarkaði gamaldags og staðnað. Það einkennist af mikilli miðstýringu, einkum af hálfu vinnuveitenda, og veikri verkalýðsforystu. Það þyrfti að leggja enn meiri áherslu á vinnustaðasamninga eða vinnustaðafélög.
- Í níunda lagi er eldri borgurum sýnd fyrirliðning. Þeir eru féflettir og niðurlægðir af ríkisstjórninni og verða að koma fram sem bónbjargarfólk. Þetta fólk hefur lagt mjög mikið af mörkum til samfélagsins. Það á skilið betri framkomu en Sjálfstæðis- og Framsóknarflokkur sýna því.
- Í tíunda lagi er sinnuleysi gagnvart þjáningum fólks áberandi eins og sést á löngum biðlistum í heilbrigðiskerfinu. Slíkir biðlistar og virðingarleysi gagnvart sjúkum þekkist ekki í nágrannalöndunum. Sjúklingar og öryrkjar eiga ekki í nein hús að venda.

Þessi tíu atriði eru alvarleg. Það er ekki hægt að ráða bót á þeim nema með nýrri pólitískri stefnu. Ríkisstjórnarflokkarnir vilja ekki breytingar. Þessir veikleikar munu smátt og smátt draga úr lífskjörum. Ef fólk vill betri tíð þá verður það að leita nýrrar pólitískrar forystu. Jafnaðarmenn eru reiðubúnir að veita slíka forystu héraendis, eins og er víðast í Evrópu.

Ríkisstjórnin hefur ásamt vinnuveitendum í VSÍ stuðlað að lágum launum héraendis, verndað fákeppni og sérhagsmuni og sýnt virðingar- og til-litsleysi gagnvart eldri borgurum, sjúklingum og öryrkjum. Hversu lengi ætlar íslenskt launafólk að láta bjóða sér þetta þrælahald með 30% lengri vinnutíma en annars staðar og það á þessum lágu launum? Svari því hver fyrir sig.

Uppreisn eldri borgara¹

Málefni eldri borgara hafa verið meira til umræðu síðastliðið ár en oft áður. Nokkrar ástæður eru fyrir því. Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur komið fram af óvenjulegri harðneskju gagnvart eldri borgurum, sýnt þeim fyrirliðningu og lítilsvirðingu.

Þetta kom skýrast fram við þá lagasetningu að afnema tengingu ellilífeyris og annarra greiðslna úr almannatryggingakerfinu við launabreytingar. Sú aðgerð setti eldri borgara í mjög erfiða stöðu þegar ríkisstjórnin beitti nýju lögunum til að skerða bætur til aldraða. Eldri borgarar hafa ekki marga möguleika til að ná fram leiðréttingu þrátt fyrir ötult starf Félags eldri borgara og Aðgerðarhóps eldri borgara enda geta aldraðir ekki farið í verkfall.

Þingmenn úr þingflokki jafnaðarmanna fluttu í tvígang tillögu á Alþingi um að hafa sama fyrirkomulag og áður, þ.e. að greiðslur úr almannatryggingakerfinu hækki eins og launin. Þetta var fellt með öllum atkvæðum þingmanna og ráðherra Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks. Þar kom skýrt fram hugur stjórnarflokkanna.

Afstaða gagnvart eldri borgurum er pólitísk og það er smátt og smátt að renna upp fyrir fólki. Eldri borgarar hérlendis eru um 27.000 og staða þeirra er misjöfn. Þeir eiga þó sammerkt að hafa verið niðurlægðir af ríkisstjórn Davíðs Oddssonar. Þessi ríkisstjórn mun ekki bæta stöðu eldri borgara.

Jafnaðarmenn hafa aldrei þurft að velkjast í vafa um rétt eldri borgara. Jafnaðarstefnan varð til sem stjórn málaafli á síðari hluta síðustu aldar sem vörn fátæks fólks gegn arðráni og kúgun þeirra sem réðu fyrirtækjum og löggjöf þeirra tíma. Eitt fyrsta verk Alþýðuflokksins fyrir á öldinni var að setja lög um almannatryggingar. Sú löggjöf er enn hornsteinn velferðarkerfisins og var þá eina vörn fólks í ellinni og þegar sjúkdóma eða slys bar að höndum.

Alþýðuflokkur og Alþýðubandalag telja að velferð sé grundvallaratriði en hvorki skiptimynt í pólitískum samningum né tæki til sparnaðar í ríkisfjármálum. Þetta gerir þessum flokkum kleift að ráðast af trúverðugleika gegn Davíð Oddssyni og fylgismönnum hans í Sjálfstæðis- og Framsóknarflokki.

¹ Leiðari í *Alþýðublaðinu* 3. júlí 1997.

Þótt vitaskuld eigi alltaf að endurskoða velferðarkerfið má aldrei missa sjónar á því að það er umgjörð til verndar þeim sem eiga fárra kosta vól. Umhyggja gagnvart öðrum er rauði þráðurinn í stefnu jafnaðarmanna. Orðið bræðralag í kjörorðinu um frelsi, jafnrétti og bræðralag lýsir djúpri tilfinningu þar sem mannlega reisn ber hæst.

Það er enginn vandi að fylgja sérhagsmunum sínum og skipa sér þannig í fylkingar eins og sjálfstæðis- og framsóknarmenn gera. Það er hins vegar erfitt og krefst hugrekks að fylkja sér um almannahagsmuni og vera reiðubúinn að gefa en ekki þiggja. Þetta er einn af meginþáttum jafnaðarstefnunnar.

Alþýðublaðinu er kunnugt um að þingmenn í þingflokki jafnaðarmanna vinna að þingmálum um málefni eldri borgara, m.a. að minnka tekjutengingu í almannatryggingakerfinu og tryggja aðild eldri borgara að undirbúningi stjórnvaldsaðgerða. Tillagan um að tengja greiðslur úr almannatryggingakerfinu við launabreytingar verður örugglega endurflutt í haust.

Alþýðublaðið fagnar þessu og sér ástæðu til að vekja athygli á hugmynd Svavars Gestssonar, formanns þingflokks Alþýðubandalagsins, í blaðagrein nýlega um að verkalýðshreyfingin og stjórnarandstaðan vinni saman að tillögugerð um nýskipan almannatrygginga. Þetta er góð hugmynd sem ætti að hrinda í framkvæmd.

Eldri borgurum mun fjölga verulega á næstu árum og staða þeirra versnar ef ekki er breytt um stefnu. Það er því brýn nauðsyn á nýrri pólitískri forystu og það getur gerst í næstu Alþingiskosningum með sameiginlegu framboði jafnaðarmanna. Mikill stuðningur almennings við slíkt sameiginlegt framboð er fagnaðarefni.

Iðnvæðing og umhverfismál¹

Viðhorf almennings gagnvart umhverfismálum hefur gerbreyst á einum áratug. Fólk skynjar takmörk náttúrunnar mun betur en áður. Nú eru jarð-
arbrúar tæpir sex milljarðar en talið er að þeir verði rúmlega átta milljarðar
eftir aðeins 20 ár. Slíkur mannföldi getur ekki lifað á jörðinni nema ítrustu
varkárni sé gætt gagnvart náttúrunni. Við munum eiga við vatnsvandamál
að etja, erfiðleika við að finna byggileg svæði, eyðingu regnskóga og ósonlags
og risastór fátækrahverfi í nágrenni stórra borga.

Helstu ráðin gegn vandamálum umhverfisins, offjölgun og stöðu þróun-
arlandanna er að auka menntun, einkum kvenna, og stuðla að því að fólk
eignist börn síðar á ævinni en nú þannig að þrjár kynslóðir verði á hverri öld
í stað fjögurra. Þessi vandamál snerta okkur Íslendinga þótt við búum í stóru
landi.

Það er nóturlegt að við stöndum ekki við samþykktir Ríó-ráðstefnunnar
um að draga úr koltvísýringi. Við ættum að skilja nauðsyn sjálfbærrar þróun-
unar en virðingarleysi okkar gagnvart náttúrunni er alþekkt. Við höfum oft
stundað rányrkju á fiskistofnum. Landið eyðist hratt ef við fjölgum hrossum
á viðkvæmum svæðum og rekum fé á vansprottið land. Það er margt að hjá
okkur þótt viðhorf hafi breyst, eins og t.d. stofnun grasrótarhreyfingar um
gróðuruppbyggingu í landnámi Ingólfs og Húsagull á Húsavík sýnir.

Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar ber umhverfismál ekki fyrir brjósti. Um-
hverfisráðuneytið er nú aukastarf hjá landbúnaðarráðherra Framsóknar.
Engri annarri þjóð hefur dottið í hug að láta sama mann fara með umhverfis-
og landbúnaðarmál. Hagsmunir þessara ráðuneyta skarast alltof mikið til
þess.

Jafnaðarmenn verða að endurmeta afstöðu sína til fjölgunar álvera. Í
fyrsta lagi er óskynsamlegt að binda nær alla vatnsorku í einni atvinnugrein,
í öðru lagi þarf að herða skilyrði í umhverfismálum og í þriðja lagi þurfa
Íslendingar að móta heildarstefnu um nýtingu orkuauðlinda. Þetta eru end-
urnýjanlegar auðlindir sem á að skipuleggja til langs tíma.

Við eigum ekki að hlaupa til í hvert skipti þegar erlendum stórfyrirtækj-
um dettur í hug að reisa hér verksmiðjur. Stefna okkar hefur þó verið rétt og

¹ Leiðari í *Alþýðublaðinu* 10. júlí 1997.

farsæl hingað til en það er ekkert lögmál að halda skuli áfram á þeirri braut að sífellt meira af vatnsorkunni fari í einhæfa iðnaðarframleiðslu sem krefst tiltölulega fárra starfa. Er afrakstri auðlindanna ekki betur varið í meira tæknivæddum iðnaði, eflingu menntunar og styrkingu ferðaþjónustu?

Það er athyglisvert í umræðu um hvalveiðar að ekki hefur verið lagt mat á hvort hvalveiðar borgi sig, jafnvel þótt gengið væri út frá því að hægt væri að selja hvalaafurðir til Japans sem er alls ekki víst. Lauslegt mat bendir til að tekjur vegna ferðamanna í tengslum við hvalaskoðun nemi tæpum milljarði króna og fari hratt vaxandi. Það er ólíklegt að hvalveiðar gæfu jafnmikið af sér.

Hvalveiðar eru nefndar hér vegna þátttöku umhverfissamtaka í baráttu gegn þeim. Sú andstaða er reyndar ekki byggð á vísindalegum rökum. Umræðan hér um hvalveiðar einkennist þó oft af barnalegu þjóðarstolti í þá veru að við ættum að sýna þessum útlendingum og Greenpeace í tvo heimana í stað þess að leggja raunhæft mat á hvað borgar sig best fyrir okkur.

Það er umhugsunarvert að eitt stærsta matvæla- og sjávarútvegsfyrirtæki í heimi, bresk-hollenski auðhringurinn Unilever, vinnur nú með virtum umhverfissamtökum að tillögum um nýtingu hafsins. Við verðum að fylgjast vel með þessari þróun.

Það er í þágu Íslendinga að umhverfismál fái forgang í stjórn málaumræðunni. Að mati Alþýðublaðsins er verðugt verkefni fyrir stjórnarandstöðuna að móta sameiginlega stefnu á þessu sviði.

Glæpur og refsing¹

Mun færri Íslendingar hafa traust á dómsskerfinu en fyrir nokkrum árum samkvæmt skoðanakönnunum. Hornsteinn samfélagsins er dómsskerfið og ef menn bera ekki fullt traust til þess þá riða aðrir valdabættir til falls.

Vafalítið hefur hin mikla umfjöllun nú um Guðmundar- og Geirfinns-málin haft áhrif á skoðanir almennings. Ýmsu var áfátt við rannsókn þeirra. Ákvörðun Hæstaréttar að taka málin ekki upp að nýju veldur mörgum vonbrigðum.

Vandamál í dómsskerfi eru ekki einungis þekkt hérlendis. Alkunn eru dæmi frá Bretlandi þar sem einstaklingar sátu árum og jafnvel áratugum saman í fangelsi fyrir rangar sakagiftir. Þetta er alvarlegt því að enn er sú hugsun ríkjandi í réttarríkjum vestrænna þjóða að betra sé að tíu sekir gangi lausir en að einn saklaus afpláni rangan dóm.

Það er tímabært að endurskoða og þynja refsingar fyrir ýmiss konar afbrot hérlendis. Dómar eru of vægir. Mörgum blöskraði þegar ungur piltur var dæmdur mjög vægt er hann ók drukkinn á þar á götu og skildi fólkíð eftir í blóði sínu og annað þeirra lést.

Það er hins vegar misskilningur þegar fólk lætur reiði vegna vægra dóma bitna á dómurum. Það er Alþingi sem setur lög og ákveður refsirammann og dómara fara að lögum. Geðþóttaákvörðanir mega ekki eiga sér stað. Það er engin tilviljun að gyðja réttlætisins er blind.

Alvarlegum afbrotum, svo sem heimilisofbeldi, kynferðisglæpum og fíkniefnabrotum, hefur fjölgað hérlendis sem annars staðar. Lögreglan er vanbúin undir hin auknu verkefni og of langur tími líður þar til dómara eru kveðnir upp, einkum hjá Hæstarétti.

Traust almennings verður að ríkja á dómsskerfinu. Ef breyta þarf skipulagi eða kosta meira til þá verður ríkisvaldið að gera það. Dómsvaldið er eina vörn almennings gegn misrétti og þar má enginn efi ríkja.

Þjóðlífið hefur breyst verulega. Nú er hægt að hringja í tíu fyrirtæki og hlusta á klám eins og sjá má í auglýsingum blaða. Þetta hefði verið bannað fyrir nokkrum árum en er dæmi um breytt viðhorf. Aukin harka er í samskiptum manna. Þeir sem fylgst hafa með mannföldanum að nóttu til í

¹ Leiðari í Alþýðublaðinu 17. júlí 1997.

Reykjavík þekkja þá óhugnanlegu spennu sem þar er í loftinu. Slíkt þekkist ekki við sambærilegar aðstæður erlendis.

Einn alvarlegasti galli réttarkerfis okkar er hve seint afbrotamenn afplána dóma sína. Þeir ganga lausir meðan þeir bíða dóms, fremja fleiri afbrot og eru ógnun við samborgara sína. Samfélagið verður að leysa úr þessu. Margar þjóðir láta hina seku afplána dóma strax en ekki bíða lengi, jafnvel í mörg ár, eins og þekkist hér.

Skipulagðir glæpir hafa færst í vöxt og þá ekki einungis á sviði fíkniefna heldur t.d. með tölvuþjófnum og kröfum um lausnargjald. Þótt vændi hafi ekki verið sýnilegt vandamál hérlandis mun það breiðast út á næstu árum og því fylgja jafnan glæpir. Þarna vantar skýrari refsiramma í ljósi breyttra aðstæðna.

Þróunin erlendis í vinnubrögðum lögreglu er athyglisverð. Lögreglan í New York hefur vakið heimsathygli fyrir árangur. Þar hefur glæpum fækkað. Nú er hægt er að fara óttalaust með lestum og ganga um í almenningsgöðum, sem þótti fráleitt fyrir nokkru. Þessu hefur Bill Bratton, fyrrverandi lögreglustjóri í New York, náð fram, m.a. með því að hafa sitt fólk sýnilegt og skilgreina starf lögreglu sem þjónustu við almenning en ekki sem stofnun til að upplýsa glæpi. Þarna skilar viðhorf fyrirbyggjandi aðgerða árangri. Æ fleiri stórborgir ætla að taka þetta upp. Ekki má alhæfa um þetta en það er tímabært fyrir Íslendinga að gefa þessu gaum.

Alþingi verður að taka vandamál dómskerfisins föstum tókum með bættri löggjöf. Þetta er mikilvægt verkefni fyrir þingmenn jafnaðarmanna. Öryggisleysi og vantrú almennings gagnvart dómskerfinu verður að linna.

Veiðileyfagjald¹

Sífelld fleiri landsmönnum er ljóst réttmæti þess að taka upp veiðileyfagjald. Veiðileyfagjald er gjaldtaka fyrir notkun sameiginlegra auðlinda. Fiskimiðin eru sameign þjóðarinnar en í kerfi Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks er útvöldum hópi útgerðarmanna afhentur ókeypis afnotaréttur á Íslandsmiðum.

Þetta er versta misbeiting opinbers valds í sögu lýðveldisins. Örfáum útgerðarmönnum eru árlega gefin verðmæti upp á milljónatugi og jafnvel hundruð milljóna, sem þeir geta selt eða leigt án þess að greiða nokkurt afnotagjald til hins réttmæta eiganda, almennings í landinu.

Veiðiheimildir eru takmörkuð auðlind og óháð fiskveiðistjórnunarkerfinu. Það skiptir ekki máli hvort aflinn er sóttur á frystitogara eða ísfiskskipi eða hvort um er að ræða loðnu- eða síldveiðar. Allar veiðiheimildir eru verðmæti. Nú er afli að aukast og enn eru verðmætin afhent ókeypis.

Þetta er skýrasta dæmi í íslenskrí stjórn málasögu um hvernig almanna-hagsmunir vikja fyrir sérhagsmunum. Þetta er pólitísk ákvörðun. Ríkisstjórnarflokkunum er sama þótt 60 til 70% þjóðarinnar krefjist þess að útgerðarmenn verði látnir greiða fyrir verðmætin sem þeir fá nú úthlutað árlega ókeypis.

Hvaða réttlæti býr hér að baki? Það er ekkert réttlæti að baki þessari ákvörðun Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks heldur einungis hagsmunagæsla í þágu þeirra sem fá ókeypis úthlutun. Það er engin tilviljun að flestir sem fást við útgerð eru afdráttarlausir stuðningsmenn Sjálfstæðis- eða Framsóknarflokks. Þetta er skiljanlegt vegna þess að þessir flokkar gæta hagsmuna útgerðarmanna fram í rauðan dauðann.

Almenningur horfir á fólk auðgast um tugi og hundruð milljóna króna, ekki vegna dugnaðar í útgerð heldur vegna þessarar ókeypis úthlutunar. Nú eru þessi verðmæti að færast til annarrar kynslóðar. Það er ekki lengur rétt að tala um sægrefa heldur um sægrefafjölskyldur. Mesta misskipting í Íslandssögunni er í uppsiglingu.

Alþýðublaðið hefur ekkert á móti því að einstaklingar eða fjölskyldur auðgist í viðskiptalífínu og telur það þvert á móti æskilegt og fagnaðarefni. Hér er hins vegar ekki um það að ræða heldur eru verðmæti afhent ókeypis

¹ Leiðari í *Alþýðublaðinu* 24. júlí 1997.

af hálfu ríkisstjórnarinnar, verðmæti sem þjóðin á en ekki einungis nokkrir flokksfélagar ríkisstjórnarflokkanna.

Nýir aðilar í útgerð verða að greiða veiðileyfagjald, en ekki til almennings heldur verða þeir að kaupa eða leigja veiðiheimildir af þeim sem fá þeim úthlutað ókeypis árlega.

Nú er að koma í ljós ein afleiðing þess að ekki er veiðileyfagjald hérlandis. Styrkleiki sjávarútvegs knýr gengið upp og gerir öðrum útflutningsatvinnuvegum erfitt fyrir, eins og til dæmis ferðaþjónustu. Þetta mun ágerast á næstu árum. Þannig festumst við í einhæfu efnahagslífi sem skilar fáum Íslendingum mikilli auðlegð á kostnað hinna mörgu.

Veiðileyfagjald er hægt að nota til margra hluta, t.d. lækka tekjuskatt einstaklinga, greiða erlendar skuldir, bæta menntakerfið, stytta biðlista í heilbrigðiskerfinu, efla landsbyggðina eða styrkja hag aldraðra og öryrkja. Veiðileyfagjald er verðmæti sem almenningur á og getur notað sér til hagsbóta.

Þetta er stærsta pólitíska mál samtímans og um það verður kosið í næstu kosningum. Sjálfstæðis- og Framsóknarflokkurinn munu aldrei breyta um skoðun á veiðileyfagjaldinu. Almenningur fær ekki veiðileyfagjald fyrr en búíð er að hrekja ríkisstjórn Davíðs Oddssonar frá völdum.

Hörðustu talsmenn þessa óréttlætis eru sjálfstæðismaðurinn Davíð Oddsson og framsóknarmaðurinn Halldór Ásgrímsson. Þeir sem vilja óbreytt ástand ættu að styðja flokka þeirra. Þeir sem vilja breytingar og að réttlæti nái fram að ganga verða að styðja þá pólitísku hreyfingu í næstu kosningum sem vill taka upp veiðileyfagjald, hreyfingu jafnaðarmanna.

Jafnaðarmenn gegn ríkisstjórninni¹

Það eru einungis tvö ár í næstu Alþingiskosningar. Sjálfstæðisflokkurinn hefur þegar hafið kosningabaráttuna. Núna er sýnd eftirgjöf og tillitssemi. Davíð Oddsson ákvað að greiða 2,5% aukalega til eldri borgara og vonast til að friða þar með eldra fólk í sínum flokki. Það voru þó Sjálfstæðis- og Framsóknarflokkur sem afnámu tengingu greiðslna úr almannatryggingakerfinu við launabreytingar. Þingmenn þeirra felldu í atkvæðagreiðslu að taka þá tengingu upp aftur. Barátta eldri borgara og jafnaðarmanna mun því halda áfram.

Davíð Oddsson mun leika eins konar jólasvein næstu tvö ár og forðast átök. Hann ætlar að nýta uppsveifluna í efnahagsmálum til að lægja öldur hvar sem þær rísa. Ríkisstjórnin er ekki að breyta um stefnu þótt úlfurinn bregði yfir sig sauðagæru. Þessi ríkisstjórn tekur sérhagsmuni fram yfir almannahagsmuni. Hún berst gegn veiðileyfagjaldi, lætur menntakerfið drabbast niður, stillir sér upp við hlið VSÍ í kjaradeilum, lengir biðlista á spítölum, breytir skattalögum í þágu stórfyrirtækja og eignafólks, heldur matarverði háu og bændum fátækum, stuðlar að fákeppni og löngum vinnudegi og kyndir undir einangrunarhyggju og þjóðernisrembing.

Það er þreyta í ríkisstjórninni og leiði hjá a.m.k. tveimur ráðherrum, Friðriki Sophussyni og Þorsteini Pálssyni. Ekki er ósennilegt að a.m.k. annar þeirra hverfi í feita stöðu innan kerfisins á kjörtímabilinu. Vandræði Framsóknar eru enn meiri. Framsóknarráðherrarnir eru slakir og Halldóri Ásgrímssyni er ýtt til hliðar af Davíð Oddssyni og Ólafi Ragnari Grímssyni. Davíð Oddsson virðist njóta þess að þrengja að Halldóri Ásgrímssyni. Framsókn mun kyssa á þennan vönd jafnt nú sem endranær.

Sóknarfæri jafnaðarmanna eru mikil ef boðið er fram sameiginlega. Æ fleiri stjórnarandstæðingar skynja að eina leiðin til að hafa áhrif eftir næstu kosningar er að bjóða fram saman og fá þannig 35–45% fylgi eins og skoðanakannanir sýna. Sextíu til sjöttíu þúsund kjósendur styðja nú sameiginlegt framboð jafnaðarmanna. Flokkarnir munu starfa eftir sem áður, m.a. í sveitarstjórnarmálum. Samvinna fyrir sveitarstjórnarkosningar er víða í gangi. Ungt fólk starfar af krafti innan Grósku og hélt nýlega fundi með

¹ Leiðari í Alþýðublaðinu 31. júlí 1997.

forystumönnum á Alþingi, þeim Jóni Baldvin Hannibalssyni og Bryndísi Hlöðversdóttur. Þetta eru góð teikn.

Vonandi tekur landsfundur Alþýðubandalagsins í haust jafn afdráttarlausu afstöðu til samvinnu jafnaðarmanna og Alþýðuflokkurinn gerði á flokksþingi sínu á síðasta ári. Tíminn er fljótur að líða og þar sem Davíð Oddsson hefur þegar hafið kosningabaráttuna þarf að stilla saman strengi tímanlega.

Einna ánægjulegast við þróun síðustu ára eru aukin áhrif kvenna á vinstri væng. Það má þakka Kvinnalistanum að miklu leyti. Það væri æskilegt að Kvinnalistinn kæmi af fullum þunga til stuðnings sameiginlegu framboði stjórnarandstöðunnar. Samstarf stjórnarandstöðunnar á þingi hefur verið gott og það styður þessa þróun.

Sjálfstæðisflokkurinn er kvenfjandsamlegur. Það er engin kona í forystu flokksins eða í ráðherraliði. Það þarf að rifja upp tíma Auðar Auðuns og Ragnildar Helgadóttur til að finna áhrif kvenna innan Sjálfstæðisflokksins. Sameiginlegt framboð jafnaðarmanna er kvennaframboð í evrópskum skilningi, en konur er mjög áhrifamiklar innan evrópskra jafnaðarmannahreyfinga. Hægri flokkar í Evrópu ýta konum alls staðar til hliðar og Sjálfstæðisflokkurinn er þar engin undantekning.

Fólk á að standa andspænis skýrum kostum fyrir næstu kosningar. Valið getur staðið um hvort næsta ríkisstjórn verður mynduð undir forystu jafnaðarmanna eða sjálfstæðismanna. Núna er óvanalegt tækifæri fyrir jafnaðarmenn að ná forystu í íslenskum stjórnámálum. Það verður að nýta það með sameiginlegu framboði í næstu Alþingiskosningum.

*Þingmál*¹

¹ Þau þingmál sem hér er greint frá eru einungis þau sem Ágúst Einarsson er fyrsti flutningsmaður að og ná aðeins til frumvarpa, þingsályktana og beiðna um skýrslur en ekki til fyrirspurna eða nefndarálita. Birt er hér síðasta útgáfa þingmála sem voru flutt oftast en einu sinni.

1978. – 1048 ár frá stofnun Alþingis.

100. löggjafarþing. – 108. mál.

119. Tillaga til þingsályktunar

um aukin gæði fiskafla.

Flm: Ágúst Einarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því í samstarfi við hagsmunaaðila sjávarútvegsins að gæði fiskafla verði bætt til muna og þá sérstaklega með ísun í kassa eða með samsvarandi geymsluaðferðum.

Greinargerð.

Umræða um vandamál fiskveiða beinast einkum að aflatakörkunum og er það vel. Hins vegar ber einnig að hafa ofarlega í huga að ekki er síður mikilvægt að sá afli, sem berst á land, sé nýttur eins vel og kostur er. Mjög skortir á að svo sé, og í þingsályktunartillögu þessari er einungis vikið að nokkrum atriðum, sem bæta mætti úr.

Ekki ætti að dyljast, að skreiðarmarkaður Íslendinga í Nígeríu er mjög óviss, en einkum fer fiskur úr lægri gæðaflokkum upp á hjalla. Varðandi saltfiskmarkað okkar í Portúgal, sem einkum byggist á lægri gæðaflokkum saltfisks, er næsta ólíklegt, að mati flutningsmanns, að sá markaður reynist traustur á næstu árum. Þess vegna ber að leggja mikla áherslu á að sá fiskur, sem berst að landi, fullnægi þeim gæðakröfum sem gerðar eru til hráefnis fyrir frystingu, svo og til saltfisks og skreiðar í hærri gæðaflokkum.

Vekja má athygli á því, að ýmsar endurbætur við netaveiðar á vertíð eru orðnar aðkallandi, og verður vikið að því nánar í framsögu.

Fiskur, sem ísaður er í kassa í veiðiskípum, ber yfirleitt af að gæðum miðað við lausan fisk. Að mati flutningsmanns er ekki nægjanlega greitt fyrir frekari kassavæðingu í íslenskum sjávarútvegi. Í því sambandi má benda á erfið lánakjör við kassakaup, svo og of lága kassauppbót í fiskverði.

Fjárfesting í fiskikösum eða í samsvarandi geymsluaðferðum skilar sér mjög fljótt fyrir þjóðarbúið í auknum gjaldeyristekjum.

Benda má á nýjar geymsluaðferðir fyrir fisk sem auka gæði hans verulega, svo sem geymslutankar í frystihúsum, sem dæmi er til um hérlendis, þ.e. á

Húsavík. Einnig má benda á reynslu nágrannaþjóða okkar af kælitönkum í fiskiskipum. Ljóst er, að Íslendingar verða að fylgjast vel með þessari þróun, og verkefni hins opinbera er að skapa viðunandi skilyrði til að hægt sé að nýta sér þessar tækninýjungar.

1978. – 1048 ár frá stofnun Alþingis.

100. löggjafarþing. – 109. mál.

120. Tillaga til þingsályktunar

um takmörkun loðnuveiða á sumar- og haustvertíð vegna öryggissjónarmiða.

Flm: Ágúst Einarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir að loðnuveiðar verði takmarkaðar á sumar- og haustvertíð vegna aukinnar slyshættu. Einkum verði afla- og hleðslutakmörkunum beitt á loðnuveiðiskip.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er hafa loðnuveiðar Íslendinga stóruakist undanfarin ár. Einkum hafa sumar- og haustvertíð orðið æ mikilvægari þáttur í loðnuveiðum.

Nú er svo komið, að loðna veiðist nær allt árið. Fiskifræðingar, sjómenn og útgerðarmenn hvetja til aðgæslu við veiðar, bæði hvað varðar nýtingu loðnustofnsins, svo og í öryggismálum sjómanna við loðnuveiðar.

Eigi verður lengur dregið að setja reglugerð um loðnuveiðar á hafinu fyrir norðan Ísland. Veiðisvæði loðnuflotans á sumar- og haustvertíð nær yfir mjög víðáttumikið svæði í Norðurhöfum. Að haustlagi er þar allra verða von, og oft eru tiltölulega litlir bátar að veiðum við erfiðustu skilyrði við ísrönd í köldum sjó og í vonskuveðrum.

Mesta mildi er að stórslys hafa ekki orðið við veiðar þessar. Virðist eðlilegt að afla- og hleðslutakmörkunum verði beitt á loðnuveiðiskip á sumar- og haustvertíð.

1980. – 1050 ár frá stofnun Alþingis.
103. löggjafarþing. – 131. mál.

156. Frumvarp til laga

um breyting á lögum um breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils, nr. 35 frá 29. maí 1979.

Flm: Ágúst Einarsson, Árni Gunnarsson, Benedikt Gröndal, Gunnar B. Pétursson, Jóhanna Sigurðardóttir, Karvel Pálmason, Vilmundur Gylfason.

1. gr.

Í stað orðanna „1. janúar 1981“ í 1., 2., 3., 4., 5., 6., 7., 8., og 11. gr. laganna komi orðin: 1. janúar 1982.

2. gr.

Í stað ártalsins „1981“ í 6. gr. laganna komi: 1982.

3. gr.

Í stað orðanna „1. júlí 1981“ í 7. gr. laganna komi orðin: 1. júlí 1982.

Greinargerð.

Eins og öllum er kunnugt á samkv. núgildandi lögum að breyta verðgildi íslensks gjaldmiðils um næstu áramót. Hér er um að ræða verulega breytingu á einum af höfuðþáttum íslensks efnahagslífs og er mikið í húfi að vel takist til. Þessi breyting hefur verið í undirbúningi nokkuð lengi og ljóst er að landsmenn verða allir að taka á. Jafnframt verður fólki að finnast, að með þessari breytingu sé áfanga náð í efnahagsstjórnun okkar, ef gjaldmiðilsbreyting þessi á að ná árangri.

Það var ótvírætt vilji þingheims, þegar lög um breytt verðgildi voru afgreidd á Alþingi vorið 1978, að samfara gjaldmiðilsbreytingunni yrðu gerðar efnahagsráðstafanir er gerðu kleift að ná tókum á þeirri öru verðbólgu, sem hér hefur ríkt undanfarin ár. Það fer ekki á milli mála, að við afgreiðslu þessa máls árið 1979 lögðu þingmenn mikla áherslu á þetta atriði.

Í umræðum á Alþingi hinn 29. janúar 1979 sagði þáverandi viðskiptaráðherra, Svavar Gestsson, m.a. þegar hann mælti fyrir stjórnarfrumvarpi um

breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils: „Þótt gjaldmiðilsbreyting hafi vitaskuld engin áhrif á þróun verðlags út af fyrir sig má engu að síður ætla að hún geti orðið brýning til að takast á við vandann af meiri einurð en áður og þannig orðið tákni nýs tímabils í stjórn efnahagsmála.“ Auk þess sagði ráðherrann við sömu umræðu: „Hugsunin með þessu frumvarpi og þeirri verðmiðilsbreytingu, sem það hefur í sér, er fyrst og fremst sú, að vera þáttur í heildaraðgerðum, að vera spori á stjórnvöld og almenning til að takast af alvöru á við þau efnahagsvandamál sem nú er við að glíma.“

Þorvaldur Garðar Kristjánsson sagði m.a. við þá umræðu: „En forsenda þess, að aukning verðgildis íslensku krónunnar hafi hin hagstæðu sálrænu áhrif sem vonast er til, hlýtur að vera sú, að aðgerðin sé liður í viðtækri stefnumótun og framkvæmd til að ráða bót á verðbólgunni og koma á stöðugleika og jafnvægi í efnahagslífi þjóðarinnar.“

Ljóst er að í tengslum við gjaldmiðilsbreytinguna um næstkomandi áramót verða engar ráðstafanir gerðar í efnahagsmálum.

Núverandi ríkisstjórn kveður ýmsar aðgerðir í undirbúningi og skal ekki lagður dómur á það hér, hvort svo sé. En ljóst er, að hverjar aðgerðir sem ríkisstjórn hefur í undirbúningi, þá verða þær ekki komnar til framkvæmda við gjaldmiðilsbreytinguna. Þar með er brostin meginforsenda fyrir samþykkt laganna á vordögum 1978.

Það er ekki tilgangur þessa frumvarps á nokkurn hátt að reyna að knýja fram hjá ríkisstjórninni einhverjar efnahagsaðgerðir, heldur er hér miklu fremur um það að ræða, að menn taki höndum saman og reyni að leysa þetta vandamál sameiginlega, því að nú þegar er gjaldmiðilsbreytingin orðin vandamál. Ekki er umdeilt meðal þingmanna, að gjaldmiðilsbreyting er heppileg aðgerð í tengslum við samhliða efnahagsráðstafanir. Raunar má kveða svo fast að orði, að það væri ófyrirgefanlegt ef það tækifæri væri ekki nýtt.

Það er ekki heldur ágreiningsefni meðal stjórnmalaflokkanna á Alþingi að það sé heppilegt við réttar aðstæður að breyta verðgildi gjaldmiðilsins, eins og gert er ráð fyrir í lögum nr. 3 frá 29. maí 1979. Ljóst er, að gjaldmiðilsbreyting nú um áramótin án samhliða aðgerða í efnahagsmálum gerir sáralítið gagn miðað við upphaflegan tilgang. Jafnframt glatast það góða tækifæri að nýta hin jákvæðu áhrif gjaldmiðilsbreytingar til róttækra efnahagsaðgerða.

Tilgangsleysi gjaldmiðilsbreytingarinnar við núverandi aðstæður kemur best fram í því að ef verðbólgan fær að halda áfram eins og horfur eru á verður nauðsynlegt eftir fimm til sex ár að taka núll aftan af krónunni og

fimm árum seinna að taka af annað núll, þannig að eftir ellefu ár eða innan við þann tíma stæðum við í sömu sporum og við stöndum nú. Þess vegna er nauðsynlegt að nýta þessa róttæku breytingu vel.

Til að glata ekki þessu ágæta tækifæri, sem gjaldmiðilsbreyting að öðru jöfnu er, er lagt til í þessu frumvarpi að gjaldmiðilsbreytingunni verði frestað í eitt ár til að gefa ríkisstjórninni tækifæri til að móta stefnu í efnahagsmálum, sem hún gæti þá lagt fram og unnið eftir samhliða breytingunni.

Frumvarp þetta firrir þó ríkisstjórnina engan veginn þeirri ábyrgð að reyna sem fyrst að koma sér saman um að leggja fram tillögur í efnahagsmálum, en það er óskynsamlegt að gera svona mikilvæga breytingu á gjaldmiðli landsins án nokkurra annarra ráðstafana. Það mundi einungis rýra þá litlu trú sem enn þá ríkir hjá landsmönnum á okkar veika gjaldmiðli.

Röksemdir gegn þessu frumvarpi eru fyrst og fremst þær, að slík frestun sé of seint ákveðin. Flutningsmenn vísa slíkum röksemdum á bug. Það gildir um þetta mál og öll önnur mál, að það er aldrei of seint að taka skynsamlega afstöðu.

Vissulega er undirbúningur langt kominn og þegar hefur verið lagt í töluverðan kostnað. Seðlabanki Íslands mun vafalítið leggjast gegn þessu frumvarpi. En rétt er að minna á það, að lög í þessu landi eru sett af Alþingi, en ekki í Seðlabanka Íslands. Auðvitað munu tilteknir erfiðleikar vegna frestunar koma fram, en efnahagslíf Íslendinga mun ganga sinn gang, þótt við notum gömlu seðlana okkar eftir 1. janúar áfram eins og við gerum 31. desember 1980.

Það er ekkert launungarmál, að í íslensku efnahagslífi eru notaðar ávísanir í mun ríkara mæli en gerist í öðrum löndum, og er orsökina fyrst og fremst sú, að seðlar hérlendis hafa lágt verðgildi. Rétt væri að hefja þegar undirbúning og prentun á stærri seðlaeiningum, til að mynda 50 þús. kr. seðli, samhliða samþykkt þessa frumvarps, en þá ráðstöfun hefði reyndar átt að gera fyrir mörgum árum.

Það eru ekki einungis flutningsmenn þessa frumvarps, heldur landsmenn almennt, sem eru fullir efasemda um gagnsemi gjaldmiðilsbreytingarinnar um áramót miðað við þær aðstæður sem nú ríkja í íslensku efnahagslífi. Flutningsmenn eru þess fullvissir, að frestun á þessari breytingu mun takast klakklaut, ef menn leggjast á eitt við að leysa þau vandamál sem upp kunna að koma.

Flutningsmenn leggja ríka áherslu á að máli þessu verði hraðað í afgreiðslu Alþingis vegna eðlis þess.

1980. – 1050 ár frá stofnun Alþingis.

103. löggjafarþing. – 139. mál.

167. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 10 frá 22. mars 1960, um söluskatt, með áorðnum breytingum.¹

Flm: Ágúst Einarsson, Matthías Bjarnason, Guðmundur G. Þórarinsson,
Árni Gunnarsson.

1. gr.

Við 1. mgr. 6. gr. laganna bætist við nýr töluliður, svohljóðandi:

17. Vogir og rafeindatæki til mælinga og skoðana í fiskiðnaði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilgangur þessa frumvarps er að létta söluskatti af vogum og rafeinda-tækjum, sem notaðar eru í fiskiðnaði til mælinga og skoðana.

Niðurfelling söluskatts á ofangreindum tækjum er brýnt hagsmunamál fyrir fiskiðnaðinn og ekki síst fyrir hinn ört vaxandi rafeindaíðnað Ísland-inga.

Á undanförunum árum hefur átt sér stað mjög athyglisverð þróun í íslensk-um iðnaði á sviði rafeindafræði. Hér hafa verið stofnuð margs konar fyrir-tæki, sem af veikum mætti hafa þróað ýmis tæki í rafeindaíðnaði sem ekki einungis eru fyllilega samkeppnisfær við erlenda framleiðslu, heldur standa þau að mörgu leyti mun frammar. Hér er um að ræða iðnað sem byggist fyrst og fremst á hugviti og góðri tæknikunnáttu, en mun síður á fjölmennu starfsliði eða mikilli hjárfestingu. Má nefna til að mynda starfsemi fyrirtækj-anna Völundar í Vestmannaeyjum og Pólsins á Ísafirði, svo og fleiri fyrir-tækja hérlendis.

¹ Þetta frumvarp um niðurfellingu söluskatts af vogum og rafeindatækjum var samþykkt á Alþingi.

Póllinn á Ísafirði hefur þróað mjög fullkomnar vigtar fyrir íslenskan fiskiðnað, svo og önnur tæki sem stuðla mjög að hagræðingu í þessum iðnaði. Einnig ber að geta um starfsemi sem átt hefur sér stað innan Raunvísinda-deildar Háskóla Íslands við smíði á vigtum. Önnur fyrirtæki hafa ekki látið sitt eftir liggja, og má benda á olíueyðslumæla sem framleiddir hafa verið hérlendis og eru ekki einungis notaðir hér, heldur fluttir út til notkunar í erlendum skipum.

Þessi iðnaður hérlendis hefur sýnt, svo að ekki verður um villst, að Íslendingar eru fullkomlega færir um að þróa og smíða fullkomin tæki, sem stuðla að betri nýtingu fiskafla, betra eftirliti og hagkvæmari stjórnun innan sjávarútvegsins.

Ljóst er, að í heimi vaxandi samkeppni á sviði sjávarafurða er ekki einungis brýn nauðsyn, heldur lífsspursmál að íslenskur sjávarútvegur sé búinn eins góðum tækjum og völ er á.

Íslenskur fiskiðnaður verður ætíð að vera skrefi á undan sams konar iðnaði annarra þjóða í tækniþróun, ekki síst með tilliti til þess að fiskvinnsla hérlendis á í samkeppni við aðrar þjóðir sem styrkja fiskiðnað sinn með milljarða framlögum á ári hverju. En eins og kunnugt er nýtur íslenskur fiskiðnaður engra styrkja af opinberri hálfu hérlendis.

Það er ánægjulegt að hafa fylgst með því, að íslenskur fiskiðnaður hefur eftir mætti reynt að tileinka sér þær tækniþrýtingar, sem hafa hátt sér stað á undanförunum árum. Vissulega er skylda ríkisvaldsins að stuðla að því að sem best tæki séu nýtt í þessum höfuðatvinnuvegi okkar.

Á síðustu misserum hefur æ oftar verið talað um örtölvubyltingu og er þar átt við þær miklu þrýtingar sem verða í öllum vinnubrögðum við aukna notkun á rafeindatækjum.

Það er augljóst, að efla ber þá þróun, sem byggist á íslensku hugviti, í stað þess að leita til útlanda um kaup á slíkum tækninýjungum.

Á undanförunum árum hafa stjórnvöld stigið skref til að létta gjöldum af fiskiðnaðinum til að gera honum betur kleift að útbúa sig sem bestum tækjum. Má þar nefna að kaup á ýmsum vélum í fiskiðnaði eru nú þegar söluskattsfrjáls.

Þar sem þar er fyrst og fremst um erlenda framleiðslu að ræða, er ekki nema eðlilegt að gera íslenska framleiðendur á sviði voga og rafeindamælitækja jafnréttáa þessu sviði, og það er tilgangur þessa frumvarps.

Það gefur auga leið, að niðurfelling söluskatts samkvæmt frumvarpi þessu myndi stuðla að aukinni útbreiðslu þessarar íslensku framleiðslu og auka hagræðingu í fiskvinnslustöðvum hérlendis. Hér er einungis um lítið skref að

ræða til aðstoðar bæði þessum iðnaði og sjávarútvegi í vaxandi samkeppni, en sjálfsagt er að íslenskir framleiðendur standi ekki valtari fótum en erlendir vélaframleiðendur.

Þar sem ofangreind tæki eru fyrst og fremst til þess að efla mjög alla nákvæmni og nýtingu í fiskvinnslu, þá er ljóst að óverulegt tekjutap, sem ríkissjóður verður fyrir við niðurfellingu söluskatts af þessum vörum, er miklu meira en vegið upp við þá auknu útbreiðslu þessara tækja í íslenskum sjávarútvegi, sem kæmi fram í auknum gjaldeyrstekjum í þessari atvinnugrein til hagsbóta fyrir þjóðarbúið allt.

1980. – 1050 ár frá stofnun Alþingis.
103. löggjafarþing. – 164. mál.

202. Tillaga til þingsályktunar

um ívilnanir til loðnusjómanna.

Flm: Ágúst Einarsson, Karl Steinar Guðnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram könnun á því, hvernig megi m.a. með skattaívilnunum jafna það tekjutap sem loðnusjómenn verða að þola við ákvörðun um hina miklu skerðingu loðnuaflla.

Greinargerð.

Loðnuveiðar hafa verið stundaðar af íslenskum skipum um áraradír. Afli fór ört vaxandi fyrstu árin og loðnuafurðir hafa ætíð skipað stóran sess í gjaldeyrisöflun þjóðarinnar.

Loðnuveiðarnar gerðu kleift að nýta hinn mikla síldveiðiflota Íslendinga, eftir að síldin hvarf. Jafnframt var nokkrum hinna eldri síðutogara breytt í loðnuskip. Loðnan veitti einnig hinum gömlu síldarverksmiðjum okkar veruleg og vaxandi verkefni. Af þessu má vera ljóst að loðnuveiðar Íslendinga voru stundaðar og að loðnan var unnin á þjóðhagslega mjög hagkvæman hátt.

Til þessara veiða hafa ávallt valist úrvalssjómenn sem höfðu vaxandi tekjur af þessum veiðum. Margt – flest rangt – hefur verið ritað og sagt um tekjur loðnusjómanna. Vissulega hafa þær um árabíl verið dágóðar, en þess er hollt að minnast, að loðnuveiðar eru erfið sjómennska og tekjur mjög óreglulegar.

Það var ekkert sem benti til þess fyrir nokkrum árum, að slíkur afturkippur kæmi í loðnuveiðarnar eins og nú er staðreynd. Það er ekki langt síðan fiskifræðingar okkar töldu að veiða mætti næstum ótakmarkað magn af loðnu og veiðigeta Íslendinga væri ekkert áhyggjuefni.

Orðum fiskifræðinga var trúað, enda er oft auðveldara að trúa góðum fréttum en slæmum.

Loðnusjómenn, útvegsmenn og eigendur fiskimjölsverksmiðja gerðu sínar áætlanir í samræmi við það, að loðnuveiðar myndu halda áfram að aukast, eins og fiskifræðingar og stjórnvöld lögðu til.

Víða blasa við sorglegar afleiðingar af þessum viðbrigðum í loðnuveiðum. Flotinn er þegar orðinn of stór, og til að mynda sú skynsamlega ákvörðun Slippstöðvarinnar á Akureyri fyrir nokkrum árum að smíða loðnuveiðiskip „á lager“ reynist nú, þegar skipið er fullbúið, hafa verið hin ömurlegasta fjárfesting, bæði fyrir Slippstöðina og þjóðarbúið í heild.

Sömuleiðis má benda á fiskimjölsverksmiðjurnar, sem á undanförunum árum hafa fjárfest miklar fjárhæðir til afkastaaukningar og til tæknilegra endurbóta. Nú standa margar verksmiðjur, sem illa liggja við miðunum, aðgerðalausar mikinn hluta ársins.

Að lokum er nefndur sá þáttur, sem er grundvöllur þessarar þingsályktunartillögu, en það eru hin miklu áhrif sem skerðing loðnuveiða hefur á kjör sjómanna.

Ljóst er að loðnusjómenn höfðu sem aðrir í þessari atvinnugrein reiknað með vaxandi tekjum næstu árin og gert áætlanir í sínu einkalífi byggðar á hækkandi launum.

Neðangreind tafla sýnir magn af loðnu, sem Íslendingar hafa veitt á undanförunum árum.

				Veitt magn í tonnum
Frá miðju ári	1972	til miðs árs	1973	440.925
-	1973	-	1974	461.862
-	1974	-	1975	457.655
-	1975	-	1976	342.503
-	1976	-	1977	661.031
-	1977	-	1978	732.466
-	1978	-	1979	1.018.568
-	1979	-	1980	834.028
-	1980	-	1981	461.125

Ljóst er af ofangreindri töflu, að heildarmagnið, sem áætlað er að veiða nú á yfirstandandi vertíð, er svo miklu minna en á undanförunum árum að slík kjaraskerðing er mál þjóðarinnar allrar.

Sjómenn vita vel á hverju lífskjör þeirra byggjast, en það er, að fiskurinn í sjónum sé verndaður og fái að vaxa. Þess vegna taka sjómenn, eins og aðrir í sjávarútvegi, slíkum skerðingum með stillingu og eru reyndar í flestum tilvikum frumkvöðlar að fiskverndun. Það eru þó þeir aðilar, sem fiskverndun kemur hardest niður á í fyrstu.

Aðilar í sjávarútvegi hafa oftsinnis haft vit fyrir þjóðinni allri og verið

ótrauðir að leggja inn á bankabók til hagsbóta öðrum landsmönnum og komandi kynslóðum.

Sú kjaraskerðing, sem verður frá sumar- og vetrarvertíð 1978 til 1979 til samsvarandi vertíðar 1979 og 1980, nemur um 18%. Skerðingin frá vertíðinni 1979 og 1980 til núverandi sumar- og væntanlegrar vetrarvertíðar 1981 nemur um 45%.

Margir bátar munu fylla loðnukvóta sína innan skamms og nokkrir hafa þegar lokið veiðum, en velflestir munu ljúka veiðum fyrir áramót. Þá bíða þessara báta engin verkefni, þar til loðnueiðar hefjast aftur í september 1981, nema ef vera skyldu hefðbundnar netaveiðar fyrir hluta af þessum flota, en slíkar veiðar hafa þó ekki enn þá verið leyfðar.

Mörg loðnuskip geta ekki stundað aðrar veiðar en loðnueiðar. Alger vandræði eru fram undan bæði hjá sjómönnum og útgerðarmönnum þessara skipa.

Mikilsvert atriði við tekjuskurðingu loðnusjómanna er að við búum ekki við staðgreiðslu skatta, þannig að loðnusjómenn eru að greiða skatta af háum tekjum frá fyrra ári um leið og tekjur þeirra minnka mjög verulega. Slík sveifla niður á við í tekjum raskar öllum fjármálum einstaklinga.

Í þessari þingsályktunartillögu er gert ráð fyrir könnun á því, hvernig þetta tekjutap loðnusjómanna verði jafnað. Ljóst ætti að vera með hliðsjón af aflaskerðingunni, eins og fram kemur í framangreindri töflu, að slíka kjarskerðingu verður að milda með aðgerðum ríkisvaldsins. Ákvörðunin um skerðingu loðnuafllans er tekin af hálfu ríkisvaldsins og studd veigamiklum þjóðhagslegum rökum.

Beinast liggur við að beita að einhverju leyti skattaávilnunum og er bent á það í tillögunni. Aðrar leiðir eru til, eins og að tryggja með aðstoð Aflatryggingasjóðs og þá með fjárframlagi frá ríkisvaldinu að tekjur loðnusjómanna skerðist ekki eins og allt bendir til.

Það er ekki einkamál loðnusjómanna að þola svona stórfellt tekjutap vegna friðunar. Þetta er mál allra landsmanna, enda munu hin góðu líf skjör undanfarinna ára ekki síst grundvallast á störfum þessara manna. Loðnusjómenn eiga skilið vegna vinnu sinnar undanfarin ár að þeim verði liðsinnit þegar brýna nauðsyn ber til.

1995. – 1065 ár frá stofnun Alþingis.
120. löggjafarþing. – 242. mál.

328. Frumvarp til laga

um breyting á lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34/1991.

Flm.: Ágúst Einarsson, Svanfríður Jónasdóttir.

1. gr.

Í stað 1. og 2. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna kemur nýr töluliður er orðast svo: Erlendir aðilar mega eiga allt að 20% hlut í fyrirtækjum sem vinna sjávarafurðir hér á landi og/eða stunda fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Núverandi lagaákvæði heimila ekki erlenda eignaraðild í sjávarútvegi hérlandis. Þetta eru að mörgu leyti úrelt ákvæði og í ljós hefur komið að þau halda ekki þar sem nú þegar er um að ræða óbeina eignaraðild erlendra aðila í sjávarútvegsfyrirtækjum.

Hér hefur lengi ríkt það viðhorf að gæta verði sérstakrar varkárni gagnvart útlendingum við veiðar í íslenskri fiskveiðilögsögu og að ekki komi til greina að þeir fái eignaraðild að fyrirtækjum sem stunda veiðar hér við land. Afstaða þessi mótast m.a. af landhelgisdeilum okkar þegar við þurftum að berjast fyrir rétti okkar við fiskveiðar hér við land gegn óbilgjörnum, erlendum stórveldum. Síðan þessi barátta átti sér stað hefur því oft verið haldið fram að koma verði í veg fyrir að útlendingar komist bakdyra megin inn í íslenska landhelgi. Þessi afstaða er mjög skiljanleg en tekur ekki tillit til þess að í landhelgisdeilum okkar vorum við að eiga við erlend fyrirtæki sem lutu ekki íslenskum lögum, en ef útlendingum yrði heimilud takmörkuð eignaraðild að íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, er um íslensk fyrirtæki og íslensk veiðiskip að ræða sem lúta íslenskum lögum og forræði.

Kostir erlendra eignaraðildar eru margvíslegir. Fyrirtæki geta sótt sér áhættufé sem eigið fé en þurfa ekki að vera eins háð erlendu lánsfé. Spyrja má hvort menn telji það betri stefnu að hlaða erlendum skuldum á íslensk sjávarútvegsfyrirtæki en að freista þess að byggja upp eigið fé fyrirtækjanna. Einnig má ætla að eignartengsl Íslendinga og útlendinga gætu örvað markaðssamstarf en slíkt er mjög algengt erlendis.

Það er misskilningur ef menn ætla að eignaraðild útlendinga í sjávarútvegsfyrirtækjum þýði að útlendingar mundu flytja fisk óunninn úr landi og verðmætasköpunin yrði öll erlendis. Í fyrsta lagi lúta þessi fyrirtæki íslenskum lögum og vissar takmarkanir og leyfisveitingar eru vegna útflutnings á ferskum fiski. Í öðru lagi er engin ástæða til að ætla annað en að útlendingar sem vilja eignast hér lítinn hlut í sjávarútvegsfyrirtækjum séu fyrst og fremst að hugsa um arð af fjárfestingu sinni, sem er sama hugsun og hjá mörgum innlendum fjárfestum. Hugsanlega gætu þeir einnig litið á slíka eignaraðild sem lykil að frekari samvinnu við viðkomandi fyrirtæki hér á landi og henni gætu fylgt ýmis tækifæri í markaðsmálum auk fjárhagslegrar styrkingar.

Hafa þarf í huga að varla er mögulegt að mismuna fyrirtækjum eftir því hvort þau stunda fiskveiðar eða fiskvinnslu þar sem mörg fyrirtæki stunda bæði fiskvinnslu og útgerð. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að takmarka eignaraðild útlendinga við 20% hlut. Þetta er gert til að áhrif þeirra verði lítil, en full ástæða er til að fara með gætni í slíkar heimildir. Þess ber að geta að útlendingum er heimilt að eiga fyrirtæki að fullu í öllum atvinnurekstri með örfáum undantekningum. Þessar undantekningar eru að fjárfestingar erlendra aðila í fiskveiðum og fiskvinnslu hafa verið bannaðar og að einungis Íslendingar mega standa að virkjunarframkvæmdum, orkuvinnslu og orkudreifingu. Útlendingar mega eiga minna en 25% í hlutafélagsviðskiptabanka. Nú er einungis einn slíkur banki hérlendis, Íslandsbanki hf., en þar er engin erlend eignaraðild. Eignarhluti erlendra aðila í fyrirtækjum sem stunda flugrekstur hérlendis má ekki vera meiri en 49%. Þessar takmarkanir eru ekki miklar en snerta viss grundvallaratriði.

Íslendingar hafa alltaf möguleika á að skerpa löggjöf sína (þó innan takmarkana EES-samningsins) ef þeir telja hættu stafa af erlendum áhrifum. Þegar hömlum var létt af erlendum fjárfestingum hérlendis kom í ljós að það var síður en svo biðröð eftir að fjárfesta hér.

Brynt er að auka eigið fé í íslenskum fyrirtækjum, sjávarútvegsfyrirtækjum sem öðrum. Aukin þátttaka almennings og lífeyrissjóða í sjávarútvegsfyrirtækjum er af hinu góða. Viðskiptastefna heimsins er að örva alþjóðaviðskipti. Íslendingar eiga eins og aðrar þjóðir að vera opnir fyrir erlendu

fjármagni. Benda má á að erlendar fjárfestingar hérlendis eru að langmestu leyti í einni atvinnugrein, þ.e. álvinnslu. Erlendir aðilar eiga í nokkrum fyrirtækjum hérlendis og það hefur ekki valdið neinum vandræðum nema síður sé. Sem dæmi má nefna olúfélög, verktakaiðnað, sjónvarpsrekstur, ferðaþjónustu, fiskeldi, skiparekstur og tölvuþjónustu.

Skynsamlegt er að reyna að dreifa erlendum fjárfestingum en vitaskuld eru það hinir erlendu fjárfestar sem ráða því í hverju er fjárfest, alveg eins og það er okkar val ef við fjárfestum erlendis. Að mati flutningsmanna eru hugmyndir um að heimila einungis óbeina fjárfestingu ekki skynsamlegar vegna þess að eftirlit með þeim er í reynd tæpast framkvæmanlegt og þá nýtast ekki kostir beinnar fjárfestingar eins og hugsanleg samvinna um markaðsmál og fleira. Það má jafnframt velta því fyrir sér hvort það að leyfa erlendum aðilum beina fjárfestingu í sjávarútvegi geti verið lykill að frekari fjárfestingu í öðrum greinum þar sem okkur er meira kappsmál að fá erlenda aðila til samstarfs.

Almennt gilda ekki staðbundnar takmarkanir við fjárfestingar erlendis, enda er erfitt að framfylgja eftirliti með slíku banni. Þyngra vegur þó að flestir telja að frjálstræði við fjárfestingar og örvun viðskipta milli landa sé mjög hagkvæm leið til verðmætasköpunar í einstökum löndum.

Íslendingar eiga mikla möguleika í fjárfestingum í sjávarútvegi erlendis eins og mörg dæmi sanna nú þegar. Fyrst er að nefna fjárfestingar íslensku fisksölufyrirtækjanna í Bandaríkjunum, Bretlandi og Frakklandi en þessar fjárfestingar hafa skapað sterka stöðu í markaðsmálum á undanförunum áratugum. Íslensk fyrirtæki hafa einnig fjárfest beint erlendis og má þar nefna Granda hf. í Chile og fjárfestingar Útgerðarfélag Akureyringa hf. og Samherja hf. í Þýskalandi, en nú er svo komið að nær öll togaraútgerð Þjóðverja er undir íslensku forræði. Ekki hafa vaknað neinar áhyggjur hjá Þjóðverjum vegna þessarar þróunar nema síður sé. Einnig hafa Íslendingar fjárfest mikið í Afríku og ýmiss konar uppbyggingarstarf er í gangi í Rússlandi, Indlandi og víðar.

Flutningsmenn frumvarpsins leggjast gegn þeim hugmyndum að heimila erlendum aðilum að fjárfesta að vild í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum og benda jafnframt á að óbein eignaraðild hefur enga nýja kosti í för með sér fyrir íslenskan sjávarútveg og er í raun fyrst og fremst viðurkenning og staðfesting á því ástandi sem nú er.

Með óbeinni eignaraðild er átt við að erlend fyrirtæki eigi í fyrirtækjum sem síðan eiga í fyrirtækjum í sjávarútvegi. Hugmyndir eru uppi um að heimila að takmörkuðu leyti slíka fjárfestingu, t.d. þannig að erlent fyrirtæki

geti átt hlut í fyrirtæki sem síðan á allt að 25% eignarhlut í sjávarútvegsfyrirtæki. Vandkvæði við eftirlit með óbeinni eignaraðild má sjá á eftirfarandi dæmi: Ef tíu félög eru með eignaraðild útlendinga og þau eiga hlut í sjávarútvegsfyrirtæki þarf að fylgjast með hlutabréfaviðskiptum allra félaganna tíu til að geta reiknað út erlenda hlutdeild í íslenska fyrirtækinu. Eins og áður er komið fram er óbein eignaraðild þegar víða í íslenskum sjávarútvegi. Erlend olúfélög eiga t.d. stóran hlut í tveimur olúfélöganna en þau eiga hlut í mörgum íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum.

Til álita kemur að takmarka fjárfestingar erlendra aðila við sjávarútvegsfyrirtæki sem eru skráð á Verðbréfaþingi eða á hlutabréfamörkuðum eða tryggja á annan hátt meiri upplýsingaskyldu gagnvart fyrirtækjum sem erlendir aðilar eiga hlut í. Þó yrði að gæta þess að smærri fyrirtæki ættu einnig góða möguleika á að fá erlenda samstarfsaðila með þeim hætti sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir.

Mun auðveldara er að hafa eftirlit með fyrirtækjum sem búa við beina erlenda eignaraðild en óbeina. Eftirlit með erlendri eignaraðild getur t.d. falist í því að tilkynna beri um það ef erlendir aðili fjárfestir beint í sjávarútvegsfyrirtæki, svo og um breytingar á eignaraðild. Þannig væri vitað á hverjum tíma hver hin beina eignaraðild er. Samkvæmt vitneskju flutningsmanna er ekki til samantekt yfir óbeina erlenda eignaraðild í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum og alls ekki eftirlit á hverjum tíma. Hægt er að hugsa sér að hluthafaskrá sé skoðuð á tilteknum tíma, t.d. um áramót, og þannig reynt að hafa eftirlit með því hvernig eignaraðildin þróast. Það sýnir hins vegar ekki hvaða breytingar eiga sér stað á eignaraðild innan ársins. Flutningsmenn vekja athygli á því að til greina kemur að lögbinda að samanlögð bein og óbein eignaraðild í einstökum fyrirtækjum fari ekki yfir tiltekin mörk miðað við áramót.

Sú hætta að erlendir aðilar fái innlenda leppa fyrir sig til fjárfestingar í íslenskum sjávarútvegi er fyrir hendi hvort sem fjárfestingar eru heimilar eða ekki, enda er þá um ólögmdæta starfsemi að ræða.

Óeðlilegt er að við beitum allt annarri aðferðafræði við fjárfestingar í sjávarútvegi erlendis en hérlendis. Okkur finnst sjálfsagt að við fjárfestum í útlöndum og ætlum að auka hlut okkar þar á sama tíma og við lokum á útlendinga hér. Að vísu er mikilvægi auðlindarinnar ótvírætt hérlendis og því er hér gerð tillaga um að fara varlega í þessum málum og heimila einungis takmarkaða fjárfestingu erlendra aðila.

1996. – 1066 ár frá stofnun Alþingis.

121. löggjafarþing. – 160. mál.

177. Beiðni um skýrslu

frá menntamálaráðherra um kennslu, nám og rannsóknir á háskólastigi.¹

Frá Ágústi Einarssyni, Ástu R. Jóhannesdóttur, Gísla S. Einarssyni, Guðmundi Árna Stefánssyni, Lúðvík Bergvinssyni, Jóni Baldvini Hannibalssyni, Jóhönnu Sigurðardóttur, Rannveigu Guðmundsdóttur, Sighvati Björgvinssyni, Svanfríði Jónasdóttur og Össuri Skarphéðinssyni.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að menntamálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um kennslu, nám og rannsóknir í skólum á háskólastigi hérlendis og samanburð þessa við önnur ríki OECD, svo og um þróun kostnaðar við háskólastigið undanfarin ár.

Í skýrslunni komi m.a. fram upplýsingar um eftirfarandi atriði:

1. Hver hefur verið þróun hjá skólum á háskólastigi (skólum sem veita háskólagráðu og lægri háskólapróf) í fjölda nemenda, kennara og annarra starfsmanna sl. 20 ár, skipt eftir einstökum árum, skólum og eftir kyni?
2. Hver hefur verið kostnaður við kennslu og rannsóknir á háskólastigi sl. 20 ár, skipt eftir einstökum árum og á sambærilegu verðlagi?
3. Hver hefur verið kostnaður á hvern nemanda í skólum á háskólastigi sl. 20 ár, skipt eftir árum, námssviðum og á sambærilegu verðlagi?
4. Hver hefur hlutfallsleg dreifing nemenda á háskólastigi verið hérlendis (háskólagráða) á námssvið sl. 20 ár, borið saman við önnur ríki OECD?
5. Hver hefur kostnaður við Háskóla Íslands verið sl. 20 ár, borinn saman við sambærilega háskóla erlendis, á hvern nemanda og skipt eftir einstökum háskóladeildum?
6. Hvernig hefur menntun fastráðinna kennara við skóla á háskólastigi hérlendis verið háttað (háskólagráða) sl. 20 ár, flokkuð eftir BA/BS-, kandidateits-, meistara- og doktorsgráðu?

¹ Þessi skýrsla var gerð af hálfu menntamálaráðuneytis og hún er umfangsmesta úttekt sem hafði verið gerð um háskólakennslu hérlendis.

7. Hve stór hluti þjóðarinnar hefur lokið háskólaprófi hérlandis og erlendis sl. 40 ár, borið saman við önnur ríki OECD?
8. Hversu stór hluti þjóðarinnar stundaði nám á háskólastigi sl. 20 ár hérlandis og erlendis, skipt eftir einstökum árum og borið saman við önnur ríki OECD?
9. Hvert er fyrirkomulag stjórnýslu við skóla á háskólastigi hérlandis í samanburði við sambærilega háskóla erlendis?
10. Hver hefur fjöldi starfsmanna verið í stjórnýslu við skóla á háskólastigi hérlandis sl. 20 ár borið saman við sambærilega háskóla erlendis?
11. Hversu margir starfsmenn sinntu stjórnýslu skóla á háskólastigi hérlandis sl. 20 ár, annars vegar á hvern fastráðinn kennara og hins vegar á hvern nemanda, borið saman við sambærilega háskóla erlendis?
12. Hver hafa verið framlög, opinber framlög og önnur, til rannsókn- og þróunarstarfsemi sl. 20 ár, skipt eftir árum og á sambærilegu verðlagi, svo og samanburður á þessum framlögum við framlög í öðrum ríkjum OECD miðað við hlutfall af vergri landsframleiðslu?
13. Hver hafa verið opinber framlög til háskólastigsins (háskólagráða) sem hlutfall af ríkisútgjöldum og af vergri landsframleiðslu sl. 20 ár í samanburði við opinber framlög í öðrum ríkjum OECD?
14. Hvernig er löggjöf háttáð í meginatriðum í nágrannalöndum varðandi kennslu, nám og rannsóknir á háskólastigi (háskólagráða) borið saman við íslenska löggjöf?
15. Hvert hefur verið umfang rannsókna í íslenskum skólum á háskólastigi (háskólagráða) sl. 20 ár í samanburði við sambærilega háskóla erlendis?
16. Hvert hefur verið hlutfall aðstoðarfólks í kennslu og rannsóknum á hvern fastráðinn kennara við skóla á háskólastigi hérlandis sl. 20 ár borið saman við sambærilega háskóla erlendis?
17. Hvernig er samvinna skóla á háskólastigi háttáð hérlandis miðað við önnur lönd?
18. Hversu stór hluti nemenda við nám á háskólastigi sl. 20 ár kom af landsbyggðinni, þ.e. utan höfuðborgarsvæðisins, borið saman við hlutfall íbúa?
19. Hver hefur verið fjöldi nemenda á hvern fastráðinn kennara við skóla á háskólastigi hérlandis sl. 20 ár, borið saman við sambærilega háskóla erlendis?
20. Hvernig er háttáð stuðningi við námsmenn á háskólastigi (lán og/eða styrkir) hérlandis miðað við önnur ríki OECD?

21. Hver er áætluð þróun háskólastigsins hérlendis næstu 20 ár miðað við önnur ríki OECD?

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu á Alþingi þegar henni hefur verið dreift meðal þingmanna.

Greinargerð.

Kennsla, nám og rannsóknir á háskólastigi skipta verulega máli fyrir lífskjör í framtíðinni. Flestar nágrannaþjóðir okkar leggja mikla áherslu á að auka og bæta menntun landsmanna sinna, ekki síst á háskólastigi. Ljóst er að Íslendingar verða að vinna að stefnumótun á þessu sviði á markvissan hátt í ljósi breyttra aðstæðna og samkeppnisstöðu landsins á næstu öld. Umræða um menntamál, ekki hvað síst um háskólamenntun, er ekki einkamál skóla- og stjórnámalanna heldur mál alls almennings.

Stefnumótandi umræða um kennslu, nám og rannsóknir á háskólastigi hefur ekki verið almenn hérlendis og er tilgangur þessarar skýrslubeiðni að afla upplýsinga sem eru forsenda fyrir málefnalegri umræðu um fyrirkomulag háskólakennslu og rannsókna hér á landi. Ýmsar gagnlegar upplýsingar um háskólastigið hafa birst í nýrri tölfræðihandbók um menntun og menningu sem menntamálaráðuneytið gaf út á þessu ári, en hér er farið fram á aðrar nauðsynlegar upplýsingar.

Samkvæmt alþjóðlegri skilgreiningu er háskólastigi skipt í tvennt, þ.e. skólar sem bjóða nám til háskólagráðu, en þeir eru sex hérlendis, og skólar sem bjóða nám til lægri gráðu á háskólastigi, en sjö sérskólar krefjast stúdentsprófs til inngöngu.

Skólar sem bjóða nám til háskólagráðu eru Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Kennaraháskóli Íslands, Samvinnuháskólinn á Bifröst, Tækniskóli Íslands og Bændaskólinn á Hvanneyri. Skólar sem bjóða nám til lægri prófgráðu á háskólastigi eru Íþróttakennaraskóli Íslands, Fósturskóli Íslands, Þroskaþjálfaskóli Íslands, sérdeildir Myndlista- og handíðaskóla Íslands, Leiklistarskóli Íslands, Tölvuháskóli Verzlunarskóla Íslands og sérdeildir Tónlistarskólans í Reykjavík.

Sérstakra upplýsinga er óskað ýmist um alla skóla á háskólastigi eða eingöngu þá sem veita háskólagráðu. Jafnframt er leitað upplýsinga um Háskóla Íslands en um 70% allra stúdenta á háskólastigi stunda nám við þann skóla og um 90% allra háskólarannsókna fara fram við hann. Einnig er óskað upplýsinga um aðra þætti sem tengjast háskólanámi, svo sem

menntun kennara, stjórnsýslu skóla, samvinnu á háskólastigi, löggjöf og stuðning við nemendur.

Farið er fram á upplýsingar um þróun mannahalds í skólum, svo og kostnað við kennslu. Leitað er upplýsinga um dreifingu nemenda á náms svið í samanburði við önnur lönd og um kostnað við Háskóla Íslands en því er oft haldið fram að hann sé sveltur fjárhagslega.

Óskað er upplýsinga um menntun kennara, hversu víðtæk háskólamenntun er hérlendis og hve stór hluti þjóðarinnar stundar og hefur stundað háskólanám hérlendis og erlendis. Leitað er upplýsinga um fyrirkomulag stjórnsýslu og umfang hennar miðað við fjölda kennara og nemanda. Enn fremur er óskað eftir upplýsingum um framlög til rannsókn- og þróunarstarfsemi, en ýmsir telja að á því sviði séu Íslendingar eftirbátar annarra þjóða. Einnig er farið fram á upplýsingar um umfang rannsókna hérlendis í samanburði við umfang þeirra í öðrum löndum, svo og um hlut aðstoðarfólks við kennslu og rannsóknir.

Jafnframt er óskað eftir að skýrt verði frá hvernig samvinna er hérlendis innan háskólastigsins. Fjöldi nemenda af landsbyggðinni óskast tilgreindur í samanburði við íbúadreifingu landsmanna og fjölda nemenda á hvern kennara í alþjóðlegum samanburði. Einnig er óskað eftir að gerð verði grein fyrir löggjöf hérlendis miðað við önnur lönd, svo og hvernig stuðningi við nemendur er háttað hérlendis og hver sé áætluð þróun háskólastigsins. Í flestum tilvikum er beðið um upplýsingar fyrir síðustu 20 ár til að hafa samanburð yfir lengra tímabil og geta dregið ályktanir af þróuninni.

Allur þingflokkur jafnaðarmanna biður um skýrsluna en jafnaðarmenn hafa af því miklar áhyggjur að ekki sé nægjanleg áhersla lögð á háskólamenntun og rannsóknir og það muni koma niður á líf skjörum á næstu öld. Skýrslunni er ætlað að auðvelda umræðu um úrbætur.

1996. – 1066 ár frá stofnun Alþingis.

121. löggjafarþing. – 219. mál.

278. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Flm.: Ágúst Einarsson, Gísli S. Einarsson, Svanfríður Jónasdóttir.

1. gr.

1. málsl. 4. mgr. 12. gr. laganna orðast svo: Veði fiskiskip minna en 80% af samanlögðu aflamarki sínu í þorskígildum talið tvö fiskveiðiár í röð fellur veiðileyfi þess og aflahlutdeild niður og skal aflahlutdeild annarra skipa í viðkomandi tegundum hækka sem því nemur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Mikil umræða hefur farið fram undanfarin missiri um framsal veiðiheimilda. Þingflokkur jafnaðarmanna hefur í tengslum við veiðileyfagjald bent á að nýir aðilar sem hefja útgerð hér við land komast ekki til veiða nema með því að kaupa veiðiheimildir af aðilum sem fyrir eru og hafa fengið þeim úthlutað ókeypis af ríkisvaldinu. Þannig greiða nýir aðilar þegar veiðileyfagjald í útgerð en einungis til þeirra útgerða sem fengu þessum leyfum áður úthlutað af hálfu ríkisvaldsins. Uptaka veiðileyfagjalds breytir í sjálfu sér engu um framsal veiðiheimilda en þessu frumvarpi er ætlað að taka á tilteknum þætti þess máls.

Framsál veiðiheimilda er heimilt í núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi. Stærstur hluti þess er skipti á veiðiheimildum innan sömu útgerðar svo og jöfn skipti á veiðiheimildum milli útgerðaraðila. Slík skipti veiðiheimilda eru öllum aðilum hagkvæm og leiða til hagkvæmrar stýringar veiða.

Annar flokkur framsals er þegar veiðiheimildir eru leigðar innan ársins eða þegar varanlegar veiðiheimildir eru keyptar og seldar og peningaviðskipti eiga sér stað. Sala á varanlegum veiðiheimildum er hluti núverandi

stjórnunarkerfis og felst í því að ýmsir aðilar minnka við sig eða hætta í útgerð en aðrir bæta við sig veiðiheimildum og nýir koma að atvinnugreininni. Þessi þáttur framsalsins hefur oft verið gagnrýndur og þá einkum af tveimur ástæðum:

Annars vegar er gagnrýnisvert að handhafar veiðiheimilda skuli geta leigt frá sér árlega stóran hluta úthlutaðra heimilda og lifað góðu lífi á hinum ókeypis úthlutuðu veiðiheimildum. Þetta særir réttlætistilfinningu margra og er ein af röksemdunum fyrir veiðileyfagjaldi.

Hins vegar hefur það verið gagnrýnt þegar aðilar leigja frá sér kvótann en leigja til sín aftur kvóta frá öðrum aðilum og láta sjómenn taka þátt í þeim viðskiptum. Þetta er lögbrot sem grunur leikur á að sé stundað í einhverjum mæli. Þingmenn jafnaðarmanna hafa lagt fram á Alþingi þingsályktun um að allur fiskur, sem seldur er innan lands, verði seldur á fiskmörkuðum. Lögfesting þessa leiðir m.a. til verðlagningar fyrir opnum tjöldum þannig að slík viðskipti heyra vonandi sögunni til.

Flutningsmönnum frumvarpsins finnst óeðlilegt að rúmar heimildir séu fyrir því í núgildandi lögum að útgerðir, sem fá veiðiheimildum úthlutað endurgjaldslaust, geti leigt þær frá sér og nýti sjálfar tiltölulega lítinn hluta þeirra. Í lögnum eru ákvæði þess efnis að hafi útgerðaraðili ekki nýtt sjálfur a.m.k. 50% af veiðiheimildum samanlagt tvö ár í röð fellur úthlutun hans niður og veiðiheimildirnar koma öðrum til góða.

Ástæðan fyrir því að miðað er við tvö ár er sú að skip getur bilað alvarlega eða verið frá vegna stórfelldra endurbóta þannig að eðlilegt er að hafa rýmri tíma við slíkar aðstæður.

Breytingin samkvæmt frumvarpinu er sú að í stað þess að aðili verði að veiða a.m.k. 50% af úthlutuðu aflamarki verði hann að veiða a.m.k. 80%. Þetta þýðir að aðilar verða í reynd að gera það upp við sig hvort þeir séu í útgerð til langframa og nýti þá þær heimildir sem þeim er úthlutað eða hvort þeir hverfi úr útgerð.

Með samþykkt þessa frumvarps er að mestu leyti komið í veg fyrir að útgerðaraðilar leigi árlega frá sér stóran hluta úthlutaðra veiðiheimilda og stundi ekki veiðar í samræmi við úthlutaðan kvóta. Frumvarpið tekur þannig á veigamiklum þætti í gagnrýni á framsal veiðiheimilda í núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi.

1996. – 1066 ár frá stofnun Alþingis.

121. löggjafarþing. – 263. mál.

498. Frumvarp til laga

um breyting á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, með síðari breytingum.

Flm.: Ágúst Einarsson, Gísli S. Einarsson, Jón Baldvin Hannibalsson, Lúðvík Bergvinsson, Sighvatur Björgvinsson, Svanfríður Jónasdóttir.

1. gr.

6. mgr. 10. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Á eftir 10. gr. laganna bætast við tvær nýjar greinar er orðast svo og breytist númeraröð annarra greina í samræmi við það:

1. (11. gr.)

Þorskur og ufsi styttri en 50 cm, ýsa styttri en 45 cm og karfi styttri en 33 cm teljast ekki til aflamarks, enda fari afli tegunda samkvæmt þessari málsgrein ekki yfir 10% af viðkomandi tegund í veiðiferð. Heimild samkvæmt þessari málsgrein er bundin þeim skilyrðum að afla undir tilgreindum stærðum, sbr.

1. málsl., sé haldið aðgreindum frá öðrum afla um borð í veiðiskipi og hann veginn sérstaklega af löggiltum vigtarmanni sem annast endanlega vigtun aflans innan lands. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda ekki um afla sem frystur er um borð í veiðiskipi nema um heilfrystan fisk sé að ræða.

2. (12. gr.)

Landaðan afla skv. 11. gr. skal selja á viðurkenndum fiskmarkaði hérlendis og skal söluandvirði aflans að frátöldum kostnaði við sölu ráðstafað þannig að fjórðungur þess bætist við skiptaverðmæti viðkomandi veiðiferðar, fjórðungur renni til slysavarna sjómanna, fjórðungur til hafrannsóknar og fjórðungur til stéttarfélagasjómannanna sem ráðstafi honum til orlofsaðstöðu sjómanna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Undanfarin missiri hefur verið mikil umræða um brottkast fisks, þ.e. að fiski sé hent útbyrðis af fiskiskípum. Erfitt er að henda reiður á því að hve miklu leyti slíkar sögur eiga við rök að styðjast, en það er afdráttarlaust bannað með lögum að henda fiski. Íslensk lög gera ráð fyrir að allur fiskur skuli koma að landi eða vera unninn um borð, ef um vinnsluskip er að ræða.

Ástæður brottkasts og fiskveiðistjórnunarkerfi.

Ástæður þess að fiski er hent geta verið ýmsar:

- Í fyrsta lagi að fiskur sé mjög smár og sjómönnum finnst ekki borga sig að ganga frá slíku smælki og koma með það að landi.
- Í öðru lagi að ekki sé til kvóti fyrir þeim tegundum sem koma með öðrum í veiðarfæri og til þess að komast hjá upptöku afla og sektum sé afflanum einfaldlega hent.
- Í þriðja lagi að fiskurinn sé tiltölulega smár og þar með verðminni en stærri fiskur. Sjómenn og útgerðarmenn vilja nýta kvóta sinn sem best og henda þá frekar smáa fiskinum til að veiða stærri fisk upp í kvótann.
- Í fjórða lagi að smærri fiski sé hent þegar gerðir eru samningar um veiði, t.d. að aðili lætur skip hafa kvóta en áskilur að fiskurinn sé yfir t.d. 6 kg og kaupir einungis þann fisk.

Ástæða er til að velta því fyrir sér að hve miklu leyti fiskveiðistjórnunarkerfi hafa áhrif á brottkast. Aflamarkskerfi sem miðar við úthlutun í tonnum stuðlar að því að útgerðarmenn og sjómenn nýti kvóta sinn sem best og þar sem yfirleitt fæst hærra verð fyrir stærri fisk er betra að koma með einn 6 kg fisk að landi en þrjá 2 kg. Þetta getur leitt til brottkasts í einhverjum mæli, enda tilgreint sem ein af ástæðum þess hér að framan.

Ef úthlutun kvóta fer ekki eftir tonnum eða þyngd heldur eftir fjölda, þ.e. nokkurs konar sporðakvóti, leiðir það til þess að reynt verður að veiða sem stærsta fiska. Þá er ekki úthlutað 10 tonnum af þorski heldur t.d. 2,5 milljónum fiska! Þetta væri vafalítið góð aðferð til að minnka sókn í smáfisk og auka sókn í stærri fisk en hætt er við að smærri fiski yrði hent í auknum mæli.

Sóknarmark sem byggist á því að úthlutað er sóknardögum, oft með aflahámarki, leiðir einnig til viðleitni til að láta smærri fisk fyrir borð vegna

verðmunar á stórum fiski og smáum, en þar sem miðað er við sóknardaga geta áhrifin verið önnur en í aflamarkskerfi.

Notkun smáfiskaskilju og eftirlit með veiðum.

Þar sem þegar er bannað að henda fiski hafa stjórnvöld ekki mörg úrræði til að hindra slík lögbrot. Almennt eru aðferðir við að stemma stigu við lögbrotum þrjár, þ.e. að herða refsingar, herða eftirlit og breyta lögum þannig að minna verður um þau brot sem um ræðir. Refsingar mættu vafalítið vera strangari við brottkasti afla þótt það sé ekki lagt til í frumvarpinu.

Verndun smáfisks er eitt mikilvægasta verkefnið í íslenskum sjávarútvegi. Ýmsar leiðir eru mögulegar í þeim efnum. Hér ber hæst smáfiskaskilju, en unnið hefur verið að því undanfarið að innleiða notkun hennar. Smáfiskaskilja skilur smáfisk frá öðrum fiski við veiðar þannig að honum er sleppt aftur lifandi í sjóinn. Þessi aðferð er notuð t.d. við rækjuveiðar og hægt er að beita henni við aðrar veiðar. Flutningsmenn binda miklar vonir við slíkt tækni, en brýnt er að allra leiða sé leitað til að vernda smáfisk.

Eftirlit með veiðum mætti hins vegar vera mun betra. Nú er algengast að fylgst sé með löndun og öðru hvoru eru eftirlitsmenn um bord í fiskiskipum. Vitanlega er ekki hægt að hafa opinberan eftirlitsmann um bord í hverju veiðiskipi en það er þó hugsanlegt.

Hins vegar er mögulegt að beita nýrri tækni við eftirlit. Þannig má gera myndbandsupptöku af því þegar veiðarfæri er innbyrt og hægt er að reikna mjög nákvæmlega út frá slíkum myndum hve mikill aflinn er og bera saman við landaðan afla.

Einnig er hugsanlegt að mæla álag á vírum og reikna þannig út aflamagn, t.d. í trolli, eða að mæla þyngd skipa mjög nákvæmlega, fylgjast með henni reglubundið og finna út hvort afla sé hent um bord. Nýjustu vísindi og tækni bjóða upp á fjölmarga möguleika til stöðugs og sjálfvirks eftirlits um bord í fiskiskipum.

Nokkuð af þessu hefur verið reynt erlendis en hér skortir umræðu um þennan þátt. Hafa ber í huga að með nýjustu aðferðum er hægt að reikna út brottkast svo aðeins skakki örfáum kílóum. Að öllum líkindum verður innan örfárra áratuga komið sjálfvirkt eftirlitskerfi til að hindra brottkast í öll fiskiskip í heiminum.

Meginþættir frumvarpsins.

Frumvarpið tekur á einum þætti brottkasts, þ.e. þegar smáfiski eða undirmáli er hent. Vissulega eru önnur vandamál tengd brottkasti, einkum

þegar fullvaxta fiski er hent, t.d. vegna þess að hann er of lítill miðað við samninga sem oft eru gerðir um ráðstöfun kvóta. Brýnt er að tekið verði á þeim þáttum og vinnur þingflokkur jafnaðarmanna að útfærslu hugmynda um þá. Hins vegar er skynsamlegt að taka þegar á brottkasti undirmáls, eins og gert er í frumvarpinu, og hefja þannig skipulega umfjöllun um málið út frá raunhæfum hugmyndum.

Í lögum um núverandi fiskveiðistjórnarkerfi er kveðið á um að komið skuli með undirmálsfisk að landi, hann aðgreindur sérstaklega og teljist að hálfu leyti til kvóta. Á árum áður var undirmálsfiskur undanskilinn kvóta en það leiddi til misnotkunar þannig að fiskur sem ekki var undirmálsfiskur var skráður sem slíkur og eftirlit við löndun og vinnslu var lítið.

Vitaskuld er ekki gott að undirmálsfiskur teljist til kvóta. Hann er yfirleitt nokkuð verðlítill miðað við stærri fisk og því óhagkvæmt fyrir útgerðarmenn og sjómenn að nýta takmarkaðan kvóta sinn fyrir undirmálsfisk. Líklega er stærsta vandamálið við brottkast að undirmálsfiski er hent. Frumvarpinu er ætlað að taka á því og eftirfarandi atriði eru lögð til grundvallar:

1. Undirmál verður allt utan kvóta. Þar að auki, sem er mjög mikilvægt, verður undirmál í hverri tegund að vera innan við 10% af afla þeirrar tegundar í hverri veiðiferð.
2. Smábátum verður heimilt að koma með undirmál utan kvóta að landi eins og öðrum skipum.
3. Undirmáli verður haldið sér um borð í veiðiskipi og það selt á fiskmarkaði sem m.a. tryggir eftirlit.
4. Söluandvirði undirmáls kemur aðeins að fjórðungi til skipta en rennur að öðru leyti til verðugra málefna, þ.e. fjórðungur til slysavarna sjómanna, fjórðungur til hafrannsókna og fjórðungur til orlofsmála sjómanna.

Núgildandi lög og reglugerðir mæla fyrir um að undirmál teljist að hálfu leyti til kvóta en þó telst allur affli smábáta til kvóta. Frumvarpið gerir ráð fyrir að undirmál sé allt utan kvóta. Með því hafa útgerðarmenn og sjómenn nær engan hag af því að henda smáfiski.

Undirmál kemur sérstaklega aðgreint að landi, en í stað þess að útgerðarmenn geti ráðstafað því að vild, t.d. í beinum viðskiptum eða til eigin vinnslu, verður skylt að selja það á viðurkenndum fiskmarkaði sem tryggir gott eftirlit. Þetta er gert til að koma í veg fyrir að fullvaxta fiskur sé kallaður

undirmál. Slík misnotkun var algeng áður fyrr og ekki mögulegt að fylgjast með því þegar bein viðskipti með fisk áttu sér stað.

Fiskmarkaðir starfa mjög víða um land en ekki alls staðar. Flutningsmenn telja þó að ekki skapist vandræði við þá skyldu að undirmál seljist á viðurkenndum fiskmarkaði. Í langflestum aðalhöfnum eru fiskmarkaðir. Þjónusta, umfang og útbreiðsla markaðanna, sem starfa allir með opinberu leyfi og undir eftirliti, hefur aukist verulega undanfarin ár.

Jafnframt verður kveðið á um að undirmál megi ekki vera meira en 10% aflla af hverri tegund í hverri veiðiferð, en það er mjög mikilvægt ákvæði.

Ráðstöfun andvirðis undirmáls.

Þar sem undirmál mun ekki teljast til kvóta eiga tekjur af því ekki að koma útgerð og sjómönnum jafnt til góða og söluverðmæti annars aflla. Það á alls ekki að hvetja til veiða á undirmálsfiski. Hins vegar er eðlilegt að menn verði ekki fyrir útgjöldum við að koma með undirmál að landi. Þess vegna er lagt til í frumvarpinu að einungis fjórðungur söluverðmætis undirmáls á fiskmarkaði, að frádregnum kostnaði við sölu, komi til skipta. Hinir þrír fjórðu hlutarnir renni hins vegar til verðugra málefna sem tengjast sjávarútvegi, þ.e. til að efla slysavarnir sjómanna, hafrannsóknir og orlofsmál sjómanna.

Með þessu helst andvirði undirmálsaflans innan sjávarútvegsins og styrkir mikilvæga þætti. Flutningsmenn telja að slysavörnum sjómanna sé aldrei of vel sinnt og þar eru ýmis verkefni brýn. Jafnframt er við hæfi að láta hluta þessa renna til hafrannsókna, en frekari rannsóknir á lífríki sjávar koma sjómönnum, útgerðarmönnum og öllum landsmönnum til góða.

Þá má telja sanngjarn að hluti andvirðisins renni sérstaklega til sjómanna á óbeinan hátt, þ.e. til stéttarféлага þeirra sem ráðstafi honum til orlofsmála sjómanna. Sjómenn eru oft lengi fjarri heimilum sínum og orlof þeirra eru mikilvægari en hjá flestum öðrum starfsstéttum þessa lands.

Með þessu frumvarpi er tekið á brottkasti smáfisks. Stuðlað er að því að undirmálsfiski verði ekki hent heldur komið með hann að landi og þannig hvatt til þess að meiri virðing sé borin fyrir auðlindum sjávar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Eftirfarandi ákvæði laganna fellur brott: „Ráðherra getur ákveðið með

reglugerð að fiskur undir tiltekinni stærð teljist aðeins að hluta með í aflamarki.“ Með frumvarpinu eru ákvæði um meðferð undirmáls felld inn í lög um stjórn fiskveiða en það var áður reglugerðarákvæði.

Um 2. gr.

Í 2. gr. er bætt við tveimur nýjum greinum. Í fyrri greininni, 1. málsl., er undirmál skilgreint á sama hátt og í núverandi reglugerð og kveðið á um að það megi ekki vera yfir 10% af afla í hverri veiðiferð. Í nógildandi reglugerð er miðað við 10% fyrir allar tegundir nema fyrir þorsk sem má ekki vera yfir 7%. 2. og 3. málsl. greinarinnar eru samhljóða ákvæðum nógildandi reglugerðar.

Síðari greinin er algert nýmæli. Þar er kveðið á um að allan undirmálsafla skuli selja á fiskmarkaði og skipta andvirðinu að frátöldum kostnaði í fjóra jafna hluti og er þeim ráðstafað til skipta, slysavarna sjómanna, hafrannsóknar og orlofsaðstöðu sjómanna.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

1996–97. – 1066 ár frá stofnun Alþingis.
121. löggjafarþing. – 265. mál.

517. Tillaga til þingsályktunar

um háskólaþing.

Flm.: Ágúst Einarsson, Össur Skarphéðinsson, Jón Baldvin Hannibalsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að kalla saman háskólaþing haustið 1997. Á háskólaþingi verði m.a. rædd málefni kennslu, rannsókna og náms á háskólastigi hérlendis með þátttöku kennara, nemenda og starfsmanna háskólastigsins og annarra sérfróðra aðila. Kostnaður við þingið greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Á undanförunum árum hefur þeirri hugmynd oft verið varpað fram að skynsamlegt gæti verið að efna til sérstaks þings um málefni háskóla. Fyrirmyndir að slíku þingi eru að hluta sóttar til útlanda en hérlendis hafa verið haldin fiskiþing um málefni sjávarútvegs og búnaðarþing þar sem málefni landbúnaðar eru rædd.

Þing atvinnuveganna hafa verið haldin í áratugi og hafa að ýmsu leyti lögverndaða stöðu innan stjórnkerfisins. Á þessi þing eru kosnir sérfróðir aðilar úr atvinnugreinunum og funda þeir í tvo til fimm daga og afgreiða ályktanir og umsagnir og vinna að stefnumótun. Fiskiþing og búnaðarþing eru haldin árlega.

Mjög brýnt er að skapaður sé vettvangur fyrir umræðu um háskólamálefni. Mál sem ræða þarf á slíkum þingum eru m.a.:

samstarf skóla á háskólastigi hérlendis,
áhrif alþjóðlegra upplýsinga á háskólastarf,
sjálfstæði háskóla,
nýjungar í háskólakennslu,
samskipti við stjórnvöld,
alþjóðleg samvinna,
tengsl háskóla og atvinnulífs,

löggjöf um háskólastigið,
 rannsóknar- og þróunarvinna í fyrirtækjum og stofnunum,
 rannsóknartengt framhaldsnám,
 málefni bókasafna,
 skipulag háskólastarfs,
 fjárhagsleg staða háskóla,
 áhrif háskólastarfs á menningu,
 kröfur um undirbúningsnám,
 gerð kennsluefnis,
 staða og fyrirkomulag rannsókna innan og utan háskóla,
 samstarf við erlenda rannsóknaraðila,
 skipulag námslána,
 styrkjakerfi til náms og rannsókna,
 fjárhagsleg staða nemenda,
 útgáfumál,
 endurmenntun,
 atvinnuhorfur háskólafélks og
 háskólasjónvarp.

Nú eru sex skólar hérlendis sem bjóða upp á nám til háskólagráðu en þeir eru Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Kennaraháskóli Íslands, Samvinnuháskólinn, Tækniskóli Íslands og Bændaskólinn á Hvanneyri. Auk þessara skóla eru sjö aðrir skólar sem bjóða upp á mjög sérhæft nám á háskólastigi, þ.e. krefjast stúdentsprófs til inngöngu. Þessir skólar eru Íþróttakennaraskóli Íslands, Fósturskóli Íslands, Proskapjálfskóli Íslands, sérdeildir Myndlista- og handíðaskóla Íslands, Leiklistarskóli Íslands, Tölvuháskóli Verslunarskóla Íslands og sérdeildir Tónlistarskólans í Reykjavík. Samkvæmt tölfræðihandbók menntamálaráðuneytis frá árinu 1996 eru nemendur á háskólastigi hérlendis um 7.400 og fastráðnir kennarar um 600. Á 15 ára tímabili frá árinu 1976 hefur nemendum fjölgað um tæp 70%. Jafnframt stunda yfir 7.000 manns nám við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands.

Að áliti flutningsmanna er háskólaþing ekki ráðstefna um háskólamálefni heldur reglubundinn fundur í nokkra daga einu sinni á ári eða jafnvel á tveggja ára fresti þar sem kjörnir fulltrúar mæta til stefnumótunar í viðum skilningi í málefnum sem tengjast háskólum. Í þingsályktuninni er menntamálaráðherra falið frumkvæði við boðun háskólaþings. Fær sælast yrði að hann hefði samráð við skóla á háskólastigi og aðra um hvernig kosið yrði til þingsins. Fulltrúar á háskólaþingi væru m.a. úr hópi kennara, starfsmanna

og nemenda skóla á háskólastigi. Hægt er að leita fyrirmynda í fyrirkomulagi háskólaþinga erlendis, t.d. í Bandaríkjunum, en þing þar geta orðið nokkuð fjölmenn.

Mikilvægt er að fulltrúar á háskólaþingi sæki umboð sitt til breiðs hóps og sérhæfðra sjónarmiða. Háskólaþing setur sér sjálft starfsreglur, en eðlilegt er að sérhver þingfulltrúi hafi eitt atkvæði, afl atkvæða ráði niðurstöðum og að kosinn sé forseti þingsins, t.d. til tveggja þinga.

Menntamálaráðherra á vitaskuld að fá tækifæri til að ræða málefni háskólastigsins ítarlega á háskólaþingi ásamt helstu samstarfsmönnum sínum. Til greina kemur að ráðherra tilnefni aðila úr ráðuneytinu á þingið og hafi forgöngu um að samtök úr atvinnulífnu kjósi fulltrúa á þingið.

Gera má ráð fyrir að þingið fjalli um afmörkuð mál og kalli til fyrirlesara, t.d. þingfulltrúa, en ekki síður aðra, til að skerpa áherslur í einstökum mála-flokkum. Sérhvert háskólaþing gæti hafist á því að gerð sé grein fyrir þróun frá síðasta þingi og afdrifum ályktana og stefnumörkunar þess. Líklegt er að samþykktir, fyrirlestrar og jafnvel umræður verði gefnar út á vegum háskólaþings. Mikilvægt er að gefa öðrum aðilum möguleika á að sækja þingið, t.d. menntamálanefnd Alþingis og fleiri sérfróðum aðilum um menntamál.

Í tillögunni er lagt til að ríkissjóður beri kostnað við þingið og felst í samþykkt tillögunnar afstaða fjárveitingavaldsins. Kostnaður við þingið er nokkur, þ.e. leiga á fundarsal í u.þ.b. fjóra daga, kostnaður vegna ferðalaga og gistingar þingfulltrúa og ýmis prent- og undirbúningskostnaður. Þar sem hér er um nýlundu að ræða er eðlilegt að ríkisvaldið kosti upphaf málsins, en síðar mundu einstakir skólar bera hluta af kostnaðinum.

Það er von flutningsmanna að um þessa tillögu skapist breið samstaða vegna þess að vettvangur vantar fyrir markvissa umræðu um kennslu, nám, rannsóknir og önnur málefni háskóla hérlendis. Háskólaþing getur orðið slíkur vettvangur.

1996–97. – 1066 ár frá stofnun Alþingis.
121. löggjafarþing. – 300. mál.

556. Tillaga til þingsályktunar

um úttekt á áhrifum Efnahags- og myntbandalags Evrópu á íslenskt efnahagslíf.¹

Flm.: Ágúst Einarsson, Sighvatur Björgvinsson, Jón Baldvin Hannibalsson.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að skipa nefnd til að gera úttekt á áhrifum Efnahags- og myntbandalags Evrópu á íslenskt efnahagslíf. Nefndina skipi sérfræðingar á sviði hagstjórnar. Hún skili niðurstöðum fyrir árslok 1997.

Greinargerð.

Inngangur.

Evrópuumræðan hérlendis hefur fyrst og fremst mótast af efnahagslegum þáttum. Það má þó ekki gleyma því að annað og meira en efnahagsleg sjónarmið liggja til grundvallar Evrópusambandinu. Evrópusamruninn er fyrst og fremst friðarhreyfing og var hrundið úr vör af því fólki sem lifði af tvær heimsstyrjaldir í Evrópu, fólki sem vildi frið umfram allt og skynjaði að besta leiðin til þess væri samstarf ríkja, fyrst á efnahagslegum vettvangi sem síðar mundi kalla á pólitískt samstarf. Sífellt nánara samstarf tryggir meiri samheldni og minnkar líkur á ófriði.

Menn sem settu svip sinn á þessa þróun frá seinni heimsstyrjöld eru t.d. Frakkarnir Jean Monnet, Robert Schuman, Charles de Gaulle og François Mitterrand og Þjóðverjarnir Konrad Adenauer, Willy Brandt, Helmut Schmidt og Helmut Kohl. Það er ekki tilviljun að einmitt Frakkar, Þjóðverjar og Benelux-löndin hafa verið í fararbroddi í samrunaferlinum í Evrópu. Þessar þjóðir hafa tengst flestum hernaðarátökum innan álfunnar í margar aldir.

Þessi friðarstefna hefur gengið eftir. Tíminn frá lokum seinni heimsstyrjaldarinnar 1945 til borgarastyrjaldarinnar í Júgóslavíu 1991 er lengsti friðartími í sögu Evrópu, allt frá tímum Rómverja.

¹ Þessi úttekt var gerð af hálfu forsætisráðuneytis og unnin af Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.

Efnahagsleg samvinna ríkjanna innan Evrópusambandsins hefur orðið sífellt nánari, en þingsályktunin fjallar um einn þátt hennar.

Forsaga Efnahags- og myntbandalags Evrópu.

Efnahags- og myntbandalag Evrópu (Economic Monetary Union, skammstafað EMU) er samstarf ríkja Evrópusambandsins og var ákveðið í Maastricht-samkomulaginu árið 1991. Það felur m.a. í sér eina mynt (evró) innan Evrópusambandsins, sameiginlega peningastefnu, einn sjálfstæðan seðlabanka og margvíslegt samstarf ríkjanna á sviði efnahagsmála.

Evrópusambandið hefur unnið að framgangi þessa máls mjög lengi. Þannig var samþykkt á fundi ráðherraráðsins í Madrid í júní 1989 að stefna að Efnahags- og myntbandalagi á grundvelli hugmynda sem settar voru fram í Delors-skýrslunni sem kom út fyrir á því ári. Á þeim fundi var ákveðið að fyrsti áfangi að myntbandalaginu hæfist 1. júlí 1990. Jafnframt var ákveðið að annar áfanginn hæfist 1. janúar 1994 og að innan þriggja ára þaðan í frá yrði ákveðið hvenær lokaáfanginn, sem mundi ljúka með upptöku sameiginlegrar myntar, hæfist.

Í Maastricht-samkomulaginu var upphaf annars áfangans staðfest og ákveðið hvernig staðið skyldi að því að ákveða upphaf lokaáfangans og hvað mundi gerast í hvorum áfanga. Vegna efnahagsferðleika í aðildarríkjum Evrópusambandsins varð að ráði að miða upphaf lokaáfangans við frestinn sem veittur er í Maastricht-samkomulaginu, þ.e. 1. janúar 1999. Lokaáfanginn skiptist í nokkur stig sem lýkur með því að evróseðlar og -mynt leysa af hólmi seðla og mynt einstakra aðildarríkja árið 2002.

Efnahagsleg skilyrði Efnahags- og myntbandalags Evrópu.

Myntbandalagið er hluti af víðtækri stefnumörkun Evrópusambandsins um náðið efnahagslegt og stjórnmálalegt samstarf innan Evrópu og markar, ásamt öðru, umgjörð fyrir aðild fleiri ríkja að Evrópusambandinu. Myntbandalagið er afdrifaríkt skref því að það krefst samstillingar mjög margra þátta sem áður voru í umsjón einstakra þjóðríkja. Farið hefur fram ítarleg umræða innan Evrópusambandsins um hvort Efnahags- og myntbandalag Evrópu verði raunverulega sett á laggirnar í ársbyrjun 1999, en flest bendir til að staðið verði við þá dagsetningu.

Sett eru ströng efnahagsleg skilyrði fyrir þátttöku einstakra ríkja í myntbandalaginu. Þessi skilyrði eru að halli á rekstri ríkis og sveitarfélaga verði að vera minni en 3% af vergri landsframleiðslu, skuldir hins opinbera séu innan við 60% af vergri landsframleiðslu, langtímavextir séu ekki hærri en

tveimur prósentustigum yfir vöxtum þeirra þriggja ríkja þar sem verðbólga er lægst, verðbólga sé ekki meira en einu og hálfu prósentustigi yfir verðbólgu þeirra þriggja ríkja þar sem verðbólga er lægst og að landið hafi tekið þátt í gengissamstarfinu (ERM) undanfarin tvö ár.

Það er einungis eitt ríki innan Evrópusambandsins, Lúxemborg, sem uppfyllir öll þessi skilyrði. Ísland hefur um skeið uppfyllt skilyrðin, nema auðvitað skilyrðið um þátttöku í gengissamstarfinu. Ekki er víst að Ísland uppfylli lengur skilyrðið um vextina. Maastricht-skilyrðin eru sveigjanleg að því marki að ríki getur talist uppfylla skilyrðin ef efnahagsaðstæður eru að þróast í rétta átt. Á fundi ráðherraráðsins í Dublin í desember 1996 náðist samkomulag um að ríki verði beitt ströngum viðurlögum eftir að myntbandalagið hefst ef þau halda sig ekki innan skilyrðanna. Einna erfiðast fyrir ríki Evrópusambandsins hefur reynst að uppfylla skilyrðin um skuldir og halla hins opinbera.

Áhrif á gengismál.

Það liggur ekki ljóst fyrir hver af hinum 15 ríkjum Evrópusambandsins verða með frá fyrsta degi en talið er að þau verði a.m.k. átta talsins, þ.e. Austurríki, Belgía, Finnland, Frakkland, Holland, Írland, Lúxemborg og Þýskaland. Spánn og Ítalía reyna einnig mikið til að vera með frá byrjun, en ólíklegt er að Bretland, Danmörk, Grikkland, Portúgal og Svíþjóð taki þátt í myntbandalaginu á næstunni. Þessi ríki þurfa vitaskuld að taka mjög mikið tillit til starfsemi Efnahags- og myntbandalags Evrópu vegna aðildar þeirra að Evrópusambandinu.

Ísland á vitaskuld ekki aðild að þessu myntsamstarfi, en það er einungis fyrir aðildarríki Evrópusambandsins. Áhrif Efnahags- og myntbandalags Evrópu verða hins vegar veruleg í íslensku efnahagslífi. Evrópusambandið er helsti viðskiptaaðili Íslendinga en um 60% af vöruinnflutningi okkar kemur frá ríkjum Evrópusambandsins og um 65% af vöruútflutningi okkar fer til þessara sömu landa. Þótt ekki verði öll ríki Evrópusambandsins í fyrstu innan Efnahags- og myntbandalags Evrópu er ljóst að a.m.k. er um að ræða 30% af inn- og útflutningi okkar við þau ríki Evrópusambandsins sem hefja strax þátttöku í myntsamstarfinu árið 1999.

Íslendingar hafa búið við nokkuð stöðugt gengi undanfarin missiri en gengisskráningu okkar er hagað þannig að gengið ræðst af framboði og eftirspurn á gjaldeyrismarkaði, þó þannig að Seðlabankinn heldur því innan tiltekinna vikmarka með markaðsaðgerðum. Gengisviðmiðunin tekur mið af samsetningu í útflutningstekjum okkar.

Til álita kemur að tengja gengi íslensku krónunnar enn nánar við hina nýju Evrópumynt, en það er eitt af þeim atriðum sem fyrirhuguð nefnd mun kanna. Það væri hægt að gera með einhliða yfirlýsingu ef stjórnvöld kysu svo. Önnur atriði sem koma til skoðunar hjá nefndinni eru m.a. áhrif á inn- og útflutning til og frá ríkjum Evrópusambandsins, samkeppnisstaða íslenskra fyrirtækja, áhrif á önnur viðskiptalönd, svo sem Bandaríkin og Japan, áhrif á vaxtastig hérlendis, vinnumarkað, atvinnuástand og efnahagsleg samskipti á opinberum vettvangi innan Evrópu svo og áhrif á útfærslu og framkvæmd EES-samningsins.

Það er ljóst að eftir að Efnahags- og myntbandalag Evrópu er komið að fullu til framkvæmda verður erfiðara og kostnaðarsamara fyrir önnur ríki, þar með talið Ísland, að halda uppi sjálfstæðum gjaldmiðli, ekki síst í ljósi hinna miklu viðskipta sem Ísland á við ríki Evrópusambandsins. Hér kemur hins vegar á móti sveigjanleiki þess ríkis sem býr við sjálfstæðan gjaldmiðil. Það ber þó að athuga að sveiflur eru minni í hagkerfi okkar nú en áður þar sem við beitum víðar markaðslausnum, t.d. innan sjávarútvegs sem oftast hefur verið uppspretta sveiflna í hagkerfi okkar.

Með hinni sameiginlegu mynt munu möguleikar einstakra ríkja innan Evrópusambandsins til sjálfstæðrar efnahagsstefnu minnka verulega. Það verður helst á sviði ríkisfjármála sem ríkin hafa svigrúm til sjálfstæðis, en þó innan mjög strangra takmarkana.

Meðal þeirra atriða sem Íslendingar verða að mati sérfræðinga að skoða í kjölfar gildistöku Efnahags- og myntbandalags Evrópu er hvaða eignir og skuldir eru á hinu nýja myntsvæði, hvernig flæði er á tekjum og útgjöldum, meta gengisáhættu þegar gjaldmiðlum fækkar og skoða breytingar á tölvu- og upplýsingakerfum.

Náið samstarf hefur um langt árabíl verið milli flestra ríkja Evrópusambandsins um gengismál til að minnka gengissveiflur og halda þeim innan tiltekinna marka. Þetta samstarf hefur gengið vel. Flest ríki Evrópu, þar með talið Ísland, freista þess að halda verðbólgu sem lægstri, stuðla að stöðugu gengi og ná þannig fram hagkvæmum skilyrðum fyrir hagvöxt. Þessi efnahagsstefna, sem var tekin upp hérlendis árið 1990 og er kennd við svokallaða þjóðarsáttarsamninga, hefur reynst vel.

Vaxtamál og samvinna á öðrum sviðum.

Vaxtastig tekur sífellt meira mið af alþjóðlegum aðstæðum og Efnahags- og myntbandalag Evrópu mun jafna vaxtakjör enn frekar. Búist er við að myntbandalagið leiði til lægri vaxta innan Evrópusambandsins. Þannig

hefur það gerst á undanförnum missirum að vaxtamunurinn milli Þýskalands, þar sem vextir hafa lengst af verið einna lægstir, og annarra ríkja Evrópusambandsins hefur minnkað verulega og er orðinn hverfandi í sumum tilvikum. Fyrir ríki utan þessa samstarfs sem þurfa að búa við hærri vexti getur þetta þýtt umtalsverðar fjárhæðir. Innlendir skuldir Íslendinga eru um 650 milljarðar kr. og vaxtamunur sem nemur einu prósentustigi þýðir aukinn vaxtakostnað upp á 6,5 milljarða kr. Þetta eitt út af fyrir sig getur haft mikil áhrif á samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja.

Innan Evrópusambandsins munu viðskipti einfaldast og eflast. Evrópusambandið mun ná viðskiptalegu forskoti á önnur lönd, þar á meðal Ísland. Líklegt er að árangursríkt samstarf ríkja innan myntbandalagsins leiði til enn nánara samstarfs á sviði skattamála, velferðar- og menntamála. Ein sameiginleg mynt þýðir betri samanburð á verði milli landa, stækkar innanlandsmarkað, lækkar fjármagnsgjöld, stuðlar að meiri viðskiptum milli landa og eykur samkeppni og fjárfestingar.

Nýja myntin, evró, mun keppa á alþjóðlegum mörkuðum við Bandaríkjadal en jafnframt stuðla að áframhaldandi styrkingu hans. Þannig mun alþjóðlegt efnahagslíf einnig njóta góðs af Efnahags- og myntbandalagi Evrópu. Nýja myntin mun verða stöðug og samstarfið gerir mjög miklar kröfur til stjórnámálanna um alla Evrópu um að reka agaða efnahagsstefnu í löndum sínum.

Sérstök ástæða er til að vekja athygli á einum hornsteini þessa myntsamstarfs, sem er Seðlabanki Evrópu. Hann verður sjálfstæður gagnvart stjórnámálamönnum og ríkisstjórnnum í ákvörðunum sínum hverju sinni. Seðlabanki Evrópu mun einn marka peningastefnuna innan Evrópu og þar með vaxtastigið. Hann mun einungis vinna eftir ströngu faglegu mati á efnahagsþróun hverju sinni og hafa það markmið fyrst og fremst að halda verðbólgu niðri. Evrópski seðlabankinn er sniðinn að þeirri umgjörð sem Þýski seðlabankinn hefur búið við í áratugi og hefur reynst vel við að halda uppi sterku efnahagskerfi, fyrst í Þýskalandi og síðan innan Evrópusambandsins. Þess ber að geta að Frakkar hafa lagt til að sett verði á laggirnar ráð sem nokkurs konar pólitískur yfirfrakki á Evrópska seðlabankann, en ekki er útséð um hvort slík tillaga verður samþykkt.

Skóða verður sérstaklega hvernig aðkoma EFTA-ríkjanna verður að hinu nýja kerfi. Það liggur ekki enn að fullu ljóst fyrir. Evrópski seðlabankinn mun starfrækja öflugt greiðslumiðlunarkerfi, sem er kallað TARGET, í því skyni að hrinda peningamálastefnu sinni í framkvæmd. Einnig verður unnt að nota þetta greiðslumiðlunarkerfi fyrir hefðbundnar greiðslur milli banka

og verður það gert í samkeppni við önnur greiðslumiðlunarkefi. Ýmislegt bendir til að EFTA-ríkin muni fá aðgang að þessum hluta TARGET.

Að mati flutningsmanna er ítarleg úttekt á áhrifum Efnahags- og myntbandalags Evrópu á íslenskt efnahagslíf nauðsynleg fyrir efnahagsmæðu og hagstjórn hérlendis, en einnig mikilvæg fyrir skoðanaskipti um samskipti okkar við Evrópusambandið í framtíðinni. Þótt núverandi reglur Evrópu-sambandsins miði við að einungis aðildarríki þess geti átt aðild að Efnahags- og myntbandalagi Evrópu er hugsanlegt að síðar verði heimilaður aðgangur fyrir önnur ríki.

Lokaorð.

Að mati flutningsmanna er mjög brýnt að gerð sé fagleg úttekt eins og tillagan gerir ráð fyrir. Þótt nokkur athugun sé þegar hafin á tilteknum þáttum þessa máls, svo sem skipun starfshóps innan Seðlabanka Íslands og vinna í Lánasýslu ríkisins á afmörkuðu sviði, er heildarrúttekt nauðsynleg þar sem fyrri vinna nýtist vitaskuld. Í þessu sambandi er minnt á skýrslur Þjóðhagsstofnunar og Seðlabankans til viðskiptaráðherra haustið 1991 um gengisstefnuna og tengingu íslensku krónunnar við ECU. Eðlilegt er að ýmsar stofnanir og samtök komi að þeim þáttum úttektarinnar sem snerta þær sérstaklega, svo sem stofnanir á fjármagnsmarkaði og aðilar vinnu-markaðarins.

Lagt er til að forsætisráðherra, sem fer með yfirstjórn efnahagsmála af hálfu framkvæmdavaldsins, hafi forgöngu um skipun nefndarinnar og skýrsla liggja fyrir eigi síðar en í árslok 1997.

1996–97. – 1066 ár frá stofnun Alþingis.
121. löggjafarþing. – 314. mál.

575. Tillaga til þingsályktunar

um verðbólgu-reikningsskil.¹

Flm.: Ágúst Einarsson, Vilhjálmur Egilsson.

Alþingi ályktar að fela viðskiptaráðherra að skipa nefnd sérfróðra aðila til að kanna hvort hverfa eigi frá verðbólgu-reikningsskilum hérlendis. Athugun nefndarinnar nái m.a. til skoðunar á lögum um bókhald, lögum um ársreikninga og á lögum um tekjuskatt og eignarskatt svo og á fyrirkomulagi á fjárreiðum ríkisins.

Nefndina skipi m.a. endurskoðendur, kennarar í reikningshaldi og endurskoðun við Háskóla Íslands og sérfræðingar úr ráðuneytum viðskipta og fjármála svo og aðrir sem starfa á fjármagnsmarkaði hérlendis og búa yfir víðtækri þekkingu á þessu sviði.

Nefndin ljúki störfum fyrir apríllok 1998 og geri tillögur um lagabreytingar ef hún telur nauðsyn á því. Viðskiptaráðherra leggi í kjölfar þess fram frumvarp til laga um breytingar á lagaákvæðum um verðbólgu-reikningsskil til kynningar á vorþingi 1998.

Greinargerð.

Verðbólgu-reikningsskil hafa tíðkast hérlendis í tæpa tvo áratugi. Verðbólgu-reikningsskil fyrirtækja eru m.a. fólgin í því að tekið er tillit til verðbólgu í ársreikningum og kemur sú aðferðafræði einnig fram í skattalögum.

Þegar verðbólga var sem mest hérlendis og mun hærri en í nágrannalöndunum var eðlilegt að leitað væri leiða til að endurspeglja þá þróun í ársreikningum. Nú er verðbólga svipuð hér og í nágrannalöndunum, en verðbólgu-reikningsskil þekkjast einungis hér á landi. Að mati margra er kominn tími til að hverfa frá verðbólgu-reikningsskilum og laga uppgjör- og skattalög okkar að þeim sem algengust eru í nágrannalöndunum.

¹ Þessar hugmyndir urðu síðar að lögum, þ.e. afnám verðbólgu-reikningsskila.

Ljóst er að þótt hætt verði við verðbólgu-reikningsskil þýðir það ekki að horfið verði frá verðtryggingu fjárskuldbindinga. Það er allt annað mál og umræða um afnám eða minnkun verðtryggingar hefur lítil áhrif á þá vinnu sem samþykkt tillögunnar hefði í för með sér.

Í íslenskum verðbólgu-reikningsskilum eru m.a. varanlegir rekstrarfjármunir endurmetnir með því að framreikna upphaflegt stofnverð þeirra miðað við breytingar á vísitölu og afskrifa til loka reikningsárs. Í skattalögum er nú miðað við vísitölu neysliverðs við verðbreytingar en áður var miðað við byggingarvísitölu.

Eitt mikilvægasta atriðið í verðbólgu-reikningsskilum er svokölluð verðbreytingafærsla en með henni eru áhrif verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir reiknuð og færð í ársreikning og mynda reiknaðar tekjur eða gjöld vegna verðlagsbreytinga. Reiknaðar tekjur (gjöld) vegna skulda og peningalegra eigna endurspeglar þá raunvirðisrýrnun (raunvirðishækkun) sem verður á þessum liðum við verðbólguaðstæður og á færslan sér því mótvægi í vöxtum, verðbótum, gengistapi og gengishagnaði.

Hafa ber í huga að ársreikningar og skattframtöl þurfa ekki að vera samhljóða hjá einstökum fyrirtækjum. Skattframtöl taka mið af lögum um tekjuskatt og eignarskatt og eru í nokkru frábrugðin þeim möguleikum sem fyrirtæki hafa til framsetningar á rekstrar- og efnahagsreikningi sínum. Skattframtöl eru til að leggja á opinber gjöld samkvæmt lögum, en bókhald fyrirtækja og ársreikningar eiga að sýna rekstur þeirra og efnahag á ljósan hátt og endurspeglar raunverulega stöðu fyrirtækis þar sem allar fjárhagsstærðir eru metnar af varkárni. Löggiltir endurskoðendur vinna eftir sérstökum lögum og starf þeirra krefst langs náms og sérstakrar vandvirkni.

Hvað varðar fyrirtæki þarf nefndin m.a. að skoða breytingar á lögum um bókhald, nr. 145/1994, lögum um ársreikninga, nr. 144/1994, og lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum, ef breytt verður um uppgjörsaðferðir. Almenna uppgjörsreglan í nágrannalöndunum, bæði hjá fyrirtækjum og ríki, er að færa alla vexti til gjalda, en þar eru verðtryggð lán mjög sjaldgæf.

Fyrsta skrefið í þessu ferli gæti verið að ríkið lagi uppgjörsaðferðir sínar að þeim sem gilda í fyrirtækjum en þannig að ekki sé gert upp með verðbólgu-reikningsskilum. Nú færir ríkið fjármagnskostnað þannig að raunvextir verðtryggðra lána og nafnvextir óverðtryggðra og gengistryggðra lána eru færðir til gjalda en verðbótáttur verðtryggðra lána og gengisbreyting gengistryggðra lána er færð um endurmatsreikning, þ.e. yfir efnahagsreikning en ekki rekstrarreikning. Hægt væri að taka upp þá aðferð hjá ríkinu að

færa alla vexti og verðbætur til gjalda eins og uppgjör fyrirtækja er hérlendis en falla frá verðbreytingafærslu.

Frumvarp um fjárreiður ríkisins er til umfjöllunar á yfirstandandi þingi en þar er ekki gert ráð fyrir að breyta uppgjörsaðferðum stjórnvalda. Fjárfestingar hjá hinu opinbera eru gjaldfærðar á því ári sem þær eru gerðar en ekki færðar til eigna og afskrifaðar eins og almennast er hjá fyrirtækum.

Sambærilegt frumvarp var lagt fram á síðasta þingi en var ekki útrætt. Þá sagði m.a. í áliti sérnefndar sem fjallaði um frumvarpið að komið hefðu fram „hugmyndir í nefndinni varðandi færslu vaxta og verðbóta í reikningskilum, þ.e. um að færa alla vexti til gjalda án leiðréttingar vegna verðþátta. Í skýrslu ríkisreikningsnefndar um málið kemur fram að nefndin hafi velt fyrir sér hvort rétt væri að huga að því að beita sömu reglum í reikningsskilum ríkissjóðs og almennt tíðkast erlendis. Niðurstaðan hafi orðið sú að ríkið ætti ekki að gera tillögur um breytingar á þessu stigi. Ekki eru hér lagðar til breytingar hvað þetta varðar, en þó er full ástæða fyrir ríkisreikningsnefnd að fylgjast náið með þróun mála í þessu efni á næstu missirum.“

Einnig er hægt að vísa til umsagnar Stefáns Svavarssonar, dósents í reikningshaldi og endurskoðun við Háskóla Íslands, formanns reikningsskilaráðs, til efnahags- og viðskiptanefndar haustið 1996 um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Þar segir Stefán m.a. að tímabært sé „að ræða hvort ekki séu efni til að gera þá breytingu á skattalögum að fella brott verðleiðréttingar, þ.e. framreikning á kostnaðarverði fastafjármuna, en afskriftir eru teknar af því verði og verðbreytingafærslu, enda eru breytingar á almennu verðlagi hér á landi ekki lengur meiri en í nágrannalöndunum og þar eru slíkar verðleiðréttingar ekki gerðar. Fyrir vikið er erfitt að gera raunhæfan samanburð á afkomu og efnahag íslenskra fyrirtækja og erlendra fyrirtækja. Í þessu sambandi má benda á að afleiðing þess að nota verðleiðrétt reikningsskil er m.a. sú að arðsemi íslenskra fyrirtækja sýnist vera miklu verri en fyrirtækja t.d. í OECD-löndunum. Óráðlegt er að hætta verðleiðréttingum í íslenskum reikningsskilum þó að verðbólgan sé lítil þar sem ákvæði skattalaga gera enn ráð fyrir verðleiðréttingum. Verðleiðréttingarnar hófust með breytingum á skattalögum 1979 og þeim verður ekki hætt við gerð reikningsskila að óbreyttum skattalögum. Rétt þykir að taka fram að einnig má færa rök fyrir því að skynsamlegt geti verið að hætta ekki verðleiðréttingum í íslenskum reikningsskilum en því máli verða ekki gerð skil hér.“

Flutningsmenn telja því tímabært að gerð sé vönduð úttekt á því hvort rétt sé að breyta lögum hvað varðar verðbólgu-reikningsskil. Í tillögunni er

gert ráð fyrir nefndarskipun af hálfu viðskiptaráðherra á faglegum grunni. Flutningsmenn benda á að reikningsskilaráð geti vel tekið þátt í þessari úttekt. Reikningsskilaráð er ráðherraskipuð nefnd sem skal stuðla að mótun góðrar reikningsskilavenju, m.a. með kynningu samræmdra reglna við gerð reikningsskila.

Þeirri nefnd, sem yrði skipuð samkvæmt tillögum, er falið að skoða bæði uppgjörsaðferðir fyrirtækja, skattalög og fjárreiður ríkisins og leggja til breytingar á verðbólgu-reikningsskilum ef slíkt þykir skynsamlegt. Vitaskuld þarf nefndin að afla sér upplýsinga erlendis frá og meta breyttar aðstæður hérlendis hvað varðar verðbólguþróun.

Í þingsályktunartillögum er gert ráð fyrir að nefndin skili tillögum að frumvarpi eða frumvörpum og eðlilegt er að viðskiptaráðherra leggi þau fram til kynningar í kjölfar þess að nefndin skili af sér. Ef tillagan verður samþykkt á vörþingi 1997 er nefndinni ætlað eitt ár til að vinna að tillögum sínum.

Flutningsmenn hafa ekki myndað sér skoðun fyrir fram á því hvort hætta eigi verðbólgu-reikningsskilum, en benda á að alþjóðlegur samanburður verður mun auðveldari, bæði milli fyrirtækja og opinberra aðila, ef uppgjörsaðferðir eru sambærilegar.

1996–97. – 1066 ár frá stofnun Alþingis.
121. löggjafarþing. – 377. mál.

662. Tillaga til þingsályktunar

um stefnumótun í menntunarmálum í landbúnaði.¹

Flm.: Ágúst Einarsson, Lúðvík Bergvinsson, Svanfríður Jónasdóttir.

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að skipa nefnd til að vinna að stefnumótun í menntunarmálum landbúnaðarins.

Nefndina skipi fulltrúar þingflokka, sérhæfðir aðilar úr menntamálaráðuneyti og landbúnaðarráðuneyti, fulltrúar úr sérskólum landbúnaðarins, m.a. skólastjórnendur, kennarar og nemendur, fulltrúar hagsmunasamtaka í landbúnaði og frá öðrum samtökum á vinnumarkaði, fulltrúar framhaldsskólastigsins og háskólastigsins og aðilar frá rannsóknastofnunum tengdum landbúnaði.

Nefndin kanni sérstaklega hvernig skipulagi á sérhæfðri menntun í landbúnaði sé best komið fyrir innan skólakerfisins, kynni sér fyrirkomulag í öðrum löndum, skoði námsefni í grunnskólum og framhaldsskólum sem tengist landbúnaði, rannsaki menntunarstig í landbúnaði, athugi skipulag endurmenntunar, fjalli um hvernig sérskólar landbúnaðarins, eins og bænda-skólarnir, Garðyrkjuskólinn og búvísindaeildin á Hvanneyri, eigi að tengjast öðru skólastarfi og skoði tengsl rannsókna í landbúnaði við skólastarf.

Greinargerð.

Inngangur.

Menntun mun skipta mun meira máli á næstu áratugum en á þeim síðustu. Þjóðfélag okkar og nágrannalandanna hefur tekið stórstígum breytingum á undanförunum áratugum, ekki síst á sviði tækni, viðskipta og samskipta. Það er því mjög mikilvægt fyrir sérhverja atvinnugrein að endurmeta stöðu sína reglulega og vinna að stefnumótun þar sem meðal annars eru lögð drög að framtíðarsýn greinarinnar.

¹ Þessi tillaga var samþykkt á Alþingi og gerð var ítarleg skýrsla og gefin út af Landbúnaðarráðuneytinu.

Líklega hefur engin atvinnugrein breyst eins mikið á þessari öld hérlendis og landbúnaður. Ísland breyttist á örfáum áratugum úr hefðbundnu landbúnaðarsamfélagi í iðnvætt borgarasamfélag og gerðist sú þróun á skemmri tíma en víðast annars staðar. Þetta er ein af ástæðunum fyrir því að umræða hérlendis um landbúnaðarmál hefur oft einkennst af mjög skörpum skilum í skoðunum manna.

Veruleg umskipti hafa orðið í umsvifum í landbúnaði í þjóðfélaginu. Í upphafi aldarinnar höfðu flestir landsmenn framfæri sitt af landbúnaði eða tengdum greinum. Nú sýna síðustu hagtölur að vinnuafli í landbúnaði er um það bil 5% af heildarvinnuafli landsmanna og hefur störfum í hefðbundnum landbúnaði fækkað mikið á undanförunum árum. Árið 1940, eða fyrir tæpum sextíu árum, voru 32% af vinnuafli landsmanna í landbúnaði.

Hafa verður í huga að fjölmörg störf hafa skapast í kringum landbúnað, svo sem við verslun og viðskipti, auk þess sem nýjar atvinnugreinar hafa byggst upp sem tengjast annarri starfsemi í landbúnaði. Hér má nefna ferðaþjónustu, fiskeldi, landgræðslu og skógrækt, svo fátt eitt sé nefnt.

Landbúnaður hefur breyst verulega á undanförunum árum og orðið sífellt fjölbreyttari. Sú staðreynd krefst þess að hugað sé vel að menntamálum vegna nýrra áherslna, t.d. margvíslegra möguleika í lífrænni ræktun, loðdýrarækt eða kornrækt.

Hins vegar er mjög mikilvægt að möguleikar í landbúnaði séu ekki ofmetnir. Flutningsmenn telja að aukin áhersla á menntamál þýði betri líkur fyrir því að nýttir séu möguleikar sem fyrir hendi eru.

Þessi þingsályktunartillaga fjallar um afmarkaðan þátt, þ.e. stefnumótun í menntunarmálum í landbúnaði. Flutningsmenn telja mjög mikilvægt fyrir atvinnugreinina að gera sér glögga grein fyrir þróun á þessu sviði, huga vel að skipulagi þannig að sem bestur árangur náist og að æskilegar breytingar næstu áratuga falli vel að öðrum þjóðfélagsbreytingum.

Sérskólar landbúnaðarins.

Menntunarmál í landbúnaði tengjast fyrst og fremst ýmiss konar sérskólum, en fræðsla um landbúnað hefst þegar í grunnskólum. Þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir því að skipuð sé nefnd til að vinna að þessari stefnumótun. Meðal verkefna nefndarinnar er að skoða það námsefni sem lagt er til grundvallar í fræðslu um landbúnaðarmál í grunnskólum og framhaldsskólum. Að mati flutningsmanna er mikilvægt að fræðsla um atvinnugreinar sé ljós og skýr strax í upphafi skólanáms, en útgáfa á kennsluefni á íslensku er mikilvægur þáttur á því sviði á öllum stigum menntunar.

Sérnám í landbúnaði fer einkum fram í þremur skólum hérlendis, í bændaskólunum á Hólum og á Hvanneyri og í Garðyrkjuskóla ríkisins að Reykjum í Ölfusi, en einnig í búvísindadeild Bændaskólans á Hvanneyri sem er eina kennslustofnunin á háskólastigi í landbúnaði hérlendis. Þessir skólar hafa samvinnu sín á milli og eitt af hlutverkum nefndarinnar er að kanna með hvaða hætti slík samvinna verði best skipulögð.

Í Bændaskólanum að Hólum hefur þróast sérhæft nám, svo sem á sviði hrossaræktar og fiskeldis. Bændaskólinn á Hvanneyri býður einkum upp á almennt búfræðinám og Garðyrkjuskólinn í Hveragerði er sérhæfð menntastofnun á sviði garðyrkju. Sérstakt matsatriði er hvort gera eigi búvísindadeild Bændaskólans á Hvanneyri formlega að sjálfstæðum skóla og/eða tengja hana öðrum skólum á háskólastigi.

Þessir sérskólar landbúnaðarins heyrja stjórnsýslulega undir landbúnaðarráðuneyti en ekki menntamálaráðuneyti. Hér er mikilvægt álítaefni sem nefndin verður að skoða. Langflestir skólar og þættir sem tengjast menntakerfi okkar eru stjórnsýslulega tengdir menntamálaráðuneytinu. Þó var sérstök starfsfræðsla í sjávarútvegi á vegum sjávarútvegsráðuneytisins. Þannig er það ekki einboðið að öll menntamál eigi að heyrja undir menntamálaráðuneytið, en vissulega verður að skoða stjórnsýslulega stöðu skólakerfis landbúnaðarins.

Vitaskuld kemur til greina að grunnmenntun í landbúnaði verði innan almennra framhaldsskóla í stað sérskóla eða í formi eins konar samstarfs sérskóla og framhaldsskóla og/eða sem sérstakar deildir innan framhaldsskóla. Sem dæmi um slíkt er Hótel- og veitingaskóli Íslands sem er deild í Menntaskólanum í Kópavogi. Það fyrirkomulag hefur reynst mjög vel.

Eitt mikilvægasta atriðið varðandi menntun og framhaldsmenntun nemenda er að þeir geti auðveldlega tengst öðru námi, þ.e. að nemendur lendi ekki inn á blindgötu í námi sínu. Það er mjög mikilvægt, einmitt vegna stjórnsýslulegrar stöðu menntunar í landbúnaði, að nemendur geti haldið áfram námi innan almenna skólakerfisins þegar þeir hafa lokið afmörkuðu námi í málefnum tengdum landbúnaði.

Fjölmargir þættir í menntamálum landbúnaðar geta aukið tekjur greinarinnar verulega, svo sem endurbætur í búaæknirannsóknnum, líftækni, landnýtingu, orkunýtingu og jarðnýtingu. Aukin áhersla á menntun í matvælaíðnaði, gæðastjórnun og hagfræði mun leiða til framfara innan landbúnaðar.

Nefndin mun m.a. kanna framhaldsnám á háskólastigi hérlendis, en styrkjakerfi Norðurlanda og Evrópusambandsins hefur opnað nýjar leiðir fyrir íslenska vísindamenn á sviði matvælarannsóknna.

Endurmenntun.

Kennsla og nám fer víðar fram innan landbúnaðarins en í hinum fyrrgreindu sérskólum. Þannig er starfsemi ráðunauta í leiðbeiningarþjónustu víðs vegar um landið, en mikil fræðsla og endurmenntun á sér stað fyrir tilstuðlan þeirra.

Endurmenntun er nú orðinn einn mikilvægasti þáttur í menntun sérhverrar þjóðar og hún er umfangsmikill þáttur í starfi sérskólanna þriggja. Það sem nemendur læra í skóla nýtist þeim í fæstum tilfellum beint eftir nokkur ár í atvinnulífinu vegna hinna öru breytinga sem eiga sér stað. Sú staðreynd gerir nauðsynlega vel skipulagða og sérhæfða endurmenntun sem snýr bæði að fræðilegri undirstöðu, sem sífellt tekur breytingum, og nýjum lausnum á daglegum vandamálum atvinnugreinarinnar.

Í þessu sambandi er athyglisvert að fleiri nemendur sækja nú endurmenntunarnámskeið Háskóla Íslands en eru í sjálfum skólanum. Þetta sýnir að endurmenntun, sem er byggð á frjálsu vali nemenda, er mjög mikilvæg í nútímaþjóðfélagi.

Eitt af verkefnum nefndarinnar, sem skipuð verður ef þingsályktunartillagan verður samþykkt, er að fjalla um með hvaða hætti endurmenntun innan landbúnaðarins sé best skipulögð og hvernig auka megi áhuga á henni.

Starfsmenntun og æðri menntun.

Mikilvægt er að skoða vandlega hvernig menntun og kennslu í landbúnaði er háttað í samburði við iðnmenntun og/eða starfsmenntun í öðrum atvinnugreinum. Flutningsmönnum er ekki kunnugt um að nákvæm greining á stöðu menntunar í landbúnaði innan íslenska menntakerfisins hafi farið fram, en það er einmitt eitt af hlutverkum nefndarinnar.

Undanfarin ár hefur mikið verið rætt um starfsmenntun í atvinnulífinu og skipulag hennar en að mati flutningsmanna hefur sú umræða oft og tíðum farið fram hjá landbúnaðinum og hagsmunum hans.

Æðri menntun innan landbúnaðarins er nokkuð mikil hér á landi miðað við margar aðrar atvinnugreinar. Þannig eru tiltölulega fleiri háskólamenntaðir einstaklingar starfandi í landbúnaði en í sjávarútvegi. Nemendur úr búvísindaeildinni hafa staðið sig vel í framhaldsnámi erlendis.

Vel menntaðir einstaklingar í landbúnaðarfræðum eru víða í íslensku þjóðfélagi, bæði innan menntastofnana, rannsóknastofnana og samtökum tengdum landbúnaði. Ekki er óalgennt að innan landbúnaðarkerfisins starfi einstaklingar sem hafa lokið doktorsprófi í fræðum tengdum landbúnaði.

Eitt af því sem nefndin þarf að rannsaka er menntunarstig í landbúnaði, m.a. í samanburði við aðrar starfsgreinar hérlandis og erlendis.

Tengsl sérmenntunar í landbúnaði við aðra skóla eru vitaskuld mjög mikilvæg og á það ekki hvað síst við búvísindadeildina á Hvanneyri, sem starfar á háskólastigi, og samstarf hennar við aðra skóla á háskólastigi hérlandis, m.a. við Háskólann á Akureyri. Að mati flutningsmanna er mjög brýnt að þessi tengsl séu eflð, þar með talið við Háskóla Íslands, sem er miðstöð grunnrannsókna á háskólastigi hérlandis.

Til álita kemur að skipuleggja háskólanám í landbúnaðarfræðum þannig að nemendur stundi nám í Háskóla Íslands og í búvísindadeildinni að Hvanneyri. Búvísindanámið yrði þannig hluti af samræmdri háskólamenntun.

Marka þarf stefnu í háskólakennslu í landbúnaði hérlandis, þ.e. hvort áhersla verði einkum lögð á hagkvæma þætti til skemmri tíma eða grunnrannsóknir til lengri tíma. Landbúnaður er vitaskuld á sviði matvælafræði og virk þátttaka landbúnaðarins í þeirri umræðu sem nú á sér stað um kennslu og rannsóknir í matvælagreinum er mjög mikilvæg.

Eitt af vandamálum íslensks menntakerfis er skortur á samráði milli skóla á sama eða mismunandi skólastigum. Fámenn þjóð hefur ekki efni á því að ekki sé gætt nauðsynlegs samráðs í þeim stofnunum sem settar eru á laggirnar til að sinna sameiginlegum verkefnum.

Rannsóknir.

Einn mikilvægasti þáttur í menntamálum landbúnaðarins eru tengsl skóla, atvinnulífs og rannsókna. Nú eru starfandi hérlandis margar rannsóknastöðvar á sviði landbúnaðar. Þar má einkum nefna Rannsóknastofnun landbúnaðarins og rannsóknastarfsemi sem fer fram hjá Skógrækt ríkisins, Landgræðslu ríkisins, Veidimálastofnun og fleiri aðilum.

Að mati flutningsmanna er mikil gróska í rannsóknnum á sviði landbúnaðar og tengsl eru nokkur milli einstakra rannsóknastöðva. Það er þó nauðsynlegt að huga enn frekar að samhæfingu í rannsóknnum, ekki síst í ljósi þess að takmarkað fjármagn er til ráðstöfunar í þennan málaflokk.

Tengsl rannsókna við háskólanám eru vitaskuld mjög mikilvæg en því hefur stundum verið varpað fram, hvort þær rannsóknir sem nú eru stundaðar innan Rannsóknastofnunar landbúnaðarins ættu betur heima í umsjón búvísindadeildarinnar á Hvanneyri. Það er ekki víst að svo sé, en a.m.k. er náíð formlegt og óformlegt samráð mjög mikilvægt. Rannsóknir innan bú-tækneildar búvísindaeildar nýtast nemendum og bændum mjög vel og eru gott dæmi um atvinnulífstengdar rannsóknir sem skila mikilli arðsemi.

Hægt er að færa mjög sterk rök fyrir því að aukið fjármagn til rannsókna, einnig í landbúnaði, muni skila sér mjög fljótlega aftur í auknum tekjum þjóðarbúsins.

Marga þætti þarf að skoða sem tengjast menntamálum í landbúnaði. Þannig hafa verið birtar tölur um að framleiðni í mörgum vinnslugreinum landbúnaðarins hefur ekki aukist og jafnvel minnkað á undanförunum árum. Þetta krefst vitaskuld endurmats og endurskipulagningar víða þar sem aukin menntun getur komið að verulegu gagni.

Hins vegar er ljóst er að margir vel menntaðir starfsmenn starfa innan landbúnaðarkerfisins. Fagmennska í úrvinnslu fjölmargra matvælaafurða er glöggvitni um það. Benda má á ostaframleiðslu hérlendis, en íslenskir ostagerðarmenn hafa margoft fengið verðlaun erlendis fyrir framleiðslu sína. Sama á við um ýmiss konar matreiðslu úr íslenskum afurðum. Hún hefur hlotið lof erlendis sem er vitaskuld góður mælikvarði á getu atvinnugreinarinnar.

Athyglisvert er að hinir margverðlaunuðu íslensku ostagerðamenn eru nær allir menntaðir erlendis, langflestir í Danmörku. Danir leggja mikla áherslu á menntun í landbúnaði og uppskera eftir því.

Á menntun hvíla mjög margir þættir landbúnaðar, t.d. kynbætur sem geta aukið tekjur verulega hvort sem um er að ræða jurtir eða dýr. Einnig skiptir góð þekking á sjúkdómum mjög miklu máli en íslenskur landbúnaður er mjög háður ytri aðstæðum hvað þann þátt varðar.

Hafa ber í huga að þótt hægt sé að sjá ýmsa möguleika í íslenskum landbúnaði, byggða á góðri, sérhæfðri menntun, þá er samkeppni mjög mikil á heimsmarkaði með landbúnaðarafurðir. Fyrir okkur Íslendinga skiptir því meginmáli að laga okkur að þeim aðstæðum sem náttúra landsins skapar.

Breyttar áherslur á alþjóðavettvangi.

Heimurinn er sífellt að minnka í þeim skilningi að viðskipti aukast og sífellt stærrí hluti hagvaxtar er vegna aukinnar verslunar milli landa. Alþjóðlegir samningar sem gerðir hafa verið á undanförunum árum miða að því að minnka hindranir í viðskiptum og auka frjálsræði.

Íslendingar eru aðilar að þessari þróun, m.a. með samþykkt GATT-samningsins og vænta má fleiri skrefa á þessu sviði á alþjóðlegum vettvangi á næstu árum. Þetta breytta umhverfi skapar meiri samkeppni við íslenskan landbúnað erlendis frá, en er jafnframt tækifæri fyrir íslenskan landbúnað til að hasla sér völl erlendis. Heimsmarkaður er hins vegar erfiður viðureignar og þá gildir miklu að menn komi vel undirbúnir og vel menntaðir til leiks.

Möguleikar íslensks landbúnaðar eru einnig á sviðum sem fengu ekki mikla athygli fyrir nokkrum árum. Benda má á garðyrkjurækt, sem er vaxandi atvinnugrein, og ferðapjónustu. Landbúnaðurinn hefur mikilvægu hlutverki að gegna í umhverfismálum, m.a. við mótun stefnu í þeim mála-flokki, sem hefur hagrænt gildi auk þess að bæta mannlíf.

Ein af meginbreytingum síðustu ára er aukin vitund almennings um umhverfi sitt. Vaxandi máli skiptir í samskiptum fólks í þéttbýli og dreifbýli að hugað sé að þáttum eins og gróðurvernd, jarðvegseyðingu, stóriðju, hreinni náttúru, mengun og umgengni í óbyggðum. Þannig eru fjölmörg álitamál sem skipta máli gagnvart stöðu landbúnaðar í þjóðlífinu. Það er skoðun flutningsmanna að aukin menntun í landbúnaði og annars staðar auðveldi samskipti milli atvinnugreina og einstaklinga.

Álit bænda.

Nú er starfandi nefnd sem landbúnaðarráðherra skipaði til að vinna að stefnumótun um framtíðarverkefni Bændaskólans á Hvanneyri. Sú nefnd hefur unnið gott starf, en skýrsla hennar er ekki enn komin út. Ekki er að efa að niðurstöður hennar verða mikilvægur þáttur í þeirri stefnumótun sem þessi þingsályktunartillaga gerir ráð fyrir. Tillagan nær yfir mun stærra svið en nefnd landbúnaðarráðherra var falið.

Nefnd ráðherra fól Gallup að gera könnun meðal bænda um marga þætti sem eru mikilvægir fyrir stefnumótun í menntamálum landbúnaðarins. Úrtakið var mjög stórt og m.a. kom fram að flestir bændur telja að almenn menntun skipti einna mestu máli í framtíðinni, að endurmenntun sé mjög mikilvæg, að leiðbeiningarþjónusta ráðunauta ætti að vera áfram hjá Bændasamtökunum en ekki flytjast til Bændaskólans á Hvanneyri, að stofna ætti sjálfstæðan bændaháskóla og að grunnfræðsla í búfræðum ætti frekar að vera í sérstökum bændaskólum en í almennum framhaldsskólum.

Athyglisvert er að í könnuninni kemur fram að 23% bænda telja að búskap verði hætt á jörð þeirra þegar þeir láta af búskap. Þetta á einkum við um bændur sem eru komnir á efri ár, eru ekki með mikla menntun og stunda sauðfjárbúskap. Þetta staðfestir þá búsetubreytingu sem átt hefur stað um árabíl en meðalaldur bænda er nú um 50 ár.

Heildarverðmæti í hefðbundnum greinum landbúnaðarframleiðslu standa að mestu leyti í stað og fækkun bóva í þeim þýðir betri afkomu þeirra sem eftir eru. Þetta sýnir mikilvægi þess að byggt sé á atvinnu í öðrum greinum en hefðbundnum sauðfjárbúskap og mjólkurframleiðslu, atvinnu sem fellur vel að búsetu í sveitum í nálægð við öflugan þéttbýliskjarna.

Lokaorð.

Mikilvægt er að íslenskur landbúnaður skynji stöðu sína sem hluti af heild og að hagkerfið byggist æ meira á almennum reglum á kostnað sérreglna. Þessi breyting hefur átt sér stað hér á landi eins og annars staðar á undanförunum árum.

Sérstaða landbúnaðar hérlandis hefur m.a. markast af því að hann hefur búið að hluta til við lokað hagkerfi og lokað stjórnsýslukerfi án mjög mikilla tengsla við aðra þætti. Menntunarmálin hafa verið undir landbúnaðarráðuneyti, peninga- og lánamál hafa verið í sérstökum stofnunum og stjórnsýslu-ákvarðanir hafa flestar verið teknar einungis í samvinnu við þá aðila sem gæta hagsmuna þeirra sem starfa í greininni sjálfri.

Þetta er í sjálfu sér ekkert ósvipuð staða og gilt hefur fyrir aðrar atvinnugreinar hérlandis en þó hafa orðið breytingar á þessu sviði á undanförunum árum, einkum í sjávarútvegi. Það er brýnt fyrir íslenskan landbúnað að taka virkan þátt í aðlögun atvinnugreinarinnar að almennum reglum í stað sérreglna.

Samkvæmt þingsályktunartillögunni skal nefnd sú sem vinna á að stefnumótun í landbúnaði vera skipuð fulltrúum þingflokka, sérhæfðum aðilum úr menntamálaráðuneyti og landbúnaðarráðuneyti, fulltrúum úr sérskólum landbúnaðarins, og er þar átt við skólastjórnendur, kennara og nemendur, fulltrúum frá hagsmunasamtökum í landbúnaði og öðrum samtökum á vinnumarkaði, fulltrúum skólakerfisins, þ.e. bæði framhaldsskóla og háskóla, og aðilum frá rannsóknastofnunum tengdum landbúnaði.

Það er ljóst af þessari upptalningu að flutningsmenn gera ráð fyrir vandaðri nefndarskipun til að vinna að þessu málefni. Vinna við stefnumótun felur í sér að mörkuð er framtíðarsýn sem nær t.d. frá tíu árum til þrjátíu ára. Hér er því ekki verið að skoða hlutina til fárra ára heldur verið að búa til umgjörð á sviði menntunar í landbúnaði sem gæti gagnast atvinnugreininni og þjóðlífinu öllu til langs tíma.

Það er mat flutningsmanna að margvísleg tækifæri séu á þessu sviði, en þau eru fyrst og fremst háð því að hugsað sé til langs tíma og byggt á vandaðri menntun. Samþykkt þessarar þingsályktunartillögu á að stuðla að því.

122. löggjafarþing 1997–98.

Þskj. 5 – 5. mál.

Tillaga til þingsályktunar

um veiðileyfagjald.¹

Flm.: Ágúst Einarsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Gísli S. Einarsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Jón Baldvin Hannibalsson, Lúðvík Bergvinsson, Sighvatur Björgvinsson, Svanfríður Jónasdóttir, Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að taka beri upp veiðileyfagjald í sjávarútvegi. Með veiðileyfagjaldi er átt við gjaldtöku í tengslum við úthlutun veiðiheimilda fyrir afnot af sameiginlegri auðlind.

Alþingi kjósi nefnd til að undirbúa löggjöf um þetta efni. Nefndin skili álit fyrir lok apríl 1998.

Greinargerð.

Meginefni tillögunnar.

Jafnaðarmenn hafa flutt tillögu til þingsályktunar um veiðileyfagjald á síðustu þingum. Með veiðileyfagjaldi er átt við gjaldtöku í tengslum við úthlutun veiðiheimilda fyrir afnot af sameiginlegri auðlind. Gert er ráð fyrir að veiðileyfagjaldið renni í ríkissjóð en því verði varið til hagsbóta fyrir almenning. Til greina kemur að lækka tekjuskatt einstaklinga, lækka erlendar skuldir, auka vegagerð á landsbyggðinni, auka framlög til mennta- og heilbrigðismála eða styðja sérstaklega eldri borgara eða öryrkja.

Í tillögunni er lagt til að Alþingi kjósi nefnd til að undirbúa löggjöf um veiðileyfagjald. Flutningsmenn telja eðlilegt að Alþingi, sem tekur hina stjórn mála ákvörðun um veiðileyfagjald með samþykkt tillögunnar, axli einnig ábyrgð á undirbúningi við að hrinda henni í framkvæmd með því að kjósa þá nefnd sem undirbýr væntanlega löggjöf. Nefndinni er ætlað að skila álit fyrir lok apríl á næsta ári. Gert er ráð fyrir að sú þingnefnd, sem fær tillöguna til umfjöllunar milli umræðna, setji nánari ákvæði um fjölda

¹ Veiðileyfagjald var síðar sett í lög.

nefndarmanna og fyrirkomulag á kosningu nefndarinnar. Mikilvægt er að nefndin leiti ráðgjafar víða. Flutningsmenn leggja til að kostnaður við nefndarstörfin greiðist úr ríkissjóði en ekki er gert ráð fyrir að kostnaður við starf nefndarinnar verði mikill.

Vitaskuld er hugmyndafræðin um veiðileyfagjald eða auðlindagjald víðtækari en svo að hún eigi einungis við í sjávarútvegi. Veiðileyfagjald þekkist víða erlendis en þar er einnig greitt sérstaklega fyrir nýtingu á námum sem eru í þjóðareign. Það er fullt samræmi í því að leggja auðlindagjald á aðrar sameiginlegar auðlindir hérlendis eins og vatnsorku og jarðvarma. Sama gildir ef ríkisvaldið úthlutar takmörkuðum verðmætum eins og sjónvarpsrásum. Að mati flutningsmanna kemur til álita að nefndinni sem undirbúa á löggjöf um veiðileyfagjald verði einnig falið að kanna leiðir til að leggja auðlindagjald á aðrar auðlindir í eigu þjóðarinnar.

Flutningsmenn lýsa yfir þeim vilja sínum að unnið verði að löggjöf um auðlindanýtingu og gjaldtöku í því sambandi. Þannig er tillaga um veiðileyfagjald liður í víðtækri stefnumótun um uppstökkun á skattakerfinu þar sem auðlindagjald og umhverfisskattar skipta miklu meira máli en nú er og geta komið í stað annarra skatta. Flutningsmenn telja að stefna eigi að því að lækka tekjuskatt einstaklinga samhliða upptöku veiðileyfagjalds.

Tvíþætt umræða um fiskveiðar.

Umræða um fiskveiðar hérlendis er tvíþætt. Annars vegar er rætt um fiskveiðistjórnunarkerfið, t.d. hvort notað er aflamark eða sóknarmark, takmarkanir á einstök veiðarfæri, svæðalokanir, framsal, verðmyndun o.fl.

Hins vegar er umræðan um veiðileyfagjald sem tengist réttlæti og hagkvæmni, hagstjórn og tekjuskiptingu í þjóðfélaginu. Þessu er oft blandað saman í opinberri umræðu. Í tillögunni er eingöngu fjallað um veiðileyfagjald en ekki fyrirkomulag við stýringu veiðanna, enda er álagning veiðileyfagjalds óháð núverandi kvótakerfi.

Þótt nauðsynlegt sé að koma upp stýrikerfi til að stjórna veiðum til að hindra ofnýtingu fiskstofna og nýta þá á hagkvæman hátt breytir það ekki því hverjir eiga fiskinn í sjónum. Eignarréttur þjóðarinnar á fiskimiðunum og fiskstofnunum er ótvíræður og bundinn í lögum þótt útgerðin fái tíma-bundinn afnotarétt til að draga fisk úr sjó. Þessi tímabundni afnotaréttur felst í úthlutun veiðiheimilda. Fiskimiðin eru sameiginleg og því óeðlilegt að beinn arður af þeim renni eingöngu til þess fámenna hóps sem fær afnotaréttinn. Þannig eru hugtökin veiðileyfagjald, auðlindagjald, veiðigjald og auðlindaskattur samheiti yfir það að taka gjald við úthlutun veiðiheimilda.

Það gildir um veiðiheimildir eins og annað sem er af skornum skammti að þær eru ávísun á verðmæti. Þar sem ekki er unnt að hafa frjálsar veiðar hér við land vegna hættu á ofveiði og óhagkvæmum útgerðarháttum verður ríkisvaldið að stýra veiðum eftir fastmótuðu skipulagi.

Þegar ríkið skammtar þegnunum takmörkuð gæði verða þau fémæti ef þau ganga kaupum og sölum og eru verðlögð á markaði. Einmitt þetta hefur gerst og vitaskuld er mjög eðlilegt að eigandi auðlindarinnar fái í sinn hlut raunverulegt afgangi fyrir nýtingarrétt annarra sem ríkið hefur úthlutað.

Þessi úthlutun verðmæta af hálfu ríkisins hefur verið án gjaldtöku hingað til þótt segja megji að fyrsta skref til veiðileyfagjalds hafi verið stigið með lögnum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins.

Fiskveiðiarður og aðrar atvinnugreinar.

Skilvirkt stýrikerfi við fiskveiðar leiðir til þess að það myndast svokallaður fiskveiðiarður sem er tekjur umfram kostnað við veiðar. Markmið fiskveiðistjórnunar er að hámarka afraksturinn af auðlindinni til lengri tíma og stefnt er að því að fiskveiðiarðurinn verði meiri en nú er.

Norðmenn notuðu olíuhagnað sinn, sem er sambærilegur við arð okkar af fiskveiðum, til að greiða allar erlendar skuldir sínar. Þeir tóku út úr olíu-iðnaðinum hluta af hagnaði með gjaldtöku. Þeir skildu þó nóg eftir innan greinarinnar, enda er mjög góð afkoma á olíuvinnslunni þótt þetta gjald sé tekið og laun starfsmanna mjög há.

Ýmsir hagfræðingar telja að fiskveiðiarðurinn muni nema 15–30 milljörðum kr. árlega þegar fyllstu hagkvæmni er náð. Núverandi fiskveiðiarður er mun minni eða innan við 5 milljarðar kr. Að mati flutningsmanna er eðlilegt að í fyrstu verði u.þ.b. 2 milljarðar greiddir í veiðileyfagjald en það þýddi að mikill hagnaður væri enn innan atvinnugreinarinnar. Fæstir talsmenn veiðileyfagjalds hafa talað um að mjög stór hluti fiskveiðiarðsins yrði tekinn út úr greininni. Ef veiðileyfagjald yrði nýtt til almennrar tekjuöflunar ríkisins telst það hagkvæmur skattur í skilningi hagfræðinnar miðað við aðra skatta, eins og tolla, tekjuskatt og virðisaukaskatt.

Aukinn fiskveiðiarður svarar til uppsveiflu í útgerð og leiðir til raungengishækkunar sem mun valda öðrum útflutnings- og samkeppnisgreinum, þar með talið fiskvinnslu, miklum erfiðleikum. Raungengi, sem er hlutfall verðlags eða launa innan lands og utan, mælt í sömu mynt, ræðst m.a. af framboði og eftirspurn eftir vinnuafli.

Eitt af helstu vandamálum í hagstjórn okkar er hve illa hefur gengið að byggja upp aðrar útflutningsgreinar. Styrkleiki útgerðar er svo mikill,

einkum vegna gjöfilla fiskimiða, að annar útflutningsiðnaður hefur oft átt mjög erfitt uppdráttar. Það eru hins vegar takmörk fyrir því hve mikil verðmæti við fáum af íslenskum fiskimiðum. Fiskstofnarnir eru flestir fullnýttir.

Vitaskuld verður verðmætasköpun í sjávarútvegi aukin, m.a. með nýtingu fleiri fiskstofna, meiri úrvinnslu afla og öflugri markaðsstarfsemi. Íslandsmið eru hins vegar ekki ótakmörkuð auðlind. Sókn Íslendinga til betri lífskjara felst m.a. í því að annar öflugur útflutnings- og samkeppnisiðnaður byggist upp við hlið útgerðar.

Það þarf að hafa skýrt í huga að almannavaldið skapaði skilyrði fyrir fiskveiðiarðinum með því að úthluta útgerðarmönnum veiðiheimildum. Með því eru einni stétt manna tryggð verðmæti sem þeir fá nú afhent ókeypis. Aðrir þjóðfélagsþegar hafa enga möguleika á að hefja útgerð nema með því að kaupa eða leigja veiðiheimildir af þessum útgerðarmönnum. Það er ótvírætt að fiskimiðin eru sameign þjóðarinnar.

Veiðileyfagjald er nauðsynlegt framhald á þjóðarsáttinni um efnahagslegan stöðugleika. Veiðileyfagjald tryggir stöðugt gengi, litla verðbólgu og eflir atvinnulífið. Veiðileyfagjald mun staðfesta þjóðareign á fiskimiðunum og stuðla að skynsamlegri þróun í efnahagsmálum.

Rök fyrir veiðileyfagjaldi.

Rök fyrir veiðileyfagjaldi eru ýmiss konar.

Í fyrsta lagi má nefna réttlætissjónarmið. Það særir réttlætiskennd manna að verslað sé með veiðiheimildir og þeir sem fengu úthlutað veiðiheimildum upphaflega geti hagnast verulega með því að selja þær eða leigja. Þrátt fyrir það hafa þeir ekki greitt eigandanum, þjóðinni, fyrir heimildirnar, hvorki við úthlutun í upphafi né árlegt leigugjald.

Í öðru lagi er röksemd fyrir veiðileyfagjaldi að án þess safnast mikill hagnaður, fiskveiðiarður, innan útgerðar þegar fram líða stundir, arður sem ætti að dreifast meðal landsmanna allra. Undanfarna áratugi hefur þetta verið „leyst“ þannig að gengið hefur verið tiltölulega hátt skráð sem leiðir til ódýrari innflutnings. Þetta er ástæðan fyrir því að oft er sagt að útgerðin hafi í reynd alltaf greitt nokkurs konar auðlindagjald eða veiðileyfagjald. Þannig hefur afrakstri af útgerðinni verið veitt inn í hagkerfið öllum til hagsbóta. Aðrar atvinnugreinar hafa hins vegar þurft að sætta sig við það gengi sem hentar útgerðinni hverju sinni. Þegar illa hefur gengið í fiskvinnslu hefur gengið verið lækkað með afleiðingum sem allir þekkja. Þetta á ekki lengur við þegar efnahagsstefnan er sú að halda gengi sem stöðugustu og verðbólgu

sem lægstri. Veidileyfagjald er þannig aðferð til að halda gengi stöðugu og koma í veg fyrir raungengishækkun sem kemur illa niður á útflutnings- og samkeppnisiðnaði, þar með talinni fiskvinnslu.

Í þriðja lagi getur veidileyfagjald verið leið til sveiflujöfnunar í sjávarútvegi en sveiflur vegna verðbreytinga á erlendum mörkuðum og aflasveiflur hafa veruleg áhrif hérlendis.

Fjölmörg rök eru því fyrir veidileyfagjaldi, bæði réttlætissjónarmið og hagkvæmnisrök til að efla annan atvinnurekstur.

Hagræn áhrif veidileyfagjalds.

Beinn kostnaður hins opinbera við útgerð er um 3 milljarðar kr. á ári. Hafrannsóknir kosta um 700 millj. kr. á ári, annar kostnaður á vegum sjávarútvegsráðuneytis, þar með talinn rekstur Fiskistofu, er um 300 millj. kr. Kostnaður í menntakerfi vegna sjávarútvegs er á annað hundrað milljónir króna og við hafnagerð ríflega 500 millj. kr. Einnig er sérstakur afsláttur í tekjuskattskerfinu, sjómannaafsláttur, rúmlega einn og hálfur milljarður kr. Ýmis annar kostnaður fellur til, svo sem vegna landhelgisgæslu, samgangna, viðskipta o.fl.

Sú atburðarás hjá þjóðum sem eiga verðmæta auðlind til gjaldeyrissköpunar en ná ekki að nýta það sóknarfæri til að örva hagvöxt og bæta lífskjör með skynsamlegri gengisstefnu hefur verið kölluð hollenska veikin. Með því er vísað til vandkvæða sem Hollendingar lentu í þegar jarðgas fannst þar í landi, en tiltölulega fáir vinna í þeim iðnaði. Þetta leiddi til svo hás gengis að annar útflutningsiðnaður lenti í kröggum og afleiðingin varð atvinnuleysi og minnkandi hagvöxtur. Íslendingar hafa lent í sama feni með efnahagsstjórn sína og ekki nýtt þá möguleika sem aukinn útflutningur gefur til hagvaxtar.

Útflutningsviðskipti hafa verið uppspretta aukins hagvaxtar síðustu áratugi hjá flestum þjóðum. Hérlendis hefur hlutur útflutnings í landsframleiðslunni verið um þriðjungur og verið óbreyttur í stað í 30 ár. Hlutdeild útflutnings í verðmætasköpun hjá öðrum þjóðum hefur aukist um helming á sama tíma. Þessi staðreynd tengist umræðunni um veidileyfagjald. Okkur tókst að losna út úr verðbólguholskeflunni sem einkenndi efnahagslífið 1970–1990 og nú er nauðsynlegt að endurskipuleggja útgerðina eins og hugmyndafræðin um veidileyfagjald gerir ráð fyrir. Annars fellur allt í sama farið og áður og lífskjör verða lakari og afkoma sjávarútvegsfyrirtækja verri en þyrfti að vera.

Rök gegn veiðileyfagjaldi.

Ýmis rök hafa verið færð gegn álagningu veiðileyfagjalds. Því er m.a. haldið fram að veiðileyfagjald tefli í tvísýnu þeirri þróun sem þegar á sér stað í átt að meiri hagkvæmni. Þetta eru ekki sterk rök ef þess er gætt að stilla álagningu veiðileyfagjalds í hóf.

Þau rök heyrast gegn veiðileyfagjaldi að fáí ríkið umráð yfir nýjum tekjustofni verði skatturinn fljótlega hækkaður auk þess sem því er haldið fram að ríkið fari illa með fé. Flutningsmenn tillögunnar telja ekki ástæðu til að hafa áhyggjur af því, en þeir leggja sérstaka áherslu á að veiðileyfagjaldi verði varið í þágu almennings, t.d. til lækkunar annarra skatta, eins og fyrr er vikið að.

Stundum er sagt að núverandi kerfi sé gott í þeim skilningi að það tryggi varanleg afnot útgerðarmanna á auðlindinni, þeir fari vel með hana og af-raksturinn skili sér með einum eða öðrum hætti inn í þjóðarþúið og þannig til landsmanna.

Einnig er nefnt að veiðileyfagjald sé sérstakur skattur á landsbyggðina. Þetta er rangt. Veiðileyfagjald er þvert á móti almenn gjaldtaka fyrir úthlut-aðar aflaheimildir, óháð því hvar fyrirtækin eru staðsett. Miklu fremur er hægt að halda því fram að núverandi kerfi, án veiðileyfagjalds, sé sérstakur skattur á þá stadi sem ráða yfir litlum kvóta og verða að greiða verulegar fjár-hæðir til handhafa veiðiheimilda sem hafa fengið þær ókeypis.

Landsbyggðin þarf á því halda að annar og fjölbreyttari atvinnuvegur byggist upp, svo sem ýmiss konar þjónustuiðnaður við sjávarútveginn. Út-gerð og fiskvinnsla er einnig víðar rekin en í dreifbýli. Það er því mikil skrumskæling á þeirri hugmyndafræði sem liggur að baki veiðileyfagjaldi að reyna að reka fleyg milli dreifbýlis og þéttbýlis.

Ef lagt er á veiðileyfagjald þá greiða útgerðarfyrirtækin það. Þannig er fráleitt að segja að Akureyringar greiði veiðileyfagjald sem yrði lagt á Útgerð-arfélag Akureyringa. Eigendur hlutafjár í útgerðarfyrirtækjum eru dreifðir um allt land og síður en svo heimilisfastir á þeim stað þar sem fyrirtækin eru skráð. Veiðileyfagjald verður hins vegar ekki nema hluti af þeim hagnaði sem verður í greininni í framtíðinni.

Ef fiskvinnslan er tekin sérstaklega hefur veiðileyfagjald engin bein áhrif á afkomu hennar. Það eru útgerðarfyrirtækin sem greiða veiðileyfagjaldið. Fiskverð er frjálst þannig að álagning veiðileyfagjalds hefur engin áhrif á það hvað fiskvinnslan greiðir fyrir afla. Það ræðst m.a. af verði á heims-markaði.

Hvernig ber að leggja á veiðileyfagjald?

Ýmsir möguleikar eru við útfærslu veiðileyfagjalds. Flutningsmenn telja eftirfarandi leiðir helst koma til greina:

Í fyrsta lagi er hægt að leggja árlegt gjald á hvert úthlutað þorskígildi. Þetta er einfaldasta leiðin í framkvæmd.

Í öðru lagi gæti ríkisvaldið selt veiðiheimildir á opinberu uppboði. Þannig kæmi vel til greina að bjóða upp þann viðbótarkvóta sem er úthlutað eftir því sem fiskstofnarnir braggast. Þessi aðferð auðveldar nýjum aðilum aðkomu að útgerð.

Í þriðja lagi er hægt að dreifa veiðiheimildum milli allra landsmanna og leyfa þeim að versla með heimildirnar þannig að útgerðarmenn yrðu að kaupa þær á markaði í líkingu við hlutafjármarkað til að geta haldið til veiða. Þetta gæti reynst nokkuð erfitt í framkvæmd en þessi aðferð hefur verið notuð víða við almannavæðingu eða einkavæðingu.

Lokaorð.

Höfuðatriði við fiskveiðar er að fiskveiðistjórnunarkerfið sé hagkvæmt og fiskveiðiarði sé ekki sóað með röngu skipulagi. Það er hins vegar grundvallaratriði að ekki sé hægt að fénytá eign annarra án þess að gjald komi fyrir og fiskimiðin eru eign allrar þjóðarinnar en ekki útgerðarmanna. Hugmyndir um veiðileyfagjald lúta að því að hluti af fiskveiðiarðinum renni að hluta beint til þjóðarinnar, eigenda fiskimiðanna.

Fiskveiðiarður er umtalsverður í núverandi kerfi. Veiðiheimildir ganga kaupum og sölum á háu verði sem er sönnun fyrir því að innan sjávarútvegsins er til fé til að greiða fyrir aflaheimildir. Þau viðskipti eiga sér hins vegar stað án þess að almenningur fái nokkuð í sinn hlut þar sem veiðiheimildunum er úthlutað af stjórnvöldum án endurgjalds. Hækkandi verð á veiðiheimildum sýnir einnig væntingar manna og trú á því hve mikill fiskveiðiarðurinn getur orðið á næstu árum. Væntingar markaðarins um vaxandi fiskveiðiarð birtast einnig í hækkandi verði hlutabréfa í þeim sjávarútvegsfyrirtækjum sem ráða yfir sterkri útgerð.

Nýir aðilar í útgerð greiða nú þegar fyrir veiðiheimildir. Þeir greiða hins vegar ekkert til ríkisvaldsins eða almennings heldur til annarra útgerðarmanna sem fá þessum veiðiheimildum úthlutað ókeypis á hverju ári. Miðað við að fiskveiðiarðurinn aukist mun verð á veiðiheimildum sífellt hækka, eins og reyndar hefur gerst undanfarin ár. Gjaldið rennur hins vegar allt til þeirra sem fá hina árlegu, ókeypis úthlutun. Þeir stjórna því í reynd hverjir fá að veiða.

Almenningi í landinu blöskrar það óréttlæti sem blasir við í núverandi kerfi, þegar einstakir útgerðarmenn geta hagnast um margar milljónir eða tugi milljóna á sölu eða leigu veiðiheimilda án þess að greiða nokkuð fyrir þann rétt.

Aðgangur að sameiginlegri auðlind á ekki að vera ókeypis. Það er óásættanlegt að ríkið skammti mönnum rétt til þess að selja og hagnast á annarra manna eign.

122. löggjafarþing 1997–98.

Þskj. 15 – 15. mál.

Frumvarp til laga

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.¹

Flm.: Ágúst Einarsson, Steingrímur J. Sigfússon,
Jón Baldvin Hannibalsson, Kristín Ástgeirsdóttir.

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða 6 í lögnum, sbr. 34. gr. laga nr. 144/1995, fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi

Greinargerð.

Með samþykkt þessa frumvarps taka greiðslur úr almannatryggingakerfinu, þ.e. ellilífeyrir, örorkulífeyrir, tekjutrygging, barnalífeyrir, bætur í fæðingarorlofi, slysatryggingar og sjúkratryggingar, mið af breytingum sem verða á launum. Ríkisstjórnin afnam þessa viðmiðun við launabreytingar með bráðabirgðaákvæði árið 1995 og ákvað að hækkanir þessara greiðslna kæmu fram á fjárlögum hverju sinni. Fullyrt var að ekki stæði til að nota þessa kerfisbreytingu til að skerða bætur en annað hefur komið á daginn.

Stjórnarandstæðingar börðust harkalega gegn þessari stefnu ríkisstjórnarinnar, en þingmenn Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks felldu tillögu stjórnarandstæðinga um að greiðslur úr almannatryggingakerfinu tækju breytingum eins og launahækkanir. Þessi stefna ríkisstjórnarinnar hefur gert það að verkum að eldri borgarar eru varnarláusir fyrir geðþóttaákvörðunum ríkisstjórnarinnar hverju sinni. Skemmst er að minnast kjarasamninganna frá í

¹ Tenging almannatrygginga við launavísitölu, sem fjallað er um í þessu frumvarpi, var eitt helsta ágreiningsmál stjórnar og stjórnarandstöðu á þessu kjörtímabili enda meðflutningsmenn forystumenn stjórnarandstöðuflokkanna en frumvarpið náði ekki fram að ganga.

vor, þá hækkuðu lægstu laun nokkuð en ríkisstjórnin ákvað að greiðslur almannatrygginga hækkuðu minna en eðlilegt var við þær aðstæður. Eftir mikla gagnrýni eldri borgara og stjórnarandstæðinga og í kjölfar ákvörðunar Kjaradóms um enn meiri hækkun á launum æðstu embættismanna ákvað ríkisstjórnin að hækka bætur almannatrygginga um 2,5%. Það er óþolandi fyrir eldri borgara að þurfa að sæta því að bíða mánuðum saman eftir réttmætum breytingum á ellilífeyri.

Eldri borgarar hafa barist mjög fyrir hagsmunum sínum og starfa m.a. innan Félags eldri borgara, Landssambands aldraðra og Aðgerðahóps aldraða. Þeir hafa vakið athygli á stöðu sinni en þeim er ekki veitt sú eftirtekt sem þeim ber. Eldri borgarar hérlendis eru um 27.000, þ.e. yfir 67 ára aldri, og staða þeirra er misjöfn. Þeir eiga þó sammerkt að hafa verið niðurlægðir af ríkisstjórn Davíðs Oddssonar. Eldri borgurum mun fjölga verulega á næstu árum og staða þeirra versnar ef ekki er breytt um stefnu. Þessi ríkisstjórnin mun ekki bæta stöðu eldri borgara.

Um 65.000 manns eru yfir 50 ára aldri hérlendis, eða um fjórðungur þjóðarinnar. Þetta fólk hefur lifað tímana tvenna og byggt upp þau lífskjör sem landsmenn njóta nú. Það er skammarlegt að það skuli vera ástæða fyrir aldraða til að fyllast réttmætri gremju gagnvart stjórnvöldum. Þessi hópur á ekki marga kosta vöð til að þrýsta á stjórnvöld til að leiðrétta kjör sín. Aldraðir fara ekki í verkfall ef á þá er hallað. Þessi hópur hefur skilað því margföldu til þjóðfélagsins sem rennur til þeirra á síðari hluta ævi þeirra.

Það er mikilvægt réttlætismál að mati flutningsmanna að greiðslur úr almannatryggingakerfinu breytist í samræmi við breytingar á launum. Hér er farin sú leið að færa lög in í fyrri horf, enda ríkti sátt um þá útfærslu. Vitaskuld er mögulegt að haga tengingu greiðslna úr almannatryggingum við laun með öðrum hætti, en meginatriðið er að brjóta hina ósvífnu stefnu ríkisstjórnarinnar á bak aftur.

Íslendingar verja mun minna fé til ellilífeyris en gert er annars staðar á Norðurlöndunum. Tekjutenging í skatta- og almannatryggingakerfinu er of mikil og jaðaráhrif vega þungt. Þessu verður að breyta við heildarendurskoðun á málefnum aldraða. Brynt er að eldri borgarar fái að taka þátt í tillögugerð á því sviði. Það er einkenni ríkisstjórnarinnar að taka ekkert tillit til óska eldri borgara og kalla þá aldrei til samráðs um fyrirhugaðar breytingar á lögum eða reglugerðum.

Flutningsmenn telja að velferð sé grundvallaratriði. Það er samfélagsleg skylda að veita öldruðum öryggi og gott viðurværi, ásamt því að stuðla að aukinni sjálfsvirðingu þeirra.

Í frumvarpinu er lagt til að afnumið verði bráðabirgðaákvæði í almannatryggingalögum sem kveður á um að ekki gildi lengur tenging bóta almannatrygginga við launabreytingar. Með afnámi þessa bráðabirgðaákvæðis gilda áfram fyrri lagaákvæði um að greiðslur úr almanna tryggingakerfinu taki sömu breytingum og vikukaup í almennri verkamannavinnu.

122. löggjafarþing 1997–98.
Þskj. 312 – 255. mál.

Beiðni um skýrslu

frá forsætisráðherra um stöðu eldri borgara hérlendis og erlendis.¹

Frá Ágústi Einarssyni, Rannveigu Guðmundsdóttur, Ástu R. Jóhannesdóttur, Gísla S. Einarssyni, Jóhönnu Sigurðardóttur, Jóni Baldvini Hannibalssyni, Lúðvík Bergvinssyni, Petrínu Baldursdóttur, Sighvati Björgvinsyni, Svanfríði Jónasdóttur og Össuri Skarphéðinssyni.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að forsætisráðherra flytji Alþingi skýrslu um stöðu eldri borgara og samanburð við önnur ríki OECD.

Í skýrslunni komi m.a. fram upplýsingar um eftirtalin atriði miðað við stöðu hérlendis borið saman við önnur ríki OECD:

1. Hver er aldursdreifing landsmanna og hver er líkleg þróun hennar?
2. Hver er dreifing hjúskaparstöðu eldri borgara og hverjar eru lífslíkur þeirra?
3. Hver er eftirlaunaaldur hérlendis og erlendis flokkað eftir atvinnugreinum og hver er atvinnuþátttaka fólks 50–67 ára annars vegar og 67 ára og eldri hins vegar?
4. Hver eru heildarútgjöld opinberra aðila og annarra til aldraðra sem hlutfall af landsframleiðslu, hver er hlutur hins opinbera og hvernig hefur þróunin verið síðustu tíu ár?
5. Hver er skattbyrði aldraðra á mann og hver hefur þróunin verið síðustu tíu ár?
6. Hvernig er háttað greiðslum opinberra aðila til aldraðra vegna lífeyristrygginga, m.a. ellilífeyrir, örorkulífeyrir, makalífeyrir og tekju-trygging, svo og slysatrygginga og sjúkratrygginga og hvert er framlag ríkisins sem hlutfall af landsframleiðslu til framangreindra þátta?
7. Hversu hátt hlutfall af framfærslukostnaði er grunnlífeyrir og tekju-trygging og hvernig er háttað tekjutengingu greiðslna úr almanna-tryggingakerfi?

¹ Þessi skýrsla var gerð af hálfu forsætisráðuneytis og var umfangsmesta úttekt sem hafði verið gerð á stöðu eldri borgara hérlendis.

8. Hversu margir ellilífeyrisþegar eiga einungis rétt á greiðslum frá Tryggingastofnun eða sambærilegum opinberum aðilum?
9. Hversu stór þáttur eru greiðslur úr lífeyrissjóðakerfi eða öðrum sparnaðarformum til eldri borgara í samanburði við greiðslur úr almanna-tryggingakerfi og hvernig er háttað skattskyldu lífeyrisgreiðslna? Hver hefur þróunin verið síðustu tíu ár í þessu tilliti?
10. Hvernig er félagslegri aðstoð til eldri borgara háttað og hversu háu hlutfalli af landsframleiðslu er varið til þessa?
11. Hver er tekjudreifing og eignadreifing eldri borgara í samanburði við aðra aldurshópa? Hvernig er háttað vistun eldri borgara á heilbrigðis- og/eða öldrunarstofnunum og hversu hátt hlutfall aldraðra býr langdvölum á öldrunarstofnunum?
12. Hver er þáttur hins opinbera í greiðslum fyrir vistun eldri borgara á heilbrigðisstofnunum og hversu hárrí fjárhæð heldur einstaklingurinn eftir af eigin lífeyri?
13. Hver er opinber aðstoð við aldraða sjúklinga í heimahúsum, svo sem félagsleg aðstoð og heimahjúkrun?
14. Í hverju felast valkostir aldraðra í öldrunarþjónustu og hver ber ábyrgð á þeim, hvernig eru þeir kynntir og hver ber ábyrgð á slíkri kynningu?
15. Hvernig er fjármögnun á rekstri öldrunarstofnana og greiðsluþátttaka aldraðra íbúa þeirra?
16. Hver er þátttaka sjúkratrygginga í lyfja- og læknskostnaði og sjúkrahjálfun ellilífeyrisþega og hver er hlutur ellilífeyrisþegans?
17. Hvaða aðstoð veita sveitarfélög eldri borgurum, t.d. í formi lækkunar gjalda?
18. Hvernig er háttað aðstoð við eldri borgara til að fara úr launuðu starfi á eftirlaun?
19. Hvaða rétt eiga þeir sem minnka við sig vinnu eða hætta vinnu til að annast maka sinn?
20. Hvaða rétt eiga aðrir ættingjar (börn) sem minnka við sig vinnu eða hætta vinnu til að annast aldraða ættingja?
21. Hvernig er háttað ákvörðunum um hækkun greiðslna úr almanna-tryggingakerfi?
22. Hver eru áhrif eldri borgara eða samtaka þeirra á ákvarðanir eða stefnumótun opinberra aðila?
Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu á Alþingi þegar henni hefur verið útbýtt meðal þingmanna.

Greinargerð.

Skýrslubeiðendur, þingflokkur jafnaðarmanna, telja brýnt að afla ítarlegra upplýsinga um stöðu aldraðra hérlendis í samanburði við önnur ríki OECD þannig að umræðan um málefni aldraðra verði ítarlegri og yfirgrípsmeiri.

Öldruðum sem hlutfalli af þjóðinni fjölgar mikið. Nú eru um 27.000 manns yfir 67 ára aldri eða um 10% af þjóðinni. Eftir um 30 ár mun fjöldi aldraðra tvöfaldast og þeir verða tæplega 20% þjóðarinnar. Nú eru um fimm vinnandi einstaklingar á móti hverjum ellilífeyrisþega en árið 2030 er talið að þeir verði þrír á móti hverjum ellilífeyrisþega.

Í Staðtölum almannatrygginga 1996, sem voru lagðar fram á ársfundi Tryggingastofnunar ríkisins 30. október 1997, kemur fram að heildarútgjöld (opinberir aðilar og aðrir, þar með taldir lífeyrissjóðir) til aldraðra og öryrkja sem hlutfall af vergri landsframleiðslu eru langlægst hérlendis af Norðurlöndum eða 7,7% (Danmörk 15,8%, Finnland 15,2%, Noregur 13,0% og Svíþjóð 17,5%).

Heildarútgjöld (opinberir aðilar og aðrir, þar með taldir lífeyrissjóðir) til félags- og heilbrigðismála á Norðurlöndum 1995 sem hlutfall af landsframleiðslu eru einnig langlægst hérlendis eða 19% (Danmörk 34%, Finnland 33%, Noregur 27%, Svíþjóð 36%).

Í ljósi þess að hvert prósentustig í landsframleiðslu samsvarar yfir 5 milljörðum kr. er augljóst að brýnt er að fá nákvæma úttekt á stöðu aldraðra í alþjóðlegu samhengi.

Skýrslubeiðninni er beint til forsætisráðherra þar sem spurt er um málaflokka sem spanna heilbrigðismál, félagsmál, ríkisfjármál og hagsýslu.

Í skýrslubeiðninni er m.a. farið fram á að leitað sé svara um aldursdreifingu, hjúskaparstöðu, lífslíkur, eftirlaunaaldur erlendis, framlög ríkisins til aldraðra, skattbyrði, tekjutengingu, fjölda ellilífeyrisþega og samspil almannatryggingakerfis og lífeyrissjóða.

Jafnframt er óskað upplýsinga um umfang félagslegrar aðstoðar, aðstoð sveitarfélaga, tekjudreifingu, aðgang að heilbrigðiskerfi, aðstoð í heimahúsum, öldrunarþjónustu, greiðslur sjúkratrygginga og sveitarfélaga, aðstoð við starfslok, rétt ættingja, fyrirkomulag við breytingar á greiðslum og áhrif eldri borgara á ákvarðanir og stefnumótun.

Allar upplýsingar í skýrslunni eiga að beinast að samanburði við önnur ríki OECD og jafnframt skal leitast við að sýna þróun yfir lengra tímabil eftir því sem við verður komið. Þingflokkur jafnaðarmanna er þess fullviss að skýrslan muni gagnast vel í nauðsynlegri umræðu um stefnumótun í mál-efnum aldraðra.

122. löggjafarþing 1997–98.

Þskj. 930 – 545. mál.

Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, með síðari breytingum.

Flm.: Ágúst Einarsson.

1. gr.

Á eftir orðinu „menntamálaráðuneyti“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: menningarmálaráðuneyti.

2. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

1. Menningarmálaráðuneyti fer með mál, er varða:
2. Þjóðleikhús, leikfélög og aðra leiklistarstarfsemi. Sinfóníuhljómsveit Íslands og aðra tónlistarstarfsemi. Listkynningu innan lands og utan. Listamannalaun og Rithöfundasjóð Íslands. Bókmenntir og útgáfu-
starfsemi. Kvikmyndir og Kvikmyndasjóð Íslands. Aðra listastarfsemi.
3. Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, almenningsbókasöfn, Þjóð-
minjasafn, byggðasöfn, Þjóðskjalasafn, héraðsskjalasöfn og náttúrugripa-
söfn. Listasafn Íslands og önnur listasöfn. Aðra safnastarfsemi.
4. Ríkisútvarp, þ.e. hljóðvarp og sjónvarp.
5. Höfundalög. Félagsheimili og skemmtanaskatt.
6. Minjar. Mannanöfn, bæjanöfn og örnefni. Íslenska málnefnd.
7. Æskulýðsstarfsemi. Íþróttir. Aðra félagsstarfsemi á sviði menningar-
mála.

3. gr.

Á eftir orðinu „forsætisráðherra“ í 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: sbr. þó ákvæði 6. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

Greinargerð.

Í þessu frumvarpi er lagt til að stofnað verði menningarmálaráðuneyti. Gert er ráð fyrir að verkefni á sviði menningarmála, sem hingað til hafa verið í umsjá menntamálaráðuneytisins, verði færð til hins nýja ráðuneytis. Sérstakur ráðherra fer með menningarmál ef af samþykkt frumvarpsins verður. Flutningsmaður telur brýnt að menningu sé gert það hátt undir höfði að sérstakt ráðuneyti fari með málefni hennar. Vitaskuld skarast nokkuð verksvið menntunar og menningar en minna en ætla mætti.

Menntamálaráðuneytið hefur nóg verkefni við umsjón skólastarfs í landinu. Það er nú þegar eitt stærsta ráðuneytið og yrði það áfram þótt menningarmálin væru í hinu nýja ráðuneyti.

Menningarmálaráðuneytið hefði umsjón með listum, svo sem leiklist, hljómlist, kvikmyndum, sönglist, myndlist, danslist, bókmenntum o.fl. Einnig heyrðu öll söfn undir þetta nýja ráðuneyti, svo sem Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, bókasöfn, náttúrugripasöfn og listasöfn í umsýslu ríkisvaldsins. Eitt mikilvægasta verksvið menningarmála ráðuneytis væri að vera stjórnarsýsluaðili Ríkisútvarps, þ.e. hljóðvarps og sjónvarps, og að fjalla um minjar, íþróttir, m.a. Íþróttasamband Íslands, æskulýðsmálefni, m.a. Æskulýðssamband Íslands, og höfundarétt. Þessir þættir heyra núna undir menntamálaráðuneyti.

Verksvið hins nýja ráðuneytis er mótað í frumvarpinu eftir reglugerð um störf Stjórnarráðsins. Hér er farin sú leið að gera tillögu um lögfestingu meginákvæða reglugerðarinnar sem snúa að menningu og marka með því starfssvið menningarmálaráðuneytisins.

Á þessu ári er um 17 milljörðum kr. ráðstafað til menntamálaráðuneytisins á fjárlögum en af þeirri fjárhæð renna tæpir 4 milljarðar kr. til menningarmála. Umsvif hins nýja ráðuneytis verða um 4 milljarðar kr. en menntamálaráðuneytið verður eftir sem áður með útgjöld yfir 13 milljarða kr. á ári.

Til samanburðar er utanríkisráðuneytið með útgjöld upp á 3 milljarða kr. á ári, landbúnaðarráðuneytið um 8 milljarða kr., sjávarútvegsráðuneytið um 2,5 milljarða kr., dóms- og kirkjumálaráðuneytið 8,5 milljarða kr., félagsmálaráðuneytið 10 milljarða kr., heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 59 milljarða kr., fjármálaráðuneytið 21 milljarð kr., samgönguráðuneyti er með 10 milljarða kr., iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið með um 2 milljarða kr. og umhverfisráðuneytið með rúmlega 1 milljarð kr.

Á þessu sést að hið nýja menningarmálaráðuneyti yrði stærra að fjárhagslegu umfangi en utanríkisráðuneytið, sjávarútvegsráðuneytið, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið og umhverfisráðuneytið. Önnur ráðuneyti eru stærri. Þannig eru sterk rök fyrir því að stofna sérstakt ráðuneyti um menningarmál út frá fjárhagslegum umsvifum menningar á vegum ríkisins. Yngsta ráðuneytið er umhverfisráðuneytið en stofnun þess sýndi á sínum tíma aukna áherslu stjórnvalda á umhverfismál. Þá voru umhverfismál sem heyrðu undir önnur ráðuneyti færð í hið nýja umhverfisráðuneyti. Viðhorf og vinna í sambandi við umhverfismál hafa gjörbreyst, m.a. við að starfrækt er sérstakt umhverfisráðuneyti.

Meginástæðan fyrir þessu frumvarpi er þó ekki fjárhagslegs eðlis heldur er tilgangurinn að marka skýran farveg fyrir menningu hér á landi. Brýnt er að efla menningu og stuðning ríkisvaldsins við alla þætti hennar. Það verður best gert með því að hafa sérstaka stjórn-sýsluumgjörð um hana. Mikil gróska er í menningu hérlendis. Um það vitnar margvísleg útgáfustarfsemi, listsýningar og frjó umræða. Stjórnvöld eiga að fylgja slíku eftir með bættu skipulagi og aukinni áherslu á menningarmál, eins og þetta frumvarp gerir ráð fyrir.

Það hefur staðið söfnum hérlendis fyrir þrifum að of lítið fé hefur verið veitt til þeirra. Söfn hafa ekki notið athyglinnar sem þeim ber í menningarsamfélagi. Með stofnun menningarráðuneytis, sem hefði m.a. umsjón með söfnum, yrði þeim gert hærra undir höfði en nú er og væri það vel.

Menning er ekki einungis veigamikill þáttur í að bæta mannlíf og samskipti einstaklinga heldur er hún efnahagslega mikilvæg. Menningarstarfsemi skilar miklu framlagi til landsframléiðslunnar og hlutur hennar fer vaxandi. Hægt er að nefna kvikmyndaíðnað sem dæmi um slíkt.

Ástæðulaust er að hafa áhyggjur af að fjölgun ráðuneyta kalli á útbenslu stjórn-sýslunnar þar sem hér yrði um markvissari stjórn menningar- og menntamála að ræða. Flutningsmaður telur að sameining annarra ráðuneyta komi vel til greina og þar ber hæst sameiningu sjávarútvegs-, iðnaðar-, viðskipta- og landbúnaðarráðuneytis í eitt atvinnuvegaráðuneyti. Slíkt er ekki lagt til í þessari tillögu en ástæða er til að vekja athygli á hugmyndinni. Uppstokkun ráðuneyta og verksviða þeirra er brýnt verkefni hérlendis.

Sú skipan þekkist víða að hafa sérstakt menningarráðuneyti og er Frakkland einna kunnasta dæmið á því sviði, svo og sum Norðurlanda. Vænta má að samstaða geti náðst um frumvarpið og gert er ráð fyrir að gildistaka laga samkvæmt því verði í ársbyrjun árið 1999 þannig að tóm gefist til að undirbúa stofnun hins nýja ráðuneytis.

Virði sérhvers þjóðfélags endurspeglast í menningu þess. Aldrei verður of vel hlúð að þeim þáttum sem móta menningu okkar, ekki síst í ljósi þess hve fámenn við erum. Það er íslensk menning sem hefur gert okkur kleift að lifa hér sjálfstæðu lífi þrátt fyrir fámennið.

122. löggjafarþing 1997–98.
Þskj. 1204 – 690. mál.

Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 50/1997, um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands.

Flm.: Ágúst Einarsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Jóhanna Sigurðardóttir.

1. gr.

Við 9. gr. laganna bætist: þó þannig að við hvorn hlutafélagsbanka starfi ekki fleiri en einn bankastjóri.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í núgildandi lögum um Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf., sem voru afgreidd á síðasta þingi, er kveðið á um ráðningu bankastjóra. Þótt ákvæðið geti átt við um einn eða fleiri bankastjóra er ljóst að vilji ríkisstjórnarinnar stóð til að hafa fleiri en einn bankastjóra, enda felldi meirihlutinn breytingartillögu stjórnarandstöðunnar um að hafa aðeins einn bankastjóra við Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands.

Nú hefur viðskiptaráðherra og bankaráð Landsbankans ákveðið að ráða einn bankastjóra að bankanum í stað þriggja áður.

Flutningsmenn telja eðlilegt að lögin séu lögð að þessu og leggja því til í frumvarpinu að kveðið verði skýrt á um það að við bankana starfi aðeins einn bankastjóri. Stjórnarandstæðingar fagna því að stefna þeirra hafi náð fram að ganga, þ.e. að einungis einn bankastjóri starfi við Landsbanka Íslands hf. Eðlilegt er að sama gildi um Búnaðarbanka Íslands hf. og nær því frumvarpið til beggja bankanna.

Þingmenn úr þingflokki jafnaðarmanna munu einnig hafa forgöngu um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands þannig að einungis einn bankastjóri muni starfa við hann.

123. löggjafarþing 1998–99.
Þskj. 41 – 41. mál.

Tillaga til þingsályktunar

um undirritun Kyoto-bókunarinnar.¹

Flm.: Ágúst Einarsson, Margrét Frímannsdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir, Össur Skarphéðinsson, Svavar Gestsson, Svanfríður Jónasdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirrita nú þegar fyrir Íslands hönd Kyoto-bókunina, bókun við samning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

Greinargerð.

Þessi tillaga var flutt á síðasta þingi en varð ekki útrædd. Bókunin, sem kennd er við Kyoto í Japan, var gerð í lok síðasta árs og markar tímamót í sögunni. Þar var ákveðin alþjóðleg stefna um að þjóðir heims skuldbindi sig til að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftið. Það voru um 160 ríki sem tóku þátt í samningsgerðinni og Ísland fékk hvað rúmastar heimildir allra þjóða. Þótt það hafi vitaskuld í för með sér stefnubreytingu hérlendis að mæta þessum kvöðum eigum við að taka þátt í því með öðrum þjóðum að stuðla að fullgildingu samningsins.

Með Kyoto-bókuninni skuldbinda iðnríkin sig til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda þannig að hún verði 5,2% minni á tímabilinu 2008–2012 en hún var árið 1990. Árið 1990 er viðmiðunarár í samningnum. Skuldbindingarnar eru mismunandi milli einstakra ríka eða frá 8% minni losun upp í að heimila 10% meiri losun. Íslandi er heimil 10% meiri losun eða mest allra ríkja.

Samningurinn öðast gildi þegar a.m.k. 55 ríki hafa staðfest hann. Í þeim hópi verða að vera iðnríki sem eiga að minnsta kosti sök á 55% útblásturs í öllum iðnríkjunum. Nú þegar hafa nær öll ríki Evrópu undirritað samninginn, auk fjölmargra annarra ríkja. Íslensk stjórnvöld hafa sagst vilja bíða eftir

¹ Íslendingar undirrituðu Kyoto-bókunina síðar eftir að hafa náð fram sérstökum ívilnandi ákvæðum sér til handa.

framhaldsráðstefnu í Buenos Aires í nóvember áður en frekari ákvarðanir verða teknar. Það er þó ljóst að Íslendingar hafa þegar fengið viðurkennda sérstöðu sína og nú gildir að vinna út frá markmiðum ráðstefnunnar. Við eigum ekki að láta okkar eftir liggja.

Hérlandis hefur því verið haldið fram að öllum stóriðjuáformum sé teft í hættu ef við gerumst aðilar að samningnum. Það er rangt. Við getum dregið úr útblæstri fiskiskipa og samgöngutækja með markvissum aðgerðum og dregið úr áhrifum mengunar með aukinni gróðurækt og skógrækt, en landgræðsla og skógrækt eru rædd í tengslum við útfærslu Kyoto-bókunarinnar. Vitaskuld munum við grípa til sparnaðaraðgerða auk þess sem tækni-framfarir leysa hluta af þessu vandamáli. Einnig er líklegt að ýmis áform um orkufrekan og útblástursmengandi iðnað verði endurmetin. Þannig er ljóst að við ráðum mjög vel við að uppfylla skilyrði Kyoto-bókunarinnar ef við mörkum okkur skynsamlega stefnu. Þess vegna er stefnuyfirlýsing af hálfu Alþingis nauðsynleg og skynsamlegt er að undirrita samninginn svo að hægt verði að hefja undirbúning að staðfestingu bókunarinnar, enda fylgjum við nágrannalöndunum með því.

Íslendingar munu vitaskuld taka virkan þátt í frekara starfi á vegum Sameinuðu þjóðanna á sviði umhverfismála. Allt aðrar aðstæður eru í heiminum nú en fyrir fimm til tíu árum. Við eigum að svara kalli tímans og stuðla að umhverfisvernd með öðrum þjóðum. Það mun hafa jákvæð áhrif á lífskjör framtíðarinnar því að fáar þjóðir eiga meira undir því að það takist að stemma stigu við losun gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið.

123. löggjafarþing 1998–99.
Þskj. 405 – 328. mál.

Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 94/1962, um almannavarnir, með síðari breytingum.

Flm.: Ágúst Einarsson.

1. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Almannavarnaráð, sem dómsmálaráðherra skipar, stýrir starfsemi almanna-
varna og er til ráðuneytis um framkvæmd laga þessara. Í ráðinu eiga sæti
forstjóri Landhelgisgæslunnar, landlæknir, ríkislögreglustjóri, forstjóri Lands-
símans, vegamálastjóri og einn fulltrúi frá hverjum eftirtalinna samtaka:
Slysavarnafélagi Íslands, Rauða krossi Íslands og Landsbjörg – landssam-
bandi björgunarsveita. Ráðherra skipar einn þeirra formann ráðsins til þriggja
ára í senn. Ráðherra getur sett almannavarnaráði starfsreglur með reglugerð.

2. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Í hverju lögsagnarumdæmi skal vera almannavarnanefnd. Nefndin kýs sér
sjálf formann og varaformann.

Í kaupstöðum skipar bæjarstjórn almannavarnanefnd. Í Reykjavík eiga
sæti í nefndinni borgarlæknir, borgarstjóri, borgarverkfræðingur, lögreglu-
stjóri, slökkviliðsstjóri, tveir menn sem borgarstjórn velur og einn fulltrúi frá
hverjum eftirtalinna samtaka: Slysavarnafélagi Íslands, Rauða krossi Íslands
og Landsbjörg – landssambandi björgunarsveita. Í öðrum kaupstöðum skal
almannavarnanefnd skipuð bæjarstjóra, bæjarverkfræðingi eða bæjartækni-
fræðingi, héraðs- eða heilsugæslulækni, lögreglustjóra, slökkviliðsstjóra,
tveimur mönnum sem bæjarstjórn velur og einum fulltrúa frá hverjum eftir-
talinna samtaka: Slysavarnafélagi Íslands, Rauða krossi Íslands og Lands-
björg – landssambandi björgunarsveita.

Í sýslum skal almannavarnanefnd skipuð lögreglustjóra, svo og bygg-
ingarfulltrúa, héraðs- eða heilsugæslulækni og slökkviliðsstjóra, sem sýslu-
maður tilnefnir, þremur mönnum tilnefndum af hreppsnefndum í þremur

fjölmenustu hreppum sýslunnar og einum fulltrúa frá hverjum eftirtalinna samtaka: Slysavarnafélagi Íslands, Rauða krossi Íslands og Landsbjörg – landssambandi björgunarsveita. Skipa má fleiri en eina almannavarnanefnd í sýslu í samræmi við samstarf um almannavarnir skv. 2. mgr. 7. gr.

Í Reykjavík ræður borgarstjóri framkvæmdastjóra almannavarnanefndar. Á öðrum stöðum, þar sem eru fleiri en 5.000 íbúar, skal ráðinn framkvæmdastjóri, eftir atvikum í hlutastarf, að fengnu samþykki viðkomandi sveitarstjórna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi en varð ekki útrætt. Það er nú endurflutt óbreytt.

Hlutverk almannavarna er samkvæmt lögum að sjá um ráðstafanir sem koma í veg fyrir að almenningur verði fyrir tjóni af völdum hamfara eða annarrar vár.

Frumvarpið felur í sér þá breytingu frá núgildandi lögum um almannavarnir að fjölgað er í almannavarnaráði um þrjá fulltrúa, þ.e. frá Slysavarnafélagi Íslands, Rauða krossi Íslands og Landsbjörg – landssambandi björgunarsveita. Jafnframt er fjölgað í einstökum almannavarnanefndum um þrjá fulltrúa, þ.e. frá Slysavarnafélagi Íslands, Rauða krossi Íslands og Landsbjörg – landssambandi björgunarsveita.

Almannavarnaráð hefur með höndum heildarskipulag og stýrir starfsemi almannavarna og er ásamt ráðherra æðsta yfirstjórn almannavarna hérlendis. Almannavarnaráð stýrir framkvæmdum á ýmsum sviðum, þar á meðal eru:

1. Fjarskipti milli umdæma.
2. Gagna- og upplýsingasöfnun um hættu.
3. Mælingar á geislavirkni.
4. Viðvörðun og viðvörðunarkerfi.
5. Leiðbeiningar og almenningsfræðsla.
6. Kennsla yfirmanna og leiðbeinenda.
7. Eftirlit og umsjón með ráðstöfunum á sviði almannavarna vegna æðstu stjórnar landsins og mikilvægra stofnana ríkisins.
8. Söfnun birgða og varsla þeirra.

9. Skipulagning og yfirstjórn flutnings fólks af hættusvæðum.
10. Yfirstjórn aðstoðar milli umdæma og aðstoðar ríkisstofnana.
11. Umsjón með almannavörnum í héraði.

Almannavarnaráð skal einnig stuðla að athugunum á hættu, m.a. af ísa-lögum, eldgosum, jarðskjálftum, flóðum, snjóflóðum og skriðuföllum.

Auk almannavarnaráðs eru starfandi í hverju lögsagnarumdæmi almanna-varnanefndir. Í almannavarnanefndum eru nú helstu embættismenn viðkom-andi sveitarfélags auk tveggja til þriggja annarra einstaklinga.

Hlutverk almannavarnanefnda er samkvæmt lögum að skipuleggja og annast björgunar- og hjálparstörf vegna hættu eða tjóns sem skapast hefur af náttúruhamförum eða annarri vá. Almennavarnanefndum er þannig falin skipulagning og framkvæmd ýmissa ráðstafana innan umdæma þeirra samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur, þar á meðal eru:

1. Skipulagning og samræming hjálparstarfs og hjálparliða, þjálfun og búnaður.
2. Eftirlit með einkavörnum í íbúðarhúsum, atvinnufyrirtækjum og stofnunum.
3. Bygging, búnaður og rekstur opinberra öryggisbyrgja.
4. Stjórnstöðvar.
5. Fjarskiptakerfi.
6. Birgðasöfnun og rekstur birgðastöðva.
7. Undirbúningur og aðstoð vegna brottflutnings fólks og móttöku fólks af hættusvæði.
8. Aðrar ráðstafanir sem ráðherra ákveður, að fengnum tillögum almannavarnaráðs.

Það er ljóst að mikilvægt er að vel takist til um skipulagningu starfs almanna-varnanna. Mjög oft hefur reynt á almannavarnaráð og almanna-varnanefndir hérlendis. Mikilvægir samstarfsaðilar almennavarnaráðs og almennavarnanefnda þegar háska ber að höndum eru Slysavarnafélagið, Rauði krossinn og hjálparsevitirnar. Þessi þrenn samtök vinna að björgun mannlífa og verðmæta í náttúruhamförum og búa yfir mjög yfirgripsmikilli þekkingu á svæði almanna-varnanna og forvarnastarfs. Nú er kveðið á um það í reglugerð fyrir almennavarnaráð að þessi samtök eigi sameiginlega einn áheyrnarfulltrúa á fundum almanna-varnanna ráðs. Að mati flutningsmanns er slíkt fyrirkomulag alls ekki nægjanlegt heldur er brýnt að þessir aðilar fái

fulla aðild að almannavarnaráði og almannavarnanefndum. Fulltrúar þeirra geta gert mikið gagn með formlegri aðild að þessu stjórnkerfi auk þess sem slík skipun svarar betur til nútímans en fyrra fyrirkomulag.

Slysavarnafélag Íslands, Rauði kross Íslands og Landsbjörg – landssamband björgunarsveita starfa um allt land þannig að vandalaust er að standa að tilnefningum í almannavarnanefndir eins og hér er lagt til. Einnig er algengt að þeir aðilar sem sveitarstjórnir kjósa sérstaklega í almannavarnanefnd komi úr röðum einhverra þessara samtaka. Samtökin hafa nána samvinnu sín á milli og árangursríkt samstarf þeirra hefur bjargað fjölmörgum mannlífum.

Samræming aðgerða er mjög mikilvæg. Slysavarnafélag Íslands, Rauði kross Íslands og Landsbjörg–landssamband björgunarsveita vinna einstaklega mikilvægt starf á sviði almannavarna og því er þessi skipulagsbreyting nauðsynleg eins og samtökin hafa oft ályktað um á þingum sínum.

Þess ber að geta að í frumvarpinu er lagt til að forstjóri Landssímans komi í stað póst- og símamálastjóra, en það embætti er ekki lengur til. Af samsetningu almannavarnaráðs er ljóst hvernig löggjafinn hugsar sér yfirstjórn almannavarna, þ.e. með þátttöku æðstu embættismanna á sviðum sem snerta almannavarnir. Það sama á við Slysavarnafélag Íslands, Rauða kross Íslands og Landsbjörg – landssamband björgunarsveita. Þessi samtök, félagsmenn þeirra og starfslið, eru óaðskiljanlegur þáttur í starfi almannavarna. Ekki eru lagðar til aðrar efnisbreytingar á lögum um almannavarnir en að kveða á um aðild fulltrúa þessara samtaka í stjórnkerfi almannavarna.

Breytingin, sem hér er lögð til, mun efla og styrkja almannavarnir, er í takt við breyttar aðstæður og tryggir enn betur vönduð vinnubrögð við almannavarnir.

123. löggjafarþing 1998–99.
 Þskj. 688 – 415. mál.

Frumvarp til laga

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum.¹

Flm.: Ágúst Einarsson, Gísli S. Einarsson.

1. gr.

173. gr. a laganna orðast svo:

Hver sem andstætt ákvæðum laga um ávana- og fíkniefni lætur manni í té ávana- og fíkniefni gegn gjaldi eða á annan sérstaklega saknæman hátt skal sæta fangelsi allt að 12 árum en ekki skemur en tvö ár.

Sömu refsingu skal sá sæta sem gegn ákvæðum nefndra laga flytur inn, býr til, kaupir, flytur út, tekur við eða hefur í vörslum sínum ávana- og fíkniefni í því skyni að afhenda þau á þann hátt sem er greint er í 1. mgr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fíkniefna- eða eiturfjafvandinn er ein alvarlegasta hættan sem blasir við samfélagi okkar, einkum gagnvart ungu fólki. Þessi vandi er vaxandi hérlandis. Frumvarpinu er ætlað að taka á einum þætti vandans en í því er lagt til að refsingar fyrir brot á lögum um ávana- og fíkniefni verði þyngdar.

Í núgildandi lögum er ekki lágmarksrefsing fyrir fíkniefnabrot. Í frumvarpinu er lagt til að lágmarksrefsing verði tvö ár og að jafnframt verði hámarksrefsing fyrir fíkniefnabrot hækkuð úr 10 árum í 12 ár. Flutningsmenn telja að brýnt sé að þyngja refsirammann fyrir fíkniefnabrot eins og hér er lagt til. Núgildandi ákvæði voru sett fyrir 25 árum eða árið 1974 og þyngsti dómur sem kveðinn hefur verið upp í fíkniefnamáli hérlendis hljóðaði upp á sex ára fangelsi. Það er dómstóla að útfæra refsingu eftir

¹ Þessar hugmyndir um hækkun refsinga við fíkniefnabrotum voru síðar sett í lög.

lögum, en samþykki Alþingi þetta frumvarp er vilji löggjafans ótvírætt að þyngrja refsingar við fíkniefnabrotum.

Ekki liggja fyrir tölfraðilegar upplýsingar um fíkniefnabrot. Hins vegar gerðu Ingveldur Einarsdóttir og Sigurður T. Magnússon athugun árið 1997 á ákvörðun refsinga fyrir þjófnaðarbrot og líkamsárásir. Borin voru saman tvö tímabil, 1950–59 og 1994–95. Helstu vísbendingar athugunarinnar eru að brotum af þessu tagi hafi fjölgað verulega en refsing fyrir sambærileg brot hafi litlum eða engum breytingum tekið í tæpa hálföld.

Í könnun Helga Gunnlaugssonar frá 1994 um viðhorf Íslendinga til afbrota 1989–94 kom í ljós að fíkniefnaneysla er það afbrot sem almenningur telur vera mesta vandamálið hérlendis. Mikill meiri hluti almennings eða yfir 80% telur samkvæmt þessari könnun að refsingar séu helst til vægar eða alltof vægar.

Flutningsmönnum þykir ástæða til þess að benda á önnur úrræði sem geta spornað við fíkniefnavandanum, svo sem aukna fræðslu, forvarnir og meiri áherslu á meðferðarúrræði ungmenna sem hafa leiðst út í neyslu eiturflyfa. Einnig er vert að vekja sérstaka athygli á hugmynd sem Jörundur Guðmundsson varpaði fram í þingræðu á Alþingi í haust. Þar lagði hann til að í flughöfnum og annars staðar þar sem ferðamenn koma til landsins yrðu sett upp stór skilti á helstu tungumálum þar sem vakin væri athygli á þungum refsingum fyrir smygl á fíkniefnum. Hann vísaði til ýmissa landa sem beitt hefðu þessu einfalda úrræði á árangursríkan hátt. Að mati flutningsmanna ætti strax að hrinda þessu í framkvæmd á Keflavíkurflugvelli.

Í frumvarpinu er jafnframt lagt til almennara orðalag en er í núgildandi lögum. Þess má geta að lagagrein frumvarpsins tilheyrir þeim kafla hegningarlaganna sem fjallar um brot sem hafa í för með sér almannahættu. Fíkniefnabrot eins og smygl á eiturflyfum eru vaxandi vandamál í heiminum og víða eru mun þyngrri refsingar við fíkniefnabrotum en tíðkast hérlendis. Frumvarpinu er fyrst og fremst ætlað að taka á smygli og sölu á eiturflyfum en refsingar fyrir þau brot hafa ekki dugað til að draga úr þessu vandamáli. Flutningsmenn telja sérstaklega alvarlegt þegar börnum eða ungmönnum undir lögaldri eru látin í té ávana- og fíkniefni. Eiturflyfin verða sífellt hættulegri og fjölmargir Íslendingar, einkum ungt fólk, hafa látið lífið af þeirra völdum. Þótt auknar refsingar séu ekki alltaf besta ráðið til að stemma stigu við glæpsamlegu athæfi er það mat flutningsmanna að hertar refsingar séu rétt leið við núverandi aðstæður í baráttunni við fíkniefni.

126. löggjafarþing 2000–2001.

Þskj. 92 – 92. mál.

Tillaga til þingsályktunar

um samkeppnishæfa menntun og nýja stefnu í kjaramálum kennara.¹

Flm.: Ágúst Einarsson, Bryndís Hlöðversdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Sighvatur Björgvinsson, Einar Már Sigurðarson, Svanfríður Jónasdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að kjósa nefnd til að vinna að tillögum um menntamál og efla þannig menntun og skólastarf hérlendis til að standast alþjóðlegan samanburð með eftirfarandi markmið að leiðarljósi:

- a. auka fjármagn til menntamála til samræmis við nágrannalöndin, einkum norrænu löndin,
- b. fjölga þeim sem ljúka framhaldsskólaprófi,
- c. lækka útskriftaraldur úr framhaldsskólum um eitt til tvö ár,
- d. gera fjölþjóðlegan samanburð á kjörum og vinnutíma kennara,
- e. bæta kjör kennara samhliða bættu skólakerfi á alþjóðlegum mælikvarða,
- f. verja álíka fjármagni til háskólastigsins og nágrannalöndin,
- g. tengja öll heimili og skólastofur netinu og efla rafræn bókasöfn.

Í nefndinni sitji fulltrúar stjórnmalaflokka og helstu samtaka á sviði skólamála, svo sem frá félögum kennara, nemenda og skólastjórna, fulltrúar einstakra skólastiga, helstu skóla, sveitarfélaga, bókasafna og samtaka foreldra, svo og fulltrúar samtaka á vinnumarkaði.

Í tillögum nefndarinnar komi fram hvort og hversu mikið auka eigi fjárfrahlög til menntamála á næstu árum til að aðrar tillögur nefndarinnar nái fram að ganga.

¹ Í þessari tillögu voru fjölmargar töflur og myndir með tölulegum upplýsingum en þeim er hér sleppt enda er fjallað um helstu efnisatriði þeirra upplýsinga í tillögugreininni sjálfri.

Greinargerð.

Inngangur.

Flutningsmenn telja eitt brýnasta verkefni samtímans í íslenskum þjóðmálum að hefja stórsókn í menntamálum. Sú leið sem er farin með þessari þingsályktun er að Alþingi skipi nefnd sem vinni að tillögum í menntamálum sem hafa það að markmiði að bæta stöðu okkar í alþjóðlegum samamburði. Eins og sýnt er síðar fram á í greinargerðinni vantar mikið á í mörgum atriðum að við séum með sambærilega stöðu og aðrar þjóðir.

Flutningsmenn telja það skynsamlega aðferðafræði að setja sem viðmið í menntamálum það sem best gerist erlendis og því er tillögunni ætlað að taka fyrst og fremst mið af samamburði við útlönd. Nefndina munu skipa fulltrúar stjórnmalaflokka og frá samtökum og stofnum sem þekkja vel til menntamála og þannig er leitað eftir þjóðarátaki á þessu sviði. Flutningsmenn telja að ná eigi þjóðarsátt um að efla menntakerfið og gera það samkeppnishæft við nágrannalöndin.

Flutningsmenn sem eru allir í þingflokki Samfylkingarinnar byggja á stefnumótun Samfylkingarinnar frá stofnfundi hennar síðastliðið vor. Jafnaðarmenn telja að í menntun og menningu felist uppspretta framfara í efnahags-, atvinnu- og velferðarmálum á nýrri öld. Uppbygging þekkingarumhverfis er forsenda þess að Ísland skapi ungu fólki vænleg lífsskilyrði. Samfylkingin vill því stórauka fjárfestingu í menntun til að auka samkeppnishæfni þjóðarinnar á alþjóðamarkaði og bæta lífskjör og mannlíf á Íslandi. Hún vill hindra að stéttaskipting verði milli þeirra sem fá tækifæri til að afla sér menntunar og hinna sem ekki fá slíkt tækifæri. Þess vegna leggur Samfylkingin höfuðáherslu á að tryggja aðgang allra að þeirri þekkingu sem nú byltir fyrri atvinnuháttum. Flutningsmenn leggja áherslu á að bæta menntakerfið í þeim skilningi að byggt sé á því sem fyrir er og stofnanir og innviðir styrktir verulega frá því sem nú er.

Samfylkingin vill aukið frumkvæði og sköpunargleði inn í skólana í stað miðstýringar, stöðlunar og samkeppnisnáms að hætti núverandi stjórnvalda. Það eru sameiginlegir hagsmunir hins opinbera, samtaka launafólks og atvinnufyrirtækja að veita fólki möguleika á símenntun og starfsmenntun. Flutningsmenn telja að efling starfsmenntunar í atvinnulífínu stuðli að bættum hag starfsfólks og fyrirtækja og sé ein meginleið þeirra sem ekki finna að öðru leyti úrlausn í almennu skólakerfi. Fólk í atvinnulífínu verður að eiga kost á símenntun, ekki hvað síst ófaglært starfsfólk, enda verður menntakerfið að ná til allra.

Samfylkingin leggur mikla áherslu á menntun kennara því hún er lykill að breyttu menntakerfi, ekki hvað síst á sviði fjarkennslu. Samfylkingin vill treysta innviði upplýsingasamfélagsins. Flutningsnetin eru mikilvægir innviðir upplýsingasamfélagsins sem tryggja verður að þjóni almannahagsmunum; einstaklingum, menntastofnunum og atvinnulífinu til fram-búðar.

Menntamál eru hið nýja almannatryggingakerfi jafnaðarmanna. Í tillögu-greininni er vakin athygli á fjölmörgum þáttum sem flutningsmenn telja að eigi að verða hluti af tillögum nefndarinnar.

Gagnaöflun nefndarinnar.

Starf nefndarinnar krefst margvíslegrar gagnaöflunar og er bent á að byggja á svörum við eftirfarandi spurningum við mótun tillagnanna:

1. Hverjar eru ástæður þess að Íslendingar verja mun minna fjármagni til menntamála en margar nágrannabjóðir og langtum minna en aðrar Norðurlandabjóðir?
2. Hvaða aðgerðir eru nauðsynlegar til að hækka hlutfall þeirra sem ljúka framhaldsskólaprófi?
3. Hver er kostnaður á hvern nemanda á einstökum skólastigum í samanburði við önnur lönd?
4. Hverjar eru ástæður þess að meðalaldur nemenda sem ljúka framhaldsskólaprófi innan ríkja OECD er langhæstur á Íslandi og hvaða aðgerðir þarf til að nemendur ljúki framhaldsskólaprófi einu til tveimur árum fyrr en nú er?
5. Hverjar eru helstu leiðir til að efla háskólamenntun hérlendis?
6. Hvernig er hægt að auka hlut rannsókna og þróunar í íslensku hagkerfi?
7. Hvaða ráðstafanir eru nauðsynlegar til að íslensk stjórnvöld vinni og skili sambærilegum gögnum til erlendra hagstofnana í sama mæli og aðrar þjóðir?
8. Hvernig er vinnutími og launakjör kennara á einstökum skólastigum í samanburði við erlenda starfsbræður og -systur og hversu algengt er að kennarar hérlendis stundi störf samhliða kennslu í samanburði við önnur lönd?
9. Hvernig er hægt að bæta kunnáttu íslenskra nemenda á grunn- og framhaldsskólastigi þannig að þeir komi betur út í alþjóðlegum náms-samanburði?

10. Hvaða ráðstafanir eru nauðsynlegar til að gera Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni kleift að komast í hóp vel útbúinna bóksafna og vera í fremstu röð á sviði rafrænna bóka og tímarita?
11. Hvernig er hægt að stuðla að því að innan fárra ára verði allar skólastofur á Íslandi og öll heimili komin með nettengingu?
12. Hvernig er háttað umfangi kennslugagna á móðurmálinu á einstökum skólastigum í samanburði við önnur lönd og hvaða ráðstafanir eru nauðsynlegar til auka námsefni á íslensku í skólakerfinu?

Framlög Íslands til menntamála miðað við önnur lönd.

Alþjóðlegur samanburður er sífellt að verða betri og meira lagt upp úr honum í þjóðmálaumræðu erlendis. Það er einkennandi hvað hér er skilað litlu af upplýsingum til alþjóðlegra stofnana eins og Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) en menntamálaráðuneyti, Hagstofa og Þjóðhagsstofnun eru þeir opinberu aðilar sem eru ábyrgir fyrir slíkri gagnasöfnun. Eitt af þeim atriðum sem nefndinni er ætlað að kanna er hvaða ástæður eru fyrir því að svo slæga sé að verki staðið og á hvaða hátt úrbætur verði gerðar.

Helsti mælikvarði í alþjóðlegum samanburði á stöðu menntamála er hve miklum fjármunum er varið til þeirra sem hlutfall af landsframleiðslu. Landsframleiðslan hérlendis á þessu ári er áætluð um 680 milljarðar. Eitt prósentustig er því 6,8 milljarðar. Í samræmi við alþjóðlega staðla og vinnubrögð eru allar fjárhæðir sem eru sýndar eða vísað er til í samanburði í þessari þingsályktun í Bandaríkjadöllum og á mælikvarða kaupmáttarvirðis (PPP) þannig að um sambærilega hluti er að ræða.

Opinber útgjöld ríkja OECD til menntamála sem hlutfall af landsframleiðslu fyrir árið 1997, en þær upplýsingar eru fengnar úr riti OECD, Education at a Glance – Indicators 2000, sem OECD gaf það út á þessu ári, sýna að við vörðum 5,1% af landsframleiðslunni til menntamála á viðmiðunarárinu. Við erum í 13. sæti af 28 ríkjum. Meðaltalið er 5,1% en aðrar Norðurlandþjóðir eru langt fyrir ofan og raða sér í efstu sætin. Svíþjóð ver 6,8% af landsframleiðslunni til menntamála, Noregur 6,6%, Danmörk 6,5% og Finnland 6,3%. Þessar tölur eru þær nýjustu í alþjóðlegum samanburði. Fleiri upplýsingar úr þessu riti, sem er það helsta í heiminum á þessu sviði, eru í þessari greinargerð.

Það eru umtalsverðar fjárhæðir sem þarf til ef við viljum bæta okkur í þessum málum og eitt helsta viðfangsefni nefndarinnar verður að gera tillögur um hvernig það verði gert.

Fjöldi þeirra sem ljúka framhaldsskólaprófi hérlandis.

Eitt helsta vandamálið í íslensku menntakerfi er hve fáir hafa lokið framhaldsskólaprófi í samburði við önnur lönd. Framhaldsskólastigið hefur lengi verið hornreka í íslensku skólakerfi. Það markast einkum annars vegar af lítilli áherslu á margvíslegt verknám, en slíkt skólastarf er dýrara en bóknaðsbrautir, og hins vegar er fall og brotthvarf nemenda í framhaldsskólum mjög mikið.

Í meira en áratug hefur það legið ljóst fyrir að allt að þriðjungur þeirra sem hefja nám í framhaldsskóla hverfur frá því án formlegra námsloka, en aðgerðir til að bæta úr þessu hafa verið fálmkenndar og borið afar lítinn árangur. Samtenging starfsmenntunar í atvinnulífi og skólakerfis er mikilvægasta leiðin til að gera þessum hópi kleift að ljúka prófi. Hún getur enn fremur náð til margra úr eldri kynslóð því reynslan sýnir að það skortir ekkert á vilja fullorðinna Íslendinga til að afla sér menntunar.

Einungis 55% landsmanna á aldrinum 25 til 64 ára hafa lokið framhaldsskólaprófi og erum við í 21. sæti af 29 þjóðum OECD. Meðaltal allra þjóðanna er 61% og erum við langt fyrir neðan það. Meðaltalið fyrir aðrar Norðurlandþjóðir er 76%. Þarna höfum við dregist verulega aftur úr og mun það hafa veruleg áhrif á lífskjör okkar í framtíðinni og rýra samkeppnisstöðu okkar í samfélagi þjóðanna ef þessu er ekki snúið við. Það liggur fyrir að verulegt vinnuafli vantar á næstu árum og áratugum og besta leiðin til að mæta þeirri þörf er með bættri menntun sem eykur framleiðni í hagkerfinu.

Sýnt hefur verið fram á að beint samband er milli hagvaxtar og fjölda þeirra sem sækja framhaldsskóla í einstökum löndum. Við getum því auðveldlega aukið hagvöxt og bætt lífskjör ef fleiri stunda námi í framhaldsskólum og ljúka því. Brýnt er að auka náms- og starfsfræðslu innan og utan skólakerfisins og vera með öflugra ráðgjöf handa öllum ungmennum til 18 ára aldurs. Flutningsmenn leggja því til að í tillögum nefndarinnar verði sérstaklega mótuð stefna í því hvernig auka á hlutfall þeirra sem ljúka framhaldsskólaprófi.

Ný stefna í kjaramálum kennara.

Flutningsmenn leggja til að aflað verði gagna um kostnað á hvern nemanda á einstökum skólastigum. Slíkri tölfræði er safnað af OECD en Ísland skilar ekki inn gögnum fyrir þennan þátt nema fyrir leikskólastigið. Útgjöld á hvern nemanda á leikskólastiginu er álíka og meðaltal OECD-ríkja. Reyndar er til eldri alþjóðlegur samburður um kostnað á nemanda á

grunnskólástiginu og þá vorum við mjög neðarlega eða í 16. sæti af 24 þjóðum.

Eitt af því sem vekur sérstaka athygli í alþjóðlegum samanburði er hversu seint íslenskir nemendur ljúka framhaldsskólaprófi. Meðalaldur hér er 20 ár við lok framhaldsskóla en meðaltalið innan OECD er 18 ár. Þótt ekki sé rétt að alhæfa um kosti lágs útskriftaraldurs, enda oft um erfiðan samanburð að ræða og mismunandi skóla, bendir margt til þess að skynsamlegt sé að lækka útskriftaraldur úr framhaldsskóla til samræmis við það sem er algengt erlendis. Ekkert ætti að vera því til fyrirstöðu að lækka hann í 19 ár eða 18 ár. Það krefst uppstokkunar í framhaldsskólum og grunnskólum en slík uppstokkun er einmitt nauðsynleg að mati flutningsmanna.

Uppstokkunin tengist einnig starfi og starfskjörum kennara og er mikilvægur liður í því að meta kennarastarfið betur til launa en nú er gert og tengist breytingum á námskrám og menntun kennara. Þannig sýndi könnun Félags grunnskólakennara á þessu ári að tæpur fjórðungur kennara í grunnskólum er í annarri launaðri vinnu á veturna samhliða skólastarfinu.

Lækkun útskriftaraldurs úr framhaldsskólum sem snertir skipulag á grunnskóla- og framhaldsskólástiginu hefur í för með sér umtalsverðan sparnað sem m.a. er hægt að nýta til að bæta skólastarf og starfskjör kennarastéttarinnar.

Ef launakjör kennara eru borin saman á alþjóðlegum vettvangi kemur í ljós að Íslendingar hafa ekki skilað inn gögnum í alþjóðlegan samanburð. Flutningsmenn hafa þó skoðað laun íslenskra grunnskólakennara í alþjóðlegu samhengi. Miðað við að heildarlaun grunnskólakennara eftir 15 ára starf séu 180.000 og þau borin saman við laun kennara annars staðar á PPP-mælikvarða kemur í ljós að íslenski kennarinn er í 14. sæti af 26. Lagt er til í tillögugreininni að ítarlegur samanburður verði gerður á launakjörum og vinnutíma kennara hérlendis og erlendis.

Á næstunni fara fram kjaraviðræður opinberra aðila við samtök kennara. Flutningsmenn leggja til að í þeim viðræðum verði m.a. höfð til hliðsjónar sú stefnumótun sem kemur fram í þessari tillögu, þ.e. efla íslenska menntakerfið í samanburði við önnur lönd. Slík aðferðafræði felur m.a. í sér uppstokkun á náms- og kennslutíma og skipulagi skóla og hefur í för með sér bætt skólastarf sem samhliða ætti að launa á svipaðan hátt og er algengast í nágrennalöndunum. Ef skólakerfi okkar á að standast samanburð á alþjóðavísu verða starfsskilyrði kennara einnig að standast slíkar kröfu.

Með þessum hætti er brotið blað í kjarabaráttu hérlendis þar sem í fyrsta lagi er gert átak til að bæta þá mikilvægu opinberu þjónustu sem skólstarfið

er, í öðru lagi er sú endurbót tengd góðum árangri á heimsmælikvarða og í þriðja lagi taki launakjör starfsmanna mið af slíku. Jafnaðarmenn telja þetta farsæla leið til eflingar skólustarfs sem stuðli að bættum kjörum með endurskipulagningu og er í fullu samræmi við markmið jafnaðarmanna um stöðugleika í efnahagslífinu og ábyrga hagstjórn.

TIMSS-rannsóknin.

Ýmis samanburður hefur verið gerður á undanförunum árum á námsgetu nemenda í grunn- og framhaldsskólum. Árið 1995 var birt niðurstaða úr alþjóðlegum samanburði í náttúrufræði og stærðfræði, svokölluð TIMSS-rannsókn. Íslenskir nemendur komu ekki vel út úr þeim samanburði.

Í TIMSS-rannsókninni sýndu niðurstöður fyrir 8. bekk í náttúrufræði og stærðfræði að við lentum í 26. sæti af 29 og erum töluvert fyrir neðan meðaltal. Meðaltal þjóðanna fyrir stærðfræði var 520 stig en okkar skor var 487 stig. Í náttúrufræði var meðaltal þjóðanna 527 stig en okkar skor 494 stig. Svipuð niðurstaða fékkst við samanburð í 4. bekk.

Sambærileg könnun var gerð fyrir framhaldsskólastigið og var staða okkar þar betri en á grunnskólastiginu. Niðurstaðan sýnir þó ótvírætt að nemendur í þessum námsgreinum hérlendis standa sig ekki eins vel og nemendur í mörgum öðrum löndum. Þótt ekki eigi að ofmeta þessar niðurstöður, enda er slíkur samanburður ekki einfaldur, telja flutningsmenn þetta þó enn eina vísbendinguna um að mikilla endurbóta sé þörf í menntamálum Íslandinga.

Mjög slök staða á háskólastiginu.

Háskólaskýrslan frá árinu 1997 er ein fyrsta alvöruskýrslan um samanburð á skólum hér og erlendis. Hún var lögð fram á Alþingi að beiðni þingmanna jafnaðarmanna. Þar kom m.a. fram að við stöndum öðrum þjóðum langt að baki. Síðari rannsóknir hafa staðfest það.

Framlög til háskólastigsins eru mjög lág hérlendis miðað við aðrar þjóðir. Við erum í 23. sæti af 28 þjóðum á viðmiðunarárinu og verjum við þá 0,7% af landsframléislunni til háskólastigsins en meðaltalið er 1%. Aðrar Norðurlandapjóðir eru langt fyrir ofan okkur. Að mati flutningsmanna er forgangsverkefnið í uppstokkun menntamála að efla háskólastigið og gera það sem fyrst sambærilegt því og er í nágrannalöndunum.

Í hinu nýja þekkingarsamfélagi og nýja hagkerfi ræður menntun mestu um hvernig lífskjör verða í framtíðinni. Þar verðum við að standa öðrum þjóðum vel á sporði ef ekki á að fara illa en slíkt gæti m.a. leitt til þess að ungt

fólk kysi frekar að setjast að erlendis en á Íslandi. Hvað varðar fjölda íbúa á aldrinum 25 til 64 ára sem hefur lokið háskólaprófi hérlendis erum við í 8. sæti af 27 þjóðum. Staða okkar er vel viðunandi í þeim samanburði en lítið má út af bregða.

Það er ljóst af þessu að Háskóli Íslands og aðrir skólar á háskólastigi skila mörgum til prófs fyrir litlar fjárveitingar en rannsóknartengt framhaldsnám er mun minna. Þetta veldur gæðarýrnun til lengri tíma. Það er því mjög brýnt að fylgja eftir auknum áhuga á háskólanámi með því að gera þeim skólum sem bjóða slíkt nám hér vel kleift að mæta slíkri þörf auk þess að efla rannsóknarþáttinn, einkum innan Háskóla Íslands. Nefndin mun fjalla ítarlega um þetta og leggja fram tillögur um það hvernig best sé að efla háskólamenntun hérlendis.

Mikilvægi háskólastigsins kemur m.a. fram í því að án öflugra rannsókna og þróunarvinnu mætum við ekki breyttum atvinnuháttum. Við erum mjög slök í rannsóknum og þróunarvinnu sem eiga að standa undir lífskjörum framtíðarinnar. Það vantar tæpan þriðjung að við náum meðaltali OECD-ríkja í þeim málaflokki. Þótt rannsóknir og þróunarvinna hafi aukist síðustu árin stöndum við enn langt að baki öðrum þjóðum.

Þetta endurspeglast í öðrum könnunum. Í nýrri svissneskri samkeppnisskýrslu fór Ísland úr 18. í 24. sæti milli ára, m.a. vegna þess hversu slök við erum í rannsóknum og þróun. Hér vantar fyrst og fremst starfsemi fyrirtækjanna sjálfra en rannsóknir og þróun eru langtímaverkefni og lykillinn að árangri er gott skólakerfi. Í tillögregreininni er lagt til að nefndin leggi fram tillögur um hvernig sé hægt að auka hlut rannsókna og þróunar í íslensku hagkerfi.

Áherslur jafnaðarmanna í menntamálum.

Jafnaðarmenn telja að menntun og menning séu ekki einungis forsendur fyrir betri lífskjörum framtíðarinnar heldur séu þau lífsgæði í sjálfu sér, gefi lífinu innihald, takmark og fullnægingu. Jafnaðarmenn líta á það sem hlutverk sitt að móta stefnu á sviði menningar og menntunar sem svarar til breyttra aðstæðna í heiminum.

Hinar öru tæknilegu, stjórnmálalegu, efnahagslegu og félagslegu breytingar undanfarinna ára þýða að samfélag okkar stendur frammi fyrir nýjum ákvörðunum um framtíðina. Þessar ákvarðanir varða einkum æskuna. Jafnaðarmenn vilja gera kynslóðasamning við æsku þessa lands um framtíðina. Menntun hennar er ekki einungis mikilvægasta fjárfestingin heldur er hún samfélagsleg skylda og forsenda þess að takist að leysa þau vandamál sem

blasa við jarðarbúum á sviði umhverfismála, misskiptingar og fólksfjölgunar. Hinn nýi kynslóðasamningur við æskuna nær til menntunar, vinnu, umhverfis og félagslegs jafnréttis.

Það er markmið jafnaðarmanna í Evrópu að skila álfunni til komandi kynslóða þannig að hún einkennist af menningu og nýrri tækni. Markmið okkar jafnaðarmanna hafa ekki breyst, þau eru bræðralag, jafnrétti, velmegun, friður, lýðræði, sjálfbærni og víðsýni gagnvart öðrum þjóðum. Við erum samfélag og tengjumst saman í frelsi, umburðarlyndi og samstöðu í opnu lýðræðislegu þjóðfélagi. Jafnaðarmenn telja að betri menntun og aukin samskipti auki líkur á friði í heiminum og meiri samstöðu milli þjóða og skapi þannig skilyrði fyrir réttlátari heimi. Engin þjóð getur skilið sig frá þeirri ábyrgð sem hún ber gagnvart samborgurum sínum þótt í öðrum löndum séu.

Jafnrétti kvenna og karla í menntun, starfi og samfélagi er rauði þráðurinn í stefnu jafnaðarmanna í mennta- og menningarmálum. Menntun er samfelld frá leikskóla til háskóla og tengsl milli skólastiga þarf að styrkja. Menntun er ekki bundin við eina kynslóð heldur allar. Endurskoðun Lánasjóðs íslenskra námsmanna verður að vera gerð í tengslum við önnur kerfi sem hafa áhrif á lífsafkomu ungs fólks, t.d. húsnæðis- og skattakerfi. Við erum langt á eftir öðrum Norðurlandþjóðum í stuðningi við námsmenn, m.a. vegna þess að við höfum enga námsstyrki. Í tillögunni er lagt til að kanna hvort blandað kerfi lána og styrkja, eins og er víðast, sé ekki heppilegri leið.

Eitt helsta markmið jafnaðarmanna er að tryggja að menntun Íslendinga sé með því besta sem gerist í heiminum. Það er grundvallaratriði að við tryggjum af opinberri hálfu góða menntun fyrir alla. Menntun undirbýr börn okkar að lifa hamingjusömu lífi, taka þátt í lýðræðislegu skipulagi okkar, njóta menningar og lista og samvista við aðra. Mennta- og menningarstefna jafnaðarmanna er ekki eingöngu fyrir suma heldur fyrir alla. Félaglegt réttlæti verður að ríkja í menntakerfinu. Það þýðir að ekki skal mismuna fólki eftir fjárhagslegri stöðu, kyni, uppruna né öðrum þáttum sem marka fjölbreytni einstaklinga í þjóðfélagi okkar.

Með menntun fyrir alla er átt við að allir eigi sömu möguleika til sambærilegrar menntunar hvort sem um leikskóla eða háskóla er að ræða. Við viljum ekki samfélag þar sem menntun barna ræðst af efnahag foreldra. Jafnaðarmenn hafna skólagjöldum sem er mismunun einstaklinga í samfélaginu á sviði þar sem jafnræði er hornsteinn. Skólagjöld tryggja forgang hinna ríku að góðri kennslu, en aðrir sitja eftir. Slíkt kerfi útilokar marga frá menntun eins og reynslan sýnir víða erlendis og er aldrei

ásætтанlegt fyrir jafnaðarmenn. Menntun er verkefni opinberra aðila til að tryggja jafnræði. Hægri menn h rlendis og erlendis vilja n yta markaðsl gm lin   menntakerfinu og fj rhagslega yfirbur i sem t ki til   velja þ  sem halda til mennta e a hafna þeim. Jafna armenn berjast gegn þeirri stefnu.

Menntun l kur aldrei. Endurmenntun og s menntun skipta miklu meira m li n  en fyrir nokkrum  rum og     vera hluti sk laskyldu. Helmingur t kniþekkingar  reldist   hverjum t u  rum og helmingur t lvuþekkingar   hverjum tveimur  rum.   starfsferli s rhvers einstaklings eru fundin upp 80–90% af þeirri v sinda- og t kniþekkingu sem hann notar. Þessar sta reyndir krefjast þess   samf lagi  allt s  skipulagt sem ein menntastofnun.

Lokaor .

Vi  breytingu samf lagsins   þekkingar- og uppl singasamf lag ver a til n jar kr fur. Ef ekki er brug ist flj tt vi  eru l kur   því    slendingar dragist enn frekar aftur  r n gr nnum s num. Þa  er markmi    menntastefnu jafna armanna   innan  rf rra  ra ver i  ll heimili me  t lvur og nettengingu. S rhver sk lastofa    slandi skal hafa m guleika   nettengingu.   til-l gugreininni er lagt til   m ta ar ver i till gur til  tf rslu þessara hugmynda.

Jafna armenn telja   menntastefna s  eitt mikilv gasta verkf ri    bygg astefnu framt darinnar. Fjarn m, tenging sk lastarfs   dreifb yli vi  sk la   þ ttb yli og tengsl sk la og atvinnul fs er forsenda fyrir því   m guleikar til menntunar s u samb rilegir um land allt. A gangur   menntastofnunum     vera  h  ur b setu og efnahag.

Mikilv gur hluti af menntastefnu jafna armanna er   gefa landsm nn-um anna  t kif ri   svi i menntunar. Um helmingur landsmanna l kur ekki n mi eftir grunnsk la og margir hafa hr kklast fr  n mi. Þennan h p þyrstir   menntun en hann hefur n  einungis t kif ri til   lj ka framhaldssk lapr fi me  n mi    ldungadeildum. Þessu f lki þarf   veita betra t kif ri, m.a. me  samstilltu  taki   ila vinnumark darins, sveitarf laga og r kisvalds. S rhver einstaklingur   r tt     koma aftur inn   skipulagt sk la-starf ef hugur hans stendur til þess.

Jafna armenn vilja s tt milli opinberra  ila og kennarast ttarinnar, s tt sem tekur mi  af því   kennarastarfi  s  meti  til launa eins og e lilegt er, samr   s  virt og samvinna og samskipti skipul g  þannig   kennarar l ti   opinbera  ila, hvort sem er r ki e a sveitarf l g, sem samstarfsa ila vi   tf rslu n t malegrar menntastefnu. Vi  þurfum vel mennta a kennara sem

eru ánægðir með starfsskilyrði sín, laun og aðstöðu. Í þessari tillögu er lögð til ný stefna í þessum efnum.

Einn veikasti þáttur í íslensku skólastarfi er skortur á námsefni og námsgögnum. Jafnaðarmenn telja það brýnt í nýrri menntastefnu að efla námsgagnagerð með auknum fjárframlögum, fleira starfsfólki og nýtingu nútímaligrar tækni þannig að íslenskir nemendur hafi sambærilegan aðgang að góðum námsgögnum eins og gerist best í öðrum löndum. Í tillögunni er lagt til að mótaðar verði tillögur til að bæta stöðuna á þessu sviði og gera m.a. Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni kleift að komast í hóp vel útbúinna bókasafna og verða í fremstu röð á sviði rafrænna bóka og tímarita.

Jafnaðarmenn telja að menntakerfið sé mikilvægasti þátturinn í að tryggja samkeppnishæfni landsins, einstaklinga og fyrirtækja. Samkeppni hefur aukist á alþjóðlegum mörkuðum og betri menntun verður sífellt mikilvægara tæki fyrir einstök fyrirtæki til að skapa sér samkeppnisforskot.

Nýir möguleikar blasa við í menntamálum, hagnýting upplýsingasamfélagsins, aukin endurmenntun, fjarnám og aukin alþjóðavæðing í hinu nýja hagkerfi. Þessi tækifæri er ekki hægt að nýta nema til komi ný menntastefna og snúið sé af braut metnaðarleysisins sem einkennt hefur menntamál á Íslandi í tæpa tvo áratugi. Jafnaðarmenn eru reiðubúnir að leiða þá stefnbreytingu.

126. löggjafarþing 2000–2001.

Þskj. 122 – 122. mál.

Frumvarp til laga

um breyting á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum.

Flm.: Ágúst Einarsson, Margrét Frímannsdóttir, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

Á eftir 63. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi:

Starfsmenn hlutafélags sem hefur að meðaltali haft 35 starfsmenn eða fleiri síðustu þrjú ár hafa rétt til að kjósa ákveðinn fjölda stjórnarmanna sem svarar til helmings þess fjölda stjórnarmanna sem valdir eru á annan hátt. Svo fremi sem fjöldi stjórnarmanna, sem er heimilt að kjósa af hálfu starfsmanna skv. 1. málsl., er ekki heil tala skal hækkað upp í næstu heila tölu.

Kosning fulltrúa starfsmanna í stjórn félags skv. 1 mgr. fer fram á almennum fundi starfsmanna félagsins sem skal haldinn a.m.k. einni viku fyrir aðalfund félagsins, sbr. 84. gr. Allir starfsmenn hlutafélagsins, sem eru fastráðnir á fundardegi, eru kjörgengir og eiga rétt til setu á þessum almenna fundi starfsmanna. Við kosningu stjórnarmanna og varamanna á slíkum fundi ræður afl atkvæða og hefur hver fastráðinn starfsmaður eitt atkvæði eða hlut úr atkvæði, sé um hlutastarf að ræða.

Um stjórnarmann sem kosinn er skv. 1. og 2. mgr. gilda ákvæði þessara laga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Kosnir starfsmenn skulu þegar taka sæti í stjórn viðkomandi félags en það skal í síðasta lagi á næsta aðalfundi eftir gildistöku laganna aðlaga samþykktir sínar lögunum.

Greinargerð.

Frumvarp þetta fjallar um atvinnulýðræði en með því er átt við leiðir til að auka áhrif starfsmanna innan fyrirtækja. Frumvarpið var fyrst flutt á 121. þingi og með öðrum efnistöku á 122. þingi, en það varð ekki útrætt og er því endurflutt.

Um atvinnulýðræði.

Oft er rætt um tvær meginleiðir til að auka áhrif starfsmanna innan fyrirtækja. Annars vegar er gert ráð fyrir að starfsmenn komi að málum sem snerta vinnutilhögun, svo sem vinnutíma, aðbúnað, kaup og kjör. Hins vegar er sú leið að auka áhrif starfsmanna á stjórnun fyrirtækja. Hvorugt er útbreitt hérlendis og eru Íslendingar langt á eftir nágrannaþjóðunum hvað varðar þessa þætti í skipulagi atvinnulífsins.

Í mjög langan tíma hefur samband fjármagns og vinnu verið einn af meginþáttum í fræðilegri umfjöllun innan hagfræði og þjóðfélagsvísinda. Áður fyrr var meginreglan varðandi fyrirtækjarekstur sú að eigendur fjármagnsins, þ.e. eigendur viðkomandi fyrirtækis, höfðu allt ákvörðunarvald og alla ábyrgð í fyrirtækinu en launafólk var því samningsbundid. Þetta skipulag í atvinnulífinu hefur breyst mikið á undanförunum áratugum.

Í nútímafyrirtækjum eru þrír ráðandi hópar, þ.e. eigendur, æðstu stjórnendur og starfsmenn. Æðstu stjórnendur, þ.e. framkvæmdastjórar, eru oft meðal eigenda en það er síður en svo algilt. Eigendur og æðstu stjórnendur starfa hins vegar náið saman og koma oftast fram sem ein heild gagnvart starfsmönnum við samninga um kaup og kjör. Þótt eigendur fyrirtækja fari með hið formlega vald hafa áhrif og völd æðstu stjórnenda aukist verulega um hinn vestræna heim undanfarna áratugi.

Hægt er að skipta atvinnulýðræði í nokkur stig þar sem fyrsta stigið er óformleg upplýsingagjöf frá æðstu stjórnendum og eigendum til starfsmanna. Næsta stig er samráð um starfsumhverfi eða afmarkaða þætti í stjórnun fyrirtækisins. Þriðja stigið er að ráðandi hópar fyrirtækisins, þ.e. eigendur, æðstu stjórnendur og starfsmenn, taka sameiginlega ákvarðanir um stjórnun þess.

Rökin fyrir auknum áhrifum starfsmanna eru m.a. þau að með auknu samstarfi og upplýsingastreymi er hægt að ná fram hagkvæmum áhrifum á rekstur fyrirtækis og stöðu starfsmanna. Aukið atvinnulýðræði bætir starfsanda í fyrirtæki, veitir stjórnendum aðhald, bætir kjör og eykur lýðræðislega stjórnunarhætti. Atvinnulýðræði vinnur gegn óeðlilegri valdasambjöppun og er hluti af fyrirtækjamenningu sem er félagsleg umgjörð um starfsemi fyrirtækis. Það er sífellt mikilvægari þáttur í nútímastjórnun.

Fleiri rök fyrir aðild starfsfólks að stjórnun fyrirtækja eru m.a. að tekið er tillit til hagsmuna starfsmanna með því að veittur er betri aðgangur að reynslu og upplýsingum starfsmanna, að ráðstöfunarfrelsi stjórnanna sé takmarkað þegar um er að ræða aðgerðir sem eru mjög óvinsælar meðal starfsmanna og að tekið er meira tillit til þjóðfélagslegra afleiðinga af

stefnu fyrirtækisins, svo sem hvað varðar staðsetningu, líðan starfsmanna á vinnustað, tryggingu atvinnu og mengun.

Fyrirtæki hafa í auknum mæli fært sig frá miðstýringu yfir til dreifstýringar þar sem einstakir starfsmenn taka sífellt meiri þátt í ákvörðunum sem tengjast vinnu þeirra. Þannig er talið að gott samband milli stjórnenda og starfsmanna sé í þágu beggja og hafi í för með sér bætta hag fyrirtækis, svo og betri starfsanda, ánægðari starfsmenn og betri launakjör. Atvinnulýðræði er þannig góð aðferð til að styrkja fyrirtæki, bæta framleiðni og hækka laun, auk þess sem þessi leið eykur eftirlit sem er nauðsynlegt í heimi vaxandi samkeppni.

Atvinnulýðræði í Evrópu.

Atvinnulýðræði hefur verið útfært víða erlendis. Hlutabréfaeign starfsmanna hefur t.d. verið komið á sums staðar með skipulögðum hætti. Það þekktist að launþegasjóðir séu starfandi innan fyrirtækja og í þá sjóði renni hluti af hagnaði fyrirtækisins. Slíkt fyrirkomulag er t.d. í Svíþjóð og í Þýskalandi en er óþekkt hérlendis.

Í löggjöf Evrópusambandsins eru ákvæði um atvinnulýðræði og er vikið að því í kafla um félagaréttarákvæði EES-samningsins. Búast má við að slíki ákvæði verði tekin upp í íslenskan rétt vegna þess að tillögur eru til skoðunar um þetta efni hjá Evrópusambandinu. Þessar tillögur ná bæði yfir hlutafélög og samvinnufélög og fjalla m.a. um atvinnulýðræði. Löggjöf í Evrópu hefur hins vegar ekki enn verið samræmd á þessu sviði. Þessir þættir voru kynntir hér á landi, m.a. í frumvörpum til laga um hlutafélög og einkahlutafélög sem voru lögð fram á Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94 og aftur á 118. löggjafarþingi 1994. Þá var lýst stöðu mála í Evrópu og greint frá því að innan Evrópusambandsins er einkum til umræðu þrenns konar útfærsla á atvinnulýðræði:

1. Að starfsmenn eigi frá þriðjungi til helmingis fulltrúa í stjórn eða yfirstjórn. Þessi regla er kölluð þýska reglan vegna þess að ákvæði um þetta efni hafa verið mjög lengi í þýskri löggjöf en fyrstu ákvæði um atvinnulýðræði voru tekin þar upp fyrir mörgum áratugum.
2. Sérstakt starfsmannaráð og að hvert félag hafi reglur um slíkt starfsmannaráð í samþykktum sínum. Fulltrúar starfsmanna koma að útfærslu þessara hugmynda.
3. Samkomulag milli stjórnar fyrirtækis, stjórnar eða æðstu stjórnenda og starfsmanna eða fulltrúa þeirra, um samstarf.

Þessi umræða innan Evrópusambandsins er í samræmi við hina fræðilegu uppbyggingu á atvinnulýðræði sem fyrr var greint frá þar sem fyrsta stig atvinnulýðræðis er óformleg upplýsingagjöf, næsta stig samráð og þriðja stig sameiginleg ákvarðanataka.

Hafa ber í huga að samkvæmt EES-samningnum gæti komið til þess að Íslendingar yrðu að lögfesta ákvæði um atvinnulýðræði án þess að hafa mikið um útfærslu þess að segja. Sú staðreynd felur í sér sterk rök um að við innleiðum atvinnulýðræði á okkar forsendum þannig að reynsla fái af slíku kerfi hérlendis.

Stjórnarfyriðkomulag í íslenskum hlutafélögum er hins vegar ekki eins og tíðkast annars staðar í Evrópu. Þar er oft gert ráð fyrir framkvæmdastjórn auk hefðbundinnar stjórnar. Þótt hægt væri að útfæra slíkt hérlendis samkvæmt íslenskri hlutafélagalöggjöf hefur það almennt ekki verið gert.

Atvinnulýðræði hérlendis.

Þótt hagsmunir starfsmanna og vinnuveitenda geti oft farið saman innan fyrirtækis takast þessir aðilar einnig á, einkum um kaup og kjör. Þróunin hérlendis virðist sú að fyrirtækjasamningar verði gerðir í ríkari mæli en áður. Líklegt er að slíkir samningar þróist innan fyrirtækja með samvinnu og ráðgjöf frá heildarsamtökum vinnuveitenda og verkalýðsfélaga. Síðustu kjarasamningar mörkuðu spor í þessa átt. Slíkt fyrirkomulag þekkist mjög víða erlendis og hefur verið lengi í föstum skorðum í nágrannalöndunum. Verkalýðsfélög og vinnuveitendur standa að hagsmunagæslu gagnvart stjórnvöldum og koma í mörgum tilfellum fram sameiginlega gagnvart ríkisstjórn.

Samstarf launafólks og vinnuveitenda hefur verið mjög mikið innan lífeyrissjóðanna en þeim er stjórnað í sameiningu af samtökum launafólks og vinnuveitenda. Sá þáttur er mikilvægur í ljósi þessa frumvarps vegna þess að lífeyrissjóðirnir eru hluthafar í fjölmörgum fyrirtækjum. Á næstu árum má búast við að hlutdeild lífeyrissjóða í atvinnulífinu aukist verulega en fjárfestingar lífeyrissjóða hérlendis í hlutabréfum eru enn þá hlutfallslega langt á eftir því sem algengast er í nágrannalöndunum. Nú eru yfir 500 milljarðar kr. bundnir í eignum lífeyrissjóðanna. Það er fyrirsjáanlegt að innan nokkurra ára munu lífeyrissjóðir verða mjög stórir eignaraðilar í fjölmörgum íslenskum fyrirtækjum.

Ekki fer fram mikil umræða hérlendis um með hvaða hætti lífeyrissjóðirnir eigi að koma að stjórnun í einstökum fyrirtækjum. Venjan hefur verið sú að þeir hafa ekki skipt sér af stjórnun fyrirtækja og í mörgum tilfellum ekki sóst eftir stjórnarsæti þótt þeir gætu það. Þetta er hins vegar ekki einhlít

regla. Lífeyrissjóðirnir hafa litið á fjárfestingar í hlutabréfum sem afmarkaðan þátt í dreifingu á fjármagni sínu en meginskylda þeirra er að tryggja góða ávöxtun á því fjármagni sem bundið er í sjóðunum til þess að geta staðið undir lífeyrisskuldbindingum.

Hér á landi hefur hlutabréfamarkaður rutt sér til rúms og eignaraðild dreifst í fjölmörgum fyrirtækjum. Það ýtir enn frekar undir þátttöku starfsmanna í ákvörðunum innan einstakra fyrirtækja eins og þetta frumvarp gerir ráð fyrir.

Í núgildandi lögum um hlutafélög og einkahlutafélög er heimild um að veita megi stjórnvöldum eða öðrum rétt til að nefna einn eða fleiri stjórnendur. Þannig gætu hlutafélög, miðað við núverandi löggjöf, ákveðið að starfsmenn tilnefndu aðila í stjórn. Hins vegar er ekki vitað til þess að svo sé gert í nokkru íslensku hlutafélagi. Meginefni þessa frumvarps er hins vegar að kveða ótvírætt á um rétt starfsmanna til að kjósa fulltrúa í stjórn hlutafélags af tiltekinni stærð. Í þessu sambandi er mikilvægt að hafa í huga að atvinnulýðræði er tiltölulega vanþróað hér á landi og erum við áratugum á eftir nágrannaþjóðunum hvað varðar áhrif starfsmanna á stjórnun fyrirtækja.

Hjá Alþýðusambandi Íslands hefur verið undirbúið átak í menntun trúnaðarmanna til að starfa á jafnréttisgrundvelli sem fulltrúar starfsmanna gagnvart eigendum og ædstu stjórnendum. Aukin menntun trúnaðarmanna, m.a. með auknu námskeiðshaldi, er mjög mikilvæg og slík áhersla sýnir að innan verkalýðshreyfingarinnar er í vaxandi mæli verið að bregðast við nýjum aðstæðum. Starfsemi trúnaðarmanna er einn samstarfsvettvangur í atvinnulýðræði og ekki er að efa að sá vettvangur á eftir að þróast mun hraðar á næstu árum. Þannig stefnir starf stéttarfélaganna meira inn á vinnustaðina, bæði hvað varðar kjarasamninga, starf trúnaðarmanna og, ef frumvarp þetta verður að lögum, með formlegri aðild starfsmanna að stjórnun fyrirtækja. Þannig er þetta frumvarp mikilvægur þáttur í stefnu sem unnið er að á öðrum vígstöðvum.

Fjölmargar stjórnunaraðferðir ganga beinlínis út frá þátttöku starfsmanna og má þar nefna gæðastjórnun sem er útbreitt stjórnunarform hérlendis og erlendis. Í gæðastjórnun er hagur viðskiptavinarins í fyrirrúmi. Þessi stjórnunaraðferð hefur reynst vel við að útrýma sóun í rekstri og bæta framleiðslu og hefur leitt til vöru- og þjónustuvöndunar. Þannig hafa fjölmörg fyrirtæki skipulagt gæðaáttak í fyrirtækjum sínum, sett á stofn gæðalið og unnið í minni hópum með starfsmönnum á tilteknum starfssvæðum til að bæta rekstur fyrirtækisins. Þetta hefur einnig endurspeglast í bættum

launakjörum viðkomandi starfsmanna. Þessi aðferðafræði mælir með því að náíð samstarf sé haft við starfsmenn um ýmsa stjórnunarþætti í fyrirtækjum.

Ekki hefur verið fjallað mikið um atvinnulýðræði hérlendis en vert er að vekja athygli á greinargerð sem Hilmar Gunnlaugsson, stud. jur., vann fyrir iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið haustið 1995.

Meginþættir frumvarpsins.

Meginatriði frumvarpsins eru sótt í danska löggjöf en íslensk hlutafélagalöggjöf tekur mjög mið af þeirri dönsku. Útfærsla frumvarpsins, að starfsmenn kjósi stjórnarmenn, er hluti af hugmyndafræðinni um atvinnulýðræði. Það að auka áhrif starfsmanna innan fyrirtækja er hins vegar leið sem búast má við að skili mestum árangri á tiltölulega skömmum tíma. Eins og að framan greinir voru ákvæði sett í þýsk lög upp úr 1950 um að starfsmenn kæmu að stjórnun fyrirtækja. Í Noregi var starfsmönnum ríkisfyrirtækja veittur réttur til þess að velja sér fulltrúa í stjórn þegar árið 1947.

Ákvæðin í dönsku hlutafélagalöggjöfinni um kosningu starfsmanna í stjórn félaga eru frá árinu 1973 og hafa reynst vel. Í frumvarpinu er lagt til, eins og er í danski löggjöf, að í félögum þar sem 35 manns eða fleiri hafi starfað síðustu þrjú ár kjósi starfsmenn fulltrúa í stjórn sem svarar til helmings þeirra stjórnarmanna sem eru kosnir af öðrum, þ.e. af eigendum á aðalfundi. Hækkað er upp ef ekki stendur á heilli tölu. Lágmarksföldi stjórnarmanna samkvæmt íslenskum hlutafélagalögum er þrír. Fulltrúar starfsmanna í stjórn verða þannig a.m.k. tveir talsins. Ef fimm eða sex menn eru í stjórn nú kæmu þrír fulltrúar frá starfsmönnum skv. 1. gr. frumvarpsins og stjórnin yrði þá skipuð átta eða níu mönnum.

Í 71. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, er kveðið á um að á stjórnarfundum ráði einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum nema samþykktir kveði á um annað. Í samþykktum má kveða svo á að atkvæði formanns ráði úrslitum þegar atkvæði eru jöfn. Framkvæmd ákvæða frumvarpsins er þannig vandalaus.

Frumvarpið felur í sér að ný fyrirtæki, jafnvel þótt þau séu með fleiri en 35 starfsmenn, þurfa ekki að taka starfsmenn inn í stjórn fyrr en að loknum þremur árum. Félög, sem hafa orðið til við samruna, ættu hins vegar að hlíta því að sá tími sé reiknaður með sem forverar þeirra uppfylltu skilyrðin.

Gert er ráð fyrir að stjórnarmenn sem sækja umboð sitt til starfsmanna fyrirtækis hafi sama rétt á stjórnarfundum og aðrir stjórnarmenn. Hlutverk þeirra er m.a. að taka þátt í stjórnun fyrirtækisins, koma fram með skoðanir

starfsmanna, m.a. í tillöguformi, og ræða stefnu og stjórnun fyrirtækisins út frá öðru sjónarhorni en aðrir stjórnarmenn. Um þessa stjórnarmenn gilda öll ákvæði laga um stjórnarmenn, þar með talið um hæfi og trúnað um málefni sem rædd eru á stjórnarfundum.

Lagt er til að haldinn sé almennur starfsmannafundur a.m.k. viku fyrir aðalfund félagsins þar sem fulltrúar starfsmanna eru kosnir í stjórn félagsins. Allir fastráðnir starfsmenn eiga seturétt á þeim fundi og eru kjörgengir í stjórnina. Sérhver fastráðinn starfsmaður fer með eitt atkvæði eða hluta úr atkvæði sé um hlutastarf að ræða.

Tilgangur frumvarpsins er fyrst og fremst að opna fyrir atvinnulýðræði í íslenskum fyrirtækjum og nýta hina vel heppnuðu dönsku löggjöf í því skyni. Norðurlöndin hafa náð langt á þessu sviði, svo og Þýskaland og reyndar mörg lönd innan Evrópusambandsins. Náið samstarf fyrirtækis og starfsmanna þekkist einnig annars staðar. Samband Japana við fyrirtæki sín er mjög mikið og þar er algengt að starfsmenn vinni allan starfstíma sinn hjá sama fyrirtæki. Annars staðar er meira um breytingar á starfsvettvangi að ræða, t.d. í Bandaríkjunum.

Mikilvægt er að hafa í huga að hér er gert ráð fyrir að fulltrúi í stjórn félagsins komi úr hópi starfsmanna. Í Svíþjóð er gert ráð fyrir að fulltrúar starfsmanna komi frá stéttarfélagunum en séu ekki nauðsynlega starfsmenn viðkomandi fyrirtækis. Í þessu frumvarpi er fylgt stefnu dönsku laganna um að fulltrúar starfsmanna í stjórn séu starfsmenn viðkomandi fyrirtækis. Þetta getur vitaskuld verið matsatriði en flutningsmenn telja rétt að stjórnarmaðurinn sé starfsmaður fyrirtækisins þótt vitaskuld eigi hann aðild að stéttarfélagi eins og aðrir starfsmenn. Hugmyndin á bak við frumvarpið miðar að því meðal annars að efla tengsl starfsmanna fyrirtækisins við stjórn, eigendur og æðstu stjórnendur þess. Búast má við að með áframhaldandi útfærslu á vinnustadasamningum í samvinnu við stéttarfélögin verði tengsl starfsmanna og stéttarfélaga og heildarsamtaka þeirra enn nánari en verið hefur og telja flutningsmenn að þetta frumvarp stuðli að því.

Þetta form atvinnulýðræðis þekkist víða og sums staðar eru einnig starfandi sérstök ráð sem gæta hagsmuna starfsmanna á vinnustað. Annars staðar er þátttaka starfsmanna í stjórnnum fyrirtækja tryggð með viðtækari hætti en þetta frumvarp gerir ráð fyrir. Mjög mikilvægt er að samstarf æðstu stjórnenda, starfsmanna og eigenda eigi sér stað innan einstakra fyrirtækja til að tryggja samkeppnisstöðu þeirra og gefa starfsmönnum raunhæfan möguleika á þátttöku í stjórnun fyrirtækja. Þetta getur bæði haft áhrif á starfsumhverfi þeirra og launakjör í framtíðinni.

Lagt er til að lögin öðlist þegar gildi og að kosnir starfsmenn skuli þegar taka sæti í stjórn fyrirtækja. Síðan skuli fyrirtæki laga samþykktir sínar að lögunum í síðasta lagi á næsta aðalfundi eftir gildistöku þeirra. Með þessari útfærslu er félögum veittur ákveðinn frestur til breytinga á samþykktum sínum og þurfa þau ekki að kalla saman hluthafafund sérstaklega í því skyni. Breytingarnar á samþykktum félaga eru hins vegar einfaldar.

Fyrirtæki sem falla undir frumvarpið.

Ef miðað er við fyrirtæki með 35 starfsmenn eða fleiri er ljóst að einungis stærri fyrirtæki hérlendis falla undir þetta nýja ákvæði.

Meðal þeirra fyrirtækja sem falla undir ákvæði frumvarpsins eru langflest fyrirtæki sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands en góðar tölulegar upplýsingar eru til um þau fyrirtæki. Það eru flest stærstu og öflugustu fyrirtæki landsins. Þau þurfa að sinna tilteknum skyldum gagnvart samfélaginu hvað varðar upplýsingagjöf og lúta eftirliti, m.a. af hálfu stjórnar Verðbréfaþings. Þessi fyrirtæki starfa fyrir opnum tjöldum og eru mörg ráðandi á sínu sviði. Ákvarðanir í þessum fyrirtækjum hafa mjög mikil áhrif á starfsmenn og aðra í atvinnulífinu.

Ljóst er, ef einungis eru skoðuð þau fyrirtæki á Verðbréfaþingi sem falla undir frumvarpið, að um mörg stór og öflug fyrirtæki er að ræða þar sem aukin þátttaka starfsmanna við stjórnun væri mjög til bóta að mati flutningsmanna. Í frumvarpinu er farin sú leið að miða einungis við breytingar á hlutafélagalöggjöf. Vitaskuld er hægt að útfæra stefnu frumvarpsins gagnvart einkahlutafélögum og samvinnufélögum og mikilvægt er að halda áfram á þessari braut.

Lokaorð.

Brýnt er að Íslendingar marki sér sjálfstæða stefnu á þessu sviði. Búast má við að innan Evrópusambandsins verði þetta form eitt af mörgum sem verða lögfest á næstu missirum og þar með hérlendis. Þá er skynsamlegra að Íslendingar hafi þegar sett lög um slíkt kerfi í atvinnulífinu og unnið með það um nokkurn tíma og þannig öðlast reynslu á nýju og mikilvægu sviði. Með frumvarpinu er stigið markvisst skref í átt að atvinnulýðræði þar sem með því yrði lögfest aðild starfsmanna að stjórnun fyrirtækja og byggt á danskri löggjöf sem hefur reynst vel á þessu sviði.

Frumvarpið tekur á einum þætti í atvinnulýðræði, þ.e. þátttöku starfsmanna í stjórnun fyrirtækja sem hafa ákveðinn fjölda starfsmanna. Með samþykkt þessa frumvarps væri eðlilegt að útfæra sambærilega aðild starfsmanna

að stjórnun stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins sem ekki eru í hlutafélagsformi. Flutningsmenn eru þess fullvissir að samþykkt þessa frumvarps muni styrkja íslenskt atvinnulíf, leiða til bættra kjara launafólks, jafnframt því að bæta möguleika á aukinni framleiðni fyrirtækja og þar með bæta samkeppnisstöðu þeirra á alþjóðamarkaði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að nýrri grein verði bætt við núverandi hlutafélagalög þannig að starfsmenn hlutafélags sem hefur náð tiltekinni stærð, þ.e. haft 35 starfsmenn eða fleiri síðastliðin þrjú ár, geti kosið starfsmenn til setu í stjórn félagsins. Starfsmenn kjósi helming af þeim fjölda stjórnarmanna sem er almennt kosinn á aðalfundi af eigendum. Ef sex manns eru í stjórn félags koma þrír fulltrúar frá starfsmönnum og stjórnin verður samtals skipuð níu manns. Ef sjö manns eru í stjórn er helmingur 3,5 en hækkað er upp í fjóra sem er þá fjöldi fulltrúa starfsmanna í stjórn. Samtals væru þá 11 manns í þeirri stjórn.

Halda skal starfsmannafund þar sem allir fastráðnir starfsmenn eiga seturétt, hafa atkvæðisrétt og eru kjörgengir. Hver fastráðinn starfsmaður hefur eitt atkvæði eða hluta úr atkvæði sé um hlutastarf að ræða. Kjósa skal úr þeirra hópi til setu í stjórn fyrirtækisins og ná þeir kjöri sem fá flest atkvæði. Einnig er gert ráð fyrir að kjósa varamenn.

Stjórnarmenn kosnir af starfsmönnum hafa öll sömu réttindi og skyldur og aðrir stjórnarmenn.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

128. löggjafarþing 2002–2003.
Þskj. 562 – 430. mál.

Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Ágúst Einarsson, Svanfríður Jónasdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

Á eftir 2. tölul. 31. gr. laganna kemur nýr töluliður, svohljóðandi, og breytist röð annarra töluliða samkvæmt því: Tvöfalda fjárhæð einstakra gjafa og framlaga til menningarmála, kvikmyndagerðar og vísindalegra rannsóknarstarfa. Gjafir og framlög skv. 2. og 3. tölul. mega þó ekki vera yfir 0,5% af tekjum skv. B-lið 7. gr. á því ári sem gjöf er afhent. Fjármálaráðherra ákveður með reglugerð hvaða málaflokkar falla undir þennan tölulið.

Úr 2. tölul. sömu greinar falla orðin „menningarmála“ og „og vísindalegra rannsóknarstarfa“.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilgangur frumvarpsins er að efla menningu og vísindi með tilteknum skattalegum aðgerðum. Nú er í lögum að fyrirtæki og aðrir lögaðilar mega draga ýmis framlög frá tekjum, m.a. framlög til menningarmála og vísindalegra rannsóknarstarfa. Ekki liggur fyrir af hálfu skattfyrivalda í hve miklum mæli þessi framlög hafa verið. Frumvarpið hefur áður verið lagt fram á þingi en varð ekki útrætt og er nú endurflutt.

Í 2. tölul. 31. gr. nógildandi laga er kveðið á um heimild fyrirtækja til að draga framlög, m.a. til menningarmála og vísindalegra rannsóknarstarfa, allt að 0,5% frá tekjum. Í 1. gr. frumvarpsins er gerð tillaga um lögfestingu þess að lögaðilar megi draga tvöfalda þá fjárhæð frá tekjum sem þeir verja til menningarmála, kvikmyndagerðar og vísindastarfsemi. Þetta hvetur

fyrirtæki til að auka framlög sín, enda lækka skattskyldar tekjur þeirra þar með.

Ef fyrirtæki gefur 100 þús. kr. til menningar- og vísindastarfsemi má það samkvæmt frumvarpinu draga 200 þús. kr. frá útgjöldum en einungis 100 þús. kr. samkvæmt núgildandi lögum. Þetta hvetur fyrirtæki til að styðja við menningu og vísindi.

Í lögum er kveðið á um að slíkar gjafir og framlög megi ekki nema meira en 0,5% af tekjum og er hér ekki lögð til breyting á því. Í eldra frumvarpi sama efnis var lögð til hækkun á þessu hámarki. Frá því var fallið vegna þess að flutningsmenn telja brýnt að sú aðferðafræði að heimila aukinn frádrátt verði reynd héraendis. Frumvarpið felur þannig ekki í sér neina hættu á tekjutapi fyrir ríkissjóð umfram það sem er í gildandi lögum.

Í reglugerð settri samkvæmt núgildandi lögum segir m.a. að undir menningarstarfsemi falli hvers konar menningarstarfsemi fyrir almenning, svo sem fræðiritautgáfa, fræðslumyndagerð, bóka-, skjala-, lista- og minjasöfn, bókmennta- og listastarfsemi, verndun fornra mannvirkja og sérstæðra náttúrufyrirbrigða o.fl.

Framangreind reglugerð kveður á um að undir vísindalega rannsóknarstarfsemi falli hvort tveggja, hugvísindi og raunvísindi. Hér er um að ræða víðtæka skilgreiningu í samræmi við sjónarmið flutningsmanna en undir vísindastarfsemi falla einnig félagsvísindi og heilbrigðisvísindi enda er vísindastarfsemi í háskólum gjarnan skipt í þessi fjögur meginfræðasvið. Með vísindastarfsemi er þannig m.a. átt við starfsemi innan æðri menntastofnana. Framlög fyrirtækja til eflingar rannsóknum og kennslu innan háskóla falla þannig undir þetta frumvarp.

Flutningsmenn telja að um framlög til kvikmyndagerðar eigi að gilda sömu ákvæði og um framlög til annarrar menningarmálastarfsemi, en fræðslumyndagerð er beinlínis talin upp í reglugerð með núgildandi lögum. Almenn kvikmyndagerð, þ.e. gerð lengri leikinna kvikmynda og heimildamynda en ekki t.d. gerð auglýsingakvikmynda, á því að falla undir lögina. Í kvikmyndaiðnaði felast mikilvæg sóknarfæri og það er réttur kvikmyndagerðarmanna að nýta þessa frádráttarmöguleika.

Þess má geta að fjármögnun kvikmynda er oft með þeim hætti að nái innlend fjármögnun tiltekinni upphæð kemur mun hærra mótframlag frá erlendum aðilum. Þannig geta fjárhæðir margfaldast. Þetta er afar mikilvægt, en oft hefur ónóg tekjuöflun innan lands staðið í vegi fyrir því að fá fé erlendis frá. Samþykkt þessa frumvarps ætti að bæta úr því. Ríkisvaldið fær einnig til baka vegna aukinna umsvifa allt það fjármagn sem það veitir

í gegnum Kvikmyndasjóð. Þá er ótalinn sá ávinningur sem kvikmyndagerð hefur í ferðaþjónustu. Tekjur ríkissjóðs vegna ferðamanna sem ákváðu Íslandsferð eftir að hafa séð íslenska kvikmynd eða þátt í sjónvarpi eru taldar vera um 500 millj. kr. á ári.

Kvikmyndagerð hérlandis getur orðið umfangsmikill og arðbær atvinnuvegur. Íslenskir kvikmyndagerðarmenn hafa oft sýnt að starf þeirra jafnast á við það besta sem gert er í heiminum. Því er skynsamlegt þegar horft er til framtíðar að stuðla að eflingu þessarar atvinnu- og listgreinar, eins og samþykkt frumvarpsins mundi leiða til. Árið 1998 kom út mjög athyglisverð skýrsla á vegum Aftvaka hf. þar sem í fyrsta skipti hérlandis er gerð vönduð úttekt á kvikmyndaíðnaðinum. Skýrslan sýnir glögg að hér eru mjög mikil sóknarfæri í kvikmyndaíðnaði.

Sérstök athygli er vakin á því að samþykkt frumvarpsins mun efla bókmenntir og ýmiss konar annað liststarf, svo sem leiklist, tónlist og myndlist, svo og starfsemi safna. Allir þessir málaflokkar falla undir hin ívilnandi ákvæði frumvarpsins. Frumvarpinu er ætlað að leiða til aukinna framlaga til menningarmála, kvikmyndagerðar og vísindalegra rannsókna og auðvelda aðilum sem að þeim starfa að afla fjár, einfaldlega vegna þess að það er hagkvæmt fyrir viðkomandi fyrirtæki.

Svipuð ákvæði þekkjast víða erlendis og þá einnig í tengslum við rannsóknar- og þróunarstarfsemi. Stuðningur fyrirtækja við menningu og vísindi hefur aukist undanfarin ár hérlandis eins og annars staðar. Sjálfsgagt er að hlúa m.a. að frjálsum félagasamtökum á þessu sviði með þeirri útfærslu sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Á 121. löggjafarþingi var eldri útgáfa frumvarpsins send til umsagnaraðila og fékk hún þá mjög jákvæðar umsagnir frá aðilum sem þekkjast vel til mála. Meðal aðila sem studdu frumvarpið voru Bandalag íslenskra leikara, Bandalag íslenskra listamanna, Félag íslenskra hljómlistarmanna, Félag íslenskra leikara, Háskóli Íslands, Listasafn Íslands, Rannsóknarráð Íslands, Rithöfundasamband Íslands, Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda og Vísindafélag Íslands.

Aukin framlög til þessara málaflokka, þ.e. til menningar, kvikmynda og vísinda, leiða til aukinna umsvifa sem síðar skila tekjum í ríkissjóð, m.a. í formi virðisaukaskatts eða tekjuskatts einstaklinga. Þannig er líklegt að ívilnun á þessu sviði, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu, leiði til aukningar á tekjum ríkisins, auk þess að auðga menningarlíf og vísindastarf.

128. löggjafarþing 2002–2003.

Þskj. 563 – 431. mál.

Frumvarp til laga

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

Flm.: Ágúst Einarsson, Ásta R. Jóhannesdóttir,
Össur Skarphéðinsson, Guðrún Ögmundsdóttir.

1. gr.

Á eftir 1. másl. 1. mgr. 5. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Landssamband eldri borgara tilnefnir til tveggja ára einn aðalmann í tryggingaráð og annan til vara. Öryrkjabandalag Íslands tilnefnir til tveggja ára einn aðalmann í tryggingaráð og annan til vara.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með samþykkt þessa frumvarps er tryggð aðild eldri borgara og öryrkja að tryggingaráði Tryggingastofnunar ríkisins. Þessir hópar eru meðal helstu lífeyris- og bótaþega Tryggingastofnunar og eðlilegt að þeir fái beina aðild að stjórn hennar.

Nú er tryggingaráð skipað þannig að Alþingi kýs á fyrsta þingi eftir hverjar almennar alþingiskosningar fimm menn í tryggingaráð og aðra fimm til vara. Ráðherra skipar formann og varaformann tryggingaráðs úr hópi hinna kjörnu aðalmanna.

Verkefni Tryggingastofnunar og tryggingaráðs.

Verkefni Tryggingastofnunar samkvæmt lögum eru þrenns konar, þ.e. að annast lífeyristryggingar, sem skiptast í ellilífeyri, örorkulífeyri, tekjutryggingu, örorkustyrki, barnalífeyri og bætur í fæðingarorlofi, og sjá um slysa- og sjúkratryggingar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur umsjón með allri

starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins. Ráðherra skipar forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins að fengnum tillögum tryggingaráðs. Forstjóri annast stjórn stofnunarinnar samkvæmt lögum og reglugerðum. Tryggingaráð skal hafa eftirlit með fjárhag, rekstri og starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins og gæta þess að hún starfi í samræmi við lög og reglugerðir á hverjum tíma. Endurskoðunardeild skal starfa við stofnunina undir eftirliti þess. Leita skal samþykkis tryggingaráðs á:

- a. hinni árlegu fjárhagsáætlun stofnunarinnar,
- b. ársreikningum stofnunarinnar,
- c. ákvörðunum um iðgjaldaupphæðir,
- d. öllum heimildarsamningum við heilbrigðisstéttir og heilbrigðisstofnanir,
- e. meginreglum um notkun heimildarákvæða,
- f. öllum lánveitingum og verðbréfakaupum og -sölum,
- g. öðrum þeim atriðum sem lög um almannatryggingar ákveða.

Önnur mál skulu borin undir tryggingaráð ef ráðið óskar þess eða forstjóra finnst ástæða til. Rísi ágreiningur um grundvöll, skilyrði eða upphæð bóta leggur tryggingaráð úrskurð á málið. Máli skal skjóta til úrskurðar tryggingaráðs eigi síðar en þremur mánuðum eftir að ákvörðun liggur fyrir í málinu. Tryggingaráði er þó heimilt, ef sérstaklega stendur á, að víkja frá þriggja mánaða frestinum.

Í framangreindri lýsingu á verksviði tryggingaráðs og Tryggingastofnunar er skýrt að valdsvið tryggingaráðs er verulegt og það starfar í nánun samstarfi við forstjóra. Að mati flutningsmanna er brýnt að tryggja betur hagsmuni eldri borgara og öryrkja í Tryggingastofnun. Þessir hópar eiga flest sitt undir þessari stofnun og margir allt fjárhagslega. Því er nauðsynlegt að sjónarmið þeirra komist skýrt til skila í starfi stofnunarinnar.

Sjónarmið eldri borgara og öryrkja.

Undanfarin ár hefur þess ekki verið gætt að hlusta af nægri athygli á skoðanir eldri borgara og öryrkja. Þessir hópar hafa reynt að sækja rétt sinn með miðlun upplýsinga til samfélagsins og þrýst á stjórnmalamenn að breyta um stefnu. Þessi barátta hefur oft borið nokkurn árangur en er þó langt frá því að vera fullnægjandi. Eldri borgarar starfa í fjölmörgum samtökum. Til að mynda eru starfandi 45 félag eldri borgara víða um landið. Stærst þeirra er Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni. Þessi félag

starfa innan heildarsamtakanna Landssambands eldri borgara. Einnig er starfandi mjög virkur hópur eldri borgara, Aðgerðahópur aldraðra.

Í hugum jafnaðarmanna er grundvallaratriði að samfélagið búi vel að öldruðum og öryrkjum. Margir þeirra eiga ekki í önnur hús að venda. Það er algerlega óviðunandi að eldri borgarar og öryrkjar verði að sætta sig við geðþótttaákvarðanir ríkisstjórnar hvers tíma og vera í óvissu um kjör sín. Núverandi ríkisstjórn hefur tekið minna tillit til hagsmuna þessa fólks en áður hefur þekkt. Þess vegna er mjög mikilvægt að formleg þátttaka eldri borgara og öryrkja sé tryggð í stjórn þessara mála eins og lagt er til í frumvarpinu. Þess má geta að áður hafa verið fluttar tillögur á Alþingi af þingmönnum Alþýðuflokks og Alþýðubandalags um að fjölga í tryggingaráði á svipaðan hátt og hér er lagt til.

Ef frumvarpið verður að lögum verður tryggingaráð skipað sjö mönnum. Í frumvarpinu er lagt til að heildarsamtök aldraðra, Landssamband eldri borgara, tilnefni einn fulltrúa í tryggingaráð og annan til vara. Gert er ráð fyrir að tilnefningin gildi til tveggja ára. Jafnframt er lagt til að Öryrkjabandalag Íslands, sem er heildarsamtök öryrkja hérlendis, tilnefni einn fulltrúa í tryggingaráð og annan til vara, sömuleiðis til tveggja ára. Flutningsmenn telja að hæfilegt sé að tilnefnt sé til tveggja ára í senn þótt hinir fulltrúarnir séu kosnir af Alþingi til fjögurra ára. Frumvarpið var fyrst lagt fram á 122. þingi (271. mál, þskj. 341). Það var sent ýmsum aðilum til umsagnar og fékk mjög mikinn stuðning, m.a. frá Landssambandi eldri borgara, Öryrkjabandalagi Íslands og einstökum félögum eldri borgara um allt land. Flutningsmenn eru þess fullvissir að lögfesting þessa frumvarps yrði mikilvæg réttarbót fyrir eldra fólk og öryrkja.

128. löggjafarþing 2002–2003.
 Þskj. 589 – 435. mál.

Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, með síðari breytingum.

Flm.: Ágúst Einarsson, Vilhjálmur Egilsson.

1. gr.

2. tölul. 11. gr. laganna orðast svo: að stuðla að því að skráning, viðskipti og verðmyndun í kauphöllinni, m.a. með erlend verðbréf, verði á skýran og gagnsæjan hátt og kappkosta að jafnræði sé með aðilum að viðskiptum sem þar fara fram og tryggja að starfrækt sé skipulegt viðskipta- og upplýsingakerfi, sbr. 21.–23. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilgangur með þessu lagafrumvarpi er að hafa skýr ákvæði í lögum fyrir Kauphöll Íslands um verslun með erlend hlutabréf. Markmiðið er að kauphöllin sýni frumkvæði í því með stuðningi stjórnvalda að á hinu íslenska verðbréfaþingi verði hafin verslun með hlutabréf erlendra sjávarútvegsfyrirtækja og að Kauphöll Íslands geti þar með orðið í fararbroddi í hlutabréfa- viðskiptum í sjávarútvegi í heiminum. Ísland hefur allar forsendur til að verða miðstöð fjármálaviðskipta í sjávarútvegi þar sem hér er umtalsverð sérþekking í sjávarútvegi og nær sú sérþekking ekki hvað síst til viðskipta með hlutabréf í þessum geira. Þannig er greining á ársreikningum og mat á horfum þýðingarmikill þáttur í starfi íslenskra fjármálafyrirtækja.

Mörg fordæmi eru fyrir því að félög skrái sig í kauphöllum sem eru miðstöðvar á sínu sviði. Þannig eru flest stór málmfyrirtæki skráð í kauphöllinni í London og alþjóðleg siglingafyrirtæki eru mörg skráð í norsku kauphöllinni þótt aðsetur fyrirtækjanna sé annars staðar. Íslendingar eru ellefta mesta

fiskveiðipjóð í heimi og sjávarútvegur er eina sviðið þar sem Íslendingar hafa sterka efnahagslega stöðu á alþjóðlegum vettvangi.

Í ágústbyrjun sl. voru 48 fyrirtæki skráð í Kauphöll Íslands og voru 16 þeirra úr sjávarútvegi. Markaðsvirði þessara 16 fyrirtækja var þá 148 milljarðar kr. Á þessu sést að gífurlegur styrkur er í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum og sérþekking á fjármálasviðinu hefur vaxið mjög í kjölfarið. Kauphöll Íslands er því vel fær um að hrinda af stað sókn í þessu efni og hafa ýmsir tekið undir hugmyndina, þar á meðal forstjóri kauphallarinnar, enda er Kauphöll Íslands þegar einn umfangsmesti vettvangur í heimi með hlutabréf í sjávarútvegsfyrirtækjum.

Ef pólitískur vilji er fyrir því að hefja slíka sókn, sem yrði íslensku efnahagslífi mjög til framdráttar, þarf að kanna vel öll lagaákvæði sem gætu tengst þessum viðskiptum og má þar nefna lög um verðbréfavíðskipti, nr. 13/1996, lög um rafræna eignarskráningu verðbréfa, nr. 131/1997, lög um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, og þau lög sem þetta frumvarp á við, þ.e. lög um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, nr. 34/1998.

Íslenskur fjármálamarkaður einkennist af vel menntuðu fólki sem hefur margt getið sér góðs orðs erlendis. Mörg lönd hafa einbeitt sér að alþjóðlegri fjármálastarfsemi og mikil verðmætasköpun hefur orðið í kjölfar þess. Má þar nefna Lúxemborg sem dæmi. Íslendingar hafa mikla burði til að vera mun meira áberandi á þessu sviði og ein besta leiðin til þess er að framkvæma það sem hér er lagt til. Óbein áhrif þessa verða mjög mikil og erlend fyrirtæki fengju betri þekkingu á íslensku efnahagslífi og það gæti stuðlað að fjárfestingu erlendra aðila á fjölmörgum sviðum hérlendis. Íslendingar hafa mjög gott orð á sér í sjávarútvegsmálum víða í heiminum og reka fjölmörg sjávarútvegsfyrirtæki erlendis. Því mundu mörg erlend sjávarútvegsfyrirtæki sjá sér hag í því að vera með fyrirtæki sín skráð í íslensku kauphöllinni þar sem sérþekking og virkur markaður er fyrir hendi.

MENNING OG
MENNTUN

Tungumál í breyttum heimi¹

Það er ef til vill við hæfi að byrja erindi á málþingi um tungumálakennslu með því að tala fyrir eflingu hennar. Er það ekki rétt að í nútímaviðskiptum og við alþjóðavæðingu vísinda fari hlutverk tungumála vaxandi? Verður ekki að mæta slíku með aukinni áherslu á tungumálanám?

Ef ég væri staddur á málþingi íslenskukennara væri þá ekki skynsamlegt að rökstyðja að auka þyrfti kennslu í þeim fræðum? Hvar á vegi er sú þjóð stödd sem ekki kann full skil á sögu sinni, menningu og þeirri menntun sem felst í eigin tungumáli? Tungumálið er undirstaða menningar hverrar þjóðar og í breyttum heimi, þar sem þjóðirnar eru í návígi hver við aðra, hlýtur að þurfa að leggja megináherslu á kennslu þess.

Ef hér væri hins vegar málþing eðlis- eða hagfræðinga þá gæti ég einnig vafalaust fært rök að því að breyttur heimur á sviði raunvísinda og viðskipta gerði það að verkum að aukin áhersla á menntun þessara greina væri ekki aðeins af hinu góða fyrir menningu þjóðarinnar heldur beinlínis nauðsynleg til að mæta vaxandi samkeppni þjóðríkja um bætt lífskjör.

Á að efla alla kennslu?

Þessi hugsanagangur leiðir mig til þeirrar niðurstöðu að efla beri alla kennslu, en þetta er ekki svona einfalt. Vissulega ráða fjárlög miklu um það þegar efla skal góð málefni. Þótt flestir skólamenn glími við slík vandamál takmarkar tíminn möguleika okkar enn frekar. Það er tóm mál að tala um að efla kennslu á einu sviði nema sagt sé í hvaða námsgreinum draga eigi saman seglin.

Er tungumálakennsla forgangsverkefni? Ef svo er, hvers vegna og hvað á þá að víkja? Ég treysti mér ekki að segja til um það hvað eigi að víkja. Að vísu get ég leyst þetta vandamál að hluta með því að leyfa nemendum að velja fyrir og meira á námsferli sínum, en það kostar fé. Hvað á þá að gera til að mynda í samræmdu námi í grunnskólum? Því verða aðrir sem betur til þekkja að svara en það færir okkur lítið áleiðis að færa rök fyrir aukningu einhvers ef hina hlið myntarinnar, þ.e. samsvarandi niðurskurð á öðrum námsgreinum,

¹ Erindi á ráðstefnu tungumálakennara og Stofnunar í erlendum tungumálum haldinni 9. apríl 1994. Frá árinu 2001 heitir stofnunin Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.

vantar. Það þarf að útskýra vel hvaða námsgreinar fá ekki aukna kennslu ef námstími er lengdur. Ég tel hins vegar að rökstyðja megi hvers vegna skynsamlegt sé að efla tungumálanám á Íslandi.

Við erum verslunarþjóð og sú þjóð í Evrópu sem er einna háðust frjálsum utanríkisviðskiptum. Að vísu finnst okkur gott, eins og mörgum, að frelsi sé til viðskipta út úr landinu en sérstaða eigi að ríkja um verslun inn í landið. Þetta er algengt viðhorf. Látum það liggja milli hluta. Við skulum hins vegar hafa í huga að ef við sækjum ekki okkar hlut í auknum heimsviðskiptum, og þar með hagvexti og bættum lífskjörum, þá hirða hann aðrar þjóðir. Það myndi ekkert alvarlegt gerast í heiminum þótt Íslendingar hyrfu í einu veffangi af yfirborði jarðar. Það væri sárt fyrir okkur en öðrum stæði nokkuð á sama. Ef þetta er rétt, hvað gildir þá í viðskiptum? Þar er einnig harður heimur. Skiptir það ykkur nokkru máli hvort það er einni versluninni fleira eða færri í Reykjavík?

Heimsviðskipti og hagvöxtur

Heimsframleiðsla hefur fimmfaldast á nokkrum árum en alþjóðleg viðskipti hafa nífaldað á sama tíma. Þetta segir okkur að sífellt stærri hluti heimsviðskipta sé milli landa. Sú þróun verður örari á næstu árum. Stefna eftirstriðsáranna í Evrópu með uppbyggingu Evrópusambandsins til að koma í veg fyrir styrjöld með auknu samstarfi á sviði viðskipta og stjórn mála mun leiða til stærsta ríkjasambands veraldarsögunnar. Sama þróun er annars staðar. Þjóðir Ameríku feta sömu brautina. Fríverslunarsamningur Bandaríkjanna, Kanada og Mexíkó er í höfn og önnur ríki bætast þar við á næstu árum, s.s. Chile. Meira að segja Japanar eru að opna markað sinn fyrir erlendum vörum.

Hagvöxtur er hvergi meiri í heiminum en í Austur-Asíu. Þar er veruleg áhersla lögð á útflutning. Þjóðir heimsins hafa uppgötvað að til að bæta lífskjör, útrýma hungri og auka lífslíkur verður að efla frjálsræði í samskiptum og viðskiptum. Öll GATT-umræðan snýst um þetta.

Til að ná árangri í heimsviðskiptum verða menn að þekkja markaðsmál, kunna að framleiða góða vöru og selja hana. Það er miklu erfiðara að selja vöru en að framleiða hana. Til að selja vöru á heimsmarkaði þurfa menn að þekkja markaðslöndin, ekki einungis af afspurn og í gegnum milliliði, heldur kunna skil á menningu þjóða, sögu og tungumáli. Sá sem er að selja á heimsmarkaði og þekkir þetta umhverfi vel, selur meira og hefur samkeppnisyfirburði á markaðinum. Samkeppnishæfni þjóða er flókið mál og ekki er hægt að ræða það ítarlega hér þótt freistandi væri. Þetta er sjónarhorn

hagfræðingsins en líka sjónarhorn stjórnámálanna. Þessi umgjörð sýnir að nauðsynlegt er að efla tungumálakennslu á Íslandi.

Auðlindir og mikilvægi þess að þekkja menningu annarra þjóða

Auðlindirnar er það sem sérhvert land á umfram önnur í einhverjum mæli. Íslendingar búa í meginatriðum yfir fjórum auðlindum: auðugum fiskimiðum, orku í formi hita og vatns, sérstakri náttúru og menntun. Ég er reyndar ekki viss um að menntun sé hér meiri og betri en annars staðar, þótt fiskimiðin, orkan og sérstök náttúra séu það vissulega. 21. öldin mun markast af þekkingu en hin 20. mótaðist af tækniframförum. Lífskjör 19. aldarinnar á Vesturlöndum byggðust m.a. á nýlendum og afrakstri iðnbyltingarinnar. Sérhver tími á sér sín vopn í samkeppni þjóða. Við verðum að átta okkur á því hver vopn okkar eru og hvar þau er að finna.

Við þurfum vinnu fyrir Íslendinga í framtíðinni. Vinna í fyrirtækjum og stofnunum erlendis er vænlegur kostur fyrir hæft fólk en það verður þá að vera mjög vel menntað. Það eru ótal tækifæri erlendis fyrir Íslendinga. Nú eru t.d. um 140 manns starfandi erlendis á vegum Eimskipafélagsins, þar af 13 Íslendingar. Þegar útflutningur okkar verður fjölbreyttari, m.a. á sviði sjávarafurða, menntunar, tækni og iðnaðar, þá þarf fleira vel menntað fólk.

Hingað munu sækja erlend fyrirtæki sem við munum vonandi bjóða velkomin. Alveg eins og við fögnum landnámi íslenskra fyrirtækja í útlöndum eigum við að fagna sérhverju erlendu fyrirtæki hér. Við verðum að hugsa á alþjóðlega vísu. Einmitt náin tengsl við útlönd styrkja eigin þjóðmenningu. Einangrun er hættuleg, sérstaklega fámennu ríki. Menntun og vísindi eru alþjóðleg og tungumálanám miðar beinlínis að samskipum við útlendinga, báðum aðilum til hagsbóta. Þannig kynnumst við frjórri hugsun annarra menningarheima, fellum hana saman við reynslu okkar og bætum í hið endalaus fjót heimsmenningarinnar.

Milton Friedman, bandaríski nóbelsverðlaunahafinn í hagfræði, skrifaði grein fyrir nokkru í tilefni 100 ára afmælis enska hagfræðitímaritsins (*Journal of Economics*). Þar bar hann saman skrif nú og fyrir eitt hundrað árum. Fyrir utan að greinum þar sem stærðfræði er beitt í mjög ríkum mæli hefur fjölgað stórlega og höfundar að hverri grein eru mun fleiri en áður er athyglisvert að fyrir eitt hundrað árum var umfjöllun um bækur og greinar á öðrum tungumálum en ensku mjög algeng í þessu tímari, en það er eitt hið virtasta sinnar tegundar í heiminum. Allt er nú á ensku. Hér hefur menntun okkar hrakað. Auðvitað eru til sérhæfð frönsk, þýsk og ítölsk tímarit um viðskipta- og hagfræði sem við hér lesum varla og eru enn

minna lesin í hinum enskumælandi heimi. Ef til vill snýst þessi þróun við innan vísindanna, þannig að við getum kynnt okkur rit á frummálinu og haft samskipti á fleiri tungumálum en nú er.

Það er mjög spennandi að taka þátt í þessu landnámi. Við skynjum breytingarnar, vitum að við getum nýtt okkur þær og verðum reyndar að gera það ef við ætlum að bjóða unga fólkinu okkar sömu lífskjör og í nágrannalöndunum.

Tungumálakennsla margborgar sig

Í fyrra fluttum við út vörur og þjónustu fyrir um 140 milljarða eða töluvert meira en nam öllum fjárlögum ríkisins. Ef hægt er bæta þetta, t.d. með hærra verði vegna þess að við þekkjum markaðssvæðið betur, þá er hægt að hækka þessa tölu á skjótan hátt. Við fluttum inn vörur og þjónustu fyrir álíka fjárhæð. Við gætum e.t.v. með betri þekkingu náð hagkvæmari innkaupum. 1% af inn- og útflutningi eru 2,8 milljarðar króna á ári en það kostar 1,9 milljarða að reka Háskóla Íslands ár hvert. Þannig eru einfaldlega miklir hagsmunir fölgendir í því að efla tungumálakennslu á Íslandi.

Menntakerfið er gott hér og hundruð Íslendinga starfa erlendis hjá fyrirtækjum og stofnunum. Það er vaxandi þörf hjá fjölmörgum alþjóðlegum stofnunum að hafa vel menntað starfsfólk í sinni þjónustu, m.a. á sviði tungumála. Við eigum mikla möguleika á að mennta erlent fólk til starfa á sérsviðum okkar, eins og í sjávarútvegi, en til þess að geta gert það að gagni verðum við vita meira um menningu og tungumál annarra þjóða. Samvinna milli vísindagreina er vaxandi í heiminum. Þannig eru tæknifræði, viðskiptafræði og tungumál í víðum skilningi þessara orða nátengd og verða hluti af samkeppnisskilyrðum einstakra þjóða.

Ef það er rétt að tungumál skipta sköpum í viðskiptum framtíðarinnar og þessi viðskipti margfaldast á næstu áratugum og verða undirstaða fyrir lífskjör þjóðanna í kringum okkur, þá verðum við að taka þátt í þessu af myndarbrag. Af hverju ekki að fjárfesta í hagkvæmri menntun?

Það er varla til nokkur námsgrein eða vísindagrein sem er meira lifandi en tungumál. Aukin tungumálakennsla er einfaldlega aðgöngumiði að bættum lífskjörum framtíðarinnar. Málið er ekki flóknara en það.

Viðtal sem Kristinn Briem blaðamaður tók við Ágúst Einarsson og birtist í Morgunblaðinu 6. október 1995

Allur heimurinn eitt markaðstorg

Ágúst Einarsson tók við prófessorsstöðu í Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands árið 1990 eftir 13 ára starf í sjávarútvegi. Hann söðlaði enn á ný um þegar hann var kjörinn á þing fyrir Þjóðvaka í vor. Kristinn Briem ræddi við Ágúst, m.a. um þessi umskipti, starfið í háskólanum og stöðu Viðskipta- og hagfræðideildar.

Það hefur verið skammt stórra högga á milli hjá Ágústi Einarssyni alþingismanni á undanförunum árum. Hann tók við stöðu prófessors við Viðskipta-deild Háskóla Íslands árið 1990 eftir 13 ára starf sem framkvæmdastjóri Hraðfrystistöðvarinnar í Reykjavík. Í alþingiskosningunum í vor var Ágúst síðan kjörinn á þing fyrir Þjóðvaka og hefur fengið fjögurra ára leyfi frá kennslu í Háskólanum.

Hann hefur á starfsferli sínum setið í stjórnnum margra fyrirtækja og gegnt fjölmörgum trúnaðarstörfum í samtökum sjávarútvegsins og formennsku í bankaráði Seðlabankans, svo að eitthvað sé nefnt. Þá hefur hann setið í stjórn Granda hf. og í stjórn fiskmarkaða. Ágúst á ekki langt að sækja þessa miklu athafnasemi því að faðir hans, Einar Sigurðsson, útgerðarmaður frá Vestmannaeyjum, var mjög umsvifamikill í sjávarútvegi og rak frystihús og útgerð víða um land.

„Þegar ég kom frá námi bjó ég mér til þá reglu að ég ætlaði aðeins að vera 5–7 ár í hverju starfi,“ segir Ágúst þegar hann er spurður hvers vegna hann hafi tekið Háskólann fram yfir stjórnunarstarf í sjávarútvegsfyrirtæki. „Þegar 7 ár voru liðin lengdi ég tímann í átta ár, síðan í níu ár og svo koll af kalli. Svo áttaði ég mig á því að ég var að festast í sjávarútvegi. Mig hafði lengi langað til að breyta um starf og stunda kennslu og rannsóknir. Þegar möguleiki á prófessorsstöðu í Viðskipta- og hagfræðideild opnaðist tók ég þá ákvörðun að skipta alfarið um farveg. Mér hafði gengið ágætlega í viðskiptum sem tengdust sjávarútvegi en langaði til að takast á við ný verkefni.“

Ég ráðlegg nemendum mínum að skipta um starf oft en einu sinni og oft en tvisvar á ævinni því að hverjum manni er hollt að skipta um starf eða jafnvel skipta algjörlega um umhverfi. Aðkoma mín að Háskólanum var þó dálítið óvenjuleg því algengast er að háskólakennarar starfi áfram

innan háskóla að loknu doktorsprófi. Það er að mörgu leyti ágætt að hafa slíka samfellu í háskólastarfinu, þ.e. byrja í lægri kennslustöðum og vinna sig upp.“

Hvernig stóð á því að þú ákvaðst síðan að gefa kost á þér til setu á þingi?

„Ég hef alltaf haft áhuga á stjórnmálum og starfaði nokkuð að þeim á námsárum erlendis. Ég starfaði innan Alþýðuflokksins og sat á þingi 1978–1979. Síðar starfaði ég með Vilmundi Gylfasyni í Bandalagi jafnaðarmanna og ég lít á Þjóðvaka sem nauðsynlegan aðdraganda að sameiningu jafnaðarmanna.

Ég er dálítið róttækur ævintýramaður í pólitík þó að ég sé jafnan jarðbundinn. Ég lít á þingmennskuna núna sem alvarlega vinnu að tilteknum markmiðum. Þetta er skemmtilegt starf og tilbreytingarríkt. Ég hef alltaf unnið við eitthvað sem mér finnst gaman að.“

Tölvumál tekin föstum tökum

Þegar Ágúst tók til starfa í Háskólanum hafði viðskiptafræðinámið verið í allföstum skorðum nokkuð lengi. Töluverðar breytingar hafa hins vegar litið dagsins ljós síðustu ár og ýmislegt er í farvatninu.

„Á síðari árum höfum við verið að breyta áherslum innan deildarinnar. Viðskipta- og hagfræðideild er í tveimur skorum, viðskiptafræðiskor og hagfræðiskor, hluti nemenda er bæði í viðskiptaskor og í hagfræðiskor.

Viðskiptafræðiskorin fór í gegnum ákveðið sjálfsmat. Við spurðum forsvarsmenn í atvinnulífinu og eldri nemendur hvaða endurbætur væru æskilegar. Náminu var breytt töluvert eftir þetta. Bæði voru námskeið felld niður og öðrum bætt við. Á síðustu misserum höfum við tekið kennslu í tölvumálum föstum tökum og nemendur eru látnir fást við raunhæf verkefni. Tölvukostur deildarinnar hefur einnig verið bættur verulega. Við áttum því láni að fagna að HP á Íslandi færði okkur pentium-tölvur að gjöf að verðmæti tveggja milljóna króna. Það hefur einfaldað alla kennslu á þessu sviði verulega.

Í haust var tekið upp sérstakt námskeið með heitinu „Tjáning og samskipti“ þar sem við kennum nemendum að koma frá sér efni í ræðu og á rituðu máli. Viðskiptafræðingar þurfa að geta komið frá sér efni á markvissan hátt og við kennum það beinlínis við deildina.

Þá höfum við tekið upp nýtt kjörsvið þar sem kennd eru viðskiptatungumál, þ.e. viðskiptaenska, viðskiptaþýska og viðskiptafranska. Núna í haust

höfst kennsla í viðskiptaítölsku. Í þessu námi lærir fólk ekki aðeins tungumálið heldur einnig hvernig eigi að stunda viðskipti á viðkomandi svæðum og um sögu og hefðir viðkomandi svæða. Þetta er mjög mikilvægur þáttur vegna þess að alþjóðleg viðskipti verða ekki stunduð nema menn kunni vel skil á bakgrunni þess fólks sem þeir eru að eiga viðskipti við. Um 20 manns stunda nú nám á þessu sviði.

Í tengslum við námið höfum við náð sambandi við erlenda háskóla og t.d. fara fimm nemendur okkar til Ítalíu eftir áramót og dvelja þar eitt misseri. Það má geta þess að ítölskunámið var tekið upp vegna óska ítalskra stjórnvalda sem ætla að leggja okkur til fjármagn eftir áramót til kennslunnar. Þau meta það svo að það sé í þeirra þágu að menn læri tungumálið.“

Viljum ekki ala upp heimalninga

„Síðan er í undirbúningi að bjóða B.A.-nám í hagfræði, með áherslu á félagsfræði og heimspeki. Hér er um að ræða almenna menntun í hagfræði og tengdum greinum sem hentar m.a. fólki á fjölmiðlum og þeim sem hyggjast hasla sér völl í stjórnámum. Einnig verður tekið upp 3 ára nám í viðskiptafræðum til B.S.-prófs.

Jafnframt er verið að undirbúa meistaranám í viðskiptafræðum. Það verður tveggja ára framhaldsnám sem hefur m.a. þá sérstöðu að nemendur verða að vera annað árið erlendis. Við viljum ekki ala upp heimalninga. Það er grundvallarsjónarmið í háskólum núorðið að menn eiga að brjótast út úr sínu nánasta umhverfi, bæði með skiptum á nemendum og kennurum. Þess vegna verða nemendurnir í meistaranáminu að fara til útlanda.

Síðan hafa stofnanir okkar verið að styrkjast. Hagfræðistofnun hefur verið býsna áberandi í þjóðlífinu með margvíslegar úttektir. Það hefur verið unnið töluvert að útgáfumálum innan Viðskiptafræðistofnunar í samvinnu við útgáfufélagið Framtíðarsýn. Búið er að gefa út á annan tug smárita um ýmiss konar efni sem tengjast viðskiptafræði og hagfræði. Sú útgáfa hefur mælst mjög vel fyrir. Þá hefur verið unnið að gerð orðasafns í hagfræði og útgáfan er væntanleg á næstunni.

Við höfum stöðugt lagt meiri áherslu á samskipti við erlenda skóla og hvetjum okkar nemendur til að taka þátt í alþjóðlegum samskiptaáætlunum eins og Erasmus og Sókrates. Það er einnig stefnt að því að taka upp námskeið á ensku til að hægt sé að bjóða erlendum stúdentum upp á kennslu hér á landi. Þetta er nauðsynlegt til að geta tengst háskólanetum erlendis. Að vísu hamlar fjárskortur þessum hugmyndum.

Á þessu ári gekk hagfræðiskor í gegnum alþjóðlega úttekt á starfsemi sinni

og fékk mjög lofsamlega dóma, bæði hvað varðar kennsluhætti og rannsóknir. Námið er því á alþjóðlega viðurkenndum grunni. Við erum einnig með meistaranám í hagfræði, sem er að festa sig í sessi.

Þá má geta þess að nú er að hefjast meistaranám í sjávarútvegsfræðum sem fimm deildir Háskólans koma að, þ.e. Viðskipta- og hagfræðideild, Raunvísindadeild, Verkfræðideild, Félagsvísindadeild og Lagadeild. Átta nemendur með mismunandi bakgrunn hafa þegar hafid nám í þessum fræðum. Þarna erum við að bjóða upp á rannsóknatengt framhaldsnám í sjávarútvegsfræðum sem á vafalítið eftir að skila okkur miklu þegar fram líða stundir.“

Erum undir hungurmörkum

Ágústi verður einnig tíðrætt um þann fjárhagsvanda sem Háskólinn stendur frammi fyrir.

„Rannsóknir hafa sýnt að lagðir eru til Háskólans u.þ.b. þrír fjórðu af því fjármagni sem þykir nauðsynlegt erlendis fyrir grunnkennslu í háskóla af sömu stærð. Við erum því undir hungurmörkum. Auðvitað kemur þetta niður á gæðum í kennslu þótt við séum yfirleitt með vel menntaða kennara sem hafa numið við bestu háskóla erlendis.

Það er talið að til að hægt sé að reka rannsóknaháskóla eins og Háskóla Íslands þurfi um 2 milljónir manna. Við erum aðeins 260 þúsund og okkur finnst sjálfsagt að reka háskóla á alþjóðlegan mælikvarða. Til að hafa nám á sambærilegu stigi og þekkest erlendis þarf auðvitað fjármagn. Við erum í samkeppni við aðra háskóla og það verður sífellt erfiðara að fá vel menntaða háskólamenn til starfa, einfaldlega vegna launakjara.“

Háskólinn verði regnhlífarsamtök

Ágúst segist sjá fyrir sér að Háskóli Íslands verði eins konar regnhlífarsamtök fyrir nám á háskólastigi víðsvegar um landið. Kennsla í heilbrigðisfræðum geti t.d. að einhverju leyti átt sér stað bæði í Reykjavík og á Akureyri.

„Það vantar samræmingu í háskólanám hérlandis og ég held að menn eigi að starfa undir sömu regnhlíf til að ná sem allra mestu út úr þeim takmörkuðu fjármunum sem lagðir eru í menntun hér á landi. Við höfum ekki efni á skipulagi sem er ekki nógu árangursríkt.

Margt þarfnast endurbóta í Háskóla Íslands. Þar er mikil miðstýring og mitt mat er að það eigi að brjóta hana upp. Ég sé t.d. fyrir mér að ýmsar deildir sameinuðust í minni háskóla innan Háskóla Íslands með sjálfstæðan

fjárhag og starfsmannahald. Þetta gætu verið deildir eins og Viðskipta- og hagfræðideild, Félagsvísindadeild og Lagadeild. Þá gætu t.d. Læknadeild, Tannlæknadeild og hjúkrunarfræði sameinast í einn skóla. Ég held að miðstýringin hái okkur. Ég þekki þetta nokkuð því ég hef verið skorarformaður og deildarforseti.

Stefnumörkun af opinberri hálfu verður að fylgja með. Það vantar löggjöf um menntun á háskólastigi. Ríkisvaldið leggur til Háskólans rúmlega einn og hálfan milljarð króna, sem er ekki mikið fé og langt undir því sem talið er lágmark erlendis, eins og ég nefndi.

Það þarf að byggja upp rannsóknatengt framhaldsnám, sem kostar mikið fé. Við verðum að stunda rannsóknir í öflugu sambandi við aðra menntamenn og aðra háskóla. Ef Íslendingar einangra sig á rannsóknasviðinu mun það umsvifalaust koma fram í lakari lífskjörum og lakari kennslu en ella.

Á næstu áratugum mun samkeppnin milli þjóða fyrst og fremst ráðast af menntunarstigi. Sú þjóð sem vill standa sig í alþjóðlegri samkeppni og búa við góð lífskjör verður að standa sig á menntasviðinu.“

Ekki óalgengt að 30–40% nemenda falli á fyrsta ári

„Í framhaldsskólunum hefur mikil áhersla verið lögð á bóknámið en verknaðsgreinar eru aftur á móti láttnar sitja á hakanum. Okkur vantar fagháskóla hérlandis en núverandi kerfi hefur leitt til þess að við fáum of margt fólk inn í Háskólann sem hefur ekki nægan undirbúning þannig að margir falla á fyrsta ári. Það er ekki óalgengt að 30–40% nemenda falli á fyrsta árinu.

Við höfum velt því fyrir okkur innan Háskólans hvort það eigi að taka upp inntökupróf í íslensku, ensku, stærðfræði og tölvunotkun. Það hefur ekkert orðið úr því. Einnig hefur verið rætt um að beita fjöldatakmörkunum sem byggist á einkunnum á stúdentsprófi. Sú aðferðafræði er notuð víðast erlendis en menn hafa horfið frá því hér á landi vegna þess að stúdentsprófið hér á landi er ekki samræmt.

Við erum einnig mjög aftarlega á merinni varðandi háskólabókasafn og við erum mjög fátæklega búin bókum, en gott háskólabókasafn er auðvitað lykilatriði í kennslu og rannsóknum. Verið var að opna Þjóðarbókhliðuna eftir 20 ára smíðatíma. Það gengur ekki að við séum með bókakost sem telst ekki boðlegur við erlenda háskóla.“

Óþrjótandi verkefni fyrir viðskipta- og hagfræðinga

Nemendur í Viðskipta- og hagfræðideild eru nú um 600 talsins og hefur þeim fjölgað upp á síðkastið. Stundum er talað um að markaðurinn fyrir viðskiptafræðinga sé mettaður og margir þeirra muni eiga erfitt með að finna störf við sitt hæfi. Hvert er þitt mat á þessu?

„Ég sé þetta ekki þannig og erlendar kannanir hafa sýnt að framtíðin er hvað björtust í viðskiptafræði og hagfræði. Viðskiptafræðingar hafa hingað til fengið vinnu við sitt hæfi. Alþjóðleg viðskipti eru stöðugt að aukast og viðskiptafræðingar og hagfræðingar eiga eftir að taka þátt í þeirri þróun. Allur heimurinn er orðinn að einu markaðstorgi og það er hættulegast fyrir okkur að einangrast. Ég sé því ekkert vandamál varðandi framtíðarhorfur viðskipta- og hagfræðinga því að verkefni eru óþrjótandi.“

Við getum haslað okkur völl á tölvusviðinu, sem hentar okkur mjög vel. Þar bíður okkar mikið hlutverk. Tölvubyltingin er ekki aðeins að færa okkur nær öðrum þjóðum heldur eru að verða óstjórnlega miklar þjóðfélagsbreytingar í kringum okkur.

Breytingarnar sem eru að verða í Evrópu eru líklega svipaðar og á árunum 1785–1815, þ.e.a.s. á stjórnarbyltingar- og Napóleonsstímanum í Frakklandi. Þá gjörbreyttist öll Evrópa bæði stjórnarfarslega, atvinnulega og landfræðilega. Í fyrirtækjarekstri hefur þetta m.a. komið fram í því að staðarval er nú að verða miklu alþjóðlegra en áður. Þýsk og frönsk fyrirtæki hafa verið að flytja framleiðslu sína til Austur-Evrópu þar sem launakostnaður er lægri en heima fyrir. Íslendingar eiga ekki að setja sér það markmið að keppa við þessar þjóðir um launakostnað. Við verðum að búa okkur til samkeppnisforskot sem getur legið í því að við höfum tæknikunnáttu umfram aðra. Þá gætum við verið með betra menntakerfi en aðrir eða boðið upp á áhugaverða kosti í orkumálum, sjávarútvegi eða náttúru.“

Margir kennarar úr viðskiptalífnum

Hvernig sýnist þér að tengslum Háskólans við atvinnulífið sé háttáð?

„Í grófum dráttum held ég að þau séu að mörgu leyti ágæt. Háskólinn menntar fólk til starfa í atvinnulífnum og til sjálfstæðra rannsókna. Ein af frumskyldum skólans er að stunda rannsóknir, enda er það grundvöllurinn fyrir tengslum og umsetningu síðar í atvinnulífnum. Við vinnum töluvert með fyrirtækjum að verkefnum. Nemendur vinna raunhæf verkefni í samvinnu við fyrirtæki.“

Margir af kennurum okkar hafa starfað að hluta til í atvinnulífinu og þekkja vel til stjórnunarstarfa þar. Vafalítið mætti þó koma á betri tengslum á milli atvinnulífs og háskóla. Ég held að það mætti efla þessi tengsl með því að taka inn í stjórnir deilda aðila utan Háskólans.

Einnig má geta þess að við Endurmenntun Háskóla Íslands sækja nú um 6 þúsund manns ýmis námskeið í tengslum við atvinnulífið.“

Tungumálið eini lykillinn

Ágúst ætlar sér að snúa aftur til Háskólans eftir fjögur ár þegar kjörtímabilinu lýkur en viðheldur tengslum við skólann með því að kenna þar eitt námskeið sem hann þróaði sjálfur.

„Ég gaf út kennslubók í rekstrarhagfræði í fyrra og er að dunda við að skrifa framhald á henni. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að við eigum kennslubækur á íslensku í öllum fræðigreinum. Erlend samvinna og erlend rannsóknatungumál verða sífellt meira áberandi og sérkenni þjóða og sérstaða minnkar smátt og smátt í ljósi meiri alþjóðlegrar samvinnu.

Tungumálið er þá eini lykillinn að eigin menningu. Þetta verður enn mikilvægara á næstu áratugum. Að mínu mati er frjáls verslun og góð menntun höfuðatriðið fyrir þessa þjóð. Það var einmitt aðalmálið í sjálfstæðisbaráttunni á síðustu öld, að fá verslunarfrelsið og ná menntuninni inn í landið. Sagan endurtekur sig oft.“

Háskóli Íslands, til hvers?¹

Háskóli Íslands er sú stofnun hérlendis sem stjórnámálameinn tala ávallt hlýlega um á tyllidögum. Þá er rætt um gildi menntunar, kennslu og rannsóknna. Það væri indælt ef þetta væru ekki innantóm orð, orðagjálfur ímynd aðs hátíðleika.

Háskóli á tímamótum

Það gleymist oft að lykillinn að sjálfstæði þjóða, ekki hvað síst einangraðra, felst í eigin háskólamenntun. Foringjar sjálfstæðisbaráttunnar á 19. öld skildu þetta vel. Þeir lögðu ofuráherslu á að fá háskólakennslu inn í landið og það tókst fyrir 85 árum. Það er alltaf að koma betur og betur í ljós að þær þjóðir sem ætla sér að standast alþjóðlega samkeppni á næstu öld leggja höfuðáherslu á háskólamenntun þegna sinna.

Gildi æðri menntunar til að varðveita eigin menningu og tungu er ómetanlegt. Háskóli Íslands er miðstöð íslenskra fræða og án þátttöku hans væru t.d. heilbrigðiskerfið og spítalarnir ekki til í núverandi formi. Háskóli er hins vegar ekki aðeins kennslustofnun heldur vettvangur rannsókna og Háskóli Íslands er miðstöð grunnrannsókna hérlendis. Það er mikill sannleikur fólgin í því að æðri menntun leggi grunn að lífskjörum flestra þjóða.

Háskóli Íslands er langstærsta stofnun landsins en yfir 6.000 manns vinna þar að staðaldri, langflestir nemendur. Einnig rekur Háskólinn Endurmenntunarsstofnun en þar sækja um 7.000 manns nám af ýmsu tagi. Ýmis önnur starfsemi fer fram í tengslum við Háskólann, m.a. á rannsóknastofnunum. Tæplega 15.000 manns tengjast Háskólanum með beinum, reglubundnum hætti. Það mætti halda að Háskóli Íslands nyti víðtæks stuðnings í þjóðlífinu en svo er ekki.

Metnaðarleysi stjórnámálanna

Háskólamenntun hefur verið á verksviði hins opinbera hérlendis, þ.e. meginhluti kostnaðar er greiddur úr ríkissjóði. Hið opinbera ber því mikla ábyrgð en þar ríkir algert tómlæti. Það er lítill metnaður af hálfu stjórnámálanna hérlendis í menntamálum almennt, en öflug háskólamenntun mun standa undir velsæld þjóðarinnar í samkeppni 21. aldarinnar.

¹ Morgunblaðið 13. febrúar 1996.

Málefni Háskólans eru ekki einkamál starfsmanna og nemenda heldur koma þau öllum við, ekki síst foreldrum og væntanlegum nemendum, samtökum og fjölmiðlum. Háskólinn hefur miklum skyldum að gegna gagnvart yngra fólki. Námsmenn eiga skilið að hljóta góða menntun og foreldrar vilja fá alþjóðlega, viðurkennda menntun fyrir börn sín enda greiðir almenningur fyrir háskólanám. Það hefur ávallt ríkt metnaður hjá starfsmönnum Háskólans til þess að halda uppi góðri menntun.

Tengsl Háskólans við þjóðlífið eru mikil og margar rannsóknir innan hans eru mjög hagnýtar. Hin blómlega starfsemi Endurmenntunarstofnunar sýnir einnig hvernig Háskólinn hefur komið til móts við þarfir almennings, atvinnulífs og háskólamanna um endurmenntun. Nemendur Háskólans hafa staðið sig vel, bæði hérlendis og erlendis. Háskóli byggir hins vegar alltaf á langtímaáætlunum og uppsker á ýmsum sviðum oft ekki fyrir en eftir mörg ár og áratugi. Menntun er aldrei ferill til skamms tíma.

Háskóli Íslands er virt og viðurkennd stofnun á alþjóðavettvangi þótt nú séu þar blikur á lofti. Háskólinn hefur átt marga frábæra kennara og fræðimenn en það vill oft gleymast að kennarar við háskóla verða að hafa lokið ítarlegu námi í fræðigrein sinni, langoftast erlendis, námi sem tekur venjulega 7 til 10 ár að loknu stúdentsprófi. Síðan verða þeir sífellt að fylgjast vel með í fræðigrein sinni. Íslendingar eiga þekkta vísindamenn í starfi hérlendis og erlendis og mjög margir hæfir landar okkar eru í námi víða um heim.

Fjármál Háskólans

Hérlendis vantar meira fé til háskólanáms en það fæst ekki. Innan Háskóla Íslands hefur verið sýnt fram á að það vanti um 25% meiri fjárframlög til að halda uppi sambærilegri kennslu og talið er lágmark erlendis. Hér er samanburðurinn einungis miðaður við lágmarkskennslumagn í þokkalegum háskóla. Það vantar því 25% til þess að Háskóli Íslands nái hungurmörkum. Hér er þó ekki tekið tillit til launakjara háskólakennara, en laun þeirra eru mun lakari hérlendis en í nágrannalöndunum.

Skortur á fjórðu hverri krónu segir fljótt til sín í lakari menntun þjóðarinnar. Fjárveiting á nemanda í fullu námi hefur lækkað um þriðjung að raungildi á síðustu átta árum. Þannig hefur áhersla á háskólanám hérlendis í reynd minnkað á undanförunum árum.

Það er sífellt erfiðara að fá hæfa kennara að Háskóla Íslands. Ný námskeið og ný þekking endurspeglast ekki nægjanlega í kennslu, rannsóknir sitja á hakanum og menn eru að missa móðinn. Það verður erfiðara fyrir nemendur okkar að komast í framhaldsnám í virtum skólum erlendis.

Hafa þarf í huga að háskóli er alþjóðastofnun. Milli háskóla um allan

heim er skipst á þekkingu, kennurum og nemendum og þannig hefur það verið öldum saman. Háskólar eru því best búnir af öllum stofnunum til að taka við nýjum straumum 21. aldarinnar á sviði upplýsingamiðlunar, aukinna samskipta og viðskipta.

Stefna ríkisstjórna hverju sinni endurspeglast í fjárlögum og það er með ólíkindum, miðað við það hvernig allir flokkar töluðu fyrir síðustu kosningar, að þess sjáist ekki merki nú í auknum fjárveitingum til skólamála. Háskóla Íslands er naumt skammtað og er enn eitt árið langt undir hungurmörkum erlendra skóla. Metnaðarleysið heldur áfram og svo er klykkt út með því að hvetja til sparnaðar. Vitaskuld er gott að spara en innan Háskólans, eins og víða annars staðar, er braut hagræðingarinnar á enda gengin.

Á næsta ári er áætlað að verja um 2,6% af fjárlögum til háskóla og rannsóknna. Háskóli Íslands fær rúmlega helming þeirrar fjárhæðar. Nemendum við Háskóla Íslands hefur fjölgað á undanförunum árum en það eru þó hlutfallslega færri sem stunda háskólanám hér en hjá öðrum þjóðum.

Háskóla Íslands hefur mistekist að gera almenningi í landinu skýra grein fyrir mikilvægi öflugrar háskólamenntunar hérlendis. Það gerist ekki án fjármuna en þegar innan við 1,4% af fjárlögum hverju sinni renna til Háskóla Íslands er ekki hægt að segja að rekstur hans sé að sliga ríkissjóð. Til samanburðar þá er ráðstafað á þessu ári um 6% fjárlaga til landbúnaðar og öðrum 6% til vegamála.

Dæmi um fjársveldi Háskólans kemur í ljós þegar bókakostur Landsbókasafns – Háskólabókasafns er borinn saman við erlenda skóla. Það er mikil skömm að því hvað „bókaþjóðin“ á veikburða háskólabókasafn. Stúdentar sýndu mikið framtak á síðasta ári en miklu meira verður að gera í þeim efnum. Hins vegar lýsir áratuga sinnuleysi fjárveitingavaldsins til þessa mála-flokks vel afstöðu- og metnaðarleysi valdhafanna. Það er ekki einu sinni hægt að halda safninu opnu eins og eðlilegt er.

Það verður að skiljast að fjárfesting í menntun, m.a. háskólamenntun, er einn vænlegasti fjárfestingarkostur okkar, mun betri en fjárfesting í virkjunum, álverksmiðju, fiskiskipum eða samgöngum.

Hvað vilja stjórnámálemenn?

Afskiptaleysi gagnvart háskólum skiptir máli ef almenningur sættir sig ekki við lakari lífshjör en annars staðar á næstu áratugum. Það er hins vegar ekki vilji manna í Háskóla Íslands að láta háskólanám drabbast niður í skítinn og að Háskólinn verði að annars flokks háskóla á alþjóðavettvangi þótt stjórnámálemenn virðist vilja það.

Nú háttar þannig til að undirritaður er bæði stjórnmalamaður og í leyfi sem kennari frá Háskóla Íslands og þekkir því nokkuð til afstöðu stjórnmalamanna. Alþingismönnum er langflestum ekki umhugað um kennslu á háskólastigi og það endurspeglast í litlum fjárveitingum. Alþingismenn hafa til dæmis miklu meiri áhuga á samgöngumálum en menntamálum. Það er ekki til nein samræmd löggjöf um háskólanám þótt sú vinna sé reyndar nýhafin. Það hefur ríkt stefnuleysi í þessum efnum en nú eru 13 skólar starfandi á háskólastigi hérlendis.

Margir stjórnmalamenn vilja meira að segja nota háskóla sem innlegg í byggðastefnu. Erlendis er talið að það þurfi um 2 milljónir manna til að búa einum rannsóknaháskóla bærilegt umhverfi. Það sést best á þessu að Háskóli Íslands er í reynd kraftaverk og hefur alltaf verið það.

Auðvitað eiga að vera til tækniháskólar og sérhæfðir fagháskólar hérlendis en það verður að vera til stefna í þessum málum, m.a. um hvernig rannsóknir séu best skipulagðar. Nú eru nemendur í skólum á háskólastigi utan Háskóla Íslands um 1.700. Skólar á háskólastigi hérlendis hafa því miður sáralitla samvinnu sín á milli en vitaskuld væri hægt hafa ein regnhlífarsamtök um háskólakennslu og að skólarnir skiptust á námskeiðum, kennurum og nemendum með reglubundnum hætti. Núna ræður stefnuleysið ríkjum.

Háskóli getur ekki starfað nema öflugur stuðningur hins opinbera komi til. Við höfum ekki viljað skólakerfi eins og þekkest víða erlendis, m.a. í Bandaríkjunum, en þar eru skólar víða einkareknir með mjög miklum skólagjöldum. Það hefur ríkt sátt um það hérlendis að menntun sé almennings-eign og það er hluti af evrópskri menntahefð.

Nýjar leiðir

Ein af þeim hugmyndum sem nú eru ræddar innan Háskólans er að gera skólann að sjálfseignarstofnun, laða þannig fleiri aðila að skólanum og flytja stjórn eigin mála meira inn í skólann, m.a. fjármál og starfsmannamál. Vitaskuld þarf samning við ríkisvaldið um slíka breytingu en það er mat mitt að þetta skref sé ekki einungis Háskóla Íslands til heilla heldur lífsnauðsynlegt. Það verður að brjótast út úr núverandi farvegi stöðnunar og skeytingarleysis.

Almenningur þarf að vita að vonleysi er að grípa um sig í æðstu menntastofnun landsins. Það má ekki verða. Það var ekki að ástæðulausu að foringjar okkar á 19. öld vildu háskólamenntun inn í landið. Þeir skildu það, sem við höfum gleymt, að öflug æðri menntun er lykilatriði í sjálfstæði þjóðar, hún markar sjálfsvirðingu hennar og lífskjör.

Sjálfseignarstofnanir og Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands¹

Hvað er sjálfseignarstofnun?

Skilgreiningin á sjálfseignarstofnun er sú að hún er sjálfstæð lögpersóna sem á sig sjálf en er ekki í eigu utanaðkomandi aðila. Slík stofnun á sjálf eigur sínar og ber ábyrgð á heildarskuldbindingum sínum. Af því leiðir að stofnendur sjálfseignarstofnunar eða aðrir eru ekki í þannig tengslum við stofnunina að jafna megi við eignaraðild. Sjálfseignarstofnun er komið á fót með viljayfirlýsingu, þ.e. með skipulagsskrá og framlagi.

Engin lög gilda hérlendis um sjálfseignarstofnanir. Tvenns konar sjálfsseignarstofnanir þekkjast hér. Annars vegar eru sjálfseignarstofnanir að einkarétti, sem búa við mikið frjálsræði um markmið, skipulag og stjórnun, sem taka mið af skipulagsskrá stofnunarinnar sjálfar. Hins vegar eru sjálfsseignarstofnanir að opinberum rétti sem eru settar á stofn með sérstökum lögum eða opinberu framlagi.

Í skipulagsskrá sjálfseignarstofnunar er greint frá stofnfé, kveðið á um hvernig stjórn stofnunarinnar skuli skipuð og hver ber ábyrgð á fjárvörslu. Sjálfseignarstofnanir hafa oftast það hlutverk að annast framkvæmd ákveðins máls í almannapágu. Sjálfseignarstofnun getur einnig sinnt atvinnurekstri og eru sparisjóðirnir þar hvað þekktastir. Venjan er að enginn hefur eftirlit með gerðum stjórnar í sjálfseignarstofnun en stjórn fer með æðsta vald í málefnum hennar. Stjórn stofnunar tekur þannig ekki við fyrirmælum frá stofnendum eða öðrum utanaðkomandi aðilum.

Menntastofnanir sem sjálfseignarstofnanir hérlendis

Samvinnuskólinn á Bifröst er rekinn sem sjálfseignarstofnun, svo og Verzlunarskóli Íslands. Þessir skólar byggja starfsemi sína á samningi við ríkisvaldið og er reynslan af rekstri þeirra skóla góð.

Form sjálfseignarstofnunar getur hentað að mörgu leyti fyrir menntastofnanir. Eitt þekktasta dæmið um útfærslu á þessum vettvangi er tillaga sem gerð var um rekstrarform á Listaháskóla Íslands. Árið 1994 var lagt fram

¹ Erindi á ársfundi Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands 16. desember 1997.

á Alþingi frumvarp um listmenntun á háskólastigi þar sem gert var ráð fyrir að slík menntastofnun yrði rekin sem sjálfseignarstofnun.

Nefndin sem samdi það frumvarp taldi að það næði því markmiði að veita aukið sjálfstæði í kennslu, stjórnun og rekstri, yki gæði, hagkvæmni og skilvirkni og að í rekstri skólans færi saman ábyrgð og ákvörðunarvald stjórnenda. Einnig voru kostir tíundaðir um að stofnunin hefði frjálssar hendur um þróun listmenntunar og nýtingu starfskrafta og hún hefði svigrúm til að halda eftir eigin tekjum.

Þetta frumvarp gerði ráð fyrir að Listaháskóli Íslands yrði starfræktur sem sjálfseignarstofnun en gerður yrði samningur milli sjálfseignarstofnunarinnar og menntamálaráðuneytisins um kröfur sem stofnunin yrði að uppfylla.

Menntastofnanir sem sjálfseignarstofnanir erlendis

Dæmi um sjálfseignarstofnun á menntasviði erlendis er Verslunarháskólinn í Árósum, sem er tiltölulega stór starfsmenntaskóli á háskólastigi. Sá skóli er rekinn sem ein rekstrareining en þar sitja í stjórn sex manns sem eru tilnefndir af viðskipta- og iðnaðarsamtökum í Árósum, fjórir frá háskólanum, einn af borgarstjórn Árósa og einn tilnefndur af amtsráði.

Þessi skóli ráðstafar sjálfur eignum sínum. Þegar skólanum var breytt í sjálfseignarstofnun jókst frelsi hans til að ákveða stöðugildi. Hér þarf að hafa í huga að um menntastofnun er að ræða sem er hluti af almennu menntakerfi, en það á ekki við um Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands, sem stendur sjálf undir sínum eigin rekstri.

Flestar menntastofnanir í skólum í Noregi eru ríkisstofnanir. Þó eru tveir tugir lýðháskóla sem eru einkareknir og margir einkareknu skólanna eru sjálfseignarstofnanir, t.d. Norski tækniháskólinn og Viðskiptaháskólinn. Í Bandaríkjunum þekktist víða að menntastofnanir séu reknar sem sjálfseignarstofnanir, bæði sérgreina- og fjölgreinaskólar.

Háskóli Íslands sem sjálfseignarstofnun

Það hafa verið uppi hugmyndir um að breyta Háskóla Íslands í sjálfseignarstofnun. Nefnd sem sett var á laggirnar árið 1995 til að fjalla um það málefni lagði það til. Nefndin taldi helstu kosti þess að breyta Háskóla Íslands í sjálfseignarstofnun vera að skólinn yrði sjálfstæðari í stjórnun, þróun og rekstri en hingað til. Fjárhagsleg ábyrgð og ákvörðunarvald væri á sömu hendi, hann hefði fullt sjálfstæði í starfsmanna- og launamálum, ferillinn við ákvarðanatöku yrði styttri en hjá hefðbundinni ríkisstofnun, svigrúm að

halda eftir af eigin fé ykist, utanaðkomandi aðilar fengju meiri hvatningu en nú til að gerast þátttakendur í rekstri Háskóla Íslands og samskipti Háskólans, sem sjálfseignarstofnunar, og ríkisvalds myndu breytast þannig að ríkið keypti þjónustu samkvæmt samningi.

Gallar þess að breyta Háskóla Íslands í sjálfseignarstofnun voru taldir að engir væru ábyrgir fyrir skuldbindingum stofnunarinnar nema stofnunin sjálf. Fjárhagslegt öryggi sjálfseignarstofnunar er þannig minna en ríkisstofnunar. Starfsöryggi er hugsanlega einnig minna. Sjálfseignarstofnun getur stýrt aðgangi í nám í samræmi við fjárhag, sem ýmsir telja vera ókost.

Frumvarp um háskólastigið

Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp um háskólalöggjöf, þar sem m.a. er fjallað um Háskóla Íslands. Samkvæmt því frumvarpi, og því ákvæði verður ekki breytt, verður fækkað í háskólaráði og þar verða einungis tíu fulltrúar, þar af fimm fulltrúar úr hópi kennara. Það þýðir það að horfið verður frá því skipulagi Háskóla Íslands sem kveður á um að deildarforseti hverrar deildar eigi sæti í háskólaráði, en háskólaráð fer með æðsta vald í málefnum háskólans.

Einnig er gert ráð fyrir skipun rektors af hálfu menntamálaráðherra, þó þannig að ráðherra verður að skipa þann sem háskólasamfélagið velur. Þetta eru helstu ágreiningsefni milli háskólayfirvalda og stjórnvalda hvað varðar hið nýja háskólafrumvarp. Það er þó ljóst að ekki er sérstaklega gert ráð fyrir hlutverki Endurmenntunarstofnunar í þessari nýju löggjöf, enda er um að ræða rammalöggjöf. Síðan á eftir að setja lög og reglugerðir um einstaka skóla, þar á meðal um Háskóla Íslands.

Rekstrarform Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands

Sjö aðilar hafa sameinast um samstarf um endurmenntun í Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands. Það er Háskóli Íslands, Tækniskóli Íslands, Arkitektafélag Íslands, Bandalag háskólamanna, Tæknifræðingafélag Íslands, Verkfræðingafélag Íslands og Hið íslenska kennarafélag. Markmið Endurmenntunarstofnunar er endurmenntun með námskeiðum, fræðslufundum og útgáfustarfi, svo og fræðsla fyrir almenning.

Tengsl Endurmenntunarstofnunar við Háskóla Íslands eru mjög mikilvæg, m.a. vegna samstarfs við starfsmenn Háskólans um kennslu en ekki síður vegna þess að nafn Háskóla Íslands er í hugum flestra mjög góð trygging fyrir vönduðum vinnubrögðum Endurmenntunarstofnunar.

Endurmenntunarstofnun er skylt að starfa í nánnum tengslum við deildir Háskóla Íslands og hina aðilana sex. Stjórn Endurmenntunarstofnunar er þannig skipuð að fimm manns eru frá Háskóla Íslands og sex frá hinum sex fyrrgreindu aðilum. Endurmenntunarstjóri er ráðinn af stjórn og sér um daglegan rekstur. Framlag Háskólans nemur árlega tveimur og hálfum mánaðarlaunum en hinir sex aðilarnir leggja hver um sig árlega til ein mánaðarlaun.

Endurmenntunarstofnun starfar eftir reglugerð frá 1991 þar sem m.a. er kveðið á um að Endurmenntunarstofnun lúti yfirstjórn háskólaráðs, að háskólaráð geti heimilað öðrum aðilum að taka þátt í stjórn stofnunarinnar og að fjárreiður séu hluti af fjárreiðum Háskóla Íslands, þar með talið fjárlagatillögur og reikningshald. Tekjur Endurmenntunarstofnunar eru fyrst og fremst námskeiðagjöld.

Rekstrarafkoma stofnunarinnar er góð og Endurmenntunarstofnun er ekki háð rekstrarframlagi hvorki frá Háskóla Íslands né öðrum samstarfsaðilum. Uppistaðan í tekjum stofnunarinnar eru námskeiðagjöld og einnig framlög vegna framhaldsnámskeiða í kennaranámi en um þau gildir sérstakur samningur. Mjög mikilvægt er fyrir framtíðina að fjármunir Endurmenntunarstofnunar nýtist til frekari uppbyggingar stofnunarinnar en sé ekki ráðstafað til annars.

Breyting á rekstrarformi Endurmenntunarstofnunar

Það er ljóst af framansögðu að form sjálfseignarstofnunar getur hentað mjög vel fyrir menntastofnun sem hefur fyrst og fremst það hlutverk að vinna að afmörkuðum þáttum á sviði menntunar, þar sem gott skipulag er mikilvægt, sem og sjálfstæði í ákvarðanatöku og fjárhag. Það er því hægt að segja að Endurmenntunarstofnun uppfylli þessi skilyrði mjög vel.

Ef rekstrarform Endurmenntunarstofnunar er skoðað er ljóst að samkvæmt reglugerðinni sem Endurmenntunarstofnun starfar eftir að formlega er Endurmenntunarstofnun óaðskiljanlegur hluti af Háskóla Íslands, sem er hefðbundin ríkisstofnun, og aðrir samstarfsaðilar koma þar fremur að sem samverkamenn en sem beinir stjórnendur.

Hins vegar hefur Endurmenntunarstofnun í starfi sínu öðlast verulegt sjálfstæði gagnvart Háskóla Íslands. Stjórn stofnunarinnar, þ.e. þeir aðilar sem koma frá Háskóla Íslands og hinir sem koma frá öðrum samstarfsaðilum, hafa í reynd stýrt stofnuninni mjög svipað og um sjálfseignarstofnun væri að ræða. Það er hins vegar ekkert sjálfgefið í þeim efnum. Það væri vel hægt að hugsa sér að Endurmenntunarstofnun væri rekin sem

sjálfseignarstofnun en hefði sérstakan samning við Háskóla Íslands og við aðra samstarfsaðila.

Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands er með um 10 þúsund nemendur á ári, eða tvöfalt fleiri en nemur nemendafjöldi í Háskóla Íslands. Að mínu mati hefur Endurmenntunarstofnun reynst mjög vel og sést það vel af fjárhagslegum styrkleika stofnunarinnar en ekki hvað síst af því að aðsókn að námskeiðunum hefur verið mjög mikil.

Eitt af meginhlutverkum Endurmenntunarstofnunar er útgáfustarfsemi en ekki verður séð að Endurmenntunarstofnun hafi sinnt þeim þætti mikil. Vitaskuld má hugsa sér svið sem leggja ætti meiri áherslu á, en hér spyr ég einungis þeirrar spurningar hvort núverandi skipulag og rekstrarform stofnunarinnar beini starfseminni í tiltekinn starfsvettvang umfram aðra. Ekki verður séð að slíkt sé fyrir hendi og virðist það vera í valdi stjórnar og daglegrar stjórnunar að útfæra kennsluframboðið og annað starf, t.d. útgáfustarfsemi, á þann hátt sem menn telja rétt hverju sinni.

Hitt er annað mál að ég tel að Endurmenntun hafi úr ótrúlega miklu efni að móða sem hentar vel til útgáfu, en það kallar á útgáfudeild með höfundum sem starfsmönnum sem ynnu að útgáfu bóka og kennsluefnis í samstarfi við kennara.

Einn af kostum sjálfseignarstofnunar er að þær hafa meira frelsi en ríkisstofnanir varðandi mannskap og ráðningarkjör. Það er þegar mikið frelsi hvað þann þátt varðar í starfsemi Endurmenntunarstofnunar, eftir því sem ég veit best, en form sjálfseignarstofnunar myndi skapa þar enn betri stöðu.

Mikilvægasti þátturinn við að breyta Endurmenntunarstofnun í sjálfseignarstofnun er þó að þá hefði hún sjálfstæðan fjárhag og væri ekki hluti af fjárhag Háskóla Íslands hvað varðar fjárreiður og fjárhagstillögur. Breyting Endurmenntunarstofnunar í sjálfseignarstofnun krefst þess að Háskóli Íslands og aðrir aðilar, t.d. aðrir skólar, fagfélög, fyrirtæki og sveitarfélög, yrðu stofnendur að slíkri sjálfseignarstofnun. Vitaskuld er mjög mikilvægt að Háskóli Íslands hafi mjög nán tengsl við Endurmenntunarstofnun þótt rekstrarforminu yrði breytt.

Endurmenntunarstofnun sem hlutfélag

Hægt er að hugsa sér annað rekstrarform Endurmenntunarstofnunar, þ.e. sem hlutfélag. Þá legði Háskóli Íslands og aðrir aðilar, t.d. skólar, fagfélög, fyrirtæki og sveitarfélög, fram hlutfé og rækju Endurmenntunarstofnun í því rekstrarformi. Væntanlega yrði Háskóli Íslands stærsti hluthafinn. Það skapaði enn meira sjálfstæði við ákvarðanatöku og fjárhagslega

skipulagningu. Þá lyti stofnunin eftirliti hlutafjáröggjafar á margvíslegan máta. Hlutafélagamið er hins vegar fyrst og fremst talið vera heppilegt þegar um er að ræða starfsemi á samkeppnisgrundvelli.

Nú verður ekki séð að Endurmenntunarstofnun sé á samkeppnismarkaði með námsframboð sitt að öllu leyti. Þó má ekki gleyma því að ýmsir aðilar í þjóðfélaginu bjóða fram ýmiss konar námskeið þótt Endurmenntunarstofnun sé langumfangsmest á því sviði. Það er hins vegar alls ekki útilokað að stofna hlutafélag um rekstur Endurmenntunarstofnunar og það er alls ekki slæm hugmynd.

Eflum menningu¹

Höfundur þessarar greinar hefur lagt fram á Alþingi tvö frumvörp sem snerta menningu í viðum skilningi. Annað frumvarpið er um að efla menningu, vísindi og kvikmyndagerð með tilteknum skattalegum aðgerðum. Hitt frumvarpið er að stofna menningarmálaráðuneyti.

Skattaúvilnanir til menningar, vísinda og kvikmynda

Í fyrra frumvarpinu er lagt til að fyrirtæki megi draga frá tekjum tvöfalda þá fjárhæð sem þeir verja til menningarmála, kvikmyndagerðar og vísindastarfsemi. Þetta hvetur fyrirtæki til að auka framlög sín, enda lækka skattskyldar tekjur þeirra þar með. Ef fyrirtæki gefur 100 þús. kr. má það samkvæmt frumvarpinu draga 200 þús. kr. frá útgjöldum. Þetta hvetur fyrirtæki til að styðja við menningu, vísindi og kvikmyndagerð.

Undir menningarstarfsemi fellur m.a. fræðiritauitgáfa, starfsemi bóka-, skjala-, lista- og minjasafna, bókmennta- og listastarfsemi og verndun fornminja og náttúrufrýrirbrigða. Undir vísindalega rannsóknastarfsemi falla hugvísindi, raunvísindi, félagsvísindi og heilbrigðisvísindi en vísindastarfsemi í háskólum er gjarnan skipt í þessi fjögur meginfræðasvið. Framlög fyrirtækja t.d. til eflingar rannsókna og kennslu innan háskóla falla þannig undir þetta frumvarp.

Samþykkt frumvarpsins mun efla bókmenntir, leiklist, tónlist og myndlist og starfsemi safna. Allir þessir málaflokkar falla undir hin úvilnandi ákvæði frumvarpsins.

Svipuð ákvæði þekkjast víða erlendis og hafa reynst vel. Aukin framlög til menningarstarfa leiða til aukinna umsvifa sem síðar skila tekjum í ríkissjóð, m.a. í formi virðisaukaskatts eða tekjuskatts. Þannig mun frumvarpið leiða til aukningar á tekjum ríkisins, auk þess að auðga menningarlíf og vísindastarf.

Miklir möguleikar í kvikmyndaíðnaði

Eitt af nýmælum frumvarpsins er að um framlög til kvikmyndagerðar, þ.e. fræðslumyndagerðar og gerðar leikinna mynda og heimildamynda, gildi

¹ Dagur 25. mars 1998.

sömu ákvæði og til annarrar menningarmálastarfsemi. Í kvikmyndaiðnaði eru mikil sóknarfæri. Fjármögnun kvikmynda er oft þannig að móttframlag kemur frá erlendum aðilum. Oft hefur ónóg tekjuöflun innan lands staðið í vegi fyrir því að fé erlendis frá fengist.

Ríkisvaldið fær til baka vegna aukinna umsvifa allt það fjármagn sem það veitir í gegnum Kvikmyndasjóð. Á síðustu fjórum árum úthlutaði ríkisvaldið tæpum 300 milljónum í gegnum Kvikmyndasjóð en það fékk til baka rúmlega 300 milljónir í auknum sköttum! Þá er ótalinn sá ávinningur sem kvikmyndagerð hefur í ferðabjónustu. Tekjur ríkissjóðs vegna ferðamanna sem ákváðu Íslandsferð eftir að hafa séð íslenska kvikmynd eða þátt í sjónvarpi um Ísland eru taldar vera um 400 milljónir á ári.

Þeir Þjóðverjar og Frakkar sem ferðast til Íslands ákveða Íslandsferð í um 25% tilvika vegna áhrifa frá þáttum í sjónvarpi eða hljóðvarpi. Óbein ferðakynning vegna kvikmynda er mun árangursríkari en hefðbundin ferða- auglýsing. Sýning þáttanna um Nonna og Manna á jólum 1988 í Evrópu hafði í för með sér umtalsverða aukningu á ferðamönnum frá Þýskalandi, Sviss, Austurríki og Ítalíu. Fyrir utan tekjur af ferðamönnum eru tekjur vegna erlendra tókuliða eru einnig mikilvægar.

Kvikmyndagerð hérlendis getur orðið umfangsmikill og arðbær atvinnuvegur. Íslenskir kvikmyndagerðarmenn hafa sýnt að starf þeirra jafnast á við það besta í heiminum. Beinn þjóðhagslegur ávinningur fyrir ríkissjóð vegna kvikmyndaiðnaðar er a.m.k. 500 milljónir kr. á ári. Hið mikla samband milli ferðamanna, kvikmynda og sjónvarpsþátta sýnir mikinn fjárhagslegan ávinning fyrir þjóðfélagið og ríkið ef kvikmyndaiðnaður eflist.

Aukning alþjóðaviðskipta, tölvu- og Internetvæðing styrkir umhverfi kvikmynda mikið. Eftirspurn eftir myndefni eykst stöðugt, bæði leiknu efni og heimildamyndum. Erlendar rannsóknir sýna að í kvikmyndaiðnaði munu lítill og meðalstór fyrirtæki einkum hasla sér völl. Það hentar okkur mjög vel. Í Bandaríkjunum hefur t.d. starfsfólk í kvikmyndaiðnaði þrefaldast á síðustu 10 árum.

Kvikmyndir geta orðið stóriðja hérlendis. Þær byggjast m.a. á skapandi hugsun, góðri menntun, tæknikunnáttu, hagkvæmni í rekstri og tiltölulega litlu fjármagni, auk þess sem þær eru umhverfisvænar og nýta sérstöðu íslenskrar náttúru.

Nýtt ráðuneyti, menningarmálaráðuneyti

Höfundur hefur einnig lagt fram frumvarp um að stofnað verði menningarmálaráðuneyti. Gert er ráð fyrir að verkefni á sviði menningarmála, sem

hafa verið í umsjá menntamálaráðuneytisins, verði færð til hins nýja ráðuneytis og sérstakur ráðherra færi þá með menningarmál.

Það er brýnt að menningu sé gert það hátt undir höfði að sérstakt ráðuneyti fari með málefni hennar. Menntamálaráðuneytið hefur nóg verkefni við umsjón skólastarfs í landinu.

Menningarmálaráðuneytið hefði umsjón með listum, svo sem leiklist, m.a. Þjóðleikhúsi, hljómlist, m.a. Sinfóníuhljómsveit Íslands, kvikmyndum, m.a. Kvikmyndasjóði, sönglist, myndlist, danslist, bókmenntum og útgáfustarfsemi, m.a. Rithöfundasjóði og listamannalaunum. Einnig heyrðu öll söfn undir þetta nýja ráðuneyti, svo sem Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, bókasöfn, náttúrugripasöfn og listasöfn.

Eitt verkefna menningarmálaráðuneytis væri að vera stjórnarsýsluaðili Ríkisútvarps, þ.e. hljóðvarps og sjónvarps, og fjalla um minjar, íþróttir, m.a. Íþróttasamband Íslands, æskulýðsmálefni, m.a. Æskulýðssamband Íslands, og höfundarétt.

Á þessu ári er um 17 milljörðum króna ráðstafað til menntamálaráðuneytisins en af þeirri fjárhæð renna tæpir 4 milljarðar til menningarmála, þar af á annan milljarð til Ríkisútvarpsins. Umsvif hins nýja ráðuneytis verða um 4 milljarðar en menntamálaráðuneytið verður eftir sem áður með útgjöld yfir 13 milljarða á ári. Til samanburðar er utanríkisráðuneytið með útgjöld upp á 3 milljarða króna á ári, landbúnaðarráðuneytið um 8 milljarða, sjávarútvegsráðuneytið um 2,5 milljarða, dóms- og kirkjumálaráðuneytið 8,5 milljarða, félagsmálaráðuneytið 10 milljarða, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 59 milljarða, fjármálaráðuneytið 21 milljarð, samgönguráðuneyti er með 10 milljarða, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið með um 2 milljarða og umhverfisráðuneytið með rúmlega 1 milljarð.

Hið nýja menningarmálaráðuneyti yrði þannig stærra að fjárhagslegu umfangi en utanríkisráðuneytið, sjávarútvegsráðuneytið, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið og umhverfisráðuneytið. Önnur ráðuneyti eru stærri. Af þessu má sjá að sterk rök eru fyrir því að stofna sérstakt ráðuneyti um menningarmál út frá fjárhagslegum umsvifum menningar.

Forgangur menningarstarfsemi

Meginástæðan fyrir þessu frumvarpi er þó ekki fjárhagslegs eðlis heldur að marka skýran farveg fyrir menningarstarfsemi. Brýnt er að efla hana og stuðning við alla þætti hennar. Það verður best gert með því að hafa um hana sérstaka stjórnarsýslumgjörð. Mikil gróska er í menningarmálum hérlendis. Um það vitnar margvísleg útgáfustarfsemi, listsýningar og frjó umræða.

Yngsta ráðuneytið er umhverfisráðuneytið en stofnun þess sýndi á sínum tíma aukna áherslu stjórnvalda á umhverfismál. Þá voru umhverfismál sem heyrðu undir önnur ráðuneyti færð í hið nýja umhverfisráðuneyti. Viðhorf og vinna í sambandi við umhverfismál hafa gjörbreyst, m.a. við það að starfrækt er sérstakt umhverfisráðuneyti.

Það hefur staðið söfnum hérlendis fyrir þrifum að of litlu fé hefur verið varið til þeirra og þau hafa ekki notið nægrar athygli. Með stofnun menningarmálaráðuneytis, sem hefði m.a. umsjón með söfnum, yrði þeim gert hærra undir höfði en nú er.

Menningarstarfsemi er veigamikill þáttur í að bæta mannlíf og samskipti einstaklinga og er efnahagslega mikilvæg. Hún skilar miklu framlagi til landsframleiðslunnar og hlutur hennar fer vaxandi.

Ástæðulaust er að hafa áhyggjur af því að fjölgun ráðuneyta kalli á útþenslu þar sem hér er alls ekki um aukningu stjórnsýslunnar að ræða heldur markvissari stjórnun menningar- og menntamála. Höfundur telur að sameining annarra ráðuneyta komi vel til greina, t.d. sameining sjávarútvegs-, iðnaðar-, viðskipta- og landbúnaðarráðuneytis í eitt atvinnuvegaráðuneyti.

Sú skipan þekkist víða að hafa sérstakt menningarráðuneyti og er Frakkland einna kunnast á því sviði, svo og sum Norðurlanda. Virði sérhvers þjóðfélags endurspeglast í menningu þess. Aldrei verður of vel hlúð að þeim þáttum sem móta menningu okkar, ekki síst í ljósi þess hve fámenn við erum. Það er íslensk menning sem hefur gert okkur kleift að lifa hér sjálfstæðu lífi þrátt fyrir fámennið.

Menntun og sjávarútvegur¹

Nokkuð hefur verið rætt um menntun í sjávarútvegi síðustu mánuði og er það vel. Það er ekki gott fyrir sjávarútveginn að hann sé með einna minnst menntuðu einstaklingana af öllum atvinnugreinum hérlendis. Það eru ekki allir sem gera sér þessa staðreynd ljósa.

Menntunarskortur í sjávarútvegi!

Vitaskuld er fólk í sjávarútvegi alls ekki ómenntað þótt það skorti oft lengri skólagöngu. Mikil sérþekking og reynsla er í greininni og margt gott er gert í menntunarmálum í sjávarútvegi en betur má ef duga skal.

Tiltölulega fáir háskólamenn eru starfandi í sjávarútvegi. Þessu verður að breyta. Nútímaatvinnuhættir krefjast sífellt menntaðri starfsmanna, ekki síst í stjórnunarstöðum.

Það er staðreynd að aukin menntun bætir samkeppnisskilyrði fyrirtækja, eykur framleiðni og stuðlar að hærri launum og meiri hagnaði. Þetta er þeim mun mikilvægara þar sem íslenskur sjávarútvegur er í harðri samkeppni við erlend fyrirtæki.

Erlendir samkeppnisaðilar hafa sífellt betur menntað fólk á sínum snærum og við verðum að fylgjast vel með, ekki síst vegna sífellt hraðari tækniþróunar. Þetta hefur þó lagast nokkuð á síðustu árum og nú vinnur fjölmargt ungt fólk með háskólanám að baki innan sjávarútvegsins, t.d. að markaðsmálum.

Góðir skólar en stefnu vantar

Starfsfræðslunámskeiðin í fiskvinnslu hafa tekist vel og Háskólinn á Akureyri vinnur mjög gott starf í menntun sjávarútvegsfræðinga. Margvíslegt nám fer fram innan Háskóla Íslands (HÍ) í sjávarútvegsfræðum og Endurmenntunarstofnun HÍ býður upp á fjölbreytt námskeið á þessu sviði. Sérskólar sjómanna vinna vel en aðsókn að þeim er undarlega lítil séu hinir miklu tekjumöguleikar sjómanna hafðir í huga.

Boðið er upp á meistaranám í sjávarútvegsfræðum við HÍ og sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna verður hérlendis í framtíðinni. Þetta er

¹ Fiskifréttir 19. júní 1998.

framhaldsnám fyrir þá sem þegar hafa lokið háskólaprófi og er lyftistöng fyrir menntun í sjávarútvegi.

Það vantar hins vegar meiri umræðu um menntun og tillögur um úrbætur. Nýlega var haldin ágæt ráðstefna um þessi mál á Akureyri og ýmislegt fróðlegt kom þar fram en því þarf að fylgja eftir.

Að hafa trú á sjávarútvegi

Það er mikilvægt að velta fyrir sér orsökum tiltölulega lítillar menntunar í sjávarútvegi. Er þar um að kenna vantrú á framtíð sjávarútvegs eða hugsanaleysi og kæruleysi stjórnenda og annarra starfsmanna? Eimir e.t.v. enn eftir af þeim hugsunarhætti að í sjávarútvegi farnist mönnum best á brjóstvitinu og reynslunni? Líklega eiga allar skýringarnar við. Þess vegna er brýnt að hamra á því að nútíminn krefst betri menntunar en áður ef ná á árangri. Sjávarútvegur á Íslandi á mjög mikla framtíð fyrir sér sem hálaunagrein með mikla verðmætasköpun.

Nú eru góðar aðstæður að hefja nýja sókn, fyrirtæki í sjávarútvegi ganga yfirleitt vel, kjarasamningar eru gerðir til langs tíma og ræða á markvisst um hvernig eigi að bæta menntun í sjávarútvegi.

Tólf atriði í nýrri stefnu

Hér verða á eftir talin til nokkur atriði sem ættu að mati undirritaðs að vera í nýrri stefnu.

- Í fyrsta lagi ætti skólastarf í sjávarútvegi að vera innan almenna skólakerfisins með sérbrautum þar sem það á við. Sérskólaleiðin, eins og er t.d. regla í landbúnaðarskólunum, er röng stefna.
- Í öðru lagi þarf að koma á samstarfi þeirra skóla og námsbrauta sem tengjast sjávarútvegi með þátttöku starfandi aðila, fyrirtækja og samtaka undir forustu menntamálaráðuneytis, þ.e. virk skólanefnd innan sjávarútvegsins þarf að starfa.
- Í þriðja lagi þarf að setja mun meira fé í námsgagnagerð en nú er gert, m.a. frá ríki, sveitarfélögum og fyrirtækjum. Fyrirtæki og samtök ættu að taka námsgagnagerð í einstökum greinum í föstur.
- Í fjórða lagi þarf að nýta möguleika til fjarkennslu í sjávarútvegi.
- Í fimmta lagi verður að auka kennslu í öryggismálum verulega, ekki síst hjá sjómönnum, og breyta vinnuskilyrðum hjá þeim.
- Í sjötta lagi þarf að fræða starfsmenn og almenning um mikilvægi umhverfismála við nútímamatvælaframleiðslu.

- Í sjöunda lagi þarf meiri fræðslu um sjávarútveg í grunn- og framhaldsskólum.
- Í áttunda lagi ætti að bjóða héraendis upp á kennslu í sjávarútvegsfræðum fyrir útlendinga sem sérhæft framhaldsnám og til fyrstu háskólagráðu.
- Í níunda lagi ætti að setja fram töluleg markmið, t.d. það markmið að þrefalda fjölda háskólamanna í sjávarútvegi á fimm árum.
- Í tíunda lagi ættu fyrirtæki og verkalyðshreyfing að vinna að meiri launamun menntuðum starfsmönnum í vil í næstu kjarasamningum og umbuna þeim sem auka við menntun sína með framhaldsnámi og endurmenntun með launahækkunum og auknum fríum.
- Í ellefta lagi þurfa fyrirtæki að gera meiri kröfur til starfsmanna sinna um sérmenntun og endurmenntun.
- Í tólfta lagi ætti að taka saman skýrslu um menntamál í sjávarútvegi og bera þau ítarlega saman við aðrar atvinnugreinar héraendis og við mennta- og skólakerfi í sjávarútvegi erlendis.

Lokaorð

Endurmenntun skiptir sífellt meira máli vegna þess að sífellt koma fram nýjungar og menntun úreldist fljótt eins tæki og tól. Menntun er fjárfesting sem skilar arði, ekki hvað síst í sjávarútvegi. Bætt menntun í sjávarútvegi er einnig lykilatriði í árangursríkri byggðastefnu og mun efla smærri staði meira en flest annað.

Kvikmyndaiðnaður gæti átt góð tækifæri á Íslandi¹

Í gær kom út skýrsla Aflvaka hf. um kvikmyndaiðnað á Íslandi, tæpar 100 bls. að stærð. Þetta er víðamesta úttekt sem hefur verið gerð um kvikmyndaiðnað hérlendis og sýnir hún fjölmörg tækifæri. Ég átti frumkvæðið að gerð þessarar skýrslu þegar ég var stjórnarformaður Aflvaka og er ég mjög ánægður með skýrsluna. Hún mun móta umræðuna um kvikmyndaiðnað á næstunni.

Kvikmyndaiðnaður er alþjóðlegur og við eigum vel menntað fólk sem hefur gert margar frábærar myndir. Markaðshorfur eru góðar erlendis í framtíðinni. Ríkið hefur miklar tekjur af kvikmyndum, m.a. vegna aukningar á ferðamönnum. Þannig skilar fjármagn í Kvikmyndasjóð sér margfalt til baka í ríkissjóð. Í skýrslunni kemur fram hvernig aðrar þjóðir breyttu skattalögum til að efla kvikmyndagerð. Ég hef lagt fram slíkt frumvarp og það fékk mjög góðar undirtektir en náði þó ekki fram að ganga. Aðrar þjóðir hafa farið svipaðar leiðir og þar var lagt til og náð yfirburðastöðu.

Kvikmyndir eru settar hjá miðað við aðrar listgreinar en ein niðurstaða skýrslunnar er að hægt er að byggja upp öflugan atvinnuveg um kvikmyndir hérlendis. Við þurfum að laða meira fjármagn að þessari atvinnugrein frá einkaaðilum og auka stuðning frá ríkisvaldinu.

¹ Vefsíður Ágústar www.agust.is 1. október 1998.

Menntamál í landbúnaði¹

Í maímánuði 1997 samþykkti Alþingi þingsályktun um menntamál í landbúnaði sem höfundur þessarar greinar lagði fram. Með samþykkt ályktunarinnar var landbúnaðarráðherra falið að skipa nefnd til að vinna að stefnumótun í menntunarmálum landbúnaðarins.

Skýrslan um menntun í landbúnaði

Í ályktuninni var gert ráð fyrir að kannað yrði sérstaklega hvernig skipulagi á sérhæfðri menntun í landbúnaðarmálum sé best komið fyrir innan skólakerfisins. Menntunarstig í landbúnaði yrði rannsakað, skipulag endurmenntunar athugað, fjallað yrði um hvernig sérskólar landbúnaðarins eigi að tengjast öðru skólastarfi og tengsl rannsókna í landbúnaði við skólastarf skoðað. Samþykkt ályktunarinnar féll vel að starfi innan landbúnaðarráðuneytisins en þar hafði starfað hópur um málefni Bændaskólans á Hvanneyri.

Skýrsla landbúnaðarráðherra um menntun í landbúnaði var lögð fyrir Alþingi í apríl 1998 og er hún víðamesta úttekt og stefnumótun á sviði menntunar í landbúnaði sem gerð hefur verið hérlendis. Ráðherra hefur jafnframt boðað frumvarp um menntun og rannsóknir í landbúnaði í haust. Það er gaman fyrir stjórnarandstöðupingmann að hafa átt þátt í því að fersk og frjó umræða um menntun í landbúnaði eigi sér stað.

Staðan nú

Sérmenntun í landbúnaði fer einkum fram í þremur skólum, í bændaskólunum á Hólum og á Hvanneyri og í Garðyrkjuskóla ríkisins að Reykjum í Ölfusi. Búvísindadeild Bændaskólans á Hvanneyri er eina kennslustofnunin á háskólastigi í landbúnaði hérlendis. Skólarnir þrír reka fjölbætta starfsemi, skipulag þeirra er gott og þeir hafa samstarf sín á milli, svo og við erlenda skóla og rannsóknastofnanir. Fjárhagsleg umsvif skólanna eru um 350 milljónir króna á ári.

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn búnaðarfræðslunnar en búfræðslunefnd markar stefnu í búfræðslumálum og samræmir vinnubrögð. Í

¹ Bændablaðið 1. september 1998.

búfræðslunefnd á meðal annarra einn fulltrúi menntamálaráðuneytis sæti. Það er einkenni á menntun í landbúnaði að hún heyrir undir landbúnaðar-ráðuneyti.

Í skýrslunni kemur m.a. fram að menntunarstig í landbúnaði virðist vera með því lægsta sem þekktist á vinnumarkaði. Um 57% þeirra sem starfa í landbúnaði eru eingöngu með grunnmenntun, 40% með starfs- eða framhaldsmenntun, aðallega búfræðimenntun, og 3% með háskólamenntun. Það er því brýnt að efla menntun í landbúnaði. Tæpur þriðjungur bænda hefur búfræðimenntun eða búvísindapróf og á það einkum við yngri bændur. Það er umhugsunarvert að þeir bændur sem hafa lægstar tekjur eru jafnframt þeir sem minnstu menntunina hafa.

Stefna ráðherra í menntamálum

Stefnu landbúnaðarráðherra í menntamálum samkvæmt skýrslunni er hægt að draga saman í nokkur atriði:

- Að öll menntamál í landbúnaði verði áfram undir yfirlitum landbúnaðarráðuneytisins.
- Að koma á búnaðarháskóla.
- Að sameina í eina stofnun búnaðarskólana þrjá ásamt Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Hagþjónustu landbúnaðarins.
- Að stjórnvísing og eftirlit verði falið einni stofnun. Sú stofnun tæki yfir verkefni yfirdýralæknis, veiðimálastjóra, aðfangaeftirlits, yfirkjöt mats, forðagæslu og annarra eftirlitsstofnana.
- Að verkefni Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins verði sameinuð í einni stofnun, auk héraðsbundinna landgræðslu og skógræktarverkefna.

Það er til bóta að slá saman mörgum stofnunum á eftirlitsviði í landbúnaði. Þar er vissulega hægt að ná fram hagræðingu. Stofnun búnaðarháskóla mun styrkja stöðu æðri menntunar í landbúnaði. Það er vel hægt að reka búnaðarháskóla sem sjálfseignarstofnun en það er beinlínis lagst gegn því af hálfu landbúnaðarráðuneytisins. Einnig er hægt að stofna sérstaka búvísindadeild við Háskóla Íslands eða Háskólann á Akureyri og fella námið að öðru háskólanámi. Það er skynsamlegt að sameina verkefni Landgræðslunnar og Skógræktarinnar í eina stofnun. Það hefur oft verið rætt áður en ekki komist í framkvæmd.

Höfundur varpaði fram hugmynd í þingræðu í vetur um að stofnað yrði sérstakt ráðuneyti til að sjá um sameiginlegar auðlindir landsmanna. Slíkt

auðlindaráðuneyti færi með skipulagningu og stjórnun sameiginlegra auðlinda eins og fiskimiðanna, miðhálandisins, vatnsaflsins, náttúruverndar og landgræðslu. Með þessu væru öll auðlindamál undir einu ráðuneyti eða sem sérstök deild, til að mynda í forsætisráðuneyti.

Gagnrýni á stefnu ráðherra

Stefna beggja stjórnarflokkanna og bændasamtakanna er að búa sér til sérstakt kerfi um flesta þætti landbúnaðar. Þessi stefna hefur reynst landbúnaðinum illa. Landbúnaðurinn hefur t.d. búið við sérstakt hagkerfi miklu lengur en aðrar atvinnugreinar. Sjávarútvegurinn losnaði út úr forsjárkerfi sínu fyrir nokkrum árum, m.a. með fiskmörkuðum og þjóðarsáttarsamningunum. Iðnaðurinn fékk sína eldskírn við inngöngu í EFTA upp úr 1970 og verslun, viðskipti og fjármagnsmarkaður löguðu sig að frjálsslyndri löggjöf Evrópusambandsins með EES-samningnum fyrir nokkrum árum. Það gilda hins vegar ekki almennar reglur um landbúnað hér á landi heldur sérreglur.

Gagnrýnisvert í stefnu ráðherra er að lagt er til að menntamál í landbúnaði skuli áfram vera undir landbúnaðarráðuneytinu. Þetta er röng stefna þótt menntamálaráðuneytið eigi fulltrúa í búfræðslunefnd. Menntamál í landbúnaði eiga að vera hluti af almennri menntastefnu landsins undir forsjá menntamálaráðuneytis en ekki einangruð í sérskólum undir landbúnaðarráðuneyti. Vitaskuld eiga fulltrúar landbúnaðarins, bæði ráðuneyti og hagsmunaaðilar, að koma að stýringu þessara skóla.

Það er mun árangursríkara að skipuleggja skóla í landbúnaði í tengslum við almenna skólakerfið, t.d. í samvinnu sérskóla og annarra skóla. Þannig hefur t.d. Hótel- og veitingaskólinn náð mjög góðum árangri í sambýli við Menntaskólann í Kópavogi. Menntun í iðnaði heyrir ekki undir iðnaðarráðuneyti, menntun í sjávarútvegi heyrir ekki undir sjávarútvegsráðuneyti og menntun í verslun heyrir ekki undir viðskiptaráðuneyti. Af hverju halda menn að önnur lögmál gildi í landbúnaði?

Fjarnám, endurmenntun og breytingar

Mjög mikilvægur þáttur í umræðu um menntun í landbúnaði eru nýir möguleikar til fjarkennslu og endurmenntun mun fara fram í gegnum tölvur, m.a. um Netið. Þessi nýja tækni opnar áður óþekkta möguleika til eflingar menntunar í dreifbýli. Virk menntastefna er besta byggðastefnan. Endurmenntun er sérstaklega mikilvæg vegna þess hve menntun úreldist fljótt. Fjöldi þátttakenda á endurmenntunarnámskeiðum hjá búnaðarskólunum þremur er tæplega 2.000 á ári. Helmingur tækniþekkingar úreldist á

hverjum tíu árum og helmingur tölvuþekkingar á hverjum tveimur árum. Af þeirri tækniþekkingu sem verður við lýði árið 2005 eru 60% enn ófundin en 80% þeirra sem eiga að nýta þá tækni eru þegar á vinnumarkaði.

Fjölmarginir nýir þættir hafa komið til í landbúnaði sem krefjast góðrar menntunar eins og ferðaþjónusta, sérhæfing og áhersla á umhverfismál. Þetta veldur því að enn meiri krafa en áður er gerð um að menntamál og rannsóknir í landbúnaði séu hluti af stærra samhengi. Nýleg skref Háskólans á Akureyri, Byggingastofnunar og Austfirðinga um samstarf eru einstaklega farsæl.

Hluti af skýrslunni er niðurstaða úr skoðanakönnun sem gerð var meðal bænda. Þar kom ýmislegt athyglisvert fram, t.d. að 85% bænda eru ánægðir með starf sitt, að 90% þeirra telja frjálsrcæði vera stærsta kostinn við að vera bóndi, tæp 70% líta á landbúnað sem atvinnuveg frekar en lífshorf og 23% bænda telja að búskapur hætti á jörð þeirra þegar þeir láta af störfum.

Lokaorð

Það er tilgangur undirritaðs með þessari grein að vekja athygli á skýrslunni, draga fram nokkrar niðurstöður hennar, ræða stefnu landbúnaðar-ráðherra og gagnrýna einstaka þætti. Meginmarkmiðið er þó að hvetja til umræðu og skoðanaskipta.

Það hefur alltof lengi viðgengist að stefna sé mótuð í mikilvægum mála-flokkum í þröngum hóp án þess að þeir sem málið mestu varðar, þ.e. bændur og ungt fólk sem á eftir að starfa í sveitum eða á smærri stöðum við úrvinnslu og tengd störf, komi að þeirri umræðu og ákvarðanatöku.

Störfum í landbúnaði hefur fækkað mikið og tekjur í hefðbundnum búgreinum dregist saman en jafnframt hefur fjölbreytni í störfum aukist. Þessar staðreyndir kalla á meiri menntun í landbúnaði.

Víðerni á Íslandi eru náttúruauðlind¹

Í gærkvöldi lauk þáttaröð Ómars Ragnarssonar í sjónvarpinu um víðerni, virkjanir og sammanburð á Íslandi og Noregi. Þessir þættir voru frábærir og lýstu vel nýjum viðhorfum í umhverfisvernd sem við eigum að taka tillit til. Við eigum að endurmeta stóriðjuáformin út frá umhverfisvernd og alþjóðlegum skuldbindingum.

Það er grátlegt að horfa upp á stór landsvæði hverfa undir vatn vegna græðgi, landssvæði sem eru einsdæmi í heiminum. Þetta eru náttúruauðlindir ekki síður en vatnsaflíð og ferðaþjónusta mun skila miklum tekjum í framtíðinni. Þetta er þó ekki spurning um annað hvort eða heldur að fara sér hægar. Víðernið norðan Vatnajökuls er einstakt. Sama gildir um Þjórsársver, Dynk og Hágöngur.

Okkur liggur ekki á að virkja allt sem rennur og reisa verksmiðjur sem veita fáu fólki vinnu. Betra er að byggja á hátækni upplýsingasamfélagsins og góðri menntun. Stefna ríkisstjórnarinnar er stefna gærdagsins og það verður að brjóta hana á bak aftur. Umhverfisspjöll verða ekki bætt eftir á.

Ómar Ragnarsson á þakkir skilið fyrir frábæra þætti um landið. Ást hans á sérkennum lands og þjóðar er fölskvalaus og honum hefur tekist að miðla henni til okkar hinna á einstakan hátt.

¹ Vefsíður Ágústur www.agust.is 12. október 1998.

Reikistjarnan Plútó er komin á sinn stað¹

Reikistjarnan Plútó hefur merkilega stöðu í sólkerfi okkar. Í gær fór hún út fyrir Neptúnus og verður þar fyrir utan næstu 230 árin. Við lærðum í skóla að Plútó væri ysta reikistjarnan og það var hún þegar hún fannst árið 1930. Plútó fór hins vegar inn fyrir Neptúnus árið 1979 og hefur í 20 ár ekki verið ysta reikistjarnan en frá og með gærdeginum er Plútó komin á „sinn stað“.

Reikistjarnan Plútó er dálítið sérstök. Hún hefur eitt tungl eins og jörðin. Tunglið heitir Karon en margt af nöfnum í himingeimnum er tekið úr grískri og rómverskri goðafræði. Karon ferjaði fólk yfir ána Styx til Hadesheima. Nafnið Plútó er annað nafn á Hades, þeim guði sem réð yfir heimi hinna dauðu í grískri goðafræði.

Reikistjarnan Plútó á undir högg að sækja. Ýmsir fræðingar vilja neita henni um réttinn til að teljast til reikistjarna og telja hana vera grjóthnullung. Þvermál Plútós er þó helmingur af þvermáli jarðar og vonandi fær hún að vera í friði sem útvörður sólkerfis okkar þar sem hún verður næstu 230 ár.

¹ Vefsíður Ágústar www.agust.is 12. febrúar 1999.

Hugleiðingar í dymbilviku¹

Dymbilvikan skipar sérstakan sess í hugum flestra Íslendinga. Páskar eru trúarleg og veraldleg hátíð. Það þykir mörgum gott að fá frí frá fimmtudegi fram á mánudag. Það er hins vegar full ástæða fyrir okkur að gefa tilefni páskanna meiri gaum.

Páskarnir setja endapunkt á hið merkilega líf Jesú Krists á jörðinni. Fáir dagar hafa verið jafn viðburðaríkir og þessir dagar frá fimmtudegi til sunnudags er Kristur dó. Jesús vissi vel að hverju hann gekk þegar hann hélt til Jerúsalem enda voru endalokin í fullu samræmi við boðskapinn. Það er sérkennilegt að ímynda sér athygli almennings, allt frá innreiðinni í borgina sunnudeginum áður, kvíða lærisveinanna og hvernig samsæri gyðingaprestanna spann örlagavef Jesús. Átökin í landshöfðingjahöllinni eru okkur ljóslifandi og spurning Pílatúsar um hvað sé sannleikur hefur verið merkisteinn í rökræðu og vísindum æ síðan.

Er kannski öllum sama um þessar gömlu sagnir? Við vitum að þetta var fært í letur löngu eftir að atburðirnir gerðust og sjálfsagt hefur margt skolest til. Samt er frásögnin svo lifandi að hún hefur orðið listamönnum innblástur æ síðan. Ef til vill rísa í hugum okkar tvö verk hæst, málverk Leonardos da Vincis í Mílanó af síðustu kvöldmáltíðinni frá 15. öld og Passíusálmar Hallgríms Péturssonar frá 17. öld.

Örlag páskadaganna hafa rist dýpra en nokkur annar atburður í sögu kristinna þjóða. Dauði Jesú var fullkomnunin og síðan höfum við þá skyldu að fylgja boðorðum hans þótt oft gangi á ýmsu við það. Það hefur því miður fylgt mannum að síðalögmál hafa ekki rist djúpt í breytni hans. Umburðarlyndi Sókratesar dugði lítt gagnvart valdamönnum í Aþenu um 400 fyrir Krist. Réttlætiskennnd Martins Luthers Kings og draumur hans dugðu honum ekki til langra lífdaga á 7. áratug þessarar aldar.

Maðurinn hefur lært að lifa eftir ýmsum grunnreglum og aðferðafræði. Tæknikunnátta síðustu tveggja alda hefur gerbreytt lífinu á jörðinni og hagræn lögmal markaðsbúskapar eru að verða algild í heiminum. Við horfumst í augu við mörg vandamál tengd umhverfi og fólksfjölgun en hugsanlega leysum við þau með nýjum aðferðum. Maðurinn hefur náð mikilli fullkomnun í

¹ Vefsíður Ágústar www.agust.is 28. mars 1999.

hugsun fyrir löngu eins og sést vel á því að enn hafa leikrit Shakespeares ekki verið slegin út né heldur tónlist Mozarts, vísindaafrek Leibniz eða herkænska Alexanders.

Þrátt fyrir þetta hefur átakanlega skort á að virt séu siðalögmál sem byggjast á náungakærleika, umburðarlyndi og bræðralagi. Þvert á móti. Skipulögð fjöldamorð hafa alltaf fylgt manningum, til að mynda á Indíánum Suður-Ameríku á 16. öld, Gyðingum á 20. öld og á íbúum í Kambódíu og Rúanda og nú síðast á Albönum í Kosovo. Hefur okkur miðað áleiðis eða borið af leið? Það er oft sem ég efast en þá hjálpar trúin og sú víska að á bak við mannlega hugsun, skipulag og þjáningar sé æðri máttur, stundum í okkur, stundum umhverfis okkur, stundum sýnilegur en oftast falinn, máttur sem gefur öllu tilgang.

Á páskum eigum við að hugleiða fallvaltleik þessa lífs og hversu miklu betri heimurinn gæti verið ef við sjálf breyttum eftir hugmyndum hans sem lét lífið fyrir okkur á föstudaginn langa. Páskadagurinn með upprisunni sýndi einmitt að það er líf eftir dauðann og að alltaf er hægt að leggja sitt af mörkum til að bæta líf annarra.

Kári Stefánsson fær Nóbelsverðlaun í læknávisindum í fyllingu tímans¹

Íslendingar hafa átt nokkra vísinda- og listamenn á heimsmælikvarða. Nóbelsverðlaunin eru veitt fyrir framúrskarandi afrek í vísindum og bókmenntum. Einn Íslendingur hefur hlotið Nóbelsverðlaunin, Halldór Kiljan Laxness, í bókmenntum árið 1955. Niels Finsen fékk Nóbelsverðlaunin árið 1903 fyrir rannsóknir sínar á notkun ljóss við lækningar. Finsen var danskur, fæddist í Færeyjum en ólst upp að hluta hérlendis. Hann var m.a. nemandi um tíma í Menntaskólanum í Reykjavík.

Margir telja að dr. Björn Sigurðsson, læknir og forstöðumaður á Keldum, hefði hlotið Nóbelsverðlaunin í læknisfræði fyrir rannsóknir sínar á hæggingum veirusjúkdómum ef honum hefði enst aldur til. Hann lést árið 1959 aðeins 46 ára að aldri. Rannsóknir hans ollu tímamótum og aðrir vísindamenn sem byggðu rannsóknir sínar m.a. á rannsóknum hans hlutu síðar Nóbelsverðlaunin.

Dr. Björn hefur verið merkilegur maður, svo og fjölskylda hans. Þau eru Skagfirðingar frá Veðramóti og tveir bræður hans luku einnig doktorsprófi, dr. Jakob Sigurðsson og dr. Magnús Z. Sigurðsson, sem nú eru aldraðir menn. Þetta er óvenjulegur menntaferill fjölskyldu á fyrri hluta aldarinnar og er líklega enn einsdæmi.

Ég hef stundum spáð fyrir um ýmislegt. Margt hefur gengið eftir, annað ekki. Nú ætla ég að spá að í fyllingu tímans verði dr. Kári Stefánsson þess heiðurs aðnjótandi að fá Nóbelsverðlaunin í læknávisindum. Hann er frumkvöðull í erfðarannsóknum og beitingu nýrrar tækni á því sviði. Aðferðafræði Kára og áhersla á forvarnir með hjálp erfðafræðinnar og nýrri tækni er nálgun sem á skilið mikla athygli.

Ef hinn miðlægi gagnagrunnur verður vísindum og heilsugæslu jafnmikil lyftistöng og margt bendir til þá munu fjölmargar rannsóknir sjá dagsins ljós sem fyrrverandi Harvard-prófessorinn Kári Stefánsson hefur yfirumsjón með og hefur gert mögulegar. Það væri gaman ef þetta rættist og er að mörgu leyti raunhæft að mínu mati.

¹ Vefsíður Ágústar www.agust.is 25. maí 1999.

Byggðaumræða á villigötum¹

Byggðaumræða héraendis snýst um fólksflutninga frá dreifbýli til þéttbýlis og hvernig þeim verði snúið við. Nú búa um 60% landsmanna á höfuðborgarsvæðinu. Í sumum hverfum borgarinnar búa fleiri en á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra samanlagt.

Fólk sér þetta ágætlega ef það virðir fyrir sér símaskrána sem er í tveimur hlutum. Sá hluti hennar sem er fyrir höfuðborgarsvæðið er miklu stærri en landsbyggðarhlutinn. Ég viktadi bækurnar að gamni mínu og höfuðborgarhlutinn er 1,5 kg en landsbyggðahlutinn 700 gr. Þarna sést þetta svart á hvítu, en slík byggðaumræða er á villigötum. Það er kjánalegt að ala á óvild milli landshluta.

Byggðaumræðan ætti að snúast um alþjóðlega stöðu Íslands og hættu á fólksflotta frá landinu. Markmið okkar er að fólk vilji búa hér í framtíðinni. Það ræðst af lífskjörum miðað við önnur lönd. Lífskjörin eru nú góð miðað við nágrannaríkin en breytingar verða miklu örari á næstu áratugum en áður.

Við gleymum alltaf hversu sárafáir búa hér. Með okkar 275 þúsund manns erum við eitt fámennasta ríki Evrópu. Þótt við værum tíu sinnum fleiri eða 2,7 milljónir værum við enn meðal alfámennustu ríkja álfunnar. Það er ekkert sjálfgefið að unga fólkið vilji búa hér í framtíðinni. Vinnu- markaður er ekki lengur bundinn við landamæri ríkja. Ef hér verða ekki sömu lífskjör og annars staðar þá fer unga fólkið. Það er enginn vandi að hafa samband við pabba, mömmu, afa og ömmu frá útlöndum.

Möguleikar til mennta ráða mestu um búsetu. Ef við veitum börnunum ekki sambærilega möguleika og eru í nágrannalöndunum verða tekjurnar minni og fólkið fer smátt og smátt, fyrst þeir hæfustu og síðan hinir. Þetta er hinn raunverulegi byggðavandi næstu aldar, þ.e. hættan á fólksflutningum til útlanda en ekki milli staða innanlands.

¹ Vefsíður Ágústar www.agust.is 12. júlí 1999.

Kirkjan er í kreppu en leitar þó réttra leiða¹

Á Þingvöllum er minnst 1.000 ára afmælis kristintökunnar og það er eðlilegt að spurt sé hvort kirkjan sé í kreppu. Helstu fréttir af málefnum hennar eru um persónulegan vandræðagang einstakra presta. Það sýnir smæð samfélagsins að sá sem bar ábyrgð á misheppnaðri skipulagningu síðustu hátíðar á Þingvöllum er aftur fenginn til að stýra hátíðinni í sumar. Vonandi hafa menn eitthvað lært þótt deilur við aðra trúarhópa séu ekki gæfulegar.

Sigurður Nordal sagði árið 1940 í frægum útvarpserindum um Líf og dauða: „Ef áhrif hennar [kirkjunnar] fara jafn þverrandi næstu 60 árin og síðustu 60 árin, getur hún haldið afmæli sitt árið 2000 með því að standa hér um bil í sömu sporum og hún var eftir ræðu Þorgeirs Ljósvetningagoða, nema hvað kæruleysið verður orðið miklu meira, því að á alþingi árið 1000 var þó deilt um hana.“ Sigurður skýrði síðar frá að hér væri hann „að hnippa í þá áheyrendur mína, sem hafa orðið viðskila við kirkju og kristindóm.“

Það er ástæða að hugleiða þessi orð Nordals. Þátttaka kirkjunnar í samfélagslegri umræðu er ekki mikil. Núverandi biskup hefur þó nýlega sýnt þar sérstakt frumkvæði og það er vel, enda eiga kirkjan og kirkjunnar menn alltaf að vera lifandi þátttakendur í þjóðlífinu. Faðir hans, séra Sigurbjörn, stendur enn í hugum margra sem Biskupinn. Það eru tugþúsundir sem urðu fyrir jákvæðum áhrifum vegna boðskapar hans.

Kirkjan er í kreppu vegna þess hve mörgum er sama um hana. Hún er þarna og er ekki fyrir neinum. Sú stofnun sem ekki rekt á neinn er ekki mikils virði. Trúarleg íhugun á þó meira erindi við manninn eftir því sem tækninni fleygir fram og andstæður skerpast á jörðinni. Kirkjan þarf að vera sýnilegri í baráttu við hin illu öfl nútímans: græðgi, ofbeldi, fátækt, gervivísindi, fíkniefni, hungur og umhverfisógnanir.

Kristin trú boðar harða baráttu fyrir réttlæti og það gerist ekki átakalaust. Valdhafar hafa oft tekið frumkvæði kirkjunnar manna óstinnt upp eins og sást nýlega á viðbrögðum Davíðs Oddssonar við ummælum Karls biskups. Kirkjan er ekki í leit að vinsældum, síst af öllu meðal veraldlegra valdhafa, heldur fylgir hún sannfæringu. „Keppið eftir kærleikanum,“ sagði Páll postuli. Gerum orð hans að okkar.

¹ Vefsíður Ágústar www.agust.is 26. júní 2000.

Brú milli menningar og viðskiptalífs¹

Íslenskir stjórnámálmenn hafa ekki gert menningu að forgangsverkefni. Þó vinna þúsundir Íslendinga við menningu, m.a. við listsköpun á sviði leiklistar, bókmennta, tónlistar, myndlistar og í fleiri listgreinum. Tómlæti hefur ríkt gagnvart þessum málaflokkum í íslenskum stjórnámálum.

Forgangsroðun stjórnámálanna sést í því að afgreitt er á Alþingi 12 ára áætlun um vegamál og ýmsar langtímaáætlanir eru samþykktar þar en engin sem snýr að menningarmálum. Aukinn áhuga á menningu innan fyrirtækja á að nýta með breytingu á skattalögum sem fælist í því að heimila fyrirtækjum að draga framlög til menningar og vísinda frá tekjum með álagi þannig að fyrirtæki mætti draga 200.000 kr. frá skattskyldum tekjum sínum gefi það 100.000 kr. til liststarfsemi. Þessi aðferð hefur verið reynd víða um heim og gefist vel. Núverandi ríkisstjórn vill þó ekki styðja slíkt frumvarp þótt það hafi oft verið til umræðu á Alþingi á síðustu árum.

Með slíkri löggjöf væri byggð brú milli menningar og viðskiptalífsins, brú sem væri báðum aðilum hagkvæm og yki fé til menningar. Kvikmyndaiðnaður er dæmi um atvinnugrein sem á mikla framtíð fyrir sér og myndi hagnast verulega á þessari hugmynd, svo og sjálfstætt starfandi leikhús, sem hafa vaxið mjög á síðustu árum. Ríkisvaldið fengi skatta til baka vegna aukinna umsvifa og þessi tillaga nýtur stuðnings allra fagfélaga í list- og menningarlífi Íslendinga.

Það á að móta atvinnustefnu í menningu og listum eins og aðrar þjóðir hafa gert. Menning hefur mikil áhrif á byggða- og menntamál og er snar þáttur í nýja hagkerfinu. Verðmætasköpun menningar er mjög vanmetin í íslensku hagkerfi. Skynsamlegt er að stofna sérstakt menningarráðuneyti eins og mörg lönd hafa gert. Umsvif slíks ráðuneytis yrðu meiri en margra annarra núverandi ráðuneyta. Samhliða sameiningu atvinnuvegaráðuneyta væri slík stefnubreyting mjög í anda breytts samfélags, eins og þegar umhverfisráðuneytið var stofnað til að sýna nýjar áherslur.

Auknar fjárfestingar í grunngerð menningar, s.s. á sviði listkennslu í skólum og breyttum skattalögum, eru þættir í nútímalegri menningarmála-stefnu. Íslensk menning á stærstan þátt í því að við höfum lifað sjálfstæðu lífi á Íslandi í 1.100 ár. Okkur ber því að sýna henni sérstakan forgang og virðingu við upphaf nýrrar aldar.

¹ Vefsíður Ágústar www.agust.is 20. nóvember 2000.

Úr kvæði Jóns Helgasonar „Á sjúkrahúsinu“ frá árinu 1941¹

Trú mín er aðeins týra,
tórir á þurru kveik,
dofnar og deyr og hjarnar,
deyr svo á nýjan leik.
Gott ætti sá er gæti
gert þvílíkt dapurt log
stöðugan eld er stæðist
stormanna grimmu sog.

Einatt mitt angrátt hjarta
efast hvort guð er til,
býst við að bæn mín sökkti
botnlaust í myrkvan hyl.
Ef til vill er hann draumur,
ímyndun þjakaðs lýðs,
þess er í nauðum þráir
þrek til sín langa stríðs.

Hafirðu í þinni hendi
hugar míns ráð og stjórn,
teljirðu og takir móti
táranna brennifórn,
veit mér, ó veit þá herra
vermandi geislataf,
sólskin á minnar sálar
svarrandi myrkrahaf.

¹ Vefsíður Ágústar www.agust.is um jólin 2000.

Um kvæðið og höfundinn

Jón Helgason prófessor var fæddur í Hálsasveit í Borgarfirði árið 1889 og lést árið 1986. Hann var einn kunnasti fræðimaður Íslands og starfaði lengst af í Kaupmannahöfn og var forstöðumaður Árnasafns í áratugi. Kvæði hans eru landskunn og hér eru birt þrjú síðustu erindin í kvæðinu „Á sjúkrahúsinu“ sem er tæplega sextíu ára gamalt. Jón veiktist alvarlega árið 1941 og var um tíma ekki hugað líf. Þá orti hann þetta kvæði en seinni hluti þess, sem þessi erindi eru úr, fannst ekki fyrir en tuttugu og fimm árum seinna. Sá hluti kvæðisins var fyrst gefinn út árið 1999. Þetta kvæði hefur ekki birst áður á Netinu fyrir en nú.

Þjóðaráttak í menntamálum¹

Eitt brýnasta verkefni samtímans í íslenskum þjóðmálum er að hefja stórsókn í menntamálum. Í mörgum atriðum vantar mikið á að við séum með sambærilega stöðu og aðrar þjóðir. Setja á sem viðmið í menntamálum það sem best gerist erlendis. Gera á þjóðarsátt um að efla menntakerfið og gera það samkeppnishæft við nágrannalöndin.

Í menntun felst uppspretta framfara í efnahags-, atvinnu- og velferðarmálum á nýrri öld. Uppbygging þekkingarumhverfis er forsenda þess að Ísland skapi ungu fólki vænleg lífsskilyrði. Það þarf að stórauka hjárfestingu í menntun til að auka samkeppnishæfni þjóðarinnar á alþjóðamarkaði, bæta lífskjör og mannlíf og hindra að stéttaskipting verði milli þeirra sem fá tækifæri til að afla sér menntunar og hinna sem ekki fá slík tækifæri. Það verður að tryggja aðgang allra að þeirri þekkingu sem nú byltir fyrri atvinnuháttum og bæta menntakerfið þannig að byggt sé á því sem fyrir er og innviðir styrktir verulega frá því sem nú er.

Það eru sameiginlegir hagsmunir hins opinbera, samtaka launafólks og atvinnufyrirtækja að veita fólki möguleika á símenntun og starfsmenntun. Efling starfsmenntunar í atvinnulífinu stuðlar að bættum hag starfsfólks og fyrirtækja og er ein meginleið þeirra sem ekki finna að öðru leyti úrlausn í almennu skólakerfi. Fólk í atvinnulífinu verður að eiga kost á símenntun, ekki hvað síst ófaglært starfsfólk, enda verður menntakerfið að ná til allra.

Menntun kennara er lykill að breyttu menntakerfi, nú helst á sviði fjar-kennslu, og treysta þarf flutningsnetin, sem eru burðarstöðir upplýsinga-samfélagsins, og tryggja að þau þjóni almannahagsmunum, einstaklingum, menntastofnunum og atvinnulífinu, til frambúðar.

Nýtum ný tækifæri

Við breytingu samfélagsins í þekkingar- og upplýsingasamfélag verða til nýjar kröfur. Ef ekki er brugðist skjótt við eru líkur á því að Íslendingar dragist enn frekar aftur úr nágrönnum sínum. Það á að vera markmið að innan örfárra ára verði öll heimili og sérhver skólstofa með tölvur og nettengingu.

¹ Morgunblaðið 3. febrúar 2001.

Menntastefna er eitt mikilvægasta verkfærið í byggðastefnu framtíðarinnar. Fjarnám, tenging skólastarfs í dreifbýli við skóla í þéttbýli og tengsl skóla og atvinnulífs er forsenda fyrir því að möguleikar til menntunar séu sambærilegir um land allt. Aðgangur að menntastofnunum á að vera óháður búsetu. Forsetar Lýðveldisins hafa oft talað um nauðsyn á átaki til eflingar menntunar og má geta í því sambandi ummæla Vigdísar Finnbogadóttur og nú síðast Ólafs Ragnars Grímssonar í áramótaávarpi.

Mikilvægur hluti af nýrri menntastefnu er að gefa fólki tækifæri á að afla sér menntunar hvenær sem er ævinnar. Um helmingur landsmanna lýkur ekki námi eftir grunnskóla og margir hafa hrökklast frá námi. Þennan hóp þyrstir í menntun en hann hefur nú einungis tækifæri til að ljúka framhaldsskólaprófi með námi í öldungadeildum. Þessu fólki þarf að veita betri tækifæri en nú er gert, m.a. með samstilltu átaki aðila vinnumarkaðarins, sveitarfélaga og ríkisvalds. Sérhver einstaklingur á að eiga rétt á að koma aftur inn í skipulagt skólastarf ef hugur hans stendur til þess.

Ný tækifæri blasa við í menntamálum samhliða aukinni alþjóðavæðingu í hinu nýja hagkerfi. Þessi tækifæri er ekki hægt að nýta nema til komi ný menntastefna sem hér hefur verið lýst en meginþættir hennar birtust í málflutningi jafnaðarmanna á Alþingi fyrr í vetur.

Mótmæli gegn alþjóðavæðingu sýna skyldur okkar gagnvart fátækum þjóðum¹

Síendurtekin mótmæli víða um heim gegn alþjóðavæðingu og auknum heimsviðskiptum eru umhugsunarverð. Það er alltof einföld skýring að þetta séu atvinnumótmælendur eða öfgahópar á sviði umhverfisverndar. Þessi mótmæli minna á upphaf mótmæla gegn Víetnamstríðinu fyrir meira en 30 árum.

Óheft markaðshyggja eyðir ekki áhyggjum mótmælenda. Það þarf skýrari svör en nú fást við vandamálum næstu áratuga. Íbúar heims eru nú 6 milljarðar en verða 8 milljarðar eftir 25 ár. Mikill meirihluti jarðarbúa býr við fátækt, bilið milli fátækra og ríkra eykst stöðugt og þeim örsnaudu sem búa við hungur fjölgar ógnvekjandi hratt. Samtímis blasa við gífurleg vandamál í umhverfinu.

Þeir sem mótmæla alþjóðavæðingu líta þó of þröngt á málin. Frelsi í viðskiptum er eina leiðin til að fólk verði bjargálma en því frelsi þarf að fylgja lýðræði og sterkir innviðir samfélagsins. Markaðurinn einn leysir ekki vandamál framtíðarinnar. Markaðurinn er tæki en ekki tilgangur. Lýðræði og bætt lífskjör fara saman. Besta leiðin til að bæta líf hinna fátæku er aukin menntun og aðstoð við að tryggja grunnþætti, eins og óháða dómsstóla, verndun eignaréttar og dreift vald.

Fólksfjöldunin er nú nær öll utan Evrópu og N-Ameríku. Fortíð hvíttra Vesturlandabúa er á mörgum sviðum ófyrirgefanleg. Þannig var 95% af frumbyggjum S-Ameríku útrýmt þegar álfan var brotin undir vald Evrópubúa á 16. öld. Nýlendukúgun 18. og 19. aldar er smánarblettur á sögu okkar. Við Íslendingar, sem erum meðal ríkustu þjóða í heimi, höfum skyldur gagnvart hinum fátæku.

Það er ekki sjálfgefið að jörðin geti borið allan þennan fólksfjölda. Það er ekki hægt að leysa þessi vandamál nema með samstilltu átaki allra ríkja og alþjóðavæðingin og frjáls verslun er þáttur í því. En þá verður samhjálp en ekki einskær gróðafíkn eigenda fjármagnsins að ráða ferðinni. Íslendingar eru ekki meðvitaðir um vanda erlendra þjóða. Þróunaraðstoð okkar er skammarlega lítil og er langtum minni en er hjá nágrannaþjóðunum. Það virðist þó ekki raska ró okkar.

¹ Vefsíður Ágústar www.agust.is 23. apríl 2001.

Hin breytta heimsmynd kallar á allt aðra nálgun en þá sem einkennir íslenska stjórn málaumræðu. Liður í henni er að taka mark á mótmælum fólks sem hefur áhyggjur af framtíð heimsins. Sá sem sýnir þessum málum afskiptaleysi er ekki hlutlaus heldur tekur afstöðu gegn miklum meirihluta mannkyns. Afstöðuleysi er fyrirlitleg hegðun vegna þess að málið snýst um líf eða dauða hundruða milljóna manna.

Við megum ekki vera áratugum á eftir öðrum þjóðum í hugsun¹

Þjóðfundurinn fyrir 150 árum breytti ekki miklu en hann efldi þjóðernisstolt Íslendinga og varð dæmi um yfirgang Dana á nýlendutímanum. Nýlegar rannsóknir hafa þó sýnt að Trampe greifi var ekki harðdrægur og hið danska vald var á margan hátt framfarasinnaðra en innlendir valdamenn.

Íslendingar voru vanþróaðir um aldir. Þegar við misstum sjálfstæðið 1262 voru Íslendingar um 50.000 talsins og voru enn um 50.000 tæpum 500 árum seinna. Hér lifði fólk í sárri fátækt enda nær ekkert fjármagn til í landinu. Atvinnan var hokur í landbúnaði og sjórinn var ekki nýttur af Íslendingum í neinum mæli fyrr en í upphafi 20. aldar þótt útlendirar stunduðu veiðar við Ísland allt frá 14. öld.

Þrátt fyrir iðnbyltinguna í Evrópu um miðja 18. öld og eflingu borga, handverks og verslunar komu nær engir slíkir straumar til Íslands. Sæmileg verkfæri þekktust ekki í landinu fyrr en ártugum og jafnvel öldum eftir að þau urðu hvers manns eign í nágrannalöndunum. Menntaðir Íslendingar sem sneru heim frá Kaupmannahöfn þekktu þó hvað var að gerast í Evrópu en nær engar af þessum framförum komu fram í íslensku atvinnulífi fyrr en seint á 19. öld.

Sjálfstæðisbaráttan snerist oft um formið en ekki eins um að bæta lífskjör. Hinar gífurlegu framfarir á Íslandi á 20. öld urðu í nágrannalöndunum á þremur öldum. Enn erum við sveitamenn í eðli okkar og alþjóðahyggja og utanríkisverslun hefur alltaf verið hér lítil. Hlutdeild útflutnings í þjóðarframleiðslu hefur staðið í stað í marga áratugi hérlendis á sama tíma og utanríkisviðskipti skipta æ meira máli í hagkerfi nágrannalandanna. Íslandsagan sýnir að innlendir valdamenn voru oftast þröngsýnir sérhagsmunaseggir sem stóðu gegn öllum breytingum sem ógnuðu valdi þeirra. Þetta er svipað enn þann dag í dag.

Íslendingar hafa aldrei sýnt neitt frumkvæði í því sem er að gerast í heiminum nema í landhelgismálum. Alþjóðavæðingin um þessar mundir mun breyta gífurlega miklu og við verðum að vera opin fyrir þeim straumum. Einangrunarhyggjan er þó áberandi hérlendis og stutt er í fjandsamlega

¹ Vefsíður Ágústar www.agust.is 9. júlí 2001.

afstöðu gagnvart útlendingum. Við megum ekki vera áratugum á eftir öðrum þjóðum í hugsun, eins og við vorum á 18. og 19. öld. Að því leyti er gott að halda upp á þjóðfundinn, ekki til að fyllast þjóðarstolti, enda er engin ástæða til þess, heldur til að endurskrifa söguna og draga lærdóm af henni fyrir næstu framtíð.

Björk er á við mikilvæga atvinnugrein¹

Hver er frægasti Íslendingur allra tíma? Þetta er ekki auðveld spurning. Ýmsir myndu segja Leifur Eiríksson en þegar Bandaríkjamenn voru spurðir í skoðanakönnun hver hann væri sögðu flestir að hann væri símafyrirtæki. Sárafáir kannast við Laxness, enda ekki skrytið: hversu margir Íslendingar vita svo sem hvaða egypski rithöfundur hefur fengið Nóbelsverðlaunin? Enn færri kannast við Snorra Sturluson, nema Norðmenn. Réttu svarið er Björk. Hún er sá Íslendingur sem flestir í heiminum þekkja.

Íslendingar gera sér enga grein fyrir því hversu verðmæt Björk er landi og þjóð. Hún er ekki aðeins heimsfræg söngkona heldur stundar hún stöðuga landkynningu. Jón Hákon Magnússon, einn fremsti markaðsmaður okkar, segir að Björk sé verðmætasta vörumerki Íslendinga, verðmætara en Icelandic, hið fornfræga merki SH, og verðmætara en Icelandair. Björk er þannig mikilvæg atvinnugrein. Það er mjög vanmetið hversu tónlistin skiptir miklu máli, ekki aðeins sem ein besta leiðin til að láta sér líða vel heldur er hún efnahagslega mikilvæg. Við gleymum oftast hversu miklum peningum menningin skilar inn í þjóðarúið.

Sígild tónverk, samin fyrir 200 árum, eru enn að skapa verðmæti og veita fjölda fólks vinnu. Samkvæmt könnun Tónlistarráðs eru 800 tónlistarhópar starfandi hérlendis og á hverjum degi eru að meðaltali fernir tónleikar auglýstir einhvers staðar á landinu. Samkvæmt upplýsingum Finns Torfa Stefánssonar tónskálds var á vegum Ríkisútvarpið á síðustu 9 mánuðum útvarpað 258 tónleikum í 42 erlendum útvarpsstöðvum sem náðu til 37 landa. Þetta ber hróður listamanna okkar víða um heim en skilar líka tekjum.

Opinberir aðilar eiga að styðja við listir, ekki aðeins vegna þess að það heyrir siðmenntuðu þjóðfélagi heldur einnig vegna þess að það borgar sig. Menning hefur jákvæð áhrif í för með sér sem eykur hagvöxt með óbeinum hætti. Allt tal um að opinberar aðilar eigi ekki að styðja við leikhús, Sinfóníuhljómsveitina og aðrar listgreinar er byggt á vanþekkingu á hagrænu mikilvægi þessara þátta.

Það þarf að auka listkennslu í grunn- og framhaldsskólum til að

¹ Vefsíður Ágústar www.agust.is 27. ágúst 2001.

almenningur verði meðvitaðri um mikilvægi listar og ungt fólk fái útrás fyrir listsköpun á unga aldri. Við sjáum á dæmi Bjarkar að ævintýrin gerast enn í þessum heimi og vel má vera að fleiri slíkir gimsteinar leynist með íslenskri þjóð.

Umfang menningar í íslensku hagkerfi¹

Menning og ytri áhrif

Með menningu er átt við hverja þá hegðun eða starfsemi sem byggist á viðleitni mannsins til að lýsa, skapa, varðveita eða miðla tilfinningum eða umhverfi mannlegs samfélags, hvort sem það er gert í máli, myndum, tónum, hreyfingu, trú, hugmyndum, venjum eða á annan hátt. Til menningar telst því einnig sérhvert starf innan samfélagsins við að koma menningu á framfæri, sama í hvaða formi það er.

Þessi grein miðar að því að draga fram umfang menningar í íslensku hagkerfi, einkum hvað varðar fjárhagsleg umsvif og sem hluta af vinnumarkaði og lýst er stærð og fjölda þeirra fyrirtækja sem starfa á þessu sviði. Auk þess er fjallað um opinber framlög til menningarmála hérlendis og borið er saman við önnur lönd. Hér er beitt aðferðafræði menningarhagfræði (e: *culture economics*), sem er sérgrein innan hagfræði og listfræði.

Innan hagfræðinnar er talað um ytri áhrif, þ.e. áhrif sem aðgerðir eins hafa á aðra óviðkomandi. Dæmi um neikvæð ytri áhrif er mengun en séu ekki gerðar ráðstafanir, t.d. með umhverfis- eða heilbrigðisreglum, getur mengun leitt til skaða í hagkerfinu til lengri tíma litið. Því er talið skynsamlegt að opinberir aðilar sem fara með vald fyrir hönd almennings vinni gegn slíkum neikvæðum áhrifum.

Dæmi um jákvæð ytri áhrif er menntun en með aukinni menntun verður betri nýting á takmörkuðum framleiðsluþáttum eins og vinnu, fjármagni, náttúruauðlindum og þekkingu, sem leiðir til aukins hagvaxtar og þar með til betri lífskjara. Þetta er ein af ástæðum þess að opinberir aðilar styðja við bakið á menntun. Hægt er að flokka áhrif menningar til jákvæðra ytri áhrifa í hagfræðilegum skilningi vegna þess að með aukinni menningu og aukinni þekkingu almennings á því sviði telst þjóðfélagið vera fjölbreytilegra og bjóða upp á fleiri möguleika til hamingjuríks lífs en ella.

Ytri áhrif eru sérstaklega mikilvæg í tengslum við opinber gæði, þ.e. vörur og þjónustu, sem, andstætt hefðbundnum markaðsvörum, einkennast einkum af því að hvorki er hægt að útiloka fólk frá því að njóta þeirra né leiðir

¹ Tímarit Máls og menningar 3. tbl. 62. árg. ágúst 2001.

notkun eins á slíkum gæðum til þess að möguleikar annarra á notkun á þeim séu rýrðir. Dæmi um slík opinber gæði eru landvarnir, þekking og menning. Hefðbundin aðferðafræði markaðshagfræðinnar með framboði og eftirspurn sem meginþætti hentar því ekki alltaf gagnvart slíkum gæðum. Inngríp opinberra aðila í menningarmálum til að stuðla að jákvæðum ytri áhrifum hafa þar fljótt áhrif.

Það verður að hafa skýrt í huga að allar atvinnugreinar styðja hverja aðra og einhliða athugun á einni atvinnugrein er ekki möguleg vegna þess hversu mikið hún fléttast inn í starfsemi annarra. Þannig er alls kyns þjónusta nátengd atvinnugreinum eins og landbúnaði og sjávarútvegi og það sama á við um menningu. Skipting milli atvinnugreina í hagrænum skilningi er þó gagnleg til að meta áhrif einstakra greina, ekki hvað síst þróun yfir lengra tímabil, og alþjóðlegt samhengi menningarmála verður sífellt mikilvægara, m.a. við opinbera stefnumótun.

Oft er rætt um að íþróttir hafi nokkra sérstöðu innan menningar en stundum er rætt um að t.d. ljóðlist sé náskyld íþróttum, þ.e. að í henni felist færni á sérstöku sviði. Miðað við fyrri skilgreiningu teljast íþróttir til menningar enda er margvísleg afþreying stór hluti menningar.

Til er sérstök aðgreining á milli afþreyingar og listar þar sem afþreying sé hið átakalaus en listin krefjandi. Slík aðgreining er vandmeðfarin og tíminn leiðir oft í ljós að það sem áður var talin hin mesta list sé í besta falli ómerkileg afþreying og oft reynist lítils metin afþreying hið stærsta listaverk þegar tíminn hefur slípað það og/eða viðhorf manna hafa breyst. Svið eins og tíska og hönnun teljast tvímælaust til menningarstarfsemi. Allt sem viðkemur trúarbrögðum í samfélaginu telst til menningar. Nákvæm aðgreining er þó erfið og eru t.d. skil milli menningar og menntunar í hagrænu tilliti ekki skýr en í hagskýrslum telst allt sem varðar skólalæsi til menntunar.

Leiðir til að auka umsvif menningar

Leiðir til að efla hlut menningar í hagkerfinu hafa í för með sér hagvöxt mældan í aukinni verðmætasköpun eins og á við aðrar atvinnugreinar. Einnig hefur menning jákvæð áhrif í samfélagi manna í forni aukinnar vellíðanar einstaklinga en þau áhrif mælast ekki í hagvexti.

Hægt að skipta aðferðum til að auka menningarleg umsvif í fimm flokka:

- Í fyrsta lagi er hægt að auka menningarleg umsvif með því að styrkja skólakerfið á sviði menningar og listsköpunar. Það hefur tvíþætt áhrif.

Annars vegar eykur slík áhersla þekkingu almennings á menningu og hins vegar kallar það fram áhuga þeirra ungmenna sem vilja hasla sér völl innan menningar sem atvinnugreinar. Skólakerfið hefur einnig oft það að markmiði að tryggja jafnræði gagnvart list og listsköpun hjá nemendum með ólíkan efnahagslegan bakgrunn.

- Í öðru lagi er hægt að sækja ráð og leiðir til útlanda en margar þjóðir hafa kannað leiðir til að auka hlut menningar í hagkerfi sínu.
- Í þriðja lagi aukast menningarleg umsvif ef opinberir aðilar styðja við menningu, annars vegar með beinum fjárframlögum og hins vegar með skattaávilnunum, t.d. ef fyrirtækjum sem verja fé til menningarstarfsemi væri heimilt að draga það frá tekjum með tilteknu álagi.
- Í fjórða lagi er hægt að auka menningarleg umsvif með því að huga að nýju skipulagi í menningarmálum innan og utan opinberar stjórnisýslu. Í því sambandi hefur víða gefist vel að menningarmál séu í sérstöku ráðuneyti innan stjórnisýslunnar. Einnig þarf að samþætta starf áhuga- og atvinnufólks á listasviði.
- Í fimmta lagi er hægt að einblína sérstaklega á markaðsetningu innlendrar menningar erlendis með samstilltu átaki innlendra stofnana, samtaka og fyrirtækja. Hægt er að nefna íslenskan kvikmyndaiðnað sem menningargrein sem hefur margvísleg sóknarfæri erlendis.

Þessar 5 leiðir tengjast innbyrðis og eru ekki tæmandi. Hér verður ekki fjallað um þessar aðferðir heldur skoðað umfang menningar í hagkerfinu. Menning er á margvíslegan hátt sýnileg og mælanleg í hagstærðum, t.d. sem framlag til landsframléiðslu, í fjölda starfa við menningarstarfsemi, hlutdeild í launum og stærð rekstrareininga og fyrirtækja.

Menning er flokkuð svipað víðast hvar. Menningarstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) gaf árið 1986 út staðal fyrir hagtölur um menningu sem ýmis ríki leggja til grundvallar en þar eru níu flokkar menningar, þ.e. menjar, prentað efni og bókmenntir, tónlist, leiklist og tengdar listgreinar, hljóðvarp, sjónvarp, félagsleg og menningarleg starfsemi, íþróttir og útivist og málefni umhverfis og náttúru. Þetta er svipuð flokkun og er hérlendis.

Menning hefur margvísleg jákvæð áhrif á einstaklinga sem eru ekki mæld í hefðbundnum þjóðhagsreikningum, eins og aukin vellíðan vegna liststarfsemi eða hamingjuríkra líf en ella vegna þátttöku í ýmiss konar menningaratburðum.

Alþjóðlegur samanburður

Í sífellt meira mæli eru menningarmál skoðuð í alþjóðlegu samhengi, m.a. til að tryggja menningarlega fjölbreytni, þjóðlega ímynd og margbreytileika í ljósi vaxandi alþjóðavæðingar.

Þótt listir og listsköpun séu einungis hluti menningar eru þau svið mjög áberandi í almennri umræðu og það er forvitnilegt að skoða stöðu þeirra í nágrennalöndunum. Tekjur vegna liststarfsemi koma ýmist til vegna beinna opinberra framlaga eða vegna sölu á frjálsum markaði. Slík tvískipting á markaði hefur af opinberri hálfu víða þróast úr styrkjakerfi til handa listamönnum í stuðning við einstaka listgreinar með samkeppni milli listamanna og hefur þessi þróun aukið þátttöku opinberra aðila með kaupum á listaverkum og beinum og óbeinum styrkjum. Þannig er 43% af kaupum á hollenska listamarkaðinum á vegum opinberra aðila.

Innan Evrópu hefur stuðningur við listsköpun þróast undanfarið á eftirfarandi hátt:

- Óbein aðstoð hefur aukist. Breytingar hafa verið gerðar á skattalögum og tæknileg aðstoð og greiðslur fyrir höfundarrétt koma nú að hluta til í stað beinna fjárstyrkja sem voru algengir á 8. og 9. áratug síðustu aldar.
- Bein framlög eru nú í meira mæli en áður byggð á verðleikum og gæðum frekar en að um sé að ræða félagslegar aðgerðir eða aðgerðir sem miðast við aðild að tilteknum fagfélögum.
- Stuðningsáætlunum við greinar sem byggjast á nýrri tækni hefur fjölgað.
- Stuðningur opinberra stofnana í ýmsum löndum er í vaxandi mæli bundinn stefnu stjórnvalda í byggða- og félagsmálum.
- Áhrif félaga listamanna eru ólík innan Evrópu. Þau eru sterkari á Norðurlöndunum en í Suður-Evrópu þar sem stjórnvald hafa mikil áhrif. Í Þýskumælandi löndum eru dómnefndir áhrifamiklar en þessi mál eru í mikilli uppstokkun í Mið- og Austur-Evrópu.
- Í ýmsum löndum í Evrópu hafa stuðningsáætlanir þróast í að verða aðallega á grundvelli Evrópusambandsins en í öðrum löndum er sérstök áhersla lögð á heimalandið.

Viðtal sem Tómas Orri Ragnarsson blaðamaður tók við Ágúst Einarsson og birtist í Morgunblaðinu 8. september 2001

Deildin virkur þátttakandi í samfélagsumræðunni

Viðskipta- og hagfræðideild fagnar 60 ára afmæli sínu næstkomandi laugardag

Hver var aðdragandinn að stofnun deildarinnar?

„Við höldum í ár upp á 60 ára afmæli kennslu í viðskiptafræðum og hagfræði við Háskóla Íslands. Aðdragandinn er nokkuð merkilegur. Stjórnvöld stofnuðu hér Viðskiptaháskóla Íslands árið 1938. Þessi skóli varð síðan hluti af laga- og hagfræðideild Háskólans. Árið 1957 voru þessar deildir skildar að og síðan hefur Viðskipta- og hagfræðideildin verið sjálfstæð deild innan Háskóla Íslands. Deildum skólans hefur fjölgað mikið og nú eru þær ellefu talsins. Viðskipta- og hagfræðideildin er nú ein stærsta deild skólans.

Fyrsti Íslendingurinn sem lauk hagfræðiprófi var Indriði Einarsson leikritaskáld árið 1877. Sú skoðun hefur þó orðið almennari að Jón forseti Sigurðsson hafi verið fyrsti íslenski hagfræðingurinn en hann lærði m.a. hagfræði í Kaupmannahafnarháskóla.

Í deildinni eru nú um 1.200 nemendur þannig að deildin er á við allra stærstu framhaldsskóla en alls eru um 7.000 nemendur í Háskólanum.“

Starfsmenn deildarinnar áberandi í þjóðlífinu

„Kennarar við Viðskipta- og hagfræðideild hafa verið mjög áberandi í samfélaginu. Ólafur heitinn Björnsson og Gylfi Þ. Gíslason sátu lengi á Alþingi og þeir komu með þekkingu á viðskiptafræði og hagfræði inn í íslenska stjórn málaumræðu. Guðlaugur heitinn Þorvaldsson var rektor, svo og Guðmundur Magnússon. Innan deildarinnar eru nokkrir vísindamenn sem eru heimsþekktir á sínu sviði, menn eins og prófessorarnir Þráinn Eggertsson, Þorvaldur Gylfason og Ragnar Árnason.“

Hvernig hefur námsframboðið og kennslan breyst í gegnum tíðina?

„Við höfum verið að breyta deildinni og auka námsframboð og gera það miklu fjölbreyttara en áður. Nú bjóðum við ekki einungis upp á kandídatpróf í viðskiptafræðum heldur einnig nám til B.S.-prófs í viðskiptafræði og

B.A.- og B.S.-gráður í hagfræði. Við erum með rúmlega eitt hundrað nemendur sem stunda meistaranám við deildina. Einnig erum við með nokkra nemendur í doktorsnámi.

Þess utan eru um 50 nemendur í M.B.A.-námi. Deildin var í fararbroddi innan Háskólans að bjóða upp á diplóma-nám, þ.e. styttri námsleiðir, og hefur verið mikil ásókn í það. Ýmislegt af þessu hefur verið tekið upp af öðrum skólum. Við kennum einnig viðskiptatungumál, m.a. í samvinnu við Heimspekideild. Samskipti við aðrar deildir hafa verið með ágætum. Deildin hefur vaxið það hratt að nú vantar skrifstofuhúsnæði fyrir kennara og fleiri kennslustofur, m.a. vegna fartölvuvæðingarinnar.“

Hvað með endurmenntun og símenntun, hvaða hlutverk hefur hún og sérðu frekari möguleika á þeim sviðum?

„Ég tel að nám sé lærdómur allt lífið. Námi lýkur aldrei. Nám og menntun úrelidist mjög fljótt og við verðum að geta boðið upp á endurmenntun og símenntun. Viðskipta- og hagfræðideild og kennarar hennar hafa verið virkir í starfi Endurmenntunarstofnunar, sem er langstærsta menntastofnun landsins. Námsframboðið þar og M.B.A.-námið fyrir fólk í atvinnulífinu svarar kalli fólks eftir viðbótarmenntun. Í hinu nýja þekkingarsamfélagi útskrifast menn því í raun aldrei.“

Menntastofnanir opnar fyrir alla, allt lífið

„Starfsmenntun í atvinnulífinu þarf að vera miklu meiri en hún er nú vegna þess að margir hætta í skóla. Þetta fólk verður að eiga tækifæri á að koma aftur inn í skólakerfið til að öðlast sess í þessu nýja samfélagi. Ég held að það sé mjög mikilvægt að háskóli og skólakerfið í heild skilgreini sig sem menntastofnun sem sé öllum opin alla ævi. Þetta er ekki aðeins vettvangur fyrir ungt fólk á aldrinum 20–30 ára heldur er Háskóli Íslands stofnun sem er þátttakandi í menntun fólks alla starfsævina. Þetta er nauðsynlegt til að standast þá alþjóðlegu samkeppni sem við stöndum frammi fyrir.“

Skortir eitthvað á skilning stjórnvalda á gildi háskólamenntunar og rannsóknna?

„Ég held að stjórnvöld beri gott skynbragð á að menntunin er það sem ræður líf skjörum í framtíðinni en auðvitað kostar það aukið fé ef menn vilja bæta þjónustuna.

Við í Viðskipta- og hagfræðideild höfum nokkra sérstöðu. Það eru fleiri skólar en Háskóli Íslands sem veita menntun á þessu sviði og ég fagna því og

þeirri samkeppni. Það má þó ekki gleyma því að við tökum við öllum nemendum sem leita til okkar en aðrir skólar takmarka hins vegar nemendafjölda sinn og nemendur þeirra þurfa að borga skólagjöld og þannig fá skólarnir viðbótartekjur sem við fáum ekki. Það má geta þess að það fé sem Háskóli Íslands fær vegna Viðskipta- og hagfræðideildar rennur ekki allt til okkar. Hluti af því rennur til rekstrar á öðrum deildum þannig að þetta gerir samkeppnisstöðu okkar enn erfiðari.

Það má líkja þessu við að vera í boxi með aðra höndina bundna fyrir aftan bak. Það er því ekki jafnræði á þessu sviði. Það þarf að gera okkur betur kleift að inna þá þjónustu af hendi sem við viljum veita. Við viljum halda áfram hinu góða samstarfi við Félagsvísindadeild sem við höfum átt, m.a. við að fá aukið húsnæði, og það er ætlun okkar að stuðla að meiri samvinnu við aðra skóla hérlendis á okkar sviði í framtíðinni.“

Getur íslenskt athafnalíf tekið við öllum þeim fjölda nemenda sem útskrifast?

„Það hefur sýnt sig að það er nægur markaður fyrir allt þetta fólk og sama þróun er erlendis. Við höfum þann metnað fyrir okkar deild og Háskólann í heild að við kennum og rannsökum eins vel og bestu skólar erlendis. Það eru engin verðlaun veitt fyrir neðstu sætin, ekkert frekar hér en í íþróttunum.

Þetta er okkar sýn á framtíðina. Fámenn þjóð eins og við Íslendingar getur ekki leyft sér að hafa aðra framtíðarsýn en að setja markið svona hátt. Það þarf að ríkja meiri skilningur í samfélaginu á því hvað það er mikilvægt fyrir íslenskt samfélag að hér starfi öflugur rannsóknaháskóli.“

Gott bókasafn lykilatriði í starfi rannsóknaháskóla

„Eitt af því sem er afar mikilvægt er að efla bókakost Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns vegna þess að þar á sér stað mikil bylting með rafrænum áskriftum að tímaritum og gagnaböndum á Netinu. Á safninu er mikið af mjög góðu starfsfólki sem ber gott skynbragð á þessa þróun. Þar hefur mikið starf verið unnið á síðustu misserum og það þarf að halda því áfram. Rafrænar áskriftir eru lykilatriði fyrir nútímarannsóknaháskóla. Það er tóm mál að tala um rannsóknaháskóla fyrr en við höfum hér öflugt rannsóknabókasafn. Enn vantar á það og aftur er það spurning um fjármagn en við erum á réttri leið.

Rannsóknastofnanir deildarinnar eru einnig mjög mikilvægar. Í Hagfræðistofnun, sem er hluti af deildinni, er starfandi á annan tug sérfræðinga sem vinna að hagfræðilegum rannsóknum en stofnunin er rekin eingöngu

fyrir sjálfsaflafé. Það sýnir að það er hægt að gera ýmislegt ef dugnaður og góð stjórnun er fyrir hendi. Forstöðumaður Hagfræðistofnunar, Tryggvi Þór Herbertsson, hefur unnið einstaklega gott starf við að byggja upp rannsóknastofnun sem hefur hlotið alþjóðlega viðurkenningu.“

Nemendur deildarinnar sem hafa menntað sig erlendis, hvernig hafa þeir staðið sig?

„Þeir hafa staðið sig mjög vel. Það er samhljóma mat kennara og háskóla erlendis að þeir hafi hlotið góðan undirbúning hér. Nemendur okkar standa sig undantekningarlítið mjög vel í framhaldsnámi í allra bestu háskólum erlendis. Ein besta einkunnagjöfin sem við getum fengið er að horfa á eftir góðum nemanda í góðan skóla og fylgjast með því að honum gangi vel. Hins vegar má aldrei slaka á klónni. Þessi árangur kemur ekki af sjálfu sér. Það er mikil samkeppni í menntun í heiminum og landamæri þjóðríkja eru að hverfa. Við verðum alltaf að vera á verði ef við eigum að standa okkur.“

Alþjóðleg samkeppni um vel menntað vinnuafli

„Ég hef það fyrir reglu að spyrja lokaársnemendur mína hvort þeir gætu hugsað sér að setjast að erlendis og þá réttir hver einasti upp hönd. Þegar ég var að læra erlendis fyrir um 30 árum og við Íslendingarnir héldum hópinn vorum við alltaf öll á leiðinni heim. Einhverjir ílentust úti en við hin vorum samt sem áður alltaf á leiðinni heim.

Núna eru viðhorfin allt önnur. Nemendum hér við skólann og þeim sem stunda nám erlendis finnst ekki skipta neinu höfuðmáli hvort þeir búa hér á landi eða erlendis. Þetta er auðvitað mikil breyting og jafnframt áskorun fyrir íslenskt samfélag. Við þurfum að geta skapað aðstöðu og aðstæður fyrir ungt menntafólk til að það vilji frekar vera á Íslandi en í útlöndum. Það er mikilvægt fyrir okkur, fámenna þjóð úr alfaraleið, að gera okkur grein fyrir því að samkeppnin um vel menntaða einstaklinga er mjög hörð og verður harðari á næstu árum. Við verðum að standa vel vaktina í þeim málum.“

Styrkir aukin fjölbreytni íslensks atvinnulífs á allra síðustu árum okkur í þessari samkeppni um vel menntað fólk?

„Þær miklu breytingar sem hafa átt sér stað í upplýsingatæknigeiranum, líftækni og erfðafræði þýða að við getum skapað okkur forskot eins og við höfum sýnt. Við eigum að nýta það. Við kennum að hver og einn verði að nýta sér sitt samkeppnisforskot. Ef menn gera það ekki dragast þeir einfaldlega aftur úr. Þetta snýst allt um það að gera hlutina betur en aðrir á

tilteknum sviðum. Við höfum vissulega möguleika á því að tengja viðskiptafræði og hagfræði við hinar nýju atvinnugreinar í þessu nýja hagkerfi sem byggist á þekkingu þannig að það skili bættum lífskjörum. Þessi tækifæri eru ótalmörg í íslensku þjóðlífi en það er aðeins eitt aðgangsorð sem er lykillinn að því og það er menntunin.“

Hvernig sérðu Viðskipta- og hagfræðideild fyrir þér eftir áratug eða svo?

„Ég er bjartsýnn fyrir hönd deildarinnar og ég vil efla sjálfstæði Háskólans og sérstaklega deilda hans. Við erum hér í jákvæðri samkeppni við aðra skóla. Mér finnst vel koma til greina að deildin okkar yrði sjálfseignarstofnun undir regnhlíf Háskólans með sjálfstætt stjórnkerfi og þjónustusamninga við menntamálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti. Deildin myndi verða sjálfstæðari. Ég er mjög gagnrýninn á stírðbusalegt stjórnkerfi, hvort sem það er innan Háskólans eða annars staðar. Háskólar erlendis eru víða skipulagðir á svipaðan hátt. Stjórnskipulag í svo stórra stofnun sem Háskóla Íslands þarf að vera í stöðugri endurskoðun.“

Ekki sjálfgefið að lífskjör batni hérlendis

„Viðskiptavinir okkar eru nemendur okkar, atvinnulífið og alþjóðlega vísindasamfélagið. Við kennum að fólk og fyrirtæki eigi að mæta kröfum viðskiptavinnanna og það er það sem við ætlum okkur svo sannarlega að gera.“

Ég tel að við séum nú að upplifa sams konar breytingar og áttu sér stað á miðri 18. öld í upphafi iðnbyltingarinnar þegar borgirnar eflust og stjórnarbyltingar urðu í Bandaríkjunum og Frakklandi. Gífurlega miklar breytingar urðu þá á 40 árum. Ég gæti vel trúað því að síðustu 15 árin og næstu 25 ár munum við upplifa sams konar breytingar í atvinnuháttum og nýskipan samfélags. Það er mjög spennandi að vera í miðju þessara breytinga og ég tala ekki um fyrir ungt fólk sem er að hefja nám í háskóla. Það er öfundsvert hlutskipti í dag.

Þjóð eins og Íslendingar þarf að vera miklu meðvitaðri um þessar breytingar en stærra þjóðir. Hér erum við á meiri berangri og í þessu sambandi gegnir menntunin lykilhlutverki. Einungis hún getur staðið undir þeim lífskjörum sem við viljum búa við í framtíðinni. Það er ekkert sjálfgefið eftir nokkra áratugi að við séum með eins öflugt samfélag og við höfum hér á landi nú. Við getum haft það ef við menntum unga fólk með okkar eins vel og best gerist erlendis,“ segir dr. Ágúst Einarsson prófessor, forseti Viðskipta- og hagfræðideildar, að lokum.

Háskólar keppa ekki á jafnréttisgrundvelli¹

Íslenska menntakerfið hefur ekki einkennst af skólagjöldum en nú er að verða breyting þar á. Tveir skólar á háskólastigi taka umtalsverð skólagjöld en þeir eru eingöngu með kennslu í viðskiptafræði, lögfræði og tölvunarfræði. Skólagjöld á Bifröst eru 240–350.000 kr. á ári fyrir hvern nemanda og 160.000 kr. á ári í Háskólanum í Reykjavík. Innritunargjöld í Háskóla Íslands, sem sumir kalla skólagjöld, eru 35.000 kr. á ári skv. fjárlagafrumvarpinu.

Hér eru engir einkaskólar eins og erlendis, einkaskólar sem eru reknir eingöngu fyrir sjálfsaflafé, hvorki Bifröst né Háskólinn í Reykjavík. Meginfjármagn til reksturs þeirra kemur frá ríkisvaldinu og launakjör kennara þar eru svipuð og annarra kennara. Sérstaðan er að þessir skólar fá sama fjármagn til kennslu frá ríkisvaldinu og Háskóli Íslands með sérstökum samningi um háskólakennslu sem er í gildi. Ríkið greiðir öllum skólum sömu upphæð fyrir kennslu í sömu grein á hvern virkan nemanda á ári og eru skólagjöldin því mikil viðbót við framlag ríkisins. Það þekktist hvergi í nágrannalöndunum að sumir skólar leggi á skólagjöld og fái þar að auki jafn mikið fé til kennslu og ríkisskólar.

Ljóst er af þessu að samkeppnisstaða Háskóla Íslands er algerlega óviðunandi en Háskólanum er óheimilt að leggja á skólagjöld. Bifröst og Háskólinn í Reykjavík eru auk þess með fjöldatakmarkanir en Háskóli Íslands tekur við öllum stúdentum sem sækja um í þessum greinum. Háskólinn verður jafnframt að fjármagna sjálfur fámenn námskeið. Slík námskeið láta aðrir skólar eiga sig. Háskólinn á vitaskuld að kenna erlend tungumál, stærðfræði og guðfræði en það gerist ekki án viðbótarfjármagns ef tryggja á að samkeppni í háskólakennslu sé á jafnréttisgrundvelli.

Það verður því að fara fram ítarleg umræða í samfélaginu um skólagjöld og samkeppnisstöðu Viðskipta- og hagfræðideildar, Lagadeildar og tölvunarfræðiskorar Háskóla Íslands. Samkeppni er alltaf af hinu góða, líka á sviði háskólakennslu, en hún verður að vera á jafnréttisgrundvelli og þannig ályktaði háskólafundur á dögnum en hann er æðsta stefnumótandi vald innan Háskólans.

¹ Vefsíður Ágústar www.agust.is 5. nóvember 2001.

Lausnin er hins vegar ekki fólgin í því að Háskólinn taki upp skólagjöld. Umræðan er brýn vegna þess að efling háskólamenntunar verður að vera forgangsverkefni. Lífskjör Íslendinga versna hratt ef háskólamenntun er ekki eins og best verður á kosið. Hér duga því ekki orð heldur gerðir.

Sem rannsóknasetur er Íslensk erfðagreining svipuð að burðum og allur Háskóli Íslands¹

Íslensk erfðagreining (ÍE) hefur flutt í nýtt hús. Þetta fyrirtæki er með ólíkindum. Þar starfa um 600 manns, nær allir með háskólapróf og mjög margir með doktorsgráður. Þetta er langfjölmennasta rannsóknasetur landsins og rannsóknir þar slaga í mannárum upp í allar rannsóknir innan Háskóla Íslands. Slíkt er einsdæmi í heiminum.

Miklar deilur voru þegar fyrirtækið fékk einkarétt á gagnagrunni á heilbrigðissviði enda var stundum farið offari. Í fyrstu gátu menn ekki fengið gögn sín fjarlægð úr grunninum ef þeim snerist hugur. Þetta varð síðar heimilt en sýnir að menn hefðu í upphafi getað farið sér hægar.

Margar uppgötvanir eru gerðar í fyrirtækinu sem auðvelda lækningar með lyfjum en lyfjaiðnaður er einn ábatasamasti atvinnuvegur í heimi. ÍE hefur nú keypt bandarískt lyfjafyrirtæki. Vonandi verður sú starfsemi rekin hér á landi en ÍE hefur einnig vaxandi tekjur af sölu hugbúnaðar.

Íslensk erfðagreining hefði aldrei orðið að veruleika ef Kári Stefánsson hefði ekki búið yfir einstökum leiðtogahæfileikum. Eitt helsta verkefni ÍE nú er að færa fyrirtækið úr frumkvöðlafasanum með nútímalegum stjórnráttum sem gera tekjuöflun og kostnaðareftirlit auðveldara. Það verkefni er vel þekkt innan rekstrarhagfræðinnar. Davíð Oddsson tók strax eindregna afstöðu með fyrirtækinu. Ekki er enn hægt að slá því föstu að starfsemin gangi fjárhagslega upp en í það stefnir og þá verður þessi pólitíska forusta Davíðs talin að verðleikum eitt helsta afrek hans.

Líklega er ÍE best búna rannsóknastöð á sviði erfðavísinda í heiminum, að fólki, tækjum og umfangi. Nálægðin við Háskólann er báðum mikilvæg og ber að auka samstarfið, m.a. með vísindagörðum sem tengjast húsi ÍE. Það er grátlegt fyrir menntayfirvöld og Háskólann að horfa upp á náttúrufræðihúsið, hálfklárað og rándýrt, miklu dýrara en hús ÍE. Ríkisvaldinu eru mislagðar hendur við húsbyggingar, sbr. Þjóðminjasafnið. Miklu betra og ódýrara hefði verið að byggja glæsilegt nýtt safn á aðgengilegum stað en í stað þess er ónýtt hús endurbyggt fyrir milljarða og á stað sem hentar engan veginn lengur fyrir safn.

¹ Vefsíður Ágústar www.agust.is 19. febrúar 2002.

Hús ÍE verður hins vegar minnisvarði um góðan arkitektúr. Þetta er stór vinnustaður með opnu rými og skemmtilegum tengingum. Arkitektinn, Ingimundur Sveinsson, hefur bætt enn einni skrautfjöðrinni í sinn hatt. Perlan, Hús verslunarinnar, hús Sjóvár-Almennra og nú hús Íslenskrar erfðagreiningar eru allt hans verk.

Menntun skilur milli framfara og stöðnunar¹

Eitt sinn var sagt að bókvitið yrði ekki í askana látið og með því er átt við að menntaður maður dugi lítt til þeirra verka sem skila bærilegri afkomu. Enn þann dag í dag má heyra talað af lítilsvirðingu um menntun þótt það sé ekki eins algengt og áður.

Menntun var áður forréttindi hinna ríku og langskólanám aðeins á færi fárra. Þetta hefur gerbreyst. Nú er menntun tækifæri sem nær til langflestra og er leið til fjölbreyttara lífs og hærri tekna en ella þótt Íslendingar standi að ýmsu leyti öðrum þjóðum að baki í menntun. Íslenskir stúdentar útskrifast t.d. 2 árum eldri en í nágrannalöndunum og mjög hægt gengur að stytta þennan tíma.

Alþjóðlegur samanburður hefur sýnt slaka stöðu íslenskra grunnskólanna, færri ljúka hér framhaldsskóla en í nágrannalöndunum, háskólanám er ekki eins almennt og annars staðar og menntamál njóta ekki forgangs af hálfu stjórnvaldaflokka. Innan þeirra er mun meiri áhugi á samgöngu-, byggða-, velferðar- og efnahagsmálum þótt menntamál nútímans séu þetta allt í senn. Það eru til byggða- og samgönguáætlanir en engin menntaáætlun, sem segir sitthvað um stjórnun þeirra mála undanfarna áratugi.

Þó er mikil gróska í menntamálum og fjölbreytni í háskólanámi er mun meiri en áður. Rannsóknir innan Háskóla Íslands hafa aukist verulega og nú eru þar á áttunda hundruð nemendur í meistara- og doktorsnámi. Slík framhaldsmenntun var til skamms tíma öll sótt til útlanda en er nú að miklu leyti að færast inn í landið. Það er þó mikilvægt að skipta framhaldsmenntun á háskólastigi milli íslenskra og erlendra skóla.

Í framtíðinni dugar mönnum ekki að hafa eitt háskólapróf heldur verða þeir að stunda nám alla ævi. Lærdómur alla ævi er stefnumál Sambands evrópskra háskóla en Háskóli Íslands á aðild að þeim samtökum. Þekking úreldist fljótt og þetta er eins og líkamsrækt. Fólk verður að halda sér við ef það á ekki að dragast aftur úr.

Menntun er ekki aðeins lykillinn að góðum lífskjörum heldur skilur hún milli framfara og stöðnunar. Ein af ástæðum fyrir fólksflotta af landsbyggðinni er að ekki er hægt að bjóða upp á góða menntun í fámennu

¹ Vefsíður Ágústar www.agust.is 16. mars 2002.

umhverfi enda hefur fólk úti á landi að jafnaði ekki eins góða menntun og á höfuðborgarsvæðinu. Eyjafjarðarsvæðið tók mikinn kipp fram á við þegar Háskólinn á Akureyri var stofnaður. Þannig liggja framfarir í gegnum menntun, alveg eins og enginn árangur næst í efnahagsmálum og bættum lífskjörum nema með aukinni menntun almennings.

Um skólagjöld í meistaranámi¹

Samþykkt Viðskipta- og hagfræðideildar er eftirfarandi:

„Deildarfundur í Viðskipta- og hagfræðideild haldinn 30. maí 2003 samþykkir að óska eftir því að fá heimild til að innheimta skólagjöld í meistaranámi.“

Lengri var samþykktin ekki. Þetta er skýrt. Ég bið ykkur að hafa í huga að deildin er að óska eftir heimild. Þetta mál snýst um hvað almannavaldið tekur að sér fyrir þegnana. Kostnaður verður hugsanlega svipaður og áður en spurningin er hver greiðir: skattborgarar sem heild eða skattborgarar með þátttöku viðkomandi nemandi. Við erum ekki að leggja til að Háskólinn sem slíkur leggi á skólagjöld. Afstaða til skólagjalda þarf alls ekki að vera samræmd innan deilda Háskóla Íslands.

Við í Viðskipta- og hagfræðideild gerum greinarmun á framhaldsnámi og grunnnámi. Þeir sem segja að þetta sé allt hið sama, þ.e. að grunnnámið komi á eftir ef fallist verður á skólagjöld í meistaranámi, hafa rangt fyrir sér. Framhaldsnám leiðir til 2. háskólagráðu en 1. háskólagráða nú er eins og stúdentspróf var fyrir 20 árum og landspróf fyrir 40 árum. Það eru sterk rök fyrir því að 1. háskólagráðan sé einmitt verkefni almannavaldsins, alveg eins og gildir um grunnskóla og framhaldsskóla en öðru máli gegnir vitaskuld um 2. háskólagráðu.

Það má hafa í huga að almannavaldið greiðir alls ekki í sama mæli fyrir 1. skólastigið, þ.e. leikskólann, og önnur skólastig. Það kostar yfir 30.000 kr. að hafa barn á leikskóla í einn mánuð, eða svipað og innritunargjöld í Háskóla Íslands í eitt ár. Það er til umhugsunar fyrir stúdenta hvort þeim finnist eðlilegt að almannavaldið greiði allan kostnað fyrir 2. háskólagráðu á sama tíma og langt er frá því að slíkt sé gert fyrir leikskóla. Það greiðir einhver þennan kostnað. Hlutir eru ekki ókeypis, sama hvort einstaklingur greiðir beint eða almannavaldið af sköttum. Ríkið er jú ekkert annað en við og aðrir landsmenn.

Rök fyrir skólagjaldi í meistaranámi eru m.a. að við viljum auka fé til

¹ Ræða á háskólafundi 8. sept. 2003 í Hátíðasal Háskóla Íslands.

deildarinnar til að bæta þjónustu við meistaranema, t.d. hafa færri í námskeiðum, efla stoðkerfi og aðstöðu og hjálpa til við rannsóknir. Núna eru um 1.000 manns í meistaranámi í Háskólanum og fjölmargir eru einfaldlega að sækja sér ódýra endurmenntun. Fyrir innritunargjöldin, upp á 32.500 kr., fæst ekki einu sinni eitt Excel-námskeið á almennum markaði. Skólagjöld í meistaranámi munu vitaskuld efla kostnaðarvitund og stuðla að því að við verðum með nemendur sem eru í alvöru í meistaranámi en ekki í endurmenntun. Við rekum sérstaka stofnun fyrir endurmenntun og þar er tekið gjald af hverjum nemanda sem dugar fyrir öllum kostnaði.

Viðskipta- og hagfræðideild er ekki að tala um há skólagjöld. Samkeppnisskólar okkar eru með 300 til 500 þúsund kr. á ári í skólagjöld í meistaranámi. Við tökum meira að segja 1,5 milljónir í skólagjöld fyrir tveggja ára M.B.A.-nám í deildinni hjá okkur. Ég sé fyrir mér gjald upp á um 200.000 kr. á ári, sem er sanngjarnt í okkar rannsóknatengda meistaranámi. Aðrar deildir verða að gera upp við sig hvort þær vilja fá slíka heimild og hvaða gjald væri eðlilegt í þeirra tilvikum.

Það er fráleitt að gjald í meistaranámi sé eins fyrir alla. Nám er misdýrt eins og við sjáum best á því að ríkisvaldið greiðir vegna kennslu frá 350.000 kr. á ári fyrir hvern nemanda upp í tæpar 2 milljónir eftir deildum. Þetta er einungis fyrir kennsluna. Það er einfaldlega ekki rétt sem segir í umsögn starfsnefndar háskólaráðs um þessa samþykkt Viðskipta- og hagfræðideildar að skólagjöld verði að vera eins í öllum skólanum.

Deildir eru grunneiningar skólans og aðstaðan er ólík og viðhorf mismunandi. Í okkar tilviki verðum við að bæta þjónustuna til að styrkja okkur í samkeppni við innlenda og erlenda skóla. Í áliti Tryggva Þórhallssonar lögfræðings um samþykktina er rætt um tæknilega útfærslu þessa og hægt er að hans mati að fara þrjár leiðir, þ.e. hafa almenna gjaldtökuheimild, leggja á gjald í formi skatts eða breyta rekstrarformi og stjórnskipulegri stöðu Háskóla Íslands. Það er einkum þriðja leiðin að mínu mati sem við þurfum að ræða á komandi vikum.

Skólagjöld eru lánshæf úr Lánasjóði íslenskra námsmanna og eins og mörg ykkar vita þá greiðist aðeins helmingur raunvirðis lána til baka þannig að námslán hérlendis eru umtalsvert framlag almannaþingsins til námsmanna. Þar sem ríkið greiðir óbeint með Lánasjóðnum helming skólagjaldanna er skiljanlegt að ríkið velti fyrir sér þróun þessara mála.

Rökin gegn skólagjöldum í meistaranámi væru helst að með því væri ekki tryggt jafnræði. Það er ekki rétt. Þetta skólagjald sem ég er að ræða um er einungis hluti af kostnaði við námið og aðrir skólar eru einnig með

skólagjöld. Meistarar fá síðar hærri laun en aðrir og þetta nám er vitaskuld fjárfesting fyrir land og þjóð en ekki hvað síst fyrir einstaklingana sjálfa. Auðvitað er ekkert ójafnræði folgið í því að þeir taki beinan þátt í kostnaði við námið, alveg eins og menn gera alltaf, t.d. með ákvörðun um búsetu. Fólk fær ekki sömu laun eftir háskólanám og okkar nemendur verða vel staddir fjárhagslega með meistaragráðuna sína.

Skólagjöld eru algeng víða og oft fá góðir nemendur þau felld niður. Viðskipta- og hagfræðideild mun fella niður skólagjöld í meistaranámi hjá góðum nemendum. Það á að vera eftirsóknarvert að koma til okkar og fá góða kennslu í rannsóknatengdu framhaldsnámi.

Önnur rök gegn skólagjaldi í meistaranámi er að ríkið muni einfaldlega lækka framlög sín á móti. Ég hef enga ástæðu til að ætla svo verði enda er það ekki gert t.d. hjá Háskólanum í Reykjavík. Þetta verða tiltölulega lágar fjárhæðir en einungis 1/10 af nemendum skólans eru í framhaldsnámi. Þeir sem sækja endurmenntun í framhaldsnáminu munu hugsanlega hverfa frá því en það þarf að finna endurmenntun annan farveg og reyndar hefur nefnd skilað nýlega skýrslu um það. Betri þjónusta við meistaranema eykur rannsóknir og bætir hagvöxt, sem aftur eykur skatttekjur ríkisins. Það er því engin ástæða að ætla að ríkið bregðist illa við þessari samþykkt.

Skólagjöld í meistaranámi leiða vitaskuld til aukinna krafna af hálfu nemenda og það er einmitt það sem deildin vill. Þið þekkið það öll að þið gerið meiri kröfur til þjónustu ef þið greiðið sjálf fyrir hana að hluta. Miklar kröfur eru af hinu góða en ekki er hægt að mæta þeim nema með auknu fé. Ég vil ekki leggja til fjöldatakmarkanir sem meginreglu í háskólanámi hér en hugsanlega verður Háskóli Íslands þvingaður til þess.

Háskólinn þarf að vanda sig í þessari umræðu. Stjórnvöld vilja oft varpa ábyrgðinni á skólann í erfiðum málum en fara sínu fram í öðrum. Skólagjaldaumræðan er klassískt dæmi þar sem stjórnvöld geta sagt að þau geri það sem skólinn vill. Þetta er sígild aðferð í málum sem geta verið óþægileg og valdið pólitískum deilum. Ekki er víst að háskólafólk vilji endilega taka þennan kaleik frá stjórnámálum. Við viljum oft knýja fram breytingar af hendi stjórnvalda, t.d. rétta launastíku, annað reiknilíkan og meira fé, en þá gera stjórnvöld ekki það sem skólinn vill. Ég held þó að þetta mál ætti ekki að kosta deilur við stjórnvöld. Stjórnvöld ættu að styðja að Háskóli Íslands sé með sambærileg skilyrði og aðrir skólar sem njóta velvildar þessara sömu stjórnvalda. Það eykur jafnræði milli skóla.

Þessi tillaga er vitaskuld sprottin úr stöðu Viðskipta- og hagfræðideilda. Við erum með um 1.400 nemendur, þar af 1.100 í grunnnámi, 250 í

rannsóknatengdu meistaranámi og 50 í M.B.A.-námi. Deildin er á við allra stærstu framhaldsskóla. Í M.B.A.-náminu okkar eru biðlistar þótt skólagjöldin séu 1 og hálf milljón á 2 árum. Deildin á í samkeppni við aðra skóla sem fá sömu greiðslu frá ríkinu og við á hvern nemanda en þessir skólar hafa auk þess heimild til skólagjalda í grunnnámi og framhaldsnámi og sækja nú rannsóknafé í sömu sjóði og Háskóli Íslands. Viðskipta- og hagfræðideild ætlar að vera með gjald sem er um eða innan við helmingur af því sem aðrir skólar taka. Þetta er því ekki ósanngjörn framsetning og íþyngir ekki nemendum okkar. Nemendur hér og aðrir geta ekki látið þessa stöðu annarra skóla sem vind um eyru þjóta. Það væri í hæsta máta ósanngjarnt gagnvart Viðskipta- og hagfræðideild.

Það er staðreynd að nokkrar deildir skólans búa við samkeppni. Sá sem hefur meira fé en aðrir getur boðið hærri laun og betri þjónustu og til lengdar unnið samkeppnina um kennara, nemendur og rannsóknir. Viðskipta- og hagfræðideild hefur mætt þessu með því að bæta þjónustuna, kynna verk sín, efla kennslu og rannsóknir og styrkja innviðina. Þetta er ekki auðvelt þegar samkeppnisáðilar búa við rýmri fjárhag og rýmri reglur. Eins og allir vita hefur Lagadeild einnig lent í þessari stöðu og við sjáum að fólk hefur farið þaðan og ekki er hægt að bregðast við vegna þess að fé vantar. Þannig skekkist samkeppnisstaðan og Háskóli Íslands fer halloka.

Við ættum að nota þessa samþykkt til að skerpa umræðuna um framtíð Háskólans og samskipti hans við stjórnvöld. Skólagjöld í meistaranámi eru aðeins einn hluti þess en að mörgu þarf að hyggja í breyttu skipulagi. Ég vil nefna hér nokkur atriði sem mér finnst að Háskólinn eigi að breyta í skipulagi sínu.

- Skipulag háskóla á að vera fjölbreytt og ráðast af vilja skólanna sjálfra.
- Ekkert skipulagsform er æðra öðru og samkeppni á að ríkja milli háskóla og innan háskóla.
- Ríkisvaldið á að nota sambærilegar aðferðir við fjármögnun skóla á háskólastigi og mismuna þeim ekki.
- Skólar á háskólastigi og háskóladeildir geta verið ríkisskólar eða sjálfseignarstofnanir.
- Háskóli Íslands fái heimild til þess að deildir, einar eða fleiri saman, séu reknar sem sjálfseignarstofnanir.
- Háskóli Íslands verði regnhlífarsamtök sem margar deildir eða skólar, t.d. Háskólinn á Akureyri, Kennaraháskólinn, Bifröst, Háskólinn í Reykjavík o.fl. geta átt aðild að.

- Aðild að „regnhlífinni“ Háskóla Íslands fái einungis þeir skólar sem lúta gæðakerfi skólans og nota rannsóknamatkerfi hans við nýráðningar og stöðuheiti.
- Ríkisvaldið geri samning um kennslu og rannsóknir við einstaka háskóla og háskóladeildir þar sem vægi kennslu og rannsókna getur verið mismunandi þar sem sumir skólar eða deildir leggja megináherslu á kennslu en aðrir á rannsókni.
- Eitt mikilvægasta verkefni Háskóla Íslands sem „regnhlífar“ sé að tryggja sem mesta viðurkenningu erlendis á prófgráðum deilda og skóla.
- Skólar á háskólastigi og háskóladeildir fái almenna heimild til að innheimta skólagjöld í meistaranámi ef æðsta stofnun viðkomandi einingar samþykkir slíkt.

Þessar hugmyndir eru ekki allar nýjar en ég tel brýnt að Háskólinn bregðist við breyttum aðstæðum og auki sveigjanleika. Samþykkt Viðskipta- og hagfræðideildar um að óska eftir heimild til deildarinnar að leggja á skólagjöld í meistaranámi er liður í því að bregðast við breyttum aðstæðum. Við eigum að nota þetta tilefni og taka veturnum í gagngera umræðu um róttækar breytingar á skipulagi skólans. Við höfum enga ástæðu til að efast um að löggjafinn veiti okkur ekki það svigrúm sem við óskum sjálf eftir.

Ég nefndi að við munum ekki leggja fram tillögu á þessum háskólafundi og það er einnig í fullu samráði við rektor. Ástæðan er sú að deildin vill ræða þetta mál á þessum vettvangi enda nauðsynlegur aðdragandi ef lögum verður breytt. Ég vil freista þess að ná fram tvennu í þessari umræðu. Hið fyrra er að ná fram skilningi og vonandi samstöðu um það að hægt sé að greina á milli grunnnáms og framhaldsnáms í umræðunni um skólagjöld. Sumir er á móti skólagjöldum á báðum skólastigum, aðrir styðja skólagjöld á báðum stigum en enn aðrir, eins og ég, styðja skólagjöld í meistaranámi en hafa efasemdir um þau í grunnnámi. Viðskipta- og hagfræðideild tók hins vegar ekki afstöðu til skólagjalda í grunnnámi.

Hitt atriðið sem ég vil ná fram með umræðunni er að ég óska eftir skilningi og vonandi samstöðu um það að deildir Háskólans ákveði sjálfar, að fengnu samþykki háskólaráðs, hvort þær innheimta skólagjöld fái skólinn heimild til slíkrar innheimtu. Ég tel að deildir búi við ólíkar aðstæður í þessu máli. Ef deild kemst að því að hún vilji taka skólagjöld á hún að geta það að fengnu samþykki háskólaráðs. Slík gjaldtaka hefur ekki áhrif á aðrar deildir og þetta er sambærilegt við það þegar deildir óska eftir breytingum á reglum sínum.

Viðskipta- og hagfræðideild er þriðja stærsta deild skólans, mælt í ársverkum nemenda, á eftir Félagsvísindadeild og Heimspekideild. Við erum með flesta nemendur á hvern kennara af deildum skólans. Við erum með næstminnstan kostnað á hvern nemanda af deildum skólans. Við erum nær eina deild skólans sem síðari ár hefur haldið sig vel innan fjárheimilda.

Við getum þetta ekki lengur í því samkeppnisumhverfi sem við erum í nema við styrkjum stöðu okkar á tilteknum sviðum. Við viljum gera það á rannsóknasviðinu með því að efla og bæta framhaldsnámið. Þar mun sérstaða okkar verða í framtíðinni þótt við hvorki viljum né munum slá slöku við í grunnnáminu. Þess vegna biðjum við ykkur hér um skilning á stöðu okkar þegar við viljum bregðast við aukinni samkeppni og skólagjöldum annarra skóla á háskólastigi.

Menning og tónlist í hagkerfinu¹

Tónlist er hluti listsköpunar og listsköpun er hluti menningar. Menning lýsir, skapar, varðveitir og miðlar tilfinningum og umhverfi mannlegs samfélags. Menning er að miklu leyti almannagæði og hún hefur jákvæð ytri áhrif. Menningarstofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, skilgreinir níu flokka menningar til að geta flokkað og skráð hana. Það eru menjar, eins og fornminjar, prentað efni og bókmenntir, tónlist, leiklist og tengdar listgreinar. Starfsemi hljóðvarps og sjónvarps tilheyrir menningu, svo og íþróttir, útvíst og málefni umhverfis og náttúru. Til menningar telst einnig allt það starf sem kemur menningu á framfæri og miðlar henni.

Hagræn áhrif menningar

Í töflu 1 er framlag menningar sýnt í samanburði við aðrar atvinnugreinar fyrir árið 2003.

Atvinnuvegir	Hlutfallslegt framlag til landsframleiðslu (%)
Verslun, veitinga- og hótélrekstur	11,7
Fiskveiðar og fiskvinnsla	9,6
Byggingastarfsemi	9,3
Samgöngur	7,7
Menning	4,0
Rafmagns-, hita- og vatnsveitur	3,4
Landbúnaður	1,4
Ál- og kísiljárnsframleiðsla	1,3

Tafla 1: *Hlutfallslegt framlag atvinnuvega til landsframleiðslu árið 2003*

Það er athyglisvert hvað menningin er stór þáttur í hagkerfi okkar og skilar miklu til verðmætasköpunarinnar, eða 4%, sem er þrefalt meira en landbúnaður, sbr. töflu 1.

Heilbrigðis- og félagsþjónusta, svo og verslun og viðgerðir, eru langfölmennustu atvinnugreinarnar hérlendis með um 12% af vinnumarkaðinum

¹ Hagmál, 44. árg. 2005.


hvor atvinnugrein. Fjármálaþjónusta, sem er vaxandi atvinnugrein, er með 4% hlutdeild af vinnumarkaði. Til menningar teljast 3,5% vinnumarkaðarins eða álíka og fiskiskipaútgerðin.

Innan menningar eru lítil og meðalstór fyrirtæki algengust. Um 80% af fyrirtækjum í menningargeiranum eru með frá einum upp í fimm starfsmenn. Einungis 15% fyrirtækja sem starfa innan menningar eru með frá fimm til tuttugu starfsmenn.

Hið opinbera tekur virkan þátt í menningarstarfsemi hérlendis. Opinber menningarútgjöld hafa aukist úr 6 milljörðum frá árinu 1990 í 21 milljarð árið 2001 á sambærilegu verðlagi og opinber menningarútgjöld sem hlutfall af heildarútgjöldum hins opinbera hafa aukist úr 4% í 6% frá árinu 1990 til ársins 2001. Jafnframt hafa opinber menningarútgjöld sem hlutfall af vergri landsframleiðslu vaxið úr 1,4% árið 1990 í 2,6% árið 2001.

Skapandi atvinnugreinar

Tónlistariðnaðurinn er svokölluð skapandi atvinnugrein („creative industry“). Sköpun er jákvæður þáttur í hagkerfinu. Rannsóknir á sköpun fóru í fyrstu fram innan félagsfræði og sálfræði. Núna er mikið fjallað um umhverfi sköpunar. Skapandi einstaklingar tengjast m.a. uppeldisaðstæðum, lífsreynslu eða skapgerðareinkennum. Umhverfisáhrif skipta verulegu máli, vegna þess að aðilar eins og stjórnendur og stjórnálamenn geta breytt umhverfinu.



Mynd 1: *Umgjörð sköpunar* (líkan Csikszentmihalyis)

Með sköpun er átt við nýjungar, þótt þær þurfi ekki að fela í sér nýjungar fyrir alla, heldur getur verið um nýjung fyrir viðkomandi einstakling að ræða. Þetta snýr ekki eingöngu að listsköpun heldur er hugtakið mun víðara. Hægt er að tengja saman þrjú meginhugtök, þ.e. menningu, bakgrunn einstaklinga og samfélag. Sköpun er ferli sem verður til á mörkum þessara þriggja meginþátta, sbr. mynd 1.

Á mynd 1 sést að menning skiptist í menningarkima. Upplýsingar berast til og frá einstaklingum. Bakgrunnur, eins og tónlistarmenntun, skiptir miklu máli. Samfélagið skiptist í margs konar vettvang þar sem framleiðsla, sem sköpun nýjunga, flæðir frá einum vettvangi yfir á annan.

Sköpun, og þar með tónlistariðnaður, er starfsemi í tiltekinni umgjörð menningar. Ef gert er ráð fyrir að samfélagið verði að viðurkenna nýjungina, þá þarf áheyrendur eða áhorfendur, eins og er algengast í tónlist. Sköpun nær oft yfir langt tímabil, jafnvel mörg ár. Einstaklingurinn hefur meginfrumkvæðið en ekki hópurinn. Þó skiptir hópur miklu máli í sköpun, eins og í vísindastörfum þar sem margir vinna að sömu hugmynd. Sú hugsun að greina sköpun út frá þremur meginþáttum, sbr. mynd 1, snýst um samskipti einstaklinga við aðra. Þessi samskipti móta umgjörð sem örvar sköpun, sem aftur hefur jákvæð hagræn áhrif. Tónlist fellur vel að þessari greiningu.


Sköpun gerist oft í klösum, þar sem margir einstaklingar koma fram á sama tíma og breytingar eiga sér stað. Mikilvægt við sköpun er að einstaklingar eigi aðgang að frjóu umhverfi, t.d. að fleiri vinni að sambærilegum störfum eins og algengt er þar sem fólk vinnur að vísindarannsóknum innan háskóla. Við sköpun þarf áheyrendur eða áhorfendur til að hún hafi eitthvert gildi nema hún sé hluti í þroskaferli einstaklings.

Í Bandaríkjunum, þar sem mest hefur verið fjallað um skapandi atvinnugreinar, er unnið út frá atvinnugreinum eða starfsstéttum. Þá eru tvöns konar sjónarhorn uppi. Annars vegar er litið til afurða þeirra atvinnugreina þar sem framleiddar eru vörur og þjónusta sem hafa í sér menningarlegt og listrænt gildi eða afþreyingargildi. Afurðir framleiðslunnar eru hér meginatriðið. Til skapandi atvinnugreina út frá þessari skilgreiningu teljast t.d. kvikmyndir, tónlist og bækur.

Á hinn bóginn er hægt að flokka störf einstaklinga eftir því hvort þau falla undir frumframleiðslu, iðnað, þjónustu eða skapandi atvinnugreinar. Hér er þeirri aðferð beitt. Atvinnugreinar sem teljast til skapandi atvinnugreina eru vísindi, kennsla, listgreinar, hönnun, fjölmiðlun, íþróttir, tölvunarfræði, verkfræði, tæknifræði, arkitektúr og stjórnun. Einnig teljast til skapandi

atvinnugreina stjórnunar- eða yfirmannastörf í heilsugæslu, markaðssetningu og fjármálum. Stjórnunarstörf eru hluti af skapandi iðnaði og hátækni þar sem nýjar hugmyndir eru þróaðar. Skapandi atvinnugrein snýst m.a. um miðlun þekkingar þar sem alls konar tengslanet myndast. Skapandi atvinnugrein varðar einnig upplifun og reynslu.

Á mynd 2 sést skipting starfa hérlendis eftir frumframleiðslu, iðnaði, þjónustu og skapandi atvinnugreinum fyrir árin 1990 og 2002 og þessar greinar hérlendis bornar saman við Bandaríkin árið 1999.



Mynd 2: Hlutdeild atvinnugreina á vinnumarkaði hérlendis árin 1990 og 2002 og í Bandaríkjunum árið 1999.

Hlutfall frumvinnslu lækkaði hérlendis úr tæpum 13% árið 1990 í tæp 10% árið 2002. Hlutfall iðnaðar lækkaði úr 33% í 32% á þessum 12 árum og hlutfall þjónustu hækkaði úr 34% hlutfeld upp í 35%. Skapandi atvinnugreinar fóru úr 20% hlutfeld árið 1990 upp í 23% hlutfeld árið 2002. Samsvarandi hlutfall fyrir Bandaríkin árið 1999 var 29%. Árið 1999 var frumvinnsla lítill þáttur á vinnumarkaði í Bandaríkjunum, eða tæp 3%. Iðnaður var þá með 24% hlutfeld og þjónusta, sem er mjög umfangsmikil í bandarísku hagkerfi, var með 44% hlutfeld. Til skapandi atvinnugreina hérlendis telst því tæpur fjórðungur allra starfa, eða um 40.000 störf. Hlutfeld skapandi atvinnugreina fer vaxandi. Þessi nálgun á skiptingu vinnumarkaðar endurspeglar verkaskiptingu í nútímasamfélagum

og lýsir vel þeim miklu breytingum sem hafa átt sér stað undanfarna áratugi.

Tónlistariðnaðurinn

Norrænn tónlistariðnaður er í miklum vexti, bæði hvað varðar starfsmenn og veltu. Stór hluti af verðmætasköpuninni er vegna tengdra atvinnugreina, eins og vegna tónlistarmyndbanda, hugbúnaðar og dreifingar á stafrænu efni. Mörg fyrirtæki fást við verkefni af öllum toga. Tónlistariðnaðurinn á Norðurlöndum er að ganga í gegnum endurskipulagningu. Hann er þó tiltölulega lítill en útflytningur hefur skapað honum sóknarfæri. Svíþjóð er til dæmis þriðji stærsti útflytjandi á tónlist í heiminum. Það er hagkvæmt að koma upp stuðningskerfi fyrir tónlistargeirann. Það væri jafnframt hagkvæmt ef fyrirtæki í tónlistariðnaði hérlendis hefðu góðan aðgang að upplýsingum um möguleika á erlendum mörkuðum, meðal annars hvað varðar menningarlegt umhverfi, viðskiptaleg ráð og skipulagningu.

Undanfarna tvo áratugi hefur útgáfa innlends tónlistarefnis aukist verulega, m.a. á Netinu. Langmest er gefið út af dægurtónlist. Það er einkennandi fyrir markaðinn að mjög margir aðilar gefa aðeins út einn disk. Hinn hluti markaðarins skiptist milli örfárra fyrirtækja. Síðasta áratug hefur söluverðmæti diska staðið í stað. Kvikmynda- og myndbandamarkaðurinn skiptir tónlistariðnaðinn verulegu máli.

Síðustu tvo áratugi hefur hljóðvarpsrásur fylgjað mikið og útsendingartími þeirra sautjánfaldast. Tónlist er mjög umfangsmikil í útsendu efni. Síðastliðin fimmtán ár hafa sjónvarpsútsendingar tvítugfaldast. Tónlist er þar vaxandi þáttur í útsendu efni.

Undanfarin ár hefur tónleikum fylgjað verulega, einkum á landsbyggðinni. Klassískir tónleikar eru langalgengastir. Sinfóníuhljómsveit Íslands skiptir miklu máli í íslensku tónlistarlífi. Síðustu fjóra áratugi hefur tónleikum hennar fylgjað mikið og síðustu fjóra áratugi fylgjaði gestum á tónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar um þriðjung. Starfsemi Íslensku óperunnar skiptir einnig miklu máli í tónlistarlífi landsmanna. Hérlendis er sterk hefð fyrir óperusöng.

Síðustu fjóra áratugi hefur fjöldi tónlistarskóla nær sexfaldast. Þeir eru nú áttatíu í landinu. Nemendur í tónlistarskólum eru nú tólf þúsund og hafa ellefufaldast á þessu tímabili. Skipulag tónlistarskóla hérlendis er sambland af einkaskólum og opinberum rekstri. Þetta skipulag er mjög gott miðað við það sem gerist erlendis. Meginatriði í árangri þessa er hin góða verkaskipting almannavaldsins og einstaklinga við rekstur tónlistarskóla.

Ungmenni sem stunda tónlistarnám neyta mun minna tóbaks og áfengis en jafnaldrar þeirra. Ávinningur vegna þessa er umtalsverður og tónlistarnám hefur mikið forvarnargildi. Mjög mikið tónlistarstarf er innan kirkjustarfsins. Tugir kóra starfa á landinu með þúsundum félaga. Bein og óbein efnahagsleg áhrif kóra eru því umtalsverð.

Stytting náms til stúdentsprófs¹

Ávinningur vegna styttingar náms til stúdentsprófs er að mati nefndar ráðherra um styttingu náms til stúdentsprófs þrenns konar, þ.e. í fyrsta lagi sparnaður fyrir foreldra og nemendur, í öðru lagi almennur þjóðhagslegur ávinningur og í þriðja lagi sparnaður í húsnæði.

Hvað varðar efnahagslegan eða þjóðhagslegan ávinning er rétt að vitna til skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands sem var unnin fyrir Verzlunarmannafélag Reykjavíkur árið 2002. Þar voru skoðaðir þrír möguleikar, þ.e. að byrja einu ári fyrir í grunnskóla en nú er gert, lengja skólaárið í grunnskóla og stytta framhaldsskólann um eitt ár. Mestur þjóðhagslegur ávinningur yrði af því að byrja einu ári fyrir í grunnskóla en nú er gert, eða 78 milljarðar á 50 ára tímabili. Við erum þó ekki að ræða þá leið hér.

Við svona breytingu þurfa fleiri markmið að nást en einungis hagkvæmni. Við verðum að fá betri skóla með breytingunum. Ég styð eindregið að íslenskir nemendur standi jafnöldrum sínum erlendis jafnfætis hvað varðar lok framhaldsskólanáms þeirra. Ég er stuðningsmaður þess að lækka stúdentsprófsaldurinn og málið hefur verið rætt í minni háskóladeild og þar er yfirgnæfandi stuðningur við þessi áform stjórnvalda. Það er þó ekki eins mikill munur á útskriftaraldri og oft er látið vera. Hefðbundinn stúdentsprófsaldur hér er um 19-20 ár miðað við fullt nám. Í öðrum löndum OECD eru 19 ár algengasti aldurinn. Í nokkrum löndum er útskriftaraldur 18 til 19 ár og í nokkuð mörgum löndum er útskriftaraldurinn 18 ár.

Ég vil þó benda hér á ýmsa þætti í þessu sem ég tel vert að skoða. Nú eru yfir 1.000 manns í meistaranámi í Háskóla Íslands. Ásókn í meistaranám er mikil og þar liggur framtíðin. Við verðum að mæta þeirri eftirspurn og byggja upp enn sterkara rannsóknánám hérlendis á alþjóðlegan mælikvarða.

Þó eru nokkrar forsendur sem nefndin gefur sér sem mér finnst alls ekki sjálfsgöðar. Nefndin segir að tillögurnar miði m.a. við það að sem minnstar breytingar verði á árlegum skólatíma. Af hverju? Auðvitað getur svona mikil breyting haft í för með sér verulegar breytingar á vinnutíma. Það er

¹ Ræða á fundi rektors og deildarforseta Háskóla Íslands með skólameisturum framhaldsskóla 27. október 2003 í Hátíðasal Háskóla Íslands.

þó að vísu samningsatriði. Þessir 5 dagar sem skólaárið lengist um er lítil viðbót.

Það gengur eins og rauður þráður í gegnum álitid að fara eigi eins einfalda leið og hægt er og nefndin segir það beinlínis. Af hverju? Auðvitað er einfaldleiki góður en niðurstaðan verður að vera sú hagkvæmasta sem völ er á og það er ekkert sjálfgefið að sú niðurstaða sé einföld í framkvæmd.

Nefndin segir líka að stefna eigi að sambærilegum skólatíma til stúdentsprófs og er í samanburðarlöndum. Af hverju? Það getur vel verið að við viljum hafa styttri eða lengri skólatíma hérlandis. Það kemur fram í skýrslunni að ekki er samband milli skólatíma og námsárangurs. Það er mjög athyglisverð niðurstaða sem ber að ræða sérstaklega.

Nefndin telur ekki æskilegt að stytta sumarvinnutíma nemenda. Af hverju? Það mætti hugsanlega stytta frítímamann yfir sumrið og lengja frí að vetri til eins og gert er víða erlendis. Hið langa sumarfrí nemenda sem miðast við að skólanemendur séu að bjarga verðmætum í sjávarútvegi og landbúnaði er álíka sterk rök og fyrir því að láta starfstíma Alþingis snúast enn um vorverk í sveitum. Þetta eru úrelt viðhorf þótt ég telji það vera gott mál að nemendur stundi einhverja sumarvinnu.

Hins vegar er vinna með námi mikið vandamál á öllum skólastigum. Ég er alveg að gefast upp á þessu í minni deild, Viðskipta- og hagfræðideild, sem og margir aðrir innan Háskólans. Nemendur stunda vinnu samhliða grunnnámi og fara jafnvel í meistaranám með vinnu. Engum dytti í hug að fara í skóla erlendis og vinna með námi. Framhaldsskólanemar vinna samhliða námi og jafnvel nemendur í grunnskóla. Þetta kemur fram í skýrslunni og augljóst er að vinna með námi dregur úr námsárangri. Það kom einnig fram í TIMSS-skýrslunni á sínum tíma. Ég veit ekki hvernig við getum sameinast um að koma nemendum úr vinnu samhliða skólanámi. Ég held að þetta hafi aukist verulega síðustu árin og nú má búast við á þenslutíma á næstu árum að þetta vandamál muni frekar aukast en minnka.

Eitt stærsta vandamálið við skólastarf hérlandis, vandamál sem tengist vissulega styttingu náms til stúdentsprófs, er hversu brottfall úr námi er mikið. Um 2.000 nemendur hætta námi til stúdentsprófs á ári. Þetta er mikill fjöldi. Brottfallið er að hluta til vegna peningavandræða en að sögn nemenda skýrir um þriðjungur nemenda brottthvarf sitt frá námi með þeim. Styttingin dregur úr brottfalli nemenda skv. skýrslunni og þessi rök ein og sér væru ærin rök fyrir því að taka hana upp. Í alþjóðlegum samanburði kemur fram að lægra hlutfall í hverjum árgangi lýkur framhaldsskólanámi hérlandis en erlendis. Brottfall er mikið, einnig í háskólum. Um 30% brottfall

er úr námi til stúdentsprófs og bóknámi og hlutfallið er eins nú og það var fyrir 20 árum. Okkur hefur ekkert miðað áfram í þessum efnunum.

Í Háskólanum er brottfall mjög mikið. Ég nota þá þumalfingursreglu að á haustin koma inn í Viðskipta- og hagfræðideild 450 nýir nemendur, 150 hverfa frá náminu á 1. misseri og af hinum 300 sem fara í próf í desember fellur helmingurinn í erfiðustu prófunum. Einhverjir halda áfram, bæði þeir sem falla og þeir sem hætta við fyrirhuguð próf, en mjög margir hverfa frá háskólanámi. Ég lít hins vegar svo á að það að eyða einu eða tveimur misserum af lífi sínu í háskóla sé afskaplega gott þótt því ljúki ekki með prófi. Allt öðru máli gegnir um framhaldsskólann. Þar lít ég á brottfall hvers einasta nemanda sem skipbrot bæði nemanda, skólans og samfélagsins.

Stóru árgangarnir eru þegar farnir í gegnum skólakerfið og húsnaðisþörfin er ekki mikil í grunnskólum og að hluta ekki heldur í framhaldsskólum miðað við það sem áður var. Húsnaðisþörfin verður aðallega í háskólunum næstu árin og nýbyggingarþörfin minnkar í framhaldsskólum vegna styttingar námsins. Það verður ekki mjög mikið vandamál hér að taka við tvöföldum árgangi árið 2009. Við leysum það einhvern veginn.

Hornreka íslensks skólakerfis, starfsnámið, er lítið skoðað í skýrslunni. Það verður í þessari umræðu að vera sambærilegt öðrum námsbrautum á framhaldsskólastigi. Við vitum öll að ástæðan fyrir vandræðum okkar með starfsnámið er að það er dýrara en bóknámið og fær því hlutfallslega miklu minna fjármagn. Það verður þó að hafa í huga að miklar breytingar hafa orðið í samfélagi okkar og þörfin fyrir hefðbundið starfsnám er minni en var fyrir nokkrum árum og áratugum.

Ég hef aðeins einn mælikvarða á það hvort ég og mitt fólk er að gera vel og það er hvernig nemendum mínum gengur í framhaldsnámi erlendis. Við heyrum undantekningarlaust frá nemendum okkar og kennurum erlendis að nemendur okkar séu góðir, vel undirbúnir og þeim sækist námið þar vel. Þetta gildir ekki um framhaldsskóla hérlendis, þvert á móti. Ein af ástæðum fyrir því að ég styð samræmd stúdentspróf er að með því fæst sambærilegur mælikvarði milli skóla eins og hefur tekist með samræmdu prófin í grunnskólum.

Það er mikill munur á undirbúningi þeirra nemenda sem fara í háskóla eftir því úr hvaða framhaldsskóla þeir koma. Sumir nemendur þurfa að læra menntaskólanámsefni upp á nýtt á 1. ári í háskóla, t.d. í stærðfræði, og ég þekki sjálfur mörg dæmi um það. Ég hef miklar áhyggjur af því að margir smærri framhaldsskólar hafi ekki bolmagn til að kenna nemendum það sem þarf til. Allir vita að það er munur á háskólum hérlendis og erlendis

en auðvitað er líka munur á framhaldsskólum þótt yfirleitt sé slík umræða feimnismál eins og margt annað í samfélagi okkar.

Ég nefndi í upphafi að með styttingunni yrði að bæta skólana og námið sem slíkt. Það veitir ekki af því í framhaldsskólum ef við lítum til þess hvaða efnivið við fáum í háskóla. Ég segi stundum í hálfkæringi að nemendur kunni hvorki að lesa, reikna eða tala þegar þau koma til okkar. Í Viðskipta- og hagfræðideild erum við með sérstakt undirbúningsnámskeið á hverju hausti í stærðfræði þar sem er kennd menntaskólastærðfræði til þess að nemendur falli ekki eins mikið í stærðfræðigreinum og þeir gerðu ella. Eftir áramót verður haldið í fyrsta skipti sams konar námskeið í upplýsingatækni til að kenna nemendum grunnatriði í tölvuvinnslu. Við erum einnig með sérstök námskeið í grunnnámi til að auka færni nemenda í munnlegri og skriflegri tjáningu.

Við höfum fengið íslenskufræðinga til að fara yfir ritgerðir nemenda í fleiri námskeiðum til að þau læri að skrifa skýrari ritgerðir. Viðskipta- og hagfræðideild hefur m.a. fengið Jón S. Guðmundsson, fyrrverandi íslenskukennara í MR, til að fara yfir ritgerðir hjá nemendum okkar. Margt af þessu gerum við vegna þess að margir nemendur koma illa undirbúnir. Mér líkar ekki að kenna hér hluti sem ég tel að kenna eigi í framhaldsskólum. Ég orða þetta harkalega en ég vil líka fá umræðu um þessi mál.

Við viljum að nemendur kunni góða íslensku í ræðu og riti og góða stærðfræði til að hefja nám hjá okkur, auk þess að kunna vel á tölvur og geta vel lesið og talað ensku. Það er helst enskukunnáttan sem er í lagi. Stystum tíma er varið hérlendis í móðurmálskennslu, ensku og stærðfræði miðað við önnur Norðurlönd samkvæmt skýrslunni en þó eru ekki samræmdar upplýsingar þar um. Við erum með mikið val í framhaldsskólum hér miðað við önnur lönd. Erum við með of mikið val? Hugsanlega. Ég hef líka velt því fyrir mér hvort við séum með of mikið val í grunnnámi hér í háskólanum. Framhaldsskólar eiga að mínu mati, m.a. að búa nemendur undir háskólanám, en ekki að kenna þeim þau fræði sem byrjað er á að kenna þeim í háskólum. Við höfum lítið með það að gera.

PISA-könnunin sýndi að læsi í stærðfræði og náttúrufræði hérlendis er allgott. TIMSS-könnunin á sínum tíma kom illa út fyrir grunnskólann. Þar vorum við í 26. sæti af 29 þjóðum í 4. bekk og svipuðu sæti í 8. bekk. Framhaldsskólinn kom betur út úr TIMSS-könnuninni en grunnskólinn.

Vitaskuld snýst þetta um peninga að miklu leyti. Við í Háskólanum fáum ekki það fé sem við höfum samið um við ríkið vegna þess að nemendum fjölgar meira en ríkið vill greiða fyrir. Framhaldsskólar berjast líka við

fjárskort og það þarf ekki að segja í þessum sal að megnið af tíma okkar allra fer í fjárhagsáhyggjur. Það er vitanlega óviðunandi þegar staðan ætti þvert á móti að vera sú að við skoðuðum fremur hvernig við bætum skólastarf og hvort og hvernig stytting náms til stúdentsprófs geti orðið liður í því. Það er vont að vera með þessa umræðu í fjötrum takmarkaðra fjárveitinga.

Stefnumörkun stjórnvalda er óljós og birtist okkur á háskólastiginu í því hvar ríkið vill að rannsóknir verði byggðar upp. Samkeppni í kennslu er vita-skuld góð á háskólastigi, eins og annars staðar. Margir háskólar geta stundað grunnnámskennslu en ætlum við að reyna að byggja upp rannsóknaháskóla víða? Það kostar gífurlegt fé, sérstaklega ef hugsað er til raungreina. Menn verða að hugsa fram í tímann og gæta að heildarhagsmunum án þess þó að þrengja að sköpunargáfu og rannsóknarvilja allra háskólakennara hérlendis. Þetta liggur þungt á okkur í Háskólanum því að við vitum að hver króna sem er varið í óhagkvæman rekstur er tekin frá öðrum innan sama skólastigs. Það sama á við framhaldsskólastigið. Vitlaus útgjöld á einum stað koma niður á öllum.

Í skýrslunni er varpað fram nokkrum hugmyndum en þeim er ýtt umsvifalaust til hliðar. Í skýrslunni er sagt að grunnskóli gæti hafist fyrr en nú. Af hverju er því ekki hrundið í framkvæmd? Þið munið ábatann sem ég nefndi í upphafi um þjóðhagslegan ávinning af þeirri ráðstöfun. Í skýrslunni er sagt að leikskóli gæti hafist fyrr en nú. Af hverju er sú ráðstöfun ekki tekin upp? Í skýrslunni er sagt að lengja megi skólaárið. Af hverju leggur nefndin ekki til að svo verði gert?

Ég hef á tilfinningunni að í skýrslunni sé stytting framhaldsskólans aðallega skoðuð vegna þess að framhaldsskólinn er á forræði ríkisins en grunnskólar séu settir til hliðar vegna þess að þeir eru á forræði sveitarfélaga og það sé ástæðan fyrir því sé þetta ekki skoðað heildstætt. Þetta er ekki góð aðferðafræði þótt ég efast ekki um fullyrðingu nefndarinnar að auðveldara sé að stytta framhaldsskóla en grunnskóla.

Stytting náms til stúdentsprófs er mál allra í samfélaginu þótt það snúi núna mest að framhaldsskólum. Háskóli Íslands vill gera meira en að taka þátt í umræðu um þetta. Honum ber skylda til þess að aðstoða eins vel og hann getur til að bæta skólastarf á fyrri stigum, alveg eins og þið hjálpið okkur að bæta nám á háskólastigi.

Það er ekki hægt að líta á hvert skólastig einangrað frá öðrum. Ef við viljum bæta skólastarf hérlendis verðum við að skoða alla þætti samhliða. Málshátturinn um að engin keðja sé sterkari en veikasti hlekkurinn á mjög vel við íslenskt skólakerfi.

Hugvekja á aðventunni¹

Það er aðeins ein kjölfesta í hverju skipi og aðeins einn hornsteinn í hverri byggingu. Kristnin hefur verið og getur verið þessi kjölfesta í lífi ykkar. Hún er það hjá mörgum en hjá öðrum eru aðrir hornsteinar, ef þá nokkrir.

Auðvitað er hægt að lifa góðu lífi án þess að trú á Guð almáttugan og son hans Jesú Krist. Við erum hætt því að neyða trú okkar upp á annað fólk en sagan segir frá fjölmörgum grimmdarverkum sem voru unnin í nafni trúarinnar sem var notuð sem yfirskín fyrir græðgi og mannvönsku. Yfir 90% af frumbyggjum Suður-Ameríku var útrýmt á örfáum áratugum eftir að hvítir menn komu þangað fyrir rúmum 500 árum. Það var sagt vera Guði til dýrðar en hvergi má sjá réttlætingu á slíkum verkum í orðum frelsarans.

Jesús Kristur kenndi umfram allt fyrirgefningu og umburðarlyndi. Það er trú og lífsviðhorf sem allir geta tileinkað sér. En gerir fólk það? Fyrirgefnið þið það sem er gert á hlut ykkar? Sýnið þið umburðarlyndi þegar ykkur mislíkar eitthvað? Orðræða frelsarans um fyrirgefningu á mjög vel við aðstæður á okkar tímum.

Fyrir 2000 árum, þegar Jesús reikaði um þar sem nú er Palestína og Ísrael en var þá rómverskt landsvæði, er talið að jarðarbúar hafi verið 130 milljónir. Fólksfjölgunin er því gífurleg á okkar tímum og við ráðum ekki við vandamál vegna fæðuöflunar, búsetu, vatns, mengunar og örbrigðar nema við skiljum og beitum hugtökunum um umburðarlyndi og fyrirgefningu. Jesús vildi að við ynnum saman og hann sagði að hvað sem við gerðum hinum minnsta bróður gerðum við honum.

Það er langt frá því að við sinnum okkar minnsta bróður. Af þeim 6 milljörðum manna sem búa nú á jörðinni verða 2 milljarðar að lifa á minna en 2 dollurum á dag, eða 150 krónum. Ég sæi ykkur reyna að lifa á 5.000 krónum á mánuði eins og þriðjungur jarðarbúa verður að gera. Það deyja 10 milljónir barna á hverju ári úr sjúkdómum og veikindum sem hægt væri að koma í veg fyrir. Þetta eru fleiri börn en öll börn sem lifa á Norðurlöndum.

Við erum níunda ríkasta þjóð í heimi hvað snertir þjóðartekjur á mann. Við erum rík en framlag okkar til þróunarmála er hlutfallslega miklu minna en nokkurrar annarrar efnáðrar þjóðar. Við hugsum ekki um okkar minnstu

¹ Hugvekja á fyrsta sunnudegi í aðventu, 30. nóvember 2003, í Seltjarnarneskirkju.

bræður eða systur, hvorki núna né áður. Í þeim efnum erum við Levítinn sem gekk fram hjá rænda manningum sem lá særður í vegkantinum í dæmisögu Jesú.

Þessi miklu vandamál sem blasa við mannkyninu og koma fram í örbirgð, þar sem milljónir manna deyja úr hungri á hverju ári, leysast ekki nema við eigum kjölfestu í viðhorfum og sterkan siðferðilegan grunn og hugmyndafræði. Afturhvarf til trúar getur því verið vegvísir fyrir einstaklega óvissa framtíð sem einkennist af meiri breytingum en við höfum áður séð í sögu mannkyns.

Sumir halda að kristin trú felist fyrst og fremst í trú á hið almáttuga en kristin trú er miklu meira. Hún tekur afstöðu til líðandi stundar. Kristur tók stöðugt afstöðu gegn ranglæti í sínu nánasta umhverfi og gerði úr þeirri afstöðu algildan siðaboðskap. Jesús rak víxlarana út úr musterinu þegar honum ofbauð kaupmennska þeirra á helgum stað. Þar tók hann heldur betur afstöðu til málefna líðandi stundar. Við getum tekið afstöðu sem byggir á hugtökum trúarinnar og við eigum að hafa uppi þær tilvísanir.

Dauðasyndirnar eru sjö talsins og ein þeirra er græðgi. Ráðamenn í fjármálafyrirtækjum hérlandis hafa nýlega fallið fyrir þeirri synd og hún á ekki að líðast frekar en aðrar syndir. Meðal syndanna sjö eru reiði, öfund og hroki. Erum við ekki öll sek um slíkt endrum og eins? Gleymum ekki því að sá ykkar sem syndlaus er skal kasta fyrsta steininum.

Hinn mikli guðfræðingur Tómas frá Aquino lagði áherslu á að dauðasyndirnar ætti ekki að skilja bókstaflega á þann veg að þær leiddu til dauða heldur til slæmrar hegðunar og eftirbreytni. Frelsið, sem við viljum að umleiki allar athafnir mannsins, byggist á aðhaldi með opinni umræðu og gagnsæi. Frelsinu fylgir mikil ábyrgð einstaklinga, miklu meiri ábyrgð en ef fólk býr við einræði og kúgun.

Boðskapur Jesú um fyrirgefningu og umburðarlyndi kemur alls staðar fram hjá honum. Ég átti þess kost í sumar að ferðast um Ísrael. Það er ógleymanlegt að koma til Kapernaum þar sem Jesús dvaldi. Þar eru enn rústir af húsi fiskimannsins Símonar sem seinna varð Pétur postuli. Ég stóð á hæðinni þar sem Jesús flutti fjallræðuna. Það er ekki fjall heldur smáhæð rétt utan við bæinn. Þar kenndi Jesús Faðir vorið og sæluboðorðin. Enn er stundaður veiðiskapur í Galíleuvatni og vel er hægt að sjá fyrir sér hvernig Jesús og lærisveinar hans fóru milli þorpa en svæðið allt er ekki stærra en Árnessýsla.

Í Faðir vorinu biðjum um fyrirgefningu Guðs um leið og við eigum að fyrirgefa vorum skuldunautum. Gerum við það alltaf? Við eigum á

aðventunni að hugsa til þess hvað við getum gert í okkar næsta nágrenni til að lifa eftir hinum einfalda en sterka boðskap Jesú. Sælir eru miskunnsamir því að þeim mun miskunnað verða.

Maðurinn gegnir tvíþættu hlutverki á jörðinni, hinu veraldlega og hinu andlega. Páll postuli segir í fyrra Korintubrési sínu: „En hið andlega kemur ekki fyrst, heldur hið jarðneska, því næst hið andlega. Hinn fyrsti maður er frá jörðu, jarðneskur, hinn annar maður er frá himni. Eins og hinn jarðneski var, þannig eru og hinir jarðnesku og eins og hinn himneski, þannig eru og hinir himnesku. Og eins og vér höfum borið mynd hins jarðneska, munum vér einnig bera mynd hins himneska.“ Þessi orð Páls sýna hvernig við getum og eigum að skilja líf okkar.

Fyrstu málsvarar kristninnar voru allir líflátnir fyrir hugmyndir sínar. Er eitthvað í nútímanum sem okkur finnst vera þess virði að láta lífið fyrir? Þjóð sem hefur ekki barist með vopnum í neinum mæli í tæp 800 ár, eða frá lokum Sturlungaaldar, á erfitt með að sjá hvernig hægt er láta lífið fyrir frelsi þjóða, eins og styrjaldir mannkynssögunnar sýna okkur döpur dæmi um.

Við sjáum að nú fórnar fólk lífi sínu, hinni dýrmætustu allra Guðs gjafa, til að deyða annað fólk með sjálfsmorðsárásum. Stundum er sú fórn sótt í trúarlega réttlætingu en engin trúarbrögð heimila slíkt. Þetta er öfgahyggja, sem er að vísu til í öllum trúarbrögðum, líka í kristninni. Við eigum ekki einungis að varast öfgarnar, heldur verðum við að berjast gegn þeim. Það eru öfgar sem sundra fjölskyldum, kynþáttum og þjóðum. Þótt Jesús Kristur hafi boðað byltingu hugarfarsins var hann ekki öfgamaður, vegna þess að hann lagði alltaf áherslu á kærleikann. Kærleikur þrífst ekki í öfgum, aðeins hatur og harka. Hvað er fyrirgefning og umburðarlyndi annað en kærleikur?

Símon Pétur, sem ólst upp við rætur hæðarinnar þar sem Jesús flutti fjallræðuna, lét lífið fyrir það að boða kristnina öllu fólki. Kristnin er alþjóðahugsun, ef til vill fyrsta alvöru alþjóðahreyfingin sem byggði á öðru en hernaði og yfirgangi. Fólksfjölgunin nú er öll utan hins vestræna heims, utan okkar lands og nágrennalanda. Í fyrirgefningu og umburðarlyndi felst líka að við verðum að auka þekkingu okkar á öðrum þjóðum, á öðrum trúarbrögðum, því að við verðum að skilja aðrar þjóðir.

Hlutverk okkar flestra snýr ekki lengur að sjálfum okkur, heldur að börnum okkar og barnabörnum. „Leyfið börnunum að koma til mín, varnið þeim eigi, því að slíkra er himnaríki“ sagði frelsarinn. Auðvitað verða það börnin okkar og barnabörnin sem glíma við hin miklu vandamál framtíðarinnar en það er okkar að veita þeim þá kjölfestu sem kemur að gagni. Það gerir það enginn fyrir okkur. Börnin eru mörg í heiminum og hvert barn

sem deyr úr hungri annars staðar á jörðinni á að snerta hverja taug í líkama okkar, ekki síst á þeim tíma þegar við fögnum fæðingartíð lítils barns, eins og á aðventunni.

Mig langar til að enda á stuttri stöku sem var valin fyrir þennan dag, 30. nóvember, af þeim manni ég virði mest núlifandi Íslendinga, herra Sigurbirni Einarssyni, biskupi. Stakan er svohljóðandi:

Vaki englar vöggu hjá,
varni skaðanum kalda,
breiði Jesús barnið á
blessun þúsundfalda.

Höfundurinn er ókunnugur en stakan hefur fylgt landsmönnum lengi. Hún á við þennan dag og lýsir vel viðhorfi séra Sigurbjörns. Megi þessi blessun vera okkur leiðarljós á aðventunni.

Stefna í málefnum háskóla¹

Mjög mikið hefur breyst í háskólasamfélaginu síðustu ár. Áhugi á margvíslegu háskólanámi hefur aukist verulega og nýir háskólar hafa bæst við. Fyrir rúmum 20 árum voru 3.500 nemendur í Háskóla Íslands en nú eru þeir um 9.000. Þar af eru 1.200 manns í meistaranámi.

Nýir skólar, eins og Listaháskólinn, Háskólinn í Reykjavík og Viðskiptaháskólinn á Bifröst, hafa blómstrað. Háskólinn á Akureyri, Tækniháskólinn og Kennaraháskólinn hafa einnig vaxið mikið.

Hinum mikla áhuga á háskólanámi má líkja við það að fyrsta háskólagráða, B.A.- eða B.S.-próf, sé sambærileg stúdentsprófi fyrir 20 árum og landsprófi fyrir 40 árum. Við verðum að mæta þessum áhuga ungs fólks á aukinni menntun.

Tryggja þarf fjölbreytni í háskólasamfélaginu

Háskóli Íslands er flaggskip íslenskra háskóla og þar hefur margt breyst en meira þarf til. Skólinn hefur stækkað svo mikið að hann verður að laga sig að breyttum aðstæðum. Stjórnkerfi Háskólans er orðið þunglamalegt og ekki í takt við breytta tíma. Viðskipta- og hagfræðideild er t.d. orðin jafnstór og Háskóli Íslands var allur fyrir rúmum 30 árum.

Háskólastarf á Íslandi á að vera fjölbreytt og einkennast af sveigjanleika og aðlögunarhæfni. Háskólar eru með elstu stofnunum mannsins og í sérhverri þjóð býr mikil þekking á háskólastarfi. Þjóðir laga skipulag háskóla að eigin aðstæðum. Háskólar eru svo gamlir að allar hugmyndir um skipulag og form hafa verið ræddar innan þeirra.

Í Bandaríkjunum þar sem háskólastarf og vísindi standa í mestum blóma í heiminum eru allar tegundir af háskólum, allt frá ríkis- eða fylkisháskólum til hreinræktaðra einkaskóla og allt þar á milli. Það er ekkert eitt líkan til fyrir háskóla.

Meginmálið er að leyfa fjölbreytninni að ráða ferðinni. Frelsi háskóla til að skipuleggja sig og frjálst val nemenda tryggir frelsi vísindanna. Viðskipta- og hagfræðideild fagnar öðrum skólum á háskólastigi sem kenna viðskiptafræði og sú samkeppni hefur gert öllum gott.

¹ Morgunblaðið 26. febrúar 2004.

Sjálfsseignarstofnanir í Háskóla Íslands

Hinar ellefu deildir Háskóla Íslands eru grunneiningar hans. Til að tryggja sveigjanleika og samkeppnishæfi þarf löggjöf að heimila að deildir Háskóla Íslands geti orðið sjálfstæðar sjálfsseignarstofnanir undir regnhlíf Háskóla Íslands.

Form sjálfsseignarstofnunar hentar vel í háskólastarfi. Þetta á þó að vera valkvætt þannig að þær deildir sem ekki vilja slíkt gætu eftir sem áður búið við núverandi skipulag. Þær háskóladeildir sem vilja meira sjálfstæði og taka yfir fleiri verkefni til hagsbóta fyrir nemendur, kennara og fræðasviðið verða að fá tækifæri til þess.

Skólagjöld í meistaranámi

Skynsamlegt er að heimila deildum Háskóla Íslands að taka skólagjöld í meistaranámi eins og Viðskipta- og hagfræðideild hefur óskað eftir. Meistaranám er leið að annarri háskólagráðu og því er eðlismunur á slíku námi og grunnnámi. Rétt er að hafa í huga að skólagjöld eru lánshæf í Lánasjóði íslenskra námsmanna.

Það er ekki hægt að líta á það sem hlutverk almannavaldsins að kosta af skattfé að fullu nám til annarrar háskólagráðu. Allt öðru máli gegnir um fyrstu háskólagráðuna en vel er hægt að sjá það fyrir sér að almannavaldið kosti það nám að mestu leyti af almannafé alveg eins og gert fyrir nám í grunn- og framhaldsskólum. Mikilvægt er að átta sig á því að einn mánuður í leikskóla, sem er fyrsta skólastigið, kostar jafnmikið og eitt ár í Háskóla Íslands.

Aðrir háskólar eiga að fá rannsóknafé

Nú eru vísindi orðin miklu stærri atvinnuvegur en áður. Vísindi eru hluti af skapandi hugsun en skapandi hugsun er einnig aðalsmerki lista. Til skapandi atvinnugreina telst orðið um þriðjungur af störfum í Bandaríkjunum og þetta er þróun sem við eigum að fylgja af fullum krafti.

Blómlegt starf Listaháskóla Íslands er dæmi um þetta en hann er sjálfsseignarstofnun á háskólastigi og vegnar vel. Nú starfa tugir einstaklinga í Reykjavíkurakademíunni sem vinna að rannsóknum af margvíslegum toga. Þetta var ekki veruleikinn fyrir 10 árum.

Við eigum að styrkja rannsóknir, m.a. í nýju háskólunum. Þeir verða að fá meiri aðgang að rannsóknafé og það verður að stórauka framlög í samkeppnissjóði. Hugmyndin um að vísindamenn keppi um rannsóknafé er að mörgu leyti góð en hún er marklaus nema fé til sjóðanna sé aukið verulega.

Háskóli Íslands hefur skyldur sem þjóðskóli

Háskólinn notar líkan til að endurútdeila fé milli deilda Háskólans, svokallað deililíkan. Þessa aðferð á að leggja af og deildir eiga að fá það fé sem ríkisvaldið veitir til þeirra beint.

Háskóli Íslands hefur skyldum að gegna sem þjóðskóli og fjárveitinga-valdið á að koma til móts við þær skyldur með því að fjármagna sérstaklega vísindagreinir sem tengjast þjóðerni okkar í meira mæli en aðrar. Þannig á að fjármagna bókmenntafræði- og málvísindaskor, íslenskuskor, sagnfræðiskor, jarð- og landfræðiskor og guðfræðideild sérstaklega á fjárlögum en ekki af almennu rekstrarfé Háskóla Íslands. Þessar vísindagreinir eru svo stór þáttur af þjóðarafi okkar að þær á að taka út fyrir sviga á fjármögnun.

Háskóli Íslands á að vera regnhlíf fyrir alla háskóla hérlendis

Vitanlega byggjum við ekki upp marga rannsóknaháskóla en það er hægt að tengja skólana betur saman. Háskóli Íslands á að vera regnhlífsamtök fyrir alla háskóla á Íslandi. Sumir háskólar leggja áherslu á rannsóknir og framhaldsnám, aðrir á starfstengda menntun og enn aðrir á listsköpun og atvinnutengd fræði eins og landbúnaðarháskólarnir. Allir skólarnir ættu að vera aðilar að slíkum regnhlífsamtökum. Undir þeirri regnhlíf geta verið skólar með fjölbreytt rekstrarform, sumir geta keppt innbyrðis en aðrir unnið saman. Slíkar „regnhlífar“ eru algengar erlendis.

„Regnhlífin“ Háskóli Íslands myndi vinna að því að auka vægi íslensks háskólaprófs erlendis, starfa að gæðamálum, efla nemendaskipti, styðja við góða nemendur í námi og koma rannsóknum á framfæri hérlendis og erlendis.

Samkeppni er góð, einnig meðal háskóla, enda hefur Háskóli Íslands keppt við erlenda skóla í tæpa öld. Samvinna er þó einnig 300.000 manna þjóð lífsnauðsynleg og slík samvinna á háskólastiginu er öllum til framdráttar, ekki hvað síst nemendum, kennurum og stjórnvöldum.

Aukin menntun er eins og útfærsla landhelginnar

Enn vantar fé til háskólastigsins til að við stöndum jafnfætis næstu þjóðum. Við eigum að setja okkur töluleg markmið í þeim efnum samhliða því að auka sjálfstæði deilda Háskólans og veita öðrum skólum á háskólastigi góðan aðgang að rannsóknafé.

Sókn í menntamálum má líkja við útfærslu landhelginnar á síðustu öld. Aukin menntun er hin nýja landhelgi okkar og við stöndumst ekki í heimi framtíðarinnar nema við höfum aðgang að vel menntuðu fólki alveg eins og við hefðum ekki getað byggt upp okkar góða samfélag nema að öðlast full yfirráð yfir auðlindum hafsins.

Tryggjum starfsemi tónlistarskóla¹

Fréttir hafa borist af því að Tónlistarskóli Félags íslenskra hljómlistarmanna hafi orðið að segja tugum tónlistarnemenda upp skólavist vegna þess að ríki og sveitarfélög hafa ekki gengið frá samningum um fjármögnun þessa náms. Sama máli gegnir um fjölda annarra tónlistarskóla. Þetta er algerlega óviðunandi.

Tónlistarskólar gegna lykilhlutverki í því að halda hér uppi blómlegu tónlistarlífi sem skilar vellíðan og velmegun. Tónlistargeirinn er öflug atvinnugrein hérlendis og umsvif í menningu er á við stærstu atvinnuvegi okkar. Verðmætasköpunin er því mjög mikil í tónlistinni auk annarra verðmæta sem hún skapar fyrir hvern og einn og er ekki mæld í peningum. Ekki má heldur gleyma hinu mikilvæga forvarnarhlutverki tónlistarnáms. Við verðum að hlúa að starfi tónlistarskóla því það tók tæpa öld að byggja þá upp en það tekur einungis nokkur ár að rífa þá niður.

Við höfum skyldur gagnvart nemendum, foreldrum, tónlistarkennurum og öllum öðrum í samfélaginu að tryggja öflugt tónlistarlíf hérlendis. Kjörnum fulltrúum okkar í ríkisstjórn, á Alþingi og í sveitastjórnnum ber að lagfæra þetta ástand strax. Annars sinna þeir ekki skyldum sínum.

¹ Morgunblaðið 10. janúar 2006.

NAFNASKRÁ

A Á

Adenauer, Konrad, 292
Albert Guðmundsson, 82, 87
Alexander mikli, 403
Allende, Salvador, 63
Atatürk, Kemal 80
Auður Auðuns, 39, 259
Ágústínus kirkjufaðir, 91
Árni Gunnarsson, 264, 267
Ásgeir Daníelsson, 27
Ásta R. Jóhannesdóttir, 277, 310, 321,
329, 360

B

Benedikt Gröndal, 83, 264
bin Laden, Osama, 116, 122, 129
Bjarni Benediktsson, 109
Bjartur í Sumarhúsum, 216
Björk Guðmundsdóttir, 416, 417
Björn Bjarnason, 56, 83, 184, 189, 202
Björn Sigurðsson, 404
Blair, Tony, 88, 160, 175
Brandt, Willy, 153, 154, 292
Bratton, Bill, 254
Bryndís Hlöðversdóttir, 258, 329, 337

C

Chirac, Jacques, 133
Clinton, Bill, 160
Csikszentimihalyi, Mihaly, 440

D

da Vinci, Leonardo, 402
Davíð Oddsson, 29, 33, 34, 35, 36, 38,
39, 53, 55, 62, 66, 82, 86, 105, 156,
161, 162, 164, 174, 184, 186, 188,
189, 190, 232, 234, 241, 249, 251,
256, 257, 258, 319, 406, 429

de Gaulle, Charles, 220, 292
Delors, Jacques, 212, 293

E

Einar Ágústsson, 158
Einar Oddur Kristjánsson, 22, 193
Einar Már Sigurðarson, 337
Einar Sigurðsson, 153, 371
Ellemann-Jensen, Uffe, 215
Ellert Eiríksson, 190
Eysteinn Jónsson, 109

F

Fatíma, 133
Finnur Ingólfsson, 86, 87
Finnur Torfi Stefánsson, 416
Finsen, Niels, 404
Fischler, Franz, 210, 211
Friðrik Friðriksson, 61
Friðrik Sophusson, 61, 72, 82, 86, 105,
127, 257
Friedman, Milton, 369

G

Geir H. Haarde, 82, 83, 96, 184
Giddens, Anthony, 175
Giscard d'Estaing, Valéry, 220
Gísli S. Einarsson, 101, 277, 281, 283,
310, 321, 335
Guðlaugur Þorvaldsson, 422
Guðmundur Bjarnason, 72
Guðmundur J. Guðmundsson, 22
Guðmundur Árni Stefánsson, 277, 310,
328
Guðmundur G. Þórarinsson, 267
Guðmundur Magnússon, 422
Guðni Ágústsson, 92, 96, 124, 173

Guðný Guðbjörnsdóttir, 329
 Guðrún Ósvífurisdóttir, 159
 Guðrún Ögmundsdóttir, 337, 357, 360
 Gunnar Hámundarson, 159
 Gunnar B. Pétursson, 264
 Gunnar Thoroddsen, 167
 Gylfi P. Gíslason, 422

H

Hades, 401
 Haider, Jörg, 133
 Halldór Ásgrímsson, 36, 78, 82, 124,
 157, 168, 184, 193, 202, 241, 256, 257
 Halldór Kiljan Laxness, 404, 416
 Hallgerður Höskuldsdóttir, 159
 Hallgrímur Pétursson, 402
 Hamlet, 47
 Hannes Hólmsteinn Gissurarson, 61
 Helgi Gunnlaugsson, 336
 Hilmar Gunnlaugsson, 353
 Hjörleifur Guttormsson, 58, 144, 156
 Hóras, 47

I

Indriði Einarsson, 422
 Inga Jóna Þórðardóttir, 189
 Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 151, 152,
 157, 172, 178, 189, 190
 Ingibjörg Pálmadóttir, 96
 Ingimundur Sveinsson, 430
 Ingveldur Einaradóttir, 336
 Ingvi Þorsteinsson, 54

J

Jakob Sigurðsson, 404
 Jesús Kristur, 44, 45, 68, 69, 150, 402,
 450, 451, 452, 453
 Jospin, Lionel, 88, 160
 Jóhanna Sigurðardóttir, 157, 264, 277,
 310, 321, 328
 Jóhannes Nordal, 98
 Jón S. Guðmundsson, 448
 Jón Ormur Halldórsson, 243
 Jón Baldvin Hannibalsson, 82, 106, 115,

145, 151, 152, 157, 178, 202, 258,
 277, 283, 289, 292, 310, 318, 321
 Jón Helgason, 408, 409
 Jón Hákon Magnússon, 416
 Jón Sigurðsson forseti, 422
 Jón Sigurðsson, 87
 Jörundur Guðmundsson, 336

K

Karl Th. Birgisson, 141
 Karl Steinar Guðnason, 270
 Karl Sigurbjörnsson, 85, 406
 Karon, 401
 Karvel Pálmason, 264
 Cassandra, 113
 Kári Stefánsson, 59, 404, 429
 Kennedy, John F., 129
 King, Martin Luther, 402
 Kjartan Gunnarsson, 38
 Kohl, Helmut, 160, 292
 Kolbrún Bergþórsdóttir, 153, 172, 180,
 186, 191
 Kólumbus, Kristófer, 68
 Kristín Ástgeirsdóttir, 318
 Kristinn Briem, 371
 Kristinn H. Gunnarsson, 96, 162
 Kristján Ragnarsson, 29, 235, 242

L

Le Pen, Jean-Marie, 133
 Leibniz, Gottfried, 403
 Leifur Eiríksson, 416
 Lúðvík Bergvinsson, 277, 283, 302,
 310, 321

M

Magnús Z. Sigurðsson, 404
 Margrét Frímannsdóttir, 145, 329, 348
 Markús Örn Antonsson, 61
 Matthías Bjarnason, 267
 Mitterrand, François, 292
 Monnet, Jean, 223, 292
 Mozart, Wolfgang Amadeus, 403
 Münchhausen barón, 126

N

Napóleon Bonaparte, 227

Ó

Ólafur G. Einarsson, 72

Ólafur Ragnar Grímsson, 28, 178, 188,
202, 257, 411

Ólafur Björnsson, 422

Ólafur Jóhannesson, 82

Ómar Ragnarsson, 400

P

Páll postuli, 406, 452

Páll Skúlason, 243

Páll Kr. Pálsson, 61

Petrína Baldursdóttir, 321

Pétur postuli, 451, 452

Pílatus, Pontíus, 402

Pinochet, Augusto, 63

Prímus, 113

R

Ragnar Árnason, 26, 27, 422

Ragnhildur Helgadóttir, 39, 258

Rannveig Guðmundsdóttir, 277, 310,
321, 337

Reagan, Ronald, 109, 160

S

Saddam, Hussein, 80

Schmidt, Helmut, 220, 292

Schröder, Gerhard, 78, 88, 160

Schuman, Robert, 223, 292

Shakespeare, William, 47, 403

Sighvatur Björgvinsson, 82, 86, 241,
277, 283, 292, 310, 321, 337

Sigurbjörn Einarsson, 406, 453

Sigurður Nordal, 406

Sigurður T. Magnússon, 336

Sigurgeir Sigurðsson, 190

Snorri Sturluson, 416

Sókrates, 402

Sólveig Pétursdóttir, 90, 96

Stefán Ólafsson, 64

Stefán Svavarsson, 300

Steingrímur Hermannsson, 72, 82, 86,
149

Steingrímur J. Sigfússon, 26, 27, 28,
58, 72, 78, 86, 149, 156, 168, 186,
193, 318

Steingrímur Ari Arason, 61

Svanfríður Jónasdóttir, 273, 277, 281,
283, 302, 310, 321, 329, 337, 357

Svavar Gestsson, 82, 156, 202, 241,
250, 264, 329

T

Thatcher, Margaret, 109, 160

Tító, Josip Broz, 84

Tómas frá Aquino, 451

Tómas Orri Ragnarsson, 422

Tryggvi Felixson, 67

Tryggvi Þór Herbertsson, 425

Tryggvi Þórhallsson, 434

V

Valgerður Bjarnadóttir, 155

Valgerður Sverrisdóttir, 96

Vigdís Finnbogadóttir, 367, 411

Vilhjálmur Egilsson, 298, 363

Vilmundur Gylfason, 88, 93, 111, 141,
154, 155, 231, 264, 372

Þ

Þorgeir Ljósvefningagoði, 406

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, 103

Þorsteinn Pálsson, 29, 33, 35, 38, 72,
82, 86, 232, 257

Þorsteinn Gylfason, 74

Þorvaldur Garðar Kristjánsson, 265

Þorvaldur Gylfason, 422

Þórarinn Viðar Þórarinsson, 36

Þráinn Eggertsson, 422

Ö

Öcalan, Abdullah, 80

Ögmundur Jónasson, 58, 186, 193

Össur Skarphéðinsson, 108, 179, 185,
186, 192, 277, 289, 310, 321, 329,
337, 348, 357, 360

ATRIÐISORÐASKRÁ

A

Aðgerðahópur aldraða, 319, 362
aðventa, 450, 452, 453
aflahlutdeild, 281
aflamark, 281, 282, 283, 288, 311
aflamarkskerfi, 74, 284, 285
A-flokkarnir, 144, 146, 152, 155, 156, 162
almannæign, 35
almannahagsmunir, 40, 67, 103, 164, 185, 242, 250, 255, 257, 339, 410
almannatryggingar, 24, 181, 249, 250, 257, 318, 319, 320, 321, 322, 323, 339, 360, 361
almannavarnanefnd, 331, 334
almannavarnaráð, 331, 332, 334
almannavarnir, 331, 332, 334
Alþingi, 19, 20, 21, 31, 52, 55, 66, 88, 92, 93, 101, 105, 111, 128, 136, 137, 147, 152, 175, 178, 201, 236, 242, 246, 249, 253, 254, 258, 261, 263, 264, 265, 266, 267, 270, 273, 277, 279, 281, 282, 283, 289, 291, 292, 298, 302, 310, 321, 322, 329, 330, 336, 337, 338, 343, 350, 360, 362, 383, 384, 388, 396, 407, 411, 422, 446, 457
alþjóðavæðing, 44, 51, 133, 202, 203, 347, 367, 411, 412, 414, 421
Alþýðubandalagið, 28, 32, 58, 74, 78, 83, 141, 142, 143, 144, 145, 152, 160, 166, 167, 168, 172, 176, 241, 242, 249, 250, 258, 362
Alþýðublaðið, 2, 5, 151, 229, 231, 233, 234, 235, 236, 237, 239, 240, 241, 243, 245, 246, 247, 249, 250, 251, 252, 253, 255, 257

Alþýðuflokkurinn, 58, 61, 78, 82, 83, 86, 105, 141, 142, 143, 144, 145, 149, 151, 152, 154, 155, 159, 160, 166, 167, 176, 231, 241, 242, 246, 249, 258, 362, 372
Alþýðusamband Íslands, 166, 352
atkvæðisréttur, 30, 31, 95, 173, 245, 356
atvinnuleysi, 42, 64, 160, 221, 222, 314
atvinnulýðræði, 25, 93, 109, 148, 201, 348, 349, 350, 351, 352, 353, 354, 355
atvinnustefna, 60, 66, 67, 407
auðlindagjald, 74, 77, 100, 103, 108, 311, 313
auðlindanefnd, 75, 98
auðlindir, 26, 28, 55, 74, 76, 77, 98, 103, 104, 127, 135, 160, 162, 179, 197, 198, 210, 231, 247, 251, 252, 255, 276, 287, 310, 311, 312, 313, 314, 315, 317, 369, 398, 456

B

Bandalag jafnaðarmanna, 88, 93, 141, 154, 155, 167
bankaráð, 72, 86, 236, 328, 371
Berlínarmúrinn, 129, 145, 160, 212
Borgaraflokkurinn, 141
brottkast, 193, 284, 285, 286, 287
bræðralag, 51, 69, 70, 102, 169, 175, 181, 250, 345, 403
Búnaðarbanki Íslands, 35, 235, 328
byggðamál, 43, 64, 65, 79, 95, 168, 171, 172, 405, 431
Bændasamtök Íslands, 124, 182, 308, 398
bændaskólar, 302, 304, 396

E

EES-samningurinn, 61, 102, 183, 199,
201, 205, 207, 210, 212, 213, 214,
215, 216, 217, 220, 274, 295, 350,
351, 398

Efnahags- og myntbandalag Evrópu,
292, 293, 294, 295, 296, 297

efnahagsmál, 23, 38, 81, 102, 105, 106,
113, 114, 126, 144, 145, 152, 168,
178, 180, 191, 201, 212, 257, 265,
266, 313, 431, 432

EFTA, 201, 207, 212, 214, 215, 220,
296, 297, 398

eftirlit, 31, 59, 71, 74, 93, 111, 137,
144, 147, 148, 202, 268, 275, 276,
285, 286, 287, 350, 355, 361, 364,
382, 287, 397

einkaskólar, 56, 427, 443, 454

einkavinavæðing, 35

einkavæðing, 35, 36, 201, 235, 316

einræði, 47, 122, 451

einstaklingsframtak, 32, 33, 36, 61,
103, 179

einstæðar mæður, 113, 131, 164, 181

eldri borgarar, 39, 52, 53, 85, 97, 100,
108, 131, 164, 181, 243, 248, 249,
250, 256, 257, 310, 318, 319, 321,
322, 323, 360, 361, 362, 404

Endurmenntunarstofnun Háskóla
Íslands, 290, 377, 378, 379, 382,
383, 384, 385, 386, 387, 392, 394,
423

erlend eignaraðild, 274, 276

Evrópubandalagið, 5, 197, 198

Evrópusambandið, ESB, 33, 61, 92,
108, 124, 133, 172, 176, 179, 183,
184, 188, 193, 195, 199, 200, 201,
202, 204, 205, 206, 207, 208, 209,
210, 212, 213, 214, 215, 216, 217,
218, 219, 220, 221, 222, 223, 226,
227, 247, 292, 293, 294, 296, 297,
304, 350, 351, 354, 355, 368, 398,
421

Evrópuþingið, 219, 220

Eyjabakkar, 55, 66

Eystrasaltsríkin, 115, 223

F

fákeppni, 36, 37, 38, 71, 103, 160, 169,
180, 201, 235, 236, 247, 248, 257

fátækt, 41, 62, 84, 102, 109, 129, 131,
132, 179, 181, 188, 406, 412, 414,
451

Félag eldri borgara, 249, 319, 361

fiskistofnar, 27, 28, 74, 198, 311, 313,
316

fiskmarkaðir, 88, 150, 282, 283, 286,
287, 288, 371, 398

fiskveiðar, 77, 95, 135, 261, 273, 274,
281, 283, 288, 311, 312, 316, 439

fiskveiðiarður, 26, 27, 28, 74, 312, 313,
316

fiskveiðistjórnun, 26, 27, 75, 135, 197,
208, 281, 282, 284, 286, 311, 312,
316

fiskvinnsla, 73, 95, 158, 197, 199, 267,
268, 269, 274, 312, 313, 314, 315,
392, 439

fíkniefni, 85, 96, 101, 253, 254, 335,
336, 406

fjármagnseigendur, 34, 51, 142

fjármagnstekjuskattur, 25, 34, 100

fjármálamarkaður, 113, 364

fjárreiður stjórn málaflokka, 111

fjölmíðlar, 37, 49, 71, 85, 90, 92, 109,
111, 122, 137, 145, 146, 147, 148,
187, 233, 373, 379

flokkakerfið, 58, 83, 135, 138, 141,
155, 156, 162, 166, 167, 170, 178,
184, 189

framhaldsskólar, 108, 171, 302, 303,
304, 308, 309, 337, 339, 341, 342,
343, 375, 394, 416, 422, 431, 433,
436, 445, 446, 447, 448, 449, 455

framkvæmdavald, 20, 21, 88, 93, 137,
147, 187, 297

framleiðni, 23, 24, 27, 49, 113, 126,
233, 247, 307, 341, 350, 356, 392

Framsóknarflokkurinn, 31, 32, 33, 35, 36, 37, 55, 67, 78, 79, 81, 82, 98, 106, 124, 141, 142, 143, 151, 152, 156, 157, 162, 163, 164, 165, 166, 167, 168, 169, 172, 174, 175, 182, 183, 184, 186, 187, 190, 200, 232, 235, 236, 238, 240, 241, 242, 243, 245, 248, 249, 250, 251, 255, 256, 257, 318
 framtíðarsýn, 109, 110, 145, 152, 162, 172, 185, 302, 309, 373, 424
 frelsi, 51, 70, 71, 93, 106, 122, 129, 135, 181, 212, 250, 345, 368, 377, 383, 386, 412, 451, 452, 454
 frjálsræði, 61, 169, 275, 307, 368, 382, 399

G

gagnagrunnur á heilbrigðissviði, 59, 60, 164, 404, 429
 GATT-samningurinn, 24, 92, 106, 307, 368
 Geirfinnsmálið, 253
 gengisskráning, 294
 gjafakvótakerfið, 38, 61, 67, 74, 164
 gjaldmiðilsbreytingin, 264, 265, 266
 grunnskólar, 85, 100, 302, 303, 339, 342, 343, 346, 367, 394, 411, 416, 433, 445, 446, 447, 448, 449, 455

H

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, 114, 292, 373, 424, 425, 445
 hagstjórn, 23, 72, 102, 113, 145, 169, 292, 297, 311, 312, 343
 hagvöxtur, 22, 42, 67, 108, 118, 247, 295, 307, 314, 341, 368, 416, 418, 419, 435
 háskólar, 39, 57, 171, 244, 277, 278, 279, 289, 290, 291, 304, 306, 309, 344, 345, 358, 359, 372, 373, 374, 375, 376, 377, 378, 379, 380, 381, 383, 384, 386, 388, 392, 396, 423, 425, 426, 427, 428, 429, 431, 432,

433, 435, 436, 437, 438, 441, 447, 448, 449, 454, 454, 455, 456
 háskólaþing, 289, 290, 291
 heilbrigðiskerfi, 34, 39, 43, 53, 96, 102, 151, 162, 179, 182, 237, 243, 248, 256, 310, 323
 hlutafélagalöggjöf, 351, 353, 355
 hnattvæðing, 224, 225, 226
 hryðjuverk, 80, 116, 122, 129, 133
 Hæstiréttur, 75, 105, 187, 253
 höfuðborgarsvæðið, 64, 78, 168, 171, 278, 405, 432

I Í

iðnaður, 28, 55, 74, 252, 267, 268, 269, 313, 314, 315, 325, 326, 353, 369, 390, 391, 398, 429, 442
 iðnbyltingin, 369, 414, 426
 iðnríkin, 44, 45, 46, 73, 122, 329
 Irving Oil, 37
 Íslandsbanki, 205, 274
 Íslensk erfðagreining, 59, 73, 106, 181, 429, 430

J

jafnrétti, 43, 51, 70, 162, 167, 169, 179, 181, 201, 250, 345, 427

K

Kauphöll Íslands, 363, 364
 Kárahnjúkar, 127
 kirkjan, 68, 69, 115, 406, 444
 kjarasamningar, 22, 24, 50, 88, 92, 119, 180, 202, 233, 237, 239, 318, 337, 341, 351, 352, 393, 394
 kjarnorkusprengja, 47, 116, 129
 kjördæmi, 30, 31, 32, 167, 179, 245, 246
 kommúnismi, 33, 41, 42, 228
 kristnin, 68, 116, 122, 450, 452
 Kúrdar, 80
 kvenfrelsi, 43, 144, 162
 Kvinnalístin, 28, 58, 74, 142, 145, 146, 152, 156, 160, 166, 167, 241, 258

kvikmyndir, 324, 326, 357, 358, 359,
388, 389, 395, 407, 420

kvóti, 26, 75, 182, 193, 197, 198, 199,
204, 205, 206, 208, 209, 210, 216,
231, 232, 272, 282, 284, 286, 287,
311, 315, 316

Kýótó, 46, 54, 66, 67, 162, 164, 165,
329, 330

L

landbúnaður, 24, 43, 45, 55, 77, 92,
95, 113, 124, 126, 146, 173, 183,
247, 251, 289, 302, 303, 304, 305,
306, 307, 308, 309, 380, 396, 397,
398, 399, 414, 419, 439, 446

Landsbanki Íslands, 35, 38, 235, 236,
328

Landsbjörg – landssamband

björgunarsveita, 332, 333, 334, 335

Landsbókasafn Íslands –

Háskólabókasafn, 324, 325, 340,
347, 380, 390, 424

landsbyggðin, 64, 65, 79, 94, 95, 100,
115, 168, 171, 231, 232, 256, 278,
280, 310, 315, 405, 431, 443

Landssamband eldri borgara, 360, 362

Landssamband íslenskra útvegsmanna,
LÍÚ, 72, 98, 235

Landssíminn, 36, 61, 331, 334

Landsvirkjun, 61, 66, 67, 86, 127

launþegar, 22, 34, 36, 37, 38, 49, 50,
51, 88, 100, 131, 156, 172, 175, 233,
234, 237, 238, 239, 240, 248, 338,
349, 351, 356, 410

listsköpun, 43, 407, 417, 419, 420, 421,
439, 441, 456

lífeyrissjóðir, 24, 34, 81, 127, 145, 148,
239, 240, 274, 322, 323, 351, 352

lífskjör, 22, 23, 24, 25, 41, 42, 46, 49,
55, 56, 67, 76, 89, 90, 102, 146, 185,
189, 191, 213, 215, 216, 221, 225,
237, 245, 248, 271, 272, 279, 280,
313, 314, 319, 330, 338, 341, 343,
367, 368, 369, 370, 375, 378, 380,

381, 405, 410, 412, 414, 418, 423,
426, 428, 431

lítill og meðalstór fyrirtæki, 108, 184,
389, 440

loðnusjómenn, 270, 271, 272

loðnuveiðar, 263, 270, 271, 272

lýðræði, 19, 21, 30, 75, 80, 93, 107,
109, 111, 121, 129, 130, 133, 137,
220, 345, 412

lögjafarvald, 21, 93, 137, 219

M

Maastricht-samningurinn, 293, 294

mannréttindi, 41, 42, 43, 44, 89, 107,
129, 130

markaðsbúskapur, 41, 42, 89, 96, 102,
103, 104, 106, 109, 111, 144, 151,
160, 168, 182, 188, 201, 402, 412

markaðssamfélag, 102, 109, 182, 188

matarverð, 24, 92, 173, 180, 183, 257

mengun, 48, 54, 130, 222, 308, 330,
350, 418, 450

mengunargjöld, 77, 98, 100, 182

menningarmál, 80, 100, 109, 133, 152,

160, 184, 197, 224, 225, 226, 279,

290, 324, 325, 326, 327, 338, 344,

345, 357, 358, 359, 367, 368, 369,

370, 377, 378, 388, 389, 390, 391,

407, 416, 418, 419, 420, 421, 439,

440, 441, 457

menningarmálaráðuneyti, 324, 325,

326, 388, 389, 390, 391, 407

menntamál, 23, 25, 30, 39, 43, 45, 46,

47, 48, 51, 55, 56, 64, 70, 74, 86, 87,

89, 90, 95, 96, 97, 100, 102, 109,

113, 126, 127, 131, 133, 137, 145,

151, 152, 160, 162, 164, 171, 176,

179, 181, 182, 188, 189, 191, 200,

234, 244, 247, 251, 252, 256, 257,

278, 279, 280, 281, 296, 302, 303,

304, 305, 306, 307, 308, 309, 314,

324, 325, 326, 337, 338, 339, 340,

341, 342, 343, 344, 345, 346, 347,

352, 365, 367, 369, 370, 373, 374,

375, 376, 377, 378, 379, 380, 381,
383, 385, 389, 391, 392, 393, 394,
396, 397, 398, 399, 400, 407, 410,
411, 412, 418, 418, 423, 425, 426,
427, 431, 454, 456
miðhálandið, 164
Morgunblaðið, 19, 26, 52, 136, 210,
239, 240, 378, 410, 454, 457
myntsamstarf, 294, 296

N

NATO, 32, 33, 84, 202, 214, 223
nálægðarregla, 205
náttúran, 41, 44, 47, 54, 66, 67, 69,
103, 127, 198, 224, 251, 307, 308,
333, 369, 376, 389, 420, 439
náttúruauðlindir, 27, 77, 418, 400
Neytendasamtökin, 92
Nóbelsverðlaunin, 92, 369, 404, 416

O

OECD, 23, 49, 52, 53, 66, 76, 77, 108,
118, 225, 237, 247, 277, 278, 300,
321, 323, 339, 340, 341, 342, 344,
445

P

Palestína, 107
páskar, 90, 402, 403
Plútó, 401
Póstur og sími, 35

R

ranglæti, 44, 74, 122, 123, 231, 451
rannsóknir, 23, 25, 27, 59, 106, 164,
171, 253, 277, 278, 279, 280, 287,
289, 290, 291, 302, 306, 307, 339,
343, 344, 358, 359, 371, 374, 375,
376, 378, 379, 380, 381, 388, 389,
396, 399, 404, 414, 423, 424, 429,
431, 434, 435, 436, 437, 440, 449,
455, 456
Rauði krossinn, 332, 333, 334, 335
Rauðu herdeildirnar, 122

Reykjavíkurlistinn, 96, 144, 167, 168,
190
réttlæti, 27, 28, 44, 70, 74, 75, 115,
122, 123, 179, 231, 232, 243, 244,
255, 256, 311, 345, 406
ríkisvaldið, 20, 22, 23, 49, 74, 100,
171, 243, 253, 268, 272, 281, 291,
311, 312, 316, 325, 326, 381, 382,
389, 434, 456

S

Samband íslenskra samvinnufélaga,
32, 78
Sameinuðu þjóðirnar, SP, 69, 213, 329,
330, 392, 420, 439
Samfylkingin, 67, 74, 75, 83, 93, 100,
101, 103, 108, 124, 127, 135, 139,
162, 164, 165, 166, 167, 168, 169,
170, 171, 172, 173, 174, 175, 176,
178, 179, 180, 181, 182, 183, 184,
185, 186, 188, 189, 190, 191, 192,
193, 194, 218, 338, 339
samgöngur, 94, 188, 314, 380, 381,
431
samkeppni, 25, 35, 36, 37, 42, 50, 51,
70, 102, 103, 124, 169, 179, 201,
215, 235, 268, 269, 296, 297, 307,
347, 350, 367, 368, 369, 374, 375,
378, 392, 421, 423, 424, 425, 426,
427, 434, 436, 438, 449, 454, 456
Samtök frjálslyndra og vinstri manna,
141, 167
Seðlabanki Evrópu, 296
Seðlabanki Íslands, 72, 86, 87, 105,
113, 118, 149, 266, 294, 297, 371
sérhagsmunir, 34, 35, 40, 50, 62, 99,
156, 164, 180, 189
siðferði, 59, 99, 122, 123, 147, 243,
244
sjálfseignarstofnanir, 56, 57, 381, 382,
383, 384, 385, 386, 397, 426, 436,
455
Sjálfstæðisflokkurinn, 28, 29, 31, 32,
33, 34, 35, 36, 37, 38, 39, 40, 49,

- 56, 61, 62, 67, 78, 79, 81, 82, 93, 98, 103, 105, 106, 124, 135, 141, 142, 143, 144, 149, 151, 152, 156, 157, 161, 162, 164, 165, 166, 167, 168, 169, 170, 171, 172, 174, 175, 178, 182, 183, 184, 187, 188, 189, 192, 200, 201, 232, 235, 236, 240, 241, 242, 243, 244, 245, 247, 248, 249, 255, 256, 257, 258, 318
- sjávarútvegur, 22, 26, 27, 28, 67, 74, 77, 95, 98, 106, 113, 146, 197, 198, 199, 204, 205, 206, 207, 208, 209, 210, 231, 232, 247, 256, 261, 268, 269, 271, 273, 274, 275, 276, 285, 287, 289, 295, 304, 305, 309, 310, 311, 312, 313, 314, 316, 326, 363, 364, 370, 371, 376, 391, 392, 393, 394, 398, 419, 446
- skapandi atvinnugreinar, 440, 441, 442, 455
- skattaávilnanir, 24, 25, 100, 270, 272, 420
- skattamál, 22, 23, 24, 53, 76, 77, 100, 108, 118, 234, 126, 131, 193, 232, 234, 237, 286, 311, 312, 315, 345
- skólagjöld, 39, 56, 57, 345, 381, 424, 427, 428, 433, 434, 435, 436, 437, 438, 455
- Slysavarnafélag Íslands, 332, 333, 334, 335
- sóknarmark, 284, 311
- spilling, 38, 106, 111, 149, 161
- stjórnskipun, 19, 20
- stórfyrirtæki, 34, 36, 37, 38, 50, 55, 71, 103, 145, 148, 156, 169, 182, 184, 201, 251, 257
- stóriðja, 66, 78, 164, 308, 330, 389, 400
- stúdentspróf, 279, 290, 375, 379, 433, 445, 446, 447, 449
- sveitarfélög, 66, 67, 95, 100, 113, 118, 171, 180, 293, 322, 323, 333, 337, 346, 386, 393, 411, 449, 457
- T**
- tekjuskattur, 26, 27, 28, 76, 77, 95, 98, 100, 108, 118, 182, 237, 256, 298, 299, 300, 310, 311, 312, 357, 359, 364, 388
- TIMSS-könnunin, 343, 446, 448
- tjáningarfrelsi, 43, 129
- tónlist, 120, 359, 388, 403, 407, 416, 420, 439, 440, 441, 443, 457
- tryggingaráð, 360, 361, 362
- Tryggingastofnun ríkisins, 53, 322, 323, 360, 361
- tungumál, 80, 367, 368, 369, 370, 372, 373, 377, 423, 427
- tækniþróun, 44, 45, 47, 51, 123, 207, 268, 392
- U Ú**
- umburðarlyndi, 68, 116, 117, 133, 188, 345, 402, 403, 450, 451, 452
- Umferðaráð, 94
- umhverfismál, 30, 45, 46, 54, 55, 58, 66, 67, 75, 76, 77, 79, 100, 102, 103, 116, 127, 152, 160, 161, 162, 164, 169, 178, 188, 198, 251, 252, 308, 311, 326, 330, 345, 389, 391, 393, 398, 399, 400, 418
- undirmálsfiskur, 285, 286, 287, 288
- UNESCO, Menningarstofnun
- Sameinuðu þjóðanna, 420, 439
- upplýsingasamfélag, 56, 339, 346, 347, 400, 410
- utanríkismál, 32, 33, 115, 142, 168, 202, 212, 214, 215, 219
- útblástur, 221, 222, 329, 330
- útlendingar, 73, 115, 133, 199, 205, 206, 208, 209, 252, 273, 274, 276, 369, 394, 414, 415
- útskriftaraldur, 337, 342, 445
- V**
- vald, 19, 20, 30, 34, 38, 49, 51, 54, 61, 70, 71, 72, 87, 93, 111, 115, 109, 137, 138, 142, 145, 146, 147, 148,

156, 171, 179, 180, 181, 187, 188,
201, 202, 213, 219, 227, 235, 247,
255, 349, 382, 384, 386, 412, 414,
418, 427, 435
valddreifing, 62, 71, 148, 152, 201,
202
veiðiheimildir, 26, 28, 135, 204, 231,
232, 255, 256, 281, 282, 310, 312,
313, 315, 316, 317
veiðileyfagjald, 25, 26, 27, 28, 29, 38,
74, 75, 98, 99, 135, 136, 153, 165,
193, 231, 232, 241, 243, 247, 255,
256, 257, 281, 282, 310, 311, 312,
313, 314, 315, 316
velferðarmál, 30, 39, 48, 96, 100, 137,
144, 169, 176, 189, 191, 201, 218,
249, 319, 338, 410, 431
verðbólga, 22, 24, 92, 96, 105, 113,
118, 119, 120, 126, 180, 222, 231,
234, 264, 265, 294, 295, 296, 298,
300, 313
verðbólguþrengingsskil, 118, 298, 299,
300, 301
verkalýðshreyfingin, 24, 33, 34, 49, 50,
51, 89, 144, 145, 166, 168, 169, 172,
179, 180, 201, 233, 237, 238, 352,
394
Vesturlönd, 42, 43, 46, 50, 89, 109,
122, 135, 148, 160, 227, 369, 412
Viðskipta- og hagfræðideild, 57, 371,
372, 374, 375, 422, 423, 424, 426,
427, 433, 434, 435, 436, 437, 438,
446, 447, 448, 454, 455
vinnulöggjöfin, 33, 238
vinnurmarkaður, 22, 23, 24, 36, 52,
126, 141, 146, 147, 233, 239, 248,
302, 309, 337, 346, 397, 399, 405,
411, 418, 440, 442
vinnustaðasamningar, 88, 141, 202,
233, 237, 248, 249, 354
vinnuveitendur, 24, 32, 33, 34, 36, 49,
50, 51, 62, 70, 81, 169, 182, 205,
215, 233, 234, 237, 238, 242, 248,
257, 351

Vinstri grænir, VG, 103, 106, 127, 172,
173, 178, 183, 184, 186, 190, 192
viðerni, 400
vísindi, 59, 60, 100, 109, 129, 164,
165, 198, 199, 224, 225, 228, 252,
285, 304, 346, 357, 358, 359, 367,
369, 379, 388, 402, 404, 407, 422,
441, 454, 455

Þ

þingræði, 20
þjóðareign, 98, 311, 313
þjóðarsáttin, 22, 23, 24, 25, 75, 102,
105, 180, 193, 233, 237, 295, 313,
338, 398
Þjóðvaki, 141, 142, 143, 152, 155, 167,
241, 371, 372
Þjórsárver, 55, 66
þriðja leiðin, 191, 434
þróunarríkin, 41, 43, 44, 45, 46, 48,
51, 181, 152, 225, 251

Ö

öfgahyggja, 133, 134, 452
Öryrkjabandalag Íslands, 360, 362

